# Alþingi 1929.

## Þingsetning.

### A.

### Í sameinuðu þingi.

Árið 1929, föstudaginn 15. febr., var fertugasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta og annað aðalþing í röðinni, en fimtugasta og sjötta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Sjera Hálfdan Helgason prestur að Mosfelli steig í stólinn og lagði út af Matt. 21,5.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

*A. Landskjörnir þingmenn:*

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
5. Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm.
6. Jón Jónsson, 6. landsk. þm.

*B. Kjördæmakjörnir þingmenn:*

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
6. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
7. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
8. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
9. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
10. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
11. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
12. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
13. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
14. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
15. Hákon Kristófersson, þm. Barð.

16. Hjeðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
17. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
18. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
19. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
20. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
21. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
22. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
25. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
26. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
27. Magnús Torfason. 2. þm. Árn.
28. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
29. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
30. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
31. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
32. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., og Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf., voru fjarstaddir sökum sjúkleika.

Ókomnir voru til þings:

1. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
2. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
3. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
4. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

**Konungsboðskapur.**

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Tryggvi Þórhallsson**, og las upp opið brjef, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febr. 1929, dags. 21. des. 1928. (Sjá Stjtíð. 1928, A. bls. 269).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, dags. sama dag. (Sjá Stjtíð. 1928, A. bls. 269).

Lýsti forsætisráðherra síðan yfir því í nafni konungs, að Alþingi væri sett.

Stóð þá upp **Einar Árnason,** 1. þm. Eyf., og mælti:

*Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!*

og tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Þá lýsti forsætisráðherra yfir því, að þar sem nokkrir þingmenn væru ennþá ókomnir til þings, hefði verið ákveðið, í samráði við aldursforseta þingins, að fresta þessum fundi til næstkomandi mánudags, stundu eftir hádegi.

Fundi frestað.

Mánudaginn 18. febr., kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Voru nú komnir til þings þeir þm., sem ókomnir voru þegar þing var sett.

Fjarverandi vegna sjúkleika voru tveir þingmenn: Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf., og Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmanninn, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til þess að gegna forsetastörfum þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

**Minning látinna manna.**

**Aldursforseti (BK):** Samkvæmt venju vil jeg fyrst geta þeirra þingmanna, er látist hafa síðan síðasta þingi sleit. Hafa 4 fyrverandi þingmenn látist síðan og einn þingmaður, sem nú átti sæti á þingi.

Hinn 13. júlí f. á. ljetst *Tryggvi* bóndi *Bjarnason* í Kothvammi. Hann var fæddur 19. júní 1869 á Síðu í Þverárhreppi. Hann gekk í Flensborgarskólann árin 1894 og 1895. Tryggvi bóndi Bjarnason var jafnan mjög við opinber störf riðinn í hjeraði, enda naut hann mikils trausts þeirra, er hann þektu. Þannig var hann hreppsnefndaroddviti frá 1898—1907 og frá 1916—1922. Hreppstjóri var hann frá 1907 til dauðadags og sýslunefndarmaður jafnlengi. Í sóknarnefnd gekk hann 1908 og varð formaður hennar 1911. Formaður fasteignamatsnefndar í Vestur-Húnavatnssýslu varð hann 1916 og hjelt því starfi til dauðadags.

Alþingismaður fyrir Húnavatnssýslu var hann árin 1912 og 1913 og ávann sjer þar eins og annarsstaðar hið mesta traust.

Þá ljetst prófessor og dr. *Valtýr Guðmundsson* í Kaupmannahöfn hinn 22. júlí f. á. Hann var fæddur 11. mars 1860 að Árbakka í Húnavatnssýslu og gekk í latínuskólann árið 1877 og útskrifaðist þaðan 1883. Meistaraprófi tók hann við Kaupmannahafnarháskóla 1887 í norrænni málfræði og dr. phil. varð hann árið 1889. Kennari var hann við Borgerdydsskólann í Kaupmannahöfn árin 1887—'94. Þar eftir var hann docent við Hafnarháskóla í sögu Íslands og bókmentum árin 1890—1920, og prófessor við sama háskóla í íslenskri tungu og bókmentum 1920, og hjelt hann því embætti til dauðadags.

Prófessor Valtýr Guðmundsson skrifaði sæg af ritgerðum, ýmist einn eða í samvinnu við aðra, sem of langt yrði hjer upp að telja. Þar á meðal gaf hann út hið velþekta tímarit „Eimreiðin" í 23 ár, eða frá 1885—1917. Í stjórn bókmentafjelagsins í Kaupmannahöfn var hann, fyrst skrifari, þá gjaldkeri og síðast formaður árin 1885—1905. Ennfremur í stjórn hins konunglega norræna fornfræðafjelags (fornritadeildinni) frá 1902, og í stjórn fjelagsins „De danske Atlanterhavsöer" 1903—1917. Kallaður var hann til Ameríku 1896 til að rannsaka „Vínlands"-rústir. Loks var hann alþingismaður fyrir Vestmannaeyjar 1894—1901, fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1903—1909 og fyrir Seyðisfjörð 1911—1914.

Prófessor Valtýr Guðmundsson var bjartsýnn gáfu- og hugsjónamaður, sem framfylgdi hugsjónum sínum með áhuga og dugnaði, og hafði raunhæfa þekkingu á mörgum sviðum. Hann var því einn af hinum allra nýtustu þingmönnum. Hann var og sjerstakur drengskaparmaður.

Þar næst andaðist prófastur *Páll Ólafsson* í Vatnsfirði, hinn 11. nóvember f. á. Hann var fæddur í Stafholti hinn 20. júlí 1850. Hann lauk námi í lærða skólanum 1869 og í prestaskólanum 1871. Árið 1873 vígðist hann aðstoðarprestur til föður síns og fjekk Hestþing í Borgarfirði 1875, en sagði þeim lausum ári síðar til þess að gerast aðstoðarprestur föður síns, og mun hann hafa þjónað Melstað eftir lát föður síns til 1877. Í fardögum það ár fjekk sjera Páll Stað í Hrútafirði, en árið 1880 Prestsbakka í Hrútafirði, sem hann þjónaði ásamt Staðarprestakalli, sem þá lagðist niður sem sjerstakt prestakall. 1901 fluttist hann í Vatnsfjörð og var þar til æfiloka.

Lausn fjekk sjera Páll frá prests-

skap í fardögum 1927, og hafði þá þjónað prestsembætti í tæp 55 ár. Prófastur var hann í Strandaprófastsdæmi 1884—1901 og í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1908. Hefir yfirboðari hans rómað hversu vel prófastsstörfin voru af hendi leyst, svo og prestsstörf hans. Sýslunefndarstörf hafði hann á hendi í 15 ár og alþingismaður var hann árin 1886—1891 fyrir Strandasýslu.

Prófastur Páll Ólafsson var jafnan í miklum metum hafður, meðal annars sökum dugnaðar hans og göfuglyndis.

Þá ljetst fjármálaráðherra *Magnús Júlíus Kristjánsson* í Kaupmannahöfn hinn 8. des. f. á. Hann var fæddur 18. apríl 1862 á Akureyri. Hann byrjaði smíðanám á Akureyri 1878 og lauk því í Kaupmannahöfn 1882.

Frá 1882—1893 vann hann að verslunarstörfum og byrjaði þá eigin verslun og rak hana ásamt sjávarútvegi til ársloka 1917. En þá var hann kvaddur af landsstjórninni til að stjórna landsversluninni, og gegndi hann því starfi þangað til hún lagðist alveg niður.

Við opinber mál var hann riðinn á Akureyri um 20 ár, þar af sat hann í bæjarstjórn Akureyrar í 12 ár og átti þar sæti, er hann fluttist til Reykjavíkur.

Alþingismaður fyrir Akureyrarkaupstað var hann árin 1905—1908, var aftur kosinn þar 1913 og hjelt því þingsæti til 1923. Landskjörinn þingmaður varð hann 1926 og hjelt því sæti til dauðadags. Hann var kosinn forseti sameinaðs þings 1922 og 1923. Og loks varð hann fjármálaráðherra 1927 og gegndi því embætti til dauðadags.

Magnús J. Kristjánsson ráðherra var skapfestumaður, trygglyndur og hreinlyndur, gætinn og áreiðanlegur og framsækinn atorkumaður.

Þá andaðist *Guttormur Vigfússon* búfræðingur í Geitagerði 26. desember f. á. Hann var fæddur í Geitagerði 8. ágúst 1850, og naut nokkurrar heimilisfræðslu þegar á unga aldri, og gekk síðan í búnaðarskóla á Stend í Noregi, var þar frá því í desember 1875 til 30. mars 1877 og tók fullnaðarpróf þann sama dag með 1. einkunn. Hann ferðaðist um Norður-Múlasýslu sumurin 1878—1880 til að leiðbeina bændum í búnaði. Var settur búfræðikennari við Möðruvallaskóla 1880—1881. Ferðaðist um Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu sumarið 1881 í búnaðarerindum. Sigldi þá um haustið til Kaupmannahafnar og hlýddi á fyrirlestra í húsdýrafræði, jarðræktarfræði og mjólkurfræði við búnaðarháskólann. Skólastjóri varð hann við búnaðarskólann á Eiðum frá því hann stofnaðist 1883 til 1888. Sat í hreppsnefnd Eiðahrepps 1884—1888 og var oddviti. Í hreppsnefnd Vallahrepps 1888—1894 og Fljótsdalshrepp 1894—1916, og var oddviti hennar 1895—1913. Þá var hann sýslunefndarmaður árin 1900—1907. Sáttasemjari var hann mörg ár. Þá var hann skipaður formaður fasteignanefndar 1916 fyrir Norður-Múlasýslu. Alþingismaður var hann fyrir Suður-Múlasýslu 1892—1908.

Um Guttorm Vigfússon segir einn þingmaður, sem hafði sjerstaklega náin kynni af honum:

„Hann gat sjer jafnan góðan orðstír á þingi, var einbeittur maður og ötull til vinnu og vandaði manna best orð

sín og athafnir.“ Og svo mun hann einnig hafa reynst í hjeraði.

[Þingmenn vottuðu virðing minningu þessara manna með því að standa upp].

Þá kvaddi aldursforseti sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jón Auðun Jónsson, þm. N.-Ísf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

**Rannsókn kjörbrjefs.**

Þingmenn skiftust nú í kjördeildir, og urðu í

*1. kjördeild:*

BK, EÁ, EF, HJ, HV, IngB, IP, JAJ, JónJ, JónasJ, JKr, MT, PH.

*2. kjördeild:*

BSv, BÁ, EJ, GunnS, HSteins, IHB, JJós, JóhJóh, JÓl, MG, PO, SE, TrÞ, ÞorlJ.

*3. kjördeild:*

ÁÁ, GÓ, HStef, HG, HK, JBald, JÞ, JörB, LH, MJ, ÓTh, SÁÓ, SvÓ.

Fyrir lá að rannsaka kjörvottorð eins landskjörins varaþingmanns, Jóns Jónssonar, og fjell það í hlut 2. kjördeildar. — Aldursforseti ákvað fundarhlje meðan kjördeildin lyki starfi. Að liðnum 10 mínútum var fundinum fram haldið.

**Frsm. 2. kjördeildar (Magnús Guðmundsson):** 2. kjördeild hefir haft kjörbrjef Jóns Jónssonar frá Stóradal til athugunar og hefir í einu hljóði tekið það gilt. Er því till. nefndarinnar sú, að það verði tekið gilt.

ATKVGR.

**Kosningin samþ. í e. hlj.**

**Drengskaparheit unnið.**

Þessu næst ljet aldursforseti hinn nýkjörna þingmann, Jón Jónsson, undirskrifa drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

**Kosning forseta.**

Loks ljet aldursforseti fram fara kosningu á forseta sameinaðs þings. Kosninguna varð að tvítaka, og fór svo hið fyrra sinn, að Magnús Torfason, 2. þm. Árn., hlaut 19 atkv., Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., 15 atkv., Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm., 5 atkv., en 1 seðill var auður. — Í síðara skiftið hlaut Magnús Torfason 18 atkv., Jóhannes Jóhannesson fjekk 15 atkv., Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir. Lýsti aldursforseti þá yfir því, að kosinn væri forseti sameinaðs þings:

*Magnús Torfason*, 2. þm. Árn.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Ljet hann fyrst fram fara kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut:

*Ásgeir Ásgeirsson*, þm. V.-Ísf., með 17 atkv. — Magnús Guðmundsson fjekk 14 atkv., Þorleifur Jónsson 1 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

**Kosning skrifara.**

Því næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram tveir listar, A. og B. Á A-lista var Ingólfur Bjarnarson, en á B-lista Jón Ólafsson. Forseti lýsti yfir, að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

*Ingólfur Bjarnarson*, þm. S.-Þ., og *Jón Ólafsson*, 3. þm. Reykv.

**Kjörbrjefanefnd.**

Þá fór fram kosning kjörbrjefanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 3 listar, er hann merkti A, B og C. — Á A-lista voru MG og SE, á B-lista GunnS og SvÓ, og á C-lista HV. — Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru í kjörbrjefanefnd án atkvgr.:

Gunnar Sigurðsson,
Magnús Guðmundsson,
Sveinn Ólafsson,
Sigurður Eggerz,
Hjeðinn Valdimarsson.

**Ávarp forseta.**

Að lokum mælti

**forseti (MT):** Kærir þingbræður! Því verður vart mótmælt, að vegur og virðing hins háa Alþingis hefir ekki farið vaxandi á síðari árum, þrátt fyrir það, að mörgum og góðum málefnum hefir verið snúið til vegar og allur þingheimur lagt fram meiri vinnu og vinnubrögðin snögt um snarpari en áður hefir tíðkast.

Veldur þar mestu um offors það í kappræðum, er þingtíðindin vislega eiga að bera vitni um og aldrei hefir verið meira en á síðasta þingi.

Má hjer að vísu virða til nokkurrar vorkunnar, að jafnan mæðir meira á umbótastjórn en íhaldsstjórn, og þá eigi síst á þeirri miklu byltingaöld, sem nú gengur yfir.

En þá kröfu verður að gera, að skilmingum verði það í hóf stilt, að gætt verði allra leiklaga, og þær eigi þreyttar framar en til listar megi virða.

Nú, er nálgast minningarhátíð þessarar helgustu stofnunar vor Íslendinga, gerist enn ríkari sú skyldan, að halda henni sem mest til vegs og virðingar í hvívetna, og veit jeg, að mínir kæru þingmenn munu vilja víkjast þar vel undir, enda hver einn af vana og vel hafast.

**Utanríkismálanefnd.**

Á 2. fundi í Sþ., 22. febr., var tekin til meðferðar

*kosning utanríkismálanefndar (7 manna).*

Forseta bárust þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru BSv, ÁÁ, BÁ, á B-lista JÞ, SE, ÓTh, og Á C-lista HV. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr. alþingismennirnir:

Benedikt Sveinsson,
Jón Þorláksson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður Eggerz,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Hjeðinn Valdimarsson.

# B.

# Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

*A. Landskjörnir:*

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
5. Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm.
6. Jón Jónsson, 6. landsk. þm.

*B. Kjördæmakjörnir:*

1. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
3. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
8. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Elsti þm. deildarinnar, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Kvaddi hann sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm., og Einar Árnason, 1. þm. Eyf.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut:

*Guðmundur Ólafsson*, þm. A.-Húnv., með 8 atkv. — Halldór Steinsson fjekk 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók þá við fundarstjórn og ljet fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut:

*Jón Baldvinsson*, 4. landsk. þm., með 8 atkv. — Ingibjörg H. Bjarnason fjekk 5 atkv., en 1 seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu:

*Ingvar Pálmason*, 2. þm. S.-M., með 8 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Á A-lista var EÁ, en á B-lista JKr. Lýsti forseti því rjett kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.:

*Einar Árnason*, 1. þm. Eyf., og
*Jónas Kristjánsson*, 5. landsk. þm.

**Sætaskipun.**

Þá skyldi hluta um sæti deildarmanna, annara en ráðherra, forseta og skrifara. Fram kom till. um það, að deildarmenn skyldu halda sætum þeim, sem þeir hefðu tekið sjer í fundarbyrjun. Afbrigði um þá till. leyfð og samþ. og till. sjálf samþ. með 13

shlj. atkv. Varð sætaskipunin á þessa leið:

4. sæti hlaut Jón Baldvinsson,
5. — Erlingur Friðjónsson,
6. — Páll Hermannsson,
7. — Ingvar Pálmason,
8. — Jón Jónsson,
10. — Björn Kristjánsson,
11. — Halldór Steinsson,
12. — Jón Þorláksson,
13. — Jóhannes Jóhannesson,
14. — Ingibjörg H. Bjarnason.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 19. febr., voru kosnar fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, sem merktir voru A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr.

Till. kom frá Halldóri Steinssyni, þm. Snæf., um, að fjhn. yrði skipuð 5 mönnum, og var það samþykt með 13 shlj. atkv., að leyfðum og samþ. afbrigðum.

Kosningu hlutu í nefndirnar:

*1. Fjárhagsnefnd.*

Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson, Jón Jónsson, — Af A-lista.
Björn Kristjánsson, Jón Þorláksson, — Af B-lista.

*2. Fjárveitinganefnd.*

Einar Árnason, Páll Hermannsson, Erlingur Friðjónsson, — Af A-lista.
Jóhannes Jóhannesson, Ingibjörg H. Bjarnason. — Af B-lista.

*3. Samgöngumálanefnd.*

Páll Hermannsson, Einar Árnason, — Af A-lista.
Halldór Steinsson. — Af B-lista.

*4. Landbúnaðarnefnd.*

Jón Jónsson, Jón Baldvinsson, — Af A-lista.
Jónas Kristjánsson. — Af B-lista.

*5. Sjávarútvegsnefnd.*

Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson, — Af A-lista.
Halldór Steinsson. — Af B-lista.

*6. Mentamálanefnd.*

Erlingur Friðjónsson, Jón Jónsson, — Af A-lista.
Jón Þorláksson. — Af B-lista.

*7. Allsherjarnefnd.*

Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson, — Af A-lista.
Jóhannes Jóhannesson. — Af B-lista.

# C.

# Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
6. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
7. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
8. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
9. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
10. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
11. Hjeðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
12. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
13. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
14. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
15. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
16. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
17. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
18. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
19. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
20. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
21. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
22. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
23. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
24. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
25. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
26. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
27. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi nema Bernharð Stefánsson og Jón Sigurðsson, sem voru fjarstaddir vegna veikinda.

Elsti þm. deildarinnar, Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., tók forsæti til að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrifara þá Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., og Pjetur Ottesen, þm. Borgf.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var því næst gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

*Benedikt Sveinsson*, þm. N.-Þ., með 13 atkv. — Hjeðinn Valdimarsson fjekk 3 atkv., Magnús Guðmundsson 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Aldursforseti vjek nú úr forsetasæti, en hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn. Ljet hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

*Þorleifur Jónsson*, þm. A.-Sk., með 13 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

*Jörundur Brynjólfsson*, 1. þm. Árn., með 14 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosningar á skrifurum deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, A-listi með nafni Halldórs Stefánssonar og B-listi með nafni Magnúsar Jónssonar. Lýsti forseti rjett kjörna án atkvgr.:

*Halldór Stefánsson*, 1. þm. N.-M., og *Magnús Jónsson*, 1. þm. Reykv.

**Sætaskipun.**

Að lokum skyldi hluta um sæti deildarmanna, annara en ráðherra, forseta og skrifara.

**Forseti (BSv):** Samkvæmt þingsköpum á fram að fara hlutkesti um sæti þingmanna í deildinni. Er það óheimilt og ekki viðeigandi, að hjer fari fram karp um þetta, eins og í rjettum, þannig að þingmenn hafi hrossakaup um sæti sín í þingsalnum, og verður því að hluta um sætin.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg vil leyfa mjer að bera fram tillögu um, að sætaskipunin sje látin haldast eins og hún var á síðasta þingi.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg vil aðeins láta í ljós það álit mitt, að jeg er því fylgjandi, að breytt sje um sætaskipun. En það er af alveg sjerstökum ástæðum. Jeg álít nefnilega heppilegast, að samflokksmenn sitji saman. Það getur oft verið ákaflega hvimleitt, er atkvæðagreiðslur fara fram í miðjum umræðum, að þingmenn þurfi að vera á rjátli um allan salinn til að ráðgast við flokksmenn sína. Úr þessu væri bætt, ef það fyrirkomulag væri upp tekið, sem jeg sting upp á. Mjer er líka kunnugt um, að það tíðkast á þingum margra annara þjóða.

**Forseti (BSv):** Í þingsköpum vorum er ekki gert ráð fyrir því fyrirkomulagi, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) leggur til, og getur það því eigi komið til greina nú. Verður því að fara fram atkvgr. um þá tillögu, sem fram er komin, að heimila afbrigði frá þingsköpum í þessu efni.

ATKVGR.

Afbrigðin feld með 7:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JörB, LH, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, EJ, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, BSv.

**nei:** MG, ÁÁ, GunnS, HStef, HJ, HK, JAJ.

MJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BSt, JS) fjarstaddir.

Var þá hlutað um sætin, og fjell hlutur á þann veg, að

5. sæti hlaut Magnús Guðmundsson,
6. — — Ólafur Thors,
7. — — Haraldur Guðmundsson,
8. — — Jón Ólafsson,
9. — — Jón Auðunn Jónsson,
10. — — Magnús Torfason,
11. — — Sveinn Ólafsson,
12. — — Hannes Jónsson,
13. — — Jón Sigurðsson,
14. — — Einar Jónsson,
15. — — Hjeðinn Valdimarsson,
16. — — Ingólfur Bjarnarson,
17. — — Sigurður Eggerz,
18. — — Ásgeir Ásgeirsson,
19. — — Pjetur Ottesen,
20. — — Jóhann Jósefsson,
21. — — Sigurjón Á. Ólafsson,
22. — — Þorleifur Jónsson,
23. — — Lárus Helgason,
24. — — Bjarni Ásgeirsson,
25. — — Bernharð Stefánsson,

26. sæti Hákon Kristófersson.
27. — Jörundur Brynjólfsson,
28. — Gunnar Sigurðsson.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 19. febr., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapanna, að viðhafðri hlutfallskosningu. Við kosningu hverrar nefndar komu fram tveir listar, A og B, með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr.

Kosnir voru í nefndirnar:

*1. Fjárhagsnefnd.*

**Halldór Stefánsson:** Samkv. þingsköpum ber að kjósa 5 menn í fjárhagsnefnd, en venjulegast hefir þó tveimur mönnum verið bætt við, svo nefndina hafa skipað sjö menn. Og þar sem gera má ráð fyrir því, að störf þessarar nefndar verði engu síður víðtæk og vandasöm nú en áður hefir verið, þá leyfi jeg mjer að gera að tillögu minni, að leitað verði afbrigða um, að kosnir verði nú þegar 7 menn í fjárhagsnefnd.

ATKVGR.

Að leyfðum og samþ. afbrigðum var samþ. með 18:3 atkv., að fjhn. skyldi skipuð 7 mönnum.

Halldór Stefánsson, Ásgeir Ásgeirsson, Hannes Jónsson, Hjeðinn Valdimarsson, } Af A-lista.
Ólafur Thors, Sigurður Eggerz, Jón Auðunn Jónsson. } Af B-lista.

*2. Fjárveitinganefnd.*

Þorleifur Jónsson, Ingólfur Bjarnarson, Bjarni Ásgeirsson, Haraldur Guðmundsson, } Af A-lista.
Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson, Jón Ólafsson. } Af B-lista.

*3. Samgöngumálanefnd.*

Hannes Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Sigurjón Á. Ólafsson, } Af A-lista.
Hákon Kristófersson, Jón Auðunn Jónsson. } Af B-lista.

*4. Landbúnaðarnefnd.*

Jörundur Brynjólfsson, Bernharð Stefánsson, Lárus Helgason, } Af A-lista.
Jón Sigurðsson, Einar Jónsson. } Af B-lista.

*5. Sjávarútvegsnefnd.*

Sveinn Ólafsson, Magnús Torfason, Sigurjón Á. Ólafsson, } Af A-lista.
Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors. } Af B-lista.

*6. Mentamálanefnd.*

Ásgeir Ásgeirsson, Bernharð Stefánsson, Sveinn Ólafsson, } Af A-lista.
Magnús Jónsson, Jón Ólafsson. } Af B-lista.

*7. Allsherjarnefnd.*

Magnús Torfason, Gunnar Sigurðsson, Hjeðinn Valdimarsson, } Af A-lista.
Magnús Guðmundsson, Hákon Kristófersson. } Af B-lista.

# Lagafrumvörp samþykt.

## 1. Búnaðarbanki Íslands.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til laga um Landbúnaðarbanka Íslands** (stjfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hafði gert ráð fyrir að fylgja þessu máli úr hlaði með ítarlegri ræðu, eins og það hefði verðskuldað, en þar sem jeg hefi haft allmikið annríki nú undanfarið, og hinsvegar hafa gerst þeir atburðir við hlið okkar nú á síðustu stundum, sem verða til þess að draga athygli manns frá öðru, verð jeg að þessu sinni að láta það nægja, að fylgja því úr hlaði aðeins með fáum orðum. Það, sem þá fyrst kemur til athugunar, er sú spurning, hvort það í raun og veru sje nauðsynlegt og eðlilegt að hafa sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Má þá fyrst minna á það, sem reynslan hefir sýnt, að landbúnaðurinn hefir allmjög orðið útundan hvað snertir rekstrarfje frá bönkunum, samanborið við sjávarútveginn. Þetta hefi jeg haft sjerstaka aðstöðu til þess að kynna mjer, fyrst sem endurskoðandi Landsbankans í mörg ár, og kynti jeg mjer þetta þá sjerstaklega, og síðar vegna stöðu þeirrar, sem jeg hefi nú sem formaður bankaráðs Íslandsbanka, og hefi jeg látið athuga þetta þar fyrir mig.

Það hefir og sýnt sig, að vöxtur sá, sem orðið hefir í þjóðlífi okkar síðustu mannsaldrana, hefir nær eingöngu orðið við sjávarsíðuna. Það stafar af því, að þangað hefir fjármagninu verið beint nálega alveg einhliða.

Þá er önnur ástæðan, sem rjettlætir það, að landbúnaðurinn fái sjerstaka lánsstofnun sú, að þessir tveir atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, eru svo mjög ólíkir í eðli sínu, að þeir þeirra hluta vegna hafa mjög ólíkan rjett til lánskjara.

Kunnugt er um hið gífurlega tap bankanna á útlánum, og má nefna 20 milj. kr. til þess að tilfæra ekki of háa tölu. Jeg hefi sem endurskoðandi Landsbankans um nokkur undanfarin ár átt kost á að kynna mjer, á hvaða sviðum fje þetta hefir tapast. Og trúnaðarmaður minn hefir athugað þetta sama í Íslandsbanka. Er niðurstaða þeirrar athugunar sú, að inn-

an við 2% af þessari upphæð hafi tapast á lánum til landbúnaðarins. Það er því rjettlætiskrafa, að landbúnaðinum sjeu veitt betri vaxtakjör með því að koma á fót sjálfstæðri lánsstofnun, sem miðuð sje við eðli hans og þarfir.

Í þriðja lagi má geta þess, að sporið er nú þegar stigið að nokkru leyti. Við höfum þegar tvær stofnanir, sem verða liðir í þessu kerfi, Ræktunarsjóðinn, sem starfað hefir síðustu ár og lög voru sett um 1925, og Byggingar- og landnámssjóðinn, sem lögfestur var á síðasta þingi og tekur væntanlega til starfa á þessu ári. Sporið er því orðið styttra að fullnægja rjettmætum kröfum sveitanna um lánsstofnanir, er sjeu í samræmi við þarfir þeirra og fullnægi þeim sem best.

Að síðustu örfáar athugasemdir.

Auk þess, sem nú hefir verið nefnt, að um rjettmæta og alveg sjálfsagða lánsstofnun sje að ræða fyrir landbúnaðinn, þá er rjett að geta þess, að á bak við frv. þetta liggur sterk trú á því, að landbúnaðurinn íslenski eigi góða framtíð fyrir höndum, og því sje það fyllilega rjettmætt að beina til hans meira fje með rjettlátum kjörum. Hitt er mjer og ljóst, að nokkur hætta getur fylgt auknu fjármagni. Það, sem í sjálfu sjer er gott, getur snúist til ills, ef illa er með farið. En framhjá þeirri hættu yrði stýrt, ef hepnast mætti að fá þá forstöðumenn fyrir stofnunina, sem með forsjá og gætni stýrðu framhjá þeim skerjum, sem hættulegust hafa reynst.

Þá er og í öðru lagi þess ekki að dyljast, að þetta frv. er fram borið í fullu trausti þess, að sú festa, sem hefir verið á genginu nú um hríð, haldist óbreytt framvegis. Það leikur ekki á tveim tungum með það, að Ræktunarsjóðurinn og Byggingar- og landnámssjóður byggjast og á hinu sama. Og það er naumast annað hægt að segja en að það sjeu bein svik við þá, sem í góðri trú hafa tekið í útrjetta hönd Alþingis, ef á þá verður lagður hár skattur gengishækkunar. Það er því í raun og veru eitt af undirstöðuatriðum þessa frv., að genginu verði haldið föstu og að síðustu fest þar, sem það er nú, eða því sem næst.

Þróun þjóðfjelagsins hefir verið sú á síðustu áratugum, að aðalframfarirnar hafa orðið við sjóinn. Fje bankanna hefir að mestu lent þar og fólksfjölgun þjóðarinnar, og meira þó. Það er ekki ætlun mín að fara að ræða það mál alment nú. En að sú stefna er óheppileg, að öll fólksfjölgunin lendi við sjóinn, erum við rækilega mintir á með þeim tíðindum, sem gerst hafa hjer síðustu dagana. Þegar ekki er farið á sjó á þeim allra fullkomnustu tækjum, sem til eru, í því góðviðri, sem verið hefir og útliti, þá er auðsætt, að ekki er einhlítt fyrir þjóðfjelagið að eiga alt sitt undir samkomulagi slíkra aðilja. — Þegar svo er ástatt um aðalatvinnuveg landsmanna, þá er það naumast rangt að beina viðreisnarstarfinu frekar en gert hefir verið að þeim atvinnuveginum, sem enn hefir ekki haldið að sjer höndum þegar vinna bar. Þeir atburðir, sem gerðust í gær, er enn var hafnað sáttatillögu, eru í raun og veru hávær rödd um það að koma á fót myndarlegri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn.

Undirbúningur þessa máls hefir verið vandaður svo sem frekast var hægt. Er síðasta þingi sleit, fjekk stjórnin þann mann, er hún vissi færastan til að undirbúa frv. þetta, — Böðvar Bjarkan, lögmann á Akureyri, sem sjerstaklega hafði kynt sjer þetta mál, er hann sigldi til undirbúnings á ríkisveðbankalögunum. Hann hefir samið þetta frv. og einnig hið næsta. Svo heppilega vildi til, að frv. kom það tímanlega, að hægt var að vjelrita það og senda út til athugunar. Hafa borist rækilegar athuganir á því frá allmörgum. Þá hefir frv. og verið rætt og athugað á Búnaðarþinginu, og verða álit öll og till. um það lögð fyrir þá þingnefnd, sem fær frv. til athugunar.

Þetta frv. er fram borið í öruggu trausti þess, að gott megi af því leiða. Vona jeg, að það komist gegnum hv. þingdeild án þess að af því hljótist miklar deilur. Legg jeg svo til, að því verði að lokinni umr. vísað til landbn. og hljóti þar góða og skjóta afgreiðslu. (**HV**: Jeg legg til, að því verði vísað til fjhn.).

**Halldór Stefánsson**: Jeg vil lýsa mikilli ánægju minni yfir því, að frv. þetta er fram komið, og þeirri stefnu, sem í því felst, að aðskilja landbúnaðarlánin frá hinni almennu útlánsstarfsemi. Er það af sömu ástæðum og hæstv. fors.- og atvmrh. hefir nú lýst. Eins og kunnugt er, þá hefir landbúnaðurinn orðið mjög útundan með aðgang að lánsfje, sem hann þó hefir vanhagað um. Fjármagninu hefir að mestu verið beitt til framfara á öðrum sviðum, sem hafa svo dregið til sín vinnukraftinn frá sveitunum og því verið beitt óbeint á móti landbúnaðinum. Ennfremur er jeg ánægður með það, hve frv. þetta er víðsýnt, þar sem það felur í sjer allar þær tegundir lána, sem um getur verið að ræða.

Þrátt fyrir ánægju mína með frv. vildi jeg þó gera við það nokkrar almennar aths. áður en því verður vísað til nefndar. Að vísu hefir komið fram till. um að vísa því til nefndar, sem jeg á sæti í, og hefði jeg þá getað sparað mjer aths. nú, en þar sem óvíst er um það, þykir mjer rjett að fara nokkrum almennum orðum um frv.

Jeg vil þá fyrst minnast á nafn bankans á erlendum tungum. Mjer virðist það nokkuð langt og óþægilegt. Jeg býst nú við, að nafnið sje þannig valið með það fyrir augum að afla bankanum trausts erlendis með því í sambandi við lántöku eða sölu bankavaxtabrjefa. En slíkt ætti að vera óþarfi. Þeir útlendingar, sem hygðust að eiga viðskifti við bankann, myndu vafalaust kynna sjer lög hans, og þá fá þeir í 3. og 4. gr. þeirra fulla vitneskju um það, sem fyrirsögnin á að gefa til kynna.

Bankanum er ætlað að starfa í 5 deildum, og er hin fyrstnefnda sparisjóðs- og rekstrarlánadeild. Eitt af hlutverkum þeirrar deildar er svo það, að lána sparisjóðum og fleiri stofnunum fje, sem þær stofnanir eru svo aftur skyldar að lána rekstrarlánafjelögum eingöngu. Mjer er það ekki ljóst, hvers vegna nauðsynlegt sje að hafa þarna nokkra milliliði. Sparisjóðir og aðrar stofnanir, sem það hefðu með höndum, mundu eflaust þurfa að fá eitthvað fyrir sína milligöngu, svo það mundi vafalaust gera lánin dýrari. Álit mitt er það,

að þær umboðsskrifstofur, sem um er getið í 65. gr. frv., mundu duga í þessu efni.

Þá er það að mínu áliti athugunarvert, hvort ekki er fullstutt gengið í því, að áskilja, að aðeins 10% af sparisjóðsfjenu skuli vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum. Jeg held, að þá hlutfallstölu mætti að skaðlausu fyrir bankann ákveða hærri, því eflaust mundi jafnan meira en 10% af sparifjenu standa óhreyfanlegt sem fast starfsfje bankans. En tryggingin fyrir sparifjáreigendur þeim mun meiri, sem þessi hlutfallstala væri ákveðin hærri. Þá vil jeg loks minnast á það, að með 11. gr. frv. er stjórninni heimilað að ábyrgjast fyrir ríkisins hönd, ef þörf krefur, 3 milj. kr. lán fyrir bankann, vegna rekstrarlánanna. Það má nú vera, að þörf geti orðið á þessu, en hitt álít jeg ekki jafnnauðsynlegt, að veita þessa heimild fyrirfram. Jeg hygg, að slík þörf verði aldrei svo aðkallandi, þar sem þing er haldið árlega, að ekki sje nógur tími til að leita þingsins um ábyrgð þessa, þegar þörfin kallar að. Mjer finst óþarft að veita slíkt umboð fyrirfram.

Þessar aths., sem jeg hefi gert vegna væntanl. nefndar, læt jeg svo nægja.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg get látið í ljós ánægju mína yfir því, að frv. þetta er fram komið.

Þegar lög um ríkisveðbanka Íslands voru sett 1921, var jeg einn af ákveðnustu stuðningsmönnum þeirra. Jeg taldi, að þau lög hefðu átt að komast til framkvæmda löngu fyr, og legg það til ámælis báðum flokkum, að svo varð ekki. Jeg hefi jafnan talið það hina mestu nauðsyn, að lánum til landbúnaðarins væri komið í tískuhorf, þannig að vextir yrðu hæfilegir og lánin nógu löng. Í fyrra hafði jeg ásett mjer að bera fram þál. í þessa átt, en hvarf frá því, þar sem hæstv. forsrh. hjet frv. um þetta efni.

Jeg vil hjer við þessa umr. benda á það, hvort ekki sje hægt að koma öllum veðdeildum fyrir í sama banka, þannig að veðdeildir Landsbankans yrðu lagðar til þessa banka. Jeg tel, að hægra yrði að selja veðdeildarbrjefin á þann hátt. Með skiftingu á veðdeildunum er um svo lítið fjármagn að ræða á hverjum stað, að erlendir fjármálamenn líta naumast við því.

Þá tel jeg lánstímann tæpast nógu langan. Þessar framkvæmdir eru vitanlega lengi að borga sig. Lánstíminn til húsagerðar mætti naumast vera styttri en 50 ár, eða lengri.

Þá tel jeg lán gegn tryggingu í búfje sjálfsögð og tel ekki að nein sjerstök áhætta fylgi því. En heppilegra hefði jeg talið, að búfjeð fylgdi jörðinni, eins og annarsstaðar er, t. d. í Danmörku. — Jeg geri að vísu ráð fyrir því, að fyrir Böðvari Bjarkan hafi vakað, að leiguliðar hefðu sömu aðstöðu og sjálfseignarbændur, en vegna þeirra hefði þá mátt gera undanþágu. Jeg tel lánstímann, 10 ár, of stuttan, einkum með tilliti til þess, að ekki er lánað nema út á helming bústofns eftir verðlagsskrárverði, en það mun jafnan vera eigi alllítið lægra en söluverð.

Hjer er úr brýnni þörf að bæta, og

vona jeg, að lög þessi verði sem best úr garði gerð, svo þau megi koma bændum að tilætluðum notum.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg sje enga sjerstaka ástæðu til að þakka stjórninni framkomu frv. þessa. Mjer finst það eðlilegt og sjálfsagt í alla staði, að stjórnin beri fram frv. um lánsstofnun bændum til hagsbóta. En jeg verð að átelja það, að í frv. vantar nauðsynleg og sjálfsögð ákvæði, en það eru ákvæði um lánveitingar til ræktunar kringum kaupstaði og sjávarþorp, t. d. smábýlaræktunar og nýbýla. Mig furðar á þessu, þar sem kunnugir telja, að sú grein landbúnaðarins sje engu síður áríðandi og arðvænleg en aðrar. Jeg vildi benda á þetta strax, svo að hægt verði að athuga það til 2. umr., og vona jeg, að það verði gert af nefndinni.

**Hákon Kristófersson:** Jeg ætla ekki að ganga langt inn á efni þessa frv. Jeg vil, eins og aðrir hafa gert, þakka hæstv. forsrh. fyrir frv., sem jeg tel lýsa huga hans til landbúnaðarins. Jeg er samþykkur því, er hann sagði um framför sjávarútvegsins og kyrstöðu landbúnaðarins, að hvorttveggja þarf að þróast jafnt. Það er vitanlegt með landbúnaðinn, að hann ber ekki jafndýr lán nje þolir eins stuttan lánstíma og sjávarútvegurinn. Arðurinn samkv. eðli sínu er miklu seinteknari. Með þessu er jeg þó ekki að kasta neinum hnútum að sjávarútveginum; síður en svo. Báðir atvinnuvegirnir þurfa að þrífast. Jeg vil því lýsa ánægju minni yfir frv. í heild, eða stefnu þess. En það eru nokkur orð í greinargerðinni, sem komu mjer til að standa upp. Að vísu er greinargerðin ekki samin af hæstv. forsrh., en hann ber eigi að síður ábyrgð á henni. — Eins og kunnugt er, þá bar íhaldsfl. fram á síðasta þingi frumvarp um rekstrarlán. Því þarf ekki að lýsa nú. Það náði ekki fram að ganga, og máske hefir það heldur ekki verið gallalaust. En þá bar stjórnarflokknum vitanlega að laga frv. En í þessari greinargerð kemur það fram, sem — og það fer betur — ótítt er að sjá í þess háttar álitum, að tekið er dómsvald yfir heilum flokki manna og honum með algerlega órökstuddum ummælum bornar á brýn hvatir, sem honum eru til ámælis.

Í greinargerðinni er sagt, að sá flokkur þingsins, sem sjerstaklega ber hagsmuni sveitanna fyrir brjósti, hafi ekki getað fallist á frv. þetta. Þetta er ókunnuglega og ómaklega mælt hjá Böðvari Bjarkan. Þótt jeg beri hlýjan hug til frv., þá er jeg mjög óánægður með þessa yfirlýsingu í greinargerðinni og tel hana algerlega ómaklega, og jeg vil algerlega mótmæla slíkum ósönnum ummælum — svo jeg ekki viðhafi sterkari orð — hvenær sem þau koma fram. Jeg verð að líta svo á, að jeg og sá flokkur, sem jeg fylgi, sje enginn stjettarflokkur og að við viljum unna öllum stjettum rjettlætis. Og þótt landbúnaðurinn hafi orðið á eftir í framförum, þá hefir enginn flokkur getað lagað það til fulls.

Jeg verð helst að álíta, að tilgreind ummæli hafi farið framhjá hæstv. forsrh., sem flytur frv. og ber því ábyrgð á því. Annars hefði hann hlotið að strika þau út.

Það hefir komið fram till. um, að máli þessu verði vísað til fjhn. Má vera, að það sje rjett, ef það er kallað bankamál. En þar sem fjhn. á áskilinn rjett á að láta álit sitt í ljós um það, þá tel jeg rjett, að málinu verði vísað til landbn.

Að því er kemur til ummæla hv. þm. Ísaf. um lán til ræktunar í nágrenni kaupstaða, þá býst jeg við, að hæstv. forsrh. sje enn ljósari þörfin á ræktuninni til sveita, enda hefir ræktunin í kringum kaupstaðina tekið stórfeldum framförum á síðustu árum.

Að svo komnu mun jeg ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Þrátt fyrir aðstöðu hæstv. forsrh. og Framsóknarflokksins til frumvarps okkar Íhaldsmanna um atvinnurekstrarlán er jeg hæstv. stjórn þakklátur fyrir það frv., sem nú liggur fyrir, og mun styðja það. Vel má vera, að á því verði gerðar einhverjar breytingar, en vafalaust nær það fram að ganga í öllum aðalatriðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21:6 atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 228, 258).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Landbn. hefir haft þetta frv. til athugunar alllangan tíma og lagt í rannsókn þess þá vinnu, sem hún hafði frekast tök á; er hún einhuga um að mæla hið besta með því, að frv. nái fram að ganga. Jeg þykist nú ekki þurfa að tala langt mál til þess að rökstyðja þessi ummæli nefndarinnar, eða um frv. alment, því að jeg hefi ekki orðið annars var en að þörfin á öflugri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn sje alment viðurkend.

Það hefir oft verið deilt um það, hverjar væru orsakirnar til þess, að landbúnaðurinn hefir orðið svo mjög á eftir tímanum og dregist aftur úr, sjerstaklega þegar borið er saman við sjávarútveginn. Jeg skal nú ekki fara að rekja þær orsakir, sem taldar hafa verið; mjer er það ljóst, að þar hafa mörg öfl verið að verki, en þó verður ekki komist hjá að nefna eitt atriði í þessu sambandi, og það er það, hvílíkur aðstöðumunur hefir verið til starfsfjár fyrir landbúnað og sjávarútveg, og ekki einasta aðstöðumunurinn til þess að fá lán til starfsins, heldur líka á hvern hátt lánskjörin hafa svarað til þarfa og eðlis atvinnuveganna.

Það þarf ekki annað til þess að sannfærast um þetta en að athuga þá þróun, sem orðið hefir að því er sjávarútveginn snertir. Það er enginn efi á því, að án þess að hafa greiðan aðgang að lánsfje, hefði sjávarútvegurinn ekki getað aflað sjer nýtísku tækja til að spara mannsorkuna og auka framleiðsluna, en einmitt með stuðningi lánsfjár hefir þetta tekist. Landbúnaðurinn hefir aftur á móti ekki haft þessa góðu aðstöðu, hvorki nægilega greiðan aðgang að lánsfje og enn síður þau lánskjör, sem honum hæfa. Og er þetta áreiðanlega ein af aðalorsökunum til þess, að hann hefir svo til staðið í stað, enda má heita, að sumstaðar og í sumum efnum sje

hann rekinn alveg á sama hátt og gert var fyrir þúsund árum síðan. Af þessu hefir svo meðal annars leitt það, að landbúnaðurinn hefir ekki verið samkepnisfær, ekki getað kept um vinnuaflið o. s. frv.

Tilgangurinn með því frv., sem hjer liggur fyrir, er í fyrsta lagi sá, að veita landbúnaðinum sama aðgang að starfsfje eins og sjávarútvegurinn hefir notið á seinni árum, og í öðru lagi að tryggja það, að landbúnaðurinn fái þau lánskjör, sem eru við hans hæfi.

Jeg skal nú fúslega viðurkenna það, að á seinni árum hefir töluvert verið gert af Alþingi til þess að nálgast þetta takmark; jeg á þar við stofnun Ræktunarsjóðsins nýja og stofnun Byggingar- og landnámssjóðs, sem síðasta Alþingi samþykti. En að áliti nefndarinnar og annara þeirra manna, sem að þessu hafa unnið, er svo litið á, að þetta takmark náist þó ekki fyllilega, fyr en komin er sjerstök lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, sem geti veitt hagkvæm lán, auðvitað gegn sæmilegum tryggingum, til hverskonar þarfa hans.

Nefndin lítur svo á, að æskilegast væri, að bændur ættu ábýlisjarðir sínar, en fæstir geta eignast þær án lánsfjár. Til þess að rækta jarðirnar og hýsa þurfa þeir einnig lánsfje. Fátækir frumbýlingar þurfa líka lánsfje til að geta komið sjer upp nægilegum bústofni, og svo er það vitanlega nauðsynlegt fyrir bændur eins og aðra, sem atvinnurekstur stunda, að geta haft aðgang að hentugum bráðabirgðalánum.

Nefndin telur nú, að verði þetta frv. að lögum, þá sje þessu takmarki náð, eftir því sem hægt er að ná því, og að hinum fjölþættu þörfum landbúnaðarins til starfsfjár verði þá fullnægt, að svo miklu leyti sem hægt er að gera kröfur til. Nefndin lítur svo á, að þessi fyrirhugaða bankastofnun eigi einmitt að fullnægja öllum heilbrigðum kröfum bændanna um lán. Þess vegna er það, að nefndin hefir ekki viljað fallast á neinar tillögur í þá átt að draga úr starfsemi þessa fyrirhugaða banka, t. d. með því að fækka þeim deildum, sem hann eftir frv. á að skiftast í. Það er gerð nokkur grein fyrir þessu atriði sjerstaklega í áliti nefndarinnar á þskj. 228, og skal jeg láta nægja að vísa til þess og snúa mjer að því að fara nokkrum orðum um þær breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv. En áður en jeg vík að einstökum brtt., skal jeg taka það fram, að það, sem fyrir nefndinni vakir, er sjerstaklega að tryggja bankann og gera lánveitingar hans öruggari en gert er ráð fyrir í frv., og ganga flestar brtt. í þá átt.

Fyrsta brtt. lýtur þó ekki að þessu, heldur fer fram á, að nafni bankans verði breytt í Bændabanka. Ástæðan til þess er sú, að nefndinni hefir verið á það bent af stjórn Landsbankans, að nafn nýja bankans væri of líkt nafni hans, og var álitið, að það gæti valdið ruglingi og óþægindum. Jeg skal játa það, að nefndin leggur ekki mikla áherslu á þetta atriði, og er óþarfi að etja kappi um nafnið, en á það skal bent, að nafnið Bændabanki svarar a. m. k. eins vel til tilgangs bankans og hitt nafnið, Landbúnaðarbanki. Hann á að vera fyrir bændur landsins.

2. brtt. er við 2. gr. Þar leggur nefndin til, að skýrar sje ákveðið, að tilgangur bankans sje eingöngu sá, að styðja landbúnaðinn. En jafnframt leggur þó meiri hluti nefndarinnar til, að sett sjeu inn í gr. ákvæði, er heimili að veita smábátaútvegsbændum utan kaupstaða rekstrarlán. Jeg stend illa að vígi til að tala um þessa brtt., því tveir nefndarmenn hafa áskilið sjer óbundin atkv. um þessa till., og er jeg annar þeirra. Þó skal jeg geta þess, að því hefir verið haldið fram, að ef svo stendur á, að fáir útvegsbændur eru í sveit, þar sem rekstrarlánafjelag starfar, þá sje hart að útiloka þá frá þátttöku. Og verð jeg að viðurkenna, að þetta er hart aðgöngu.

3. brtt. er við 7. gr. og er í 2 stafliðum. A-liðurinn skýrist af því, sem jeg sagði rjett áðan. — Samkv. 2. lið 7. gr. frv. er ætlast til, að sparisjóðs- og rekstrarlánadeild bankans veiti lán til lánsfjelaga aðeins gegnum milliliði. Í b-lið brtt. leggur nefndin til, að fjelögin geti haft viðskifti við bankann milliliðalaust. Lítur nefndin svo á, að óþarft sje að hafa milliliði um þessi lán, þegar hægt er að komast hjá þeim. Það væri einkennilegt, ef lánsfjelög, t. d. hjer í nágrenni Reykjavíkur, fengju ekki að hafa bein viðskifti við bankann. Enda mun þetta ekki hafa verið meiningin, en eins og gr. er orðuð nú, verður hún ekki skilin öðruvísi.

4. brtt. er við 8. gr. Í gr. er ákveðið, að sparisjóðsdeild skuli hafa að minsta kosti 10% af innlánsfjenu í auðseldum verðbrjefum. Nefndin leggur til að hækka það upp í 15%; er það í samræmi við tilsvarandi ákvæði í Landsbankalögunum. Sjer nefndin ekki ástæðu til, að ákvæði þessara laga um þetta atriði verði óvarlegri en þeirra og telur rjettara og öruggara að samþykkja þá brtt.

Samkv. 10. gr. frv. er ætlast til, að almannasjóðir sjeu jafnan geymdir í sparisjóðsdeild bankans. Í 5. brtt. er lagt til að undanskilja Söfnunarsjóð og þá sjóði, sem í honum eru geymdir, og ennfremur þá sjóði, sem beint eru ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegum. Telur nefndin það fulla sanngirniskröfu, að þá sjóði, sem stofnaðir eru í alt öðrum tilgangi, þurfi ekki endilega að ávaxta í Landbúnaðarbankanum. Og hvað Söfnunarsjóð snertir, þá verður á það að líta, að hann er stofnaður í alveg sjerstöku augnamiði. Það verður ekki fengin önnur öruggari geymsla fjár en í honum. Er því rjett að láta starf hans halda sjer eins og verið hefir.

Í 13. gr. frv. er svo ákveðið: „Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfje að upphæð minst 2 milj. kr. Stofnfje þetta greiðist af hendi þannig, að veðdeildin tekur við öllum eignum Kirkjujarðasjóðs og svo miklu af skuldabrjefum Viðlagasjóðs, er með þarf til þess að stofnsjóður veðdeildarinnar nemi 2 milj. kr.“ Með þessu móti mundi Kirkjujarðasjóður hverfa sem sjerstakur sjóður. Þetta hefir nefndin ekki getað fallist á, að væri heppilegt. Hún lítur svo á, að Kirkjujarðasjóður hafi nægilegt og nauðsynlegt verkefni. Fje úr honum hefir verið varið til umbóta á kirkjujörðum. Og það verður ekki sjeð, hvar taka ætti fje til þess, ef sjóðurinn hyrfi, nema þá úr ríkissjóði. Nefndin flytur því þá brtt. við gr., að Kirkjujarðasjóð skuli að vísu ávaxta í deildinni,

en hann fái þó að halda sjer að öllu leyti sem sjerstakur sjóður. En af þessu leiðir, að stofnfje deildarinnar verður minna en ætlast er til í frv., og það þótt allur Viðlagasjóður verði tekinn. Nefndin leggur til, að lágmark þess fjár, er Viðlagasjóður leggur fram, verði 1250000 kr., og er þar við bætist kr. 700000, er hann leggur fram í bústofnslánadeild, þá er hann svo til þrotinn.

Skal jeg nú fara fljótt yfir sögu og ekki minnast sjerstaklega á 7.—12. brtt. Þær gera ekki verulegar efnisbreytingar á frv., og læt jeg nægja að vísa til skýringa nál.

Þá er það 13. brtt. Hún er um það, að 39. gr. frv. falli burt. Sú gr. heimilar veðdeild að gefa út sjerstaka flokka bankavaxtabrjefa með happvinningum. Það er skylt að viðurkenna, að ef gr. yrði samþ. og þetta kæmist í framkvæmd, þá eru líkur til, að þau brjef verði seljanlegri en önnur verðbrjef; en ef þau verða seljanlegri, þá er það eingöngu vegna vonarinnar um happvinning, en ekki af þeim eðlilegu og heilbrigðu hvötum, að vilja ávaxta fje sitt á öruggan hátt. Það á að nota gróðafíkn og braskaralöngun manna til að koma brjefunum út, og telur nefndin óviðkunnanlegt að taka þessar hvatir í þjónustu landbúnaðarins. Þessi brjef mundu og geta spilt fyrir annari verðbrjefasölu í landinu, ekki einasta Landsbankans, heldur einnig þessarar stofnunar.

Hvað snertir 14. brtt. læt jeg mjer nægja að vísa til nál.

15. brtt. er við 45. gr. og er um það, að ekki verði tekið fullgilt veð í öðru lausafje en kúm, heldur verði að koma baktrygging, fasteignaveð eða hreppsábyrgð. Nefndin lítur svo á, að eins og enn er háttað búpeningseign landsmanna, þá sje hún ekki það örugg, að hún geti talist veðhæf, og það eins þótt það sje sett að skilyrði, að lánbeiðandi sje fjelagi í fóðurbirgðafjelagi, eins og gert er í frv. Gerir nefndin ekki ýkjamikið úr því, enda munu þau fjelög ekki vera nema örfá, og mundu því flestir bændur, eins og nú er háttað, útilokaðir frá lánum úr deildinni, ef þetta ákvæði frv. yrði samþ. óbreytt. Fóðurbirgðafjelögum mundi að vísu fjölga — sennilega — vegna þessa ákvæðis, en bæði mundi það líklega ganga seint, og svo verð jeg að segja það, að jeg hefi ekki orðið var við neitt öruggari ásetning, þar sem þau starfa, heldur en í þeim sveitum, þar sem forðagæslulögunum er vel framfylgt.

16. brtt., við 46. gr., gerir enga verulega efnisbreytingu. Þó vil jeg vekja athygli á 2. og 4. lið brtt., sem eru að nokkru nýmæli. Með þeim vill nefndin tryggja það, að bankastjórnin geti fengið nokkra vitneskju um lánbeiðanda og hvernig hann hefir rekið atvinnu sína, til þess að hún geti gert sjer hugmynd um, hvernig fjenu sje varið og hvort vert sje og óhætt að veita lánið. Fyrri liðurinn er um það, að lánbeiðni hverri fylgi vottorð um, að lánbeiðandi hafi ekki lent í fóðurþröng á síðustu 5 árum. Síðara atriðið fer fram á, að hverri lánbeiðni fylgi skýrsla um búpeningseign lánbeiðanda síðustu árin. Á það að tryggja það, að ekki sjeu veitt lán til að koma upp búpeningi til að braska með hann, ýmist kaupa hann eða selja.

Með 17. brtt., við 47. gr., er bætt inn sektarákvæðum fyrir að nota lán

til annars en það er veitt til. Ef maður notar lán til annars, þá má líta á það sem sviksemi, sem sjálfsagt sje að refsa. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort sektirnar sjeu ákveðnar hæfilega. En það tjáir ekki að hafa sektarupphæðina mjög háa, því oft verður um litlar lánsupphæðir að ræða, og gæti þá sektin orðið hærri en lánið. Vitanlega getur svo atvikast, að sviksemin varði við hegningarlögin, og verður þá ákvæðum þeirra að sjálfsögðu beitt.

Um 18. brtt. læt jeg nægja að vísa til nál.

Með næstu brtt. leggur nefndin til að fella burt 3. og 4. málsgr. 51. gr., eða ákvæðin um það, að búfjárveð gangi fyrir forgangskröfum í þrotabú og að bústofnslánadeild hafi lögtaksrjett. N. lítur svo á, að ef fyrra atriðið væri samþ., þá gæti það skapað óheppilega óvissu í viðskiftum og valdið öryggisspjöllum. Hvað síðara atriðinu viðvíkur, þá telur n. ekki ástæðu til að gefa deildinni þennan sjerstaka lögtaksrjett fram yfir aðrar kröfur, er eins stendur á um.

Að lokum skal jeg minnast á síðustu brtt. Eftir frv. er ætlast til, að tveir verði endurskoðendur bankans, annar skipaður af ríkisstj., hinn kosinn af Alþingi. Í þess stað leggur nefndin til, að báðir endurskoðendur verði skipaðir af ráðherra, eftir tillögum sameinaðra landbn. Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Þessi till. miðar að því að tryggja rjett minni hl. til að fylgjast með hag og rekstri bankans. Eftir frv. eru líkur til að stjórnin og hennar flokkur mundi ná báðum sætunum. Væntir nefndin, að menn líti með sanngirni á þetta og samþ. brtt. En það, að mennirnir sjeu tilnefndir af landbúnaðarnefndunum, en ekki kosnir af Alþingi, telur nefndin frekari tryggingu fyrir því, að mennirnir verði valdir með það fyrir augum, að þeir sjeu starfinu vaxnir og þá verði minni hætta á, að störfin verði gerð að pólitískum bitlingum.

Hjer á fundinum hefir verið útbýtt nokkrum brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. Nefndin hefir vitanlega ekki haft tækifæri til að athuga þær, og get jeg því ekkert um þær sagt fyrir hennar hönd.

Skal jeg ekki orðlengja meira um þetta, en læt nægja að vísa til nál. viðvíkjandi þeim atriðum, er jeg hefi gengið framhjá.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil þakka landbn. fyrir afgreiðslu þessa frv. Er það ánægjulegt, að hún hefir orðið sammála um að mæla með því. Hefir nefndin látið ánægju sína í ljós yfir því, að frv. skyldi vera borið fram, og taldi, að með því væri bætt úr lánsþörf landbúnaðarins á viðunandi hátt. — Jeg veit, að nefndin hefir lagt mikla og góða vinnu í að athuga frv., enda borið fram margar brtt. við það. Þetta starf nefndarinnar þakka jeg henni og lýsi ánægju minni yfir, þótt jeg sje á nokkuð öðru máli um sumar till. hennar. En það hefir engin áhrif á það stóra aðalatriði, stofnun bankans, sem allir hafa orðið sammála um.

Það er vitanlega ekkert aðalatriði, hvaða nafn verður gefið bankanum. Fyrir mitt leyti kann jeg betur við nafnið Landbúnaðarbanki en Bændabanki. En undir öllum kringumstæðum verð jeg eindregið að mæla á móti

till. nefndarinnar um nafn bankans á Norðurlandamálunum. Nefndin hefir einmitt dottið ofan á sama nafn á bankann og er á stærsta braskbanka Norðurlanda, er var Landmandsbanken. Þetta er vitanlega tilviljun. Sje ástæða til að breyta nafni bankans vegna þess, að það sje of líkt nafni Landsbankans, eins og n. segir, þá er ekki minni ástæða til að fá honum ekki samnefni við þann banka. sem á sjer einna sorglegasta sögu allra bankastofnana á Norðurlöndum. En mjer finst það ekkert athugavert, þó að nöfn þessara tveggja banka íslenska ríkisins yrðu lík. — Jeg skal þó játa, að jeg legg ekki verulega áherslu á nafnið, nema á þýðinguna á Norðurlandamálin. Þar finst mjer ekki koma til mála að setja á bankann það nafn, sem hefir einna ljótastan hreim af öllum bankanöfnum á Norðurlandamálum.

Önnur brtt. n. er sú, sem jeg finn einna athugaverðasta, enda hefir n. klofnað um hana. Hv. frsm. komst svo að orði, að með henni ætti að ákveða skýrar en í frv., að tilgangur bankans sje *eingöngu* sá, að styðja landbúnaðinn. En till. hljóðar einmitt um það, að bankinn eigi *ekki eingöngu* að lána til landbúnaðarins. Fyrri hluti brtt. hljóðar að vísu svo:

„Tilgangur bankans er eingöngu að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu".

En í síðari hluta greinarinnar segir svo:

„Þó er heimilt að veita smábátaútvegsbændum utan kaupstaða rekstrarlán samkv. 7. gr. 2. tölul." — Í þessu er greinileg mótsögn. Jeg er að vísu sammála hv. n. um, að gera þurfi frekari ráðstafanir til þess að styðja smábátaútveginn, en jeg tel alls ekki, að rjett sje að fara þessa leið. Nú vill svo vel til, að í dag hefir verið útbýtt nál. frá ⅓ hlutum sjútvn., þar sem gert er ráð fyrir nýrri löggjöf til þess að styrkja smábátaútveginn. Tillaga þessi er merkileg og vel þess verð, að hún sje tekin til frekari athugunar. Jeg vildi því, með tilliti til þessa, leggja til, að síðari hluti 2. brtt. hv. landbn. sje numinn burtu, og jeg vil beina því til n., að hún hnígi að ráði hv. sjútvn., en blandi ekki þessu tvennu saman. Til grundvallar þessu frv. liggur fyrst og fremst þörfin á lánsfje úti um sveitir landsins, og á það ber að líta, að landbúnaður og sjávarútvegur eru og hafa altaf verið svo ólíkir atvinnuvegir, að tæplega getur komið til greina, að báðir sæti sömu lánskjörum. Landbúnaðurinn á fulla kröfu á betri kjörum en sjávarútvegurinn, og er það á því bygt, hve miklu tryggari hann er. Í þessu sambandi má benda á, að af þeim 20—30 milj. króna, sem bankarnir töpuðu á útlánum undanfarin 10 ár, voru ekki nema ca. 1—2% til landbúnaðarins. Þegar því á að stofna slíka stofnun, til þess að bæta úr þörfum landbúnaðarins, má ekki með neinu móti taka þá atvinnugrein, smábátaútveginn, sem staðið hefir á völtustum fæti, og setja í samband við þann atvinnuveg, sem ávalt hefir reynst öruggastur. (**PO**: Vill hæstv. ráðh. halda því fram, að smábátaútvegurinn hafi staðið á völtustum fæti?). Já, vjelbátaútgerðin. Jeg verð að líta svo á, að till. sjútvn. sjeu í þessu efni stórum heppilegri, og jeg vil skjóta því til hv. landbn., að hún

taki málið til athugunar á þeim grundvelli.

3. brtt. n. er í beinu sambandi við 2. brtt. og stendur því og fellur með henni.

5. brtt. fjallar um það ákvæði frv., að handbært fje opinberra sjóða skuli ávaxtað í sparisjóðsdeild bankans. Hv. frsm. benti rjettilega á, að brtt. gerir ráð fyrir að sviíta Söfnunarsjóð ekki þessum hlunnindum, og er ekkert út á það að setja. En brtt. segir meira: „Ríkisstj. skal, ef ástæður leyfa, sjá um", o. s. frv. — Það er þetta orðalag „ef ástæður leyfa", sem jeg vildi að felt væri úr brtt. Það er gert meira með tillögunni en að opna heimild til þess að ávaxta slíkt fje í Söfnunarsjóði; það er opnuð samskonar heimild fyrir ríkisstjórnina, ef hún vill hlynna að einhverri annari bankastofnun. Orðalagið er óþarflega alment og óákveðið, og væri því rjett að fella það burt.

6. brtt. n. snertir stofnfje veðdeildar bankans. Jeg get til samkomulags fallist á brtt. n., en jeg vil þó benda á, að stofnfjeð er þar lækkað um ¾ úr milj. frá því, sem frv. gerði ráð fyrir. Úr þessu má reyndar bæta síðar, en það er þó stórum erfiðara þá. Á síðari hluta brtt. get jeg fallist.

Hv. frsm. fór fljótt yfir næstu brtt., og hefi jeg ekki mikið við þær að athuga. En 13. brtt. n. get jeg ekki fallist á, en jeg skal viðurkenna, að það er ekkert stóratriði, og mun jeg ekki gera það að kappsmáli. Brtt. gerir ráð fyrir, að 39. gr. frv. falli burt. Sú grein heimilar veðdeild þessa banka að gefa út bankavaxtabrjef með happdrætti eða happvinningum. Jeg vil benda á, að slíkt ákvæði er þegar til í íslenskum lögum. Það er í ríkisveðbankalögunum frá 1921. Og jeg verð að telja rök Böðvars Bjarkan í athugasemd við 35. gr. ríkisbankalaganna svo sterk, að hv. frsm. hafi ekki hnekt þeim í ræðu sinni. Og hjer er ekki um að ræða venjulegt happdrætti. Því til sönnunar vil jeg leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, nokkur orð úr grg. frv., þar sem þetta atriði er tekið til athugunar. Þar segir svo:

„Vaxtabrjef með happvinningum eru gjörólík lotteríseðlum í þessu tvennu, að höfuðstóll vaxtabrjefanna verður ávalt endurgreiddur og að eigandi fær auk þess sæmilega háa vexti af fje sínu".

Þetta er auðsjáanlega alt annars eðlis en hin venjulegu lotterí, með öllum þeim óþrifnaði og spillingu,, sem þeim fylgir. Þetta er einungis gert til þess að halda brjefunum í góðu verði og hjálpa bankanum til að selja þau. En ef þetta spillir fyrir sölu annara verðbrjefa í landinu, eins og frsm. gat um, þá er það einungis af því að það um leið bætir fyrir sölu þessara verðbrjefa. Þetta er augljóst. Annars er mjer ekki sjerstaklega ant um þetta atriði og mun ekki fjölyrða um það frekar að svo stöddu.

Þá kemur 15. brtt. n., viðvíkjandi bústofnslánadeild bankans. Jeg hefi ekki getað athugað það atriði til hlítar, en mjer er það ljóst, að nefndin vill sýna meiri varfærni en frv. gerir ráð fyrir. Gengur n. jafnvel lengra í því heldur en Búnaðarþingið gerir í till. sínum. Jeg mun við 3. umr. athuga þetta betur. En mjer er ekki

grunlaust um, að n. hafi verið jafnvel óþarflega varkár. Það er ómögulegt að setja með löggjöf svo rammar skorður gegn misbrúkun, að einhlítt sje. Það verður að eiga slíkt mjög undir þeim, sem fyrir stofnununum standa, og það er trú mín, þar sem braskið sje ekki enn komið svo langt upp um sveitir landsins, að óhætt sje að láta þá, sem forstöðu bankans hafa á hendi, hafa óbundnar hendur um slíkt. Tilgangur lánanna er að veita fólki stuðning og hjálp til þess að reisa bú, og verður stjórn bankans að haga tryggingunum eftir því, sem hún telur eftir atvikum best við eiga. Jeg vil geyma mjer rjett til, ef til vill, að bera fram till. Búnaðarþingsins um þetta mál.

Þá á jeg aðeins eftir að víkja nokkuð að síðustu brtt. n. Eftir brtt. eiga endurskoðunarmenn bankans að vera skipaðir af ráðherra samkvæmt tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda Alþingis. Jeg er þessu fyllilega sammála, og jeg vil biðja hv. n. að athuga, hvort ekki væri rjett að ganga enn lengra á þessari braut, til þess að tryggja þessa stofnun gegn dutlungum mismunandi stjórna. Það væri ekki úr vegi að athuga, hvort stjórn bankans væri ekki best skipuð af einhverjum þeim stofnunum, þar sem bændur eða fulltrúar þeirra ráða. T. d. að hún væri skipuð af 3 mönnum, nokkurskonar bankaráði, og skipaði Búnaðarfjelagið einn, Samband samvinnufjelaganna annan og þá landsstjórnin þriðja manninn. Jeg vil biðja hv. landbn. að athuga þetta, hvort ekki væri rjett að taka upp þessa tilhögun, en jeg vil þó ekki gera það að tillögu minni að svo stöddu máli. En það skal jeg þó taka fram, að ef það ætti fyrir mjer að liggja sem atvmrh. að skipa í stjórn bankans, þá skyldi jeg með glöðu geði láta það af hendi, til þess að tryggja það, að einungis hagsmunir landbúnaðarins kæmu til greina við valið, einnig í framtíðinni.

Jeg vil að lokum endurtaka það, að þótt jeg hafi nú gert þessar athugasemdir við brtt. landbn., þá er jeg henni þó mjög þakklátur fyrir eindreginn stuðning við frv. í heild og fyrir mikið og vel unnið starf, og vil mega vænta þess, að hv. deild sýni þann skilning á þessu mikla nauðsynjamáli, að hún veiti frv. greiða og skjóta afgreiðslu.

**Halldór Stefánsson:** Jeg hefi flutt brtt. við frv. á þskj. 258. Fyrsta brtt. mín snertir nafn bankans. Jeg gæti vel felt mig við það íslenska nafn, sem frv. gerir ráð fyrir, en jeg kann ekki við till. landbn. og vil þá heldur, að bankinn heiti Búnaðarbanki, ef á annað borð verður breytt nafninu. Mjer virðist eðlilegra nafnið Búnaðarbanki en Bændabanki. Það liggur beinna við að kenna bankann við atvinnuveginn en stjettina, því vegna atvinnuvegarins er hann settur, en ekki vegna stjettarinnar. Þess má og geta, að forskeyti nafnsins er notað í mörgum öðrum skyldum sambönd-um, t. d. búnaðarfjelög, búnaðarskóli, búnaðarsamband, búnaðarmálastjóri o. s. frv. Jeg verð því að líta svo á, að þetta nafn sje heppilegra en nafn það, sem n. leggur til.

Þá legg jeg til að stytta erlendu nöfnin og gera þau eðlilegri. Samkvæmt frv. og till. landbn. eru nöfnin löng og stirð í munni, en hinsvegar

get jeg ekki sjeð, að neinn ávinningur sje að slíku nafnatildri. Það er ætlað að láta nafn bankans sýna það eða auglýsa í hinum erlenda fjármálaheimi, að hann hafi ríkisábyrgð að baki, en það er bæði óviðfeldið og óþarft. Erlendir lánveitendur munu ekki láta sjer koma til hugar að veita bankanum lán nema að hafa kynt sjer áður lög bankans og ástæður. Og þá er það tekið skýrt fram í 4. gr., að ríkið ábyrgist bankann. Mjer finst þetta því vera dálítið auglýsingarkent og óviðfeldið orðalag, og auk þess alveg óþarft.

Í 3. brtt. minni felst atriði, sem jeg legg nokkra áherslu á, en það er að fella niður úr 11. gr. heimild ríkisstjórnar til þess að veita ábyrgð ríkissjóðs á lántökum bankans erlendis hvenær sem er. Jeg tel þetta ónauðsynlegt, sjerstaklega að því athuguðu, að þingið kemur saman árlega, og getur tæplega borið svo bráðan að með lántökuþörf bankans, að ekki megi bíða úrskurðar Alþingis. Fyrir mjer er þetta fyrst og fremst stefnuatriði. Jeg er algerlega mótfallinn því, að Alþingi sje að afsala sjer óskoruðu fullveldi sínu nema af fylstu nauðsyn.

Loks fer 2. brtt. fram á að fella burt úr 4. gr. orðin „án tryggingar í sjálfs sín eignum“ og orðin „að undanteknu láni samkvæmt 11. gr. laga þessara“. Síðari breytingin leiðir beint af 3. brtt. minni. En um hina brtt. er það að segja, að mjer er ekki ljóst, hvað getur verið átt við með orðum frv. „í sjálfs sín eignum“. Jeg skil ekki, hver sjálfseign bankans getur verið, úr því ríkissjóður á hann „með húð og hári“. Mjer virðist þetta ákvæði nánast sagt vitleysa. Annars skiftir það litlu máli, en jeg vil þó leggja til að fella það burt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. Jeg er ánægður yfir þeim góðu undirtektum, sem frv. hefir fengið, og jeg vona, að þinginu auðnist að veita því góða afgreiðslu.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Jeg hefi sára fáu að svara, en finn mjer hinsvegar skylt að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar undirtektir að því er flestar till. n. snertir. Um nafn bankans finst mjer ekki skifta sjerlega miklu máli, og má vel vera, að athugasemdir hæstv. forsrh. um þetta atriði sjeu á rökum bygðar. Hvað 2. brtt. n. snertir, þá kom til orða, að nefndin drægi hana til baka, en þegar á reyndi, náðist ekki samkomulag í n. um það, svo að brtt. verður sennilega að koma til atkvæða. Annars fanst mjer hæstv. forsrh. gera mikið úr þeirri hættu, sem bankanum gæti stafað af lánum til smábátaútvegs. Jeg vil benda honum á þær takmarkanir, sem þar eru settar, ef honum hefir skotist yfir þær. Lánin mega ekki fara fram úr 4000 kr. á bát.

Það er rjett hjá hæstv. forsrh., að ef brtt. n. verða samþ., þá minkar á pappírnum stofnfje veðdeildar bankans, en jeg fæ ekki sjeð, að raunverulegt starfsfje minki neitt, því deildin tekur við meiru af skuldabrjefum viðlagasjóðs heldur en ætlast var til í frv., auk þess sem kirkjujarðasjóður skal ávaxtaður þar, í nokkuð öðru formi þó. Samkv. till. n. breytist

brjefaútgáfa deildarinnar, en jeg geri ekki ráð fyrir, að deildin gefi út svo mikið af verðbrjefum á næstunni, að hámark náist, svo að varla getur komið til mála, að starfsfje bankans sje raunverulega skert með þessum till.

Þá var hæstv. forsrh. óánægður með 13. brtt. n., um að 39. gr. falli burt. Benti hann á, að ákvæði um verðbrjef með happvinningum væri í ríkisveðbankalögunum, en þau lög falla nú úr gildi með þessum lögum. Slík brjef með happvinningum eru ekkert annað en ein tegund lotterís, enda þótt hæstv. ráðh. vildi halda öðru fram. N. telur líka, að þetta ákvæði gæti orðið hreint og beint hættulegt fyrir verðbrjefasöluna. Brjefin mundu að vísu sennilega ganga vel út og jafnvel með hækkuðu verði áður en happdrátturinn færi fram, en á eftir mundi verða mikið framboð á þeim, því margir þeirra, er lagt hefðu fje sitt í brjefakaup í von um happvinning, mundu þegar til kæmi ekki geta haft fje sitt bundið á þennan hátt, heldur bjóða brjefin til kaups, jafnvel með afföllum; brjefin því lækka og verð þeirra verða óstöðugt. Gæti þetta með tímanum skapað óvissu og ótrú á brjefunum.

Jeg þarf ekki að svara miklu því, sem hæstv. ráðh. sagði um bústofnslánadeildina og viðvíkjandi till. n. Honum fanst n. hafa verið óþarflega varkár og að óhætt væri að eiga alt slíkt undir stjórn bankans. Jeg geri að sjálfsögðu ráð fyrir, að í stjórn bankans verði skipaðir greindir og gætnir menn, sem sýni varfærni í slíkum efnum. En því aðeins eru sett varúðarákvæði í þessi og öll önnur lög, að ekki þykir þorandi að eiga alt undir mönnunum einum, því þeim getur altaf yfirsjest, og ennfremur getur val þeirra mistekist. Þó er rjett að taka þetta til nýrrar athugunar.

Viðvíkjandi síðustu brtt. n. og þeim orðum hæstv. forsrh., hvort ekki væri rjett að ganga enn lengra í því að gera bankann óháðan pólitískum dutlungum, þá vil jeg og n. taka það atriði til frekari yfirvegunar, en þó geri jeg ekki ráð fyrir, að nefndin muni gera breytingar í þá átt, sem hæstv. ráðherra talaði um.

Jeg stend ekki betur að vígi nú heldur en í fyrri ræðu minni með það, að taka afstöðu fyrir n. hönd til brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. — 2. og 3. brtt. fela í sjer töluverða efnisbreytingu, en n. hefir ekki haft nægan tíma til að athuga þær, og hefði því talið heppilegra, að hann tæki þessar till. sínar aftur og geymdi þær til 3. umr. Get jeg ekki sjeð, að hann eigi nokkuð á hættu með það, að fá þær samþyktar, þótt hann verði við þessum tilmælum, en um 1. brtt. hans skiftir ekki miklu máli, því að hún innifelur ekki í sjer neina slíka efnisbreytingu.

**Pjetur Ottesen:** Jeg vil láta í ljós þakklæti mitt til hv. landbn. fyrir þann skilning, sem hún hefir sýnt á þörfum smábátaútvegsins í landinu með tillögum sínum í þessu máli. Bátaútvegsmönnum er mikil nauðsyn á því að eiga þess kost að geta á hagkvæman hátt aflað sjer lánsfjár til atvinnurekstrar síns. En þess getur hver maður gengið ódulinn, að með því að sýna skilning á þörfum bátaútvegsins í þessu efni er einnig lagður drjúgur skerfur til ræktunar lands-

ins. En það var auðsætt, að hæstv. atvmrh. hafði ekki haft þann skilning sem skyldi á þessu máli, enda bera frv. þau, sem hann hefir lagt fyrir þingið, það með sjer. Íhaldsfl. bar fram á síðasta þingi frv. um atvinnurekstrarlán, þar sem jafnhliða átti að greiða úr rekstrarlánaþörf bænda og bátaútvegsmanna, en eins og kunnugt er, náði það ekki fram að ganga. Þessa hugmynd hefir hæstv. atvmrh. tekið upp í frv. um sveitabanka, en meðal annara breytinga, sem hann hefir gert á þessu frv. Íhaldsflokksins, er sú, að útiloka bátaútvegsmenn frá þessum rekstrarlánum. Það hefði nú raunar mátt búast við því, að hæstv. atvmrh. sæi sig um hönd og kæmist að því við nánari athugun, að hann hefði þar ekki farið rjetta leið, en sú hefir þó ekki orðið raunin á. Og ekki hafa till. landbn. opnað augu hans heldur, því að ennþá snýst hann öndverður gegn þessu og leggur aðaláherslu á það, að koma þessari brtt. landbn. fyrir kattarnef. Hann viðurkennir það að vísu, að smábátaútvegurinn þurfi að fá nokkra úrlausn í þessu efni, en orðin tóm hafa lítið að segja, ef ekkert er aðhafst, sem sýnir, að hugur fylgi máli.

Hæstv. atvmrh. benti á frv. það um breytingar og aukningu á Fiskiveiðasjóðnum, sem sjútvn. flytur, og hann ljet það álit sitt í ljós, að ekki þyrfti meira, og með þessu væri sjeð fyrir bátaútveginum. En þetta er hinn mesti misskilningur. Sú úrbót, sem um er að ræða í því frv., er aðeins lítill stofn að löggjöf um lánsstofnun fyrir bátaútveginn, og að því leyti sem með því frv. er lagður grundvöllur að lánsstofnun fyrir bátaútveginn, má telja þær tillögur mikilsverðar, en sem úrlausn á þessu máli til frambúðar ná þær harla skamt. Jeg vil í þessu sambandi benda á það, hvernig Íhaldsflokkurinn hafði hugsað sjer að greiða úr á þessu sviði. En það er á þann hátt, að efla Fiskiveiðasjóðinn, svo að hann geti fullnægt þörfum manna til bátakaupa og til þess að koma upp verksmiðjum til að vinna úr fiskúrgangi og að byggingu íshúsa. Í öðru lagi með því að veita bátaútvegsmönnum aðgang að rekstrarlánum, sbr. rekstrarlánafrv., sem jeg gat um áðan. Með þessu móti mundi hafa tekist á hallkvæman hátt að greiða úr brýnni lánsþörf bátaútvegsmanna. En samkv. þeim undirtektum, sem frv. þau, er íhaldsmenn fluttu um þetta á síðasta þingi, hafa fengið, og till. þær, sem þeir hafa og borið fram á þessu þingi, þá er sýnt, að málið verður nú ekki leyst á þann hagkvæma hátt. Það er bersýnilegt, að það lengsta sem hægt er að komast á þessu þingi með að greiða úr lánsþörf bátaútvegsmanna, er að samþ. frv. sjútvn. um aukningu Fiskiveiðasjóðsins og tillögur landbn. um, að bátaútvegsmenn eigi ásamt og í fjelagi við bændur aðgang að rekstrarlánum. Jeg treysti því, að andstaða hæstv. atvmrh. gegn þessum sjálfsögðu og sanngjörnu tillögum landbn. verði vegin og ljettvæg fundin af Alþingi. Eins og bent hefir verið á, er landbúnaðurinn og smábátaútgerðin svo fljettuð saman, að það má segja, að ræktunin í og kringum kauptúnin byggist á bátaútveginum; þaðan kemur fjármagnið til þess að hrinda ræktuninni á stað, og svo er það enginn smáræðis áburðarforði, sem til fellur

þar, sem mikil útgerð er. Mjer þykir leitt, að hæstv. atvmrh., sem ber hlýjan hug til ræktunar landsins, skuli ekki hafa komið auga á þetta. Eins og hv. frsm. landbn. benti á, þá er sú grýla ekki frambærileg, að þetta auki áhættuna, eins og hæstv. atvmrh. hjelt fram, því að svo vel er búið um hnútana, að lánsfjelögin, sem starfa innan þröngs hrings, hafa fulla þekkingu á högum allra viðskiftamanna lánsfjelagsins, alveg eins þeirra, sem bátaútveg stunda, og ennfremur hefir nefndin gengið svo frá þessu að öðru leyti, að það má hiklaust telja, að þar sje alls öryggis gætt. Þótt ákvæðin um lán til bátaútvegsmanna nái ekki til kaupstaðanna, þá er þar sá stóri munur á, að í kaupstöðunum eru lánsstofnanir, sem menn geta snúið sjer til og fengið lán til útgerðarinnar, en í kauptúnum landsins vel flestum er engu slíku til að dreifa.

Jeg vænti þess, að jeg þurfi ekki að fara um þetta fleirum orðum, og vona, að hv. þingdm. geti orðið sammála um það, að hjer sje fyrir hendi sú nauðsyn, er eigi verði skotið skollaeyrum við að bæta úr, og að einmitt á þennan hátt verði það hagkvæmlega gert og að gersamlega ástæðulaust sje að vera að tala um áhættu í því sambandi.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hefi ekki margt að segja út af ræðu hv. frsm. Hann sagði, út af aths. mínum við nafnið, að það gæti verið rjett að taka það til nýrrar athugunar, og skilst mjer því, að í orðunum liggi, að brtt. verði tekin aftur til 3. umr. Enda virðist mjer, að ef þessi brtt. nefndarinnar verður samþ., geti það leitt til þess, að á Norðurlöndum blandi menn auðveldlega saman Landmandsbanken í Danmörku og þessum. Jeg álít, að það verðum við að varast, og vona, að nefndin falli frá till. sinni og taki hana aftur.

Aftur á móti vildi hv. frsm. ekki taka aftur af n. hálfu till. um lán til smábátaútvegsins. Hv. frsm. vjek að brtt. við 13. gr., sem miðar að því, að stofnfjeð verði lækkað um ¾ milj. og taldi það hættulaust. Það má vel vera, að það komi ekki að sök á næstu árum, en getur það ekki orðið skammgóður vermir? Það getur svo farið, að í náinni framtíð þurfi veðdeildin að gefa út meiri skuldabrjef, — og hver segir, að Alþ. muni þá veita henni þann styrk og aðstoð, sem með þarf, og er því ekki betra að búa vel um þessa stofnun strax í byrjun? Það er nú uppi meðal ýmsra manna hjer á landi að gerbreyta kjördæmaskipuninni og draga pólitíska valdið úr höndum bænda, og ef það kann fram að ganga, vil jeg ekki eiga það á hættu að bíða með nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að vel verði hlúð að þessu þjóðþrifafyrirtæki. **(ÓTh:** Er nokkur hætta á því, ef uppteknum leik verður haldið áfram? Í fyrra drógu þingmenn pólitíska valdið úr höndum bænda í einu kjördæmi þessa lands, en fengu sócialistum það í hendur). Hver hætta getur það verið fyrir bændur, þótt reynt hafi verið að bæta upp þann órjett, sem bændur þessa hjeraðs höfðu verið beittir, svo sem gert var í því máli, sem hv. þm. gat um? En annars er landbúnaðarbankinn hjer

til umræðu, en jeg býst við því, að ef kjördæmaskipuninni verður breytt, þá verði ekki eins hægt um vik með að ná í fjeð. (**MG:** Ekki er nú lengi verið að breyta lögunum; í það minsta reyndist það svo í fyrra með Landsbankalögin). Já, það er satt, að þeim lögum var breytt, en það var gert til tryggingar bankanum.

Þá ætla jeg að snúa mjer að hv. þm. Borgf. Hann sagði, að hann hefði fært óhrekjandi rök fyrir því, að þörf smábátaútvegsins væri mjög brýn, og að jeg gæti ekki hrakið þau rök. Mjer er það mjög ljóst, að smábátaútvegurinn þarfnast styrks ríkisins, en mjer þykir ekki rjett að láta hann fá þann styrk frá þessum banka. En jeg bendi einnig á það, að í kaupstöðum þessa lands eru víðast hvar lánsstofnanir, sem menn gætu fengið fje hjá til þessa atvinnurekstrar. Þetta eru staðreyndir, sem ekki er hægt að hrekja, og hv. þm. Borgf. hefir ekki komið fram með nein rök fyrir því, hvers vegna smábátaútvegurinn ætti frekar að njóta styrks frá landbúnaðarbankanum heldur en annar atvinnurekstur, sem ekki er landbúnaður. Hv. þm. Borgf. getur heldur ekki mælt því bót, að samkvæmt hans ætlun á smábátaútvegurinn í Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði ekki að njóta þessa styrks, en aftur á móti nýtur slíkur útvegur frá Akranesi þessara hlunninda. Í þessu er ekkert rjettlæti, og jeg er þeirrar skoðunar, að á þessu máli hafi jeg betri skilning en hv. þm. Borgf., því að mitt álit er það, að þessi útvegur eigi jafnan rjett á sjer, hvort sem hann er rekinn frá Hafnarfirði eða Akranesi. Háttv. þm. Borgf. er yfirleitt stundum nokkuð einsýnn á mál, og í þessu máli er hann það um of. Hann sagði, að þótt ½ milj. væri látin renna til útvegsins, svo sem tillögur meiri hl. sjútvn. benda til, þá væri það engin úrlausn. (**PO:** Það sagði jeg ekki). Háttv. þm. Borgf. sagði þetta og tvítók það upp til frekari áherslu, en þegar á að opna landbúnaðarbankann, svo sem till. gerir ráð fyrir, þá er það úrlausn. Hvað kallar hv. þm. úrlausn? (**PO:** Svona hártoganir eru ósæmandi hæstv. forsrh.). Það fer fjarri því, að jeg hártogi orð hv. þm., en jeg tek þau upp eins og hann sagði þau.

Annars get jeg gjarnan lýst yfir því, að jeg er reiðubúinn að taka höndum saman við hv. þm. Borgf. og reyna til að hjálpa og styrkja þessa atvinnugrein eftir heppilegri leið. Hitt er rangt, að opna landbúnaðarbankann fyrir þessa grein útgerðarinnar, enda má ætla, að hv. þm. Borgf. yrði ekki ánægður fyr en 5—10 milj. króna væru veittar, sbr. orð hans um, að ½ milj. kr. sje engin úrlausn. Eins og jeg sagði áðan, verður að finna leið til að rjetta smáútgerðinni hjálparhönd, og að því mun jeg stuðla eftir mætti. Jeg vil ekki hleypa neinu þjarki í þetta mál, en vil skjóta því til hv. þm. Borgf., hvort ekki myndi það leið, að við reyndum að ná samkomulagi um þetta. Þessi banki, sem hjer um ræðir, er eingöngu ætlaður fyrir landbúnaðinn, og því er það rangt að vera að troða þessu þar inn. En af því að jeg veit, að þessi till., sem hv. þm. Borgf. stendur á bak við, er fram komin af góðum hug, er jeg reiðubúinn til samstarfs við hann í þessu máli.

**Jón Sigurðsson:** Jeg stend ekki upp af því, að jeg telji þörf á því hv. frsm. til aðstoðar, heldur vildi jeg gera grein fyrir skoðun minni á því ágreiningsatriði, sem hjer er verið að ræða um.

Jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg tel, eins og nál. ber með sjer, það hafa verið mjög ákjósanlegt, að þetta frv. kom fram. Stjórnin hefir með þessu frv. dregið saman í eina heild lagaákvæðin um þær búnaðarlánastofnanir, sem við höfum þegar átt áður, og sett þær undir eina stjórn: sem sje ræktunarsjóðinn, byggingar- og landnámssjóðinn og veðdeildina, sem er samhljóða lögunum um veðdeild Landsbankans og ekki annað en skifting á þeirri veðdeild, sem nú er til. Ennfremur bústofnslánadeildin, sem samþ. var á þinginu 1926, með nokkrum breytingum, og loks hefir hæstv. stjórn tekið upp rekstrarlánatillögur Íhaldsmanna frá síðasta þingi, sem er það helsta, er ekki er nú í gildandi lögum. Jeg tel, eins og þegar er sagt, það mikinn kost að fá sameiginlega stjórn yfir þessar stofnanir, sjerstaklega ef góðir menn veldust í stjórn þessara mála.

En það, sem einkum knúði mig til þess að standa upp, voru ummæli, sem fjellu hjá hæstv. forsrh. um þá tillögu okkar í landbn., að smábátaútgerðinni yrði heimil ofurlítil þátttaka í þeim hlunnindum, sem hin væntanlega stofnun veitir. Hæstv. forsrh. virðist vera hræddur um, að sjávarútveginum verði hleypt inn í stórum stíl, en það er beinlínis tekið fram, að það er aðeins einn þáttur hans, sem getur komið til greina í þessu efni, smábátaútgerðin utan kaupstaðanna. Þegar hæstv. ráðherra er að slá því fram í þessu sambandi, að bankarnir hafi tapað milli 20 og 30 miljónum á útlánum til sjávarútvegarins, þá er verulega skotið yfir markið. Þegar þess er gætt, að það má aðeins veita 4000 krónur á bát og eingöngu til þeirra, sem ekki stunda fiskverslun. (**Forsrh.:** Af hverju er það ekki tekið fram í frv.?). Við skoðuðum þetta frv eins og höfuðdrætti, en höfum gert breytingatillögur við frv. um sveitabanka samhljóða því, er jeg hefi skýrt frá, og þar getur hæstv. forsrh. sjeð þær. Það er því ekki ætlun okkar að fara að stofna hjer til neinna fjárglæfra eða hætta bankanum út í ógöngur; þvert á móti. Jeg hafði það sjerstaklega í huga, að ekki óvíða hagar svo til í hreppum, sem liggja að sjó, að þó að landbúnaður sje langsamlega helsti atvinnuvegurinn, þá eru þó innan um 3—4 eða fleiri menn, sem stunda sjó að mestu eða eingöngu. Þeir geta að sjálfsögðu verið dugandi menn og efnaðir engu síður en hinir. Mörgum sveitabændum mundi því þykja hart, ef þessir bændur væru útilokaðir frá öllum hlunnindum bankans.

Að því er snertir frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands, má geta þess, að eftir tillögum sjútvn. mundu lán úr honum aðallega verða veitt þeim útvegsmönnum, sem í kaupstöðum búa. Smábátaútvegsmenn úti um land mundu ekki fá mikið af slíkum lánum. Þeir mundu þurfa að sækja þau til Akureyrar eða Reykjavíkur, en bændur eru ekki duglegir að bera sig eftir slíku. Enda gæti jeg hugsað, að ½ miljón væri ekki um of fyrir kaupstaðina, ef tekið er tillit til stærðar báta-

flotans í kaupstöðunum. Það er vitanlegt, að þar er aðalbátaflotinn. ½ miljón er áreiðanlega ekki nema rjett handa þeim, og þá fá hinir ekkert, sem eru lengra frá. Til þess að þeir hafi nokkurt öryggi, verður að búa öðruvísi um hnútana.

Jeg hefi nú reynt að gera grein fyrir því, hvað fyrir mjer hefir vakað í þessu efni og hvers vegna jeg taldi það skyldu mína að reyna að rjetta smábátaútveginum hjálparhönd. En það voru önnur tvö atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem jeg vildi fara nokkrum orðum um.

Annað var það, að hæstv. ráðh. taldi það geta verið hættulegt fyrir bankann, að stofnfje veðdeildarinnar væri lækkað, en þrátt fyrir lækkun má bankinn gefa út samkv. brtt. n. yfir 10 milj. í bankavaxtabrjefum, auk 1¼ milj. í stofnfje. Það er ekki auðgert að segja um veðlánaþörf bænda, en það mætti þó helst miða við reynslu veðdeildarinnar. Þar hafa á síðustu 3 árum lánin numið röskri miljón, og bankastjórnin hefir tjáð okkur nefndarmönnum, að ekki hafi verið synjað um eitt einasta lán, þar sem skjöl og skilríki voru í lagi, og að þau hafi verið afgr. jafnóðum og beiðnir komu, á undan öðrum málum.

Eðlilega aukast lánbeiðnir með vaxandi framkvæmdum, en jafnframt fjölgar þeim jörðum að sama skapi, sem eru bundnar veðböndum. Það er þegar orðið fátítt, að bændur hafi ekki jarðeignir sínar í veðdeild, sparisjóði eða söfnunarsjóði. Jeg held því, að undir öllum kringumstæðum muni þessi upphæð, 10 milj. kr., endast í mörg ár, að minsta kosti 10—15. Það getur því ekki með brtt. landbn. verið að ræða um neina hættu fyrir stofnunina.

Um happvinninga skal jeg geta þess, að eins og hv. frsm. tók svo vel fram, verða þeir keyptir einungis í von um skjótan gróða, en ekki af því að þeir, sem kaupa, hafi fje til þess að binda um langt árabil. Menn, sem hafa peninga í augnablikinu, kaupa brjefin í von um vinning. En þegar vonir þeirra bregðast um happvinninga og þeir komast í kreppu, fara þeir að bjóða út brjefin jafnvel fyrir neðan nafnverð og fella þau þannig í verði. Þetta er hættulegt. Það skapar ótrú á brjefunum og verður bara til bölvunar.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Jeg vil nota tækifærið til að benda á, að eins og hv. 2. þm. Skagf. (JS) túlkar aðra brtt. n., er hún alveg óþörf. Hv. þm. benti á, að þeir nefndarmenn hefðu aðallega haft í huga, að því er mjer skildist, hreppa, þar sem landbúnaðurinn væri aðalatvinnugreinin, en þar sem væru þó einstaka bændur, sem stunduðu sjó jafnframt að litlu leyti. En brtt. hljóðar alls ekki upp á slíkt. Aftur á móti geta slíkir menn fengið lán samkvæmt 2. gr. bankalaganna, eins og hún er orðuð núna, eins og líka kemur ljóslega fram í greinargerð. Aftur á móti breytingartillagan þýðir að opna landbúnaðarbankann fyrir öllum bátaútgerðarmönnum utan kaupstaða. Jeg vil því enn einu sinni skora á hv. n. og einkum hv. 2. þm. Skagf., að þeir taki til athugunar, hvort þeir vilji ekki falla frá tillögunni.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg tel mjög vafasamt, hvort það frv., sem hæstv. atvmrh. hefir borið fram, er rjetta leiðin í þessu máli. Jeg teldi rjettara, að haldið væri þeirri leið, að sameiginlegur banki væri fyrir allar fasteignir. En það mátti reyndar búast við því af núverandi hæstv. stjórn, að frv. hennar yrði eitthvað á þessa leið, sem orðið er. Og jeg hugsa að í aðaldráttunum verði ekki hægt að þoka henni í þessu efni. En jeg vil minna á það, sem hv. þm. Ísaf. (HG) drap á við 1. umr., að það er óviðkunnanlegt, hvernig frv. býr til stofnun utan um sveitamenn, en tekur ekkert tillit til þeirra, sem stunda landbúnað næst kaupstöðunum. Eftir 2. gr. frv. ætti þó tilgangur þess að vera sá, að styðja að landbúnaði fyrst og fremst. En síðar í frv. sjer maður, að tilgangur þess er fyrst og fremst að styðja sveitamenn, en ekki landbúnað yfirleitt, hvort heldur sem eru í sveitum eða við sjóinn. Það hafa orðið okkur jafnaðarmönnum mikil vonbrigði, að hv. n. skyldi ekki taka til greina athugasemdir í þessa átt, sem fram komu við 1. umr.

Það hefir komið fram brtt. þess efnis, að gefa bátaútvegsmönnum aðgang að lánum úr bankanum. Eins og frv. er sniðið, er slíkt ekki samkvæmt eðli þess, en þegar alt stefnir að því að láta alla peningana til sveitanna, er ekki nema eðlilegt, að mönnum finnist smábátaútvegurinn vera settur hjá, og vilji styrkja hann á þann hátt sem hægt er. Ef stjórnin hugsar sjer ekki að opna neina aðra leið fyrir bátaútveginn, get jeg vel skilið, að þeim þm., sem eru málsvarar hans, finnist að framið sje ranglæti. En ef á að fara út á þá braut að láta nokkurt fje til bátaútvegarins, sje jeg ekki, að hægt sje að mæla á móti því, að verkamenn og sjómenn fái eitthvert lánsfje til ræktunar í nágrenni við kaupstaði og kauptún landsins, því að nær eðli þessa frumvarps er þó að veita lán til slíkrar ræktunar heldur en til útgerðar.

Eins og aðstaða okkar jafnaðarmanna er hjer í Nd., þar sem við eigum engan mann í landbn., býst jeg ekki við, að við flytjum brtt. hjer, en í Ed. er einn af flokksmönnum okkar í landbn. og mun flytja brtt. í þessa átt.

**Lárus Helgason:** Eins og nál. ber með sjer, er þar tekið fram, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) og jeg höfum óbundin atkvæði um 2. brtt. n. Jeg verð að segja, að eftir að hafa hlustað á umræðurnar, sje jeg ekki eftir því, að jeg batt mig ekki um þessa brtt. Mjer var að vísu frá upphafi ljóst, að ekki var eðlilegt að blanda saman sjávarútvegi og landbúnaði í þessu efni. Tilgangur frv. er eingöngu sá, að styðja að landbúnaði og stuðla að því, að þeir, sem hann stunda, geti fengið lán með betri kjörum en áður, þar sem það er vitanlegt, að lán til landbúnaðarins eru miklu hættuminni gagnvart lánsstofnununum. Mjer er ekki skiljanlegt, hvernig á þessu ofurkappi stendur hjá þeim, sem telja það svo mikla nauðsyn að koma smábátaútveginum inn í þessa stofnun. Það virðist vera miklu skynsamlegra að taka heldur þá leið, að vinna sjerstaklega að lánsstofnun handa smábátaútveginum, eins og byrjað er á af hálfu sjútvn. Það skal ekki standa á mjer

að greiða atkvæði með því. En mjer finst rjett að halda þessum tveim atvinnuvegum aðskildum, og býst jeg því við að greiða ekki atkvæði með 2. brtt., heldur halda mjer við tilgang frv.

Mjer finst óþarft að deila meira um þetta. Hæstv. atvmrh. bauð fram hönd sína hjer í hv. deild til þess að styðja að smábátaútveginum, og jeg er viss um, að rjett er og sjálfsagt af okkur öllum að taka saman höndum um það. En hvað þýðir að vera að blanda þessum tveim atvinnugreinum saman? Sjútvn. vill stofna vísi til þess að hlynna að smábátaútveginum. Hví ekki heldur að hafa þann vísi svo stóran, að ekki þurfi að seilast inn í landbúnaðarbankann?

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Sveinn Ólafsson:** Það fór framhjá mjer talsvert af ræðu háttv. frsm. landbn. (BSt), og heyrði jeg því ekki nema nokkurn hluta af rökstuðningi hans fyrir brtt. nefndarinnar. Við lestur frv. hefi jeg þó gert mjer grein fyrir brtt., og skal því leyfa mjer að minnast lítillega á þrjár þeirra, sem jeg er í vafa um, að sjeu til bóta. Tveimur af þeim hefir að vísu verið mótmælt af öðrum, en jeg hefi ekki tekið eftir, að hreyft hafi verið við þeirri þriðju í umr. Þessar brtt. n., sem jeg vildi minnast á, eru 1., 2. og 13. brtt. í nál. Fyrsta brtt. lýtur að nafninu á bankanum, og er mjer hún ekki að skapi; jeg sje mjer því ekki fært að fylgja þeirri brtt. Jeg get fremur felt mig við brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), á þskj. 258, um nafnið á bankanum. Þó má vel vera, að rjettara sje, að í nafni bankans á Norðurlandamálum felist bending um það, að ríkið beri ábyrgð á bankanum, eins og stjfrv. ber með sjer. Gæti það ef til vill veitt bankanum frekara láns- og viðskiftatraust erlendis, ef hann væri þektur undir slíku nafni. Till. n. um nafnið á bankanum treysti jeg mjer ekki til að fylgja. Jeg felli mig best við það eins og það er í stjfrv.

Um 2. brtt. er það að segja, að auk þess sem bankinn á eftir henni að veita lán til landbúnaðar, þá er samkv. brtt. ætlast til þess, að hann veiti einnig lán til smábátaútvegs. Mjer finst, að í raun og veru felist það í 2. gr. stjfrv. sjálfs óbreyttri, að útvegsmenn geti lána notið. Það spillir ekki og getur ekki spilt rjetti þeirra, sem reka landbúnað, til að fá lán úr bankanum, þótt þeir stundi útveg öðrum þræði eða eigi hlutdeild í útgerð. Auðvitað hefði mátt taka það fram í gr., að þeir bankar, sem stunda jöfnum höndum landbúnað og smábátaútveg, gætu notið þessara lána; þó virðist þess tæpast þörf. En mjer skilst, að ef brtt. n. verður samþykt, þá verði takmörkin alt of óljós á starfssviðum þeirrar lánsstofnunar, sem hjer er um rætt, og annara stofnana, sem sjerstaklega er ætlað að veita lán til bátaútvegsins. Mjer kemur ekki til hugar, að nokkur bóndi, sem rekur landbúnað og býr við sjávarströndina, geti ekki fengið og notað til bátaútvegs þann stuðning, sem

bankinn veitir vegna landbúnaðarframleiðslunnar. Jeg kysi því helst, að brtt. kæmi ekki til atkvæða nú, en yrði geymd til 3. umr. Virðist mjer, að vel megi orða hana betur, til þess að það komi ljósar fram, að þeir bændur, sem stunda bæði landbúnað og báta-útveg, eigi kost á lánum, án þess þó að teygja verksvið bankans út yfir gervallan bátaútveginn.

Þá kem jeg að 13. brtt. n., um að fella niður 39. gr. frv. Jeg álít rjett að láta ákvæði gr. um vaxtabrjef með happvinningum haldast í lögunum; jeg held, að það geti á engan veg spilt fyrir stofnuninni, þó að þetta tækifæri sje gefið til þess að draga meira fje að henni, en vænti, að það muni fremur bæta fyrir henni. Annars heyrði jeg ekki, hvað hv. frsm. sagði um þessa brtt., en jeg hefi það á tilfinningunni, að þetta ákvæði í lögunum bæti heldur fyrir stofnuninni.

Jeg gæti nú látið máli mínu lokið. En út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) leiddi nál. sjútvn. á þskj. 248 inn í umræðurnar, vil jeg taka það fram, að þó að n. í áliti sínu minni á stuðning þann, er útvegsbændur gætu fengið frá Landbúnaðarbankanum, þá var það aðeins hugsað þannig, að þeir myndu njóta þess vegna landbúnaðarframleiðslu þeirrar, sem þeir kynnu að hafa, þegar ekki væru starfsgreinarnar aðgreindar. En það var alls ekki hugsun n. að rugla reitum Landbúnaðarbankans saman við útveginn eða Fiskiveiðasjóð. Jeg þarf svo ekki fleira að segja og get látið hjer staðar numið. Hjer er um svo mikilsvert mál að ræða, að ekki má tefja för þess gegnum þingið með þrætum um smávægileg eða ómerk atriði.

**Pjetur Ottesen:** Jeg byrjaði á því í ræðu minni í gær í þessu máli að láta í ljós undrun mína yfir mótspyrnu hæstv. atvmrh. gegn því, að smábáta-útvegurinn fengi greitt úr þeirri þörf, sem hann hefir til rekstrarlána, í sambandi við Landbúnaðarbankann. Mig furðar mjög á þeirri mótspyrnu, sem tillögur landbn. mæta hjá hæstv. atvmrh. Og því meiri er undrun mín, þar eð hæstv. ráðh. notar hvert tækifæri til að láta í ljós samúð sína með smábátaútveginum og telur sig hafa hug á að greiða úr erfiðleikum hans og þörf. — En jeg verð því miður að líta svo á, og mjer virðist öll framkoma hæstv. ráðh. benda fullkomlega til þess, að hugur fylgi ekki máli hjá honum að því er þetta snertir. Og það er einmitt af því, að hann fór þannig að ráði sínu, er hann tók upp rekstrarlánafyrirkomulag það, er Íhaldsfl. bar fram á síðasta þingi, að fella burtu úr því lánveitingar til smábátaútvegsins.

Ef hæstv. ráðh. hefði haft verulegan áhuga fyrir þessu, og þó að honum hefði ekki þótt heppilegt að veita bátaútveginum úrlausn í sömu stofnun og landbúnaðinum, þá hefði hann átt að bera fram einhverjar tillögur til að greiða úr þörfum útvegsins. En eins og kunnugt er, þá hefir hann ekkert borið fram í þá átt.

Nú liggur þetta mál þannig fyrir frá mínu sjónarmiði, og líka frá sjónarmiði landbn., eða að minsta kosti meiri hl., að það verði langheppilegast leyst úr vandkvæðum þeirra, sem smábátaútveg stunda — en landbn. hefir skilgreint, hverjir teljist til þeirra — á þann hátt að gefa þeim kost á að mynda fjelags-

skap um rekstrarlánastofnun í sameiningu við landbændur. Jeg gerði fullkomlega grein fyrir þessu í gær og þarf ekki að endurtaka það nú, að smábátaútvegurinn og landbúskapurinn eru atvinnuvegir, sem víða eru svo nátengdir og samfljettaðir og styðja hvor annan, að frá því sjónarmiði getur ekkert verið á móti því að bæta hag þeirra í sameiningu.

Auk þess er það, að þegar litið er á framkvæmdahlið þessa máls, þá verður þetta langeðlilegast og heppilegast. Við skulum hugsa okkur hrepp, þar sem bæði er stundaður landbúnaður og bátaútvegur, — sumir stunda hvorntveggja, en aðrir annan atvinnuveginn —, hversu mikið hagkvæmnisatriði það er, að þessir menn geti fengið með einum og sama fjelagsskap greitt úr sínum þörfum með einni stofnun, í stað þess að þurfa að hafa tvenskonar fjelagsskap og þurfa að leita til tveggja eða fleiri stofnana. Það atriði liggur raunar ekki fyrir hjer, því að sá atbeini, sem gert er ráð fyrir í till. sjútvn., nær ekki svo langt, heldur aðeins til þess, að menn fái lán á þeim stöðum, þar sem banki er eða bankaútibú. Hvað snertir framkvæmdahlið málsins, þá er mikill aðstöðumunur fyrir þá, sem eru í afskektum hreppum og stunda landbúnað, að geta myndað rekstrarlánadeild heima hjá sjer, heldur en hina, sem bátaútveg stunda og verða að sækja til banka og útibúa þeirra. Eftir till. sjútvn. um aukningu á Fiskiveiðasjóðnum verða allir þeir, sem versta hafa afstöðu og eru fjærst peningastofnunum, algerlega útundan um þennan stuðning. Þeir standa ekki hóti betur að vígi fyrir þessar till., þó að samþ. verði, af því að þeir hafa enga aðstöðu til að tileinka sjer þessi lán.

Jeg veit, að sú stofnun stendur til bóta, en jeg býst við, að vöxtur hennar fari ekki það hröðum skrefum, að fljótt verði bætt úr lánaþörf bátaútvegsmanna á afskektum stöðum. Þó að það sje vitanlega meiningin með frv. sjútvn. að leggja grundvöll að lánsstofnun fyrir smábátaútveginn á nokkuð svipaðan hátt og gert hefir verið fyrir landbúnaðinn, þá má gera ráð fyrir, að þess verði nokkuð langt að bíða, að sú stofnun sje komin í fult horf. Þess vegna get jeg ekki sjeð, hvað er því til fyrirstöðu, að lands- og sjávarbændur eigi þess kost meðan verið er að fika sig fram á sjálfstæðan hátt, að geta myndað rekstrarlánafjelagsskap í sameiningu. Það hagar hjer um bil alstaðar svo til, að það myndi verða beinn eða óbeinn stuðningur fyrir ræktun landsins, ef smábátaútvegurinn er styrktur með lánum, og sýndi jeg ljóslega fram á það í gær.

Þá hefir hæstv. forsrh. borið fram tvær ástæður gegn þessu, að mjer skilst, og leiðrjettir hann, ef jeg fer ekki rjett með. Önnur er sú, að að nokkru leyti væri sjeð fyrir lánsstofnun bátaútvegsmanna með þessu frv. eins og það var flutt upphaflega. Raunar hjelt hann því ekki fram, að þetta væri gert beinlínis, en sagði, að þeir, sem að einhverju leyti stunduðu landbúnað, gætu verið með í þessum fjelagsskap, þótt þeir jafnframt gerðu út báta. Ákvæði frv. um þetta er ekki ljóst orðað, en skýrt tekið fram í grg. frv., að þeir, sem jöfnum höndum reka landbúnað og sjávarútveg, geti

raunar orðið aðnjótandi rekstrarlána samkv. frv., en aðeins til þess hluta atvinnurekstrarins, sem að landbúnaði lýtur. Og jeg býst við, að þar sem þessi hugsun liggur til grundvallar fyrir þessum ákvæðum frv., muni verða reistar skorður við því í reglugerðum, að fjeð yrði að nokkru notað í þarfir útvegsins. Mjer virðist því ekki hægt að byggja á, að þetta frv. eins og það er leiði til neinnar úrlausnar fyrir bátaútvegsmenn, þó þeir reki jafnframt landbúnað.

Hin ástæða hæstv. ráðh. var sú, að ef gengið væri inn á þessa braut, sem landbn. leggur til, þá myndi — eins og hann komst að orði — Landbúnaðarbankinn verða opnaður fyrir öllum smábátaútveg landsmanna. (**Forsrh.**: Utan kaupstaða). Alveg rjett. En jeg held, að annaðhvort hafi hæstv. atvmrh. ekki lesið þær till, sem fyrir liggja, eins og lesa ber slíkar till., eða hann er blátt áfram að tala á móti betri vitund. Það er ekki um nema tvent að ræða. Jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa upp ofurlítinn kafla úr nál. landbn. um frv. um sveitabanka, sem hljóðar um þetta efni. Auk þess sem í þessum ummælum kemur fram, hvaða takmarkanir nefndin gerir ráð fyrir að setja við því, hverjir bátaútvegsmenn fái aðgang að þessum rekstrarlánafjelögum, kemur líka fram áhersla á því, hve nátengdir þessir atvinnuvegir eru, smábátaútvegurinn og landbúnaðurinn. Um þetta segir svo:

„Smábátaútvegurinn er líka stundaður mest af þeim mönnum, er meira og minna stunda landbúnað jafnframt. Þeir hafa útveginn sjer til styrktar og stunda hann mikið eftir því, hvernig í ári lætur með gæftir og fiskigöngur. Þessum mönnum er því flestum engu auðveldara að afla sjer rekstrarlána en þeim bændum, er landbúnað stunda eingöngu. En þeir þurfa auðvitað fjármuna við til sinna starfa. Nú hefir smábátaútvegurinn oft og einatt verið landbúnaðinum til hins mesta gagns, og hann er því víða svo samfljettaður búnaðarstarfseminni, að þar verður ekki sundur greint. Margir bændur gætu því fengið sjer rekstrarlán og notað þau í þágu smábátaútvegsins. Fyrir þessa sök þykir nefndinni betur fara og miklu hreinna“ — Vil jeg sjerstaklega vekja athygli hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þessu. Hann talaði um óskýrar takmarkanir í þessu sambandi. — „að heimilað sje að lána fje í þessu skyni, en þess sje stranglega gætt, að ekki sje lánað nema 4 þús. kr. á hvern bát í mesta lagi, þó að margir sjeu bátseigendur“.

Svo kemur ennþá eitt, sem dregur mikið úr, hve víðtæk þessi notkun á lánsfjenu getur orðið:

„Lán veitist aðeins þeim, sem enga fiskverslun stunda, og eingöngu til þeirra báta, er hafnar leita úr hverjum róðri og hiklaust teljast því smábátar“.

Jeg held nú, að skilgreining milli smærri og stærri báta sje orðin nokkurn veginn föst í meðvitund manna, nefnilega að kalla þá báta smábáta, sem eru 12 smál. og þar undir. Þetta er orðin nokkurnveginn föst venja bæði í hagskýrslum og í löggjöfinni.

Það er því ekki nema tiltölulega lítið af bátaútveginum, sem mundi koma undir þetta, en þó engan veginn svo lítið, að það bæti ekki úr nokkurri

þörf. Og það mundi ekki síður styðja að því að efla landbúnaðinn, eins og jeg hefi lært rök fyrir áður. Enda segir n. um áhættuna, sem af þessu gæti stafað:

„Ef varfærni er gætt, eiga þessi lán að vera hættulaus eins og önnur rekstrarlán". En þetta: „ef varfærni er gætt", það gildir vitanlega um rekstrarlán yfir höfuð.

Þetta mál, um úrlausn á lánsþörf bátaútvegsmanna, horfir því þannig við, að þó tillögur sjútvn. um aukningu Fiskiveiðasjóðsins verði samþ., þá fá þeir, sem erfiðasta eiga aðstöðuna, enga úrlausn samkvæmt þeim að svo stöddu, eins og jeg hefi áður lýst, en ef umræddar tillögur landbúnaðarnefndar verða samþ., þá er jafnframt bætt úr þörf þessara manna, og það á mjög hagkvæman hátt.

Þá vænti jeg, að menn muni við nánari athugun málsins geta orðið sammála um það, að það sje ekki verið með þessu að brjóta neitt í bága við þá stefnu, sem hjer kemur fram í frv. um landbúnaðarbanka og jeg viðurkenni alveg rjettmæta, nefnilega að koma upp sjerstakri stofnun fyrir landbúnaðinn. Jeg sje ekki, að það komi nokkurn skapaðan hlut í bága við þá stefnu, þó að þeim mönnum utan kaupstaða, sem stunda bátaútveg, sje gefinn kostur á að afla sjer rekstrarlána í fjelagi við landbændur. Það má gera ráð fyrir — og telja þessu máli til stuðnings —, að slík rekstrarlánafjelög kæmust upp á fleiri stöðum en ella, ef smábátaútvegsmenn, hvort sem þeir stunda landbúnað meðfram eða sjávarútveg eingöngu, ættu kost á að mynda fjelagsskap með landbændum. Jeg býst við, að því fleiri sem væru í hverju hreppsfjelagi til að mynda slíkan fjelagsskap, mundi það ganga greiðar fyrir sig. Enda gæti sumstaðar staðið svo á, að þeir, sem stunda bátaútveg, væru tryggari fjárhagslega. Gæti þá einmitt oltið á þessu, hvort fjelagsskapur yrði stofnaður eða ekki á sumum stöðum. Þarna hnígur ein stoð undir það, að rjett sje að greiða úr lánaþörf lands- og sjávarbænda á einn og sama hátt, að minsta kosti þangað til komin er upp svo öflug stofnun fyrir þá, sem bátaútveg stunda, að hún gæti staðið jafnfætis við þá stofnun, sem nú á að setja upp fyrir landbúnaðinn.

Mjer virtist hæstv. atvmrh. hneykslast á því, sem kemur fram í þessum till., að bátaútvegurinn í kaupstöðum skuli útilokaður. Og hann vildi kalla þetta mínar till. Svo er nú alls ekki, heldur till. landbúnaðarnefndar, þó að það sje hinsvegar rjett, að jeg hafi vakið athygli nefndarinnar á því, að nauðsynlegt væri og jafnframt hagkvæmt að gefa bátaútvegsmönnum kost á því að geta fengið rekstrarlán í fjelagi við landbændur. Hæstv. ráðh. vildi fullkomlega gefa í skyn, að jeg hefði hjer aðallega Akranes fyrir augum og sjóndeildarhringur minn næði þar skamt út fyrir. Jeg þarf ekki að verja þetta fyrirkomulag, af því að jeg eigi það, en hinsvegar er jeg sammála hv. landbn., að rjett sje að gera þennan mismun. Í kaupstöðunum hjer um bil öllum er annaðhvort banki eða bankaútibú, sem þessir bátaútvegsmenn geta snúið sjer til og fengið þar greitt úr sínum nauðsynjum. Það getur þess vegna ekki dulist neinum heilskygnum manni, hver aðstöðumunur er fyrir bátaútvegsmenn á þessum

stöðum eða þá, sem afskektir eru og fjarri öllum lánsstofnunum. Þessi aðstöðumunur rjettlætir því fullkomlega þær takmarkanir, sem landbn. setur í þessu efni, og er því með öllu ástæðulaust að vera að tala hjer um nokkra hreppapólitík.

Ennfremur var hæstv. ráðh. að tala um það, að jeg hefði sagt, að í till. sjútvn. væri engin úrlausn, og hin eina úrlausn, sem jeg kæmi auga á í þessu efni, væri sú, sem fælist í till. landbn. Þetta sagði jeg alls ekki, en hitt sagði jeg, að þetta væri ekki úrlausn nema á takmörkuðu svæði, en till. landbn. bættu þar um, því að þær leystu vandann á þeim stöðum, sem till. sjútvn. næðu ekki til.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. S.-M. Hann lagðist á móti þeirri breytingu, sem landbn. lagði til að gera. (**Einhver:** Meiri hl. er rjettara að orða það). Það hafa ekki komið fram tvö nál., heldur hefir verið lýst ágreiningi tveggja manna. Annar þeirra hefir lýst yfir, að hann ætli að ganga á móti n., en hv. frsm, hefir ekki lýst yfir því. (**Forsrh:** Því er lýst yfir í nál.). Já, að þeir hafi óbundnar hendur, en það þýðir hinsvegar ekki, að n. hafi klofnað, svo að það gefi tilefni til að tala um meiri og minni hl.

Jeg hafði lagt þá meiningu í þau orð, sem jeg tilfærði úr nál. sjútvn., að nefndin benti til þess, þar sem hún talar um, að till. geti orðið styrkur fyrir bátaútveginn, að því leyti, sem till. hennar næðu skamt í þessu efni, þá bættu till. landbn. úr. Jeg hafði lagt þennan skilning í nál. sjútvn. af því, að nál. landbn., sem gerir ráð fyrir þessum stuðningi fyrir bátaútveginn, er útbýtt hjer í deildinni fullri viku áður en nál. sjútvn. var útbýtt. Enda get jeg ekki lesið úr þessum tilfærðu ummælum sjútvn. annað en það, að hún miði einmitt við þessar till. Jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þetta atriði. Það hljóðar svo:

„Fiskiveiðasjóður verður að vísu eftir tillögum vorum miklu smáskornari en æskilegt hefði verið. Þó teljum vjer, að bátaútveginum einum geti orðið að honum mikill styrkur, ef vel er á haldið, einkum ef fyrirhugaðir sveitabankar störfuðu samtímis og styddu jafnhliða útveg bænda þeirra, er á ströndunum búa".

Það er ekki annað hægt að lesa út úr þessu en að gengið sje út frá, að jafnframt því, sem bændur eigi að fá rekstrarlán þarna, eigi bátaútvegsmenn að fá rekstrarlán beint til bátaútvegsins. Og þegar þess er gætt, að till. landbn. voru áður fram komnar, þá sje jeg ekki, að mögulegt sje að leggja aðra merkingu í þessi orð. Jeg hefi talað við fleiri menn úr sjútvn., og þeir sögðu, að þetta hefði verið sinn skilningur á þessu atriði. Og jeg vænti þess, að ef hv. 1. þm. S.-M. ætlar að halda því gagnstæða fram, þá komi raddir fram frá einhverjum öðrum sjútvn.manna, sem færi sönnur á, að minn skilningur á þessu atriði sje rjettur. Enda liggur það í hlutarins eðli, að þetta hlýtur að vera svona, því það kemur greinilega fram í nál., að tillögur n. ná harla skamt og koma ekki að notum fyrst um sinn nema fyrir menn á takmörkuðu svæði. Það er þess vegna nauðsynlegt að samþ. tillögur landbn., því með því móti fá bátaútvegsmenn alment nokkra úr-

lausn sinna mála. Vænti jeg þess, að hv. deildarmenn geti orðið sammála um það, að veita bátaútvegsmönnum aðgang að rekstrarlánum í fjelagi við landbændur, þangað til Fiskiveiðasjóðnum hefir vaxið svo fiskur um hrygg, að hann sje orðinn þess megnugur að fullnægja lánsþörf útvegsmanna.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hefi litlu við að bæta út af því, er hv. þm. Borgf. sagði. Bæði er það, að það, sem hann sagði nú, er að mestu leyti það sama og í gær, aðeins nánar útfært, og hinsvegar er hann nú miklu hóflegri í orðum sínum. Jeg sje því ekki ástæðu til þess að fara út í neinar deilur núna, en vil vona, að andi sá, er var ríkjandi í ræðu hv. þm., bendi til þess, að við getum skilið vandræðalaust í þessu máli, hver svo sem úrslit þess verða.

Það, sem jeg nú vil sjerstaklega taka fram, er viðvíkjandi því, að hv. þm. Borgf. gaf það ótvírætt í skyn, að hann tortrygði þau ummæli mín, að jeg mundi á annan hátt beita mjer fyrir því, að gerðar yrðu ráðstafanir, smábátaútveginum til hjálpar, sem mundu verða honum ekki síður gagnlegar en þó starfssvið Landbúnaðarbankans væri látið ná út yfir hann (smábátaútveginn). Þessa tortrygni sína rökstuddi hann með því, að jeg hefði ekki borið fram tillögur í þessa átt nú, heldur aðeins frv. um Landbúnaðarbankann. Þetta er að vísu rjett. En ef hann ætlar að tortryggja mig um þetta, þá verður og tortrygni hans að ná til fyrirrennara minna í þessu sæti. Jeg hygg, að þar hafi setið ýmsir þeir, er hv. þm. vill ógjarnan tortryggja. En þeir hafa ekki heldur borið fram slíkar tillögur. En jeg get gjarnan endurtekið það, að jeg mun beita mjer fyrir því, að undirbúin verði fyrir næsta þing löggjöf, er leysi úr þessu vandamáli smábátaútvegsins, og það á þann hátt, að sem best gagn geti orðið að því. Vitanlega get jeg þrátt fyrir það engu um það ráðið, hvort hv. þm. heldur áfram að tortryggja mig; úr því verður framtíðin að skera, hvort ástæða hafi verið til þess. En jeg vil þó biðja hv. þm. að benda á eitthvað það, er jeg hafi lofað og ekki staðið við, að svo miklu leyti sem mjer var mögulegt.

Jeg skal ekki fara frekar út í það, hvers vegna jeg legg sjerstaka áherslu á það, að bændur hafi þessa lánsstofnun algerlega út af fyrir sig. Það hefir áður verið tekið skýrt fram í grg. frv. Svo hefir það og komið skýrt fram í nál. landbn., og auk þess hefir hv. þm. Borgf. sjálfur sagt, að það væri nauðsynlegt fyrir bændur að hafa þessa stofnun einungis fyrir sig.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á eitt atriði, en það eru takmarkanir þær, er áttu að felast í till. landbn. um lán til smábátaútgerðarinnar. Jeg veit nú, þó jeg vissi það ekki í gær, hverjar þær eru. Þá var nefnilega ekki búið að útbýta neinni till. um þetta. Að vísu er rjett aðeins minst á þetta í nál. landbn., en þar var engin till. um þetta. Þetta mun þó ekki vera nefndinni að kenna, heldur stafar það af mistökum í prentsmiðjunni. Hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. mega því ekki undrast, þó jeg spyrði, hvar

þessi takmörkunartill. væri. Henni var fyrst útbýtt núna meðan hv. þm. Borgf. var að tala.

Þá vil jeg geta þess í sambandi við það, er hv. þm. Borgf. sagði, að jeg hefði tekið upp í frv. rekstrarlánahugmynd íhaldsmanna frá í fyrra, að það er langt frá því, að svo sje. Það getur vel verið, að hv. þm. sje þeirrar skoðunar. En jeg veit miklu betur um það en hann og get fullvissað hann um það, að jeg þarf ekki að leita til íhaldsins um hugmyndir, er jeg þarf og vil gera till. til eflingar og endurreisnar landbúnaðinum. Og það er mesti misskilningur hjá háttv. þm. Borgf., ef hann heldur, að íhaldið eigi hugmyndina um sveitabankana. Jeg get frætt hann á því, að hún er til orðin í Þýskalandi fyrir mörgum árum og hefir lengi verið „praktiseruð" þar. Og það er langt síðan jeg kynti mjer hana fyrst. Það var löngu áður en flokksbræður hans báru fram frv. sitt í fyrra. Það væri freistandi að fara nokkrum orðum um það, er hv. þm. Borgf. sagði, að landbúnaðurinn bygðist á sjávarútveginum. Jeg vil þó ekki verða til þess að vekja deilur um þetta, en læt mjer nægja að mótmæla því algerlega, að landbúnaðurinn sje eða eigi að vera aftaníhnýtingur sjávarútvegsins.

Þá voru það nokkur orð, sem jeg vildi segja viðvíkjandi orðum hv. 2. þm. Reykv. (HV). Hann sagði, að nauðsynlegt væri að breyta frv. svo, að það tæki líka til bænda í kaupstöðum. Jeg skal játa, að þetta væri mjög æskilegt. En eins og nú er eiga lögin eingöngu að ná til þeirra, er hafa búskap að aðalatvinnuvegi. Það skal og viðurkent, að rjettmætara væri, að þetta fje, sem bændum er ætlað, rynni að einhverju leyti til þeirra manna í kaupstöðunum, sem búskap stunda að einhverju leyti, heldur en til þeirra, er bátaútveg stunda eingöngu.

Annars er í 22. gr. fjárlaganna heimild til þess að veita lán til jarðræktar og húsabóta. Hafa í minni ráðherratíð komið nokkrar slíkar umsóknir og allar fengið áheyrn. Og ef viðlagasjóður gengur yfir í Búnaðarbankann, þá er sjálfsagt að sjá um, að þessar lánveitingar falli ekki niður, heldur ættu þær miklu fremur að aukast.

**Jón Sigurðsson:** Þegar hæstv. fors.- og atvmrh. svaraði mjer í gær, lýsti hann því, að hann liti svo á, að 2. gr. frv. næði til allra, er landbúnað stunda að einhverju leyti, svo að þeir gætu notið þeirra hlunninda, er felast í þessu frv., ef að lögum verður, og þá sjerstaklega að því leyti er rekstrarlánin snertir. Jeg verð nú að játa, að jeg hefði ekki þorað að leggja svona víðtækan skilning í greinina. En fyrst þessi er skoðun hæstv. forsrh., þá vil jeg skora á hann að halda fast við þessa skoðun sína í framtíðinni, því ef svo fer, að brtt. n. við þessa gr. verður feld, þá er jeg þó miklu ánægðari, ef þessi skilningur er lagður í greinina. Hinsvegar efast jeg um það, að hæstv. forsrh. hafi athugað það vel, hve víðtæk gr. verður með þessum skilningi, því undir landbúnaðarframleiðslu í víðtækasta skilningi hlýtur að falla fjöldi manna í kaupstöðum og utan við þá, er ekki hafa nema lítilfjörlega grasnyt.

Að öllu þessu athuguðu er mjer það

næstum því óskiljanlegt, að hæstv. forsrh. skuli gera að eins miklu kappsmáli að fella tillögu nefndarinnar og hann virtist gera í gær. Mjer fyrir mitt leyti finst nú, eftir skýringum hæstv. forsrh., orðið svo skamt á milli, að mögulegt mundi að brúa djúpið og finna millileið, er báðir mættu vel við una. Annars er það ekki ætlun mín að taka aftur till. n., heldur mun jeg fylgja henni fast fram. En ef svo fer, að hún verður feld, þá vil jeg endurtaka þá áskorun mína til hæstv. ráðh. um það að halda fast fram áður yfirlýstum skilningi.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil aðeins geta þess, að yfirlýsing sú, er jeg gaf í gær, var í beinu áframhaldi af dæmi því, er hv. 2. þm. Skagf. tók þá, eftir því sem jeg skildi það. Annars skal jeg ekki fara frekar út í þetta, en skal geta þess, að jeg er ávalt reiðubúinn til þess að tala um nýjar leiðir í þessu máli við hv. þm., ef líkur eru til, að þær megi leiða til betra samkomulags.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Hæstv. forsrh. spurði að því í gær, hvort það mætti skilja svo, að landbn. tæki aftur til 3. umr. brtt. sína viðvíkjandi nafni bankans. Nefndin hefir nú athugað þetta og orðið ásátt um það að taka þessa brtt. sína aftur, en felst hinsvegar á brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef) um þetta atriði, þar sem nefndinni finst nafnið heppilegra samkv. hans till.

Það kom til orða í gær, að hv. 1. þm. N.-M. tæki hinar till. sínar aftur til 3. umr., en þar sem atkvgr. var frestað, þá hefir nefndin fengið tækifæri til þess að athuga brtt. hans og óskar því ekki, að hann taki þær aftur til 3. umr. Hinsvegar getur nefndin á hvoruga till. hans fallist.

2. brtt. hv. þm. fellir niður heimild þá í 4. gr., að bankinn geti tekið lán erlendis gegn tryggingu í sjálfs sín eignum án þess að hafa til þess sjerstaka lagaheimild í hvert sinn. Nefndin lítur svo á, að ef þetta yrði samþ., þá væri með því þrengt um of að bankanum, og getur hún ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess. Sje líka tekið tillit til þess rjettar, er Landsbankinn hefir í þessu atriði, hefði Búnaðarbankinn minni rjett, og verður ekki bent á neitt, er rjettlæti það.

Samkv. 3. brtt. sama hv. þm. er ætlast til þess, að samþykki Alþingis þurfi til í hvert skifti sem lán er tekið samkv. 11. gr. En nú er í 11. gr. ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina, er ekki má fara fram úr ákveðinni upphæð, sem sje 3 milj. kr. Hefði nú þessi ábyrgðarheimild verið óákveðin, hefði verið öðru máli að gegna. En þar sem talað er um ákveðna upphæð og þingið hefir í eitt skifti fyrir öll kveðið á um það, hve há hún skuli vera, þá væri það harla undarlegt, ef leita þyrfti lagaheimildar til að nota heimild þá, er áður er samþ.

Hæstv. forsrh. vjek nokkuð að till. nefndarinnar viðvíkjandi stofnfje veðdeildarinnar. Sama gerði og hv. 2. þm. Skagf. En ef hæstv. forsrh. og aðrir hv. þm. hafa skilið till. nefndarinnar svo, að hún væri mótfallin því, að veðdeildin fengi að stofnfje þessar 2

milj., þá er það hinn mesti misskilningur. Ástæðan til brtt. nefndarinnar var sú, að henni þótti ekki rjett að taka kirkjujarðasjóðinn og skella honum inn í veðdeildina, heldur vildi hún láta hann halda áfram að starfa sem sjerstakan sjóð. Nefndin hafði svo ekki aðra peninga til að benda á í stað kirkjujarðasjóðsins, því henni fanst ekki rjett að krefjast beinna framlaga úr ríkissjóði. Enn má benda á það, að með þessari breytingu verður að taka meira af skuldabrjefum viðlagasjóðs í veðdeildina en upphaflega var ætlast til, en þar sem kirkjujarðasjóður verður hvort sem er ávaxtaður í veðdeildinni, tel jeg, að þessi breyting sje meira í orði en á borði.

Mjer virtist svo sem hæstv. forsrh. væri mjer sammála um það, að hvað snerti brjefasölu deildarinnar væri engin hætta á ferðum í bráðina. En svo spurðist hann fyrir um það, hvort jeg vildi ábyrgjast, að svo yrði einnig í framtíðinni. Vitanlega vil jeg ekkert ábyrgjast um það. Jeg geri ekkert lítið úr þeirri hættu, er nefnd hefir verið og landbúnaðinum gæti stafað af breyttri kjördæmaskipun. En ef þeir menn komast til valda í þessu landi, er vilja níða niður landbúnaðinn og draga úr honum, þá fæ jeg ekki skilið, að við getum á neinn hátt hindrað aðgerðir þeirra með því að setja kirkjujarðasjóðinn í stofnfje veðdeildar bankans, því ef svo fer, sem jeg vona þó að ekki verði, að slíkir menn komist til valda, þá mundu þeir hafa nóg ráð til að breyta til, hversu rammbyggilega sem um þetta væri búið.

Í þessu sambandi má benda á það, að ekki eru líkur til þess, að veðdeildin þurfi á meiri brjefasölu að halda en gert er ráð fyrir í till. nefndarinnar.

Mjer fanst anda heldur kalt til þessa máls frá hv. 2. þm. Reykv. (HV). Hafði jeg hugsað mjer að svara honum nokkru, en hæstv. forsrh. hefir tekið af mjer ómakið að mestu leyti. Ræða hv. þm. gaf að ýmsu leyti tilefni til þess, að farið yrði út í gamla matninginn milli kaupstaða og sveita. Jeg mun þó sleppa því að þessu sinni, en get þó ekki annað en bent á, að það liggja fyrir staðreyndir, er taka af öll tvímæli um það, að þrátt fyrir stuðning þann, er ríkið hefir veitt sveitunum, er það þó víst, að fólksstraumurinn til kaupstaðanna úr sveitunum hefir aldrei verið meiri en nú. Og hvers vegna er það? Til þess liggja eflaust margar ástæður, en mestu mun þar valda sú ástæða, að fólkinu a. m. k. finst, að atvinnuskilyrðin sjeu betri í kaupstöðunum. Af hverju stafar það svo? Jú, það er af því, að fjármagn það, er þjóðin hefir yfir að ráða, hefir meira runnið til sjávarins en sveitanna. En vitanlega leitar hinn vinnandi lýður helst þangað, sem fjárvonin er mest.

Hv. 2. þm. Reykv. þóttist vita til þess, að lán til bænda væru altaf látin sitja fyrir í veðdeild Landsbankans. Það má vel vera, að bankastjórar Landsbankans hafi gert sjer far um það, en jeg vil benda hv. þm. á, hve mikill aðstöðumunur er á því fyrir menn utan af landi og þá, sem t. d. búa hjer í Reykjavík, að notfæra sjer þetta. Í þessu sambandi var hv. þm. að tala um sem æskilega

leið í þessu efni að hafa sameiginlegan fasteignabanka fyrir sveitirnir og kaupstaðina, eins og gert er ráð fyrir í ríkisveðbankalögunum. Út í umr. um þetta ætla jeg alls ekki að fara nú, en þó má benda á aðstöðumuninn á milli þessara tveggja aðilja, því einmitt hans vegna er alment litið svo á af sveitamönnum, að sveitirnar þurfi að hafa sína sjerstöku lánsstofnun.

Það, sem jeg hefi lagt til þessa máls hingað til, hefi jeg gert fyrir hönd nefndarinnar, og hefi jeg því talið mjer skylt að nefna einnig þær ástæður, sem helst mæla með 2. brtt. n. á þskj. 228. En eins og stendur í nál. hafa tveir nefndarmennirnir áskilið sjer óbundin atkvæði um þessa brtt., og er jeg annar þeirra. Vil jeg því að lokum geta um afstöðu mína til þessa atriðis. Eins og jeg hefi áður tekið fram, álít jeg að hæstv. forsrh. hafi gert fullmikið úr þeirri hættu, sem stafa myndi af því að samþykkja þessa brtt., þ. e. a. s. ef trygging væri fyrir því, að ekki yrði gengið lengra út á þessa braut en till. ætlast til. En það er einmitt það, sem jeg er ekki óhræddur um, að ef gengið er inn á þessa braut með ákvæðum í bankalögunum sjálfum, þá geti farið svo, að kröfurnar fari vaxandi í framtíðinni, og þá ekki að vita, hvar staðar nemur. Og þar sem bankastofnun þessi er einungis ætluð fyrir þá, er landbúnað stunda, finst mjer það „princip"brot, að þeir, er eigi stunda landbúnað, geti fengið lán í bankanum til bátaútvegs. Hefi jeg því ásamt öðrum meðnefndarmanni mínum áskilið mjer óbundið atkv. um till. þessa. Hinsvegar er langt frá því, að jeg sje á móti því, að bændur, sem smábátaútveg stunda jafnframt búskapnum, geti fengið lán úr Landbúnaðarbankanum til útvegs síns, en til þess að það megi verða, þarf enga breytingu á 2. gr. frv. En verði till. meiri hl. n. samþ., þá er ekkert því til fyrirstöðu, að útgerðarmenn, sem engan landbúnað stunda, geti stofnað lánsfjelög og fengið rekstrarfje í Landbúnaðarbankanum. Geta þannig orðið til heil lánsfjelög, þar sem enginn fjelagsmanna stundar landbúnað, en þá er komið of langt út af þeirri braut, sem frv. er ætlað að marka.

Jeg get tekið undir það með hv. 1. þm. S.-M., að best væri að þessi umþráttaða brtt. kæmi ekki til atkv. nú, heldur verði atkvgr. um hana frestað til 3. umr., því að jeg fyrir mitt leyti gæti vel hugsað mjer miðlunarleið í þessu máli, og væri æskilegra, að samkomulag gæti fengist.

Í ræðu sinni áðan dró hv. þm. Borgf. það mjög í efa, að skýring hæstv. forsrh. á 2. gr. frv. væri rjett, að bændur gætu samkv. henni fengið lán úr bankanum til smábátaútvegs, og virtist hann byggja þann efa sinn á grg. frv. Það er nú ekkert vafamál, að samkv. grg. hefir höfundur frv. lagt þennan sama skilning í greinina. En þegar yfirlýsing um annan skilning á greininni kemur fram á Alþingi án þess að honum sje mótmælt, hefir grg. ekkert lagalegt gildi. Það yrði undir hverju einstöku lánsfjelagi komið, hve miklu það vildi verja af rekstrarláni sínu til smábátaútvegsins.

Það er alls ekki ætlun þeirra, sem mæla gegn þessari till. n., að útiloka það, að þeir bændur, sem landbúnað stunda jafnframt smábátaútvegi, geti

varið rekstrarláni því, sem þeir kynnu að fá, að einhverju leyti til útgerðarinnar.

**Jóhann Jósefsson:** Jeg vil láta ánægju mína í ljós yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. atvmrh., að hann væri fús til þess að stuðla að því, að lánað yrði fje úr landbúnaðarbankanum til ræktunar í kaupstöðum, ef viðlagasjóðurinn gengi inn í bankann. Hæstv. ráðh. hefir því með þessari yfirlýsingu sýnt fullan skilning á þessu velferðarmáli kaupstaðanna. Það er vitanlegt, að eftir því sem kaupstaðirnir stækka, er meiri ástæða til fyrir löggjafarvaldið að vinna að því að gera lífsskilyrðin þar sem allra best. En við því verður ekki spornað, að fólkið flytjist þangað, sem það telur, að sjer muni líða best.

Þá mintist hæstv. ráðh. á fjárveitingu þá, sem er í fjárlögunum og lána má til ræktunar í kaupstöðum. Eins og kunnugt er, er fjárveiting þessi af mjög skornum skamti, þar sem hún fer ekki fram úr 10 þús. kr. En eigi að síður hefir hún orðið töluverð lyftistöng til ræktunar meðal þurrabúðarmanna í kaupstöðum. En sökum þess, hve eftirspurnin eftir þessu fje hefir verið mikil síðustu árin, hefir stjórnin neyðst til þess að lækka lánin til hvers einstaklings úr 800 kr. niður í 500 kr. Þessi litla fjárveiting er með öllu ófullnægjandi til þess að fullnægja þörfum og kröfum kaupstaðanna í þessum efnum í framtíðinni. Vil jeg því taka undir það með hv. 2. þm. Reykv. (HV), að það sje eðlilegast og sanngjarnast, að þeir kaupstaðarbúar, sem ræktun stunda, fái stuðning hjá þeirri sömu stofnun, sem ætlað er að styðja ræktun landsins yfirleitt.

Hv. form. sjútvn. (SvÓ) fann sig knúðan til að gefa skýringu á orðalaginu á áliti sjútvn. um frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands. Jeg skal ekki þreyta hv. deild á því að lesa upp kafla úr þessu umrædda áliti meiri hl. sjútvn. á þskj. 248, enda gerist þess ekki þörf, þar sem hv. þm. Borgf. gerði það áðan og benti jafnframt á, að eftir orðalagi þess væri ómögulegt að sjá annað en að fyrir meiri hl. hefði vakað, að sveitabönkunum væri beinlínis ætlað það hlutverk að styrkja bátaútveginn utan kaupstaða. En hv. form. sjútvn. skýrði það svo, að fyrir meiri hl. n. hefði vakað það eitt, að bændur þeir, sem við ströndina byggju, myndu njóta óbeins stuðnings til útvegsins gegnum lán, sem þeir fengju til ræktunar. Jeg get nú ekki annað en látið í ljós, að hugsun mín var ekki hin sama í þessu efni og form. telur að hafi vakað fyrir meiri hl. n. Þvert á móti leit jeg svo á, að sveitabankarnir ættu að styrkja smábátaútveginn utan kaupstaða, ekki aðeins óbeinlínis gegnum önnur lán, *heldur beinlínis með lánum,* og með þeirri hugsun skrifaði jeg undir nál. á þskj. 248, Eftir skýringu sína á nál. meiri hl. sjútvn. um Fiskiveiðasjóðsfrv. komst hv. form. að þeirri niðurstöðu, að 2. brtt. hv. landbn. á þskj. 228 væri óþörf, af því að frvgr. talaði nógu skýru máli. En jeg fyrir mitt leyti verð algerlega að mótmæla því. Jeg tel frvgr. alls ekki kveða nógu skýrt á um þetta, og er í því efni alveg á sömu skoðun og hv. þm. Borgf. Aftur á móti er brtt. landbn. skýr og ákveðin í þessu efni, og tel

jeg því sjálfsagt, að hún verði samþ. Jeg verð að segja það, að jeg fæ alls ekki skilið, hvers vegna hv. form. sjútvn. getur ekki aðhylst þá brtt., sem tekur af öll tvímæli, þar sem öll ræða hans virtist hníga að því, að sjávarbændur jafnt sem sveitabændur ættu að njóta stuðnings Landbúnaðarbankans.

Eins og jeg tók fram áðan, sló hv. form. sjútvn. því föstu, að óþarft væri að samþ. 2. brtt. landbn., af því að 2. gr. frv. fæli í sjer þá hugsun, sem brtt. ætti að túlka. Og hv. frsm. landbúnaðarnefndar (BSt) lýsti yfir því, að það væri langt frá, að hann væri því mótfallinn, að smábátaútvegsmenn utan kaupstaða fengju lán í hinum fyrirhugaða Landbúnaðarbanka, enda þótt hann teldi það „princip"brot að taka lánveitingar til bátaútvegsins beinlínis inn undir starfssvið bankans. Þegar nú þessir tveir hv. þm. eru báðir á þeirri skoðun, að það í raun og veru sje það rjetta, að þeir bændur, sem við ströndina búa, eigi að fá stuðning Landbúnaðarbankans bæði til útvegs og ræktunar, virðist mjer ekki nema eðlilegt, að þeir fjellust báðir á till. landbn. En úr því nú að svo er, að þeir geta ekki felt sig við orðalag hennar, vildi jeg taka undir þau tilmæli háttv. frsm. landbúnaðarnefndar, að hún verði ekki látin koma undir atkv. nú, heldur geymd til 3. umr., svo n. gefist tækifæri til að taka hana til athugunar á ný, og geti þá jafnframt orðað hana betur, svo að báðir þessir hv. þm. geti við hana unað.

Það var alveg rjett, sem hv. þm. Borgf. tók fram, að till. meiri hl. sjútvn. á þskj. 248 ná skamt til þess að styrkja smábátaútveginn. En það, sem fyrir meiri hl. vakti, þegar hann stilti kröfum sínum svona mjög í hóf í þessu efni, var það, að hann taldi, að landbn. *hefði gert ráðstafanir til þess*, að þeir smábátaútvegsmenn, sem við ströndina búa, gætu notið stuðnings Landbúnaðarbankans til útvegs síns jafnframt jarðræktinni.

**Gunnar Sigurðsson:** Mjer hefir komið það allkynlega fyrir sjónir, að undir þessum löngu umr. um þetta mál skuli ekki hafa verið minst einu orði á aðalgrundvöllinn, sem það byggist á, sem sje sölu verðbrjefanna. Afkoma bankans hlýtur að verða allmikið komin undir því, hvernig sú sala gengur. Jeg er í engum vafa um, að með tímanum tekst að selja þau erlendis, en til þess að gera það auðveldara, er miklu hentugra að hafa öll veðdeildarbrjefin í sama banka. Jeg teldi æskilegast, að landbúnaðarbankinn hefði alla veðdeildarstarfsemi, enda væri slíkt til hagræðis fyrir Landsbanka Íslands, þar sem störf hans eru ávalt að aukast. Ef það virtist nú ekki tiltækilegt að láta þennan nýja banka hafa alla veðdeildina, vildi jeg heldur, að Landsbankinn hefði hana alla áfram heldur en farið væri að skifta henni, því að með því teldi jeg sennilegt, að hann gæti komist í samband með sölu brjefanna t. d. við kauphöllina í Kaupmannahöfn, og jafnvel í sambönd við kauphöllina í New-York. Á þetta atriði vildi jeg leggja mikla áherslu, því að þar sem um jafnlítið þekta þjóð er að ræða eins og íslensku þjóðina, er miklu hægara að selja brjefin, ef þau eru frá einni stofnun.

Út af þessu vildi jeg gera þá fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort honum fyndist ekki tiltækilegt að taka alla veðdeildina og láta þennan nýja banka hafa hana, til þess að gera brjefin auðseldari.

Þá vil jeg lítillega minnast á brtt. n. við 45. gr. frv. Jeg er henni mótfallinn, því að jeg lít svo á, að gr. þurfi engra breytinga við. Jeg fæ nefnil. ekki betur sjeð en að gengið sje fullkomlega tryggilega frá, þegar um er að ræða að lána gegn tryggingum í búfje.

Þetta getur komið illa við þá, sem stunda eingöngu sauðfjárrækt. Það er nokkuð lítið að fá ekki út á nema helming veðsins með verðlagsskrárverði, einkum þegar þess er gætt, að verðlagsskrárverð er jafnan neðan við sannvirði. Og það verð jeg að segja, að ekki ætti að vera ótryggara að lána út á veð í búpeningi heldur en von í afla. Mjer er líka kunnugt um það, að erlendis, víða þar sem jeg þekki til, eiga bændur kost á að setja jörð sína að veði með áhöfninni, og svo þarf að vera.

**Einar Jónsson:** Það var haft á orði af sumum mönnum, þegar þessu frv. var vísað til landbn., að það væri illa komið í höndum óbankafróðra manna. Og satt er það, að í landbn. er enginn bankafróður maður. En jeg verð að lýsa yfir því, að meðnefndarmenn mínir hafa unnið vel og samviskusamlega að þessu máli, og mjer þykir efamál, að það hefði verið betur gert, þó að í nefndinni hefðu setið bankafróðir menn.

Mjer finst það vera aðalatriðið, hvort þingmenn vilja stofna þennan banka eða ekki. Hvort hugmyndin er risin upp af rekstrarlánafrv. í fyrra eða einhverju öðru, stendur mjer alveg á sama. Jeg minnist á þetta vegna þeirra orða, sem hæstv. forsrh. ljet falla áðan. Jeg er ekki svo hatursfullur í hjarta, að jeg geti ekki veitt viðtöku góðu málefni, hvaðan sem það kemur. Jeg get raunar sagt það, að jeg er ekkert þakklátur, þó að þetta frv. sje hjer fram komið. Jeg sje ekki, að kjör bænda batni mikið við það. Jeg hefi ekki mikla trú á, að landbúnaðurinn hagnist stórlega, þó að það verði samþ. Þó hefi jeg ekki sjeð ástæðu til að gerast meinsmaður frv., úr því að hv. meðnefndarmenn mínir vildu samþ. það.

Þegar um það er að ræða, hvort veita skuli smábátaútveginum eitthvað af þessum lánum, get jeg ekki annað sjeð en það sje alveg rjettmætt. Held jeg, að hv. þm. Borgf. og hv. þm. Vestm. hafi þar á rjettara máli að standa en hv. 1. þm. S.-M. Þó get jeg fallist á það með hv. þm. Vestm., að rjett sje að fresta ákvörðun um það atriði til 3. umr.

Jeg skal ekki tefja hv. deild með löngu máli. Jeg býst ekki við að hafa mikið til brunns að bera þessari stofnun til hagsbóta. Jeg stóð aðallega upp til að þakka meðnefndarmönnum mínum góða afgreiðslu málsins og þá vinnu, er þeir hafa lagt í hana.

En það vil jeg endurtaka, að jeg hefi ósköp litla trú á því, að þetta mál verði landbúnaðinum til bjargar. Og mjer er satt að segja alveg sama, hvort frv. verður drepið eða samþ.

**Sveinn Ólafsson:** Jeg skal ekki verða til þess að lengja þessar umr.

að mun, enda eru þær nú teknar að snúast meir um einstök orð en málefnið sjálft, sem er til umræðu. Ástæðan til þess, að jeg stend upp, er sú, að hv. þm. Borgf. og hv. þm. Vestm. eru farnir að hafa sjer það til gamans að snúa út úr orðum mínum. Er slík gamansemi að vísu græskulaus og ekki ótíð hjer á Alþingi, en óþörf sýnist mjer hún með öllu.

Hv. þm. Borgf. sagðist skilja álit sjútvn. á þá leið, að nefndin ætlaðist til, að þar sem þryti máttur rekstrarlánadeildar Fiskiveiðasjóðs til útlána, skyldi Landbúnaðarbankinn taka við. En um það sagði jeg ekki eitt einasta orð, og um það stendur heldur ekkert í nál. sjútvn. Mjer virtist hv. þm. gera sig sekan um mjög einkennilegan lestur á einu orði í þeim kafla nál., sem hann las upp áðan, og það var orðið *ef*. Hv. þm. tæpti á því orði eins og hann vildi láta sem allra minst á því bera. Í álitinu er einmitt talað um það, að *ef* Landbúnaðarbankinn verði stofnaður og *ef* hann láni fje til smábátaútvegsins, þá verði það til mikillar styrktar starfsemi Fiskiveiðasjóðsins. Nefndin fullyrðir ekkert um það, hvort þetta muni verða, enda vissi hún ekki um það. Þessi lestur hv. þm. skiftir raunar ekki miklu máli, en dálítið finst mjer hann minna á lestur ákveðinnar persónu á ritningunni fyr á dögum.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði fyrir hönd nefndarinnar lagt ákveðinn skilning í nál. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði ekkert um skilning hv. meðnefndarmanna minna á því. Það eitt sagði jeg, að jeg hefði sjálfur skrifað undir álitið með þeim skilningi, sem jeg gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni. Jeg lýsti yfir mínum skilningi, en ekki annara, og það er fullkominn óþarfi hjá hv. þm. að snúa út úr því, sem jeg þá ljet um mælt.

Jeg sagði heldur ekki, að umrædd grein í frv. um Landbúnaðarbankann væri nægilega skýrt orðuð. Jeg gat þess aðeins, hvernig jeg skil hana. Og jeg hefi ekkert á móti því, að hún sje orðuð greinilegar.

Hv. þm. Vestm. spurði mig, hvort jeg ætlaði ekki að greiða atkv. með brtt. n. Jeg svaraði þeirri spurningu í fyrri ræðu minni og tel þarfleysu að endurtaka það svar. Mjer finst þetta mál alt of gott til þess, að umr. um það sjeu látnar snúast upp í hártoganir einstakra ummæla.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar undirtektir undir málaleitun mína og hv. þm. Ísaf. viðvíkjandi því, að menn, sem búa í kauptúnum og hafa ekki landbúnað að aðalatvinnuvegi, geti einnig átt aðgang að þessum lánum eða öðrum svipuðum. Vona jeg, að hægt verði nú á þinginu að koma þessu í kring, annaðhvort með breytingu í hv. Ed. á sjálfu frv. um Landbúnaðarbanka eða öðrum sjerstökum ákvörðunum.

Hæstv. ráðh. tók einnig vel í það að gera ráðstafanir til þess að ljetta undir með bátaútveginum. Úr því að hann gerði það, sje jeg heldur ekki ástæðu til að greiða atkv. með brtt. n. Jeg tel það betri lausn á málinu, að hver atvinnuvegur hafi lánsstofnun út af fyrir sig.

Hv. frsm. bar það á mig, að jeg

vildi halda uppi ríg milli sveita og kaupstaða. Þetta er ekki rjett. En því verður ekki með sanngirni neitað, að nú á síðustu þingum gengur öll löggjöfin svo að segja út á það að bæta kjör sveitanna. Mjer hefir virtst, að bæði Framsóknar- og Íhaldsflokkurinn ljeti sjer minna umhugað um sjávarþorpin og þeirra hag. (**LH:** Hefir hv. þm. gleymt Ísafirði?). Það er rjett, að þingið varð vel við óskum Ísfirðinga, en það kostaði heldur engin fjárútlát úr ríkissjóði. En jeg vil vænta þess, að það taki nú vel í þau mál, sem borin eru fram kauptúnunum til hagsbóta, og vil jeg þá sjerstaklega tilnefna frv. um verkamannabústaði.

**Pjetur Ottesen:** Jeg get ekki betur sjeð en að í þessum umr. sje þegar fengin full viðurkenning á rjettmæti brtt. hv. landbn. og að hv. þdm. telji yfirleitt sanngjarnt að veita bændum til sjávar og sveita í fjelagi aðgang að sömu lánsstofnun. Hæstv. forsrh. andmælti alls ekki rjettmæti sjálfrar till. Ræða hans snerist öll um aukaatriði.

Jeg gat ekki skilið hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að hann hefði í hyggju að koma á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir bátaútveginn. Tek jeg því að vísu þakksamlega að eiga von á einhverjum till. í þá átt frá honum. En hæstv. ráðh. verður að virða mjer það til vorkunar, þó að jeg sje dálítið tortrygginn um framkvæmdir af hans hendi í þessu efni, eftir allri framkomu hans að dæma í garð útvegsmanna, og algerðu áhugaleysi hans um þeirra mál og skilningsleysi á þörfum þeirra.

En jafnvel þótt gefið sje nú fyrirheit um, að fram komi einhverjar tillögur um lánsstofnun fyrir bátaútveginn þegar á næsta þingi, þá er eigi að síður full ástæða til að gera eitthvað til að bæta úr brýnustu nauðsyninni nú. Þörfin á þessu sviði er svo brýn og aðkallandi, og það er heldur ekki óhugsandi, að nokkur dráttur geti orðið á framkvæmdum, þrátt fyrir góð orð hæstv. forsrh.

Þá sagði hæstv. forsrh., að aðstaða sín í gær hefði að nokkru leyti markast af því, að hann hefði engar takmarkanir fundið í till. nefndarinnar. Það er að því leyti rjett, að ein setning um þetta atriði í till. hafði fallið úr í prentun. En það kom skýrt fram í ræðu frsm. og líka kemur það skýrt fram í nál., hvað fyrir n. vakir. Svo þetta þurfti ekki að valda neinum misskilningi hjá hæstv. ráðh.

Það var alveg ástæðulaust fyrir hæstv. forsrh. að taka sjer það til, þó að jeg talaði um, að hugmyndin, sem fram kemur í frv. um sveitabanka, væri tekin upp úr rekstrarlánafrumvarpi því, sem flutt var af mönnum úr Íhaldsfl. á þinginu í fyrra. Mjer fanst hæstv. ráðh. kveinka sjer við það, að jeg mintist á þetta. Þó hæstv. ráðh. vilji nú reyna að komast framhjá því að kannast við þetta, þá vill svo vel til, að í sjálfri grg. frv. um sveitabanka er fullkomin viðurkenning á þessu. Þar er skírskotað til frv. um atvinnurekstrarlán. Það dylst heldur engum, sem ber saman bæði frv., að þetta er svona. Því það er ekki einasta, að hugmyndin sje tekin, heldur eru tekin upp í þetta frv. sum ákvæði hins frv. alveg óbreytt að efni og orðalagi. Jeg skal ekki rengja hæstv.

ráðh. um það, að hann hafi heyrt eitthvað um svipað fyrirkomulag í öðrum löndum. En þó svo sje, þá er það jafnframt ómótmælanlegt, að með frv. um atvinnurekstrarlán, sem borið var fram í fyrra af íhaldsmönnum, var í fyrsta sinn reynt að setja lög um þetta efni.

Jeg sje á hæstv. forseta, að honum þykir þessi athugasemd mín orðin nokkuð löng, og jeg skal því brátt ljúka máli mínu.

Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að jeg hafi sagt að landbúnaðurinn væri taglhnýtingur sjávarútvegsins. Þetta eru hans eigin orð. Jeg sagði aðeins, að ræktunin kringum kauptúnin bygðist eins og nú stæði að miklu leyti á sjávarútveginum, og ætla jeg, að það sje ekki ofmælt. Og öllum er það kunnugt, að sjávarútvegurinn leggur til mikið verðmæti í þjóðarbúið, og það er jafnkunnugt og fullkomlega rjettmætt að kannast við það, að sá opinberi stuðningur, sem veittur er nú til þess að rækta landið, er að allmiklu leyti þaðan runninn.

Hv. frsm. vill fresta atkvgr. um brtt. til 3. umr. Jeg álít, að það geti verið mjög óheppilegt, ef ekki fæst úr því skorið nú, hvort deildin felst á till. n. eða ekki. Það má ganga út frá því, að frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands komi til 2. umr. áður en þetta frv. kemur til 3. umr. Væri því mjög æskilegt að fá úr því skorið áður, hver verða afdrif þessara tillagna, og það því fremur sem tillögur sjútvn. um aukning Fiskiveiðasjóðsins eru sýnilega bygðar á því að nokkru leyti, að smábátaútvegsmenn fái aðgang að rekstrarlánum í fjelagi við landbændur.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Mjer virðist nú draga mjög til sátta í þessu máli, og er það vel farið. Og hvort sem atkvgr. fer fram nú eða ekki, geri jeg ráð fyrir, að tækifæri gefist til að ráðgast við hv. landbn. um frekara samkomulag.

Hv. þm. Borgf. þykir það óhæfilegur dráttur, ef lánsstofnun fyrir bátaútveginn kæmi ekki fyr en á næsta þingi og vill bæta úr því með því að opna útveginum aðgang að Landbúnaðarbankanum. En jeg get ekki fallist á að rugla saman reitum á þann hátt. (**PO:** Hæstv. ráðh. hefir lýst yfir því, að sjávarbændur eigi að vera með). Þetta er rangt hjá hv. þm. Jeg hefi enga beina yfirlýsingu gefið um það. Jeg vil, að bændurnir hafi sinn banka alveg út af fyrir sig, af því að lán til landbúnaðar eru annars eðlis en lán til annars atvinnurekstrar.

Það lá í orðum hv. þm. áðan, að ræktun í landinu væri yfirleitt framkvæmd fyrir aflafeng úr sjónum. (**PO:** Ræktunin við kauptúnin, sagði jeg). Já, hann segir það núna, þessi hv. þm., en jeg held að hann sjái best þann hluta landbúnaðarins, sem er við sjóinn, í kringum kauptúnin.

Hv. 2. þm. Rang. er því meðmæltur, að öll fasteignalánastarfsemi sje undir einni stjórn. Þetta atriði má vel koma til athugunar. Um það verður að ráðgast við stjórn Landsbankans, og hann heyrir ekki undir mína stjórnardeild. Jeg álít, að það gæti fullkomlega komið til athugunar að fela Landbúnaðarbankanum frekari fasteignalánastarfsemi.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg er satt

að segja hræddur um, að rekstrarlánastarfsemin í sveitunum bíði tjón við það, ef lánin til landbúnaðar og bátaútvegs eiga að vera algerlega aðgreind. Í þessu landbúnaðarplássi þar vestra, t. d. við Ísafjarðardjúp, sem þó sannarlega stendur ekki að baki landbúnaðarplássum annarsstaðar, er meginþorri hreppa þannig settur, að bændur stunda jöfnum höndum landbúnað og smábátaútgerð og þurfa því lán til beggja þessara atvinnuvega jafnt. Bændur eru þannig tvískiftir í atvinnurekstri sínum, og þá er það vitanlegt, að erfitt verður að halda aðgreindum lánum þeim, sem þessir menn taka, svo að ekki fari einn skildingur af því, sem til landbúnaðarstarfseminnar er tekið, til útvegsins. Þar sem hjer er um að ræða smábáta og litla mótorbáta, er áhættan sjerlega lítil. Hinsvegar er öllum vitanlegt, að mjög mikið af þeim miklu landbúnaðarframkvæmdum, sem orðið hafa í Norður-Ísafjarðarsýslu og við Ísafjarðardjúp sjerstaklega, er þannig til komið, að mennirnir hafa í mörgum tilfellum aflað sjer þeirra peninga á sjávarútvegi og lagt þá í landbúnaðinn, og það tel jeg ekki nema sjálfsagt, að þeir menn, sem þannig starfa, geti fengið rekstrarlán til sjávarútvegs jafnt og landbúnaðar, því að þar styður hvor annan, landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn.

ATKVGR.

Brtt. 228,1 tekin aftur.

— 258,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15:7 atkv.

— 228,2 feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, PO, ÁÁ.

**nei:** HG,* HK, HV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, BSv.

Tveir þm. (EJ, SE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 258,2 feld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÁÁ, HStef, HJ, HK, JAJ, JÓl, MJ, ÓTh.

**nei:** PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HG, HV, IngB, JS, JörB, LH, MG, MT, BSv.

Tveir þm. (JJós, SE) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 228,3.a samþ. með 14:3 atkv.

— 228,3.b samþ. með 16 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 228,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 228,5 (ný 10. gr.) samþ. með 16:5 atkv.

— 258,3 tekin aftur.

11.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 228,6 (ný 13. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

14.—18. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 228,7 (ný 19. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

---

*) Með svofeldri greinargerð: Með skírskotun til andsvara hæstv. forsrh. í þessu máli, að hann viðurkenni þörf þessara manna, bátaútvegsmanna, til sjerstakrar lánsstofnunar og vilji vinna að því að leysa úr þeirri þörf á hagfeldan hátt, segi jeg nei.

Brtt. 228,8.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 228,9 samþ. án atkvgr.

22. gr., svo leiðrjett, samþ. með 20 shlj. atkv.

23. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 228,10 samþ. með 18 shlj. atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 228,11 samþ. með 18 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

26.—30. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

31.—36. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 228,12 samþ. með 16:1 atkv.

37. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

38. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 228,13 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SÁÓ, BSt, EJ, HV, JJós, JAJ,JS.

**nei:** MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, IngB, JÓl, BSv.

Einn þm. (SE) fjarstaddur.

39. gr. samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, IngB, JÓl, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

**nei:** BSt, EJ, HV, JJós, JAJ, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SÁÓ.

40.—42. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 228,14 samþ. með 20 shlj. atkv.

43. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

44. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 228,15.a—b feldar með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, BÁ, EJ, JJós, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, PO.

**nei:** ÁÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, HV, IngB, JAJ, JÓl, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

Tveir þm. (ÓTh, SE) fjarstaddir.

45. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 228,16 samþ. með 19 shlj. atkv.

46. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 228,17 samþ. með 15:3 atkv.

47. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

48. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 228,18 samþ. með 16 shlj. atkv.

49. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

50. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 228,19 samþ. með 15:6 atkv.

51. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

52.—58. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

59.—62. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 228,20 samþ. með 15:1 atkv.

63. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

64.—67. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

68. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. með þeirri breyt., sem á er orðin samkv. atkvgr. um brtt. 258,1, fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um Búnaðarbanka Íslands.**

---

Á 40. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 283, 299).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Landbn. ber fram brtt. á þskj. 299. Brtt.

eru aðallega við kaflann um bústofnslánadeild og snerta bara tvö atriði. Fyrra atriðið er um það, að veita megi lán úr bústofnslánadeild til kaupa á jarðyrkjuverkfærum. Þessi till. hefir komið fram áður frá hendi n. hjer í hv. d. Hún var borin fram við 2. umr. um frv. til laga um sveitabanka. Jeg þykist því ekki þurfa að fara frekar út í hana.

Hitt atriðið, sem n. hefir tekið til meðferðar, er um veð í búfje. Hv. d. feldi, eins og menn muna, þá tillögu, sem n. flutti um þetta efni við 2. umr. Eru því ákvæði frv. um þetta óbreytt, en n. verður að líta svo á, að þessi ákvæði frv. í 3. málsgrein 45. greinar geti ekki staðið óbreytt og hefir því leyft sjer að flytja aftur brtt. sama efnis. Í þessari málsgr. er svo ákveðið, að ekkert lán megi veita úr bústofnslánadeild gegn veði í búfje, nema lántakandi sje meðlimur í fóðurbirgðafjelagi, sem bankastjórnin tekur gilt. Jafnframt þessu getur bankastjórnin sett það að skilyrði fyrir lánveitingu, að fjelagar, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgist bústofnslánadeild það tjón, er hún kann að verða fyrir vegna fóðurskorts. Það er þá fyrst og fremst um þetta að segja, að ef ákvæðið er látið standa, er ekki hægt að sjá annað en að aðgangur að lánsfje sje mjög takmarkaður, því að fóðurbirgðafjelög munu ekki vera fleiri en 7 á öllu landinu. Hvort samþ. þessa ákvæðis yrði til að fjölga fóðurbirgðafjelögunum, skal jeg ekki um segja, en jeg verð þó að álíta, að ekki sjeu miklar líkur til þess, meðal annars vegna þessa ákvæðis um sameiginlega ábyrgð í slíkum fjelagsskap, sem hægt er að krefjast. Hinsvegar má búfjáreign enn heita svo ótrygg, að n. sýnist ófært að heimila að veita bústofnslán eingöngu gegn veði í búfje, án þess að viðbótartrygging sje fyrir hendi. Þess vegna leggur n. til, að þessari 3. málsgr. sje breytt þannig, að ekkert lán megi veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórn tekur gilda. Þessi tillaga er óneitanlega töluvert lík þeirri, sem feld var við 2. umr., en hún fer þó ekki fram á alveg það sama, og auk þess er orðalagið á annan veg, svo að jeg vona, að hæstv. forseti vísi henni ekki frá sem áður fallinni. Aftur á móti er sú brtt., að 5. málsgr. 45. gr. falli burt, beinlínis það sama, sem búið var að fella við 2. umr., en þar sem hún er bara afleiðing af fyrri till. og því leiðrjetting á frv., ef hin till. verður samþ., þá getur það ekki komið í bága við þingsköp, þó að hún verði borin undir atkv. Allir sjá, að ef 1. og 2. liður brtt. við 45. gr. verða samþ., þá hefir síðasta málsgr. greinarinnar ekkert að þýða.

Tvær síðustu brtt. n. eru þess efnis, að tryggja það, að ef lán er tekið til verkfærakaupa, verði því varið til þess innan 12 mánaða frá lántöku, og ennfremur, að aftan við 47. gr. bætist ákvæði um sömu sektarákvæði við misnotkun á lánum til verkfærakaupa eins og segir í greininni.

Þá hygg jeg, að jeg þurfi ekki að taka fleira fram um brtt.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg ætla að taka fram það, sem jeg hefi minst á við báðar fyrri umr. um að sameining

veðdeilda beggja bankanna sje sjálfsögð. En jeg hefi ekki viljað bera fram brtt. að þessu sinni, af því að búið er að loka flestum veðdeildarflokkum Landsbankans, svo að erfitt er að taka þá af þeim núna. Mjer þykir vænt um að hæstv. forsrh. tók vinsamlega í þetta og skildi, að það væri nauðsynlegt að hafa öll brjefin á sömu hendinni.

Þá ætla jeg að minnast lauslega á brtt. n. Það er síður en svo, að jeg hafi nokkuð að athuga við fyrstu brtt. Sú leið, sem þar er stungið upp á, er miklu betri en að fara að stofna fóðurbirgðafjelög, því að reynslan hefir sýnt, að þau hafa gefist misjafnlega vel. Það væri frekar ástæða til að hugsa til þeirra, þegar samgöngur batna. Hinsvegar er jeg alveg andvígur annari brtt. hv. n. og vona, að hún verði aldrei samþ., enda virðist hv. frsm. vera í efa um, hvort forseti taki hana til greina. Jeg get ekki skilið, án þess að jeg telji ósanngjarnt að krefjast þess, að bankinn fari varlega, að hjer sje óvarlegar að farið en venja er til um lántökur. Það er óvarlegra að lána út á fiskinn í sjónum en þetta. Mjer er vel kunnugt um það, að minsta kosti í þeim bygðarlögum, sem jeg þekki best til, hvað það er erfitt fyrir unga menn að þurfa að hafa mjög lítinn bústofn. Tilkostnaður er að mestu leyti sá sami, en eftirtekjur helmingi minni. Og einmitt þetta yrði til þess að stórauka ágóðann af búum, einkum hjá þeim, sem eru að byrja búskap. Það er hættulegt að blanda hreppsnefndarábyrgð inn í þetta. Þeim, sem hefðu fullan rjett á hjálp, gæti þá verið neitað um hana af hreinum pólitískum ástæðum. Jeg vil því mjög eindregið leggja til, að ef hæstv. forseti lætur þessa brtt. koma til atkv., verði hún feld.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Jeg er hræddur um, að hv. 2. þm. Rang. sje ekki farinn að átta sig á því, hvað felst í annari brtt. n. viðvíkjandi skilyrðunum fyrir bústofnslánum. Mjer skilst hann álíta, að ef tillaga n. yrði samþ., yrði þrengt að mönnum meira en gert er í frv. um að geta fengið bústofnslán. En jeg lít alt öðrum augum á það atriði. Eins og jeg tók fram þegar í framsöguræðu minni við 2. umr. og aftur áðan, enda er það ljóst tekið fram í frv., er það skilyrði fyrir lánunum, að vera meðlimur í fóðurbirgðafjelagi. En þau eru bara til 7 á landinu. Afleiðingin af því að láta þetta standa óbreytt er sú, að bústofnslánadeildin er lokuð fyrir allflestum landsmönnum. Úr þessu vildi n. bæta, eins og jeg hefi áður skýrt frá. Annars getur hv. 2. þm. Rang. bent á einhverja viðbótartryggingu í staðinn fyrir hreppsnefndarábyrgð. N. kom ekki auga á annað, án þess að hún vilji beinlínis einskorða sig við það, enda er tekið fram í brtt., að viðbótartrygging skuli vera hreppsábyrgð *eða önnur* trygging, sem bankastjórnin taki gilda. Ef lántakandi getur sett fasteign eða annað sem viðbótartryggingu, kemst hann hjá því að leita til sveitarstjórnarinnar.

Jeg get tekið undir það með hv. 2. þm. Rang., að það er leitt fyrir menn að þurfa að fara til hreppsnefndar og fá sveitarstjórnarábyrgð, en jeg er ekki viss um, að það sje leiðara en þó að fóðurbirgðafjelögin væru til og menn þyrftu að fá sameiginlega

ábyrgð fjelagsmeðlima. Slík ábyrgð yrði áreiðanlega ekki látin með betra geði en hreppsábyrgðin.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Þó að brtt. hv. landbn. sjeu í 5 liðum, eru það bara tveir, sem jeg ætla að minnast á. Sá fyrri fjallar um verkfærakaup. Það var boðað við 2. umr. frv. um sveitabanka, að brtt. þess efnis mundi koma fram, og jeg hefi ekkert við það að athuga, hvernig hv. n. hefir sett hana inn í þetta frv.

Um hina brtt. skal jeg taka það fram, að jeg get alveg fallist á hana. Það er í aðalatriðunum gengið frá henni eins og gert var á búnaðarþingi með atkvæðum allra bænda þar. Jeg sje enga ástæðu til að úrskurða hana frá. En jeg álít, að á þessu sviði sje aðeins um byrjun á löggjöf að ræða og að varla verði farið af stað með stærra spor. Þegar svo búið er að framkvæma ýmislegt, sem nú er í undirbúningi, t. d. búfjártryggingar og aukna lækning búfjársjúkdóma, þá mætti fara að stíga enn stærra spor á þessu sviði.

**Magnús Jónsson:** Jeg vil með nokkrum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg mun greiða atkvæði á móti því eins og það liggur nú fyrir, fyrst og fremst af því, að jeg tel það vera dæmalausa ósanngirni og skort á samræmi að fella till. landbn. í þá átt, að smábátaútvegurinn fái að njóta þessarar stofnunar. Það er þó ekki af þeirri ástæðu einni, sem væri í mínum augum ærið nóg til þess að vera á móti frv., heldur af því að jeg tel málinu sjálfu ekki heppilega til lykta ráðið samkv. frv. En jeg hefi ekki viljað þreyta hv. deild með umræðum um málið, af því að mjer hefir virst straumurinn vera svo sterkur með því í þinginu.

Það eru aðallega tvær ástæður, sem jeg hefi fram að færa gegn frv. Hin fyrri er sú, hver áhrif þessi bankastofnun getur haft á peningamálin í landinu yfirleitt. Eins og kunnugt er, þá hafa áður komið hjer fram á Alþingi mismunandi skoðanir um það, hvort heppilegt væri, að ríkið ræki almenna bankastarfsemi samhliða seðlaútgáfunni. Ýmsir þingmenn vildu hafa sjerstakan seðlabanka, og vildu jafnvel, að ríkið ræki ekki aðra bankastarfsemi. Jeg gat ekki fallist á þetta, og þar sem ríkið átti banka, sá jeg ekki, að nein hætta gæti af því stafað, þó að hann væri látinn taka við seðlaútgáfunni. Auðvitað breyttist þetta nokkuð við þá breyting á Landsbankalögunum, sem gerð var á síðasta þingi; áhættan jókst þegar ákveðið var, að ríkissjóður skyldi bera ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, af því að búast mátti við, að það myndi auka starfsrekstur Landsbankans.

Nú er með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, farið fram á, að ríkið eignist annan banka og beri einnig fulla ábyrgð á öllum hans skuldbindingum, svo sem sparifje. Hjer er farið fram á að kljúfa sundur bankastarfsemi landsins í tvent. En það er bersýnilegt, að verði stofnaður nýr banki fyrir landbúnaðinn, þá leiðir það til aukinnar bankastarfsemi og útlána. Hjer á að gera bændum hægara fyrir um það að fá lán, og veita með því meira fje til þeirra. En á hinn bóginn er

ekkert dregið úr lánsþörf annara, nje heldur aukið lánsfjeð.

Hvað er verið að gera með þessu frv.? Það er verið að auka eftirspurn eftir lánsfje, án þess að auka lánseða rekstrarfje í landinu jafnframt. Starfsemi Landsbankans minkar ekkert, eftirspurn eftir lánum til Landsbankans verður jafnmikil eftir sem áður. En með því að auka þannig lánsþörfina og eftirspurn lána án þess að auka lánsfjeð, þá getur það ekki leitt til annars en þess, að útlánsvextir bankanna hækki. Aukin eftirspurn eftir lánsfje, sem bankarnir geta tæplega fullnægt, hlýtur að hækka vextina. Það er viðskiftalögmál, sem ekki lætur að sjer hæða, að aukin eftirspurn hækkar verð vörunnar. Aukin útlán og óeðlileg starfsþensla er byrjun að „inflation", sem bankinn verður að berjast á móti með auknum útlánsvöxtum.

Jeg hefi heyrt það haft eftir hæstv. forsrh., að hann hafi lýst því yfir í þessum umr., að hann væri því meðmæltur, að smábátaútvegurinn fengi sínum þörfum fullnægt á svipaðan hátt og landbúnaðurinn með þessu frv. Þá á líklega að stofna sjerstakan banka fyrir sjávarútveginn, annan klofning út úr Landsbankanum, að líkindum einnig með ríkisábyrgð; enda væri ekki með sanngirni hægt að neita banka annars aðalatvinnuvegarins um þá ábyrgð, sem hinum er veitt.

Þá má gera ráð fyrir, að hinar ungu og upprennandi iðnaðargreinar hjer á landi biðji um bankastofnun fyrir sig, eða sjerstök lánskjör, sem þau hafa fulla þörf fyrir. Og ef tilgangurinn er annar en sá, að veita aðeins einni stjett sjerstök lánskjör eða hlunnindi, sem jeg vil álíta að sje, þá má búast við, að hver atvinnuvegur komi á eftir öðrum með sínar kröfur. Og ef ekki verður gert neitt til þess að útvega nýtt lánsfje til starfsrekstrar í landinu, þá hækka útlánsvextirnir.

Jeg er alls ekki að amast við því, að fundnar verði leiðir til þess að landbúnaðurinn og bátaútvegurinn fái hentug rekstrarlán. Og á þinginu í fyrra var stungið upp á einni aðferð til þess að bæta úr því, að tilhlutun Íhaldsflokksins. Hjer er í því frv., sem fyrir liggur, bent á aðra leið, og hefði sjálfsagt mátt gera nokkra úrbót og hæfilega fyrir landbúnaðinn án þess að stofna þetta bankabákn.

Það virðist vera orðin trúarsetning innan vissra flokka, að óhætt sje að veita lán í sveitirnar, af því að bankarnir tapi ekki fje hjá landbúnaðinum. Hæstv. forsrh. sagði, að af ca. 30 milj. kr. töpum bankanna undanfarin ár hefðu aðeins 2 milj. kr. tapast á landbúnaðinum. (**Forsrh.**: Jeg sagði 2%). Nú, það er þá enn miklu minna, sem á að hafa tapast á lánum til landbúnaðarins. Mjer sýnist nú, að það vanti allar forsendur fyrir þessum dómi hæstv. ráðh. Og þegar það er athugað, hvað landbúnaðurinn hefir fengið lítið af lánsfje bankanna, þá á að reikna tapið í % af því fje. Annars má það vel vera, að útlánsvextir megi vera lægri til landbúnaðarins. Þetta á þó ekki við um veðdeild Landsbankans, því að fullar upplýsingar liggja fyrir um það, að hún hefir ekki neitað bændum um veðlán þegar

lánsskjölin hafa verið í lagi, heldur hafa lánbeiðnir þeirra verið látnar ganga fyrir öðrum. Hvaða meining er þá í því að stofna aðra veðdeild við Landbúnaðarbankann og skifta fasteignaveðslánsstofnunum á milli kaupstaða og sveita? Máske það sje gert til þess að kaupstaðirnir verði þá frekar fyrir lánsfjárskortinum, en að sveitunum og landbúnaðinum verði á þennan hátt fleytt framhjá því skeri? Jeg vil benda á það til viðbótar því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að það er best og tryggast fyrir kaupstaðina, að ein sameiginleg veðlánastofnun sje í landinu. Það er mjög óheppilegt að kljúfa veðdeildina í marga flokka, og alveg gagnstætt því skipulagi, sem t. d. Danir eru að koma á hjá sjer í þessum efnum, þar sem þeir eru að setja sínar veðlánastofnanir undir einn hatt. Að hafa 4—5 tegundir vaxtabrjefa til sölu á peningamarkaðnum fyrir lánsstofnanir hjer á landi, er ákaflega óhyggilegt. Það sýnast ekki vera líkur til, að hinn væntanlegi búnaðarbanki geti útvegað nýtt fje á öðrum peningamarkaði en þeim, sem veðdeild Landsbankans hefir sama tækifæri til að fá. Það er hægðarleikur að bæta lánskjörin fyrir sveitirnar með sjerstökum ákvæðum í reglugerð, þar sem veðdeild Landsbankans væri heimilað að lána ríflega út á jarðaveð. Jeg sje því enga skynsamlega ástæðu til þess að stofna þessa nýju veðdeild; en ef til vill er það meiningin, að kaupstaðirnir eigi að líða fyrir sveitirnar, og þá hlýt jeg að vera á móti þessari ráðstöfun.

Um sparisjóðs- og rekstrarlánadeild bankans, sem á að reka almenna bankastarfsemi, er það að segja, að hún er beinlínis grímuklædd árás á Landsbankann. Það má að vísu segja, að þetta geri ekki til, þar sem bankarnir eru í höndum sama aðila — ríkisins; en þó er þetta undarleg ráðstöfun.

Ef það á að stofna sjerstaka rekstrarlánadeild, þá finst mjer haganlegra, að hún sje rekin í sambandi við Landsbankann heldur en að búa um hana sem sjerstakan banka í öðru húsi, aðeins til þess að flytja peninga úr henni til lánsfjelaga. Það er öllum ljóst, að því fylgir miklu meiri fyrirhöfn og kostnaður. Mjer þykir það mjög undarlegt, að bankaráð Landsbankans skuli hafa mælt með þessu frv. Að vísu á það að hafa hag landsins alls fyrir augum. En það á þó sjerstaklega að gæta þess, að ekki sjeu framin fjörráð gagnvart Landsbankanum.

Ef haldið verður lengra áfram á þessari braut, þá liggur ekki annað fyrir en að Landsbankinn verði aðeins seðlabanki og annist hlaupareikningsviðskifti og yfirfærslur, og jeg veit ekki, hvort bankaráðið álítur Landsbankann við því búinn að missa öll önnur viðskifti. Það nær ekki nokkurri átt að ætla að hafa almenna bankastofnun fyrir hvern atvinnuveg; og það, sem bankaráðið segir í áliti sínu um stofnun Búnaðarbankans, er að mestu leyti slúður. Bankaráðið heldur því fram, að hin nýja bankastofnun geri Landsb. engan skaða, og bætir því við, að Landsb. hafi fult vald á sparifje þjóðarinnar með vaxtakjörunum. Já, bankinn getur náttúrlega haldið því frá sjer. Annars er mjer þetta óskiljanlegt. Jeg sje ekki, hvaða ráð Landsbankinn hefir til þess að

draga að sjer sparifje landsmanna, fremur en hinn bankinn. Þeir hafa báðir sömu aðstöðu að því er ríkisábyrgð snertir. En þegar ríkið fer nú að taka ábyrgð á hverjum bankanum eftir annan, eins og þegar gálausir menn skrifa upp á hvern víxil, þá fer að verða lítið gagn að ríkisábyrgðinni. Hún getur gert mikið gagn einni lánsstofnun, en þegar um er að ræða fleiri banka, sem keppa hver við annan, þá verður ríkisábyrgðin minna virði.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort slík árás á Landsbankann, sem felst í þessu frv., er rjettmæt, en mjer þykir mjög undarlegt, að bankaráðið skuli veita því meðmæli með algerlega meiningarlausum rökstuðningi.

Hin höfuðástæða mín til þess að vera á móti þessu frv. er sú, að það hefir ekki verið athugað, hvort þörf væri á þessari stofnun. Má ekki fela Landsbankanum alla starfsemi sparisjóðs- og rekstrarlánadeildarinnar, sem gert er ráð fyrir í frv.? Mjer virðist það mjög einfalt mál. En um Ræktunarsjóðinn og Byggingar- og landnámssjóðinn er það að segja, að þær stofnanir eru nú til og breytast ekkert við þetta frv. Ef menn á hinn bóginn vilja sameina þær, þá mætti alveg eins leggja þær undir Landsbankann. Hinar deildirnar, sparisjóðs- og rekstrarlánadeildin og veðdeildin, eru báðar teknar af Landsbankanum. En hvers vegna mega þær ekki vera áfram undir einum hatti? Er það gert til þess að fá tækifæri til að skipa nýja bankastjórn og byggja nýtt hús yfir þennan væntanlega banka?

Þá er aðeins eftir að minnast á bústofnslánadeildina; en hún er ekki stórt fyrirtæki og mætti sjálfsagt koma henni líka fyrir í Landsbankanum. Ef ekki má trúa bankastjórn Landsb. fyrir þessari starfsemi allri, þá mætti skipa sjerstakan trúnaðarmann yfir þá deild. Það er yfirleitt miklu eðlilegra að skifta þeirri starfsemi, sem hjer er um að ræða, í deildir í Landsb. heldur en að stofna annan banka. Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að ef einn einstakur maður ætti Landsbankann og vildi svo bæta við þeirri starfsemi, sem hjer er um að ræða, hvernig hann myndi ráða þessu máli til lykta. Hann myndi ekki stofna nýjan banka, heldur fjölga starfsdeildum í Landsb., vegna þess að af því stafar minni hætta fyrir peningamálin í landinu, ef bankastarfsemi þess er óskift, og rekstrarkostnaðurinn yrði miklu minni.

Jeg hefi verið að velta því fyrir mjer, hvernig stendur á þessum undarlegu veðrabrigðum gagnvart Landsbankanum. Hæstv. forsrh. og Framsóknarflokkurinn hefir altaf verið að hossa og kjassa Landsbankann á undanförnum þingum. En þetta frv. er hið mesta frumhlaup, sem Landsb. hefir orðið fyrir síðan hann var stofnaður. Jeg skal ekki leita að skýringum á þessum veðrabrigðum stjórnarinnar og Framsóknarflokksins. Það væri þá helst, að stjórn Landsb. hafi ekki verið nógu eftirlát, en viljað stjórna bankanum eftir öðrum reglum en pólitískum veðrabrigðum á Alþingi.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið. Jeg þykist vita, að það verði ekki stöðvað, heldur fari það í

gegnum þessa hv. deild, með allri þeirri ósanngirni og skammsýni, sem því fylgir, og þó að lánsheimildin til smábátaútvegsins hafi verið niður feld. Einn kostur er þó við þetta. Jeg hefi ekkert á móti því, að sú trúarsetning, að bankarnir geti engu tapað hjá landbúnaðinum, fái að prófast í eldi reynslunnar. Jeg er hræddur um, að landbúnaðurinn geti átt erfitt með að endurgreiða stór lán, og býst við, að seint gangi að innheimta þau. Jeg geri ráð fyrir, að eftir 20 ár finnist stjórn Landbúnaðarbankans trúarsetningin vera farin að dofna.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil segja, að það er ekki vonum fyr, að rödd kemur fram til andmæla þessu frv. En sú rödd heyrðist nú frá hv. 1. þm. Reykv. Jeg hefi ávalt átt von á slíkri rödd fra einhverjum fulltrúa úr kaupstöðum landsins. Og það er langt frá því, að sú kveðja, sem hv. þm. flutti áðan, væri borin fram með meiri hörku og kulda en búast mátti við. Þvert á móti var hún flutt rólegar en vænta mátti. Það kom greinilega fram í ræðu hv. þm., að hann áleit strauminn of þungan fyrir þessu máli, og straumurinn er áreiðanlega orðinn of þungur til þess að þeir, sem hugsa eins og hv. 1. þm. Reykv., geti staðið á móti honum. Því til sönnunar, að straumurinn sje orðinn of þungur, vil jeg aðeins minna á það, sem hv. 1. þm. Reykv. hlýtur að hafa rekið sig á, að hvarvetna af landinu og frá hverjum þingmálafundi í sveitunum, jafnvel í kjördæmum þar sem Íhaldsflokkurinn er í meiri hluta, berast nú einróma áskoranir um, að þingið afgreiði þetta mál.

Þetta frv. er líka alveg sjerstaklega vel undirbúið og hefir verið sent til margra manna úti um land, til þess að þeir gætu tekið afstöðu til þess og borið fram umbótabreytingar. Þar við bætist, að það hefir verið tekið til rækilegrar meðferðar á þingi bændanna sjálfra, Búnaðarþinginu. Og þaðan hefir borist til Alþingis einróma áskorun um að samþ. frv. og nú hefir hv. landbn. þessarar deildar einum rómi og án tillits til flokka lýst yfir fylgi sínu við málið og lagt til, að þetta ráð yrði upp tekið.

Jeg vil því aftur undirstrika þau ummæli, að straumurinn sje svo þungur í þessu máli, að ekki heyrist nema þessi eina rödd hjer í deildinni til andmæla, og að jeg er ekki einusinni viss um, að allir fulltrúar kauptúnanna vilji taka undir þá rödd. Jeg er meira að segja viss um, að sumir samþm. hv. 1. þm. Reykv., og það sá, sem næst honum stendur, lítur á þetta mál alt öðrum augum en hann.

Jeg skal svo víkja að þeim athugasemdum, sem komu fram í ræðu hv. þm.

Hv. þm. benti á, og það rjettilega, að þessi banki mundi verða til þess að auka búnaðarstarfsemina í landinu og veita bændum betri aðgang að lánsfje. Þetta er alveg rjett. Einmitt þess vegna er þetta frv. fram borið, og það er gert í öruggu trausti þess, að það verði til að efla og styrkja landbúnaðinn og bæta hag bændastjettarinnar og veita þar með fleira fólki viðunandi lífsskilyrði í sveitum landsins. Hin einhliða fjölgun fólksins við sjóinn nú hin síðari ár má vera þeim áhyggjuefni, sem hugsa fram í tímann um andlega og líkamlega hreysti

þjóðarinnar á komandi tímum. Þetta frv. er því líka borið fram í trausti þess, að sveitirnar byggist og fólkinu fjölgi þar líka í sömu hlutföllum og í kaupstöðunum. Frv. er því flutt í öruggu trausti þess, að með því sje lagður sá grundvöllur, sem heilbrigt þjóðlíf og framtíð þessa lands byggist á.

Þá vil jeg benda á annað atriði, sem hv. þm. taldi, að af þessu mundi leiða. Hv. þm. hjelt því fram, að stofnun Búnaðarbankans mundi verða til þess að auka eftirspurn eftir lánsfje, án þess lánsfje væri aukið. En þetta er nú ekki að öllu leyti rjett. Það er að vísu satt, að eftirspurn eftir lánsfje mun aukast, enda er það í samræmi við tilgang frv. En að ekki sje hægt að auka lánsfjeð, hygg jeg að sje ekki rjett. Það er alment álit fjármálamanna, bæði hjer og erlendis, að veðdeildarbrjef, sem trygð eru með jarðarveði eða hafa jarðeignirnar á bak við sig og ætluð eru til landbúnaðarframkvæmda, sjeu einhver hin öruggustu verðbrjef, sem fáanleg eru. Og í fjármálaheiminum eru þau talin miklu tryggari en verðbrjef stofnana, sem lána til verslunar, útgerðar eða iðnrekstrar. Jeg er ekki í vafa um það, að miklu hægra er að fá útlent lánsfje til banka, sem ver fje sínu til búnaðarframkvæmda, heldur en til þeirra stofnana, sem verja því til lána til ýmsrar annarar starfsemi. Eins mun hjer innanlands þykja örugt að ávaxta fje sitt í þessari stofnun. Jeg tel því, að þetta sje ekki nema að nokkru leyti rjett hjá hv. þm. Og þó það væri rjett, að lánsfje ykist ekki, þá á samt að samþ. þetta frv. Og það segi jeg út frá þeirri skoðun minni og fleiri manna, að það sje ekki þjóðinni holt, að hinn einhliða vöxtur við sjóinn haldi áfram. Þau skifti hafa áður verið gerð á lánsfjenu, að mestur hluti þess hefir gengið til að byggja upp og skapa fólki lífsskilyrði við sjávarsíðuna. Jeg veit ekki hvort hv. þm. (MJ) lítur svo á, að rjett sje, að því skuli haldið áfram. Jeg álít það hættulegt og vil veita nokkru af lánsfjenu til landbúnaðarins, jafnvel þótt engin lánsfjáraukning yrði, því það er ekki rjett, að landbúnaðurinn sje lengur hafður eins afskilinn um lánsfje og verið hefir. En jeg held nú, að skoðun hv. þm. á þessu sje ekki rjett. Jeg held, að þessi stofnun verði til þess að draga hingað til lands nýtt lánsfje, og það með aðgengilegri kjörum en annars mundu fást.

Þá vjek sami hv. þm. að því, hvort það væri rjett, að setja skuli á fót nýja stofnun fyrir sjávarútveginn. Gat hann þess, að hann hefði fylgst vel með við 2. umr. þessa frv. og spurði því um þetta. — Það var ekki talað um nýja stofnun fyrir sjávarútveginn alment, heldur aðeins vegna smábátaútgerðarinnar. Jeg hefi nú að vísu ekki eins mikla þekkingu á þörfum þessa atvinnurekstrar eins og á nauðsyn landbúnaðarins. En eftir minni þekkingu, þá hygg jeg, að nokkuð líkt megi segja um smábátaútveginn og landbúnaðinn, að hann hafi einnig orðið útundan við skiftingu lánsfjárins og verið olnbogabarn lánsstofnananna undanfarna tíma. Sú stefna er líka óholl, og smábátaútgerðin er máske einhver allra farsælasti þátturinn í útgerðinni. Álít jeg því, að sjerstakar ráðstafanir beri að gera honum til hjálpar, líkt og landbúnaðinum. Er nú komið fram hliðstætt frv., sem ganga ætti fram í

líkri mynd og þetta. Og jeg hefi í samtali við 2 menn nú nýlega lagt nokkur drög til þess að viða að efni til undirbúnings þessari löggjöf.

Þá vjek sami hv. þm. að töpum bankanna undanfarið, í sambandi við lánskjör þau, sem bændum eru ætluð eftir frv. En mjer finst ekkert meira en sanngjarnt, að vaxtakjör þessa atvinnuvegar, landbúnaðarins, sjeu í beinu hlutfalli við það, hvernig hann stendur í skilum með lán sín. Hv. þm. sagði, að allar forsendur vanti fyrir þeim dómi, er jeg hefði kveðið upp á skiftingu á töpum bankanna til landbúnaðar og annarar starfsemi. Jeg vil nú ekki játa því, að allar forsendur vanti fyrir þeim dómi. Jeg þykist hafa talsverðar forsendur. Jeg hefi sjálfur starfað sem endurskoðandi annars bankans um nokkur ár. Og jeg hefi lagt talsverða vinnu í það, að athuga, hvernig töp bankans hafa skiftst á atvinnuvegina. Og jeg hefi falið hinum stjórnskipaða bankaendurskoðanda hins bankans að athuga þetta í þeim bankanum. Hefir hann gefið mjer skýrslu um það. Er þá dómur minn á þessum rökum bygður, um það hvernig töpin hafa skiftst.

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að hann sæi ekki, að hægt væri að beina nýju fjármagni til landbúnaðarins, nema þá um leið að þrengt verði að kauptúnunum. Jeg hefi nú svarað þessu að nokkru áður. Og jeg get endurtekið það, að rjett sje að þrengja nokkuð að kauptúnunum, ef ekki er hægt að sjá fyrir lánsþörf sveitanna á annan hátt. Þær hafa hingað til orðið útundan. Og ef ekki verður bætt úr þörfum þeirra á annan hátt en þrengja að kaupstöðunum, þá verður að fara þá leið. En jeg er nú að vísu sannfærður um, að þess ætti ekki að þurfa svo verulegu nemi.

Þá kom kafli í ræðu hv. þm., sem var um það, hver aðstaða þessa banka og Landsbankans yrði hvor til annars. Og hann talaði um, hvort ekki væri rjett að fela Landsbankanum að fara með þessa stofnun. Taldi hv. þm. stofnun þá, sem í frv. þessu felst, bein fjörráð og frumhlaup gagnvart Landsbankanum. Hv. þm. svaraði sjer nú að vísu sjálfur. Því hann minti á það, að n. sú, er hafði þetta frv. til meðferðar hjer, hefði sent fyrirspurn til bankans um álit hans á þessu frv. En hvorki bankastjórnin nje bankaráðið hafði neitt að athuga við stofnun þessa nýja banka, og benti ekki á neitt, sem talist gæti fjörráð við Landsbankann. Er brjef það, sem álit þetta er í, að vísu frá bankaráðinu, en mun vera gert í fullu samræmi við álit bankastjórnarinnar. Hv. þm. telur að vísu ekki mikið á þessu áliti að byggja. Veit jeg ekki, af hverju hann dregur þá ályktun, nema ef það er af því, að hv. þm. var sjálfur í bankaráðinu áður, og telji sig síðan þá hafa reynslu fyrir því, að álit bankaráðsins sje ekki mikils virði. En jeg fyrir mitt leyti met meira umsögn bankastjórnar og bankaráðs Landsbankans heldur en ummæli hv. 1. þm. Reykv.

Þá þótti mjer skraf hv. þm. um ríkisábyrgð á væntanlegum Búnaðarbanka næsta undarlegt. Hv. þm. taldi, að ríkisábyrgðin yrði lítils virði, ef nú væri bætt við einni nýrri peningastofnun, sem ríkið ábyrgist. — Jeg verð nú að vera á alt annari skoðun um þetta. Jeg álít, að Búnaðarbankinn muni verða langtryggasta lánsstofnun

í landinu, og jeg er viss um, að sú ábyrgð mun ekkert rýra tryggingu þá, sem felst í ábyrgð ríkisins á Landsbankanum, þótt stofnun þeirri, sem sjerstaklega á að styðja landbúnaðinn, sje bætt við. Og jeg álít, að ríkið eigi að leggja fram hið besta, sem það getur, til þess að hlúa að þessari stofnun.

Hv. þm. byrjaði þennan fyrri hl. ræðu sinnar á því að spyrja um, hvaða áhrif þetta mundi hafa á peningamálin í landinu, og endaði hann með því að segja, að þau áhrif yrðu mjög óheppileg. En eins og jeg hefi áður sagt, þá er jeg sannfærður um, að þau áhrif verða gagnstæð. Jeg held, að rekstur öflugs búnaðarbanka muni hafa heppileg áhrif á peningamál og atvinnulíf í landinu. Jeg held jafnvel, að þetta sje farsælasta sporið, sem stigið hefir verið í peningamálum landsins nú um langan tíma.

Síðari atriðum ræðu hv. þm. hefi jeg að nokkru svarað áður. Sumpart um það, hvort þetta sje árás á Landsbankann og muni verða til þess að draga frá honum. Því hefi jeg nú svarað áður. En sumpart vildi hann halda því fram, að rjettast hefði verið að fela Landsbankanum stjórn þessarar stofnunar. Hjer eru nú á ferðinni fyrir þinginu tvö frv. viðvíkjandi fiskiveiðasjóðnum. Og samkvæmt till. hv. sjútvn. þessarar hv. deildar, þá á Landsbankinn að hafa forstöðu hans. Jeg hefi ekki átt kost á að sjá skjöl þessa máls. En mjer er sagt, að bankastjórn Landsbankans hafi mjög eindregið færst undan því að taka þetta að sjer. Enda munu þeir líka hafa mikið að gera, sem og er skiljanlegt, þar sem bankinn er nú í þann veginn að taka við allri seðlaútgáfu landsins, ásamt margþættri starfsemi annari. Enda ekki efasamt, að bankastjórar Landsbankans hafa allra manna mest að gera hjer á landi. Jeg veit, að hvorki bankaráðið eða bankastjórnin óskar eftir því að taka þetta að sjer. Jeg veit, að þeim er það ljóst og verður æ ljósara, að sá straumur er orðinn svo þungur, að landbúnaðurinn heimti sína sjálfstæðu peningastofnun, að móti því verður ekki staðið. Og jeg hygg, að stjórnir Landsbankans hyggi gott til samvinnu við þá stofnun.

Að síðustu get jeg verið sammála hv. þm. um það, er hann sagði í niðurlagi ræðu sinnar. Hv. þm. bjóst við því, að þetta frv. gengi fram, og hann sagði, að það væri nú máske ekki svo ilt, því það gæti verið gott að fá því slegið föstu, hvort fje tapast á landbúnaði eða ekki. Jeg get tekið undir það með hv. þm., að það sje gott, að þessi lög fái að sýna sig — meðal annars til að slá þessu föstu. Og jeg vil fastlega taka undir það, að þetta mál nái fram að ganga. Og það geri jeg í öruggu trausti þess, að það leiði til framfara og blessunar fyrir land og lýð í framtíðinni.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg ætla ekki að tala um málið í heild. Jeg vil þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir það, að hann tók undir það álit mitt, að sameina beri allar veðdeildarstofnanir. Og jeg vil átelja báða höfuðflokka þingsins fyrir það, að láta framkvæmd á ríkisveðbankalögunum hafa dregist úr hömlu.

Hv. frsm. hjelt því fram, að jeg hefði misskilið brtt. landbn. Jeg get játað, að það er að einu leyti rjett. Jeg hafði ekki athugað það, að n.

leggur til, að niður falli síðasti liður 45. gr. Sá liður tel jeg að eigi ekki að falla burt. En hinsvegar get jeg verið þakklátur hv. n. fyrir það að fella burt ákvæðin um fóðurbirgðafjelögin, sem eftir upplýsingum eru aðeins 7 til í landinu og hafa því lítinn rjett að komast inn í þessi lög. Jeg gat þess lauslega áðan og vil ítreka þá skoðun mína nú, að þessi fjelög tryggja lítið fóðurbirgðir manna. Dæmi munu jafnvel vera til þess, að þau hafa verkað öfugt tilgangi sínum um ásetning. Menn hafa sett á sjálfan fjelagsskapinn. Það er annað, sem tryggir fóðurbirgðirnar betur, og það eru bættar samgöngur. Aðaláhættan við þessi lán er sú, að krefjast skuli hreppsnefndarábyrgðar sem viðbótartryggingar við lausafjeð. Þar getur margt komið til greina. Pólitískur óvilji hreppsnefndar til ábyrgðarbeiðanda getur ráðið nokkru. Er ilt, ef slíkt stendur fyrir lánum. Þá get jeg og hugsað, að þeir, sem helst þyrftu lánanna með, yrðu nokkuð óframfærnir að biðja um ábyrgð hreppsnefndar. Jeg vil því láta síðasta lið 45. gr. standa og að bankastjórnum sje heimilt að taka sem viðbótarveð veðrjett í jörðum, annaðhvort 1. eða síðari veðrjetti. Í Danmörku og Noregi er sá siður, að búfje fylgi jörðinni sem veð. Ef sú till. landbn. verður samþ., að 3. liður 45. gr. falli burt og gr. að öðru standi óbreytt, þá er efni brtt. minnar fengið. Verði þetta mál ekki útrætt nú, sem óvíst er, þá getur verið, að jeg komi með brtt. um að nema algerlega burt hreppsábyrgð úr þessu frv. Jeg vil fara allar leiðir fyr en sú leið er farin.

**Ingólfur Bjarnarson:** Jeg tek ekki undir þakklæti hv. 2. þm. Rang. til landbn. fyrir till. hennar að fella burt úr frv. ákvæðið um fóðurbirgðafjelögin. Jeg tel þvert á móti miklu lakara, ef það ákvæði er felt burt. Jeg hjelt, að allir væru sammála um það, að ef sauðfjárræktin á að vera í lagi, þá þurfi fullkomin fóðurtrygging að vera fyrir hendi. Og mjer þykir það undarleg skoðun, ef menn álíta, að fóðurbirgðafjelög, sem þá eru meira en nafnið tómt, leiði til djarfari ásetnings, á þann hátt að menn setji á birgðir fjelagsins, eins og hv. þm. hjelt fram, að ætti sjer stað. Þetta er máske reynsla hv. þm. En þannig er því ekki varið þar, sem jeg þekki til. Jeg held, að nefndin hafi haft of ríkt í huga einstök fjelög, þar sem mistök hafa orðið um þessi atriði. Þar, sem jeg þekki til, heimta fóðurbirgðafjelögin ákveðna lákmarksfóðurtryggingu af fjelagsmönnum, en hafa auk þess sameiginlegan fóðurforða. Jeg held, að þar, sem þessi mál eru komin í best og fullkomnast horf, sje fóðrun sauðfjár orðin því nær jafntrygg og nautgripa, enda á það líka og þarf svo að vera. Fyr getur sauðfjárræktin eigi talist vera komin í sæmilegt horf. Tel jeg, að þetta ákvæði í frv. geti og eigi að verða til þess að ýta undir stofnun fóðurbirgðafjelaga sem víðast á landinu, og væri það vel farið. Jeg tala hjer um fóðurbirgðafjelögin sem nokkurs virði, en ekki að þau sjeu einungis á pappírnum, eins og hv. 2. þm. Rang. vill telja, að þau sjeu. Þegar svo er komið, að fóðrun sauðfjár er orðin fulltrygg, þá virðist fátt mæla á móti, að sauðfjáreigendur geti fengið lán út á þennan bústofn sinn.

Jeg kann því illa við þá till. n., að heimta hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu. Það virðist mjög ósanngjarnt, að bankinn skuli ekki mega lána gegn tryggingu í sauðfje, þar sem svo er ástatt, að bankastjórnin getur talið þá tryggingu fullgilda. Það er meira en ósanngjarnt; það er beinlínis óhæfa. Jeg verð að taka undir með hv 2. þm. Rang., að jeg skoða ákvæðið um, að ætíð skuli heimtuð hreppsábyrgð í þessu sambandi, afar óheppilegt, og mundi enda oft og tíðum lítils virði. Og kynleg er sú skoðun hv. frsm. eða hv. n., að hreppsábyrgð sje góð leið, en hitt ótækt, að bankastjórnin geti, ef hún vill, heimtað ábyrgð allra fjelagsmanna gegn vanskilum eins fjelagsmanns, því þetta sýnist mjer mundi í reyndinni verða eitt og sama og hreppsábyrgð, því að fóðurbirgðafjelögin ná víðast yfir allan hreppinn, og þá er sama, hvort ábyrgðin legst á hreppsbúa gegnum fjelagsskapinn eða hreppsnefndina.

Sem sagt ætla jeg ekki að eyða fleiri orðum um þetta atriði að sinni. Jeg legg áherslu á, að þetta ákvæði um fóðurbirgðafjelög sje mjög þarflegt, og jeg álít það mikinn spilli, ef það væri felt burt. (**GunnS**: Við viljum ekki hafa það sem skilyrði). Þar einmitt skilur okkur á. Jeg vil hafa þetta sem skilyrði, sjerstakl. með það fyrir augum, að það muni stuðla að almennum búfjártryggingum gegn fóðurskorti. Vil jeg biðja hv. þdm. að hafa þetta ríkt í huga.

**Magnús Jónsson**: Hæstv. forsrh. ljet svo um mælt í ræðu sinni, að ekki væri vonum fyr, þótt einhver rödd kæmi til andmæla þessu máli. Þetta er alveg rjett athugað, enda líka ofur eðlilegt. Þegar um er að ræða að koma á fót slíkri stofnun sem þessari, þar sem fengið er einum það, sem tekið er frá öðrum, þar sem hagsmunum einnar stjettar er fórnað fyrir hagsmuni annarar, þá er ekkert sjálfsagðara og eðlilegra en að andmælum sje hreyft. En einmitt það, hve miklu gengi þetta frv. hefir enn átt að fagna í deildinni, sýnir glögt velvilja hennar í garð þeirrar stjettar, sem hjer á hlut að máli. Ella hefðu þessar raddir heyrst fyr.

Mjer virtist hæstv. forsrh. ætla í byrjun að sveigja málið inn á pólitíska sviðið, en úr því varð minna en áhorfðist. Jeg mun því einnig forðast að blanda þessu máli inn í pólitískar æsingar, enda á það þar síst heima. Hann sagði, að „straumurinn væri þungur", þetta væri heimtað á þingmálafundum alstaðar á landinu, og þessa væri krafist leynt og ljóst, bæði í ræðu og riti. Vitaskuld! Vitaskuld er straumurinn þungur, en ef það er hin eina ástæða til þessa frv., þá gæfi jeg lítið fyrir það. Það væri ekki viðlit að gefa hinn minsta gaum að þessu máli, ef ekki lægju til þess aðrar skynsamlegri ástæður, ef málið væri ekki skynsamlegt í eðli sínu. Það er altaf hægt að fá eina stjett til þess að heimta eitthvað og eitthvað. Við skulum hugsa okkur, hvernig á það væri litið, ef verslunarmenn eða kaupmenn heimtuðu sjerstakan banka, sniðinn einungis eftir þeirra þörfum og hagsmunum. Það er enginn vandi að fá menn til að heimta og gera ávalt meiri og meiri kröfur. En slíkt eru

engar ástæður, engin rök fyrir neinu máli. Þingið verður að skera úr, hvort slíkar kröfur eigi rjett á sjer eða ekki og hvort hægt sje að sinna þeim. Það verður að líta á slíkar kröfur frá sjónarmiði heildarinnar og frá skynsamlegu sjónarmiði. Það hefir þegar verið gerð ein tilraun til þess að fullnægja þessum kröfum bænda um aðgang að lánsfje bankanna. Bankaútibúið á Selfossi var stofnað einungis til að sinna þessum kröfum, enda hefir það veitt stórfje til bænda á Suðurlandsundirlendinu. Árangurinn hefir nú ekki orðið glæsilegri en svo, að þetta peningaflóð varð til hins mesta hallæris fyrir bygðarlagið, svo mikils, að varla hefði hafís gert öllu meira tjón. Það er nú svo, að ekki er altaf gott að láta undan kröfum manna með aukið lánsfje, því að þar fylgir sá böggull skammrifi, að slík lán þarf að endurgreiða og skila af þeim vöxtum. Þó var alls ekki um óskilvísi að ræða í sambandi við Selfossútibúið, heldur einungis það, að sveitirnar risu ekki undir að ávaxta lánsfjeð. Nei, í slíkum stórmálum kemur enginn þungur straumur til greina; það er þingið með stjórnina í broddi fylkingar, sem á að meta, hvað sje rjettmætt og hvað sje kleift, og ekkert annað á að koma til greina.

Nú er það fjarri mjer að amast við því, þótt smáatvinnurekendur, bændur og bátaútvegsmenn, fái lán til að stunda atvinnu sína. Jeg er hlyntur öllum tilraunum í þá átt, sjeu þær á viti bygðar og forsjá. Það var slík tilraun, sem rekstrarlánafrv. í fyrra átti að stofna til. En þá fanst mjer anda köldu gegn þeirri sjálfsögðu tilraun, og menn glottu og hristu höfuðin og urðu samtaka um að drepa frv. Nú er þetta frv. á góðum vegi að komast í kring, meðfram og meðal annars fyrir minn lítilsverða atbeina. Þó er það einungis lítill hluti af starfsemi bankans, sem snertir rekstrarlánin, enda gæti Landsbankinn vel dugað til þess. Annars hefi jeg verið þeirrar skoðunar, enda þótt jeg geti viðurkent, að margir hafi betra vit á þeim efnum en jeg, að til þess að efla landbúnaðinn íslenska sje miklu heppilegra að veita verðlaun og beina styrki til ræktunar og búnaðarframkvæmda heldur en að veita honum lán, sem hann ekki er fær um að ávaxta. Besta ráðstöfunin í þessum efnum eru óefað jarðræktarlögin. Þau hafa þegar gert stórmikið gagn, og eiga eftir að gera meira. Landbúnaðurinn á erfitt með að rísa undir miklum lánum eins og nú standa sakir. Fyrst þegar búið hefir verið í haginn með bætt skilyrði, svo sem meira ræktað land, þá er fyrst tími til þess að tala um að lána stórfje til þessarar atvinnugreinar. Þá fyrst getur komið til mála, að landbúnaðurinn fái risið undir stórfeldum lántökum.

Þá stendur það enn óhaggað, sem jeg sagði áðan um áhrif þessarar ráðstöfunar á peningamarkað og peningamál landsins. Hæstv. forsrh. svaraði aðeins því, að ekki væri ástæða til að ætla, að Búnaðarbankinn gæti ekki aukið lánsfjeð, en jeg get ekki sjeð, hvernig hann vill rökstyðja þetta. Jeg get ekki skilið, hvaða möguleika bankinn hefir til að afla fjár. Hæstv. ráðh. sagði, að verðbrjef trygð í jarðveði væru betri en — hjer beygði hann af — betri en nokkur önnur stofnun! Ja, hvaða stofnun? Við skulum bara

halda okkur við efnið og segja t. d. betri en veðdeildarbrjef Landsbankans. Jeg vil stórlega efa það. Jeg held, að t. d. verðbrjef trygð með húseign í Reykjavík sjeu alveg eins góður pappír. Ef menn halda, að ríkisábyrgðin geti hjálpað bankanum til að komast að góðum kjörum, þá gæti það að vísu náð átt, ef þetta væri hin eina stofnun, sem ríkið ábyrgðist. En ríkisábyrgð verður lítils virði, ef henni er dreift niður á margar slíkar stofnanir. Hæstv. forsrh. sagði, að það yrði að veita meira fje inn í landbúnaðinn, en það verður einnig að gefa gaum að þeim afleiðingum, sem slíkt hefir í för með sjer. Um leið og eftirspurnin eykst, en ekki er nóg fje fyrir hendi, þá hlýtur það að hafa vaxtahækkun í för með sjer. Þetta er hættan af því að kljúfa bankastarfsemina og skapa nýja lánsþörf. Slíkt má alls ekki gera nema veita um leið erlendu fjármagni inn í landið. Þegar rætt hefir verið um stofnun nýs banka að undanförnu, þá hefir það altaf verið talið sjálfsagt, að útvegað væri útlent fje, til þess að geta fullnægt lánsþörfinni og eftirspurninni. Sama var og gert þegar Íslandsbanki var stofnaður. Þetta er ekki gert hjer og af því getur auðveldlega stafað stór hætta, og jeg vil benda hv. þdm. á það til frekari athugunar.

Mjer þótti vænt um, að hæstv. forsrh. talaði vingjarnlega um smábátaútveginn og játaði, að hann hefði orðið útundan hingað til hvað lánsstofnanir snerti. Ef ætti nú að setja upp lánsstofnun fyrir smábátaútveginn, yrði hún að hafa ríkisábyrgð að baki, til þess að njóta svipaðrar aðstöðu sem lánsstofnun landbúnaðarins, en slík ótakmörkuð ríkisábyrgð á öllum helstu peningastofnunum landsins færi þá að verða lítils virði fram af því. Hæstv. forsrh. sagði, að sá atvinnuvegur, sem væri svo öruggur, að ekkert af lánsfje, sem til hans rynni, tapaðist, ætti heimtingu á betri vaxta- og lánakjörum en aðrir atvinnuvegir stopulli. Þetta er öldungis rjett, en þetta á aðeins ekki við íslenskan landbúnað. Það hefir að vísu ekki verið lánað fje til landbúnaðarins í stórum stíl, en það mun veitast örðugt að fá það fje alt inn aftur. Og bankastjórnirnar munu finna það, að nokkrum örðugleikum er það bundið að fá inn löng og stór lán, sem lánuð hafa verið til sveitabúskaparins. Að öðru leyti skal jeg ekki karpa við hæstv. forsrh. um, hvort meira hafi tapast á sjávarútveg eða landbúnaði, en ef landbúnaðurinn hefir lítið fengið af lánsfjenu, eins og margtekið hefir verið fram af hæstv. forsrh. og fleirum, þá er engin furða, þótt ekki hafi mikið tapast. Og jeg læt það ósagt, hvort töpin á sjávarútveginum hafa verið hlutfallslega meiri en á landbúnaðinum, og mjer þykir það jafnvel ósennilegt. Annars er hjer um að ræða slíka voðatíma, að varla hafa slíkir komið í manna minnum.

Þá hjelt hæstv. forsrh., að jeg mæti bankaráð Landsbankans minna og treysti því síður nú, þar sem jeg væri nú ekki í því sjálfur. Jú, alveg rjett; sjálfs er höndin hollust og flestir munu svo gerðir, að þeir treysti betur sjálfum sjer en einhverjum og einhverjum. En jeg vísa þeirri aðdróttun á bug, að jeg vantreysti

bankaráðinu einungis vegna þess, að jeg á þar ekki sæti. Hitt nær engri átt, að segja, að það geri bankanum ekkert til, þótt hann sje sviftur verulegum hluta starfsfjárins. Hæstv. ráðherra vildi ekki ganga inn á, að ríkisábyrgð væri minna virði þótt hún væri látin ná yfir Búnaðarbankann í viðbót. En þegar einn banki hefir þegar slíka ábyrgð og öðrum er bætt við með sömu ábyrgð, þá er það augljóst, að ábyrgðin verður ljelegri fyrir þann banka, sem hafði hana einn áður. Hæstv. ráðh. virðist misskilja þetta atriði algerlega.

Jeg skal svo ekki deila um þetta mál frekar við hæstv. ráðh., en teldi það ólíkt skynsamlegri leið að fela banka þeim, sem ríkið þegar á, þessa starfsemi. Í stað þess að stofna sjerstakan banka, sem ekki hefir betri skilyrði, hvorki fjármagn nje annað, heldur en þessi Búnaðarbanki, sem nú er í ráði að koma á fót. Að bankastjórnin vill losna við þetta, er mjög skiljanlegt, því flestir vilja hafa minna að gera en meira, og auk þess gefur þetta bankanum lítið í aðra hönd. En ef það yrði Landsbankastjórninni um megn að annast um þessi mál, þá er opin leið að bæta við manni eða mönnum til þess að standa fyrir þeim. Þessi leið væri ólíkt heppilegri, auk þess sem hún væri ólíkt kostnaðarminni.

Jeg er sammála hæstv. forsrh. um það, að gott er að fá reynslu. En það, sem skilur á milli okkar, er, að hann vill stofna til hennar, en jeg vil það ekki. Mjer er það ljóst, að slík reynsla getur orðið helst til dýrkeypt. Jeg hefði helst kosið, að þetta mál væri afgr. með rökstuddri dagskrá, en annars mun jeg láta nægja að sýna með atkvæði mínu afstöðu mína til málsins.

**Bjarni Ásgeirsson:** Vegna þess að hv. 1. þm. Reykv. (MJ) notaði Landsbankann sem eitt af þeim vopnum, sem hann vóg að þessu frv. með, og mintist á álit það, sem bankaráðið sendi landbn., [illegible] jeg sem bankaráðsmaður með [illegible] krum orðum gera grein fyrir afstöðu minni [illegible] þessa máls. Og [illegible] er óhætt að [illegible] ja, að nokkuð sv[illegible] vakir fy[illegible] öllu[illegible] ka-ráðsmön[illegible] í þessu [illegible]

Jeg heyrði því m[illegible] n[illegible] lít[illegible] [illegible] ræðu hv. þm. [illegible] n[illegible] e[illegible] [illegible] hafi komið fram í ræðu hans, að hann liti svo á þetta frv., að það væri hörð árás á Landsbankann, og þess vegna væri mjög svo óeðlilegt, að bankaráðið mælti með því. Síðar í ræðu sinni fór hv. þm. nokkrum orðum um afstöðu Framsóknarflokksins til frv. og gaf í skyn, að það væri meiri hl. bankaráðsins, sem að álitinu stæði. Jeg vil geta þess, að allir bankaráðsmenn skrifuðu undir álitið, og jeg vil ennfremur geta þess, út af því, sem hv. þm. sagði um, að farið hefði verið á bak við bankastjórana, að það er alls ekki rjett. Því til sönnunar vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr álitinu:

„.... Bankastjórar Landsbankans hafa tjáð sig samþykka breytingartillögum álits þessa í öllum aðalatriðum, þó að þeir ekki undirskrifi það, þar sem þeir hafa skýrt landbúnaðarnefndinni munnlega frá áliti sínu".

Hjer er því ekki um neina flokkshlutdrægni að ræða, heldur einróma álit allra bankaráðsmanna og bankastjóranna.

Jeg held, að skoðun hv. þm. hafi komið skýrast fram, þegar hann mintist á það, að enginn vafi væri á, að ef einn maður ætti Landsbankann, mundi hann hafa lagt á móti þessu frv. Það er mjög sennilegt. Ef hv. 1. þm. Reykv. ætti Landsbankann með húð og hári, ef Landsbankinn væri gróðafyrirtæki hv. þm., þá er enginn vafi á því, að hann væri á móti öðrum slíkum stofnunum hjer. Hann mundi vilja fá sem mest af peningaverslun landsins í sinn eiginn banka. En þarna skilur mikið á milli. Landsbanki Íslands er stofnaður og starfræktur til hagsmuna þjóðarheildinni. Hagsmunir hans og hagsmunir alþjóðar fara saman. En einstaklingsstofnun getur rakað saman fje í vasa eigandans, þó að þjóðin bíði tjón af því. Það er skoðun okkar bankaráðsmanna, að með því að hefjast handa um stofnun landbúnaðarbanka, standi þjóðarheildin betur að vígi en áður. Þegar við álitum, að hann gæti orðið til þess að efla íslenskan landbúnað, töldum við það skyldu okkar að greiða götu hans, því að okkur var ljóst, að landbúnaðurinn hlýtur að vera tryggasti atvinnuvegur landsmanna, þó að hann sje engin uppgripatekjugrein. Og um leið og landbúnaðurinn er trygður, er trygður þjóðarbúskapurinn, og þá um leið sá banki, sem þjóðin á. En hv. 1. þm. Reykv. lítur alt öðrum augum á þetta mál. Hann lítur svo á, að landbúnaðurinn sje ekki fær um að nota lánsfje til sinnar starfrækslu, og því eigi ekki að greiða fyrir lánsstofnun handa honum. Mjer finst hv. þm. vera að gefa sjálfum sjer utan undir, þegar hann um leið vill selja Landsbankanum í hendur þessa starfrækslu. Það ætti þó að vera jafnhættulegt fyrir hvorn bankann sem er.

Hv. þm. finst landbúnaðurinn ekki vera fær um að ávaxta lánsfje. Í því sambandi mintist hann á bankaútibúið á Selfossi. Það er að vísu rjett, að þar hefir tapast nokkurt fje, og jeg skal geta þess, að það mun vera búið að afskrifa 320 þús. kr. En þess verður að gæta, að það eru alveg óvenjulegir tímar, sem útibúið hefir starfað á. Þegar það var stofnað og meðan mestum hluta fjárins var veitt út til bænda, stóð yfir mesta lággengistímabilið, og síðan var krónan hækkuð alveg fyrirvaralaust svo mikið, að það hlaut að koma hart niður á þeim mönnum, sem fengið höfðu lán. Skuldirnar voru mestar árið 1923, ca. 2 miljónir. Nú er sem sagt búið að afskrifa 320 þús. kr., og það eru þó ekki nema 16% af skuldunum, ekki einu sinni það, sem gengishækkuninni nemur. Það er ekki eins mikið og sá sjerstaki skattur, sem á lántakendur var lagður með gengishækkuninni. Jeg held, að út frá þessu sje óhætt að draga þá ályktun, að ef engar sjerstakar ráðstafanir hefðu verið gerðar af ríkisvaldsins hálfu til þess að þyngja þessar skuldir, þá hefðu þær borgast upp. Um leið og bankinn er stofnaður, verður því að fara fram festing gjaldeyrisins, enda má segja það hv. þm. (MJ) til hróss, að þar er hann í fullu samræmi við sjálfan sig. Hann er á móti festingu og hann er á móti bankanum. En frá sjónarmiði þeirra, sem álíta, að þetta eigi að gera, hlýtur það að koma jafnhliða. að sjá um, að lántakendum verði ekki íþyngt með gengishækkun.

Um svipað leyti og stofnað var úti-

búið á Selfossi, var stofnað annað útibú á Eskifirði, sem skifti eingöngu við sjávarútvegsmenn, og þar hafa verið afskrifaðar á 3. milj. kr. Að vísu er það nokkuð meira fje, sem staðið hefir í útlánum þar, eða um 3½ milj. kr. þegar mest var, en allir sjá á þessu hinn geysilega mun á aðstöðu landbúnaðar og sjávarútvegs til þess að skila aftur fjenu. Útibúið á Selfossi getur því ekki talist nein sönnun fyrir því, að bændur geti ekki greitt lán sín, ef ástandið er ‚normalt'. Hitt er alveg rjett, að landbúnaðurinn er ekki fær um að bera lán með háum vöxtum, venjulegum víxilvöxtum, enda er það alþekt, að allar þjóðir, sem nokkuð vilja gera fyrir sinn landbúnað, leggja mikla áherslu á að sjá honum fyrir lánum með góðum kjörum. Og það mun sannast, að ef nokkuð verður til þess að lyfta íslenskum landbúnaði, þá er það þetta. Þá er Landsbanki Íslands líka trygður, hann, sem hvílir á herðum alþjóðar með öllum sínum skyldum.

Það er alveg rjett, að landbúnaðinum er mikill styrkur að því að njóta þeirrar aðstoðar löggjafarvaldsins, sem honum er trygð með jarðræktarlögunum. En það nægir ekki. Það er ekki nóg að rækta jörðina. Menn verða líka að geta keypt sjer bústofn og bygt yfir hann, og menn verða að hafa fje til að reka bú sín. Það hlýtur því að haldast í hendur, að um leið og ræktunin eykst, verða búin að stækka.

Það eina, sem gæti verið varasamt gagnvart Landsbankanum í þessu sambandi — og hv. þm. fór líka inn á það —, er það, að sparisjóðsfje landsmanna yrði kannske beint frá Landsbankanum og í þennan nýja banka. En jeg man svo langt, að hv. þm. hjelt langa ræðu í fyrra, þegar Landsbankafrv. var hjer á döfinni, og þótti þá ekki anda köldu frá Framsóknarflokknum til Landsbankans. Þá var verið að tryggja bankann, og hv. þm. þótti nóg um. Og aðalrök hans voru þau, að það væri verið að hleypa sparisjóðsfje inn á Landsbankann, en það gæti verið honum hættulegt sem seðlabanka. Það er rjett, ef Landsbankinn hefði ekki örugt ráð til að draga úr sparisjóðsfjárstraumnum að honum. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hv. þm. er nú að kvarta undan því, að sparisjóðsfje verði beint frá Landsbankanum.

Nei, hv. þm. verður að viðurkenna, ef hann vill viðurkenna það, sem rjett er, að það er sitthvað að líta á Landsbankann sem einkastofnun, sem ekki sjer út fyrir sinn þrönga hagsmunahring, eða sem lánsstofnun til þess að byggja upp sterk og alhliða viðskifta- og atvinnumál. (**MJ:** Hv. þm. hefir misskilið mig. Jeg sagði ekki þetta). Jeg gat ekki skilið það öðruvísi, enda veit jeg ekki, hvað þetta innskot hv. þm. um bankann sem einstaklingseign hefir átt að sanna annað en þetta.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg gæti að vísu fallið frá orðinu, af því að hv. þm. Mýr. vjek að því atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem jeg taldi sjerstaklega nauðsynlegt að andmæla, sem sje útibúinu á Selfossi. Jeg vil undirstrika það, sem hv. þm. Mýr. benti á, að það stóð svo sjerstaklega á, þegar útibúið var stofnað, að ekki má taka það til samanburðar við stofnun landbúnaðar-

bankans. Útibúið á Selfossi er einmitt ljóst dæmi þess, hvernig þjóðfjelagið má ekki haga sjer í slíkum málum. Það má ekki hvetja menn til að taka fje að láni og lána þeim það og koma svo á eftir og skattleggja þá sömu menn með gengishækkun. Hv. 1. þm. Reykv. hefir gott af að sjá, að það er einmitt þetta, stofnun ræktunarsjóðs, byggingar- og landnámssjóðs og landbúnaðarbanka, sem miðar að því, að ekki sje íhaldskyrstaða, heldur framför í þessum málum, sem gerir það óverjandi að koma á eftir og skattleggja menn með gengishækkun. Jeg tók það þegar fram við fyrstu umr. þessa máls, að þetta væri gert í fullri vissu um það, að ekki færi á eftir gengishækkun. (**MJ**: Er nú gengismálið komið á dagskrá?). Hv. þm. má ekki kvarta, þó að minst sje á gengishækkun í þessu sambandi. Hann hefir sjálfur gefið tilefni til þess, með því að draga útibúið á Selfossi inn í umr. Það þarf að sýna hv. þm., hvað dæmi hans var illa valið. Það verður að prjedika yfir honum „í tíma og ótíma", eins og hv. þm. mun kannast við, að einhversstaðar stendur.

Hv. þm. sagði, að það væru smávægileg rök, þegar jeg benti á, að kröfur hefðu borist utan af landi um stofnun landbúnaðarbankans. Það er rjett, að kröfurnar eru ekki í sjálfu sjer nein rök. En þær eru ekki að ástæðulausu komnar fram. Það er mjög náið samband milli krafnanna og rjettmætis frv. Mönnum er orðið ljóst, um hve mikla þörf og rjettlætismál er að ræða.

Hv. þm. fór aftur inn á ríkisábyrgðina og sagði, að fyrir þá, sem ætluðu að veita lán, skifti það litlu máli, hverskonar stofnun tæki lánið, ef ríkisábyrgð stæði að baki. Þetta hefir heyrst áður, að það komi engum við, til hvers fjeð sje notað, bara ef peningarnir fáist. En það eru sem betur fer ekki allir, sem líta þannig á. Í augum skynsamra fjármálamanna er fátt, sem eflir traust þeirra eins mikið og einmitt það, að verið sje að draga lánsfje hingað til þess að styrkja landbúnaðinn. Það er uppi sú stefna víða í heiminum, — má heita hún hafi alþjóðafylgi —, að það sje rjett og sjálfsagt að efla landbúnaðinn með því meðal annars að tryggja honum lánsfje, til þess að draga úr hinum óeðlilega ofvexti bæjanna.

Hv. 1. þm. Reykv. kom inn á það, að stofnun Búnaðarbankans myndi leiða af sjer „inflation" í peningamálum. Jeg verð nú að segja það, að margir erlendir fjármálamenn myndu brosa, ef þeir heyrðu hv. þm. tala um „inflation" í sambandi við þá ráðstöfun, þegar beina á lánsfjenu til tryggasta atvinnuvegar þjóðarinnar. Jeg vil nærri því fullyrða, að landbúnaðarlán og „inflation" sjeu hugtök, sem nálega útiloka hvort annað. Jeg hygg einmitt, að lán til landbúnaðarins myndu þvert á móti hindra „inflation", ekki síst ef það sama lánsfje yrði að einhverju leyti dregið frá öðrum áhættusamari fyrirtækjum.

Þá vjek hv. þm. að töpum landbúnaðarins í samanburði við töp annara atvinnuvega. Til þess að draga úr ummælum mínum um það efni sló hann því föstu, að landbúnaðurinn hefði ekki fengið nema hverfandi lítið af lánsfje bankanna, og á það yrði að líta, þegar borin væru saman töpin.

Þessi rök eru þægileg fyrir hv. þm. þegar hann er að tala um töpin, en hann verður jafnframt að gera sjer grein fyrir því, að í þeim rökum felst viðurkenning þess, að landbúnaðurinn hafi orðið útundan við skiftingu lánsfjárins. Úr þessari misskiftingu er verið að bæta með þessu frv. Og það er ákaflega hæpið fyrir hv. þm. að greiða atkv. gegn því, úr því að hann viðurkennir, að misskiftingin eigi sjer stað.

Síðast í ræðu sinni kom hv. þm. að því, að heppilegast myndi að fela Landsbankanum alla þá starfsemi, sem Búnaðarbankinn á að hafa á hendi. Talaði hann um, að dýrt væri að hafa stofnanirnar tvær, en bjóst við, að stjórn Landsbankans myndi geta int þetta af hendi með aðstoð sjerstakra trúnaðarmanna. Jeg geri ekki ráð fyrir miklum aukakostnaði við stofnun Búnaðarbankans. Samkv. gildandi lögum er launuð stjórn við ræktunarsjóð og byggingar- og landnámssjóð. Sú stjórn fellur niður, þegar bankinn verður stofnaður. Þá verður heldur ekki þörf þeirra sjerstöku trúnaðarmanna, sem hv. þm. vill skipa við Landsbankann til að hafa eftirlit með landbúnaðarlánum. Jeg held því, að aukakostnaðurinn verði mjög lítill, og þó að hann yrði einhver, þá sje jeg ekki eftir honum til þess að inna af hendi svo þýðingarmikið starf sem þetta.

**Jón Auðunn Jónsson:** Eins og hv. þdm. muna, var um það deilt, þegar endanlega var ákveðið um seðlaútgáfuna, hvort hún skyldi aðgreind frá annari bankastarfsemi eða ekki. Við, sem þá vorum í minni hl. og mæltum með sjerstökum seðlabanka, hljótum að vera ánægðir yfir því, að þetta frv. er fram komið. Með því eru gerðar ráðstafanir til að flytja nokkuð af starfsemi seðlabankans yfir í aðra stofnun. Það er von okkar, sem viljum halda seðlaútgáfunni út af fyrir sig, að sú viðleitni, sem hjer er hafin, haldi áfram, og að svo fari með tíð og tíma, að hin almenna útlánastarfsemi flytjist frá seðlabankanum yfir á aðrar hendur.

Í öðru lagi vil jeg lýsa ánægju minni yfir því, að þetta mál skuli nú verða til lykta leitt, þó að jeg sje hinsvegar eigi samþykkur frv. að öllu leyti. Á þinginu 1921, þegar rætt var um stofnun fasteignabanka, hjelt jeg því fram, ásamt þáverandi hv. þm. Mýr., að lánsþörf landbúnaðarins yrði ekki fullnægt, nema nýtt fjármagn yrði fengið til þess og aðskilið frá öðru lánsfje bankanna. Reynslan hefir staðfest álit okkar. Þá höfðum við meiri hl. þingsins á móti okkur. Nú viðurkenna flestir, að búnaðarlánum beri að halda aðgreindum frá annari bankastarfsemi.

Það hefði ekki verið nóg fyrir nokkrum árum að gefa landbúnaðinum kost á lánsfje. Það þurfti að skapa skilyrði til þess, að hann gæti veitt fjenu viðtöku. Eins og oft hefir verið tekið fram, hafa bönkunum borist ákaflega fáar beiðnir um landbúnaðarlán. Jeg minnist þess ekki frá starfi mínu á Ísafirði, að nokkrum manni væri þar synjað um landbúnaðarlán, svo framarlega sem fullnægjandi ábyrgð var fyrir því. En um það leyti var ekki til neins fyrir bændur að taka lán til ræktunar. Nú er aðstaðan breytt. Skilyrðin eru fyrir hendi, og

það er mest og best að þakka jarðræktarlögunum frá 1923. Tíminn er kominn til þess, að landbúnaðurinn fái sína sjerstöku lánsstofnun.

Hitt tel jeg ekki heppilegt, að skifta veðlánastarfseminni eins og hjer á að gera. Heppilegast væri okkur að taka upp sama fyrirkomulag og nú er í Danmörku, meðan við þurfum á erlendu fje að halda. Vaxtabrjefasala á erlendum markaði er erfið nema fylgt sje hinu svonefnda „Kreditforenings"-fyrirkomulagi, eins og Danir gera. Jeg hafði einu sinni von um allverulega sölu á brjefum ræktunarsjóðs í Englandi. En þegar hinn tilvonandi kaupandi fjekk í hendur þýðingu á lögum og reglugerð ræktunarsjóðsins, tilkynti lögfræðisráðunautur hans, að hann gæti ekki ráðið honum til að kaupa þessi brjef. Aftur á móti ráðlagði hann honum að kaupa áfram dönsk „Kreditforenings"-brjef.

Jeg vildi benda hæstv. stjórn á það um leið og hún tekur lán til þessa banka, að það lán verður að takast til langs tíma. Það er vitanlegt, að landbúnaðurinn getur ekki skilað lánsfje eins ört og aðrir atvinnuvegir. Því þarf lánið að vera trygt til langs tíma.

Jeg álít ekki rjett að blanda hinum gömlu deilum um töp bankanna inn í þessar umr. En jeg vil þó, að gefnu tilefni, benda á það, að eins og bankarnir hafa hlotið sín stærstu töp af sjávarútveginum, svo hafa þeir einnig haft af honum sínar mestu tekjur. Hv. þdm. mættu muna, að á árunum 1919—1920 var tekinn af útgerðarmönnum allur erlendur gjaldeyrir, sem þeim fjell til fyrir afurðir seldar á erlendum markaði, og bankarnir ákváðu, hvaða verð skyldi greitt fyrir þann gjaldeyri. Oft urðu þeir svo að kaupa þennan sama gjaldeyri fyrir miklu hærra verð stuttu síðar. Jeg þekki þess dæmi, að útgerðarmaður greiddi a. m. k. 40—50 þús. kr. skatt með þessum hætti á einu ári. Þessu hættir mönnum til að gleyma. Menn vilja heldur ekki líta á það, að töp bankanna eru síst meiri en búast mátti við. Í öðrum löndum, þar sem bankastarfsemi stóð á gömlum merg, urðu töpin engu minni. Og síst þurfa mönnum að vaxa töpin í augum, þegar þess er gætt, að bankastarfsemin hjer hvílir að langmestu leyti á sjávarútvegi, sem að vísu er nokkuð fallvaltur, en ber þó uppi mestan **hluta** af byrðum ríkisins og greiðir þyngri gjöld en lögð eru á sjávarútveg nokkursstaðar annarsstaðar. Í öðrum **lönd**um er tekjuskattur af sjávarútvegi víðast lægri en af iðnaði. En hjer er tekjuskattur á hlutafjelögum, sem flest eru stofnuð til útgerðar, alveg sjerstaklega hár. Auk þess borgar sjávarútvegurinn mikið fje í tolla af erlendum efnivörum til útgerðarinnar.

**Forseti (JörB):** Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. við 45. gr. frv., frá hv. 2. þm. Rang. Þessi till. er of seint fram komin, og þarf afbrigði til þess að hún megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg þarf ekki að tala langt mál fyrir brtt. minni. Hv. frsm. sagði, að í henni fælist lítil

efnisbreyting. Það má vera, að hún sje ekki mikil, en þó er hún heldur til bóta.

Mjer sýnist óheppilegt, að þingið skuli hafa gengið inn á þá braut að leggja lántökuábyrgð á hreppsnefndir. Jeg tel tryggginguna næga án þess, þegar aðeins er miðað við helming veðsins með verðlagsskrárverði.

Það mun nú óalgengt, að bændur felli fje fyrir fóðurskort. Hinsvegar var það misskilningur hjá hv. þm. S.-Þ., að jeg væri að amast við fóðurbirgðafjelögum. Jeg er aðeins á móti því, að þau sjeu gerð að skilyrði fyrir lánveitingu.

Þó að brtt. mín verði samþ., getur bankastjórnin heimtað, að lántakandi sje í fóðurbirgðafjelagi, ef henni þykir ástæða til. Og hún myndi líklega gera það í mörgum tilfellum, þó að eigi sje hún skylduð til þess undantekningarlaust.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg hefi hingað til setið hjá að mestu leyti í þessum umr. En jeg tel naumast viðeigandi, að frv. fari svo út úr deildinni, að ekki sje gerð grein fyrir, hversu mikið það fjármagn er, sem sú lánsstofnun, sem hjer er um að ræða, á að hafa til umráða, og hverjar þær skyldur eru, sem ríkissjóði eru lagðar á herðar með stofnun hennar. Jeg hefi nú reynt að gera mjer grein fyrir þessu, og útkoman er sem næst því, er hjer segir:

Eftir frv. á bankinn að starfa í 5 deildum. Fyrir sparisjóðs- og rekstrarlánadeild má ríkissjóður ábyrgjast alt að 3 milj. kr. Eigi er unt að spá neinu um það, hversu mikið sparifje sú deild muni fá til umráða, en til þess mun ætlast, að kapp sje lagt á að afla henni fjár á þann hátt, m. a. með því að ávaxta þar opinbera sjóði.

Stofnfje veðdeildarinnar er eftir frv. 1¼ milj. kr., auk þess, sem hún fær nokkurn hluta kirkjujarðasjóðs til ráðstöfunar. Þá er og gert ráð fyrir, að ríkið taki 2 milj. kr. lán til vaxtabrjefakaupa hennar vegna. Veðdeildin má selja vaxtabrjef fyrir áttfalda stofnfjárupphæðina, eða 10 milj. kr. alls.

Þá er bústofnslánadeildin. Stofnfje hennar er 1 milj. kr. Lánsheimild stjórnarinnar til vaxtabrjefakaupa er 1½ milj. Vaxtabrjef deildarinnar mega nema sexfaldri stofnfjárupphæð, eða um 9 milj. króna.

Af lögunum um ræktunarsjóð er ekki hægt að sjá með fullri vissu, hvert stofnfje hans er, en það mun vera eða verða milli 2 og 3 milj. kr. Landsbankanum er gert að skyldu að kaupa 1 milj. og 400 þús. í vaxtabrjefum sjóðsins, og alls mega þau nema 6-faldri stofnfjárupphæðinni. Alls getur sjóðurinn því haft til umráða 15—18 milj. kr.

Árlegt framlag ríkisins til byggingar- og landnámssjóðs er 200 þús. kr. Ríkisstjórnin hefir heimild til að taka lán handa sjóðnum, alt að 5 milj. kr. Sje eigi gert ráð fyrir, að alt framlag ríkissjóðs gangi upp í greiðslu á vaxtamismun, má ætla, að fje það, er sjóðurinn hefir til umráða, verði að nokkrum tíma liðnum kringum 6 milj. kr.

Að þessu athuguðu telst mjer svo til, að 4 síðast töldu deildir Búnaðarbankans geti innan skams haft í veltu fast að 40 milj. kr. (nákvæmlega 37 milj.) í vaxtabrjefum, lánum með ríkisábyrgð og beinum framlögum frá

hinu opinbera. Þá þykir mjer líklegt, að gera megi ráð fyrir, að hann fái til meðferðar í sparisjóðsdeild áður en langt um líður a. m. k. ca. 20 milj. kr. af sparifje þjóðarinnar, auk 3 milj. kr. láns með ábyrgð ríkissjóðs. Væri veltufje bankans þá alls um 60 milj. kr., og yrði hann þá langstærsti banki hjer á landi.

Mig furðar talsvert á því, að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa gert deildinni nánari grein en hann hefir gert fyrir því, hversu mikið fje hjer er um að ræða. (**Forsrh.**: Það sjest í frv.). Almenningur leggur varla út í að reikna þetta út eftir frv. Það veit hæstv. forsrh. Og það er nokkurnveginn sjálfsagt að láta þetta koma greinilega fram hjer á Alþingi og í Alþingistíðindunum, ekki síst þegar þess er gætt, að ríkið á að bera ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, auk hinna sjerstöku ábyrgða og beinna framlaga. Bein framlög frá ríkinu til bankans teljast mjer 6 milj. kr. Lántökuheimildir og ábyrgðarheimildir nema 13 milj. Og veltufjeð alt, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, getur, eins og jeg hefi tekið fram, fljótlega orðið alt að 60 milj. kr.

Því neitar enginn, að svo framarlega sem þessi lög verða samþ. og ná tilgangi sínum, er mikið gert til að bæta úr lánsþörf landbúnaðarins, sem hingað til hefir ómótmælanlega verið allmjög afskiftur við úthlutun starfsfjár. Þó að jeg sje, eins og jeg hefi áður tekið fram, ekki viss um, að farin sje rjetta leiðin í þessu frv., mun jeg samt greiða atkv. með því. Jeg get ekki neitað því, að mjer finst óviturlegt, að horfið skyldi vera frá hugmyndinni um einn ríkisveðbanka. Mín skoðun er sú, að öll veðlánastarfsemi í sveitum og kaupstöðum væri best komin hjá einni og sömu stofnun. Gangi þetta frv. í gildi, höfum við fljótlega 5 tegundir bankavaxtabrjefa hjer á landi. Búnaðarbankinn hefir 3 tegundir: vaxtabrjef veðdeildar, bústofnslánadeildar og ræktunarsjóðs. Auk þess er veðdeild Landsbankans með sín vaxtabrjef. Loks var samþ. á síðasta þingi heimild til stofnunar og starfrækslu fasteignalánsfjelaga. Eftir því sem jeg best veit, hefir eitt slíkt fjelag nú þegar trygt sjer nokkurt fje með aðstoð Íslandsbanka og er í þann veginn að taka til starfa. Bætist þá við enn ein tegund vaxtabrjefa.

Að hafa svo margar tegundir vaxtabrjefa verð jeg að telja mjög óheppilegt. Vaxtabrjef þessara stofnana eru til mismunandi tíma og með mismunandi vöxtum og verða seld af mörgum aðilum. Má því telja víst, að þau verði talin misjafnlega útgengileg og nokkuð misjafnlega trygg. Þetta er stjórninni sýnilega ljóst, því að hún hefir í þessu frumvarpi gert ýmsar smávægilegar ráðstafanir til að tryggja sölu brjefanna með því að heimila lántöku ríkissjóðs til brjefakaupa. En allir ættu þó að geta orðið sammála um, að ríkið geti ekki orðið aðalkaupandi brjefanna, og að óhjákvæmilegt verði að leita að mjög miklu leyti til útlendra peningamanna eða stofnana. Jafnvel þótt horfið yrði að því að láta eina og sömu stofnun selja öll þessi brjef, sem áreiðanlega væri til bóta, myndi salan samt ganga ver af því að þau eru gefin út af svo mörgum og ólíkum stofnunum.

Jeg geri ráð fyrir, að örlög þessa frv. sjeu þegar ráðin. Jeg vildi þó eigi láta undir höfuð leggjast að benda á þau atriði, sem jeg nú hefi talað um, áður en það fer út úr deildinni.

Hæstv. forsrh. hefir haldið því fram, að hættan, sem fylgdi lánum til landbúnaðar, væri hverfandi lítil, samanborið við önnur lán, sem bankarnir hjer hefðu veitt. Jeg skal játa það, að reynslan hefir orðið sú til þessa yfirleitt, að því er jeg best veit, að lánsstofnanirnar hafa beðið minni töp af lánum til landbúnaðar heldur en til sjávarútvegs og verslunar, og einmitt þetta er ástæðan til þess, að jeg álít rjett að gera nokkurn mun, og hann ekki alllítinn, á vaxta- og lánskjörum til landbúnaðar frá því sem er til hinna áðurnefndu atvinnugreina. Hinsvegar er það vitanlega fjarri öllum sanni að halda því fram, að ekki fylgi og nokkur áhætta lánum til landbúnaðar. Það er rjett hjá hv. 1. þm. Reykv., að töp hafa orðið nokkur á þeim lánum. Þær upphæðir munu smáar, þegar borið er saman við töp bankanna á öðrum atvinnuvegum, en við þann samanburð er ekki rjett að líta á töpin eingöngu, heldur og á lánsupphæðirnar og hlutfallið milli taps og útlána til hvers atvinnuvegar.

Jeg hygg, að skýrslur liggi ekki fyrir um það, hversu mikil töpin hafi orðið, þegar miðað er við hundraðstölu lána til landbúnaðar og sjávarútvegs; væri þó fróðlegt að fá skýrslur um það efni. Því verður ekki neitað, að þessi tvö síðustu þing hafa sýnt ákaflega mikla viðleitni í þá átt að koma peningamálum okkar í fastara horf. Hitt kann að verða ágreiningur um, hversu vel og hyggilega þar hafi verið að unnið. Þingið í fyrra samþykti verulegar breytingar á lögum um Landsbanka Íslands, og fyrir þessu þingi liggur í fyrsta lagi frv. til verðfestingar eða stýfingar, og nú er um að ræða frv. um þessa sjerstöku lánsstofnun fyrir landbúnaðinn.

Jeg vildi mega vænta þess, að þeir hv. þm. og sú hæstv. stjórn, sem nú kann svo vel að sjá þörf sveitamannanna í þessum efnum, kunni jafnvel að sjá þörf annara manna, sem þetta land byggja. Það var vikið að því við 1. og 2. umr., að í frv., sem hjer liggur fyrir, væri ekki gert ráð fyrir lánveitingum til annara manna en þeirra, sem hefðu landbúnað eingöngu fyrir atvinnu. Nú hefir hæstv. forsrh. lýst því yfir hjer áður í deildinni, að hann fyrir sitt leyti væri samþykkur og vildi vinna að því, að úr þessu yrði bætt þannig, að upp í þetta frv. væri tekin heimild til þess að lána smábændum í grend við bæina, verkamönnum og sjómönnum, sem hafa nokkra jarðrækt til uppbótar atvinnu sinni. (**MJ**: Þeir breyta því til hins verra, náttúrlega). Jeg vil helst ekki leggja trúnað á spár hv. 1. þm. Reykv., þar til ef reynslan sannar annað; þá verð jeg auðvitað að gera það. Þangað til tek jeg orð hæstv. ráðh. trúanleg.

Annað er það, sem jeg ekki vil láta hjá líða að benda á, áður en frv. kveður þessa hv. deild; það er það, að ekki verður sjeð á frv., að gerður sje neinn greinarmunur á því, hvernig landbúnaðurinn er rekinn. Jeg drap nokkuð á þetta hjer í gær, við umr. um frv. til ábúðarlaga. — Jeg álít, að það skifti miklu, hvor stefnan verður upp tekin, hvort hlúð er að einstökum fjáraflamönnum, sem af einhverjum ástæð-

um hafa yfir miklu fje að ráða, leggja undir sig hálfa hreppa og reka bú sín að mestu eða öllu leyti með leigðu vinnuafli, eða hvort á að örfa menn til smábúskapar, þar sem meiri hluti þeirra manna, sem vinna að búnaðinum, er skyldulið þess, sem býr, en lítill aðkeyptur vinnukraftur fenginn. Jeg sje ekki, að hjer sje gerður neinn greinarmunur á þessu tvennu. Mjer virðist, að sá maður t. d., sem kannske býr á mörgum jörðum saman og hefir hundruð þúsunda króna í veltunni, og rekur búið með eingöngu aðkeyptum vinnukrafti, eigi að njóta sama styrks og sömu lánskjara hjá Búnaðarbankanum og bóndinn, sem sjálfur yrkir og ræktar jörð sína og hagnýtir hana með skylduliði sínu svo að segja eingöngu. En á þessu er mjög mikill munur; annað búið er rekið sem gróðafyrirtæki, en hitt sem bjargræðisvegur mannsins sjálfs, sem búið stundar, og fjölskyldu hans. Jeg get ekki látið hjá líða einmitt í sambandi við þetta frv. að drepa nokkuð á annað frv., sem liggur fyrir þinginu. Það er frv. um styrk frá því opinbera til verkamannabústaða. Jeg verð að vona, að sá flokkur í þinginu, sem rjettilega kann að meta þörf bænda til aukins starfsfjár til að bæta bústofn sinn og húsakynni, kunni og að sjá þarfir verkamanna í kaupstöðum til að geta bætt sín húsakynni. Vona jeg, að það sýni sig þegar líður á þingið og málin koma til atkvæða.

Jeg hefði nú freistingu til þess, þótt það þyki kannske miður fara við 3. og síðustu umr. frv., að drepa nokkuð meira á bankamál okkar og peningamál yfirleitt, en jeg skal láta nægja að vekja athygli á, að sú stefna virðist tekin upp, ef þetta frv. verður að lögum, að hvor meginþáttur atvinnulífsins eigi að hafa sína lánsstofnun, og þá lít jeg svo á, að óumflýjanlegt verði að sjá hinum höfuðatvinnuvegi landsmanna, sem er sjávarútvegurinn, fyrir sjerstakri lánsstofnun, sem er hliðstæð við þessa. Jeg ætla, að jeg hafi tekið rjett eftir hjá hæstv. forsrh., að hann, er hann svaraði hv. 1. þm. Reykv., ekki segði neitt um það, hvort hann væri því fylgjandi, að sett yrði upp lánsstofnun fyrir sjávarútveginn yfirleitt, heldur að eins, að hann væri því meðmæltur, að smábátaútgerðin fengi sína lánsstofnun. Jeg get auðvitað ekki lagt hæstv. forsrh. orð í munn, en mjer þykir það líklegt, að hann, með glöggsýni sinni um hag bænda, muni einnig sjá, að það er engu síður þörf fyrir sjávarútveginn að fá hagkvæm lán. Ef það er sjerstaklega þörf á að útvega lán til landbúnaðarins, þar sem því m. a. hefir verið haldið fram, að áhættan sje þar minni, þá er það líka víst, að mikið af því lánsfje, sem lagt er beint eða óbeint til sjávarútvegsins, svo sem til skipakaupa, húsa- og verksmiðjubygginga, má einnig heita mjög örugt, og vitaskuld er ekki sama áhættan á öllum þeim lánum, sem veitt eru til sjávarútvegs. Það er misjafnt, eftir því til hvers lánunum er varið, og ætti það auðvitað að koma fram í vaxtakjörunum. Jeg álít eðlilegt, að með því að setja upp sjerstaka lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, þá yrði tekið tillit til alls þessa.

Enn vil jeg taka eitt fram. Mjer virðist það talsvert undarlegt og óviðeigandi, að samtímis því, sem ríkissjóði eru bundnir svo stórir baggar

sem gert er í frv. þessu, þá skuli ekkert orð heyrast frá hæstv. stjórn um það, hvort hún hafi til þessa notað lánsheimildir þær, sem henni voru veittar í fyrra, og hvort hún hafi lagt Landsbankanum það fje, sem ráð var fyrir gert í Landsbankalögunum. Eftir þessu hvorutveggja inti jeg við umr. um verðfestingarfrv., en fjekk ekkert svar. (**Forsrh.**: Jeg hefi alls ekki heyrt þessa fyrirspurn hv. þm. fyr). Mjer finst þetta skifta miklu máli, því að það er m. a. af sumum talið frv. til gildis, þótt mjer finnist það hæpin meðmæli, að með lögunum verði mjög dregið sparifje úr höndum Landsbankans yfir til þessa nýja banka. Finst mjer eðlilegt og sjálfsagt, að hæstv. stjórn gefi upplýsingar um þetta, því að jeg get ekki tekið undir það með hæstv. forsrh., að þessi banki eigi að verða sterkasti bankinn í landinu. Jeg lít svo á, að seðlabankinn, sem á að vera þungamiðjan í okkar peningamálum, eigi að vera sterkastur, svo sterkur, að til hans geti hinir aðrir bankar leitað, og jeg vil gera ráð fyrir því, að það sje ekki tilgangur hv. flm. frv., að það verði á nokkurn hátt til þess að draga úr þroska Landsbankans, því að ef svo væri, þá væri illa farið.

Jeg get svo látið þetta nægja að þessu sinni, en jeg kynni því vel, ef hæstv. stj. eða hv. flm. frv. vildu greiða mjer svör við þessum spurningum, sem jeg nú flutti hjer.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Jeg hefi ekki heyrt hv. þm. Ísaf. beina þessari spurningu til stj. fyr, en jeg get lýst yfir því, að stj. hefir ennþá ekki notað heimildina til að taka ríkislán.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson)**: Það eru aðeins örfá orð. Jeg sje enga ástæðu til að fara að blanda mjer inn í þær umr., sem hjer hafa orðið á seinustu stundu um þetta mál alment.

Jeg gerði nokkra grein fyrir því í framsöguræðu minni við 2. umr., hverjar ástæður lágu til þess, að landbn. mælir einhuga með þessu frv., og þykist ekki þurfa að endurtaka neitt af því. Jeg lít líka svo á, að við 2. umr. hafi vilji deildarinnar komið í ljós, þar sem hv. deild þá samþ. frv. grein fyrir grein. Jeg hugsa því, að þær umr., sem hjer verða, og einkum hjer á eftir, um það, hvort þetta frv. eigi yfirleitt að ganga í gegnum deildina eða ekki, sjeu heldur þýðingarlitlar. — Aðeins út af þeim athugasemdum, sem tveir hv. þm. hafa gert við till. n., var það, að jeg kvaddi mjer hljóðs.

Hv. 2. þm. Rang. vill láta fella niður 3. málsgr. 45. gr., en í þess stað láta 5. málsgr. standa. Jeg býst við, að allir hv. þdm. hafi tekið eftir því, hver munur er á þessari till. og till. n. Samkv. till. hv. 2. þm. Rang. er bankastjórninni aðeins heimilað að heimta viðbótartryggingu þegar búfje, annað en nautgripir, er sett að veði, en samkvæmt till. n. er það skylt að krefjast viðbótar við trygginguna. Þessi till. hv. þm. er náttúrlega fram komin vegna þess að hann telur, að búfje geti verið algerlega fullnægjandi veð, en jeg varð þó ekki var við, að hv. þm. hrekti það, sem jeg hafði áður fyrir hönd n. sagt um þetta efni. N. þykir það óvarlegt að fallast á þetta.

Hið sama kom fram hjá hv. þm. S.-Þ., eða svipað, en hv. þm. ljet þó sjerstaklega óánægju sína í ljós yfir því, að n. hefði felt niður, að það sje gert að skilyrði, að lántakandi sje í fóðurbirgðafjelagi; virðist hv. þm. því að nokkru leyti fallast á þá skoðun n., að veð í búfje sje ófullnægjandi trygging. Í þessu sambandi sagði hv. þm., sem og er rjett, að trygging nægilegra fóðurbirgða væri fyrsta skilyrði til þess, að búfje geti verið trygt sem veð. Í því sambandi mintist hv. þm. ennfremur á, að það væri mikið gagn að fóðurbirgðafjelögum og ekki væri nema gott til þess að vita, ef samþykt þessa frv. eða þessa ákvæðis yrði til þess að fjölga þeim. Jeg ætla ekki að fara langt út í það atriði, en aðeins geta þess, að jeg efast um, að það sje svo fjarska mikið gagn að þessum fóðurbirgðafjelögum fram yfir það, að sveitin fylgi forðagæslulögunum. En eins og jeg hefi oft bent á, eru fóðurbirgðafjelög blátt áfram ekki til nema á svo fáum stöðum, að þau koma varla til greina, þegar um þetta er að ræða. Þeim fjölgar, segir hv. þm. (IngB). Það er spádómur, sem enginn veit hvort rætist.

Þá talaði hv. þm. um það, að ef svo væri, að búfje þætti einhversstaðar algerlega trygt, hvers vegna þá mætti ekki lána út á það. Jeg vil aðeins spyrja: Er búfje nokkursstaðar trygt sem veð? Það getur komið fyrir fleira en fóðurskortur, t. d. sýki.

Þá mintist hv. þm. á það, að það væri ekkert ljettara eða betra fyrir lántakanda að fá hreppsábyrgð heldur en ábyrgð fóðurbirgðafjelaga. Það má náttúrlega halda þessu fram; jeg skal ekki bera á móti því, en jeg sje þá ekki heldur, að það sje neitt aðgengilegra fyrir manninn sjálfan að leita til fóðurbirgðafjelags heldur en til hreppsnefndar; en svo kemur þetta ekki til greina, af því að fjelögin eru ekki til, og þess vegna er ómögulegt að halda þessu ákvæði. Ef menn á annað borð ganga út frá því, að það sje nauðsynlegt að hafa víðbótartryggingu, þá er ómögulegt að binda það við fóðurbirgðafjelög eins og nú er ástatt, og á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv.

Jeg sagði í upphafi, að jeg ætlaði ekki að blanda mjer inn í þær almennu umr., sem orðið hafa um þetta mál, en þó ætla jeg aðeins að minnast á eitt atriði í ræðu hv. þm. Ísaf. Mjer skildist á hv. þm., að hann teldi, að ef þetta frv. yrði samþ., þá væri um leið gengið inn á þá braut, að hvor höfuðatvinnuvegur landsmanna ætti að hafa sína bankastofnun og teldi eðlilegt, að þá kæmi fram krafa um að stofna sjerstakan banka fyrir sjávarútveginn. Út af þessu ætla jeg aðeins að segja það, að jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að sjávarútvegurinn hafi nú þegar 2 banka, Landsbankann og Íslandsbanka, og að honum muni ekki þörf á fleirum. Þó á þetta sjerstaklega við um stórútgerðina.

**Magnús Jónsson:** Þó að talsvert hafi verið yrt á mig hjer, get jeg komist af með stutta athugasemd, því að það er ekki svo mikið nýtt, sem kemur fram í þessu.

Jeg varð fyrir dálitlum vonbrigðum eftir ræðu hv. þm. Ísaf., sem hafði dregið svo skýrt fram rökin á móti þessari aðferð, sem stjórnin hafði tekið upp á hjer. Kom það dálítið undar-

lega fyrir, þegar hv. þm. ætlar svo að greiða atkv. með frv. En þetta skýrðist, þegar hv. þm. sagðist vonast eftir góðum undirtektum undir annað mál, sem hann er með hjer. Er vonandi, að hv. þm. verði að trú sinni.

Það var annars hv. þm. Mýr., sem gerði mína síðari ræðu að umtalsefni. Mjer skildist á hv. þm., að hann væri eitthvað að tala um það, að það hefði ekki verið nema meiri hl. bankaráðsins, sem hefði gefið n. þessar upplýsingar. (**BÁ:** Já, mjer skildist það af ræðu hv. þm.). Nei, það var víst alt bankaráðið, en einn bankaráðsmaðurinn skrifaði víst undir með fyrirvara, að mig minnir, og jeg er að vonast til þess, að sá fyrirvari hafi verið um málið sjálft, en að hann hafi ef til vill ekki kært sig um að vera að gefa út sjerstakt álit um málið.

Það var alveg misskilningur hjá hv. þm. Mýr., þegar hann hjelt, að jeg hefði verið að bera saman aðstöðu bankans og svo einstaklings, sem ætti bankann. Það er svo sem auðvitað, að ef einstaklingur ætti bankann, þá mundi hann verja hagsmuni hans í líf og blóð, en bankaráðið á vitanlega ekki að feta í hans fótspor. Það, sem jeg sagði, var það, að ef einstaklingur ætti Landsbankann og ætlaði að setja svona stofnun á stað, þá myndi honum aldrei detta í hug að setja á stofn annan banka í samkepni við fyrri banka sinn, heldur aðeins auka við þeim starfskröftum og því fje, sem til þyrfti; honum myndi aldrei detta í hug að fara að setja upp þríhöfðaða stjórn, byggja nýtt hús yfir bankann o. fl. o. fl., sem yrði aukakostnaður án þess að ná nokkru meiri árangri heldur en að stofna sjerstaka deild innan Landsbankans í þessu skyni. Auðvitað dettur mjer ekki í hug að halda annað en að bankaráðið hafi svarað með hagsmuni ríkisins fyrir augum, en mjer finst, að það, sem hjer er prentað eftir því, sje svo „þunt", svo vitlaust, ef það orð má nota, þar sem það heldur því fram, að það geri bankanum ekkert til, þó að það sje sett upp samkepnisstofnun, sem tæki frá honum nokkuð af starfsfjenu, hálf ríkisábyrgðin o. s. frv. Þar sem bankinn heldur því fram, að hann hafi ráð til að halda í sparisjóðsfje með vaxtakjörum, þá hefi jeg sýnt fram á það áður, að bankinn hefir alls ekki neina aðra möguleika til þess en hinn bankinn.

Jeg get ekki kannast við, að jeg sje í neinni mótsögn við sjálfan mig, þó jeg telji nú erfitt fyrir Landsbankann að missa af því sparisjóðsfje, er hann hefir þegar fengið, enda þótt jeg væri á móti ríkisábyrgð á bankanum í fyrra, af þeim ástæðum, að of mikið sparisjóðsfje mundi þá safnast að honum. Þá taldi jeg það skaðlegt vegna þess, að það mundi draga um of frá öðrum peningastofnunum, og auk þess taldi jeg ekki gott, að mikið af fje hrúgaðist að bankanum á þessum tímum, er gengið væri ekki fastara en nú er. Þetta er alt annars eðlis en hitt, hvort gott er fyrir bankann að missa af því fje, er hann þegar hefir fengið og fest í viðskiftunum. En hafi jeg nú þrátt fyrir alt skift um skoðun, sem jeg þó mótmæli algerlega, þá hafa andstæðingar mínir frá í fyrra ekki síður gert það. Jeg hefi ávalt talið það nauðsynlegt og heilbrigt, að Landsbankinn væri sem allra sterkastur, og er því vitanlega á móti því

að rýra hann á nokkurn hátt. Og jeg á eftir að sjá, hvernig bankaráðið, eftir að það hefir lagt blessun sína yfir þessa tilraun til að rýra bankann, ætlar sjer að bjarga honum úr þeim örðugleikum, sem hann á við að stríða. Jeg er hálfhræddur um, að þeir verði ekki sjerstaklega glaðlegir og verði þess brátt varir, að honum hefði ekki veitt af öllu sínu til þess að hafa sig upp.

Það var ofmælt hjá hv. þm. Mýr., er hann kvað mig hafa sagt, að landbúnaðurinn væri alls ekki fær um að ávaxta þetta fje, er hann á að fá til afnota. Þetta hefi jeg aldrei sagt, þó jeg sje hinsvegar þeirrar skoðunar, að landbúnaðurinn eins og hann er nú eigi mjög erfitt með að bera mikil lán. Sjerstaklega allur smærri búskapur. Það, sem jeg var aðallega að mótmæla, var það, að ekkert tapaðist á landbúnaðinum. Jeg taldi hollara og rjettara að styðja að aukinni ræktun með styrkjum úr ríkissjóði samkv. jarðræktarlögunum, eins og þegar hefir verið gert. Því undirstaða þess, að landbúnaðurinn geti borið lán, er aukin ræktun.

Ef tími væri til, gæti jeg rætt nokkuð við hæstv. forsrh. um útibúið á Selfossi, en verð að sleppa því nú að mestu leyti. Hann sagði, að það hefðu verið sjerstaklega slæmir tímar og því hefði útibúið tapað. En hann verður að gæta að því, að við verðum altaf að vera viðbúnir sjerstökum tímum og vitanlega töpuðu bankarnir engu, ef slíkir tímar kæmu ekki altaf öðruhvoru. Þetta ætti að vera nóg til þess að hrinda þeirri trúarsetningu, að ekkert af þeim lánum, er bændum eru veitt, tapist. Og þó ekki sje búið að afskrifa nema ca. 300 þús. kr. á Selfossi, þá bið jeg menn athuga það vel, að ekki er ennþá búið að innheimta allar útistandandi skuldir, og mjer kæmi ekki á óvart, þó það kæmi ekki alt með fullum skilum. Munurinn á sjávarútvegi og landbúnaði í þessu falli er aðallega sá, að hagur útgerðarinnar er fyr gerður upp, svo töp hans koma fyr í ljós. Af þessu er jeg því miður hræddur um, að meira tapist á útibúinu á Selfossi en búist er við. (**LH**: Það er ekki ennþá búið að gera upp lán sjávarútvegsins).

Jeg get ekki farið að ræða um gengismálið í þessu sambandi, en það er vitanlega fjarstæða hjá hæstv. forsrh., að töpin austanfjalls stafi öll af gengishækkuninni.

Svo skal jeg ekki teygja þetta lengur. Hæstv. forsrh. hefir játað, að það muni hafa aukakostnað í för með sjer að setja upp þennan nýja banka. En jeg fullyrði, að hægt hefði verið að koma honum upp án nokkurs aukakostnaðar, hefði hann verið hafður í sambandi við Landsbankann. Væntanlegur kostnaður af honum verður því gersamlega að óþörfu til orðinn.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg ætla að byrja á því atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann var að tala um, að gæta þyrfti varúðar í því að veita landbúnaðinum lán. Þetta er vitanlega rjett. Það verður ávalt að fara varlega í slíkum lánveitingum til hvers sem er. En það, sem jeg býst við, að hv. þm. hafi aðallega átt við, er það, að landbúnaðurinn ætti erfitt með að ávaxta fje með þeim kjörum, er nú

eru ríkjandi á peningamarkaðinum. Þetta er líka rjett, en það verður í þessu sambandi að athuga það, að peningamarkaðurinn hjer er bygður fyrir alt aðrar atvinnugreinar. Það er því ekki að marka, þó að landbúnaðurinn geti illa borið lán með slíkum kjörum, og engin sönnun þess, að hann geti ekki borið lán, sem eru við hans hæfi. Enda vil jeg minna hv. þm. á það, að það er alment viðurkent, að varla sje nokkur atvinnugrein í heiminum, sem tryggari er og þróttmeiri en danski landbúnaðurinn. En samt er það svo, að hann hefir þurft að búa við alveg sjerstök lánskjör og hefir í því skyni komið á hjá sjer mjög fullkomnu lánakerfi, sem fyrst og fremst miðar að því að veita löng lán og ódýr. Og það eru einmitt slíkar kröfur, sem hjer er verið að gera. Og ef vel verður á haldið, mun það sýna sig hjer líka, að þessi stofnun mun borga sig vel. Hjer er aðeins verið að gera einskonar fjárskilnað milli tveggja helstu atvinnuveganna, landbúnaðarins og sjávarútvegsins, og annara atvinnuvega, er skemri og dýrari lán þola vegna sinnar aðstöðu. Þeir hafa fengið meira áður og tapað meiru; því verða þeir að sætta sig við hærri vexti til að borga upp töpin, sem af þeim leiðir. Það er því sjálfsagt að mynda sjerstaka stofnun fyrir landbúnaðinn og blanda honum ekki saman við hina.

Jeg veit, að bankastjórar Landsbankans líta ekki eins á það og hv. 1. þm. Reykv., að rjett sje að láta Landsbankann hafa þessa stofnun, sem byggir starfsemi sína á alt öðrum grundvelli. Og jeg get frætt hv. þm. um það, að bankastjórarnir eru mjög mótfallnir því ákvæði, er sjútvn. hefir sett inn í frv. um fiskiveiðasjóðinn, að hann skuli ávaxtast í Landsbankanum, og það enda þótt fjárhagur hans verði algerlega aðskilinn. Það er því alls ekki hægt að segja, að það sje verið að spilla fyrir Landsbankanum, þó þessi Búnaðarbanki verði ekki látinn vera nokkurskonar deild af hinum.

Það mun rjett hjá hv. þm., að nokkuð af sparisjóðsfje Landsbankans muni renna til þessa nýja banka, en hv. þm. hefir áður talað mjög um það, hversu mikil hætta Landsb. geti stafað af miklu innstreymi sparifjár, og ætti hann því ekki að vera að amast við því, þó reynt sje að draga eitthvað úr þeim straum, er hann hræddist svo mjög í fyrra.

Viðvíkjandi því, er hv. þm. talaði um ræktun landsins, get jeg sagt það, að það er alveg rjett hjá honum, að styrkir þeir, er ríkið hefir veitt til jarðræktarframkvæmda, eru mjög mikils virði og hafa gert mikið gagn. En enginn má láta sjer detta í hug, að þeir einir nægi til þess að bjarga landbúnaðinum úr þeim voða, sem hann er nú í. Þess vegna er það, að ef ekki er nú veitt nokkru peningaflóði, þó vitanlega með allri sjálfsagðri gætni, yfir til hans, þá mun hann halda áfram að veslast upp í samkepninni við aðra atvinnuvegi. Ræktunin ein dugir ekki, því þá þarf vjelar til að vinna hið ræktaða land, svo þarf búpeníng til þess að ávaxta það fje, sem til ræktunar og annars kostnaðar er varið, og svo hús bæði yfir fólk og fje. Öllu þessu þarf að sjá landbúnaðinum fyrir, ef hann á að geta framfleytt því fólki, er á hon-

um vill lifa, og tekið á sig þær þjóðfjelagslegu byrðar, er hann verður að standa undir, m. a. ábyrgðir fyrir Landsbanka Íslands.

**Ingólfur Bjarnarson:** Mjer fanst anda nokkuð kalt til fóðurbirgðafjelaganna frá hv. frsm. (**BSt:** Nei, nei). Jú, því mjer fanst samanburður hans eiga að sanna, að ekkert væri með þeim fengið. En dæmi það, er hann tók, sannar ekkert, því bæði geta fóðurtryggingar í hans hreppi verið í svo góðu lagi, að ekki þurfi úr að bæta þó þar sje ekki fóðurbirgðafjelag, og eins má vera, að fóðurbirgðafjelag það, er hann tilnefndi í nágrannasveitinni, sje ekki nema nafnið, eins og vitanlega getur átt sjer stað, og þá ekkert við það að miða. Enda er gert ráð fyrir því í frv., að lántakandi þurfi í þessu tilfelli að vera í fóðurbirgðafjelagi, er bankastjórnin tekur gilt. Þetta er alveg rjettmætt ákvæði, því þessi fjelög geta vitanlega verið mjög mismunandi.

Jeg talaði ekki um, hvort lántakendum væri ljettara að fá ábyrgð hreppa eða fóðurbirgðafjelaga, enda tel jeg það ekki neitt sjerstakt bjargræði í þessu máli að gera lánsaðgöngurnar sem allra greiðasta. En jeg benti á, að hreppsfjelögunum væri um of íþyngt með þessu ákvæði um hreppsábyrgðina, sem þó mundi ekki ávalt koma lánbeiðendum að haldi. Í þessu sambandi mintist hv. frsm. á það, að fóðurbirgðafjelögin væru svo fá, að þetta ákvæði kæmi ekkert að liði hvort sem væri. En þá er athugandi, að þetta myndi einmitt verða til þess að fjölga þeim, og tel jeg þá vel farið. — Jeg vil að síðustu taka fram, að jeg get ekki sjeð, að þetta ákvæði um fóðurbirgðafjelögin sje á nokkurn hátt harðara skilyrði í þessu máli heldur en það, sem stendur um, að búfjeð sje trygt gegn sjúkdóma- og slysahættu.

ATKVGR.

Brtt. 299,I.1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 308 feld með 13:8 atkv.
— 299,I.2 samþ. með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, SE, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, HK, JAJ, JörB, LH, MJ, BSv.

**nei:** SÁÓ, ÞorlJ, GunnS, HG, IngB, JÓl.

Sex þm. (HV, JJós, JS, MG, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Brtt. 299,I.3 samþ. án atkvgr.
— 299,II samþ. með 18 shlj. atkv.
— 299,III samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 41. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 310).

Á 43. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 9:1 atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 310, n. 409, 410, 430).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 430. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Nefndin hefir athugað þetta mál á nokkrum fundum og orðið á einu máli um að mæla með því. Getur n. fallist á frv. óbreytt, nema hvað hv. 4. landsk. kemur með viðbótartill. við það. Skal jeg nú fara nokkrum orðum um málið alment.

Alt frá landnámstíð og fram til síðustu aldamóta var landbúnaður höfuðatvinnuvegur okkar Íslendinga, og sá atvinnuvegur, sem best hefir staðist hörmungar hinna liðnu alda, misærin og siglingateppuna. Eftir síðustu aldamót, eða síðastliðinn aldarfjórðung, hefir orðið stórfeld breyting á atvinnuskipulagi okkar, hlutföllin milli hinna einstöku atvinnugreina hafa algerlega raskast og þjóðlífið í heild tekið gagngerðum breytingum. Sjávarútvegurinn, sem á liðnum öldum var einungis stundaður í hjáverkum, hefir á síðustu árum tekið stórkostlegum framförum og vaxið svo óðfluga, að hann má nú teljast annar höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar. Af þessum hraða vexti og gífurlega uppgangi sjávarútvegsins hefir aftur leitt tiltölulega kyrstöðu í landbúnaðinum, svo að hann stendur nú sjávarútveginum langt að baki, bæði um vinnuaðferðir og framleiðsluaðferðir yfir höfuð. Þessari breytingu á afstöðu þessara aðalatvinnuvega hefir valdið margt. Í fyrsta lagi hefir sjávarútvegurinn fyr lært að nota og komið við nýtísku tækjum en landbúnaðurinn. Í öðru lagi hefir sjávarútvegurinn haft fyrir augum útlendinga, sem ráku fiskiveiðarnar með fullkomnum og nýjtísku tækjum, og hefir slíkt óhjákvæmilega verið þeim eigi alllítil hvatning til framtaks og dáða. Svo áþreifanlega hvatning hafði landbúnaðurinn ekki. En veigamesta ástæðan til þessara óðfluga framfara sjávarútvegsins hygg jeg að sje sú, að hann hefir haft greiðan aðgang að lánum við hans hæfi, en slíks hefir landbúnaðurinn algerlega farið á mis. Nú er ástandið þannig, að fólkinu fer hríðfækkandi í sveitunum; síðan 1910 hefir fækkað um 7—8 þúsundir í sveitunum, þrátt fyrir verulega mannfjölgun hjá þjóðinni í heild. Hundraðstalan, sem í sveitunum býr, minkar því enn meir, enda munu nú ekki búa í sveitunum nema 45% af þjóðinni, en 68% 1910. Nú standa því sakir þannig, að landbúnaðurinn á erfitt uppdráttar. Það er erfitt að reka hann með hagnaði, nema þar sem sjerstaklega er hagfeld aðstaða. Hann nýtur því ekki hins sama trausts nú orðið sem hann naut áður. Búin eru ekki talin jafnmiklir landsstólpar sem þá. Þetta ástand munu fáir telja æskilegt, því að í sveitunum hefir til þessa best varðveitst þjóðernið, íslensk alþýðumenning og „ástkæra ylhýra málið", eða alt, sem þjóðinni er helgast og tengir hana fastast saman í eina órjúfanlega heild, þrátt fyrir alt þras og þjark. Það er því óbifanleg sannfæring mín, að merkasta verkefni okkar kynslóðar sje að hlutast til um, að landbúnaðurinn geti tekið þá öndvegisstöðu í þjóðfjelaginu aftur, sem hann hefir haft frá upphafi Íslands bygðar fram yfir síðustu aldamót. Með

öðrum orðum, að þungamiðja þjóðlífsins haldi áfram að vera í sveitunum, eins og verið hefir.

Það skal nú fyllilega viðurkent, að síðustu 10 árin hefir allmikið verið gert af þinginu til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, og má óhætt fullyrða, að hæstv. núverandi forsrh. eigi þar rífastan bróðurhlut í. Af þeim málum, sem mesta þýðingu hafa haft fyrir landbúnaðinn, má fyrst og fremst nefna: Jarðræktarlögin, þá ræktunarsjóðinn og síðast en ekki síst byggingar- og landnámssjóðinn. Vitanlega hefir þetta ekki borið fullan árangur ennþá, því að við erum nokkuð seinir að átta okkur á hlutunum, bændurnir. En jeg vona, að því lengra sem líður, því meira gagn verði að þessum stofnunum fyrir sveitirnar. En þrátt fyrir þetta, sem gert hefir verið fyrir landbúnaðinn nú á seinni árum, er þó eftir að veita landbúnaðinum það, sem hefir orðið öflugust lyftistöng fyrir sjávarútveginn, það er: að tryggja honum aðgang að lánum, sem eru við hans hæfi, og til þess að ráða bót á því, er fram komið frv. það um Búnaðarbanka Íslands, sem hjer er til umr., og jeg held, að það sje líklegasta leiðin til þess að fullnægja lánsþörf bænda, sem þar er stungið upp á, því að jeg held, að það sje nokkurn veginn alment viðurkent meðal allra, sem skilning hafa á þörfum landbúnaðarins og ekki eru haldnir einhverju kappi fyrir kaupstaðina, að honum sje hollast að fá lánsstofnun út af fyrir sig, er fullnægi þörfum hans. Því eigi bændur að sækja í aðrar stofnanir um rekstrarfje, sem eiga að sinna öllum atvinnuvegum landsmanna, þá er hætt við, að þeir verði afskiftir um lánin, ekki vegna óvildar stjórnendanna, heldur af því að þeir skilja betur þarfir þeirra, sem nær bankanum búa. Þeir, sem nær búa, eiga líka stórum hægara með að ganga frá tryggingum og grípa tækifæri. Þá mun það varla vera heppilegt fyrir landbúnaðinn að blanda blóði saman við lánsstofnanir sjávarútvegs- og verslunarmanna, því að það virðist vera mikill munur á, hve landbúnaðarlánin eru áhættuminni, eftir því sem reynslan bendir til, þar sem af rúmum 20 milj., sem bankarnir hafa tapað, mun sáralítið hafa tapast á landbúnaðinum, hæst ekki yfir 2% af þeirri upphæð, að sögn kunnugra manna. Sömuleiðis veit jeg það, að margir þeir sparisjóðir, sem eingöngu hafa skift við sveitamenn, hafa tapað mjög litlu, eða jafnvel engu. Þannig hefir t. d. sparisjóður Húnavatnssýslu, sem jeg er kunnugastur, ekki tapað einum eyri. Af þessu er augljóst, að sjerstök lánsstofnun fyrir landbúnaðinn er alveg nauðsynleg, til þess bæði að gera aðganginn að lánunum auðveldari og lánin jafnframt ódýrari.

Í frv. því, er hjer liggur fyrir, eru lánsþarfir landbúnaðarins flokkaðar í 5 flokka. Fyrst er rekstrarlánadeild, og jeg fyrir mitt leyti tel, að einna minst þörf sje á henni, bæði af því að bændur þurfa ekki mikið á slíkum lánum að halda, og svo geta sparisjóðir nokkuð mikið hjálpað þar. Í ýmsum tilfellum getur þessi deild þó verið mjög hentug. Annars geri jeg ráð fyrir, að þörf hennar verði frekar rædd í sambandi við annað frv., sem sömuleiðis liggur fyrir þinginu.

Aftur á móti virðist mjer veðdeildin við þennan banka nauðsynleg, því

að á slíkum lánum hafa bændur mjög mikla þörf, einkum til þess að kaupa jarðir sínar. Jafnframt hygg jeg, að hún ætti að geta verið betri en veðdeild Landsbankans, að því leyti, að hún gæti lánað meira út á veðrjettinn, þar sem hún lánar nær eingöngu út á jarðir. Þá er það mjög heppilegt ákvæði, þar sem svo er ákveðið, að menn geti fengið lán hjá veðdeildinni gegn afgjaldskvöðum. Það greiðir mjög fyrir stórfeldu samstarfi, svo sem raforkuveitum, áveitum, sveitavegum og samgirðingum.

Þá telja sumir ákvæði 39. gr. frv. um happdrætti mjög varhugaverð. Telja meira að segja, að ekki sje sæmilegt að nota sjer spilafýsn manna þannig. En mjer virðist, að okkur sje ekkert vandara um í þessum efnum en ýmsum öðrum merkum þjóðum, t. d. Frökkum og Svíum. En mjer virðist ekki ólíklegt, að þetta myndi greiða fyrir sölu vaxtabrjefanna, og því tel jeg sjálfsagt að reyna þessa leið.

Þá er næst bústofnslánadeildin. Jeg tel hana nauðsynlega, og nefndin er einhuga um að telja hana ómissandi, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, hve margir bændur hafa alt of lítinn bústofn, og aðrir verða að búa við alt of dýran leigupening, af því að þeir geta ekki fengið lán með hagkvæmum kjörum til þess að auka bústofn sinn. Mjer þykir því miður farið, að skilyrðin fyrir bændur til þess að fá lán úr þessari deild bankans til bústofnskaupa skuli hafa verið þrengd svo mjög í Nd., að ekki skuli vera hægt að fá lán út á sauðfje, nema með bakábyrgð hreppsins. Það má vel vera, að veð í sauðfje sje ekki eins gott og önnur bankaveð, en það verður að teljast allhart, að bóndi, sem á 40—50 ær, skuli ekki geta fengið nokkurt lán til þess að auka bústofn sinn, ef hreppsnefnd sveitarinnar er svo þröngsýn, að hún sjái ekki nauðsyn hans á því að auka bústofn sinn. Annars vona jeg, að slíkt komi ekki til, heldur hlaupi hreppsnefndirnar drengilega undir bagga með mönnum, þegar þannig stendur á.

Um ræktunarsjóðinn og byggingar- og landnámssjóðinn sje jeg ekki ástæðu til þess að tala nú, þar sem þeir eru þegar stofnaðir og gildir um þá sjerstök löggjöf.

Þá er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem jeg vil leggja alveg sjerstaka áherslu á fyrir hönd n., og það er, að bankinn noti sjer heimildina um að hafa umboðsskrifstofur úti um hjeruð. Það getur verið mikils virði fyrir bændur að þurfa ekki altaf að leita hingað til Reykjavíkur með upplýsingar um lán o. fl. Slíkar upplýsingaskrifstofur yrðu líka til þess að jafna aðstöðumun manna úti um land. Í flestum tilfellum myndi vera hægt að koma þessu fyrir kostnaðarlítið, því að sparisjóðir og samvinnufjelög myndu fús að annast þessi störf fyrir litla þóknun.

Jeg get nú búist við, að sumir muni segja, að ekki sje „sopið kálið, þótt í ausuna sje komið“ og að banki þessi, þó samþ. verði, muni ekki fullnægja lánsþörf landbúnaðarins. Það má vel vera, að erfitt verði um það að spá, hve öflugur hann þurfi að vera til þess að geta fullnægt lánsþörfinni, en því verður ekki neitað, að miklu fje er til hans beint. Í sparisjóðsdeildinni er gert ráð fyrir að ávaxta almannasjóði, sem eru á vegum stjórnarráðsins,

sem munu vera allmiklir, svo má ríkið ábyrgjast 3 milj. lán handa henni. Í veðdeildinni á að leggja í stofnsjóð 1¼ miljón, sem að vísu á að leggja fram með skuldabrjefum viðlagasjóðs. Þar á líka að ávaxta kirkjujarðasjóðinn eftir því sem hægt er. Eftir 40. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, alt að 2 milj., til kaupa vaxtabrjefa. Í bústofnslánadeild á að leggja fram sem stofnsjóð 1 milj. kr., þar af 700 þús. með verðbrjefum viðlagasjóðs, en hitt með beinu framlagi á 6 árum, og svo hefir ríkisstjórnin heimild til þess að kaupa alt að 1½ milj. í vaxtabrjefum. Bankanum er því beint lagt til 2¼ milj. kr. og keypt vaxtabrjef og ábyrgst lán fyrir 6½ milj., auk ávöxtunar opinberra sjóða. Loks hefir bankinn svo rjett til þess að gefa út vaxtabrjef, sem nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðs veðdeildar og sexfaldri upphæð bústofnslánadeildar. Að vísu má segja, að það sje nokkuð óvíst, hve mikið muni seljast af vaxtabrjefum bankans, en hve mikið gagn hann kemur til að vinna, er mikið undir því komið. Úr þessu sker reynslan vitanlega best. En það virðist ólíklegt, að brjef lánsstofnunar, sem eingöngu fæst við landbúnaðarlán, og auk þess eru trygð með ríkisábyrgð, sjeu ekki sæmilega útgengileg. Salan er og nokkuð trygð, þar sem ríkinu er heimiluð talsverð lántaka til vaxtabrjefakaupa. Það virðist því engin ástæða til þess að óttast, að brjefin seljist ekki.

Það kunna nú einhverjir að halda því fram, að greiður aðgangur að lánum geti verið vafasamur hagnaður fyrir bændur. Þessu verður ekki neitað að öllu leyti, því að með greiðum aðgangi að lánum er bæði bændum sem öðrum lögð sú skylda á herðar að nota lánin skynsamlega. Hjer er því ekki um neinn nýjan sannleika að ræða, því það er alkunna, að mörgum góðum hlutum fylgir einhver áhætta. Hvað þetta mál snertir, skiftir það því miklu máli, að forstöðumaður hins væntanlega banka sje starfi sínu vel vaxinn, já, svo vel vaxinn, að hann beinlínis geti verið fjármálaleiðtogi bænda í þessum efnum. Jeg býst nú við, að allir sjeu sammála um, að stórfeldar framfarir í búnaði geta ekki átt sjer stað, nema með því móti að hægt verði fyrir bændur að fá greiðan aðgang að hagfeldum lánum; þess vegna má ekki hika við að opna bændum aðgang að þeim, enda þótt svo kunni að fara, að það verði einhverjum þeirra til falls. En fyrir slíkt er aldrei hægt að byrgja, því að það er nú svo, að flestum gæðum má snúa til tjóns.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti tel þetta merkasta mál þingsins, og við nefndarmenn, sem erum allir sinn úr hverjum flokki, leggjum eindregið til, að það nái fram að ganga, og teldi jeg æskilegast, að það næði fram að ganga óbreytt eins og það liggur fyrir nú, þó jeg hinsvegar efist ekki um, að einstökum atriðum í því mætti breyta til bóta. En það, sem fyrir mjer vakir í þessu efni, er það, að breytingar á málinu geti orðið til þess að tefja það of mikið, en jeg tel alveg forsvaranlegt að afgreiða það nú eftir þann undirbúning, sem það hefir fengið, þar sem það fyrst og fremst hefir verið undirbúið af lögfræðingi, sem beinlínis hefir farið utan til þess að kynna sjer

þessi mál, og auk þess hefir hæstv. atvmrh. athugað það mjög gaumgæfilega.

Hvað snertir brtt. þær, sem hjer liggja fyrir frá hv. 4. landsk. og hv. 1. þm. G.-K., þá finn jeg ekki ástæðu til þess að tala um þær nú, fyr en hv. flm. hafa látið til sín heyra og talað fyrir þeim.

**Jón Baldvinsson:** Eins og sjá má á nál., er landbn. sammála um, að frv. þetta um Búnaðarbanka Íslands nái fram að ganga. En hitt má líka lesa í nál., að nefndarmenn eru ekki allir sammála um einstök atriði þess.

Það er að vísu svo, að nefndin mælir með frv. með sterkum orðum, en það er einungis af velvilja nefndarmanna og áhuga þeirra fyrir því, að búnaðarbanki komist á fót, en hinsvegar gefur það að skilja, að á svona stóru máli myndu nefndarmenn kjósa einhverjar breytingar, því að hjer er farið fram á mjög mikið landbúnaðinum til handa.

Því hefir nú verið haldið fram máli þessu til stuðnings, að vinna beri að því að halda fólkinu í sveitunum, og við það hefi jeg ekkert að athuga, því að jeg viðurkenni þörfina á því fullkomlega, og jafnframt þá menningarlegu þýðingu, sem sveitalífið hefir haft og hefir fyrir þjóðina. En mjer virðist ekki mega gleyma því, að í kaupstöðunum er líka menning, og á sumum sviðum meiri en í sveitunum, og á jeg þar sjerstaklega við framfarir í byggingum og ýmsum verklegum framkvæmdum. Mjer virðist því, að sveitirnar hafi ekki neinn einkarjett til þess að tala um menningu hjá sjer. Jafnframt skal það viðurkent, að þungamiðja þjóðlífsins má gjarnan halda áfram að vera í sveitunum, svo fremi, sem þær hafa mátt og mannafla til þess að halda henni uppi. En í hverju lýðfrjálsu landi á þungamiðja þjóðlífsins að vera hjá alþýðunni, en til þess að svo geti verið hjer þarf rjettláta kjördæmaskipun, svo að í löggjöfinni endurspeglist vilji þjóðarinnar. Jeg skal þó játa það fyrir hönd okkar jafnaðarmanna, að jeg hefi hingað til haft minni ástæðu til þess að kvarta yfir þingvaldi bændaflokksins en yfir þingvaldi andstöðumanna okkar í kaupstöðunum, íhaldsflokksins.

Hv. frsm. hefir nú skýrt frv. þetta í stórum dráttum, og jeg get tekið undir margt af því, er hann sagði. En jeg býst við, að margir muni sakna þess, þegar búið verður að taka allan viðlagasjóðinn og afhenda hann nýrri lánsstofnun til eignar og undan ráðstöfunarrjetti Alþingis, því að þá verður erfiðara fyrir ýmsa, sem leitað hafa til Alþingis um stuðning úr honum. Í nál. kemur það fram, að nefndarmenn greinir aðallega á í þessu máli um veðdeildina. Jeg skal þó játa fyrir mitt leyti, að jeg er ekki mikið á móti því, að veðdeild þessi verði sett á stofn, þó jeg hinsvegar telji ekki brýna þörf á henni. Annars held jeg, að mönnum sje það ekki yfirleitt ljóst, hve bændum er auðvelt að fá lán úr veðdeild Landsbankans. Það hefir verið sagt, að þeir væru látnir sitja á hakanum fyrir lánum til kaupstaðabúa, en þetta er alveg öfugt, því að mjer er kunnugt um það, að lánbeiðnir úr sveitunum eru oft afgreiddar svo að segja samdægurs, svo framarlega sem öll plögg við-

komandi láninu eru í lagi. Aftur á móti þurfa kaupstaðabúar oft að bíða eftir lánum úr henni í fleiri mánuði. Það er því síður en svo, að ástæða sje til að kvarta vegna sveitanna í þessu efni. Jeg hefi þó, þrátt fyrir þetta, ekki viljað setja mig upp á móti þessari nýju veðdeild. En jeg hefði talið skynsamlegast fyrir þá, sem mest hafa barist fyrir þessu, eins og t. d. hæstv. forsrh., ef hann vildi fresta framkvæmd þessarar veðdeildar nú, þangað til það sæist, hvort ekki væri hægt að nota veðdeild Landsbankans sameiginlega fyrir þessa lánsþörf manna, eins og verið hefir.

Nú er að verða bylting í atvinnurekstri bænda. Ræktun landsins eykst hröðum fetum. Vjelanotkun ryður sjer til rúms. En þessar breytingar krefjast aukins fjármagns. Bústofns- og rekstrarlánadeildirnar verða því að teljast alveg nauðsynlegar og koma vafalaust að miklu gagni. Hinsvegar má búast við nokkrum töpum, þegar bændur fara alment að taka rekstrarlán. Það eru einmitt rekstrarlánin, sem mest hefir tapast á í bæjunum. En það er ástæðulaust að gera ráð fyrir töpum á fasteignalánum.

Þó að jeg hafi nokkra sjerstöðu í nefndinni, hefi jeg ekki viljað setja mig á móti frv. Jeg tel mál þetta svo mikils vert, að það verði að ganga fram og megi menn ekki láta minni háttar ágreining hafa áhrif á afstöðu sína til þess. Þar sem þess er getið í nál., að n. hafi eigi treyst sjer til að flytja neinar brtt., sem tvímælalaust horfðu til bóta, er átt við það, að hún hafi ekki getað komið sjer saman um neinar slíkar till. Hinsvegar höfðu einstakir nefndarmenn eitt og annað við frv. að athuga.

Jeg ætla þá að minnast á 39. gr. Jeg er þeirrar skoðunar, að hana eigi ekki að samþ. Mjer hefir skilist, að stefna Alþingis væri yfirleitt sú, að leyfa ekki happdrætti. (**Forsrh.**: Þingið hefir samþ. happdrætti, en stj. eigi viljað leyfa það). Þá ætti núverandi stjórn heldur ekki að láta það eiga sjer stað, að þetta stæði í búnaðarbankalögum. Og jeg skil satt að segja ekkert í, að hæstv. forsrh. skuli vera að reyna að smeygja „lotteríi“ inn í þennan „stabila“ bændabanka. Jeg get ekki fallist á, að það sje rjett, þótt fjeð eigi að nota í lofsverðum tilgangi, að ginna peninga út úr mönnum á þennan hátt. Jeg gæti hugsað, að það yrði aðallega til að draga peninga úr höndum fátækara fólksins. Eftirsóknin myndi vafalaust verða mest rjett áður en draga ætti í hvert sinn. Hv. þdm. hljóta að kannast við þá vitfirring, sem getur gripið fátæka sem ríka, þegar stór höpp eru einhversstaðar í hillingum. En fátæka fólkið myndi sjálfsagt ekki hafa efni á því að binda eignir sínar í þessum skuldabrjefum og myndi því fljótt neyðast til að selja þau með afföllum, þegar hin árlega vinningsvon væri liðin hjá. Á þessu myndu engir græða nema okrarar, sem lifa á því að kaupa og selja skuldabrjef. Allur almenningur myndi tapa á því. Hæstv. forsrh. ætti að fallast á að fella þessa grein niður úr frv.

Þá finst mjer eðlilegt, að um leið og ræktunarsjóður verður hluti af Búnaðarbankanum, þá taki Búnaðarbankinn við þeim skyldum, sem Lands-

bankinn hefir nú gagnvart ræktunarsjóði, og það því fremur, sem frv. gerir ráð fyrir, að opinberir sjóðir verði geymdir í Búnaðarbankanum, með þeim takmörkunum þó, sem hv. Nd. hefir nú sett í frv.

Þá kem jeg að brtt. mínum við frv. Þær eru um það að bæta inn í bankann nýrri deild, sem hafi með höndum svipað verkefni í nágrenni kaupstaðanna og kauptúnanna og byggingar- og landnámssjóður hefir í sveitunum. Jeg viðurkenni fyllilega rjettmæti þeirrar hjálpar, sem ríkið veitir bændum til að byggja upp býli sín. Er bændum það lífsnauðsyn að fá sæmileg húsakynni úr varanlegu efni. Hingað til hefir það verið svo, að hver kynslóð hefir þurft að byggja yfir sig. (**Forsrh.**: Og sumar tvisvar). Mjer hefir aldrei dulist nauðsyn þessa máls, og jeg er satt að segja alveg forviða af þeirri andúð, sem Íhaldsflokkurinn stöðugt sýndi því meðan hann hafði mátt til að stöðva það.

Tillögur mínar fara fram á það að verja 50 þús. kr. árlega úr ríkissjóði til að veita vaxtaívilnun fátæku fólki í kaupstöðum til þess að koma sjer upp býlum í nágrenni kaupstaðanna. Ætlast jeg þá til, að það stundi jöfnum höndum ræktun þess lands, sem býlinu fylgir, og atvinnu sína í kaupstaðnum. Það getur altaf komið fyrir, að afli bregðist, og er þá gott að geta gripið til ræktunarinnar, en manni, sem rekur smábúskap, getur líka verið hentugt að hafa nokkurn stuðning í vinnu við sjóinn.

Brtt. mínar eru í 11 greinum, en allar snúast þær um þetta atriði. Tilgangurinn er að hjálpa verkamönnum og sjómönnum til að koma sjer upp býlum. Jafnframt eru ýmsar ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir, að þær ívilnanir, sem ríkið veitir, lendi í ræningjahöndum. Það er ekki ætlast til, að verkamennirnir geti eftir fá ár selt rjett sinn fyrir stundarhagnað og standi svo eftir slyppir, en einhverjir, sem peningaráð hafa, hafi hagnast á ívilnunum ríkisins. Því er svo fyrir mælt, að lán skuli falla í gjalddaga jafnskjótt sem sala fari fram á býlinu, og greiði eigandinn þá jafnframt allan þann vaxtamismun, sem ríkið hefir áður greitt fyrir hann. Jeg sje enga ástæðu til þess, að ríkið fari að leggja fram fje til þess að veita einstökum mönnum söluhagnað, heldur eingöngu til þess að tryggja þeim frambúðaratvinnu. Till. miðar að því að gera lífið í kauptúnunum fjölbreyttara og hollara og jafnframt að draga úr atvinnuleysi, hvort sem það kemur af vinnustöðvun atvinnurekendanna, gæftaleysi eða af öðrum orsökum.

Jeg hefi eigi í till. tiltekið hærra lán til býlis en 15 þús. kr. Er sú upphæð miðuð við, að býlið kosti ekki yfir 20 þús. kr. og lánið fari eigi fram úr ¾ verðs. Munu það vera svipuð kjör og veitt eru í byggingar- og landnámssjóði.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að skýra brtt. mínar nánar. Jeg legg áherslu á, að þær nái fram að ganga, hvað sem öðrum breytingum á frv. líður. Hefði jeg talið vel farið, ef hæstv. stjórn hefði tekið slíkan kafla upp í frv. í upphafi.

Vel má vera, að jeg beri fram fleiri brtt. við 3. umr. Jeg er ekki fullráðinn í því enn og haga mjer e. t. v. nokkuð eftir því, hversu atkv. falla

við þessa umr. Samþykt veðdeildarkaflans mætti gjarnan fresta, að mínu áliti. 39. gr. þætti mjer rjettast að fella nú þegar. Ennfremur gæti komið til mála að gera breytingar á bústofnslánadeildinni í þá átt, að starfsemi hennar næði einnig til þeirra manna í kauptúnum, sem vildu koma sjer upp búpeningi. Jeg er reyndar ekki alveg viss um, að það geti samrýmst öllum ákvæðum frv. Það hefi jeg eigi athugað til fullnustu, en mun taka það til nánari athugunar fyrir 3. umr.

**Björn Kristjánsson:** Jeg hefi leyft mjer að koma hjer fram með nokkrar brtt. á þskj. 430. Eru þær nokkurskonar framhald af afskiftum mínum af skyldu máli, er lá fyrir þinginu 1921, ríkisveðbankamálinu. Ríkisveðbankamálið var mjög fast sótt á því þingi, og svo fast, að örðugt var að koma breytingum að til bóta. Það átti að gera afarmikið með þeim banka fyrir landbúnaðinn, og það átti að gera fljótt. Og hver varð svo árangurinn? Hann varð sá, að á þessa bankastofnun hefir ekki verið minst í 7 ár, hvað þá að hún hafi verið látin taka til starfa.

Og orsökin er sú, að þegar þingvíman fór af mönnum, áttuðu þeir sig á, að ein stofnun í viðbót við þær stofnanir, sem fyrir voru, gat ekkert aukið gagn gert fyrir landbúnaðinn, og því ekki ómaksins vert að láta hana taka til starfa. Hafa þó verið tekin erlend lán síðan til kaupa á veðdeildarbrjefum. Þegar veðlánabanki er settur á stofn, eða veðdeild, þá liggur fyrst fyrir að athuga, fyrir hvaða fje stofnunin ætlar að kaupa veðdeildarbrjefin af lántakendum, og hvað það fje kostar. Að vísu er gert ráð fyrir í frv., að taka megi 3 milj. kr. lán til þess erlendis. En er það fje fáanlegt, og verður það fje ódýrara bændum en það fje, sem Landsbankinn hefir til umráða, sparisjóðsfje um 33 miljónir króna?

En fyrir hvaða kjör getur ríkið fengið lán erlendis til veðdeildarbrjefakaupa? Jeg vænti, að hæstv. stjórn geti nú gefið upplýsingar um það.

Þá er önnur spurning, sem þarf að leysa úr, og hún er sú: Hvað margar jarðir eru það á Íslandi í einstakra manna eign, sem enn eru óveðsettar veðdeild Landsbankans, ríkissjóði, söfnunarsjóði eða ræktunarsjóði? Jeg hygg, að þær sjeu fáar. Og ef þær eru fáar, þá er þessi veðdeildarstofnun ónauðsynleg.

Þeir, sem tekið hafa lán í veðdeild Landsbankans, hafa allir greitt þau afföll af brjefunum, sem giltu á hverjum tíma. Fjöldi manna hefir 2—3 veðdeildarlán á jörð sinni. Þeir taka viðbótarlán, þegar þeir hafa greitt nokkur af fyrri veðdeildarlánum sínum. Þeir vilja því eðlilega ekki borga þessi lán upp og flytja sig yfir í aðra veðdeild og taka þar nýtt lán og svara ef til vill 11% afföllum af því, eins og nú er gert. Það segir sig sjálft. Veðdeildarviðskifti bænda halda því áfram við veðdeild Landsbankans, þó þessi veðdeild verði sett á stofn.

Um söfnunarsjóðslán er það að segja, að allir kjósa helst að fá þar lán vegna þess, að hann heimtar enga árlega afborgun og að vextir eru þar

viðunanlegir. Enginn fer því að flytja sig þaðan yfir í nýju veðdeildina.

Þá getur hún ekki heldur vænst þess, að þeir, sem skulda ríkissjóði út af kaupum á jörðum, fari að flytja sig yfir í hina nýju veðdeild, því þeir borga aðeins 4% vexti af þeim og afborganir á 28 árum. Og tæplega fara þeir, sem lán hafa fengið í ræktunarsjóði, að flytja sig. Hin nýja veðdeild getur því alls ekki búist við því að fá viðskifti við aðra en þá, sem hafa óveðsettar jarðir, en eins og jeg hefi áður sagt, munu vera sárafáar jarðir óveðsettar í eigu einstakra manna, og ef þær eru ekki veðsettar nú, þá myndu þær tæplega verða veðsettar, þó þessi nýja veðdeild yrði sett á stofn.

Menn tala um ógreiða afgreiðslu í veðdeild Landsbankans nú. Ef svo er, þá ætti ekki að þurfa að stofna nýja lánsstofnun til að kippa því í lag.

Á meðan jeg var bankastjóri, var það föst regla að afgreiða jarðarveðlán daginn eftir að lánsskjölin komu í bankann, ef skjölin voru í lagi, enda var það regla þá og mun vera enn að láta jarðarveðlán sitja fyrir öðrum lánum. Sama er reglan í söfnunarsjóði.

Veðdeildarstofnun þessi, samkv. III. kafla frv. þessa, er því gersamlega óþörf og þýðingarlaus. Hún er beinlínis til tjóns, þar sem taka á meiri hluta viðlagasjóðslánsins henni til tryggingar, alveg að óþörfu, enda er hann frá stofni ætlaður til alls annars.

Þar sem á að draga meiri hlutann af viðlagasjóði landsins inn í þetta fyrirtæki, verð jeg að minnast á hann.

Viðlagasjóðurinn er, eins og hver annar varasjóður, fyrst og fremst ætlaður til þess að borga með honum reikningshalla, ennfremur tjón vegna ábyrgða, sem ríkissjóðurinn hefir tekið upp á sig fyrir einstaka menn og stofnanir. Og siðferðilega og viðskiftalega sjeð má telja hann veðsettan fyrir þessum ábyrgðum.

Þá er honum ennfremur ætlað að hjálpa í neyð, ef hallæri ber að höndum yfirleitt eða í einstökum hjeruðum.

Kunnugt er, að ríkissjóðurinn hefir tekið upp á sig fleiri tugi miljóna í ábyrgðum. Í árslok 1927 var viðlagasjóðurinn einar 2027405,31 kr. Af honum á nú að verja kr. 1250000,00 til tryggingar veðdeildinni, og handa bústofnslánadeild á að verja kr. 700000. Það er samtals 1950000 kr. Er sjóðurinn þar með mikið meira en tæmdur, þar sem skuldabrjef einstakra manna og fyrirtækja, sem má verja til þessa, nemur aðeins 1666474 kr. Og í hverju liggur svo þessi viðlagasjóður, sem ætlaður er til þess, sem jeg áður nefndi? Hann liggur að miklu leyti í meira og minna óvissum skuldabrjefum einstakra manna og fyrirtækja, eins og áður er sagt. Yfir 1½ milj. kr. standa í þesskonar dóti. Viðlagasjóðinn virðist mjer verða fremur að auka en minka, eftir því sem hann tekur að sjer meira af ábyrgðum. Og auðvitað á hann að liggja í handbæru fje, en ekki að vera banki fyrir allrahanda þörf og vafasöm fyrirtæki.

Kem jeg þá að sjálfum brtt., sem jeg óbeint hefi verið að tala um; er 5. till. aðalbrtt. eins og sjá má. Hinar eru flestar afleiðing af henni.

6. brtt. leggur til, að stofnaður verði einn eða fleiri veðdeildarflokkar innan veðdeildar Landsbankans, sem eingöngu sje ætlað til lána út á jarðar-

veð. Og eins og jarðarveð hafa setið í fyrirrúmi áður, er lán voru veitt, eins geng jeg út frá, að Landsbankinn láti bændur sitja í fyrirrúmi með kaup á verðbrjefum þessara flokka fyrir sparisjóðsfje. Og þar sem einmitt er gert ráð fyrir þessu, er síðustu veðdeildarlög voru samþykt 1928, að hafa flokka með mismunandi vöxtum, þarf engin ný lög til þess, en aðeins reglugerð fyrir þann flokk eða flokka. Með þessu móti tel jeg bændur betur setta en þó ný veðdeild væri stofnuð, með nýjum óþektum brjefum, sem enginn veit nú, hversu útgengileg verða við hliðina á þektum veðdeildarbrjefum, sem verið hafa á markaðnum í 28 ár. Og með þessu kemst Alþingi hjá að eyða 1250 þús. kr. af viðlagasjóðnum til tryggingar þessari nýju veðdeild.

Brtt. við 3. gr. er afleiðing af breytingunni við III. kafla. Sömuleiðis breytingin við 8. gr.

Þá legg jeg til, að orðið „erlendir" falli úr 11. gr. Jeg sje enga ástæðu til að rígbinda stjórn við að taka slík lán erlendis, í staðinn fyrir að gera tilraun með að bjóða slík lán út hjer; ætti að fara að venja þjóðina við að kaupa verðbrjef af því tægi við útboð.

Þá hefi jeg leyft mjer að gera brtt. við 4. málsgr. 5. gr., um að færa laun aðalbankastjóra úr 12000 kr. niður í 8000 kr., með 500 kr. hækkun 3. hvert ár upp í 10 þús. kr. Stofnun þessi verður fátæk til að byrja með og dýr í rekstri yfir höfuð. Hinsvegar engin trygging, að hæfur maður veljist í stöðuna, þar sem aðalreglan hjer virðist vera að velja menn í bankastjórn, sem aldrei hafa nærri verslun eða bankastörfum komið, enda fer árangurinn þar eftir. 8000 kr. laun ættu að vera næg byrjunarlaun auk dýrtíðaruppbótar, og þakkað mundi jeg hafa fyrir að fá slík laun, meðan jeg var við Landsbankann, sem hafði aðeins 6000 kr. laun til 1. okt. 1918, eða fram yfir styrjöldina miklu, og naut engrar dýrtíðaruppbótar.

7. brtt. er afleiðing af 5. brtt. Ef nú brtt. mínar verða samþ. um III. kafla, þá flýtur þar af, að taka verður upp greinar þær úr III. kafla, sem vísað er til í bústofnslánadeildarkaflanum, og mun jeg sjá um að koma með þær brtt. við 3. umr. Mjer þótti ekki taka því að leggja verk í að koma með brtt. við þann kafla, fyr en jeg sæi, hvort hv. deild vildi fallast á að fella veðdeildarkaflann í burtu. Jeg hefi ekki hugsað mjer að tala um bústofnslánadeildina að sinni. Jeg lít svo á, að þar sje eingöngu um hjálparstofnun að ræða, þar sem veðin, sem þar getur um, eru ekki bankahæf. Sú stofnun getur því ekki talist bankastofnun. Bankar lána nú 40% út á hús og 50% út á jarðir eftir matsverði. Þetta er því hjálparstofnun, þar sem lána á út á ótrygt kýrveð 50% til bænda, sem jeg skal ekki telja eftir, því fátt er bændum þarfara gert en að hjálpa þeim til að auka bústofn þeirra. En happasælla teldi jeg að ala bændur upp til þess, að geta notið lánstrausts sjálfir með óveðsettum eignum sínum en að færa það lánstraust yfir á kýrnar. En um það mál þarf að tala lengi og vel, áður en því er ráðið til lykta, svo það geti orðið að tilætluðu gagni.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil fyrst leyfa mjer að þakka hv. landbn. fyrir fljóta og góða

afgreiðslu á þessu máli, eins og sjá má á nál. hennar á þskj. 409. Hv. landbn. er sammála um, að frv. þetta eigi að ganga fram. Og jeg er þakklátur hv. frsm., sem taldi, að frv. væri merkasta málið, sem afgr. yrði frá þessu þingi. Jeg er honum sammála um það og vona, að það verði mikill ávinningur fyrir þetta land.

Jeg ætla ekki að ræða málið alment nú, en vil sjerstaklega drepa á þrjú atriði þess í sambandi við orð hv. frsm. Hv. frsm. vjek að deildum Búnaðarbankans og taldi minsta þörf vera á rekstrarlánadeildinni. Það má nú vera, að svo sje fyrir einstaklinga úti um landið, í bili að minsta kosti. En að sú deild eigi að vera í bankanum og fá þar að njóta sín, er skoðun mín, meðfram vegna þess, að jeg tel að bændafjelögin eigi að hafa aðgang að þessum banka, ekki einungis um lán til húsagerðar, jarðræktar og bústofnsauka, heldur og líka um verslun sína. Þessi banki á að verða banki samvinnunnar í framtíðinni og hið mikla vígi landbúnaðarins og samvinnufjelaga bændanna. Þetta, sem við samþykkjum nú, er aðeins vísir. En hitt alt er framundan.

Jeg er sammála um það, að bústofnslánadeildin þurfi endurskoðunar við, er tímar líða. Jeg kom nokkuð að því atriði við umr. í Nd., er frv. var rætt þar. Það þarf einmitt endurskoðunar við í sambandi við búfjártryggingamálið, framfarir um lækningu á húsdýrasjúkdómum og fóðurbirgðafjelagsskapinn. Það þarf að athugast, hvort ekki sje hægt að koma þessum málum svo fyrir, að bústofnslánin geti orðið til meiri nytja og þó tryggari. Og aths. hv. 1. þm. G.-K. um þetta atriði eru að nokkru leyti rjettar, þótt jeg geti ekki tekið undir þær í mörgum atriðum. Í 3. lagi er jeg hv. frsm. algerlega sammála um það, að áherslu beri að leggja á það, að útibú eða umboðsskrifstofur verði sem víðast um land, svo fjármagnið geti greinst sem best. Vegna bankaaðstöðunnar hefir vöxtur í útgerðinni orðið langmestur hjer við Faxaflóa, í nánd við Reykjavík. En það tel jeg ekki heppilegt, að mestar framkvæmdir safnist á einn stað, hvorki um sjávarútveg nje annað. Jeg tel, að fjárgreiningin og framkvæmdir þær, sem henni fylgja, þurfi að koma sem jafnast niður. Mjer flaug það meira að segja í hug, hvort ekki mundi vera rjettara að hafa þennan banka annarsstaðar en í Reykjavík, þótt jeg hætti við það. Hefi jeg þá ekki fleira að segja í tilefni af ræðu hv. frsm.

Þá hafa 2 hv. þm., hv. 4. landsk. og hv. 1. þm. G.-K., komið fram með brtt. Vil jeg þó fyrst, áður en jeg tek þær til athugunar, víkja að hinum almennu orðum, er hv. 4. landsk. mælti um frv. í ræðu sinni. Hv. þm. viðurkendi, að hjer væri mjög mikilsvert mál á ferðinni, sem vert væri að styrkja, en kvaðst þó hafa nokkra sjerstöðu um það. Hv. þm. talaði um, að hjer væri farið fram á mikið fyrir landbúnaðinn. Já, að sönnu er það. En það er þó ekki annað nje meira en það, að landbúnaðurinn fái sömu aðstöðu og þá, sem aðrir atvinnuvegir hafa fyrir löngu fengið. Landbúnaðurinn hefir verið hornreka hingað til við skiftingu lánsfjárins, og það, sem frv. þetta felur í sjer, er síst meira en það, sem hann hefir fullan rjett til að krefjast. Hv. þm., sem er jafnaðar-

maður, ætti ekki að láta sjer það í augum vaxa, þótt landbúnaðurinn fái jafna aðstöðu og aðrir atvinnuvegir um rekstrarfje.

Þá kom hv. þm. að því, sem hann nefndi þungamiðju þjóðlífsins, og kjördæmaskipun þeirri, sem nú gildir. Enda þó jeg telji ekki rjett að fara mikið út fyrir málið, og síst við 2. umr., þá vil jeg þó segja það álit mitt, að jeg tel kröfur þær, sem nú eru uppi um breytta kjördæmaskipun, algerlega ranglátar. Fjölgun sú, sem orðið hefir í kauptúnum og kaupstöðum landsins á undanförnum árum, stafar mestmegnis af misskiftingu þeirri, sem átt hefir sjer stað um lánsfjeð. Fækkun fólks í sveitunum stafar mest af stjórn þeirri, sem verið hefir á peningamálunum. Þar sem fjármagninu er komið fyrir, þar verður vöxturinn í þjóðfjelaginu. Nú er sú stefna uppi, að beina nokkru fjármagni til sveitanna. Er því ekki rjett að breyta kjördæmaskipuninni eftir því ástandi, sem er nú og er afleiðing ranglátrar stjórnar fjármálanna. Er rjett áður en það er gert að bíða uns ávextir núverandi fjármálastefnu eru komnir í ljós. Það þarf fyrst að fylla það skarð í vör Skíða, sem verið hefir um starfsfje bænda, áður en breytt er skipun kjördæma.

Þá talaði hv. þm. um veðdeild Búnaðarbankans og taldi skynsamlegt að fresta framkvæmd á stofnun hennar. Jeg ætla ekki að ræða um það að sinni, en kem að því síðar í sambandi við brtt. hv. 1. þm. G.-K.

Hið eina, sem hv. þm. taldi sig vera ákveðið á móti, var 39. gr., sem heimilar að gefa út flokk bankavaxtabrjefa með happvinningum. Þetta er nú atriði í frv., sem hvorki jeg eða aðrir gera að kappsmáli. En jeg vil minna hv. þm. á það, að þetta er ekki nýtt í lögum hjer. Samskonar ákvæði er í ríkisveðbankalögunum frá 1921, sem jeg hygg, að hv. 4. landsk. hafi verið með í að samþ. Hv. þm. hefir því meira viðvíkjandi lotteríum á samviskunni en jeg. En hitt er rjett, að jeg hefi verið á móti lotteríum. En þar hefir verið um alt annað að ræða, annars eðlis. Þarf jeg eigi að fara fleiri orðum um það, en læt mjer nægja að vísa til grg. þeirrar, sem fylgdi frv. frá Böðvari Bjarkan lögmanni, sem sýnir greinilega, hver eðlismunur er á þessu og venjulegum lotteríum.

Þá vjek hv. þm. lauslega að því, að um leið og Búnaðarbankinn tæki til starfa, þá ætti hann að taka við öllum skyldum Landsbankans gagnvart ræktunarsjóði. Þarna held jeg að bankaráðsmaðurinn hafi komið fram í hv. þm. Landsbankinn á nú að leggja ræktunarsjóði til 100 þús. kr. á ári, með því að kaupa ræktunarsjóðsbrjef. Þetta tel jeg nauðsynlegt, að haldist og tel hv. þm. ganga of langt í að vilja breyta þessu. En þar sem engin brtt. er enn fram komin um þetta, skal jeg geyma mjer að tala frekar um það, fyr en hún kemur fram.

Þá vil jeg minnast nokkuð á brtt. á þskj. 410, frá hv. 4. landsk. þm. Þótt brtt. sjeu í 11 gr., þá heyra þær allar saman. Um þetta atriði er nú það að segja, að hv. þm. er ekki einn um þessar till., að ríkið styðji að býlum í nánd við kauptúnin. Á síðasta búnaðarþingi var samþ. till. um, að unnið yrði að frv. um það, hvernig koma mætti þessu vandamáli í framkvæmd.

Og þótt jeg hafi fulla samúð með þessu, þá álít jeg samt ekki rjett að samþ. þetta nú, því að það er ekki nógu vel gengið frá því. Jeg vil því mælast til þess, að samþykt þessara till. yrði frestað nú, með fullu fyrirheiti um, að þetta mál verði undirbúið fyrir næsta þing. Í till. stendur, að lán skuli veita til þessara býla, en það stendur ekki eitt orð um það, hvað þessi býli eiga að vera stór til þess að geta talist býli. Eftir till. gæti því maður, sem á máske aðeins örlítinn túnblett, átt rjett á að fá lán til að reisa t. d. íbúðarhús. Hv. þm. hefir víst ekki athugað það, að ákveðið er í reglugerð byggingar- og landnámssjóðs, að nýbýli þurfi að hafa minst 20 ha. land til þess að fá rjett til lána. En þar sem till. hv. þm. ná ekki eingöngu til ræktunar, heldur og líka til bygginga, þá þarf skýrari rök fyrir því, hvað átt er við með till. En eins og jeg hefi sagt, þá ætlar Búnaðarfjelag Íslands og landsstjórnin að undirbúa þetta mál fyrir næsta þing. Jeg vil því vona, að hv. þm., sem nú hefir sýnt hug sinn til þessa máls, vilji leyfa það, að lögð sje meiri undirbúningsvinna í þetta mál áður en það kemur hjer fram til endanlegrar afgreiðslu.

Jeg þarf ekki að tala mikið um brtt. hv. 1. þm. G.-K., þó þær sjeu margar. Þær hníga allar að því að fella burt veðdeildina úr bankanum. Hv. þm. var fyrst að tala um ríkisveðbankann frá 1921. Gat hann þess, að þó málið hefði verið sótt fast og ýmsir gert sjer miklar vonir um það, þá hefði þó ekkert orðið úr því. Jeg var nú ekki á þingi þá, svo jeg get fátt um það mál sagt. En jeg hygg, að það hafi verið sjerstakar ástæður, er komu til greina eftir á, sem urðu þess valdandi, að ekkert varð úr því, að bankinn yrði stofnaður. Annars harma jeg það ekkert, þó ekki yrði neitt úr framkvæmdum þess máls, því það skipulag, sem á að verða samkv. þessu frv., er miklu fullkomnara fyrir landbúnaðinn en hitt var. Auk þess hefði það ekki verið farsælt að stofna nýjan banka árin 1921—1922, með tilliti til þeirra fjárhagsörðugleika og gengishækkunar, er þá komu á eftir. Annars skal jeg lýsa því yfir, að stjórnin hefir fullan vilja að koma þessum Búnaðarbanka strax á fót. Og jeg þori að fullyrða það, að ef frv. verður samþ., þá verð jeg ekki ofan moldar, ef margir mánuðir líða áður en hann tekur til starfa.

Þá spurði hv. þm., fyrir hvaða verð hægt væri að fá lán erlendis. Jeg get ekki sagt um það. En fyrv. fjmrh. og einn bankastjóri Landsbankans fóru utan í haust til þess að athuga lánmöguleika. Gæti hæstv. fjmrh. núv. frætt hv. þm. á því, hvað gerðist í þeirri ferð, en jeg álít ekki rjett að draga það inn í opinberar umr. hjer. En eins og hv. þm. veit, þá hafa síðan orðið nokkrar breytingar á enska peningamarkaðinum, og hefir það haft töluverð áhrif. En stjórnin er ákveðin í því að taka ekki lán með neinum okjörum. Þess vegna hefir hún ekki tekið neitt lán ennþá og getur því ekki gefið neinar upplýsingar um það, með hvaða kjörum mundi hægt að fá lán. Þetta voru nú alm. aths. viðvíkjandi því, er hv. þm. sagði um frv. En þá vil jeg víkja nokkrum orðum að því, er hann sagði um viðlagasjóð.

Jeg get ekki verið sammála hv. þm.

um skoðun hans á viðlagasjóði. Hann sagði, að hann hefði verið ætlaður til þess að borga með reikningshalla. Jeg veit ekki, hvort þetta er rjett, að sú hafi verið tilætlunin endur fyrir löngu, en reynslan hefir orðið sú, að hann hefir ekki verið notaður til þess. Þá talaði hv. þm. um það, að viðlagasjóð ætti að nota til þess að hjálpa í neyð, ef hallæri bæri að höndum. En jeg vil benda á, hversu heppilegur hann muni vera til þess, þar sem hann er allur bundinn í útlánum. Hinsvegar hefir ríkið stofnað bjargráðasjóðinn Hann hefir handbærar 600—700 þús. kr. og hann á að vera til þess að hjálpa, ef neyð ber að höndum vegna hallæris. Og þó þetta hafi upphaflega verið tilgangur viðlagasjóðs, sem jeg þó efa en man ekki með vissu um, þá er hann orðinn annar nú.

En um veðdeildina er það að segja, að þegar stofnaður er búnaðarbanki, sem ætlað er að hafa með höndum allskonar bankastarfsemi fyrir land búnaðinn, þá álít jeg sjálfsagt, að fasteignalán til bænda sjeu þar líka. Og ef nokkuð ætti að breyta til í þessum efnum, þá teldi jeg, að rjettara væri að flytja alla veðdeildina úr Landsbankanum yfir í Búnaðarbankann, því veðdeildarlán eru skyldust þeim lánum, er Búnaðarbankinn fer með, vegna þess hve tryggingarnar fyrir hvorumtveggja lánunum eru svipaðar. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að það yrði einungis til þess að draga úr Búnaðarbankanum, ef veðdeildin væri tekin úr honum, og vil eindregið mælast til þess, að hann verði ekki rýrður með því að gera það.

Þá vjek hv. þm. nokkuð að bústofnslánadeildinni og gat þess, að hún væri í rauninni ekki banki, heldur aðeins hjálparstofnun. Svipað mætti þá og segja um byggingar- og landnámssjóð. Jeg vil nú ekki algerlega mótmæla þessu hjá hv. þm. og er sammála honum um það, að eins og bústofnslánadeildin er samkv. þessu frv., þá er ekki endanlega frá henni gengið, því ekki er hægt að koma öllu í framkvæmd strax. T. d. er það svo með búfjártryggingarnar og ennfremur er það svo með undirbúning þess að fara að starfa vísindalega að því að vinna bug á búfjársjúkdómunum. Auk þess mætti nefna fóðurtryggingarnar. Þetta liggur alt fyrir að gera. En framkvæmdir og endanlegur frágangur verður að koma smátt og smátt, eftir því sem aðstæður leyfa. Og hvað viðvíkur bústofnslánadeildinni, þá vona jeg, að hægt verði bráðlega að stíga svo stórt spor í áttina til framkvæmda, að þeir, er á þingi sitja næstu ár, hafi þá ánægju að koma á fót fullkominni bústofnslánadeild í Búnaðarbankanum.

Hv. þm. vildi halda því fram, að búfje væri ekki bankahæf trygging. Jeg get ekki verið honum sammála um það. En jeg get tekið undir orð hv. 6. landsk., að það sje fullkomlega rjettmætt að fá lán út á búfje sitt, ef miðað er við þær tryggingar, er bankarnir hafa oft talið fullnægjandi, er þeir hafa lánað þúsundir króna til sjávarútvegsins. (BK: Það hefir líka verið misnotað). Já, jeg er hv. þm. sammála, og jeg er alls ekki að beina neinni ásökun til hans. Að öllu þessu athuguðu og samanborið við þau hlunnindi, er sjávarútvegurinn

hefir búið við, tel jeg ekki nema sjálfsagt — úr því á annað borð er verið að hugsa um að hjálpa bændum allverulega — að veita þeim lán gegn tryggingu í búpeningi þeirra, enda þótt hann geti varla talist bankahæf trygging.

Það er ekki rjett hjá hv. þm., að þetta frv. sje illa undirbúið. Jeg leyfi mjer þvert á móti að fullyrða það gagnstæða. Stjórnin fjekk besta mann, er völ var á, til að semja frv. Hafði sá maður bæði reynslu og þekkingu á þessum efnum. Auk þess hefir stjórnin stuðst við umsagnir fjölda landsmanna, Búnaðarþingsins o. fl. Hygg jeg því, að óhætt sje að fullyrða, að það sjeu ekki mörg mál, er lögð hafa verið fyrir þingið, betur undirbúin. Enda er það sjálfsagt, svo stórt mál, sem hjer er um að ræða.

Jeg legg svo eindregið til, að brtt. hv. 1. þm. G.-K. nái ekki fram að ganga. Brtt. við 12. gr. hefi jeg reyndar ekkert sjerstakt við að athuga. Hvað snertir brtt. viðvíkjandi launum bankastjóranna, þá er jeg þeirrar skoðunar, að Búnaðarbankinn eigi að vera og verði svo merk og voldug stofnun, að jeg kann illa við að setja bankastjórann við hann skör lægra en bankastjóra Landsbankans. (**BK**: En hæstarjettardómarar). Það er ósambærilegt. Það leikur ekki á tveim tungum um það, að þeir menn, sem eru sambærilegir í þessu, eru bankastjórar Landsbankans.

**Jónas Kristjánsson**: Það er nú svo, að þó að við höfum allir skrifað fyrirvaralaust undir nál. á þskj. 409, þá eru samt nokkuð deildar meiningar um frv. í heild sinni. En við erum sammála um það, að frv. eigi að ná að ganga fram á þessu þingi. Hinsvegar áskildi jeg mjer rjett til þess að fallast á brtt., er fram kynnu að koma, ef mjer líkuðu þær. Það var um það talað í n., hvort heppilegt mundi að hafa veðdeildina í sambandi við þennan banka. Jeg hjelt því fram, að svo væri ekki, heldur væri þá rjettara að fá eina „seríu" bankavaxtabrjefa frá Landsbankanum, eins og hv. 1. þm. G.-K. hefir talað um. Mun jeg því telja mjer heimilt og rjett að greiða atkv. með till. hv. 1. þm. G.-K.

Mjer fanst líka, að þetta frv. hefði ekki þurft að vera í svona mörgum deildum, heldur hefði það getað verið einfaldara. Hefði þá að mínu áliti mátt sleppa veðdeildinni, og ef til vill bústofnslánadeildinni líka. En af því jeg áleit þetta frekar aukaatriði, vildi jeg ekki gera ágreining, er svo kynni að hafa leitt til þess, að tafið yrði fyrir frv., svo að það næði ekki fram að ganga. Hæstv. fors.- og atvmrh. mælti nokkur sterk orð um það, að frv. væri vel undirbúið, en jeg get ekki verið honum fyllilega sammála um það, en annars skal jeg ekki deila frekar um það.

Jeg játa, að með þessu frv. er stigið stórt spor, sem bæði er þarft og rjett, en jeg álít þó, að gæta verði hinnar mestu varasemi um útlánsstarfsemina. Allir vita, að landbúskapur er frekar mögur atvinnugrein og gefur ekki strax af sjer fullar hendur fjár. Verða því þeir, er þessa atvinnu stunda, að vera sparsamir og nægjusamir til þess að geta stundað þessa atvinnugrein með góðum hagnaði. Tel jeg ekki sambærilegt að leggja fje til hans og sjávarútvegsins. Og þó mikið hafi tap-

ast á þeim síðarnefnda, er það ekki honum að kenna, heldur því, að ógætilega hefir verið lánað til hans. Ef menn yrðu eins ógætnir í lánveitingum til landbúnaðarins, þá er hætt við, að ekki komi alt það fje aftur, sem til hans er lánað. Jeg álít því, að sýna þurfi hina mestu gætni í útlánum, sjerstaklega fyrst í stað, meðan reynsla er að fást, svo menn reki sig ekki á sömu ásteytingarsteinana og með sjávarútveginn. Er jeg hræddur um, að hæstv. fors.- og atvmrh. sjái þetta alt í fullbjörtu ljósi og að hann muni verða fyrir vonbrigðum, ef hann heldur, að landbúnaðurinn geti staðist samkepnina við sjávarútveginn. Því það er svo nú, að landbúnaðurinn á við mjög mikla erfiðleika að stríða, ekki aðeins vegna peningaleysis, heldur og líka vegna hins lága verðs, sem er á afurðum hans. Reynslan undanfarið hefir sýnt, að bændur geta ekki goldið jafnhátt kaup og sjávarútvegsmenn. Ef við alla þessa örðugleika bætast svo vextir af háum lánum, getur þetta orðið mjög varhugavert, og er því fylsta ástæða til þess að fara mjög varlega í útlánum fyrst um sinn. Það er því með ugg og ótta, að jeg greiði atkvæði með þessu frv., þó jeg telji það hinsvegar að mörgu leyti rjettmætt, ef varúð er viðhöfð og þess gætt að hleypa ekki of miklu peningaflóði í sveitirnar, svo hætta verði á stórtöpum. En jeg efast ekki um það, að hægt verði að fá nóga til að biðja um þessi lán, því margir eru svo ógætnir í öllum peningamálum, — þeir sjá og finna þörfina á lánum, en gæta hins ekki, hvort lánið ber sig. Hefi jeg heyrt, að lánað hafi verið nokkuð ógætilega austur í Árnessýslu og að búskapnum þar muni veitast nokkuð erfitt að skila því fje aftur.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Jeg vil ekki verða til þess að bregða fæti fyrir frv., en greiði því aðeins atkv. í því trausti, að öllum framkvæmdum verði hagað svo hyggilega, að þetta verði landbúnaðinum lyftistöng, en ekki fótakefli. Hygg jeg, að þeir sjeu margir, er líta svipuðum augum á þetta.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Háttv. 4. landsk. hefir nú mælt fyrir brtt. sínum. Þetta bar nú nokkuð á góma í n., en þó við sæjum, að sumar þessar brtt. væru að ýmsu leyti rjettmætar, sáum við ekki ástæðu til þess að fallast á, að bætt yrði nýrri deild við hinn fyrirhugaða banka. Jeg lít svo á, að smábýlin kringum kaupstaðina, er hv. þm. ber svo fyrir brjósti, sjeu ekki svo illa stödd, að það þurfi að setja upp sjerstaka lánsstofnun vegna þeirra. Hvað snertir ræktun þar, þá er það sama og með sveitirnar, að hægt mun að fá lán úr ræktunarsjóði til að rækta smábletti kringum kauptúnin. Ræktunarsjóðurinn hefir lánað til slíks og mun framvegis gera það. Fæ jeg því ekki sjeð, að ástæða sje til að taka það til athugunar í nýrri löggjöf. Hvað viðvíkur lánum, er þessi býli þurfi að fá til lengri tíma, þá hafa þau miklu betri aðstöðu til þess að ná til veðdeildar Landsbankans heldur en sveitirnar, og er því síður þörf að gera sjerstakar ráðstafanir þeirra vegna. Og hvað bústofnslánadeildina snertir í þessu sambandi, þá býst jeg við, að þessi býli kringum

kaupstaðina hafi aðeins kýr, eitthvað lítilsháttar, og geti því altaf fengið lán til þeirra hluta annarsstaðar. Að öllu þessu athuguðu sje jeg ekki ástæðu til þess að fara að koma upp sjerstakri lánsstofnun fyrir þessi býli, meðan þau geta notið góðs af ræktunarsjóðnum. Enda er það mál ekki svo vel undirbúið, að nokkurt vit sje í því að taka það upp í þessa löggjöf. Nú hefir líka hæstv. atvmrh. lýst því yfir, að það liggi fyrir að rannsaka þessi mál, og má þá ræða þau frekar að þeirri athugun lokinni. Sjerstaklega vil jeg taka fram, að jeg tel alveg óhæfilegt að ætla þessum smábýlum stórum betri lánskjör en sveitunum, eins og lagt er til í till. hv. 4. landsk.

Út af því, er hv. þm. sagði um það, að almenn menning væri meiri í kaupstöðum en í sveitum, vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að öll menning sje miklu þjóðlegri í sveitunum, og a. m. k. hafa þær verið skjólgarður ísl. tungu. Og þó að kaupstaðirnir hafi hin síðari árin tekið miklum framförum í þessum efnum og öll menning þar hafi færst í þjóðlegra horf, þá verð jeg þó að álíta, að hinni ísl. menningu sje betur borgið í sveitunum.

Hitt, sem hv. þm. sagði, um að þungamiðja þjóðlífsins ætti því aðeins að vera í sveitunum, að sveitirnar hefðu fólksafla til þess, er að nokkru leyti rjett, en að nokkru leyti ekki. Það er fallvalt að hlaupa eftir því, hvernig ástatt er þetta og þetta árið. Það verður að miða við það, sem á að vera undir eðlilegum kringumstæðum. Og þá á þungamiðjan tvímælalaust að vera í sveitunum, enda mun það í bráð og lengd reynast farsælast fyrir þjóðina í heild.

Jeg ætla að víkja örfáum orðum að aldursforseta deildarinnar, hv. 1. þm. G.-K. Það er að mörgu leyti erfitt að mæla gegn honum. Hann er gamall og reyndur bankastjóri og hefir mikla þekkingu á bankamálum, en jeg verð að segja, að heldur fanst mjer anda kalt frá honum til þessarar stofnunar, og jafnvel til búnaðarins yfirleitt. Hv. þm. hjelt því fram, að ekki væri mikil þörf á nýrri veðlánastofnun, af því að það mundi vera orðið lítið til að veðsetja í sveitunum. Jeg hefi því miður ekki sjeð neinar skýrslur um þetta efni. Hv. þm. er sjálfsagt fróðari um þetta en jeg, en jeg er ansi kunnugur í minni sveit. Þar eru 30 jarðir og ¾ hlutar þeirra alveg óveðsettir. Og ef jeg lít í kringum mig í hjeraðinu yfirleitt, er hlutfallið mjög svipað, og svo mun víðar um landið, sem betur fer.

Hv. þm. hjelt því fram, að það mundi mega leggja niður veðdeildina, en vjek þó að því, að Landsbankanum verði fyrirskipað að setja upp sjerstakan veðdeildarflokk, sem beint láni bændum. Hv. þm. er þá kominn inn á það, að bændur þurfi veðdeild. (**BK**: Það er samkomulagstillaga). Það er gott og blessað, en jeg fæ ekki sjeð, ef hv. þm. á annað borð felst á þörfina, hvað er betra að fyrirskipa Landsbankanum að setja upp nýjan flokk sjerstaklega handa búnaðinum en að láta Búnaðarbankann hafa veðdeild. (**BK**: Hvar eru peningarnir?). Jeg hefi enga trú á, að veðdeildarbrjef Búnaðarbankans seljist ver en veðdeildarbrjef Landsbankans. Jeg skil ekki það álit manna, að minna seljist vaxtabrjef, sem eingöngu eru seld fyr-

ir landbúnaðinn, en hin, sem seld eru til almennra lána, þegar í báðum tilfellum er ábyrgð ríkissjóðs á bak við, þar sem líka ríkinu er gert að skyldu að kaupa nokkuð af vaxtabrjefum Búnaðarbankans. Hvernig þessi lán eiga að vera dýrari, fæ jeg ekki skilið, en jeg játa það, að jeg er ekki bankafróður maður.

Hv. þm. talaði um, að viðlagasjóður væri grálega leikinn með því að ætla að nota hann sem stofnfje. Viðlagasjóður var upphaflega ætlaður til að borga með halla, en það hefir hann bara ekki gert. Hv. þm. lýsti honum ekki fagurlega, hann væri meira og minna í óvissum skuldabrjefum og öðru rusli. Þá er þeim mun minni eftirsjón að honum. Hv. þm. sagði, að sjóðurinn hefði átt að vera til hjálpar í hallæri. Jeg býst ekki við, að það geti orðið, þegar svona er komið fyrir honum. eins og hv. þm. lýsti, enda erum við smám saman að koma okkur upp bjargræðissjóði, sem þegar nemur einni miljón og á fyrir sjer að stækka.

Hv. þm. sagði, að viðlagasjóður væri að sumu leyti lánaðar til nytsamra starfa í sveitum landsins. Það er satt; þetta kemur alloft fyrir. En það yrði miklu minni þörf á þeim lánum, ef hægt væri að vísa á dálítið öflugan, sjálfstæðan búnaðarbanka.

Mjer fanst hv. þm. tala mjög kuldalega um búfjárveðin. Hann taldi búpeninginn ekki veðhæfan. Búpeningur er að vísu ekki svo góð trygging sem vera ætti, en jeg held, að bankarnir hafi oft lánað gegn því, sem ekki er tryggara en lausafje. Það er svo fyrir að þakka, að skepnufall er hreinasta undantekning, og ef við gætum búið betur um fóðurbirgðatryggingarnar, er það mikil bót, einkum þegar komnir eru búfjártryggingarsjóðir, eins og nú er komin löggjöf um. Enginn getur neitað því, að það er mikil þörf slíkra lána til aukningar bústofninum.

Hæstv. forsrh. fór svo rækilega inn á þetta, að jeg hefi þar engu við að bæta. Jeg ætla samt að víkja að brtt. hv. þm. um að lækka laun bankastjóranna. Jeg er í raun og veru sammála hv. þm. um það atriði, en jeg vildi samt ekki flytja brtt. um það, af því að mjer finst frv. ekki svo gallað, að það taki því að tefja fyrir framgangi þess með slíkum brtt. Einnig finst mjer óviðfeldið, að bankastjórar Búnaðarbankans sjeu ver launaðir heldur en bankastjórar Landsbankans. Það er ástæðulaust að setja Búnaðarbankann skör lægra, enda er ákaflega mikið komið undir því, að góðir menn fáist í stjórn hans. Hinsvegar mundi Búnaðarbankinn fylgja með, ef laun Landsbankastjóranna yrðu lækkuð.

Hv. 5. landsk. sagðist hafa talað um þetta í landbn., og hann hefir auðvitað óbundið atkvæði um að leggja til, að veðdeildin verði feld í burtu. Jeg vjek að því áðan, sem hv. þm. sagði um áhættuna, og benti á, að það fylgir því altaf vandi að greiða mönnum aðgang að lánum, en við því er ekkert að gera. Hv. þm. minti á, hvernig farið hefði fyrir útibúinu á Selfossi. Jeg er ekki vel kunnugur því, en jeg hygg, að þar hafi alveg sjerstök atvik verið að verki. Þá var sjerstaklega óheppilegt árferði, í stríðslokin, og auk þess höfðu bændur þar um slóðir ráðist í mikil fyrirtæki, sem urðu þeim miklu dýrari en nokkurn óraði fyrir, til dæmis Skeiðaáveituna, og stuðluðu að stórfeldri skuldasöfnun í hjeraðinu.

**Jón Þorláksson:** Jeg vil fyrir mitt leyti leggja þessu máli liðsinni og greiða fyrir því, að það nái fram að ganga. Jeg tel það rjett framhald og fullkomnun á starfi undanfarinna þinga um að greiða fyrir lánveitingum til landbúnaðarins, fyrst og fremst með ræktunarsjóðnum, síðan með byggingar- og landnámssjóði og nú með þessu frv. En jeg get ekki annað en látið í ljós, að mjer finst vera þó nokkrir gallar á frv. Það liggja þegar fyrir brtt. til þess að bæta úr sumum þeirra, og þeim er jeg meðmæltur, en aðrir gallar eru þess eðlis, að ekki þýðir að bera fram brtt. til að bæta úr þeim, af því að þar gætir skoðanamunar á milli mín og meiri hl. þingsins.

Fyrsti gallinn er sá, að ábyrgð ríkissjóðs er of víðtæk. Í 4. gr. stendur: „Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans". Þetta er alveg sami gallinn og komst inn í löggjöfina um Landsbankann, eftir að núverandi þingmeirihluti breytti henni, og er ekki annað en einn þátturinn í alveg óskiljanlegri og ótrúlegri ljettúð, sem hv. þingmeirihluti og hæstv. stjórn hafa sýnt um að hlaða ábyrgðum á ríkissjóð. Jeg skal viðurkenna, að það eru til þau atriði í þessu máli, þar sem rjett er, að ábyrgð ríkissjóðs komi til. En það er alt annað að láta hana í tje á takmörkuðu sviði eða hlaða hverri stofnuninni á fætur annari á ábyrgð ríkissjóðs, og leggja þannig ráðstöfunarvald yfir ríkissjóðstekjum í hendur mönnum, sem standa utan löggjafarvaldsins og geta ekki borið ábyrgð gagnvart þjóðinni, eins og þingmenn og ráðherrar.

Næsti bletturinn á þessu frv. er sá — og hann er alveg óþarfur —, að ráðist er á gamla og góða stofnun, þar sem er viðlagasjóðurinn. Jeg sje ekki, að viðlagasjóðurinn sje til lengur, eftir að búið er að samþ. frv. Nú væri ekkert um þetta að segja, ef til bæri nauðsyn. En því fer fjarri, að svo sje. Þessi ákvæði um stofnsjóð fyrir veðdeild og bústofnslánadeild eru afturgöngur úr ríkisveðbankalögunum, sem fágu fyrir þinginu 1921 og voru samþ. Þau lög voru undirbúin af sama manni og þetta frv., og hann tekur hjer upp aftur gamla tillögu um að taka þá sjóði, sem ríkið átti, og gera þá að stofnsjóðum fyrir verðbrjefaútgáfunni. Þetta getur verið rjett og nauðsynlegt, á meðan ekki er lögð til önnur trygging meiri eða betri. En það er svo í þessu frv., að í báðum tilfellum er aftan við stofnsjóðstrygginguna sama sem alger ábyrgð ríkissjóðs á vaxtabrjefum bankadeildanna. Jeg þori að fullyrða af minni þekkingu um lántökur, að það fæst ekki eyri meira fyrir verðbrjefin, þó að viðlagasjóður sje tekinn, en fengist hefði með þeirri tryggingu einni, sem ríkissjóðsábyrgð veitir. Það er svo, þegar boðin eru út verðbrjef með ríkissjóðsábyrgð, að þá er ekki spurt um aðrar tryggingar, af því að allir vita, að ríkissjóðsábyrgð er fullkomnasta tryggingin, sem hægt er að láta í tje. Jeg teldi satt að segja, að fyrir nýskipaðan fjmrh. ætti það að vera metnaðarmál að bjarga viðlagasjóði frá eyðileggingu eða afnámi, sem hann er lagður í að óþörfu. Og það er leiðinlegt, þegar verið er að stofna til nauðsynlegrar löggjafar fyrir landbúnaðinn, þá skuli það vera notað sem tilefni til þess að gera að engu gamla og góða stofnun, sem hefði getað orðið til mikils gagns í framtíðinni.

Þá tel jeg, að 39. gr., sem fjallar um lotteríspil eða happvinninga, sje stór blettur á frv. Jeg get um það atriði tekið undir með hv. 4. landsk. og álít, að sú grein eigi niður að falla.

Jeg hefi nú talið upp þrjá höfuðgalla frv. Tveir af þeim eru þess eðlis, að það ætti að geta orðið samkomulag um að lagfæra þá. Löggjöfin yrði með því ekki skemd, heldur miklu fremur bætt.

Enn eru nokkur atriði, sem jeg hefði heldur kosið öðruvísi. Í fyrsta lagi er jeg hv. 1. þm. G.-K. sammála um, að það er ástæðulaust og ekki rjett að taka fasteignaveðlánabanka upp í þetta frv. Þar kemur til greina ein ástæða, sem ekki hefir verið nefnd enn. Þegar ríkisveðbankalögin voru á döfinni 1921, var af höfundi þeirra og fylgismönnum rík áhersla lögð á það, að best væri fyrir alla fasteignaveðlánastarfsemi, að ekki væri á markaðinum nema ein tegund brjefa frá einni stofnun. Ef fleiri væru tegundir brjefa og fleiri seljendur, yrði úr því samkepni um verðbrjefamarkaðinn, sem hefði óheppileg áhrif á sölu verðbrjefanna og yrði til þess að hækka söluverðið, sem er sama og að hækka vexti fasteignaveðlána. Mjer fanst nú höfundur frv. ganga of langt í að heimta, að öll verðbrjefaverslun rynni í einum og sama farvegi, því að mjer hefir altaf fundist eðlilegt að hafa tvennskonar verðbrjef sitt með hvoru móti; aðra tegundina fyrir erlendan markað, hina fyrir innlendan. Það eru mismunandi kröfur, sem þessir tveir aðilar gera. Utanlands vilja menn kaupa brjefin til langs tíma, en innanlands til skamms tíma. En með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er stefnt út í hreinustu öfgar. Ef það verður óbreytt að lögum, má gera ráð fyrir, að það verði að minsta kosti sex tegundir hliðstæðra íslenskra verðbrjefa á markaðinum, og það er áreiðanlega of mikið og verður þessari fasteignaveðlánastarfsemi til ógagns. Þegar af þessari ástæðu tel jeg varhugavert að fjölga tegundum brjefa með því að taka fasteignalán samskonar og veðdeild Landsbankans lánar nú út úr og setja þau í sjerstaka deild. Hjer við bætist, að af því að við lifum í landi, sem oft verður að þola áföll af náttúrunnar hendi, er það varhugavert að flokka hin eiginlegu fasteignaveðlán sundur í ýmsar deildir eftir tegundum fasteignanna. Jeg held, að fasteignaveðlánin sjeu yfir höfuð betur trygð, ef blandað er saman lánum gegn jarðaveðum og öðrum fasteignaveðum, t. d. í kaupstöðum. Í sveitunum geta komið áföll, t. d. fyrir eldgos eða öskufall, og rýrt jarðir í verði, þannig að þær reynist ekki nægilega veðhæfar; en óvíst er, að það geri nokkurn skaða í kaupstaðnum, þannig að tryggingar bankans haldast þar fullkomlega. En svo þegar áföll koma fyrir í kaupstöðunum af öðrum ástæðum, sem fella fasteignir þar í verði, þá gerir það sveitunum sennilega ekkert til, þannig að jarðaveðin eru þá fullkomin trygging gagnvart bankanum. Það dregur úr áhættu veðlánastofnunarinnar að hafa mismunandi tryggingar, og hlýtur yfirleitt að lyfta sölu vaxtabrjefanna og lækka vextina.

Hvernig sem litið er á þetta mál frá sjónarmiði landbúnaðarins, þá álít jeg það mjög varhugavert spor að greina fasteignaveðlán sveitanna frá öðrum fasteignalánum í landinu og

tel rangt að gera það að óyfirlögðu ráði. Mjer virðist helst, að þetta sje fram borið sem metnaðarmál fyrir sveitirnar, að þær geti haft öll sín viðskifti við einn og sama banka. En það má ekki koma til greina, ef raunverulegar ástæður mæla á móti því.

Jeg álít rjett að fella kaflann um veðdeildina úr frv.; hann á eiginlega ekkert skylt við annað í frv. Og það má altaf taka það til athugunar síðar, hvort rjett sje eða hentugt að auka þeirri deild við bankann, eftir að búið er að koma honum vel fyrir. Jeg álít, að samkomulagstill. frá hv. 1. þm. G.-K., á þskj. 430, fullnægi ekki því, sem æskilegt er að ná í þessu efni. Því að samkv. þeim á að gefa út sjerstakan flokk veðdeildarbrjefa, til þess að lána eingöngu gegn veði í jörðum og fasteignum, sem ætluð eru til ræktunar og framleiðslu landbúnaðarafurða, eða til almenningsnota í sveitunum. En önnur veðdeildarbrjef á svo að gefa út gegn öðrum fasteignaveðum í landinu. Jeg er sannfærður um, að þessi skifting verður engum til hagsbóta. En þó eru þessar till. hv. 1. þm. G.-K. ekki eins varhugaverðar, af því að sama stofnun á að gefa út hvoratveggja brjefaflokkana: þ. e. veðdeild Landsbankans.

Næsta aths., sem jeg vildi gera við þetta frv., er um bústofnslánadeildina. Jeg hefði kosið, að fjárútveguninni til hennar væri komið fyrir á öðrum grundvelli en frv. fer fram á. Deildin má veita lán til 10 ára, í lengsta lagi, gegn tryggingum, sem eru rýrari en 1. veðrjettur í fasteignum. Þá get jeg ekki álitið hentugt að byggja fjárútveganir til hennar á vaxtabrjefasölu. Jeg held, að erlendis fengist enginn markaður fyrir slík brjef, sem ekki eiga að vera lengur en 10 ár í umferð. Þar er venjan sú, að þeir menn, sem kaupa verðbrjef, gera það af því, að þeir vilja koma fje sínu fyrir á tryggan hátt um lengri tíma. Sjerstaklega væri það óheppilegt fyrir stofnun eins og bústofnslánadeildina, ef verðbrjefamarkaðurinn breyttist snögglega vegna almennrar breytingar á bankavöxtum, svo að ekki þætti annað fært en að láta brjefin falla í verði, til þess að samsvara breytingum á almennum bankavöxtum. Þessi lán, sem aðeins eru veitt til 10 ára, mega ekki vera affallalán. En tilhögunin í frv. heimtar það, að vaxtabrjefin sjeu seld með afföllum, ef svo ber undir. Nú er það svo, að þegar aðeins er um að ræða lán til 10 ára, þá eru aðrar aðferðir eðlilegri og venjulegri til fjárútvegunar. Sjerhver banki og sparisjóður getur fullkomlega forsvarað að lána nokkuð töluvert af fje sínu út í 10 ára afborgunarlán. Jeg álít því rjett að nota nokkuð af fje sparisjóðsdeildar bankans á þennan hátt, enda er það alls ekki hentugt að láta alt sparisjóðsfje ganga til rekstrarlána. Ef sparisjóðsfje nægir ekki handa bústofnslánadeildinni, þá má benda á tvenskonar fjárútveganir aðrar, sem eru eðlilegri og heppilegri en vaxtabrjefasala, annaðhvort að bankinn taki lán með ábyrgð ríkissjóðs, eða að ríkissjóður útvegi beinlínis fjeð og láni bankanum það. Á þann hátt getur stofnunin fengið fje með hentugri kjörum. Jeg álít rjettara og heppilegra að sameina bústofnslánadeildina og rekstrarlánadeildina, til þess að hafa sameiginlegar fjárútvegur fyrir þær. En útlánareglur gætu verið tvenskonar —

mismunandi fyrir hvora tegund lána. Jeg geri ráð fyrir, að það sje of seint að bera fram þá breytingu nú; en þó verð jeg, út af ummælum hæstv. forsrh., þar sem hann gerði ráð fyrir endurskoðun á lögunum síðar að því er snertir bústofnslánadeildina, að taka það fram, að þetta fyrirkomulag gerir það ómögulegt að breyta ákvæðunum um bústofnslánadeildina í nokkru verulegu, eftir að bankinn er tekinn til starfa. Stofnun, sem gefur út bankavaxtabrjef, má ekki breyta lögum sínum eða reglum, þannig að það geti haft nokkur áhrif á hagsmuni lánveitenda, eða kaupenda brjefanna. Og ef stjórnin ætlar að láta fram fara endurskoðun á löggjöfinni um bústofnslánadeildina, eftir að hún er komin í framkvæmd, þá vil jeg benda á, að þingið ætti að samþ. bráðabirgðaákvæði, er heimila annarskonar fjárútvegun handa deildinni í bili, þangað til endurskoðun þessi er um garð gengin.

Jeg hefi svo ekki fleira að segja um frv. sjálft annað en að taka undir þá ósk með hv. 5. landsk., að stj. megi auðnast að halda svo á þessu máli í framkvæmdinni, að það verði landbúnaðinum til viðreisnar, en eigi niðurdreps. Við, sem erum kunnugir hjer sunnanlands, höfum kynst afleiðingum þess, að ógætilega hefir verið lánað til landbúnaðarins eins og til sjávarútvegsins. Starfsemi útibúsins á Selfossi er ljóst dæmi þess. Það er misskilningur hjá hv. 6. landsk., að nokkrar sjerstakar ástæður hafi valdið slíkum þrengingum á suðurláglendinu, ilt árferði, stríðsafleiðingar eða stórfyrirtæki; það er engu slíku um að kenna. Þar hefir fje bankanna tapast á sama hátt og hjá sjávarútv., lánsfjeð lá of laust fyrir á dýrtíðarárunum. Margir álitu sig þá ríkari en þeir voru. Þetta, sem gerst hefir á Suðurlandi, nægir til að sýna, að fjárhagslega getur farið eins fyrir landbúnaðinum og sjávarútveginum, þegar lánað er fyrirhyggjulaust, að peningarnir koma ekki aftur, sem lagðir eru í atvinnureksturinn, og þá myndast töpin. Það verður enn tilfinnanlegra fyrir landbúnaðinn en sjávarútveginn, þegar fjöldi framleiðenda getur eigi staðið í skilum, og kemur harðar niður á hlutaðeigandi hjeruðum. Töp sjávarútvegsins koma jafnan niður á færri einstaklingum.

Gætilega verður að fara um útlán til landbúnaðarins, en þó mega menn hinsvegar ekki vera svo hræddir, að menn þori ekki að leggja hönd á plóginn til þess að rjetta landbúnaðinn úr kútnum. Það verður að gæta þess, að útvega eða vinna eitthvað gagnlegt á hverjum stað fyrir hvern pening, sem Búnaðarbankinn lánar út; þá verður stofnunin að góðu liði fyrir þjóðina.

Þó að það sje málinu óviðkomandi, þá vil jeg skjóta þeirri aths. til stj., að á tveimur stöðum í frv. er henni veitt heimild til lántöku; í 40. gr., um veðdeildina, og í 52. gr., um bústofnslánadeildina. Og í báðum greinunum stendur, að stj. skuli heimilt að taka lán erlendis til kaupa á vaxtabrjefum. Þetta ætti að fella burtu úr annari hvorri gr. Jeg held það nægi, að stj. sje á einum stað í lögunum veitt heimild til slíkrar lántöku. Hún hlýtur að ráða til lykta í einu lagi lántöku

handa bankanum. Og á meðan hún er að leita fyrir sjer um lán, er gengið út frá, að heimildin sje til, án þess það þurfi að vísa til hennar fyr en til þess kemur að gera lántökusamning. En þá held jeg það sje óhægra að vísa til heimilda á mörgum stöðum í lögunum. Jeg álít jafnvel, að það sje nauðsynlegt fyrir stjórnina að fá í einu lagi, eða með sjerstökum lögum frá þinginu, heimild til lántöku erlendis, sem hún getur lagt fyrir lánveitendur.

Jeg hefi tekið eftir því, að í Danmörku er altaf höfð sú aðferð að setja sjerstök lög um lánsheimildir handa stjórninni, sem ætluð eru til sýnis lánveitendum. Í 1. gr. þeirra laga er það tekið fram, að stjórninni sje veitt skilyrðislaus heimild til lántökunnar, en í síðari greinum þeirra eru sett ákvæði um, hvernig lánsfjenu megi verja. Jeg vil benda stj. á, að jeg er hræddur um, að það geti leitt til vandræða að þurfa að vísa á lánsheimildir í mörgum lögum og lagagreinum; það gæti leitt til þess, að lánveitendur teldu heimildirnar ekki nógu skýrar, og mjer finst óþarfi að setja stj. í þá afstöðu gagnvart þeim.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. landsk. þm. Hann gat þess, að hann mundi fylgja frv. og þeirri meginhugsun, sem á bak við það liggur. Þótti mjer vænt um að heyra þetta. En svo var hann að nefna ýmsa galla, sem hann taldi að væru á frv. Voru það einkum þrjú atriði, sem hann taldi verulega galla á þessu frv., auk annara smáatriða, sem hann lagði minni áherslu á.

Er það þá fyrst ríkisábyrgðin. Ætla jeg ekki að fara að ræða það mál nú, en vil aðeins benda á, að hjer gegnir sama máli sem með Landsbankann í fyrra. Hv. 3. landsk. var á móti ríkisábyrgð til handa Landsbankanum í fyrra og er af sömu ástæðum á móti ríkisábyrgð í þessu tilfelli. Við, sem í fyrra vildum veita Landsbankanum ríkisábyrgð, viljum veita Búnaðarbankanum hana nú, af sömu ástæðum. Þetta atriði er svo þaulrætt frá því í fyrra, að jeg sje ekki ástæðu til að fara inn á það nú. Það kom engum á óvart, þótt menn hjeldu nú fram sömu skoðunum í þessu máli sem í fyrra.

Annað atriði, sem hv. þm. lagði allmikla áherslu á viðvíkjandi þessu, að viðlagasjóður yrði við hann bundinn, var það, að hv. þm. taldi það fylsta óþarfa að hafa slíkan stofnsjóð sem tryggingu, af því að ábyrgð ríkissjóðs væri nóg trygging, og gat þess um leið, að það fengjust ekkert betri lán, þótt þessi stofnsjóður væri. Það er vitanlega alveg rjett, að það fást ekkert betri lán, þótt þessi stofnsjóður sje settur inn í bankann, heldur er það gert til þess að efla stofnunina, því það, að taka viðlagasjóð inn í með öllu, sem honum fylgir, verður vitanlega til þess að gera Búnaðarbanka Íslands öflugri. Jeg álít, að stofnunin yrði altaf slypp, ef hún yrði að vera eingöngu komin upp á lán, en ætti ekkert sjálf þegar í byrjun. Jeg álít, að það, að fá viðlagasjóðinn inn, yrði til þess að gera hana öflugri, því að þessi lán, sem eru í viðlagasjóði, greiðast smátt og smátt og þá fær stofnunin peningum yfir að ráða, en það er sama og að efla bankann. Í því sambandi orðaði hv. þm. þetta þannig, að fjmrh.

ætti að bjarga viðlagasjóði frá þessari eyðileggingu og sagði, að þetta væri að eyðileggja stofnun, sem hefði orðið til mikils gagns undanfarið. Þetta er óviðkunnanlegt orðalag. Eins og það sje nokkur eyðilegging, að viðlagasjóður er látinn ganga inn í Búnaðarbankann. Hann á að fá þar ný verkefni og á að láta verða svipaðan vöxt í atvinnu- og athafnalífi sveitanna eins og orðið hefir í kaupstöðunum undanfarið árabil, og ef hv. þm. athugar þetta nokkru nánar, þá veit jeg, að hann sjer, að þetta er engin eyðilegging. Þegar hv. þm. athugar það, að eins og það er vafalaust, að viðlagasjóður hefir orðið til mikils gagns undanfarið, þá er það og jafnvafalaust, að af þessari breytingu mun ekki stafa nein eyðilegging, heldur mikill hagur fyrir atvinnulífið í sveitunum.

Svo talaði hv. þm. um ákvæði 39. gr., um að stofna til happdrættis í bankavaxtabrjefum. Jeg ætla aðeins að víkja að því, til að láta þess getið, að jeg tel það ekkert höfuðatriði og þess vegna ekkert stórilla farið, þótt hv. 3. og 4. landsk. gætu komið því til leiðar, að þessi gr. yrði feld niður. En eins og jeg hefi getið um áður, þá álít jeg, að það sje rjett, sem Böðvar Bjarkan segir um þetta atriði; sem sagt, jeg legg enga höfuðáherslu á þessa gr.

Auk þess gerði hv. þm. ýmsar smávægilegar aths. við frv. og tók þar að ýmsu leyti undir þær brtt., sem hv. 1. þm. G.-K. hefir borið fram; en að svo miklu leyti sem hv. þm. ekki taldi rjett, að veðdeildin kæmi inn í þetta frv., þá þarf jeg ekki að víkja að því nú, vegna þess að jeg hefi talað um það áður, í sambandi við ræðu hv. 1. þm. G.-K.

Þá bar hv. þm. fram sínar röksemdir fyrir tveim atriðum. Annað var það, að varasamt væri að fjölga tegundum vaxtabrjefa, og hitt, að athugavert væri að greina stranglega að lán til landbúnaðar- og sjávarútvegshjeraða. Jeg veit ekki, hvað fyrra atriðið snertir, hvort það er nokkuð athugavert, þegar það er athugað nánar. Við vitum, hvernig þetta er úti um heim. Jeg er að vísu ekki nægilega kunnugur þessum málum, nema þá hjá sambandsþjóð okkar, Dönum, en þar sjer maður í blöðunum heila dálka, sem eru ekki annað en listar yfir vaxtabrjef ýmiskonar, sem eru til sölu á kauphöllum. Jeg hefi ekki erðið var við, að menn hafi sjeð neitt athugavert við það, að hafa nokkuð margar tegundir bankavaxtabrjefa, og þegar það er þess utan svo, að öll þessi brjef hafa það sameiginlegt, að ríkissjóður stendur á bak við þau með sína ábyrgð, þá hygg jeg, að það verði nokkuð líkur svipur yfir þeim og að þau muni ekki spilla hver fyrir öðrum.

Hin ástæðan, sem hv. þm. bar fram, að varhugavert væri að greina í sundur fasteignaveðslán til kauptúna og sveita, það gæti verið áfallasamt hjer á landi, komið eldgos og öskufall, og svo gæti komið ýms áföll yfir kauptúnin, sem síður kæmu yfir fasteignir til sveitanna; þess vegna væri það heppilegra, að þessir aðilar stæðu saman um að standa af sjer áföllin. Það getur verið nógu gott að segja sem svo, að þetta sje ekki heppilegt þannig, með því fyrirkomulagi, sem hjer er ákveðið, með verðbrjefum, en það er

þó ríkið, sem stendur á bak við hvorttveggja, þótt tvær stofnanir gefi út brjefin, svo að þessi skilgreining, sem hv. þm. gerir, finst mjer í raun og veru ekki til, er nánar er að gáð. Þess vegna get jeg ekki fallist á það, að þetta, að fá veðdeildina inn í Búnaðarbankann, sje borið fram sem metnaðarmál eingöngu. Jeg álít að þær ástæður, sem hv. þm. hefir borið fram á móti þessu, hafi ekki við næg rök að styðjast.

Loks voru tvær athugasemdir enn, sem hv. þm. kom með, sem jeg vil fara nokkrum orðum um. Það var fyrst viðvíkjandi fjárútvegun handa bústofnslánadeildinni. En um það er það að segja, að það á ekki eingöngu að útvega henni fje með sölu vaxtabrjefa, heldur á að leggja henni til stofnfje, viðlagasjóðinn, og þar að auki reiðufje úr ríkissjóði. En hinsvegar skal jeg segja það, að jeg er reiðubúinn að taka þetta atriði til athugunar og gæti hugsað mjer, að sett væru einhver bráðabirgðaákvæði um fjárútvegun til bústofnslánadeildarinnar. Jeg geri hiklaust ráð fyrir því, að löggjöfin um bústofnslánadeildina verði endurskoðuð, þegar búið er að koma því í framkvæmd, sem við erum nú að undirbúa, og gert var á síðasta þingi. Hinsvegar álít jeg, að það sje ekki eins erfitt eins og hv. þm. vildi vera láta, að framkvæma endurskoðun á þessari deild, einmitt af því, hvað brjefin eru gefin út til skamms tíma. En samt sem áður álít jeg rjett að athuga, hvort ekki megi með bráðabirgðaákvæðum setja hana á stofn, án útgáfu bankavaxtabrjefa. Hitt álít jeg, að ekki geti komið til mála, að láta rekstrarlánadeild og bústofnslánadeild vera saman. Jeg álít sjerstaklega, að starfsemi bústofnslánadeildar eigi að vaxa svo í framtíðinni, að það eigi að fara af stað með hana út af fyrir sig, og að reynsla næstu ára eigi að sýna það, að hún verði því meiri þegar stundir líða.

Svo kom hv. þm. með bendingu til stjórnarinnar viðvíkjandi heimildunum til lántöku, en um þá bendingu vil jeg segja það, að jeg vil mjög gjarnan taka það til athugunar, hvort ekki væri rjettara að fá eina lántökuheimild, en ekki margar og út um alt, eins og verið hefir. Hæstv. fjmrh. hafði einmitt gert ráð fyrir að leita til þingsins um það, en af því að hv. þm. hefir nú komið með þessa uppástungu, væri mjer mjög kært að mega beina þeirri fyrirspurn til hv. þm., hvort hann og hans flokkur vildi láta slíka heimild í tje. Leyfi jeg mjer að telja þetta bendingu frá hv. þm. um það, að þessi heimild myndi látin í tje. Eftir að stjórnin hefði athugað málið og fallist á það, geri jeg ráð fyrir að farið verði eftir þessari bendingu, ef samkomulag næst.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg hefi ekki haft tök á því að vera við umr. í dag, en mjer er sagt, að hv. 3. landsk. hafi haft orð á því, að hann sæi eftir viðlagasjóði inn í Búnaðarbankann; að hv. þm. væri, sem sagt, sárt um að breyta til með þann sjóð frá því, sem nú væri. Mjer þykir það ekki undarlegt, þótt hv. þm. hafi minst á þetta, því að við höfum áður átt tal saman um það, og jeg skal gjarnan játa það, að jeg tel hv. þm. hafa þó nokkuð til síns máls. En eftir því sem jeg hefi betur kynt mjer yfir

höfuð starfsemi viðlagasjóðs, þá hefi jeg ekki sjeð ástæðu til þess að setja mig á móti því, að hann væri látinn renna inn í Búnaðarbanka Íslands, fyrst og fremst af því, að jeg tel sjóðinn muni verða í framtíðinni eins vel og jafnvel betur varðveittan þar og að hann geti eins unnið alþjóð gagn þar eins og hann hefir gert. Mjer hefir sem sje virst, við nánari athugun, að meðferðin á viðlagasjóði hafi, einkum upp á síðkastið, ekki verið eins góð og æskilegt hefði verið, og í rauninni er við því að búast. Það er Alþingi, sem venjulega ákveður, til hvers skuli notað það handbæra fje, sem til er á hverjum tíma og er ekki æfinlega sett í trygga staði. Það vill brenna við, þegar þurft hefir að veita lán í einhverja vafasama staði eða þá, sem mjög mikil tvísýna hefir verið um, hvort þeir gætu greitt lánin aftur, að þá hefir niðurstaðan orðið sú, að veita þau lán úr viðlagasjóði, og það mun koma á daginn, að hann hefir tapað og mun tapa töluvert miklu fje á þann hátt. Vitanlega má koma því svo fyrir, að hann fái það fje greitt aftur, en það kemur þá á ríkissjóð.

Nú er á ferðinni í fjárlögum ákvæði um það að gera nýjar ráðstafanir um ýms lán, sem veitt hafa verið úr viðlagasjóði, og er fyrirsjáanlegt, að hann hlýtur að tapa mjög miklu fje. Mjer virðist því svo, ef haldið verður áfram á þessari braut, að annaðhvort tapi hann mjög miklu fje, eða þá að ríkissjóður verði að bæta honum það upp, sem hann tapar. Jeg hefi þá trú, að viðlagasjóður komi þarna að fullkomnum notum fyrir þjóðfjelagið, þar sem hann verður settur, og þar er hann tryggari fyrir skakkaföllum heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er á honum.

**Jón Þorláksson:** Jeg sje það, að það þýðir ekkert að mæla viðlagasjóði líf hjer; hans forlög eru ráðin, hann á að deyja sem sjálfstæð stofnun, það á að leggja hann niður, svo það er rjett, sem jeg sagði um það. Hitt datt mjer ekki í hug að segja, að það ætti á einu vetfangi að gera að engu það fje, sem í honum stendur, en sú stofnun verður þá ekki lengur, þegar þetta frv. er orðið að lögum. Hæstv. forsrh. færði þá ástæðu fram fyrir þessu, að þó að sjóðsins væri ekki þörf til þess að útvega Búnaðarbanka Íslands bætt lánskjör, þá hefði bankinn hans þörf sjer til styrktar, með því að hann fengi þar sjálfseignarfje, og fór um það eitthvað þeim orðum, að bankinn yrði rýr, ef hann fengi ekkert annað en lán til þess að byrja með. Það mætti vel minna á það í þessu sambandi, að tvær deildir í bankanum, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, hafa nú þegar fengið allmikið annað fje sem sjálfseignarfje, sem sje það fje, sem ríkið hefir lagt þeim stofnunum til, og að því er snertir þessa stofnun, þá sje jeg ekki, að henni sje það nein vorkunn að byrja sína starfsemi með því að taka á móti innlánsfje og hafa svo ríkissjóð á bak við sig til þess að útvega sjer lánsfje. Jeg held, að þótt þessi skuldabrjef viðlagasjóðs sjeu flutt yfir í Búnaðarbankann, þá muni þau ekki á næstu árum svo sem neitt efla bankann eða færa honum neitt teljandi handbært fjármagn. **(Forsrh.:** Það kemur í hendi). Já, en það kemur þá ekki fyr en á þeim tíma, sem bankinn að öllu sjálfráðu væri

búinn að fá svo mikið fje á milli handa, að þetta væri honum óþarft, einnig frá því sjónarmiði. En ef gert er ráð fyrir því, að þetta fje sje sjerstaklega bundið til að tryggja vaxtagreiðslu bústofnslánadeildar, þá álít jeg það vera beinlínis leiðinlegt og alt að því lánstraustsspillandi að hrúga saman tryggingum á þann hátt, sem gert er í 18. gr. Sú gr. er um tryggingar fyrir vaxtabrjefum veðdeildarinnar og tilsvarandi gr. er í bálkinum um bústofnslánadeildina. Það eru orðnir þar fimm tryggingarliðir, hver á eftir öðrum, og endar þar með ábyrgð ríkissjóðs, og þó að það geri þessari stofnun, sem otar fram svona miklum tryggingum, ekkert til, að þær eru svo miklar, þá get jeg ekki annað en búist við því, að það geri öðrum innlendum lántakendum, t. d. sveitarfjelögum og bæjarfjelögum, heldur erfiðleika, að það sje hægt að vísa í það, hve miklu meiri trygginga hafi þótt þörf fyrir þessi verðbrjef, sem Búnaðarbankinn gefur út. Sá samanburður verður aldrei til annars en að ýta undir lánveitendur um það að heimta meiri tryggingar af öðrum, jafnvel meiri heldur en hingað til hefir verið gert, og hefir þó svo verið hingað til, þegar leitað hefir verið eftir lánum erlendis, að þá hafa kröfur um tryggingar fyrir lánunum ekki verið við hóf. Það hefði heldur átt að stýra löggjöfinni svo, að þær kröfur hefðu getað færst nær eðlilegra horfi en verið hefir; en það er stefnt í öfuga átt með þessari upphrúgun af tryggingum.

Um niðurlagning viðlagasjóðs er annars það að segja, að þó hæstv. fjmrh. þyki ekki mikil trygging í því að hafa hann undir umráðum Alþingis og ríkisstjórnar, þá er, satt að segja, dálítið leiðinlegt að heyra það borið fram hjer á þingi sem ástæðu fyrir því, að það þurfi að leggja sjóðinn niður og fá fje hans til umráða bankastjórn einhvers banka, og í raun og veru væri þessi röksemd, ef rjett væri, vantraustsyfirlýsin á þá stjórnartilhögun, sem við nú búum við. Jeg skal að vísu játa, að það eru dálítil tímaskifti að því, hve varfærið Alþingi hefir verið um það að fara vel með viðlagasjóð, og jeg sje, að þau tímaskifti hafa farið eftir því, hve fast stjórnirnar hafa staðið í ístaðinu um það, að viðlagasjóður yrði ekki misnotaður.

Það má gjarnan minna á það, að í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, eru viðlagasjóði ekki ætluð fá verkefni. Sum eru þannig, að þau kynnu að geta horfið yfir til Búnaðarbankans, en sum eru þess eðlis, að þau eiga þar alls ekki heima, og tel jeg, að ekki hafi komið fram neinar veigamiklar röksemdir fyrir því að leggja þessa gömlu, þörfu stofnun niður.

Hæstv. forsrh. sagðist ekki hafa orðið var við nein rök fyrir því, að varasamt væri að hafa margar tegundir vaxtabrjefa, og vitnaði til Danmerkur í því efni. Það fer náttúrlega eftir því, hve markaðurinn er stór, hversu margar þær mega vera. En það er ólíku saman að jafna hjer og þar, þegar Danmörk hefir þrítugfalda íbúatölu samanborið við Ísland, og þar af leiðandi miklu meiri eftirspurn. En röksemdir fyrir því getur hæstv. ráðh. sannarlega fundið, ef hann les ástæðurnar fyrir ríkisveð-

bankalögunum og þær umr., sem fóru fram á þingi 1921 í sambandi við þá löggjöf, þótt jeg líti svo á, eins og jeg tók fram áðan, að of langt hafi verið gengið í því að krefjast takmarkana á þessum tegundafjölda.

Þá taldi hæstv. ráðh., að skifting veðlána milli sveita og sjávarplássa gerði ekkert til, vegna þess að ríkisábyrgð væri á bak við hvorttveggja. Þetta er ekki rjett eftir mínum skilningi. Jeg álít, að ríkissjóðsábyrgð eigi að vera þannig, að til hennar þurfi sem allra sjaldnast að koma. Það er rjett að nota hana til þess að gefa verðbrjefunum þann stimpil, að þau seljist án þess að af þeim þurfi að greiða óeðlilega háa vexti, en svo á að vinna fasteignaveðslánastarfsemina þannig upp, að hún geti verið sem allra tryggust í framkvæmdinni, og það er ekki rjett að gera þann aðskilnað, sem gerir sum brjefin ótryggari, ef áföll koma fyrir, treystandi því, að ríkissjóður er þó á bak við; það er að leiða þessa lánastarfsemi lengra út á þá braut að vera upp á ríkissjóðsábyrgð komin.

Það eru margir af okkar bankamönnum, sem hafa álitið það, að við ættum að reyna, sjerstaklega að því er snertir þessa grein fasteignalána, að vinna okkur svo upp með stjórn og tilhögun þeirra sjálfra, að við gætum komist burt frá ríkissjóðsábyrgðinni á því sviði, sem við höfum þótst þurfa með í byrjuninni.

Í þessari röksemd ráðh. kemur fram sú hugsun, sem í sjálfu sjer er veigamesta mótbáran gegn svona víðtækri ríkisábyrgð, sem sje, að hún vekur hjá öllum, sem þessi mál hafa með höndum, þá hugsun, að það geri ekkert til, þó óhönduglega takist með fyrirkomulag og framkvæmdir, þar sem ríkið standi hvort sem er að baki og taki skakkaföllin, ef illa tekst til. Þetta verður til þess, að linari kröfur verða gerðar um meðferð allra þessara mála, ef ríkisábyrgð er að baki. Jeg segi þetta alls ekki af því, að jeg sje mótfallinn því, að þessari bankastofnun sje veitt takmörkuð ríkisábyrgð, heldur einungis til þess að setja fram þá kröfu, að ríkisábyrgðin verði ekki látin leiða til misfellna á tilhögun stofnunarinnar, sem annars þætti rjettara að sneiða hjá. Hún má ekki verða einskonar skjólgarður utan um löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið, til þess að skýla því fyrir afleiðingunum af misfellum og mistökum.

Mjer þótti vænt um, að hæstv. ráðh. tók undir það, sem jeg sagði um bústofnslánadeildina, að ekki væri unt að útvega henni starfsfje til bráðabirgða með vaxtabrjefasölu einni saman. Jeg skal þá segja honum, hvað jeg hefi hugsað mjer um þetta atriði. Í ákvæðunum um sparisjóðsdeildina er gert ráð fyrir, að auk þess fjár, sem hún sjálf fær til umráða á venjulegan hátt, þá sje ríkinu heimilt að ábyrgjast alt að 3 milj. kr. lán henni til handa. Mjer sýnist nú rjettara að byrja bústofnslánadeildina á þann veg, að sparisjóðsdeildin ljeði henni starfsfje til bráðabirgða a. m. k., og með rýmkun sparisjóðsdeildarinnar væri þetta mögulegt. Mjer skilst, að tæplega sje í annað hús að venda, ef menn vilja hliðra sjer hjá vaxtabrjefasölunni. Jeg er sannfærður um, að þegar þessi lög koma til framkvæmda, muni það valda erfiðleikum, eigi litlum,

að hafa bústofnslánadeildina og sparisjóðsdeildina þannig aðskildar; það mun reynast til mikilla örðugleika, bæði um bókhald og alla framkvæmd. Og jeg geri mjer þess vegna miklar vonir um, að eftir að bankinn er tekinn til starfa, muni sú tilhögun verða bráðlega tekin upp, að koma á nánara sambandi milli þessara tveggja deilda, enda mun það reynast næsta erfitt í mörgum tilfellum að greina á milli, hvað sjeu bústofnslán og hvað lán annara tegunda, sem heimilt er að veita.

Þá spurði hæstv. ráðh. um það, hvort jeg og minn flokkur vildi láta stj. lántökuheimild í tje. Mjer finst nú, að úr því að búið er að samþ. lántökuheimildir, þá sje það hreint formsatriði að taka þær saman í eitt sjerstakt lagafrv. Auk þess fer betur á því að mörgu leyti að hafa slíkar heimildir á einum stað en á mörgum stöðum, en jeg hefi ekkert minst á þetta við flokksbræður mína.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það eru einungis örfáar athugasemdir, sjerstaklega viðvíkjandi einu atriði, sem jeg kem að síðar. En jeg vil geta þess strax, út af því, sem hv. 3. landsk. sagði um fjáröflun bústofnslánadeildarinnar, þá er jeg reiðubúinn til að taka það til frekari athugunar til 3. umr. Það væri þá helst á þá leið, skilst mjer, að 52. gr. væri breytt og sett í svipað horf og 11. gr.

Um hinar almennu aths. hv. þm. um ríkisábyrgð get jeg verið fáorður. Hann talaði mikið um ljettúð og gáleysi í þessum efnum, ef ábyrgð ríkisins væri að baki. En mjer finst nú þessar aths. eiga engu síður við, þótt útgáfa brjefanna sje í einu lagi, eins og hann vill vera láta, eða hvort þau eru gefin út í tvennu lagi, gegn veði í jarðeignum annarsvegar og hinsvegar veði í fasteignum í kaupstöðum. I báðum tilfellum stendur ábyrgð ríkisins að baki, svo að þessi ljettúð, sem þm. talar um, gæti komist að, hvort sem brjefaútgáfan væri tvískift eða ekki.

Það er rjett hjá hv. þm., að Búnaðarbankinn gæti ekki leyst úr öllum þeim verkefnum, sem viðlagasjóður hefir hingað til haft með höndum. En svo sagði hv. þm., að Búnaðarbankinn gæti ekki leyst úr þeim verkefnum, sem viðlagasjóði er ætlað að gera eftir fjárlögunum. Þetta er ekki rjett. Jeg hefi fjárl.frv. hjer við hendina í þeirri mynd, sem jeg bar það fram, svo að ganga má úr skugga um þetta atriði. Í 22. grein frumvarpsins er ákveðið, til hvers megi veita lán úr viðlagasjóði. Það eru fimm tegundir lána, og ætla jeg, að bankinn muni geta staðið straum af þeim öllum. Fyrst eru lán til frystihúsa á kjötútflutningshöfnum, þá osta- og smjörbú, til kaupa á girðingarefni, til þurrabúðarmanna til jarðræktar og húsabóta, og loks til verkamanna í kaupstöðum til jarðræktar. Allri þessari lánsþörf á Búnaðarbankinn að fullnægja, auk þess sem hann hefir mun betri aðstöðu til þess heldur en viðlagasjóður. En það skal jeg játa, að ýmislegt annað, sem viðlagasjóður hefir lánað fje til, hefir ekki eins greiðan aðgang og sumpart engan að Búnaðarbankanum, og álít jeg það út af fyrir sig heppilegt, að viðlagasjóður starfi á þrengra sviði en áður.

**Jón Baldvinsson:** Hæstv. forsrh. tók mjög vingjarnlega í það, sem jeg hefi lagt til þessara mála, enda þótt hann vildi ekki ganga svo langt að samþ. brtt. mínar. Aftur á móti var frsm. öllu erfiðari viðvíkjandi brtt. mínum. Hann áleit, að það myndi taka mikinn tíma að undirbúa lánadeildina og koma brtt. mínum í framkvæmd. Jeg er nú enn ekki búinn að ráða það við mig, hvort jeg tek brtt. mínar aftur til 3. umr. eða til fullnustu, vegna þess að jeg þyrfti fyrst að heyra yfirlýsingar af vörum hæstv. forsrh. um afstöðu hans til málsins og hvað hann vildi gera fyrir málið til næsta þings. Hæstv. ráðh. spurði, hvort jeg vildi falla frá brtt. mínum, ef jeg fengi skýlausa yfirlýsing um, að málið skyldi verða tekið til rækilegs undirbúnings og lagt fyrir næsta þing, að því er mjer skildist. Ja, ef svo væri, þá skal jeg játa það, að á mig renna tvær grímur, enda býst jeg ekki við, að till. mínar nái framgangi á þessu þingi hvort eð er. En það væri þá einungis með því skilyrði, að málið væri undirbúið og lánadeild þessi yrði einskonar byggingar- og landnámssjóður fyrir kaupstaðina, líkt og núverandi byggingar- og landnámssjóður er fyrir sveitirnar. (**Forsrh:** Ekki alment fyrir kaupstaðina). Nei, en samkvæmt till. mínum.

Hæstv. ráðh. talaði alment um málið og svaraði ýmsum fyrirspurnum því viðvíkjandi. En jeg vil benda honum á, að ýmsu hefir verið kipt út úr frv. frá því það var lagt fram í upphafi. Má þar meðal annars nefna kirkjujarðasjóðinn. Geri jeg ráð fyrir, að hin geistlegu áhrif hafi þar orðið hinum verslegu yfirsterkari, því ekki hefir honum þótt ástæða til þess að láta viðlagasjóðinn fara sömu leiðina. Annars er það leitt, að viðlagasjóður skuli nú fallinn frá þeim notum, sem hann hefir áður fullnægt, því að mörgum var hann til mikils gagns. Hæstv. ráðh. sagði, að það, sem gert væri með stofnun þessa banka, væri ekki annað en að jafna aðstöðu landbúnaðarins við aðra atvinnuvegi landsins. En jeg vil benda hæstv. ráðh. á það, að það eru einungis atvinnurekendurnir í kaupstöðum, sem fjármagni lánsstofnananna hefir verið veitt til, en ekki til fjöldans. Almenningur hefir ekkert fengið. Jeg get því eftir atvikum sætt mig við að bíða eitt ár eftir því, að þessum till. mínum verði sint, og í von um góðar undirtektir þá, góðan undirbúning og góða lausn málsins get jeg fallist á að taka till. mínar aftur að þessu sinni.

Þá talaði hæstv. ráðh. um kjördæmaskipunina, að gefnu tilefni frá mjer. Jeg skal nú ekki fara út í þá sálma að sinni, en mig langar til að spyrja ráðh. að því, hvað bændur gerðu í þá daga, þegar þeir höfðu alt fjármagn þjóðarinnar í sínum höndum. (**Forsrh:** Hvaða fjármagn?). Það, sem til var. Jeg verð að leyfa mjer að segja, að þess sjást ákaflega lítil merki, því miður.

Hæstv. ráðh. talaði um, að till. mínar væru gallaðar að formi, og má það vel vera, en ef það verður nú ofan á, að jeg taki þær aftur að sinni, þá skiftir það atriði ekki svo miklu máli. En ekki eru þó gallarnir veigameiri en svo, að bæta þyrfti við ákvæðum um, að ríkisstjórnin setti nánari fyrir-

mæli um ýmislegt viðvíkjandi þessum lánveitingum úr lánadeildinni.

Þá vil jeg spyrja hæstv. ráðh., hvernig verði hagað lánum úr viðlagasjóði 1930. Ef allur sjóðurinn yrði tekinn, býst jeg við, að lítið yrði eftir til lánveitinga samkv. 22. gr. fjárlaganna til verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum, en lánsheimild þessi nemur samtals um 14 þús. kr.; væri það illa farið, ef slíkar lánveitingar fjellu niður, þó ekki væri nema eitt ár, og ekkert kæmi í staðinn.

Hv. frsm. var ekki eins ljúfur í garð till. minna eins og hæstv. forsrh. Hann virtist ekki skilja þá nauðsyn, sem hjer liggur að baki. Jeg álít þess brýna og aðkallandi þörf að auka ræktun kringum kaupstaðina. Enda þótt nú sjeu aflabrögð í besta lagi og góðæri hið mesta til lands og sjávar, þá má ekki miða við það eingöngu. Illæri getur skollið yfir þegar minst vonum varir, og þá eru sjómenn og verkalýður ofurseldir atvinnuleysinu, ef þeir hafa ekkert að bakhjarli. Og erfitt reynist jafnan fyrir þá að fá opinbera vinnu, vegna andúðar gegn því, að ríkið hafi slíkt með höndum. Jeg álít, að í till. mínum felist varanlegar og öruggar atvinnubætur fyrir hinar efnaminni stjettir í kaupstöðunum. Með þessu væri atvinna trygð nokkurn hluta árs og stórt spor stigið til þess að firra þjóðina því böli, sem af atvinnuleysinu leiðir, og afstýra þeim vandræðum, sem því eru samfara, Sumstaðar er atvinnuleysið ekki einungis í borgum og bæjum, heldur jafnvel í sveitunum líka, en það þekkist nú ekki hjer ennþá. Þetta böl eigum við að geta forðast og fyrirbygt, þar sem við erum fáir og höfum því tiltölulega betri tök á að hafa yfirlit yfir hag almennings.

Að öðru leyti mun jeg leiða hjá mjer að deila við hv. frsm. um það, hvort bændur sjeu þjóðlegri en fólk í kaupstöðum alment. En það eitt þori jeg að fullyrða, að í kaupstöðunum er engu minni menning en í sveitunum, ef hún er ekki mun meiri.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Það fer eftir svari hæstv. ráðh., hvort jeg tek till. mínar aftur, annaðhvort til 3. umr. eða til fulls.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Mjer er ljúft að verða við þeirri ósk hv. 5. landsk., að gefa honum þá yfirlýsingu, að jeg og minn flokkur höfum fullan skilning á nauðsyn aukinnar ræktunar í kaupstöðum og að við viljum vinna að því við fyrsta tækifæri að beina lánsfje með rjettlátum kjörum til þeirra, sem í kaupstöðum og kauptúnum búa, til þess að ljetta undir með þeim, sem við jarðrækt fást að meira eða minna leyti. Jeg skal aftur geta þess, að Búnaðarþingið samþ. till. um að skora á stjórn Búnaðarfjelagsins að láta undirbúa löggjöf um þessi mál. Jeg sem formaður Búnaðarfjelagsins tel mig skyldan til að verða við þessari áskorun, og jeg mun ekki, svo framarlega að jeg held heilsu, láta þetta undir höfuð leggjast. Mín skoðun er sú, að þjóðfjelaginu sje fyrir bestu, að hver einasti verka- og sjómaður á þessu landi eigi einhvern grænan blett eða að minsta kosti garð. Með því hygg jeg, að best sje trygð efnaleg, andleg og líkamleg velferð þeirra einstaklinga, og þá um leið þjóðarheildarinnar. Og fátt mun betur stuðla að friði

og heilbrigðri þróun þjóðfjelagsins og festa verkamanninn betur við föðurlandið og kenna honum að elska sitt land. Af þessum meginástæðum, og mörgum fleiri, álítur Framsóknarflokkurinn skyldu sína að beita sjer fyrir þessum málum, og jeg get með glöðu geði gefið skýlausa yfirlýsing um, að mál þetta skal verða tekið til gagngerðrar yfirvegunar til næsta þings, og skal þá lagt fyrir þingið ítarlegt og vel undirbúið frv. um þessi efni. Það er ekki svo að skilja, að jeg gefi þessa yfirlýsingu vegna tilmæla hv. 4. landsk. eingöngu, heldur einkum og sjer í lagi með tilliti til þess, að þetta er einn liður í því að auka ræktun landsins, sem er aðalstefnumark míns flokks. Og það er skoðun Framsóknarflokksins, að þjóðfjelaginu beri að stuðla að aukinni garð- og jarðrækt í kaupstöðum og kauptúnum, með því að leggja fje af mörkum í því skyni beinlínis og með því að koma á fót lánsstofnun til þess að fullnægja lánsþörfum þeirra, sem við jarðrækt eða landbúnaðarframleiðslu fást.

Út af því, sem hv. þm. sagði um viðlagasjóðslánin samkv. 22. gr. fjárlaganna, þá skal jeg taka það fram, að það kemur ekki til mála, að neitt hlje verði á þeim lánveitingum við þær breytingar, sem hjer er um að ræða. Og það skal að lokum tekið fram, að í minni stjórnartíð hefir engin fyrirstaða verið gegn því, að slík lán væru veitt.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Jeg skal geta þess, út af þeim ummælum hv. 4. landsk., að frá mjer hefði andað kalt til till. hans. að jeg álít æskilegt að auka ræktun kaupstaðanna að verulegu leyti, en jeg sje enga þörf á sjerstakri löggjöf um það efni að svo stöddu, og þess síður rjett að taka þá grein ræktunar sjerstaklega út úr og gera henni hærra undir höfði en öðrum. Það getur vel verið, að rjett væri að stofna lánadeild í þessu skyni, en jeg hygg það tæplega tímabært enn nje nægilega undirbúið. En jeg vil gjarnan stuðla að aukinni ræktun í kauptúnum og sjávarþorpum, en hinu er jeg algerlega mótfallinn, að veita smábýlamönnum við kaupstaði forrjettindi fram yfir aðra.

Mjer þykir leitt, hve mjer virðist anda kalt til tilraunarinnar með happdrættið. Jeg get þó ekki sjeð, að slíkt ákvæði sje neitt til svívirðu, þar sem stærri þjóðirnar hafa gert þetta um alllangt skeið og með góðum árangri. Og þar sem menn bera kvíðboga fyrir því, að vaxtabrjefin seljist illa, skil jeg ekkert í, að hinir sömu menn skuli vilja kippa ákvæði 39. gr. burt, ef þau mættu verða til þess, að brjefin seldust betur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 430,1—2 feldar með 7:6 atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 8:5 atkv.
5. gr. samþ. í e. hlj.
6.—7. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 430,3 feld með 7:5 atkv.

8.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 430,4 feld með 7:5 atkv.

11.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 430,5 feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr.
**nei:** EÁ, EF, IP, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

JBald greiddi ekki atkv.

13. gr. samþ. með 8:4 atkv.

14.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

18.—25. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

26.—38. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

39. gr. feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** IP, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, GÓ.
**nei:** HSteins, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK, EF.

40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv..

41.—44. gr. (verða 40.—43. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

45.—47. gr. (verða 44.—46. gr.) samþ. í e. hlj.

48.—52. gr. (verða 47.—51. gr.) samþ. í e. hlj.

53. gr. (verður 52. gr.) samþ. í e. hlj.

**Jón Baldvinsson:** Vegna yfirlýsingar hæstv. forsrh. um það, að hann muni undirbúa þetta mál og bera það fram á næsta Alþingi, mun jeg nú taka aftur brtt. mínar á þskj. 410.

**Halldór Steinsson:** Mjer finst það helst til mikil tilhliðrunarsemi hjá hv. 4. landsk. að taka aftur till. sínar á þskj. 410, því að jeg tel þær að sumu leyti til umbóta á frv. Jeg leyfi mjer því að taka upp aftur 1.—7. till. á áðurnefndu þskj.

**Jón Baldvinsson:** Jeg hafði fengið vitneskju um, að 7 fyrstu brtt. mínar á þskj. 410 mundu eiga nokkurt fylgi hjá einhverjum hv. dm., en í 8. till. felast einmitt hlunnindi þau, er veita á þeim, sem lán þessi fá, og þótti mjer því rjettara að taka þær aftur, vegna skýlausrar yfirlýsingar hæstv. forsrh., þó að jeg að sjálfsögðu greiði þeim atkv., ef einhver tekur þær upp.

Brtt. 410,1—7 (nýjar gr., verða 53.—59. gr.) samþ. með 8:6 atkv.

54. gr. (verður 60. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

55.—58. gr. (verða 61.—64. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 430,6 feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BK, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr.
**nei:** EÁ, EF, HSteins, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

Brtt. 430,7 tekin aftur.

59. gr. (verður 65. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

60.—67. gr. (verða 66.—73. gr.) samþ. í e. hlj.

68. gr. (verður 74. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 454, 461, 476, 478).

**Jón Þorláksson:** Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 461, og eru þær allar samstæðar og fela í sjer þá einu breytingu, að viðlagasjóður geti haldið áfram að vera

sjálfstæð stofnun að öðru leyti en því, að skuldabrjefin, sem nefnd eru í brtt., verði bundin sem tryggingarfje við veðdeild og bústofnslánadeild Búnaðarbankans.

Jeg mintist á þetta við 2. umr. þessa máls og gat þess þá, að það væri í raun og veru óþarfi og gagnslaust fyrir Búnaðarbankann að eyðileggja viðlagasjóðinn og skifta honum upp milli hinna einstöku deilda bankans til eignar. Eftir frv. er viðlagasjóðnum alveg sundrað og hlutverk hans er þar fyrst og fremst það, að vera sem tryggingarfje fyrir vaxtabrjefum veðdeildar og bústofnslánadeildar Búnaðarbankans, og er það aðalmarkmiðið. Þessu markmiði er hægt að ná að fullu með þeirri tilhögun, sem jeg hefi stungið upp á í brtt. mínum, svo að bankinn þarf einskis í að missa, þó að þær verði samþ. Orðalagið á þeim brtt., sem um tryggingarfjeð fjalla, er sniðið eftir því orðalagi, sem haft var að því er snertir samskonar tryggingarfje, er lagt var fyrir 1. flokki veðdeildar Landsbankans og að nokkru leyti fyrir 2. flokki. Um þennan 1. flokk veðdeildarinnar var höfð sú tilhögun, að ríkissjóður legði til tryggingarfjeð, mest í dönskum ríkisskuldabrjefum, sem voru þar með bundin og lögð í sjerstaka vörslu til tryggingar skuldabrjefum veðdeildarinnar, en hjeldu samt áfram að vera í eigu ríkissjóðs Íslands. Þetta hefi jeg nú orðað eins í brtt. mínum með viðlagasjóðinn, þannig að hann verði bundinn sem trygging, en haldi áfram engu að síður að vera eign ríkissjóðs. Þetta þýðir það, að vextir, sem inn koma af eignum viðlagasjóðsins, renna ýmist í hann sjálfan eða ríkissjóð, og afborganir af lánum verða til umráða fyrir fjárveitingarvaldið, Alþ. og landsstjórn, til nýrra útlána. Ef nú svo illa færi fyrir veðdeild og bústofnslánadeild, að þær yrðu fyrir töpum, þá verður auðvitað að taka til tryggingarfjárins, og hlýtur slíkt að ganga fyrir, þar sem þetta veðband er komið á þessa eign ríkissjóðs. Brtt. mínar eru einnig leiðrjetting á þeirri missmíð frv., þar sem áskilið er, að þessum tveim deildum bankans skuli lagt út til eignar af skuldabrjefum viðlagasjóðs meira heldur en til er. Jeg hefi lagfært þessa missmíð með því að kveða svo á í brtt., að tryggingarfjeð skuli lagt fram í skuldabrjefum viðlagasjóðs, eða öðrum skuldabrjefum eigi ótryggari.

Jeg þykist svo ekki þurfa að mæla frekar með þessum brtt. mínum, en vil vona, að hv. deild taki þeim vel og samþ. þær. Það á ekki að vera nauðsynlegt, þó að löggjafarvaldið vilji hjálpa landbúnaðinum og gera alt sem hægt er fyrir hann, að leggja niður viðlagasjóðinn. Hann er eign ríkisins og hefir þýðingarmikil verkefni, og væri viðkunnanlegast og best, að svo megi vera áfram. Þar sem brtt. mínar eru allar ein heild, þá þykist jeg ekki þurfa að gera grein fyrir hverri einstakri, nema tilefni gefist. Þær fela aðeins í sjer þá einu breytingu, eins og jeg hefi áður tekið fram, að viðlagasjóðurinn skuli einungis vera hafður sem trygging, en halda áfram að vera eign ríkisins eigi að síður.

Mig langar svo til þess að bæta því við, að viðlagasjóðurinn er nú orðinn að upphæð um 2 milj. kr. Hann hefir yfirleitt vaxið frá því fyrsta að farið var að leggja í hann tekjuafganga ríkissjóðs, en á því var byrjað þegar

Íslendingar fengu sjálfir fjárforræði 1874. Þessi vöxtur hjelt svo áfram fram til ársins 1924, þegar ákveðið var að nota vexti sjóðsins til árlegra útgjalda ríkissjóðs með því að telja þá tekjumegin í fjárlögunum. Þetta grundvallaðist á því, að þáverandi stj. taldi það ekki rjett að leggja stund á að auka viðlagasjóðinn þegar svo stóð á, að ekki var hægt að auka hann nema með verðföllnum peningum. Meðan svo var ástatt, þá var það alveg rjettmæt stefna að nota fjeð heldur til þess að greiða skuldir heldur en til þess að auka sjóðinn. Nú geri jeg mjer vonir um, þegar komin er full festa í peningamál landsins, að það sje óhætt að taka upp hina eldri aðstöðu og láta sækja aftur í gamla horfið. Það á að lofa sjóðnum að vaxa af vöxtum sjálfs sín og með því að leggja í hann þá tekjuafganga, sem kunna að verða á góðum árum, þegar svo vel tekst til, að tekjurnar eru meiri en útgjöldin. Jeg er þeirrar skoðunar, að það sje nauðsynlegt fyrir ríkið að eiga slíkan sjóð, sem hægt er að verja til þess að lyfta undir með þeim framkvæmdum, sem í byrjun eru styrksþurfa og eru maklegar og gagnlegar, en þar sem fyrirtækin eru hinsvegar ekki komin á þann fót, að þau hafi aðstöðu til að fá lán úr bönkum, og geta ekki skilað þeirri tryggingu, er bankarnir telja hæfa. Viðlagasjóðurinn hefir verið notaður sem lyftistöng á þessu sviði, og jeg álít það sjálfsagt og rjett, að ríkið haldi áfram að eiga hann og láta hann gegna sínu upphaflega hlutverki.

Það má ekki ganga út frá því, að Búnaðarbankinn verði fær um að taka að sjer til stuðnings öll þau framfarafyrirtæki, sem rjett er að styðja í byrjun með opinberu, ódýru lánsfje. Jeg er þess fullviss, að í framtíðinni verða nóg slík verkefni til fyrir viðlagasjóð, þó að Búnaðarbankinn taki nokkur þeirra að sjer. Vona jeg því, að hv. deild geti fallist á till. mínar, þar sem þær ganga alls ekki í þá átt að draga úr Búnaðarbankanum að neinu leyti.

**Jón Baldvinsson:** Þær urðu nokkuð halakliptar, brtt. mínar við 2. umr., vegna þess að ekki var samþ. nema nokkuð af þeim. Hefi jeg nú borið fram nokkrar brtt. viðvíkjandi skipulagi smábýlalánadeildarinnar, svo að hún geti tekið til starfa. Þó að jeg eftir atvikum hefði getað sætt mig við, að stjórnin hefði undirbúið þennan kafla til næsta þings, gat jeg auðvitað eigi annað en greitt atkv. með lánadeildinni, þótt ekki væri það allar till. mínar.

Auk þessara brtt. hefi jeg flutt tvær aðrar brtt., sem þó fela ekki í sjer efnisbreytingar. Fyrri till. er um það, að ríkisstjórninni sje heimilt að fresta fyrst um sinn framkvæmd á II. kafla laganna, um veðdeild bankans. Ef ríkisstjórnin telur á einhvern hátt vandkvæði á því að setja veðdeildina á stofn nú þegar, hefir hún samkv. brtt. minni heimild í lögum til þess að fresta stofnun veðdeildarinnar án þess að hægt sje að segja, að hún hafi gengið á snið við bankalögin. Gæti t. d. verið, að stjórnin gæti ekki beitt heimild um lántöku, vegna þess að lán fengist ekki með nógu hagstæðum kjörum. Jeg skal játa, að jeg gæti sætt mig við, að veðdeild Landsbankans væri ein starfandi, en sje þó ekki

ástæðu til að setja mig upp á móti því, að Búnaðarbankinn hafi slíka veðdeild, enda þarf ekki að skoða brtt. sem yfirlýsingu um það, að ekki eigi að setja veðdeildina á stofn, heldur er hjer aðeins um frestunarheimild að ræða, og stjórnir eru yfirleitt ekki vanar að hafa á móti heimildum sjer til handa.

Jeg vænti þess, að stjórnin reyni að útvega Búnaðarbankanum svo ódýrt fje til veðdeildarbrjefakaupa, ef í veðdeildina verður ráðist, að ríkissjóður bíði ekki halla af. Því samkv. 39. gr. er það ekki útilokað, því að þar stendur: „verði að líkindum skaðlaus af". Er þá gott fyrir ríkisstjórnina að geta frestað stofnun veðdeildarinnar.

Jeg vjek að því við 2. umr., að það væri óviðfeldið, að sú skylda hvíldi framvegis á Landsbankanum að kaupa vaxtabrjef ræktunarsjóðs, eftir að Búnaðarbankinn hefir tekið við honum. Samkv. lögunum frá 1925 átti Landsbankinn að kaupa þessi vaxtabrjef fyrir 100000 kr. á ári í 14 ár, eða 1400000 kr. alls. Þetta hefir nú verið gert í 4 ár. En þegar öllu sambandi er slitið milli Landsbankans og ræktunarsjóðsins, er sanngjarnt að ljetta þessari kvöð af bankanum, ekki síður fyrir það, ef sjóðir úr Landsbankanum eru færðir yfir í Búnaðarbankann, eins og stjórninni er heimilt. Finst mjer, að verja mætti því fje til að kaupa vaxtabrjef ræktunarsjóðs. Þetta er þó engin fyrirskipun til stj., heldur heimild, sem ætlast er til að hún noti, þegar Búnaðarbankinn er kominn vel á fót. Vera má, að ekki sje rjett að beita þessari heimild 2—3 næstu árin, en úr því ætti hún að koma til framkvæmda.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessar brtt., því að þær eru auðskildar og leggja engar hömlur á starfsemi Búnaðarbankans.

Þá kem jeg að till. þeim, sem slitnuðu aftan úr um daginn. Jeg skal játa, að jeg get tekið á móti stuðningi, þótt frá Íhaldsmönnum sje, en jeg hefði þó óskað, að þeir hefðu fylgt mjer að málum þangað, sem ívilnanirnar til verkamanna byrja í brtt. mínum. Að vísu er það, sem samþ. var af VI. kafla við 2. umr., til bóta, en þó virðist mjer, að lánin hljóti að verða of dýr, ef við svo búið stendur. A-liður 3. brtt. á þskj. 476 er á þá leið, að lánin samkv. VI. kafla skuli endurborgast með jöfnum greiðslum, 5% af lánsupphæðinni árlega, í 42 ár. Jeg vil benda á það, að þessi lánskjör eru ekki eins góð og þau, sem byggingar- og landnámssjóður veitir.

Þá er b-liður brtt. um innheimtu árgreiðslna deildarinnar. Um þetta þurfa að vera ákvæði í lögunum, þó að þessi tilhögun sje að vísu sjálfsögð.

Þá verður og að vera ákvæði í frv., sem tryggi það, að ekki verði braskað með lánsfjeð, nje sú eign, sem skuld við deildina hvílir á, verði seld í braskskyni, því að með því er tilgangur laganna eyðilagður. Það verður að fyrirbyggja það með svipuðum ákvæðum og eru í 9. gr. l. um byggingar- og landnámssjóð, að sú stjett, sem nýtur lána úr þessari deild, fleygi frá sjer framtíðarmöguleikum, sem þeim bjóðast, fyrir fljóttekinn stundarhagnað. Því er svo ákveðið í c-lið brtt., að ef eign er seld án samþykkis stjórnar Búnaðarbankans, falli lánið þegar í gjalddaga og verði að endurgreiða allar vaxtaívilnanir. Hjer á að vera

um varanlega atvinnubót að ræða, en ekki stundargróða.

Það á í rauninni alveg hjer við, sem hæstv. núv. fjmrh. (EÁ) sagði í fyrra, þegar sumir vildu rýmka ákvæði 9. gr. í lögunum um byggingar- og landnámssjóðs. Hann sagði, að ef þessar eignir ættu að vera söluvarningur, þá væri auðvitað best að kippa takmörkununum burt, en ef eignirnar á að nota til framleiðslu, þá ættu takmarkanirnar um sölu þeirra að haldast.

Þá er d-liður brtt. Hann er almenns eðlis og hljóðar um það, að ráðherra setji reglugerð, þar sem nánar er ákveðið um stærð lands, fyrirkomulag bygginga og annað þess háttar. Jeg vildi mælast til þess, að stjórnin legði ekki svo mörg höft á lántakendur í þessum efnum, að mönnum verði gert erfitt eða ókleift að fá lán af þeim ástæðum, eins og á sjer stað um byggingar- og landnámssjóð.

Þá hefi jeg lokið máli mínu um brtt. mínar, en vil aðeins taka fram, að inn í brtt. hafa slæðst tvær prentvillur. Í 1. brtt. stendur II. en á að vera III. kafla, og í b-lið 3. brtt. er vitnað í 42. gr., en á að vera 54. gr.

Held jeg, að jeg þurfi þá ekki að segja fleira um þessar brtt., annað en það, að líklega væri rjettast, að niðurlagið á c-lið, þar sem vitnað er í 35. gr. þessara laga, væri sjerstök grein. Hefir fallið niður, að svo væri gert. Að öðru leyti mun jeg ekki ræða þessar till. nema menn leggist sjerstaklega á móti þeim, en verði þær ekki samþ., finst mjer ákvæðin um lánadeildina verða heldur snubbótt.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Mjer finst satt að segja ekki anda hlýlega til Búnaðarbankans hjer í deildinni, og tel jeg þó frv. um hann merkasta málið, sem fyrir þinginu liggur. Mjer fanst það fljótræði hjá þessari hv. deild við 2. umr. að fara að setja inn nýja lánadeild, að lítt athuguðu máli og án þess að þess væri brýn þörf. En ekki tjáir um það að sakast hjeðan af.

Nú eru komnar fram brtt. úr tveim áttum, sem miða að því að draga úr afli bankans, frá hv. 3. landsk. og hv. 4. landsk. Mjer finst, að í brtt. hv. 3. landsk. felist í rauninni ekki nema einn hlutur — það, sem hann kallar að bjarga viðlagasjóðnum, en jeg kalla að draga úr veltufje Búnaðarbankans sem svarar því, er skuldabrjefum viðlagasjóðs nemur, því að þótt þau eigi eftir sem áður að vera trygging fyrir skuldbindingum deildanna, koma þau bankanum ekki að notum nema halli verði á deildunum. Bankinn er því jafnveltufjárlaus fyrir því.

Hv. 3. landsk. sagði, að viðlagasjóðurinn hefði stutt ýms nytjafyrirtæki, og skal því ekki mótmælt, en hann ætti að geta það eftir sem áður, a. m. k. að því er landbúnaðinn snertir. Jeg held, að eftir því, sem aðrar lánsstofnanir verða efldar, því minni þörf verði fyrir viðlagasjóð.

Hv. 3. landsk. var að tala um það, að ríkissjóður misti með öllu vexti af þeim sjóðum, sem hverfa inn í Búnaðarbankann. Þetta er þó ekki rjett, því að svo er ákveðið í 14. gr., að þegar varasjóður veðdeildarinnar er orðinn 20% af stofnsjóði, skuli greiða ríkissjóði vexti.

Þetta voru nú aðalatriðin í ræðu hv. 3. landsk., nema hvað hann sagði, að með ákvæðum frv. væri ætlast til, að

viðlagasjóður legði fram meira fje en hann ætti til. Að þetta er misskilningur, er ljóst af því, að samkv. frv. á viðlagasjóður að leggja fram 1250000 kr. og 700000 kr., eða tæpar tvær miljónir, en samkv. landsreikningnum nemur hann 2027000 kr.

Þá kem jeg að brtt. hv. 4. landsk. 1. brtt. hans er um það, að stjórninni sje heimilt að fresta stofnun veðdeildarinnar. Mjer skildist, að ástæðan til þessarar heimildar væri sú, að hv. þingmaður teldi, að komið gæti fyrir, að stj. fengi ekki lán með hagstæðum kjörum. Jeg get þó ekki sjeð, að þörf sje á þessari heimild, því að stj. er samkv. 40. gr. alveg vítalaus, þótt hún fresti veðdeildinni, ef hún fær ekki lán með sæmilegum kjörum, svo að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus.

Þá kemur till. hv. 4. landsk. um að leysa Landsbankann frá að kaupa jarðræktarbrjef ræktunarsjóðsins. Mjer skilst, að þessi ívilnun, sem hv. þm. vill veita Landsbankanum frá núgildandi samningum, sje miðuð við það, að Búnaðarbankinn fái þá frekar sparisjóðsfje landsmanna. Það er með þessar till. eins og till. hv. 3. landsk., að þær eru frekar til þess að draga úr afli Búnaðarbankans, og sje jeg ekki, að hann megi við því. Ennfremur sýnist mjer ekki ástæða til þess að ljetta þessum kvöðum af Landsbankanum á meðan maður veit ekki, hve mikið sparisjóðsfje mundi renna til Búnaðarbankans. Það kemur auðvitað í ljós síðar, og mætti þá breyta þessum ákvæðum, ef það reyndist svo, að Landsbankanum yrði þetta örðugt. Jeg get ekki sjeð, að það sje ósanngjarnt, að Landsbankinn styðji Búnaðarbankann að þessu leyti, því að þegar Búnaðarbankinn væri kominn upp, má ætla, að Landsbankinn losni að miklu leyti við að veita lán til landbúnaðarins. Jeg mun því greiða atkv. gegn tillögunni. Það má auðvitað segja, að þetta sje gott og blessað í höndum stjórnar, sem er velviljuð landbúnaðinum. Mjer virðist, að lög þessi eigi ekki að miða við einhverja eina stjórn, því að þótt hæstv. núv. stj. beri landbúnaðinn fyrir brjósti, getur næsta stjórn verið hliðhollari einhverjum öðrum atvinnuvegi.

Þá kem jeg að 3. brtt. hv. þm., er stendur í sambandi við þessa ágætu deild, sem sett var inn við 2. umr. þessa máls. Sú brtt. byrjar fallega, og á deildin að njóta forrjettinda fram yfir aðrar deildir bankans, nema þá ef til vill landnámssjóð. Þó eru þessi lán ekki sambærileg við lán landnámssjóðs, því að í tillögunni er ekkert um það sagt, að lánin veitist til bygginga eingöngu, heldur til hvers sem vera skal. Má vel vera, að hv. þdm. vilji samþ. þetta ákvæði líka, til þess að hlynna betur að þessari nýju deild, en jeg mun greiða atkv. gegn a.-lið 3. till. hv. 4. landsk.

Hvað viðvíkur b- og c-lið sje jeg heldur ekki ástæðu til þess, að þeir verði samþ.; b-liður leggur ríkissjóði nýjar kvaðir á herðar og ef a-liður fellur, verður hann alveg ónauðsynlegur. Hinsvegar hefi jeg ekki áttað mig á c-liðnum til fullnustu, en jeg lít svo á, að ekki sje þörf á honum sem stendur, ef hinir liðirnir verða feldir, sem jeg vona að verði.

Þá kem jeg að d-lið 3. brtt., þar

Búnaðarbanki Íslands.

sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um stærð lands, fyrirkomulag bygginga og um annað, er þurfa þykir til þess að tryggja það, að lánsfjenu sje varið samkvæmt tilgangi lánadeildar og til þess að það komi að tilætluðum notum fyrir lántakendur". Jeg lít svo á, að úr því þessi lánadeild er komin inn, sje nauðsynlegt að samþ. þennan lið, og mun jeg því greiða honum atkv. Annars hlýt jeg að álíta, að verði svo víðtækar brtt. samþ. og frá þessum tveim hv. þm., þá sje málinu stefnt í óefni og óvíst, hvort það nái fram að ganga á þessu þingi, þar sem mjög er liðið á þingtímann, en málið þyrfti þá enn að hrekjast á milli deilda. Jeg vænti þess, að hv. deild breyti frv. sem minst frá því sem orðið er.

**Halldór Steinsson:** Við síðustu umr. þessa máls tók jeg upp aftur nokkrar brtt., er hv. 4. landsk. bar fram en tók þá aftur, og voru þær samþ. og eru nú 6. kafli þessa frv. Nú flyt jeg tvær brtt. við þennan kafla, vegna þess að felt var aftan af till. hv. 4. landsk. og nauðsynlegt er að setja inn ný ákvæði, til þess að þessi kafli verði ekki of halakliptur. Fyrri brtt. er við 53. gr.: „Ríkissjóður leggur fram 50 þúsund kr. á ári", en þar er óákveðið, hve lengi ríkissjóður leggur fram fjeð. Í samræmi við þetta frv. og önnur svipuð lög verður ekki hjá því komist að setja vist tímatakmark. Jeg hefi því farið fram á, að ríkissjóður legði fram 50 þús. kr. í 6 ár, og er það í fullu samræmi við bústofnslánadeildina, þar sem tillag ríkissjóðs er 50 þús. kr. á ári í 6 ár. Vona jeg, að þessi brtt. mæti ekki mótspyrnu, þar sem hún er í samræmi við aðra kafla frv.

Þá er síðari brtt., að á eftir 59. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: „Í reglugerð bankans skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar". Með þessari brtt. ætlast jeg til þess, að hægt verði að framkvæma lánadeildina án verulegra örðugleika. Ennfremur ætlast jeg til, að í reglugerðina geti komið þau ákvæði, sem hv. 4. landsk. vill koma fram með brtt. sínum, t. d. d-lið 3. brtt., þar sem segir, að ráðh. setji reglur til þess að tryggja það, að lánsfjenu sje varið samkv. tilgangi lánadeildar og til þess að það komi að tilætluðum notum fyrir lántakendur. Mjer þótti leitt, að hv. 6. landsk. skyldi ekki minnast á mínar brtt., því að mjer skildist hann heldur vera meðmæltur d-lið till. hv. 4. landsk. Ef till. mín yrði samþ., kæmi hún að sömu notum og þessi liður, og er auk þess víðtækari.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um brtt. mínar að svo stöddu. Þó vil jeg geta þess, að í reglugerðinni mætti setja ákvæði um það, hvernig lán skyldu ávaxtast eða endurborgast, þótt það sje ekki altaf ákveðið í lögunum. Ef slíkt er ekki ákveðið í lögunum, má gera ráð fyrir, að þessi deild njóti sömu ívilnana og aðrar deildir bankans að því er snertir lánskjör.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Jeg skal játa það, að mjer sást yfir till. hv. þm. Snæf., enda hafði hv. þm. ekki talað fyrir sínum till. Um fyrri till. hv. þm. er það að segja, að jeg álít, að hún sje heldur til bóta, og seinni till. felur

hið sama í sjer og d-liður 3. till. hv. 4. landsk., sem jeg hefi áður lýst afstöðu minni til. Þessi till. er að vísu dálítið ítarlegri en d-liðurinn, en jeg geri ekki að ágreiningsefni, hvor till. verður samþ.

**Jón Þorláksson:** Hv. 6. landsk. andæfði brtt. mínum á þskj. 461 og færði til þess tvær ástæður. Fyrri ástæðan var sú, að till. rýrðu starfsfje Búnaðarbankans, en hin síðari, að viðlagasjóður væri óþarfur eftir að Búnaðarbankinn byrjaði að starfa, þar sem hann tæki að sjer verkefni viðlagasjóðs. — Fyrra atriðið get jeg ekki sjeð, að sje rjett. Að því er snertir veðdeild bankans er í frv. sjeð fyrir því, að vaxtabrjef veðdeildar gangi út, þar sem heimilað er að taka ríkislán til þess að kaupa þau, og annað fje þarf sú deild ekki að nota en það, sem hún fær fyrir vaxtabrjef sín. Þótt ríkissjóður verji ekki vöxtum og afborgunum af skuldabrjefum viðlagasjóðs til þess að kaupa vaxtabrjef veðdeildar Búnaðarbankans, rýrir það ekki starfsfje bankans svo lengi sem sjeð er fyrir því, að vaxtabrjefin seljist. Um þann hluta viðlagasjóðs, sem ætlaður er bústofnslánadeildinni, er það að segja, að eftir frv. er ákveðið, að sá hluti viðlagasjóðs skuli vera tryggingarfje, en ekki stofnfje. Kaflinn um bústofnslánadeildina inniheldur engin ákvæði um það, að vextir af þessu tryggingarfje skuli renna til þeirrar deildar sjálfrar, heldur verður að líta svo á eftir frv., að ríkið ætti þá vexti óbundna. Ennfremur er það svo eftir frv., að framlag ríkisins í peningum, 50 þús. kr. árlega í 6 ár, er talið tryggingarfje, en ekki stofnsjóður. Á þessu gera till. mínar þá breytingu, að framlag ríkisins verður eign bústofnslánadeildar, og álít jeg, að það sje til bóta, líka frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja, að Búnaðarbankinn eignist sem mest sjálfseignarfje.

Þá kem jeg að hinni ástæðu hv. 6. landsk., og get jeg heldur ekki fallist á hana. Það er ekki nema eðlilegt, að þau verkefni viðlagasjóðs, er landbúnaðinn snerta, hverfi til Búnaðarbankans. Þetta er fullnaðarspor, að í stað þeirrar sundurlausu og oft ónógu hjálpar, sem viðlagasjóður gat veitt á þessu sviði, er sett fullkomin stofnun, sem fullnægir kröfum landbúnaðarins. En það má ekki gleyma því, að ýmsir aðrir atvinnuvegir eru enn skemra á veg komnir en landbúnaðurinn, og það atvinnuvegir, sem í nútíð, og þó einkum í framtíð, verða landinu mjög nauðsynlegir. Get jeg sem dæmi tekið þriðja stærsta atvinnuveg landsins, iðnaðinn.

Þegar settur er á stofn búnaðarbanki, sem er fær um að taka að sjer öll viðfangsefni til styrktar landbúnaðinum, virðist það ekki nema eðlilegt, að viðlagasjóður sje látinn óáreittur, til þess að hann geti aukið við sig eftir því sem skuldir innheimtast og tekið að sjer ný verkefni, nauðsynleg atvinnuvegum þjóðarinnar. Eitt af verkefnum hans gæti t. d. verið það, að veita hagkvæm lán til þess að koma á fót nauðsynlegum iðnaðarfyrirtækjum í landinu.

Jeg verð að álíta það skakt, ef á að afskera löggjafarvaldið frá því að styðja að eflingu annara atvinnu-

vega landsins með þessu móti, um leið og gerðar eru ráðstafanir til þess að efla landbúnaðinn. Jeg vil því alvarlega leggja hv. dm. það á hjarta, að viðfangsefni framtíðarinnar eru ekki tæmd, þótt sjávarútvegurinn sje kominn í gott horf og komið verði á fót stofnun, er fullnægi kröfum landbúnaðarins. Framþróunin verður að halda áfram á þann hátt, að fjölbreytni atvinnuveganna aukist samhliða því, að hver atvinnuvegur verður stærri og styrkari.

**Jón Baldvinsson:** Jeg hafði ekki tekið eftir brtt. hv. þm. Snæf. fyr en hann talaði fyrir þeim. Þykja mjer hans till. miklu verri en þær till., er jeg hefi flutt, að því leyti sem þær snerta sama efni. 1 till. hv. þm. er reglugerðin alveg óákveðin, en það mundi verða notað af stjórnarvöldunum til þess að gera minna úr lánadeildinni en ella.

Fyrri till. hv. þm. tel jeg skaðlega, því að með því móti fær lánadeildin ekki nema 300 þús. kr. úr ríkissjóði. Jeg álít, að hægast verði að stöðva fjárframlagið, ef lánadeildin yrði yfirfull af fje, og því hafði jeg ekki sett neitt tímatakmark fyrir framlaginu. Jeg mun þess vegna greiða atkv. á móti þessari till., og sömuleiðis 2. till., því að mjer finst hún óheppilegri en d-liður minnar till. um sama efni.

Hv. frsm., 6. landsk., andmælti heldur brtt. mínum, og þá einkum 1. brtt. Mjer finst þó, að óþarft hafi verið fyrir hv. frsm. að andmæla frestunarheimildartill. til stjórnarinnar, því að hann ætti að geta treyst sinni stjórn til þess að gera það besta, sem hægt er í því efni. Ennfremur er það ólíklegt, ef bankinn verður settur á stofn, að frestað verði að stofna veðdeildina, nema ástæður sjeu fyrir hendi, en þá er frestunarheimild nauðsynleg.

Þá þótti hv. frsm. óþarft að fresta veðdeildinni, þótt ekki fengist lán erlendis til kaupa á brjefum hennar. Jeg vil benda hv. þm. á það, að það gæti orðið varhugavert, ef halda á brjefum bankans uppi með því að láta ýmsa sjóði kaupa þau fyrir fult verð (affallalaust), án tillits til þess, hvað fást mundi fyrir brjefin með venjulegri sölu. Ennfremur er það líklegt, að brjef bankans seljist ekki mikið fyrst í stað, því að peningamenn vilja vita, hvort þau brjef, sem þeir kaupa, sjeu góð, og mundu þeir þá fremur kaupa brjef veðdeildar Landsbankans, sem þegar eru orðin þekt. Þess vegna gæti það verið nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að geta frestað stofnun veðdeildar, þangað til fengist hafa lán með góðum kjörum til að kaupa fyrir brjef veðdeildarinnar. Jeg veit ekki, hvort búið er að gera ráðstafanir til þess að taka þessi lán, en jeg hefi heyrt utan að mjer, að vextir hjá stórbönkunum í Englandi og Ameríku sjeu nú mjög háir. Ef svo er, er mjög slæmt að ráðast í slíka lántöku, því að það hlyti að koma fram í hærri vöxtum innanlands. Alveg eins og þegar enska lánið var tekið. Það var tekið með okurvöxtum og afföllum, og nú miðast vextirnir í landinu við það.

Hv. frsm. hjelt því fram, að Landsbankinn þyrfti ekkert að sinna búnaðinum eftir að Búnaðarbankinn væri tekinn til starfa. Þetta fer náttúrlega eftir því, hve mikið fje Búnaðarbank-

inn fær til umráða. En þar að auki hygg jeg, að fjöldi bænda, sem hefir haft viðskifti sín við Landsbankann og líkað þau vel, muni halda þeim áfram, þótt Búnaðarbankinn taki til starfa. Fyrir þær sakir má því gjarnan ljetta þeirri kvöð af Landsbankanum að kaupa verðbrjef ræktunarsjóðs. Jeg sje því ekki, að bankanum verði komið í neitt óefni fyrir till. mína, og heldur ekki fyrir till. hv. 3. landsk. Aðalátersluna á að leggja á að halda deildum bankans eins og nú. Það gerir bankann veglegri og voldugri til starfs, þegar fram í sækir.

Það er gott fyrir stjórnina að hafa heimild til að fresta veðdeildinni. Það væri leiðara, ef hún þyrfti að fresta henni heimildarlaust. Fyrir það yrði hún ekki vítalaus og það væri hægt að leggja henni út til lasts.

**Halldór Steinsson:** Mjer þótti anda heldur kalt frá hv. 4. landsk. til tillagna minna. Hann hjelt því fram, að rjett væri að hafa ríkissjóðstillagið til lánadeildar um óákveðinn tíma Jeg er þar á gagnstæðri skoðun, því þó jeg vilji unna notendum þeirrar deildar alls góðs, þá tel jeg ekki rjett, að sú deild njóti alveg sjerstakra kjara umfram aðrar deildir bankans. Og brtt. mín gengur út á að koma fjárframlagi ríkissjóðs til þessarar deildar í samræmi við fjárframlögin til annara deilda bankans.

Hv. þm. hjelt því fram, að síðari brtt. mín yrði til að gera minna úr deildinni. Þetta er mjer ómögulegt að skilja. Ef hún verður samþ., þá verða ákveðin með reglugerð ekki einungis öll þau atriði, sem brtt. hv. þm. sjálfs fjalla um, heldur einnig mörg fleiri. (**JBald:** Og alt verða það tómar takmarkanir!). Já, hví vantreystir hv. þm. þeirri stjórn, sem hann styður, til að búa út eina reglugerð? En með minni brtt. verður meiri trygging fyrir, að lánadeildin komi að fullum notum. Vona jeg, að hv. þdm. líti öðrum augum á hana en þessi hv. þm.

**Björn Kristjánsson:** Af því að hv. frsm. andmælti brtt. hv. 3. landsk., þá vil jeg leyfa mjer að leita upplýsinga hjá honum um tvö atriði.

Í 13. gr. frv. segir, að ríkissjóður leggi veðdeildinni til stofnfje að upphæð 1250 þús. kr. Greiðist það í *skuldabrjefum* viðlagasjóðs. Samkv. 40. gr. á ríkissjóður að leggja bústofnslánadeild til 1700 þús. kr. í skuldabrjefum viðlagasjóðs. (**JónJ:** Nei, 1 milj. kr. og þar af 700 þús. í skuldabrjefum viðlagasjóðs). Já, það eru 700 þús. kr. Það er rjett, en þrátt fyrir það, á viðlagasjóður ekki svo mikið í skuldabrjefum einstakra manna og stofnana, og vil jeg spyrja hv. frsm., hvernig hann hugsar sjer, að stjórnin framkvæmi þessi ákvæði.

Annað atriðið, sem jeg vildi leita upplýsinga um, er viðvíkjandi 45. gr. Jeg vil spyrja, hvort vottorði hreppstjóra, er þar getur, fylgi *ábyrgð* hans, líkt eins og talið er, að ábyrgð fylgi eignar- og veðbókarvottorðum sýslumanna. Ef svo er ekki, hvers virði er þá vottorðið fyrir lánsstofnunina? Hvers vegna er verið að setja þetta í lögin, ef það er einskis virði? Vitanlegt er það, að hreppstjórar halda ekki veðmálabækur og geta því ekki gefið slík vottorð. Það er rjett, að þetta komi fram í umr., til þess að lögskýrendur síðar meir geti dæmt

um, hvort þessu vottorði fylgi ábyrgð eða ekki.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ekki get jeg skilið það, þrátt fyrir skýringar hv. 3. landsk., að veltufje veðdeildar rýrni ekkert þrátt fyrir það, að viðlagasjóður verði af henni tekinn. Jeg get ekki sjeð, að eftir frv. sje það svo trygt, að vaxtabrjef veðdeildar seljist í stórum stíl, að ekki verði þörf á, að viðlagasjóður kaupi þau. Eins og sjest á frv., þá er gert ráð fyrir að gefa út veðbrjef fyrir meira en 2 milj. kr., eins og lánsheimildin nær. En það er engin trygging fyrir sölu þeirra, sem fram yfir verða, og er því viðlagasjóðs fullkomlega þörf.

Viðvíkjandi 7. brtt. hv. þm. skal jeg ekki fjölyrða. Jeg er ekki maður bankafróður og á því erfitt með að dæma um hana. Hv. þm. skýrði hana svo, að með henni yrði nokkuð annað ofan á en eftir frv. Hann ætlist til, að framlag ríkissjóðs myndi stofnsjóð deildarinnar, en fyrir því sje ekki gert ráð í frv. Jeg hefi samt skilið það svo, að þótt talað sje um tryggingarfje í 41. gr. frv., þá sje ekki munur á því, eftir skýringu höfundar frv. Hann segir svo í aths. við gr.: „Það er að sjálfsögðu álitamál, hve stór *stofnsjóður* deildarinnar þarf að vera". — „Meir en áttfalda upphæð *stofnsjóðsins eða tryggingarfjárins*", o. s. frv. Hvort ákvæði gr. eru of óglögg þrátt fyrir þessa skýringu, það skal jeg ekki segja um, en jeg held þó, að brtt. geri í raun og veru enga breytingu á þessu atriði.

Hv. þm. hjelt því fram, að þótt Búnaðarbankinn væri stofnaður, þá væri ekki síður þörf fyrir viðlagasjóð. Jeg held því ekki fram, að ekki kynni að vera gott að hafa viðlagasjóð áfram. En jeg held, að hans verði minni þörf. Því vitanlegt er, að þótt Búnaðarbankinn láni ekki fje til annara atvinnuvega en búnaðar, þá ljettir hann stórlega á öðrum bankastofnunum í landinu. Jeg held því, að það verði ekki viðurhlutamikið að taka viðlagasjóð.

Fleira held jeg að jeg þurfi ekki að tala við hv. 3. landsk. Það getur vel verið, að hann geti bent mjer á nauðsyn 7. brtt. sinnar, og skal jeg taka því með þökkum.

Hv. 4. landsk. sagði, að jeg þyrfti ekki að vera myrkfælinn við að samþ. heimild í hendur núverandi stj. Jeg er líka óhræddur við að fá núv. atvmrh., sem vitanlegt er, að er allra manna velviljaðastur landbúnaði, þessa frestunarheimild í hendur. En jeg á það ekki víst, hvað lengi hans nýtur við.

Þá get jeg ekki fallist á, að órjettmætt sje, að Landsbankinn verði látinn styðja búnaðinn áfram með því að kaupa jarðræktarbrjef. Jeg er ekki í vafa um það, að komist Búnaðarbankinn á fót, þá muni minka kvabb á Landsbankanum úr sveitum landsins. Heldur er það ekki ósanngjarnt, að hann leggi búnaðinum nokkurn styrk, þar sem hann undanfarið hefir orðið nokkuð útundan með fjármagn. Getur það því skoðast sem nokkurskonar uppbót fyrir undanfarið misrjetti.

Hv. 1. þm. G.-K. lagði hjer fyrir mig tvær spurningar. Það er ef til vill ekki svo þægilegt að svara þeim, en þó skildist mjer fyrsta spurningin stafa að einhverju leyti af misskilningi. **(BK: Jeg er búinn að athuga**

það). Já, það er gert ráð fyrir, að viðlagasjóður leggi veðdeild til 1250 þús. kr. og bústofnslánadeild 700 þús. Þetta verða samtals tæpar 2 milj. og á viðlagasjóður það til, sjeu ríkisskuldabrjefin talin með. (**BK**: Jeg átti við „privat"-skuldabrjefin). Þar með tel jeg þessu atriði fullsvarað.

Þá spurði hv. þm. um vottorð hreppstjóra, sem getið er um í 45. gr. Það ákvæði var sett í frv. í Nd. Í frv. var að vísu gert ráð fyrir slíku vottorði líka, en þá var það þannig orðað (46. gr. upphaflega frv.): „Hverri lánbeiðni skal fylgja vottorð hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfje það, sem boðið er að veði". Og jeg held, að lánsstofnun verði nokkur leiðbeining að vottorði hreppstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfjeð til. Og vona jeg, að ekki eigi að skilja þessa spurningu hv. þm. svo, að hann sje að drótta þeirri óráðvendni að hreppstjórum, að ekkert sje leggjandi upp úr vottorðum þeirra. En þeir hafa fullkomin skilyrði til að geta vottað, hvort búfjeð sje til, því menn hafa almenna skyldu til að telja fram bústofn sinn. Jeg tel því hiklaust vottorð þetta mikils virði. En um hitt, hvort búfjeð er áður veðsett, geta hreppstjórar ekki gefið vottorð, nema þeir sjái veðmálabækur sýslumanna. Það ákvæði var sett inn í frv. í Nd., og veit jeg ekki, hvað hefir vakað fyrir mönnum með það. En það er ekkert til fyrirstöðu, að hægt sje að framkvæma það. T. d. geta hreppstjórar heimtað veðbókarvottorð áður en þeir gefa sitt vottorð. Og held jeg, að ef hv. flm. athugar þetta, þá sjái hann, að þessu ákvæði er hægt að fullnægja og stofnuninni getur orðið mikil leiðbeining að.

**Jón Þorláksson**: Það er rjett hjá hv. 1. þm. G.-K., að viðlagasjóður á ekki til þá upphæð, er hann á að leggja fram. Samkv. síðasta reikningi átti hann í skuldabrjefum kr. 1549096,26. Þar að auki átti hann í bankavaxtabrjefum kr. 70600,00 og í dönskum ríkisskuldabrjefum krónur 316070,40. Sjeu þessar upphæðir taldar saman, þá mun að vísu nást sú upphæð, er leggja á fram, en þó er efasamt, hvort hún verður fyrir hendi, ef samþ. verða þær eftirgjafir, sem nú eru komnar inn í fjárlög. En við þetta er athugandi, að dönsku skuldabrjefin er ekki hægt að taka, því mestur hluti þeirra er bundinn til tryggingar veðdeild Landsbankans. Það eru því missmíði á frv. í þessu efni, og þarf að bæta úr því, en það er gert með till. minni.

Um það, er hv. frsm. sagði viðvíkjandi tryggingarfje bústofnslánadeildar og vísaði þar í athugasemdirnar við frv., þá má segja, að þar sje nokkuð slegið úr og í, því í aths. er jöfnum höndum talað um stofnfje og tryggingarfje. En þar sem hann hjelt því fram, að það væri sjerstakur stuðningur fyrir deildina að fá 700 þús. kr. í skuldabrjefum viðlagasjóðs, þá er hann þar ekki í samræmi við aths. stjfrv. Ef hæstv. forseti vill leyfa mjer að hafa yfir ummæli athugasemdanna, þá eru þau þannig: „Þar sem stofnsjóðurinn er fyrst og fremst tryggingarsjóður, mætti að því leyti á sama standa, þótt hann væri allur lagður bankanum út í tryggum skuldabrjefum. En stofnsjóðinn má ávaxta í vaxtabrjefum deildarinnar sjálfrar og þannig nota hann sem veltufje. Til þess kemur hann ekki deildinni að gagni

nema að því leyti, sem hann verður lagður út í handbæru fje. Hjer er lagt til, að deildin fái 50 þús. kr. á ári úr ríkissjóði í þessu augnamiði, um 6 ára bil eftir að bankinn verður stofnaður, og er það nokkur stuðningur fyrir deildina til þess að komast af stað með".

Þessi tvískinningur, sem er í aths. stjfrv. um hvort hjer er um tryggingarfje eða stofnsjóð að ræða, er af tekinn með brtt. minni, er kveður skýrt á um þetta atriði. Hún er því ekki annað en lagfæring á frv., er gerir ákvæði þess skýrari.

ATKVGR.

Brtt. 461,1 feld með 7:7 atkv.
— 461,2—6 teknar aftur.
— 476,1 samþ. með 8:3 atkv.
— 461,7 samþ. með 8:6 atkv.
— 461,8—9 samþ. án atkvgr.
— 476,2 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BK, EF, HSteins, IHB, JóhJóh, JBald, JKr.

**nei:** EÁ, IP, JónJ, JónasJ, PH, GÓ. JÞ greiddi ekki atkv.

Brtt. 478,1 samþ. með 10:2 atkv.
— 476,3.a feld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EF, JBald, PH.

**nei:** BK, EÁ, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JónJ, JÞ, JónasJ, JKr, GÓ.

Brtt. 476,3.b feld með 8:2 atkv.
— 476,3.c, fyrri málsgr., feld með 7:7 atkv.
— 476,3.c, síðari málsgr., feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EF, HSteins, JBald, JónasJ, PH.

**nei:** BK, EÁ, IHB, IP, JóhJóh, JónJ, JÞ, JKr, GÓ.

Brtt. 478,2 samþ. með 8:2 atkv.
— 476,3.d sjálffallin.
— 476,4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

---

Á 59. fundi í Nd., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 503).

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 503, 542).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Á þskj. 542 eru tvær brtt. frá landbn. Sú fyrri er einungis sjálfsögð leiðrjetting á frv., sem jeg býst við, að skrifstofan hefði sjálf getað og mátt leiðrjetta. Hv. Ed. hefir bætt við bankann nýrri deild, lánadeild fyrir smábýli í grend við kaupstaði og kauptún. Verða þá deildir bankans sex talsins, en í 3. gr. eru þær eftir sem áður taldar fimm. Fyrri till. nefndarinnar á að lagfæra þetta.

Í síðari brtt. nefndarinnar felst efnisbreyting nokkur. Í frv. eins og það kemur frá hv. Ed. segir, að lánadeildin megi lána til smábýlanna sem nemur ¾ af fasteignamatsverði þeirra. Nefndin leggur til að færa þetta niður í ⅗ fasteignamatsverðsins. Með þessu vill nefndin samræma ákvæði frv. um það, hve mikið bankinn megi lána út á fasteignir í hlutfalli við virðingarverð þeirra. Nefndin sjer enga ástæðu til þess, að bankinn megi lána meira út á veð í þessum smábýlum heldur en öðrum fasteignum.

Um þær breytingar, sem hv. Ed. hefir að öðru leyti gert á frv., ætla jeg ekki að ræða að svo stöddu fyrir hönd n. Við höfum ekki sjeð fært að

leggja út í deilu við hv. Ed. út af þeim. Sumar þeirra orka þó mjög tvímælis að okkar áliti. Þó er ein þeirra, sem við teljum til bóta, sem sje sú, að ákvæðin um, að veðdeildin megi gefa út veðbrjef með happvinningum eru numin burtu. Aðalbreyting hv. Ed. er fólgin í þessum nýja kafla um lánadeild fyrir smábýli, sem jeg mintist á. Jeg hefði talið rjettara, að þingið hefði ekki tekið endanlega ákvörðun um það mál að svo stöddu, heldur látið það bíða frekari athugunar og undirbúnings undir næsta þing. Jeg lít svo á, að það sje fjarri því, að nauðsynleg rannsókn hafi farið fram um þetta mál. En að nefndin samt sem áður leggur ekki til að fella kaflann aftur út úr frv., er fyrst og fremst vegna nokkurs ótta um, hvernig þá mundi fara um afgreiðslu málsins í heild sinni. Í öðru lagi treystir hún því, að hæstv. stjórn endurskoði þennan kafla fyrir næsta þing og ennfremur, að hún geti með reglugerðarákvæðum að nokkru bætt úr vansmíðum þeim, sem á þessum kafla eru. Hefir n. því ekki viljað ráða til að leggja út í tvísýna deilu við hv. Ed. út af þessu atriði.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hafði gert mjer vonir um, að hv. landbn. myndi leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed. Gæti það þá orðið að lögum í dag, en þyrfti ekki að hrekjast milli deilda. En nú sje jeg, mjer til mikilla vonbrigða, að útbýtt hefir verið tveim brtt. frá hv. nefnd. Um þessar brtt. er það að segja, að þær eru báðar óþarfar, sjerstaklega sú fyrri, sem er einungis leiðrjetting, sem skrifstofan hefði getað gert og mun gera áður en lögin verða fullprentuð. Það liggur í augum uppi, að það þarf enga brtt. til þessa, þar sem það er bein og sjálfsögð afleiðing af þeirri breytingu, sem gerð var í hv. Ed., og má leiðrjetta þetta án þess að fara að senda málið milli deilda.

Um seinni brtt. er það að segja, að jeg lít svo á, að hún sje líka alveg óþörf, og því ekki ástæða til þess að samþ. hana. Það er nú svo um þessa nýju deild bankans, að ákvæðin um hana í frv. eru svo ófullkomlega úr garði gerð og illa undirbúin, að það verður nauðsynlega að endurskoða þau, og það þegar á næsta þingi. Í 57. gr. frv. er það t. d. alls ekki skilgreint, hvað sje átt við með þessum smábýlum í grend við kaupstaði, og verður óhjákvæmilegt að ákveða eitthvað nánar um það og endurskoða allan þann kafla frv. áður en langt um líður. Frv. var upphaflega ákaflega vel undirbúið, en kaflinn um þessa nýju deild var settur inn á síðustu stundu í hv. Ed. að lítt athuguðu máli, og því sker þessi kafli sig alveg úr um illan undirbúning og er í ósamræmi við aðra kafla frv., vegna þess hvað hann er ófullkominn. Þessu var að vísu bjargað að nokkru leyti í hv. Ed. með ákvæðinu í 61. gr., þar sem sagt er, að í reglugerð bankans skuli setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar, en það er alls ekki fullnægjandi, þó að það geti komið í veg fyrir, að þetta verði að tjóni. Jeg vil skjóta því til hv. landbn., hvort hún geti ekki fallið frá þessari síðari brtt. sinni, svo að komist verði hjá því að

hrekja málið á milli deilda. Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. á móti henni, svo að hægt verði að fá málið afgr. í dag.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg vil taka undir það með hæstv. forsrh., að þessar brtt. hv. landbn. eru tæplega svo mikils virði, að það taki því að fara að hrekja málið milli deilda þeirra vegna. Það liggur í hlutarins eðli, að sú fyrri er eðlileg og sjálfsögð afleiðing af þeirri breytingu, sem gerð var í hv. Ed., og er í rauninni aðeins leiðrjetting, sem gera má í prentun. En sú síðari er til hins verra.

Annars finst mjer rjett að geta þess, að frv. hefir tvímælalaust tekið miklum umbótum í hv. Ed., því að þar var bætt úr mikilli vöntun, sem var á því, með því að setja inn þennan nýja kafla um lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún. Hitt get jeg fallist á með hæstv. forsrh., að sá kafli hefir verið aflagaður mjög í meðförum, vegna breytinga, sem íhaldið gerði á honum. En úr því má bæta á næsta þingi.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til þeirra hv. þm., sem ekki vilja láta gera neina breytingu á frv., hver sje ástæðan fyrir því, að það á að lána meira út á smábýli í nánd við kaupstaði heldur en jarðir uppi í sveit. Þetta finst mjer vera ósamræmi og með öllu órjettlátt, og vil því beina þessari fyrirspurn til forgöngumanna þessa máls, og þá sjerstaklega hæstv. forsrh.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Hv. 1. þm. Skagf. fer húsavilt, þegar hann beinir þessari fyrirspurn til mín. Hann á að snúa sjer til flokksbræðra sinna í hv. Ed., því að það eru þeir, sem hjer eiga að svara til sakar. Hv. 4. landsk. hafði borið þar fram till. um þetta, sem hann svo tók aftur til nánari athugunar, en þá voru þær teknar upp af íhaldsmönnum og samþ. af þeim með stuðningi jafnaðarmanna. Jeg lít svo á, að þetta hafi verið gert í svo miklu flaustri og sje svo losaralega undirbúið, að það þurfi að takast til endurskoðunar á næsta þingi; ekki þetta eina atriði eingöngu, heldur allur bálkurinn í heild.

**Magnús Guðmundsson:** Mjer virðist það vera til lítils að benda mjer á að bera fram fyrirspurn til flokksbræðra minna í hv. Ed. um það, hvers vegna hæstv. forsrh. sje á móti þeim brtt., sem hjer hafa komið fram. Það getur ekki kallast annað en að svara út í hött. Þó að þessir flokksbræður mínir tækju upp till. annars manns, þá er ekki þar með sagt, að þeir sjeu allskostar ánægðir með þær. Annars get jeg ekki skilið í því, ef hæstv. forsrh. er nú alt í einu orðinn svo fylgjandi flokksbræðrum mínum í hv. Ed., að hann telur það með öllu ófært að hreyfa nokkuð við því, sem þeir hafa orðið til að samþykkja. Hann hefir ekki verið það hingað til.

Jeg get ómögulega sjeð, að málinu sje stofnað í neina hættu, þó að það verði að fara aftur til hv. Ed. Á dagskránni í dag eru stjfrv. til 2. umr., og er víst engin hætta á því, að þau verði látin daga uppi, og þá ætti þessu frv. miklu síður að vera hætt.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Þetta er að vísu smátt atriði, en jeg er búinn að gera skýra grein fyrir því áður, hvers vegna jeg vil láta þetta frv. verða að lögum nú. Jeg taldi að vísu, að það væri þörf á að endurskoða þetta atriði, en jeg vil láta þá endurskoðun bíða næsta þings, því að það þarf að endurskoða miklu fleira í þessum kafla. Jeg legg það til, að brtt. verði feld, en það er ekki af því, að hv. landbn. hafi ekki rjett fyrir sjer, heldur af því, að mjer finst ekki taka því að fara að lappa upp á þetta eina gat, sem gæti gert það að verkum, að ekki næðist samkomulag við hv. Ed., eða a. m. k. tafið.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg get ekki sannfærst af þessum orðum hæstv. forsrh. Þetta atriði, sem hjer um ræðir, er grundvallaratriði, en ekki smáatriði, eins og hæstv. ráðh. vill vera láta. Jeg vil alls ekki láta þetta fara svo út úr þinginu, að það komi fram sem vilji Alþ., að rjett sje að lána meira út á smábýlin í nánd við kaupstaðina heldur en jafnvel bestu jarðir uppi í sveit.

**Jón Sigurðsson:** Úr því að þessi andmæli hafa komið fram, þá vil jeg benda hæstv. forsrh. á það, að það, sem hann taldi að sjerstaklega þyrfti að kippa í lag, er auðgert með þeirri reglugerð, sem heimilað er að setja samkv. 61. gr. frv. Þar má ákveða t. d., hvað þessi smábýli eiga að vera stór og skilgreina þau nánar að öðru leyti. Jeg get ekki sjeð annað en að hæstv. forsrh. geti bætt úr þessum ágöllum og illa undirbúningi, sem hann talar um, að sjeu á þessum nýja kafla frv., með reglugerð og þurfi ekki neina nýja lagasetningu um það. Jeg hefi ekki getað sannfærst um það af þeim umr., sem hjer hafa farið fram, að það sje nokkur minsta þörf á þessari nýju lagasetningu, en því ófullkomnari sem þessi kafli frv. er, því ítarlegri og fyllri verður reglugerðin að vera. Hæstv. forsrh. ætti ekki að verða skotaskuld úr því að gera reglugerðina svo úr garði, að ekki kæmi að sök, þar sem hann virðist hafa svo mikinn áhuga fyrir þessu máli. Jeg sje heldur ekki, að það sje nein ástæða fyrir okkur að fara að hopa fyrir hv. Ed., þó að hún sje á annari skoðun, en getum haldið fast við okkar meiningu.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil nú ekki fara að gera þetta að neinu kappsmáli, en skal aðeins taka það fram, að jeg er algerlega ósammála báðum þm. Skagf. um það, að frágangurinn á þessari nýju deild bankans sje hliðstæður frágangi hinna deildanna og svo skammlaus, að hægt sje við að una. Það var lögð ákaflega mikil vinna í þetta frv. og gætt allrar vandvirkni, en þessari nýju deild var skotið inn í það í hv. Ed. að mjög lítt athuguðu máli, og þó að litið sje á þetta með mesta velvilja, þá er ómögulegt annað en að viðurkenna það, að þessi deild sker sig úr eins og hvítt og svart hvað undirbúninginn snertir.

Búnaðarþingið gerði ráð fyrir að undirbúa slíka löggjöf sem þessa, og jeg geri ráð fyrir, að svo verði. En hvort sem það verður gert eða ekki, þá verð-

ur áreiðanlega lögð fyrir næsta þing endurskoðun á þessum kafla frv. Þessar brtt. hv. landbn. eru einungis til þess að tefja tímann og gera ekki annað gagn en að lappa upp á eitt gat af mörgum, sem á frv. eru.

**Magnús Jónsson:** Mjer finst það undarlegt, að hæstv. forsrh. vill ekki gefa neinar upplýsingar í þessu máli, en vísar aðeins til manna, sem við getum ekki spurt. Þar sem jeg er nú einn af þeim, sem eiga að greiða atkvæði um þetta, þá vil jeg snúa mjer til hv. landbn. og spyrja hana, hvaða ástæður lágu til þess, að þessi hlutföll voru ákveðin og samþ. í hv. Ed. Það er auðvitað hreinasta fjarstæða, að við eigum að fara að greiða atkv. eftir því, hvort frv. fer aftur til hv. Ed. eða ekki, því að það er ennþá alveg nógur tími til þess að afgr. málið. Jeg vildi mælast til þess, að hv. n. skýrði málið og gæfi útdrátt úr öllum gangi þess í hv. Ed., svo að hægt væri að átta sig á því. Eins og kunnugt er, þá er nú fyrst farið að útbýta brtt. við fjárlögin í hv. Ed., svo að það getur alls ekki verið nein hætta á því, að frv. dagi uppi, þó að því sje breytt hjer núna.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Jeg býst ekki við, að landbn. þessarar hv. deildar geti gefið miklar upplýsingar um gang málsins í hv. Ed., eða um það, hvers vegna þessi hlutföll voru ákveðin þar. Við, sem hjer sitjum, höfum alt annað að gera en að hlusta á umr. í hv. Ed., og jeg vil taka undir það með hæstv. forsrh., að íhaldsmenn hjer í deildinni eiga greiðan aðgang að því að fá þessar upplýsingar hjá flokksbræðrum sínum í hv. Ed., því að það var þeirra flokkur, sem, í fjelagi við jafnaðarmenn, kom þessum nýja kafla inn í frv. í Ed.

Um síðari brtt. n. tók jeg það fram áðan, að hvað hlutföllunum viðvíkur, þá sá n. ekki ástæðu til þess að fara að veita hærri fasteignaveðslán út á smábýli við kaupstaði heldur en aðrar fasteignir, en eftir að hafa heyrt ummæli hæstv. forsrh. um endurskoðun kaflans, sem jeg get ekki skilið öðruvísi en svo, að hann ætli að leggja nýtt frv. fyrir næsta þing um þetta mál, þá legg jeg minni áherslu á þessa brtt. n. Þó að hún sje rjettmæt, þá er sennilega ekki mikill skaði skeður, þótt þessi lagfæring dragist um eitt ár, en samt ber ekki að skilja þetta svo, að ákveðið sje í n. að taka till. aftur.

**Hannes Jónsson:** Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að þó að þessar brtt. hv. landbn. sjeu rjettmætar, þá mun jeg greiða atkv. á móti þeim, svo að ekki þurfi að hrekja málið á milli deilda og stofna því þannig í voða.

Annars kemur mjer kynlega fyrir sjónir framkoma íhaldsmanna í þessu máli. Hjer rísa upp þrír hv. íhaldsmenn hver á eftir öðrum með heilagri vandlætingu og þykjast ekkert vita, hvaðan á sig stendur veðrið. Þeir gera sjer auðsjáanlega leik að því að tefja málið og er alveg ósárt um, þó að það verði að flækjast á milli deilda það sem eftir er þingsins.

Hvers vegna standa allir hv. íhaldsmenn í Ed. að því sem einn maður að setja inn breytingar, sem eru svo fráleitar, að þær geta varla komið til framkvæmda? Það er einkennileg tilviljun þetta írafár íhaldsins að sameinast jafnaðarmönnum, og verður

varla skilið á annan hátt en fyrirfram ákveðin tilraun til þess að stofna málinu í hættu á síðustu stundu. Og undarlega kemur mjer fyrir sjónir, ef hv. íhaldsmönnum í Nd. hefir verið ókunnugt um þetta ráðabrugg, svo göfugt sem það er. Þeir geta að minsta kosti ekki talið mjer trú um það.

**Magnús Jónsson:** Það var óneitanlega dálítið gaman að þessum hita, sem hljóp í hv. þm. V.-Húnv. núna síðast. Hvað veit hann um, hvað við höfum samþ. á flokksfundi, og hvað varðar hann um það? Þegar við spyrjum um það, hvaða ástæður sjeu fyrir því, að þessu frv. var breytt í hv. Ed., þá er það auðvitað af því, að við vitum það ekki, og það kemur alleinkennilega fyrir sjónir, að þeir menn, sem helst geta gefið upplýsingar og borið boð á milli deilda, þeir gera það ekki. Það kann vel að vera, að í flokki hv. þm. V.-Húnv. sjeu menn svo þrælbundnir á flokksklafann, að þeir þori ekkert að segja eða gera í annarihvorri deild þingsins án þess að hafa fengið það samþ. á flokksfundi; en þetta er ekki svo hjá okkur í Íhaldsflokknum. Við erum algerlega frjálsir menn og höfum ekki tekið upp þessa heimilisvenju Framsóknarmanna.

Mig furðar satt að segja á því, að hæstv. ráðh. og hv. frsm. skuli láta sjer detta í hug að vísa til manna í annari deild með upplýsingar í málinu. Eins og kunnugt er, þá er frv. hjer til síðustu umr. og getur komið til atkv. hvenær sem vill, svo að við megum ekki hreyfa okkur úr sætunum og eigum því ómögulegt með þetta.

Jeg skil ekkert í þessum frágangi hjá hv. n., að hún skuli bera fram brtt. án þess að kynna sjer ástæður beggja málsaðilja. Hv. n. hefir enga heimild til þess að fara þannig að ráði sínu, og það er engin hemja á þessu starfi hennar, að hún skuli hafa afgr. málið án þess að kynna sjer það nokkurn skapaðan hlut.

Jeg ætla að greiða atkv. á móti brtt. hv. n., af því að jeg get ekki sjeð, að neinar verulegar ástæður sjeu færðar fyrir henni, og nefndarmenn virðast ekki hafa nema óljóst hugboð um, hvað gerst hafi í málinu. Jeg vil þó taka það fram, að jeg greiði alls ekki atkv. á móti brtt. af hræðslu við það, að málið verði að fara á milli deilda, og fá þannig ef til vill ekki afgreiðslu.

Að lokum vil jeg segja þá skoðun mína, að það er svo langt frá því, að þetta sje nokkurt stórmál, eins og sumir vilja halda fram. Þetta er einmitt reglulegt smámál, því að alt, sem stórt er í því, var til áður, eins og t. d. ræktunarsjóður og byggingar- og landnámssjóður.

**Magnús Guðmundsson:** Hv. 1. þm. Reykv. tók nokkuð af því fram, sem jeg ætlaði að segja, svo að jeg get verið stuttorður. Hvað því viðvíkur, að hjer liggi flokkssamþykt að baki hjá okkur Íhaldsmönnum, eins og hv. þm. V.-Húnv. heldur fram, þá er það afarósennilegt, að við förum nú að mæla á móti því, sem við höfum samþ. á flokksfundi, enda eru þetta getsakir einar og gersamlega rangt.

Að nokkur hætta sje á því, að málið muni daga uppi, ef það fer aftur á milli deilda, hefir ekki við nein rök að styðjast. Hjer eru á dagskránni stjfrv. til 2. umr., sem eiga alveg eftir að ganga gegnum hv. Ed., og er þeim þá miklu hættara.

Það ákvæði frv., að lán út á smábýli við kaupstaði megi nema ¾ af virðingarverði þeirra, skilst mjer vera komið af því, að flokksbræður mínir tóku þessa till. upp eftir öðrum og höfðu hvorki tíma nje tækifæri til þess að leiðrjetta þetta. Nú eru ákvæði frv. mjög órjettlát og í ósamræmi hvert við annað, þar sem heimilað er að lána 60% út á jarðir uppi í sveit, 75—80% út á smábýli við kaupstaði, og 85% út á hús í kaupstöðum. Þetta er stefna, sem jeg er algerlega mótfallinn. Hún miðar að því að gera sveitunum lægst undir höfði, en að rjettu lagi á að gera þeim hæst undir höfði.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hæstv. forsrh. hefir lýst yfir því, að þennan nýja kafla frv. verði að endurskoða þegar á næsta þingi, og breyta honum þá eitthvað. Þessu mætti auðveldlega bæta úr strax á þessu þingi, með því að taka málið út af dagskrá og gefa mönnum tækifæri til þess að koma með brtt. Til þess þarf ekki mikinn tíma, en það er síst til þess að flýta fyrir störfum Alþ. að flaustra máli af á einu þinginu og þurfa svo að láta það ganga gegnum sex umr. strax á næsta þingi. Það er alveg meiningarlaust að fara að eyða sex umr. um þetta mál á næsta þingi í staðinn fyrir enga núna. Málið hefir fylgi allra flokka hjer í þessari hv. deild, svo að það er engin hætta á, að það verði látið daga uppi, en menn hafa bara ekki tíma til þess að koma fram með sínar brtt., svo að það er ekki nema eðlilegt, að málið sje tekið af dagskrá. Þá gæti hæstv. forsrh. líka komið fram með þær umbætur á frv., sem hann ber svo mjög fyrir brjósti.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg get því miður ekki farið eftir þessari ráðleggingu hv. þm. N.-Ísf. Þetta er miklu meira verk en svo, að jeg geti nú í mestu þingönnunum lagt út í það, og þar sem svo er áliðið þings, þá vil jeg ekki gera mjer leik að því að láta málið daga uppi.

**Hannes Jónsson:** Hv. 1. þm. Reykv. hefir lýst yfir því, að þetta sje smámál, og ef það er virkilega meining hans og hans flokksmanna, að svo sje, þá er ekki nema eðlilegt, að þeir hafi ekki rætt það á flokksfundi, eins og hann vill halda fram. (**MG:** Hann hefir aldrei gefið slíka yfirlýsingu). Jú, hann sagði það, og ef hv. 1. þm. Skagf. hefir ekki heyrt það, þá er það af því að það hefir hlaupið einhver íhaldsloka fyrir eyru hans.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði, hvað jeg vissi um það, sem þeir samþ. á flokksfundum og hvað mjer kæmi það við. Um fyrra atriðið þykist jeg hafa fært að minsta kosti óbeina sönnun á það, að hjer hafi verið um flokkssamtök að ræða. Og jeg þykist standa í fullum rjetti mínum að aftra því, að slík ófremdarverk nái fram að ganga. Hv. þm. verður að sætta sig við það, að hann fái ekki óáreittur að spilla jafngóðu máli og Búnaðarbankinn er. Yfirlýsing hans um það, að þetta stóra mál landbúnaðarins hafi ekki verið rætt á flokksfundi íhaldsins, gefur harla litlar vonir um einlægan stuðning úr þeim herbúðum, og svo bætir flokkurinn gráu ofan á svart með því að skjóta þessum nýja kafla inn í frv. í hv. Ed. að alveg óathuguðu máli. Þessi kafli er langverst undirbúinn, eins og líka var við að búast, þar sem

jafnaðarmenn áttu frumkvæðið að honum, og svo var honum ungað út af íhalds- og jafnaðarmönnum í sameiningu. Það gat ekki orðið annað en óskapnaður.

**Pjetur Ottesen:** Mjer þykir kynlega við bregða, eftir að mál þetta er búið að ganga gegnum þrjár umr. í hvorri deild, og allir flokkar hafa tekið höndum saman um að bæta úr göllum þess og yfirleitt að greiða götu þess eftir föngum, svo óhætt má segja, að altaf hafi verið hin ákjósanlegasta samvinna um það, að þá skuli koma fram raddir, sem deila á einn ákveðinn stjórnmálaflokk fyrir afskifti hans af málinu, sem sje Íhaldsflokkinn. Hafi því hv. þm. V.-Húnv. nokkurntíma slegið vindhögg á æfi sinni, þá hefir hann gert það nú. Hann hefir verið alveg ófyrirsynju og ástæðulaust að burðast við að eigna Íhaldsflokknum illar hvatir í þessu máli. En það er ekkert í þessu frv. annað en það, sem Íhaldsflokkurinn hefir annaðhvort haft forgöngu að að leiða í lög eða hann hefir stutt og unnið að. Enda hygg jeg, að það muni vera auðvelt að fá viðurkenningu fyrir því hjá nefnd þeirri, sem mest verk lagði í það að endurbæta og lagfæra þetta frv., sem sje landbn. þessarar hv. deildar, að fulltrúar Íhaldsflokksins þar hafi síst lagt minna til af þeim endurbótum, sem gerðar voru á frv., en hinir nefndarmennirnir. Og í sambandi við þau ummæli hv. þm. V.-Húnv., að nú sjeu það Íhaldsmenn deildarinnar, sem ætli að bregða fæti fyrir málið með því að greiða framkomnum brtt. atkv. sitt, þá vil jeg benda hv. þm. á, að það er landbn. deildarinnar, sem ber fram till. þær, sem hjer liggja fyrir, og eru flokksmenn hv. þm. V.-Húnv. í meiri hluta í þeirri nefnd, svo sem kunnugt er. En það sýnir rangsleitni hv. þm. að vilja skrifa þær tillögur á reikning Íhaldsmanna einna. Mjer er alls ekki ljúft að deila á hv. þm. V.-Húnv., en hjá því verður ekki komist nú, þar sem hann fer með slíkar firrur sem þetta. Annars held jeg, að hann hafi í þetta sinn látið eitthvað það hlaupa með sig, sem hverjum manni er best að gjalda varhuga við.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, því að jeg býst við, að hvað sem ofan á verður um till. landbn., þá muni málinu endast það góða fylgi, sem það hefir haft, til þess að verða afgr. sem lög frá þessu þingi, því að jeg veit, að Íhaldsmenn eru svo þroskaðir, að þeir láta ekki slíkar árásir sem þær, er jeg hefi nú minst á, hafa nein áhrif á afstöðu sína til málsins.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg vil aðeins segja það, út af orðum hæstv. forsrh. og hv. þm. V.-Húnv., að það er viðurkent, að gleymst hafi hjá hæstv. stjórn þegar hún samdi frv. þetta, og sömuleiðis hjá landbn. hv. Nd., að til væri nokkuð það, sem hjeti smábýli við kaupstaði. Út af þeim ummælum hv. þm. V.-Húnv., að ekki væri von á góðum till. frá Jafnaðarmönnum og Íhaldsmönnum, þegar þeir legðu saman, vil jeg geta þess, að Íhaldsmenn hafa allmikið skemt frv. með því að klippa aftan af till. hv. 4. landsk., flokksbróður míns, ýmsar tillögurnar, er miðuðu að því að gera lánin ódýrari. En að öðru

leyti er rjett að taka fram, að Ed. er yfirleitt skipuð betur í samræmi við þjóðarviljann og rjett hlutföll flokkanna meðal kjósenda landsins, vegna þess að landskjörnu þingmennirnir eiga þar sæti. Er því ekki nema eðlilegt, að till. Ed. verði meira í samræmi við þjóðarviljann, eins og t. d. till. þær, sem hjer hafa valdið ágreiningi, en það veldur ekki neinni gleði hjá þeim hv. þm., sem setja alt sitt traust á ranga og úrelta kjördæmaskipun.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Jeg verð að segja, að mjer hefir fundist þessar síðustu umr. næsta þarflitlar, enda skal jeg ekki lengja þær mikið.

Mjer þykir það næsta undarlegt, að hv. 1. þm. Reykv. skuli heimta það, að landbn. gefi upplýsingar um, hvaða ástæður liggja til þess, að hv. Ed. ákvað þetta hlutfall um smábýlalánin. Jeg er ekki viss um, að þessi hv. þm. viti sjálfur hvaða hugsanir búa í brjóstum annara manna, og er því hart, að hann skuli heimta það af mjer. Satt að segja sje jeg ekki, að hv. Ed. hafi haft neina skynsamlega ástæðu til að gera smábýlunum þannig hærra undir höfði heldur en öllum öðrum fasteignum í landinu.

Hitt er auðvitað mál, að nefndum þingsins ber skylda til að athuga þau mál, sem til þeirra er vísað, sem allra best, og það vona jeg, að landbn. hafi gert í þessu máli. Eins og hv. dm. heyrðu, gerði jeg grein fyrir brtt. landbn. í dag, og hefi engu við það að bæta, enda er þetta atriði ekki það stórmál, að vert sje að hafa um það langar umræður.

Hv. þm. Borgf. fann ástæðu til þess að fara að tala um störf landbn. þessarar deildar, og jafnframt, hve mikil störf hver flokkur hefði lagt fram í n. Jeg leyfi mjer að efast um, að hann viti nokkurn hlut um þetta. Jeg get að vísu með gleði vottað það, að þeir Íhaldsmenn, sem sæti eiga í n., unnu með alúð og samviskusemi að þessu máli, eins og öðrum málum, sem n. hefir haft til meðferðar. Get jeg því þakkað þeim fyrir góða samvinnu. En ef hv. þm. Borgf. hefir með þessu ætlað að gefa í skyn, að við Framsóknarmenn höfum unnið ver, þá skil jeg ekki í, að flokksbræður hans í nefndinni taki undir það; kann jeg illa við það af utannefndarmanni, að vera með svona meting.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að þessi nýi kafli um smábýlin er kominn inn í frv. vegna samtaka Jafnaðarmanna og Íhaldsmanna í Ed. Jeg get því ekki annað sjeð en að hv. 1. þm. Reykv. eigi hægan aðgang að því hjá flokksbræðrum sínum að fá að vita ástæðurnar fyrir því, að þetta var gert, enda þótt svo kunni að vera, að ekki hafi verið talað um það á flokksfundi.

ATKVGR.

Brtt. 542,I.a—b samþ. án atkvgr.

— 542,II feld með 17: 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, EJ, HStef, HK, JAJ, JS, JörB, LH, MG, PO.

**nei:** SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ[1]),

[1]) Með svolátandi greinargerð: Með skírskotun til ræðu hæstv. atvmrh. og sömuleiðis til ræðu hv. þm. V.-Húnv. segi jeg nei.

GunnS, HJ[2]), HG, HV, IngB[3]), JJós, JÓl, MJ, MT, BSv.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 553).

## 2. Rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr. var útbýtt:

**Frv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna** (stjfrv., A. 5).

Á 6. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það hefði verið ástæða til þess að fylgja frv. þessu úr hlaði með ítarlegri ræðu, því að mál það, er hjer um ræðir, er mjög merkilegt og mikilsvert fyrir atvinnuvegi vora. Þó hefi jeg, sökum anna minna nú í þingbyrjun, eigi sjeð þess kost að búa mig undir slíka ræðu, en verð að láta nægja að skýra stuttlega frá aðaltilefni þess, að þetta frv. er fram borið, en það er ástand það, er ríkir í landbúnaði vorum um sjúkdóma þá í búfje landsmanna, er árlega valda stórtjóni.

Það er enginn vafi á því, að ef það á að takast að grafa fyrir rætur þessara sjúkdóma og koma við umbótum, þá verður að taka til sjerstakra ráða.

Sumir af sjúkdómum þessum eru ekki þektir annarsstaðar en hjer á landi, og verður því varla til þess ætlast, að útlendingum takist að grafa fyrir rætur þeirra. Hefir því verið hnigið að því ráði í þessu frv. að koma á fót vísindalegri stofnun, er unnið gæti að rannsókn á sjúkdómum þessum og hefði auk þess með höndum ýms hliðstæð verkefni, eins og um er getið í frv.

Jeg vil geta þess, að í hópi bænda hefir mál þetta verið rætt áður. Á tveim síðustu búnaðarþingum hafa komið fram óskir um slíka stofnun og á þessu síðasta búnaðarþingi kom fram mjög eindregin áskorun til Alþingis um að samþykkja þetta frv., sem hjer liggur fyrir.

Um fyrirkomulag á svona stofnun er yfirleitt lítið hægt að segja, fyr en sjeð verður, hvaða maður muni fást til þess að veita henni forstöðu. Til þessa starfa hefi jeg meðfram haft augastað á ungum og ötulum manni, er oft hefir verið getið hjer í þinginu, sem er Skúli Guðjónsson læknir. Hefi jeg trú á því, að hann mundi a. m. k. að sumu leyti reynast góður forstöðumaður, og þótt hann hafi ekki alla þá sjerþekkingu, er kynni að vera æskileg, þá er gert ráð fyrir því, að hann hafi aðgang að samverkamönnum, er gætu veitt honum aðstoð í því efni.

Nú er því svo háttað, að hjer eru fyrir tvær stofnanir, efnarannsóknastofan og rannsóknastofa háskólans, er hafa svipuð störf með höndum og stofnun þessari er ætlað að hafa. Gæti jeg hugsað mjer, að sameina mætti þessar stofnanir að einhverju leyti, og

[2]) Með svolátandi greinargerð. Með skírskotun til þess, sem jeg hefi áður sagt, segi jeg nei.

[3]) Með svolátandi greinargerð: Með sömu aths. og hv. þm. Mýr. segi jeg nei.

að undir öllum kringumstæðum yrði reynt að ná samkomulagi við háskólann um að sameina þessar tvær stofnanir. En á meðan eigi verður um það sagt, hvort maður sá, er jeg nefndi áðan, muni fást til að veita þessu fyrirtæki forstöðu, eða það verður einhver annar, er hvorki hægt að segja neitt ákveðið um verkaskiftingu þessara þriggja stofnana nje það, hvernig fyrirkomulag hinnar nýju stofnunar verður.

Fyrir því sje jeg ekki aðra leið í þessu máli en þá, að hafa heimildina svo rúma, að stjórnin geti hagað sjer eftir því, sem reynslan verður, og eftir þeim upplýsingum, er hæfir menn geta í tje látið.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en jeg vona, að nefnd sú, er fjalla á um málið, leggi í það svo góða vinnu, að því verði hrundið áleiðis á þessu þingi, því að jeg álít, að eigi megi dragast að bæta úr þessum vandræðum ári lengur. Og þar sem mál þetta eins og tilgangur þess er snertir fyrst og fremst landbúnaðinn, legg jeg til, að því verði að umr. lokinni vísað til hv. landbn.

**Jónas Kristjánsson:** Hæstv. atvmrh. hefir nú fylgt frv. þessu úr hlaði með nokkrum orðum, en í ræðu hans og greinargerð frv. sakna jeg þó mjög mikilsvarðandi upplýsinga, sem sje áætlunar um kostnað fyrirtækisins. Verður eigi annað sagt um frv. en að það sje mjög ljelega undirbúið, og er það því lakara vegna þess, að frv. þetta verður að álítast mjög þarft.

En það er ýmislegt fleira en kostnaðarhlið þessa máls, sem mig langar til að spyrja hæstv. atvmrh. um. Er frv. þetta samið í samráði við læknadeild háskólans og forstöðumann efnarannsóknarstofu ríkisins? Hvernig á að haga samvinnu milli þessara stofnana? Langar mig til að fá upplýsingar um þessi atriði, og þó einkum, hve mikinn kostnað þarf að leggja í þessa stofnun, því að öðrum kosti sje jeg mjer eigi fært að greiða frv. þessu atkv. til nefndar.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil geta þess, og er það í samræmi við það, er jeg sagði áðan, að að svo vöxnu máli hefir stj. eigi sjeð sjer fært að gera neina sundurliðaða kostnaðaráætlun um fyrirtæki þetta. Hinsvegar get jeg skýrt frá því, að jeg hefi rætt þá hlið málsins við Skúla Guðjónsson lækni, og hefir hann gert lauslega áætlun um kostnaðinn. Áleit jeg þó eigi rjett að láta þá áætlun koma í grg. frv.

Jeg hefi ekki borið frv. þetta formlega undir læknadeild háskólans, nje þá er fyrir efnarannsóknarstofu ríkisins standa. Annars hefi jeg, eins og jeg gat um áðan, aðallega rætt þetta við Skúla Guðjónsson og svo ýmsa menn í Búnaðarfjelagi Íslands.

Hv. 5. landsk. þótti mál þetta merkilegt; þótti mjer því undarlega við bregða, er hann kvaðst eigi geta greitt því atkv. til nefndar, nema hann fengi upplýsingar um kostnað þann, er af stofnuninni mundi leiða. Vona jeg, að það, sem jeg nú hefi sagt, geri það að verkum, að hann geti ljeð því atkv. sitt til nefndar.

**Jón Þorláksson:** Mál það, er hjer liggur fyrir, er mjög merkilegt og þess vert, að því sje veitt hin fylsta

athygli. Jeg efast ekki um, að nefnd sú, er það verður lagt fyrir, muni geta bætt úr þeim undirbúningi, er málið hefir fengið, því hann er talsvert ófullkominn frá stjórnarinnar hendi. En jeg vil leyfa mjer að leiða athygli hv. þdm. að því, að það er óviðkunnanlegt form fyrir þingið, ef þessi nýja stofnun kemst á fót, að gera það í heimildarlagaformi. Hygg jeg, að sú aðferð sje einnig mjög óvenjuleg; hitt mun venja, að löggjafarvaldið taki sjálft afstöðu til slíkra stofnana og marki aðaldrættina í fyrirkomulagi þeirra, svo sem hve marga fasta starfsmenn stofnunin þarf að hafa, laun þeirra o. fl., er að kostnaðinum lýtur. — Ennfremur vil jeg leiða athygli að því, að það reynist ekki eins vel og óska mætti, að setja á stofn sjálfstæðar stofnanir til þess að leysa af hendi einstök verkefni. Vilja slíkar stofnanir oft verða nokkuð utanveltu, og gæti jeg nefnt þess dæmi, ef þurfa þætti. Fyrir því vildi jeg leggja áherslu á, að þessar rannsóknir væru settar í samband við önnur þvílík verkefni, er það opinbera hefir nú með höndum, og að þeir, sem að þeim rannsóknum ynnu, hefðu aðra yfirstjórn en ráðuneytið. Gæti jeg þar t. d. hugsað mjer háskólann eða Búnaðarfjelag Íslands. Að lokum vil jeg vara við því, að stofnun þessi verði látin verða utanveltu við þær stofnanir, er ríkið hefir þegar sett á stofn og hafa svipuðum málum að gegna.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Hv. 3. landsk. lagði mikla áherslu á það, hve mál þetta væri illa undirbúið frá stj. hálfu. — Má vera, að það sje rjett að ýmsu leyti, en jeg hefi áður gert grein fyrir því, að fyrirkomulag þessarar stofnunar hlyti að verða því nokkuð háð, hvaða maður fengist til þess að veita henni forstöðu.

Hinsvegar játaði hv. 3. landsk., að mál þetta væri mjög merkilegt, og þótt hann hafi setið í stjórn landsins í 4 ár á undan mjer, var undirbúningur þeirrar stjórnar sá, að gera ekkert í málinu.

Undirbúningur núverandi stjórnar er hinsvegar sá, að snúa sjer til manns, er gæti veitt stofnuninni forstöðu, og auk þess hefir hún borið málið fram á þingi við fult fylgi búnaðarþings. Og þótt þessum undirbúningi kunni að vera nokkuð ábótavant, verður hann að teljast miklu betri en sá, er málið fjekk hjá hæstv. fyrv. stjórn.

**Jónas Kristjánsson**: Hæstv. atvmrh. hefir nú játað, að undirbúningur frv. er mjög ófullkominn og mjög í molum að því er kostnaðaráætlun snertir og fyrirkomulag. Enginn leggur út í að byggja stórhýsi án þess að hafa teikningu að því og gera áætlun um kostnað. En hjer liggur engin kostnaðaráætlun fyrir og stj. hefir ekki einu sinni ráðfært sig við læknadeild háskólans um mál þetta nje rætt um þá samvinnu, er kynni að verða milli þessara stofnana, og er það alveg ófært. Bendi jeg á þetta sem dæmi þess, hve málið er illa undirbúið, og er það því verra, sem málið er merkilegt.

**Jón Þorláksson**: Mjer fanst alveg

óþarfi af hæstv. forsrh. að fara nú að taka sjer aftur hina fyrverandi stöðu sem blaðritstjóri út af þeim ummælum, sem jeg hafði um þetta frv. Hann hafði sjálfur viðurkent í fyrstu ræðu sinni, að ýmislegt í frv. væri ófullkomið, og hann gerði að nokkru leyti grein fyrir, hvernig á því stæði. Jeg sagði svo ekki annað um þetta en það, að jeg vonaðist til, að hægt yrði að bæta nokkuð úr þessu í þeirri nefnd, sem fengi málið til meðferðar.

Út af þessu rýkur hæstv. forsrh. svo upp og fer að segja það, að hann hafi þó undirbúið þetta mál betur en fyrverandi stjórn. Jeg verð að segja það, að mjer finst það undarlegt, ef hæstv. forsrh. er ekki búinn að skilja það enn, að hann er hjer forsætisráðherra hjá þjóð, þar sem er óendanlega margt ógert. Og ef hann yfir höfuð ætlar að fara að leggja þann mælikvarða á fyrverandi stjórn, að það megi kasta hnútum í hana fyrir það, að hún hafi ekki í sinni stjórnartíð leyst af höndum öll merkileg verkefni fyrir landið, þannig að ekkert verkefni sje eftir handa honum, þá sýnir það yfirtakanlegt skilningsleysi á högum lands og þjóðar. Annars þarf jeg ekki að taka ákúrur hæstv. forsrh. sjerstaklega til mín; jeg hefi aldrei haft forstöðu þeirra mála, sem frv. fjallar um.

Ef annars hefði átt að veita einhverjum ákúrur fyrir það, að þetta kom ekki fram í tíð fyrv. stj., þá geri jeg ráð fyrir, að það sjeu fyrst og fremst þeir menn, sem á þeim tíma höfðu sjerstaka skyldu að vekja athygli á slíkum nauðsynjum og bera þær fram fyrir ríkisstjórnina. Og það ætla jeg hafi verið stjórn Búnaðarfjelags Íslands, og man jeg ekki betur en hæstv. forsrh. stæði töluvert nærri henni í þann tíð. En jeg veit ekki til, að þetta mál hafi komið þaðan til fyrv. stj.

Jeg læt svo útrætt um þessa ómerkilegu slettu frá hæstv. forsrh. í garð fyrv. stjórnar, sem jeg ekki hefi gefið neitt tilefni til. En um málið sjálft hefi jeg engu við að bæta það, sem jeg sagði. Jeg álít sjálfsagt að taka því með mestu vinsemd og reyna að gera á frv. þær umbætur, sem þarf til þess að það verði að lögum í sæmilegum búningi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Ed., 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 112 og 185).

**Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson):** Það hefir dregist nokkuð að afgreiða þetta mál úr nefndinni til 2. umr. Hefir hún haft málið til meðferðar á mörgum fundum, með því að lítið hefir verið að gera í nefndinni.

Þetta mál er eitthvert merkilegasta og nauðsynlegasta málið, sem fyrir þessu þingi liggur. Eins og allir vita, hafa búfjársjúkdómar gert mjög mikið tjón hjer á landi bæði fyr og síðar. Áður var það einkum fjárkláðinn og bráðapestin, en nú hefir mönnum í seinni tíð tekist, fyrir vaxandi þekking og rannsóknir, að finna ráð og meðul til þess að vinna bug á eða minsta kosti draga úr því böli, sem

þessir tveir aðalsjúkdómar hafa fyr og síðar leitt yfir landbúnaðinn íslenska. Þó vantar ennþá herslumuninn, en jeg vona nú, að þingið sjái sóma sinn í því að láta nú ekki öllu lengur dragast að ganga milli bols og höfuðs á kláðanum. Í seinni tíð kveður einna mest að lungnaormaveiki og fjöruskjögri og fleiri búfjársjúkdómum, sem stafa af illu eða skemdu fóðri. Jeg get að vísu ekki gefið neina skýrslu um það tjón, sem þessir sjúkdómar valda árlega. Reyndar var safnað skýrslum um alidýrasjúkdóma samkv. lögum frá 1905, en þó undarlegt sje, held jeg, að aldrei hafi verið unnið úr þeim skýrslum. En hvað sem því líður, þá skal jeg geta þess, að árið 1927 hrundi niður búfje bænda í mörgum hjeruðum landsins, og eru dýralæknar ekki á einu máli um, af hverju hafi stafað. Sumir telja það lungnaorma, aðrir lungnabólgu og loks hefir því verið haldið fram, að orsökin hafi verið skemt fóður. En það eitt er víst, að ekki stafaði fjárfellir þessi af heyleysi, því það ár voru heybirgðir manna með mesta móti. Þá má hiklaust fullyrða, að árlega sje bændum bakað stórtjón af völdum fjöruskjögurs, Hvanneyrarveiki og fleiri þvílíkra kvilla. Þegar nú þessu er þannig háttað, ættu allir að vera sammála um það, að fylsta nauðsyn sje til að reyna að finna orsakir sjúkdómanna og ráð við þeim. Að þetta mætti takast, er ekki ósennilegt, og það með ekki ýkjamiklum kostnaði Flestir þeir menn, sem helst hafa vit og sjerþekkingu á þeim málum, munu líta svo á. Að minsta kosti þeir, sem jeg hefi talað við um þetta og leitað álits hjá. Sjálfur hefi jeg vitanlega litla þekking á þeim atriðum. Hinsvegar hefir verið leitað álits læknadeildar háskólans. Bendir álitið eindregið í þá átt, að þótt slíkar rannsóknir sem hjer ræðir um sjeu nokkuð kostnaðarsamar og taki langan tíma, þá sjeu þær líklegar til að leiða til árangurs, þannig að vinna að verulegu leyti bug á þessum sjúkdómum. Í sömu átt bendir og álit Skúla Guðjónssonar læknis í Kaupmannahöfn, sem er fræðimaður á þessu sviði. Hann telur þetta frv. æskilegt og líklegt að leiði til árangurs. Þess má og geta, að rannsókn búfjársjúkdóma er ekki hið eina hlutverk þessarar stofnunar. Engu síður er brýn þörf á að fá fóður rannsakað. Loks ætti slík stofnun sem þessi að geta framleitt bóluefni við bráðapest. Hingað til hafa verið nokkur mistök í því efni, og hygg jeg það hafi stafað af því, að ekki var hægt að prófa bóluefnið á sauðfje um leið og það var búið til. Með því að framleiða bóluefnið hjer ætti að fást meiri trygging fyrir því, að það væri góð vara. Þegar nú svo stendur á, virðist tæplega álitamál, að hefjast þurfi handa þegar í stað, eftir því sem efni og ástæður leyfa. Að vísu er ekki hægt að segja fyrirfram nákvæmlega, hvernig framkvæmdum skuli hagað eða hvaða kostnað slíkt hefði í för með sjer. Gert er þó ráð fyrir, að byrjað sje í smáum stíl, t. d. ráðinn einn kunnáttumaður, sem beiti sjer fyrir þessum málum og helgi þeim krafta sína óskifta. Svo er og gert ráð fyrir, að aðrar rannsóknarstofnanir landsins leggi liðsinni, og sömuleiðis aðrir kunnáttumenn í ýmsum greinum. Því næst sjeu keypt áhöld nokkurnveginn eftir þörfum. Þetta á alt að vera í

smáum stíl í byrjun, en sje aukið um leið og nauðsyn og reynsla krefur og eftir því sem þing og þjóð sjer sjer ært.

Að lokum vil jeg benda á, að þetta frv. er aðeins heimildarlög fyrir stj., og jeg efast ekki um, að hún noti þá heimild varlega, og ekki nema að vel rannsökuðu máli. En þetta mál skiftir landbúnaðinn miklu, og er því þessi heimild ekki að ófyrirsynju gefin. Með tilliti til þess leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykt.

**Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson):** Landbúnaðarnefnd gat ekki orðið á eitt sátt um afgr. frv. þessa, enda þótt hún sje öll á einu máli um það, að nauðsyn beri til að ráða bót á því, sem frv. er ætlað að laga.

Frv. þetta á að verða heimildarlög fyrir stj. til þess að setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofu í þarfir atvinnuveganna, eftir nánari ákvæðum, sem um það verða sett. Að jeg gat ekki orðið samnefndarmönnum mínum samferða um afgreiðslu frv., er sökum þess, að jeg tel það ekki nægilega undirbúið til þess að verða að lögum á þessu þingi. Hefi jeg því borið fram sjerstakt nál., á þskj. 185.

Hvað snertir 3. gr. frv., þá virðist mjer hún benda til þess, að stofnun sú, sem hjer ræðir um, geti ekki einu sinni orðið vísir til slíkrar stofnunar sem 1. og 2. gr. ræða um, því að í 1. gr. er talað um, að stofnun þessi geti látið efnarannsóknarstofu ríkisins eða rannsóknarstofu háskólans athuga fyrir sig. Í 2. gr. frv. er það tekið fram, hvert verkefni rannsóknarstofu þessarar skuli vera, og er það samkvæmt henni svo víðtækt, að óhugsandi er, að einn maður geti int það alt af hendi. Það, sem henni er ætlað að gera, er:

1. Efnafræðilegar rannsóknir.
2. Gerla- og sýklarannsóknir.
3. Fjörvirannsóknir.
4. Jurtasjúkdóma.
5. Ýmsar aðrar rannsóknir, sem heyra undir allar þessar tegundir.

Allar þessar rannsóknir eru svo sundurleitar, umfangsmiklar og vandasamar, og jeg þekki engan einn mann með þeirri þekkingu, að hann geti int alt þetta af hendi. Þá verður að athuga alt vel í sambandi við þær, áður en byrjað er á þeim, til þess fyrst og fremst, að þær komi að tilætluðum notum, og í öðru lagi að þær verði ekki alt of kostnaðarsamar fyrir landið. Jeg tel því með öllu ógerlegt að hrapa svo mjög að þessu sem með frv. þessu virðist gert.

Í 5. gr. frv. er svo kveðið á, að ríkisstjórnin skipi stofnun þessari forstöðumann, sem hafi nægilega vísindalega mentun til starfans, og jafnframt á hún að fá honum nægilega aðstoð. Eftir þessu skilst mjer, að forstöðumaðurinn eigi að ráða því sjálfur, hve mikla aðstoð hann fær, en að þingið eigi engu þar um að ráða.

Þá er og í 6. gr. ákveðið, að ríkissjóður leggi fram nægilegt fje til rekstrarkostnaðar stofnun þessari, og það eflaust eftir till. forstöðumannsins. Virðist mjer því, að honum sje með þessu fengið ærið mikið vald í hendur til þess að heimta fje úr ríkissjóðnum. Mjer hefði því fundist rjettara að flýta máli þessu ekki svo mjög sem hjer virðist gert, þar sem ekki eru athugaðir í sambandi við það jafnsjálfsagðir hlutir sem þetta. Jeg fyrir

mitt leyti hefði því getað fallist á, að skipuð væri t. d. 5 manna nefnd til þess að undirbúa mál þetta fyrir næsta þing, og virtist mjer vel til fallið, að nefnd sú væri t. d. skipuð forstöðumönnum rannsóknarstofanna, háskólans og ríkisins, og sínum fulltrúanum frá hvoru, Fiskifjelaginu og Búnaðarfjelagi Íslands, og einum af dýralæknum landsins.

Þegar maður nú lítur á störf þau, sem stofnun þessari er ætlað að vinna, þá er það ljóst, að mestur hluti þeirra fellur nú undir efnarannsóknarstofu ríkisins, en í frv. er ekkert talað um annað en að hún eigi að halda áfram eftir sem áður án viðbótarstyrks af fje og starfskröftum, þó að þessi nýja rannsóknarstofa verði sett á stofn. Það er þó ætlast til, að hún bæti á sig störfum fyrir þessa nýju rannsóknarstofu. Það virðist því ekki hjá því verða komist að auka að einhverju leyti starfskrafta við hana og þar af leiðandi fjárframlög til hennar. Þetta verður líka að athuga áður en hlaupið er til framkvæmda í þessu máli. Auk þess þarf að útvega henni ýmisleg áhöld og rúmbetra húsnæði.

Um efnarannsóknastofu háskólans er hið sama að segja. Hún hefir of lítið húsrúm og þarfnast ýmsra tækja til þess að geta starfað hliðstætt við aðrar slíkar stofnanir. Erlendis eru slíkar rannsóknarstofur sem þessar víða mjög stórar og fullkomnar, en að sjálfsögðu verðum við í þessu efni sem öðru að sníða okkur stakk eftir vexti.

Það, sem okkur ríður mest á að fá rannsakað, eru húsdýrasjúkdómarnir. Rannsókn á þeim yrði sennilega að felast dýralækni, sem jafnframt væri vel að sjer í dýrasjúkdómafræði (Pathologi), en slíkum mönnum höfum við ekki á að skipa. Teldi jeg því rjettast, að stjórnin sneri sjer til landbúnaðarráðuneytanna í nágrannalöndunum og fengi leiðbeiningar hjá þeim í þessum efnum og jafnframt bendingu um hæfan mann til starfans. Það tel jeg nauðsynlegt, og mun jeg því bera fram tillögu um, að fje verði veitt í fjárlögum stjórninni til umráða í þessu skyni. Af húsdýrasjúkdómunum munu lungnaormasjúkdómarnir vera erfiðastir viðfangs og þeim næst fjöruskjögrið, sem er mjög algengt þar, sem fjörubeit er hjer á landi. Að rannsóknum á því hefir verið unnið dálítið í vetur af þýskum manni og skólastjóranum á Hvanneyri, og munu þeir telja, að vöntun bætiefna í fóðrið sje aðalorsök þess. Úr því má bæta með því að láta ærnar ekki ganga í fjöru um meðgöngutímann. Jeg skal og geta þess í þessu sambandi, að einn glöggur og greinagóður maður hefir sagt mjer, að honum hafi tekist að útrýma fjöruskjögri með því að lóga því fje, sem vott hefði af fjöruskjögri, og fá nýjan stofn í staðinn, er lifað hefði við ólíka staðhættu.

Það, sem jeg því finn frv. þessu aðallega til foráttu, er það, að engin áætlun fylgir um það, hvern kostnað það muni hafa í för með sjer. Er því ekki hægt að ætlast til, að þingmenn gangi inn á það, þar sem þeim er falið af kjósendum sínum að viðhafa alla gætni í fjármálum. Hjer er ekki svo mikið sem gefin minsta hugmynd um, hvaða laun forstöðumaðurinn eigi að hafa, hvað þá meira.

Af þessum ástæðum ræð jeg hv. þm. til þess að skjóta frv. þessu á frest til

næsta þings til frekari undirbúnings, en legg til, að til bráðabirgða verði fenginn erlendur sjerfræðingur til þess að rannsaka þá húsdýrasjúkdóma, sem mestum spjöllum valda hjá okkur. Legg jeg því til, að rökstudda dagskráin á þskj. 185 verði samþ. Hún hljóðar þannig: „Með því að deildin telur málið mikilsvert, en ekki nægilega undirbúið, ályktar hún að vísa því til stjórnarinnar til frekari undirbúnings og væntir þess, að honum verði lokið svo snemma, að stjórnin geti lagt fyrir næsta þing frv. um þetta efni".

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu þessa máls, enda þótt hún hafi dregist nokkuð lengi. Það er ljóst af nál. beggja nefndarhlutanna, að þeir telja hvorirtveggja, að hjer sje um þýðingarmikið mál að ræða, enda þótt þeir komist að ólíkri niðurstöðu út frá sömu forsendum. Hv. meiri hl. felst á að fá stjórninni í hendur heimild þá, sem frv. ræðir um, og jeg skal jafnframt geta þess hjer, að það eru fleiri en hann, sem sjá og skilja hina miklu nauðsyn þessa máls. Búnaðarþingið fjekk frv. þetta einnig til meðferðar, og hafði sjerstök nefnd þar það til meðferðar, og bar hún fram svo hljóðandi tillögu:

„Búnaðarþingið mælir eindregið með því, að frv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna nái fram að ganga á næsta Alþingi".

Var svo tillaga þessi samþ. af öllum fulltrúum bændanna, sem þar áttu sæti alstaðar að af landinu. **(BK:** Var þar nokkur sjerfræðingur á þessum sviðum?). Ekki beinlínis sjerfræðingur, en einn af dýralæknum landsins og skólastjóri annars bændaskólans áttu sæti þar.

Hv. minni hl. vill aftur á móti ekki fá stjórninni í hendur heimild þá, sem í frv. þessu felst, og leggur því til, að öllum framkvæmdum í þessum efnum verði skotið á frest til næsta þings, aðallega sökum þess, að hann telur málið ekki nægilega undirbúið, og þá sjerstaklega að því leyti, að ekki liggur fyrir sundurliðuð skýrsla um kostnað þann, sem af því muni leiða. Um þetta atriði töluðum við þegar við fyrstu umræðu málsins hjer í deildinni, og tók jeg þá fram, að ekki væri hægt að segja neitt ákveðið um kostnaðarhlið málsins, meðan ekki væri víst, hver yrði forstöðumaður rannsóknarstofunnar og hversu fyrirkomulaginu um hana yrði háttað yfirleitt. Eins og jeg mun hafa getið um, þá er ekki hægt að segja um, hvort hægt muni verða að fá þann mann, sem jeg sjerstaklega hefi haft augastað á, sem sje Skúla Guðjónsson lækni, eða hvort taka verður erlendan mann. Um þetta er að sjálfsögðu heldur ekkert hægt að segja með vissu, fyr en stjórnin er búin að fá heimild þingsins til þess að ráða einhvern mann í þessu skyni. Þegar sú heimild er fengin, er fyrst hægt að fastráða mann og segja eitthvað ákveðið um kostnaðinn. Mjer finst því, að þótt dagskrá hv. minni hl. verði samþ., þá sje ekki hægt að gera meira í málinu en hjer er farið fram á. Jeg tel þetta svo mikið nauðsynjamál, að ekki megi dragast lengur að hefjast handa í því. Og jeg er þeirrar skoðunar, að það hefði átt að vera búið fyrir löngu að

veita stjórninni heimild til framkvæmda í þessu máli.

Þá sagði hv. minni hl., að með frv. þessu væri hrapað að framkvæmdum málsins. Sjerstaklega var það þó hin fjárhagslega hlið þess, sem honum fanst varhugaverð. Slík varfærni finst mjer ofureðlileg hjá manni úr andstöðuflokki stjórnarinnar, því að venjan er sú, að þeir eru altaf staðari og treysta stjórninni ver en flokksmenn hennar. Vilja þeir þar af leiðandi altaf fá henni sem minst völd í hendur.

Eitt af því, sem hv. frsm. minni hl. hjelt fram gegn frv., var það, að hann taldi, að forstöðumaður rannsóknarstofunnar gæti heimtað þá aðstoð, sem honum sýndist. En þetta er ekki rjett, því að í 5. gr. frv. stendur, að ríkisstjórnin ráði forstöðumanninn og fái honum nægilega aðstoð. Hjer er beinlínis átt við það, að ríkisstjórnin ákveði laun aðstoðarmannanna og einnig hve margir þeir verði. Þá sagði hann ennfremur, að laun forstöðumannsins væru hvergi ákveðin. En í 6. gr. stendur: „Allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skal greiddur úr ríkissjóði, og skal í fjárlögum ákveða laun starfsmanna og nægilegt fje til annars rekstrarkostnaðar". Það er því ekki hægt að láta þennan mann fá hærri laun en Alþingi ákveður.

Jeg vona, að frv. nái fram að ganga, þó að nokkur dráttur hafi orðið á afgreiðslu þess. Og jeg skal lýsa yfir því, að þó að stjórninni verði veitt heimild sú, sem farið er fram á í frv., þá mun hún eigi notuð til að eyða fje ríkisins fram yfir það, sem bráðnauðsynlegt er. En heimildina þarf stjórnin að hafa, til þess að geta hafist handa í alvöru í þessu efni og m. a. til þess að geta samið við þær stofnanir, sem að einhverju leyti mundu eiga samvinnu við þessa væntanlegu rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna.

**Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson):** Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh., eins og jeg hafði búist við, að hann viðurkennir, að undirbúningur þessa frv. sje ónógur. Um kostnaðinn getur hann svo gott sem ekkert sagt, og það er af því, að hæstv. stjórn hefir alveg vanrækt að leita ráða sjerfróðra manna í þessu efni. Það er ekki hægt að ámæla henni, þó að hún hafi ekki sjálf nægа þekkingu til að annast undirbúning slíks máls, svo að í lagi sje, en það er alveg óafsakanlegt af henni að leita ekki til fagfræðinga. Hún hefði líka átt að leita samkomulags við þær ríkisstofnanir, sem eiga að aðstoða rannsóknarstofuna, áður en frv. var flutt hjer á Alþingi. Yfirleitt virðist mjer allmjög að frv. hrapað. Það er að vísu rjett, að nauðsyn stofnunar sem þessarar er mjög brýn. En alt um það má undirbúningurinn ekki vera svo ljelegur, að vonlaust sje um árangur þess vegna. En svo held jeg, að sje í þessu máli enn sem komið er.

Jeg get ekki bent á aðra leið heppilegri en að fá útlendan sjerfræðing til að rannsaka búfjársjúkdómana hjer á landi. Leiðbeiningar um val þess manns gæti stjórnin sjálfsagt fengið hjá atvinnumálaráðuneytunum á Norðurlöndum.

Hæstv. forsrh. gat þess, að hann

hefði átt tal við Skúla lækni Guðjónsson um þessar væntanlegu rannsóknir, og mundi hann hafa góða þekkingu á þeim efnum. Það er að vísu rjett, að Skúli Guðjónsson hefir lagt stund á eina tegund þessara rannsókna, nefnil. fjörvirannsóknir. En hann er ekki efnafræðingur og ekki heldur dýralæknir. Jeg þekki þennan mann persónulega, því að hann hefir verið aðstoðarlæknir hjá mjer. Mjer er kunnugt um, að hann er sjerlega duglegur maður og áreiðanlega vel að sjer í sínu fagi. En maður, sem á að hafa á hendi rannsóknir á dýrasjúkdómum, þarf að hafa þekkingu á dýralækningum, en hana hefir Skúli Guðjónsson ekki. Jeg er hræddur um, að þó að þetta frv. yrði samþ. nú, þá yrði verkefnið, sem á að leysa af höndum, eftir sem áður að ýmsu leyti óleyst.

Mig undrar það ekki, þó að bændur vilji gjarnan fá hjálp gegn alidýrasjúkdómunum, og helst sem fyrst. En slíkar rannsóknir verða að vera í höndum fagfróðra manna.

Hæstv. forsrh. gefur í skyn, að launin sjeu ákveðin í 6. gr. frv. Það er rjett, að sú grein talar um laun starfsmanna. En ekki verður af henni sjeð, hve margir starfsmennirnir eiga að vera. Þetta er eins og annað í frv., lítt hugsað. En það er áríðandi að gera sjer glögga grein fyrir þessum framkvæmdum eins og þær eiga að verða, alveg eins og menn hafa fyrir framan sig teikningu af húsi, áður en það er bygt.

Jeg held, að heppilegt mundi vera að veita einhverja upphæð í fjárlögum þessu máli til undirbúnings. Þessu fje ætti svo stjórnin að verja til þess að leita aðstoðar erlendis. Og jeg held áreiðanlega, að erlendur sjerfræðingur myndi ráða betur fram úr þeim málum, er viðkoma dýralækningum, en mannalæknar. En þó að Skúli Guðjónsson geti ekki rannsakað alidýrasjúkdóma til hlítar, þá eru samt nóg verkefni fyrir hann. Hjer á landi þyrfti nauðsynlega að rannsaka innfluttar fóðurvörur og matvörur. Til þess væri Skúli Guðjónsson vel fallinn, og þar kæmi sjerþekking hans honum að góðum notum. Hjer er látið fara fram mat á öllum eða flestum útfluttum vörum, svo sem kjöti og fiski. En innflutta varan er aldrei metin. Og væri þó eigi síður þörf á því. Mjölið, sem hingað flytst, er oft alveg óboðleg vara til manneldis. Stundum er það margra ára gamalt. Hveiti er stundum gert hvítt með því að blíkja það með saltpjetursýrlingi og fleiri efnum, sem eitruð eru og skemma það. Malað korn heldur ekki fullu næringargildi lengur en 4—6 vikur. Gamalt mjöl er á sinn hátt alveg eins og hrakið hey, svift næringarefnum.

Að endingu vænti jeg þess, að hv. deild geri sjer það ljóst, að með því að samþykkja dagskrá þá, er jeg hefi borið fram, er málinu best borgið og um leið opnuð leið til þess, að sjerfróðir menn geti fengið það til meðferðar.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Hv. frsm. minni hl. bar fram margt í ræðu sinni, sem mælir með því, að frv. fái að ganga fram einmitt nú. Þær ástæður skal jeg eigi ræða frekar að svo stöddu. En hann færði aðallega fram þrjú atriði til mótmæla, og þeim vil jeg gera skil í fám orðum.

Það fyrsta, sem hv. frsm. fann stjórninni til foráttu í þessu máli, var það, að hún hefði eigi leitað til fagfræðinga við undirbúning frv. Þetta er mishermi. Stjórnin hefir einmitt leitað til þeirra fagfræðinga, sem völ var á. Hún hefir leitað til þess eina manns íslensks, sem lagt hefir stund á þær rannsóknir, sem hjer er um að ræða, og sá maður er Skúli læknir Guðjónsson. Staðhættir hjer á landi eru svo sjerstæðir, að erfitt er fyrir erlenda menn að gera sjer fulla grein fyrir þeim og taka tillit til þeirra. Því kaus jeg heldur að snúa mjer til manns, sem sjálfur þekkir þessa staðhætti. Jeg hefi líka ráðgast um þetta mál við menn á efnarannsóknastofunni. Sömuleiðis hefi jeg leitað ráða dýralæknanna, og einn þeirra hefir haft málið til meðferðar á Búnaðarþinginu og lagt samþykki sitt á þetta frv.

Þá sagði hv. frsm., að stjórnin hefði átt að semja við rannsóknarstofnanirnar, áður en hún flutti frv. Þetta gat stjórnin alls ekki gert. Til þess hafði hún ekkert í höndunum. Ef stj. á að geta komið fram sem samningsaðili og með fullum myndugleik gagnvart þessum stofnunum, þarf hún að hafa til þess heimild Alþingis.

Loks kom hv. frsm. að fjárhagshliðinni og sagði, að frv. tæki ekkert fram um það, hvað starfsmenn stofnunarinnar ættu að vera margir. En það verður á valdi Alþingis á hverjum tíma. Það ákveður sjálft, hversu mikið fje skuli leggja stofnuninni, og eftir því fer starfsmannafjöldinn. Veiti þingið t. d. laun handa tveim starfsmönnum, þá verða tveir starfsmenn ráðnir o. s. frv. (JKr: En er það nóg?). Ja, það er alveg á valdi þingsins, hversu mikið það leggur í sölurnar fyrir stofnunina. Stj. fær þar engu um þokað. Eiginlega hefi jeg með þessu frv. bundið landsstjórnina meira en venjulegt er. En það er gert samkv. því „principi", að heimildir í fjárlögum eigi að vera fyrir þeirri eyðslu, sem þarf að eiga sjer stað. Og mjer er óhætt að lofa því, að þessi heimild skuli ekki verða misnotuð í minni stjórnartíð.

Jeg þykist heldur ekki hafa gefið Alþingi ástæðu til að ætla annað en jeg muni fara gætilega með heimildir. Á síðasta þingi var mjer t. d. veitt heimild til að láta ríkið taka upp verslun með tilbúinn áburð. Sumir hjeldu þá, að stjórnin myndi setja upp eitthvert afskaplegt verslunarbákn til að annast áburðarkaupin. En reyndin hefir orðið sú, að aðalverslun bændanna sjálfra annast þessi viðskifti fyrir litla borgun. Eins og jeg fór varlega með þessa heimild, svo mun jeg og fara með þá heimild, sem mjer yrði veitt, ef það frv., sem nú liggur fyrir, næði samþykki.

**Halldór Steinsson:** Nauðsyn þeirra rannsókna, sem gert er ráð fyrir í frv., liggur eiginlega í augum uppi. En um frv. sjálft er öðru máli að gegna. Verði þetta frv. að lögum, verður sýnilega ekkert nema tómt kák úr framkvæmdum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, eftir því sem til þess er stofnað, og sjálf stofnunin hlýtur að verða mjög kostnaðarsöm. Eigi verkefni hennar að verða eins mörg og frv. gerir ráð fyrir, hygg jeg, að ekki muni veita af að minsta kosti 3 sjerfræðingum til að starfa við hana.

Jeg verð að segja það, að þó að þörf sje allra þeirra rannsókna, sem nefndar eru í frv., þá er hún samt mismunandi brýn. Brýnust þörf er þeirra rannsókna, sem talað er um í 1. lið 2. gr. Og mjer finst, að þær hefðu átt að nægja í bráðina. Eftir að kominn væri fram árangur af þeim, mætti altaf fikra sig upp á skaftið og fjölga verkefnum. Hitt er sýnilega alveg ókleift, að einn maður annist alt þetta, og þó að maður sá, sem stjórnin hefir snúið sjer til, sje hæfur læknir, er hann ekki fær um að taka það að sjer. Það er alveg rjett, sem hv. 5. landsk. (JKr) sagði, að sá, sem veitir stofnuninni forstöðu, þarf að hafa þekkingu á dýralækningum. Hafi stjórnin dregið í efa, að þekking dýralæknanna hjer á landi nægði, var henni innan handar að snúa sjer til erlendra dýralækna. Jeg get heldur ekki litið á Skúla lækni Guðjónsson sem alveg óhlutdrægan mann í þessu máli, þar sem hann á í vændum vel launaða stöðu við stofnunina, ef hún kemst á fót.

Jeg felli mig vel við ummæli hv. 5. landsk. um að fela nefnd manna að athuga þetta mál. Væri það gert, feng ist nokkur trygging fyrir því, að næsta frv. um þetta efni yrði svo úr garði gert, að af því mætti vænta árangurs. Mjer sýnist stjórnin vel geta unað því að fá heimild í fjárlögum til þess að verja nokkurri fjárupphæð til að rannsaka alidýrasjúkdóma, enda ríð ur mest á því. Hæstv. forsrh. talaði lítið um till. hv. 5. landsk., og ræð jeg af því, að hann telji hana ófullnægjandi. En þar er jeg á öðru máli.

Hæstv. forsrh. sagði, að Skúli Guðjónsson væri allra manna færastur til að veita þessari stofnun forstöðu. (**Forsrh.**: Íslenskra). Jeg verð að draga þetta mjög í efa. Jeg tel að minsta kosti tvo Íslendinga færari til þess en hann, og það eru dýralæknarnir tveir, sem mesta hafa æfinguna. Skúli Guðjónsson er aðeins sjerfræðingur í einni grein. Og um hin verkefnin, sem stofnunin á að hafa með höndum, álít jeg hann eigi dómhæfan.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri ekkert nýtt, að stjórnin fengi í sínar hendur slíkar heimildir sem þessa, og nefndi lögin um tilbúinn áburð. Jeg skal fúslega viðurkenna, að stjórninni hefir farið framkvæmd þeirra laga vel úr hendi. En hjer er um þýðingarmeira mál að ræða og engin trygging fyrir því, að lausn þess takist jafnvel.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Jeg hjelt, að jeg hefði getið um það við fyrstu umr. frv., hvernig þetta mál hefir breytst í höndum mínum, síðan jeg tók það fyrst til meðferðar, en af ræðu hv. þm. Snæf. sje jeg, að svo muni eigi hafa verið. En fyrir mjer vakti í upphafi, að starf stofnunarinnar yrði a. m. k. fyrst um sinn takmarkað við það verkefni, sem hv. þm. talaði um. Í mínum augum er rannsókn búfjársjúkdómanna langstærsta atriðið í þessu máli. Og ef hv. deild óskar þess, er jeg fús til að fallast á, að verksviðið verði þrengt í þá átt.

Það var eftir tillögum samverkamanna minna, starfsmannanna hjá Búnaðarfjelagi Íslands, að jeg lagði frv. fram í því formi, sem það hefir nú. Þeir töldu rjettara að láta rannsóknirnar ná til atvinnuveganna yfirleitt, úr því að til þeirra væri stofnað

á annað borð. Og þeir töldu, að frv. mundi fremur eiga framgangs von með því fyrirkomulagi. En komi það í ljós, að það sje líklegra til fylgis, ef verksviðið er þrengt, skal ekki standa á mjer að samþykkja það.

Hv. þm. (HSteins) átaldi það, að jeg skyldi hafa snúið mjer til Skúla Guðjónssonar í þessu máli. En það gerði jeg einmitt fyrir áskoranir þeirra manna hjer á landi, sem helst bera skyn á þessi mál. Jeg skal taka það fram, að rannsóknir á fjöruskjögri hafa einmitt verið gerðar í samráði við þennan mann. Þannig hefir hann þegar látið til sín taka í þessum efnum, og það sem sjálfboðaliði. Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um nauðsyn dýralæknisþekkingar, vil jeg benda á, að frv. gerir beinlínis ráð fyrir því, að dýralæknarnir verði samverkamenn stofnunarinnar. Upphaflega ætlaðist jeg til, að dýralæknirinn í Reykjavík yrði skyldur til að láta í tje aðstoð í þessu efni.

Þeir hv. þdm., sem talað hafa gegn þessu frv., vilja gefa stjórninni bendingu um að ráðgast við nefnd manna um framkvæmd þessa máls. En enga ástæðu sje jeg til að tefja frv. þess vegna, því að stjórnin hefir þegar leitað ráða fróðustu manna hjer á landi, og mun einnig gera svo framvegis, þegar til framkvæmda kemur. En það skal vera reiðilaust af minni hálfu, þó að starfssviðið sje eitthvað þrengt, enda kemur það heima við fyrirætlanir sjálfs mín, eins og jeg gat um áðan.

**Halldór Steinsson:** Jeg get verið mjög vel ánægður með þessa ræðu hæstv. forsrh., því að hann hefir lýst yfir því, að hann er mjer algerlega sammála um að leggja áherslu á 1. lið 2. gr., sem er um það, að reyna að finna orsakir þeirra sjúkdóma, sem mestu tjóni valda á búfje landsmanna. En þar sem þetta hefir verið sannfæring hæstv. ráðh. og er, að því er mjer skilst, ennþá, þá fer þetta frv. í dálítinn bága við þessa sannfæringu. Jeg hefði kunnað betur við, að aðeins þessi 1. liður 2. gr. hefði staðið í þeirri gr., en jeg treysti því, ef þetta frv. verður samþ., þá hagi hæstv. forsrh. framkvæmdum þessa máls samkvæmt hans skoðun, þeirri, sem hann nú hefir lýst yfir.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 185 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr.

**nei:** EÁ, EF, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EÁ, EF, IP, JBald, JónJ, JÞ, JónasJ, PH, GÓ.

**nei:** BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JKr.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 5).

**Jón Þorláksson:** Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, þá álít jeg, að lagafrv. það, sem hjer liggur fyrir til umræðu, sje mjög illa undir-

búið, og mót von minni hefir lítið verið bætt úr göllum þess í meðferð hv. nefndar. Jeg hefi dálítið athugað þetta mál, og hefir það orðið niðurstaða mín, að til þess að fá sæmilega lögun í þessum efnum, þyrfti að setja heildarlöggjöf um þær stofnanir, sem samkvæmt frv. þessu eiga að vinna að rannsóknum í þarfir atvinnuveganna, sumpart saman og sumpart út af fyrir sig.

Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir nú starfað síðan 1906, og það án þess að einn stafur hafi staðið um hana í löggjöfinni, að öðru leyti en því, að fje hefir verið veitt til hennar í fjárlögunum. Nú stendur þannig á fyrir stofnun þessari, að hún er í miklu húsnæðishraki. Fyrir 3—4 árum varð hún að hröklast úr því húsnæði, sem hún hafði haft frá upphafi, og var þá gerð bráðabirgðaskipun um húsnæði fyrir hana um næstu fimm ár. Er því nú ekki eftir nema eitthvað á annað ár af þeim tíma. Störf þessarar stofnunar hafa altaf farið vaxandi, og er nú svo komið, að þetta bráðabirgðahúsnæði er orðið alveg ófullnægjandi fyrir hana. Þannig hefir forstöðumaður hennar orðið að hröklast með nokkurn hluta af starfi sínu, sem sje undirbúningskenslu fyrir læknanemendur háskólans, í annað húsnæði, sem er þó ennþá meira bráðabirgðahúsnæði en hitt, því að það er í útihúsi bak við mentaskólann.

Þá hefir það og ennfremur aukið á þessa húsnæðiserfiðleika, að nýlega hefir látist maður, sem hafði með höndum ýmiskonar gerlarannsóknir, sem hann framkvæmdi ekki í efnarannsóknarstofu ríkisins, heldur annarsstaðar í bænum, og hafði til þess sjerstök áhöld. Við lát þessa manns, Gísla Guðmundssonar gerlafræðings, eignaðist landið áhöld þau, sem hann hafði við gerlarannsóknir sínar, og voru þau þá flutt í efnarannsóknarstofuna, og eru þau því geymd þar nú, án þess að hægt sje að nota þau, því að stofan hefir engum starfskröftum á að skipa til þess. Þannig er þá ástandið með efnarannsóknarstofu ríkisins.

Þá er rannsóknarstofa háskólans. Hún á sömuleiðis við mjög erfið kjör að búa hvað húsnæði snertir. Hún er eins og kunnugt er aðallega í þjónustu heilbrigðismálanna. Var upphaflega ætlast til þess, að hún hefði með höndum sjálfstæðar vísindalegar rannsóknir, en úr því hefir ekki getað orðið sökum þess, hve forstöðumaðurinn hefir haft mikið að gera við heilbrigðismálin. Stofnun þessi er að mörgu leyti ljelega útbúin, og eins og jeg tók fram áðan, mjög illa sett með húsnæði; voru þó gerðar töluverðar umbætur á því fyrir 2 eða 3 árum síðan. Af þessu, sem jeg nú þegar hefi sagt, er það ljóst, að húsnæði það, sem þessar stofnanir hafa nú, getur ekki verið til frambúðar, og að yfirleitt sje svo mörgu áfátt við þær, að þó ekki liggi fyrir að bæta við þær nýjum verkefnum, þá verði ekki hjá því komist að bæta úr ágöllunum, og þá helst með því að setja samfelda löggjöf um þessi efni. Það væri vitanlega æskilegast að sameina þessar þrjár stofnanir: efnarannsóknarstofu ríkisins, rannsóknarstofu háskólans og hina fyrirhuguðu rannsóknarstofu fyrir atvinnuvegina, í eina stofnun. En að sjálfsögðu þyrfti þá að koma upp góðu og fullkomnu hús-

næði fyrir hana. Þrátt fyrir þetta hefi jeg þó ekki sjeð mjer fært að koma með brtt. við frv. um þessa hluti, þar sem líka stjórnin hefir gefið yfirlýsingu um það, að heimildarlög þau, sem hjer eru til umræðu, verði ekki notuð til annars en að koma á fót rannsókn á búfjársjúkdómum, sem hefði húsaskjól hjá Búnaðarfjelagi Íslands. Og jeg lít svo á, að slíkt gæti orðið að gagni sem byrjun, ef sjerfræðingur á þeim sviðum verður fenginn til þess að standa fyrir rannsóknunum. Jeg er líka þeirrar skoðunar, að rjett sje að beina slíkri starfsemi inn í landið, og vil því meðal annars af þeim ástæðum ekki vera á móti frv., eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. atvmrh. En jeg vil leiða athygli að því, að eins og nú standa sakir hafa allar gerlarannsóknir fallið niður, og jeg tel ekki rjett að láta svo vera til langframa, því að mjer skilst, að gerlarannsóknirnar sjeu óhjákvæmilegur liður í þeirri starfsemi, sem frv. stefnir að, þar sem tilbúningur sumra þeirra lyfja, sem nota þarf við rannsóknir búfjársjúkdómanna, er einmitt verk, sem heyrir undir gerlafræðina.

Jeg hefi helst hugsað mjer að sitja hjá við atkvgr. um frv., þó að jeg hefði ljeð því atkvæði mitt að komast gegnum deildina, ef þess hefði þurft.

Vil jeg svo láta það vera mína síðustu ósk í þessu máli, að stjórnin taki til yfirvegunar, á hvern hátt hægt verði að koma sem bestu skipulagi á allar þær þrjár stofnanir, sem jeg nú hefi minst á.

**Jón Baldvinsson:** Umræðurnar um frv. þetta við 2. umr. þess snerust aðallega á þá lund, bæði hjá hæstv. forsrh. og íhaldsmönnum deildarinnar, að þrengja verkefni þess. En af því að jeg vakti máls á því í nefndinni, hvort ekki væri hægt að setja í samband við rannsókn þá, sem frv. ræðir um, rannsókn og eftirlit á innfluttum matvælum, vil jeg einnig láta þá ósk koma fram í þinginu. Það, sem fyrir mjer vakir, er það, hvort ekki sje hugsanlegt að koma á eftirliti með matvælum, sem flutt eru inn í landið, svo sem kartöflum, mjölvöru o. fl. Tel jeg slíkt eftirlit nauðsynlegt til þess að ganga úr skugga um, að hinar innfluttu vörur sjeu boðlegur mannamatur. Slíkt eftirlit er í öllum siðuðum löndum, og verða vörurnar að fullnægja þar vissum kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Jeg hefi nú alls ekki borið neina till. fram í sambandi við frv. um þetta eftirlit. En meining mín er sú, að þetta eftirlit sje tekið upp eins fljótt og hægt er. Það má vel vera, að það megi koma því fyrir á annan hátt en í sambandi við rannsóknir þær, sem frv. gerir ráð fyrir. Vil jeg því beina þeirri ósk minni til hæstv. stjórnar, að hún taki til yfirvegunar, hvernig slíku eftirliti verði best fyrir komið. Eins og kunnugt er, er töluvert eftirlit haft hjer í Reykjavík með sölu innlendra matvæla og sjerstakur maður hefir þetta eftirlit á hendi. Meðal þeirra vara, sem þannig er haft eftirlit með, er mjólk, kjöt, brauð o. fl. Er því ekki nema eðlilegt, að eftirlit sje haft með því, að sú matvara sem hingað flytst frá útlöndum, sje einnig óskemd og boðleg vara.

Það má vel vera, að jeg hreyfi þessu

máli aftur, ef stjórnin tekur það ekki til athugunar.

**Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson):** Hv. 4. landsk. (JBald) gat þess, að 2. umr. þessa máls hefði mest snúist um það, að þrengja svið frumvarpsins. Þetta er alls ekki rjett hjá hv. þm. Það var miklu frekar talað um að víkka svið þess en þrengja. Að minsta kosti snerust tillögur mínar eingöngu í þá átt, þar sem jeg fyrst og fremst lagði til, að tekin væri upp rannsókn á innfluttum matvælum, og ennfremur, að fenginn væri sjerstakur kunnáttumaður til þess að hafa með höndum rannsókn á húsdýrasjúkdómum, t. d. dýralæknir með pathologiskri þekkingu. Mjer fanst, að slíkt starf væri betur komið hjá góðum sjerfræðingi en ef til vill hjá einhverjum ófagfróðum, þó vel væri að sjer í öðrum greinum.

Hv. 4. landsk. sneri því alveg öfugu, sem gerðist hjer í deildinni við 2. umr. þessa máls, enda mátti við því búast af honum, úr því að hann á annað borð fór að tala um það, því að hann mun hvergi hafa verið hjer nærri þegar umræðan fór fram, og er þess því ekki að vænta, að hann viti, hvað hjer gerðist.

**Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson):** Jeg finn enga ástæðu til þess að lengja umr. um þetta mál, þar sem engin brtt. hefir komið fram við frv. og það var samþ. með miklum meiri hluta við 2. umr.

Hv. 3. landsk. vakti athygli á því, að þær stofnanir, sem til væru fyrir hjá okkur í þessum efnum, ættu við *mjog þröngan kost að búa*, sem sennilega er alveg rjett og jeg skil því sem bendingu til íhugunar fyrir stjórnina.

Það, sem mjer virðast skoðanir manna vera skiftar um, er það, hvort frekar eigi að þrengja eða víkka verksvið stofnunar þeirrar, sem frv. ræðir um. Hæstv. forsrh. og hv. þm. Snæf. virtust báðir hallast að því við 2. umr. að þrengja frekar verksvið hennar. Aftur hafa tveir menn úr landbn. staðið upp núna og talað um að víkka starfssvið hennar. Jeg fyrir mitt leyti held, að það sje gott eins og ákveðið er í frv., að stærðin og verksviðið fari eftir því, hvað talið verður heppilegast þegar til framkvæmdanna kemur. Óska jeg svo, að frv. fái að ganga áfram.

**Jón Baldvinsson:** Aðeins örfá orð til hv. 5. landsk. Jeg vissi ofurvel, hvað hann talaði við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni. Það var það sama og hann sagði í nefndinni. En skoðanir hv. 5. landsk. urðu í minni hluta við atkvgr. En nú hefir hæstv. forsrh. lagt aðaláherslu á einn lið þeirra rannsókna, sem frv. gerir ráð fyrir. Og þar sem orð hans eru það eina, sem hægt er að halda sig að viðvíkjandi framkvæmd þessa máls, þykist jeg hafa fulla ástæðu til að ætla, að verksvið stofnunarinnar eigi fremur að þrengjast en víkka. Því vildi jeg eigi láta undir höfuð leggjast að láta það koma fram aftur, sem fólst í nál. meiri hl. nefndarinnar.

**Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson):** Jeg skal ekki tefja tímann lengi, en aðeins vísa því, sem hv. 4. landsk. sagði, aftur heim til föðurhúsanna. Tilgangur minn var ein-

göngu sá, að afla frv. betra undirbúnings en það hefir nú frá hendi hæstv. stjórnar. Með því þykist jeg hafa reynt að stuðla að því, að stofnunin yrði sem fullkomnust, en alls ekki að bregða fæti fyrir hana eins og hv. 4. landsk. gaf í skyn. Jeg greiddi atkv. móti frv. við 2. umr. og mun gera svo enn, en það er aðeins vegna skorts á undirbúningi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 5).

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 19:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JÓl, JS, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JAJ, ÞorlJ.

**nei:** EJ, HK.

7 þm. (LH, SE, BSv, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS) fjarstaddir.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 381).

**Frsm. (Lárus Helgason):** Eins og nál. ber með sjer, leggur nefndin til, að frv. þetta nái fram að ganga. Við erum á eftir öðrum þjóðum í þessu efni og því er kominn tími til, að úr því verði bætt, og þetta frv. er komið fram til þess. Nefndin gerði nokkrar brtt., og skal jeg gera grein fyrir þeim í fám orðum. Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin borið fram brtt. við 2. gr. 5. tölul., sem gengur í þá átt, að starfsemi stofnunarinnar skuli hagað eftir fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins, en skuli inna af hendi rannsóknir fyrir stjórn Búnaðarfjel. Íslands og stjórn Fiskifjel. Íslands, sbr. 5. lið. Þar segir svo, „aðrar rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið óskar", og síðar, að haga skuli allri starfsemi stofnunarinnar eftir ráði Búnaðarfjel. Íslands og Fiskifjel. Íslands. Nefndin kunni ekki við þetta orðalag, en vildi taka það skýrt fram, að atvmrh. hefði yfir þessu að segja. Brtt. tekur þetta líka skýrt fram, að atvmrh. hefir yfirráðin og að haga skuli starfsemi stofnunarinnar eftir fyrirmælum hans.

Þá kemur brtt. við 3. gr. 1. mgr., að í stað „forstöðumaður stofunnar og atvmrh. telja" komi: atvmrh. telur. Hjer eru atvmrh. ætluð yfirráðin, og nefndin telur óviðeigandi með öllu, að forstöðumanni þessarar stofnunar sje gefið svo mikið vald eins og frv. gerir ráð fyrir, en vill, að yfirráðin sjeu í höndum atvmrh. Þá kemur næst brtt. við 4. gr. Hjer eru atvmrh. ætluð yfirráðin, en ekki forstjóranum. Að sjálfsögðu getur ráðh. haft hann sem ráðunaut og tekið tillit til vilja hans.

Þá kemur brtt. við 5. gr. Hjer er atvmrh. ætlað að ráða forstöðumann,

en ekki stjórninni í heild sinni. N. finst sjálfsagt, að atvmrh. ráði hjer einn, en ekki stjórnin í heild, því að þetta heyrir undir hans verksvið. Þá voru ennfremur sett þau ákvæði um launin, að þau skuli ekki vera hærri en laun prófessora háskólans. Í frv. eru engin takmörk sett um laun þessa manns, en n. álítur rjett að gera það.

Þá kemur brtt. við 7. gr. Hjer er atvmrh., en ekki forstöðumanninum, ætlað að setja gjaldskrá fyrir það starf, er stofan innir af hendi fyrir einstaka menn, en þar skal atvmrh. styðjast við till. forstöðumanns stofnunarinnar.

Yfirleitt eru allar þessar brtt. n. á þá leið, að takmarka vald forstöðumanns þessarar stofnunar, en færa það í hendur atvmrh. Jeg hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja, en vona, að brtt. n. verði vel tekið og að frv. verði samþ.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil þakka nefndinni fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls, og við brtt. hennar hefi jeg ekkert að athuga. Vil jeg leggja til, að frv. verði samþ. með breyt. þeim, er n. hefir gert á því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 381,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 381,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 381,3 (ný 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 381,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 381,5 (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 415).

**Hákon Kristófersson:** Hvað þetta mál snertir eru víst allar umr. óþarfar og gagnslitlar úr þessu, en jeg get þó ekki látið hjá líða að lýsa yfir vanþóknun minni og trúleysi á því, að þetta komi að nokkrum notum fyrir landbúnaðinn. Jeg er hræddur um, að undirstaða málsins sje sú, að hæstv. stj. vilji með þessu stofna embætti fyrir einhverja ákveðna menn, og það sje aðalatriðið fyrir henni, en ekki umhyggjan fyrir landbúnaðinum. Jeg vildi í þessu sambandi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort það sje meiningin, að rannsóknarstofurnar eigi að vera tvær. Mjer finst, að það megi alveg eins og ekki síður efla þá, sem fyrir er, eins og að vera að setja upp aðra alveg hliðstæða. Hverjum dettur í hug, að ráð finnist við bráðapestinni, þó að þessi rannsóknastofa sje sett á stofn? Jeg geri alls ekki ráð fyrir, að hún komi að neinu verulegu gagni hvað það snertir.

Í 3. gr. frv. er svo ákveðið, að dýralæknum og starfsmönnum Búnaðarfjel. og Fiskifjel. skuli skylt að láta stofunni aðstoð sína í tje, hverjum á sínu sviði, gegn þeirri þóknun, sem ákveðin er í lögum eða reglugerð, sem atvmrh.

getur sett um þetta efni. Jeg vil nú vænta þess, að hæstv. atvmrh., sem á að semja þessa reglugerð, sjái svo um, að þar sje ákveðið, að þessir menn fái ekki neina sjerstaka þóknun fyrir þau störf, sem þeim er skylt að vinna sem embættis- og starfsmönnum ríkisins. Eftir orðalagi 3. gr. má gera ráð fyrir þessu, en það væri órjettlátt og óþarfa kostnaður. Það er auðvitað gott og nauðsynlegt að geta látið gera rannsóknir í einstökum tilfellum, en það má gera á annan og ódýrari hátt en þann, að setja upp nýja rannsóknastofu.

Mjer þykir það leiðinlegt og óviðkunnanlegt, þegar um svona mál er að ræða, sem á að vera mjög merkilegt og þýðingarmikið, að þá skuli ekki fylgja nein kostnaðaráætlun. Í 6. gr. frv. segir svo, að allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skuli greiddur úr ríkissjóði, en engin upphæð er áætluð. Jeg hefði talið sjálfsagt að láta fylgja einhverja áætlun um það, sem ríkinu bæri að greiða, en hjer liggur ekkert fyrir um þá hlið málsins. Kostnaðurinn er ekki nefndur á nafn, en aðeins talað um þetta mikla gagn, sem rannsóknarstofan á að hafa í för með þjer. Jeg er samt hræddur um, að gagnið muni verða minna heldur en nú er látið í veðri vaka, og vil að síðustu láta í ljós það álit mitt, að þetta verði „humbug" og ekkert annað.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Jeg vil láta í ljós hrygð mína yfir því, að hv. þm. Barð. skuli láta það vera sitt fyrsta verk á sumrinu að mótmæla svona kröftuglega því máli, sem jeg hefi fulla trú á, að komi að mestu notum fyrir þann atvinnuveg, sem hann stundar. Jeg er nú samt að vona, að það sje bara norðangarðurinn, sem hefir hlaupið í þennan ágæta vin minn, og hann muni síðar átta sig á þessu.

Hv. þm. lýsti vantrausti sínu á þessu frv., en það stafar sennilega af ókunnugleika. Ef hv. þm. hefði verið í hv. Ed., þá væri honum kunnugt um það, að þetta frv. er fram komið til þess að vinna bug á þeim hættulegu búfjársjúkdómum, sem nú færast svo mjög í aukana hjer á landi. Jeg hefi fulla trú á, að þetta megi takast með hjálp þessa frv., og vil benda hv. þm. Barð. á það, að jeg er ekki einn um þetta álit, því að allir fulltrúarnir á Búnaðarþinginu núna og í fyrra samþyktu að skora á Alþingi að koma með þessa löggjöf.

Það er ekki nokkur vafi á því, að sá skaði, sem þessir búfjársjúkdómar valda bændastjettinni árlega, nemur tugum og jafnvel hundruðum þúsunda.

Það er vitanlega ekki hægt að segja með vissu, hvort fljótlega verði hægt að finna læknisdóma gegn þessum sjúkdómum, en jeg tel það alveg óforsvaranlegt af þeim manni, sem er landbúnaðarráðherra, að hafast ekkert að, þegar önnur eins hætta er fyrir dyrum sem þessi. Annars fóru fram allítarlegar umr. um mál þetta í hv. Ed., og vil jeg ekki fara að endurtaka hjer það, sem þar var sagt, því að jeg vona, að það hafi frekar verið norðanáttin, sem valdið hafi þessu uppþoti hv. þm. Barð., en það, að hann í raun og veru sje svo mjög mót-

fallinn þessu máli, eins og helst var á orðum hans að heyra.

Hv. þm. spurði t. d., hverjum dytti í hug, að hægt væri að finna með þessu ráð við bráðapest. Þessu er því að svara, að mjer dettur þetta einmitt í hug, og öllum fulltrúum bændanna, sem mættir voru á búnaðarþinginu í vetur, datt það líka í hug, því að eins og nú standa sakir, höfum við ekki aðstöðu til þess sjálfir að gera fullnægjandi rannsóknir í þessum efnum, en verði úr því bætt, eins og farið er fram á í frv. þessu, þá er jeg þess fullviss, að eins og vísindin hafa á öðrum sviðum gert stórmikið gagn til þess að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum fyrir atvinnuvegina, þá muni þau einnig, eins og þeim fleygir fram nú, vinna okkur gagn til þess að vinna bug á hinum mikla vágesti, sem bráðapestin er fyrir landbúnað okkar.

Þá vildi þessi hv. þm. halda því fram, að frv. þetta væri komið mestmegnis af löngun hjá mjer til þess að stofna nýtt embætti fyrir einhvern ákveðinn mann. Já, hver skyldi sá maður vera? Jeg þekki aðeins einn Íslending, sem komið gæti til mála í þessu efni, mann, sem á heima erlendis og hefir þar góða stöðu. Við mann þennan hefi jeg aðeins átt tal tvisvar sinnum á æfinni, svo tæplega er hægt að gera ráð fyrir, að jeg vegna persónulegra kynna af honum sæki það fast að stofna handa honum nýtt embætti. Annars er það öldungis óvíst, hvort hægt verður að fá mann þennan hingað, þar sem hann er bundinn í fastri stöðu. Eru því fullar líkur til þess, að í þetta sinn verði að fara eins að og þegar Forberg og Myklestad voru fengnir hingað, að fá hingað útlendan mann með sjerþekkingu á þeim hlutum, sem hjer á að vinna að. Jeg vil nú spyrja hv. þm. Barð., hvort hann í raun og veru haldi mig þannig innrættan, að jeg vilji endilega fara að stofna embætti fyrir einhvern útlendan mann, sem jeg hvorki hefi sjeð eða heyrt. — Þá hjelt hv. þm., að með þessu ætti eitthvað að fara að hlaða undir dýralæknana. En lesi hann 3. gr. frv., þá hlýtur hann að komast að raun um, að svo er ekki. Þar er aðeins sagt, að um þóknun til þeirra fari eftir lögum. Þeir eiga því eins og aðrir starfsmenn ríkisins að fá greiddan kostnað þann, sem þeir kunna að leggja út á ferðum sínum. Hjer er því ekki farið fram á neitt annað en að brjóta ekki lög á þessum mönnum, frekar en öðrum.

Þá sagði hv. þm., að alt væri í lausu lofti um kostnaðinn við stofnun þessa. Að þetta er ekki rjett hjá hv. þm., um það nægir að vísa til 6. gr. frv. Þar er alveg sjerstaklega frá þessari hlið málsins gengið, til þess að þm. geti altaf haft eftirlit með kostnaðinum. Í gr. þessari segir svo: „.. og skal í fjárlögum ákveða laun starfsmanna og nægilegt fje til annars rekstrarkostnaðar". Hjer er því skýrt tekið fram, að þingið ákveði kostnaðinn árlega.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að mjer þótti mjög leitt að heyra ummæli míns mæta vinar, hv. þm. Barð. En af því að við ætlumst nú altaf til svo góðs hvor af öðrum, þá vona jeg, að hann verði mjer sammála að síðustu hvað þetta góða mál snertir.

**Magnús Jónsson:** Jeg skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Jeg

bjóst alls ekki við, að það kæmi svona snemma fyrir, og hefi jeg því ekki búið mig undir það sem skyldi. En jeg fæ ekki sjeð, að það þurfi neinn sjerstakan norðangarð til þess að menn sjái ýms missmíði á frv. þessu, þar sem það vægast sagt virðist vera sú hrákasmíði, sem alls ekki getur komið til mála að samþykkja nú. Hvað tilgang frv. snertir, þá er hann góður. Verður því ekki annað sagt en að hjer sje góð hugsun klædd í aumustu tötra. Í frv. þessu er talað um að setja upp rannsóknarstofu, og er engu líkara en að þeir, sem samið hafa frv., haldi, að hjer sje engin rannsóknarstofa til, enda þótt tvær rannsóknastofur hafi starfað hjer um nokkurt skeið, og það að mörgu leyti á sömu sviðum og rannsóknarstofu þeirri, sem hjer ræðir um, er ætlað að vinna. Á jeg hjer við rannsóknarstofu háskólans og efnarannsóknarstofu ríkisins. Það hefði því legið ólíkt beinna við að sameina báðar þessar rannsóknarstofur og auka svo við þær því, sem þurfti til þess að úr því yrði fullkomnari stofnun. Sú leið hefði áreiðanlega verið skynsamlegri heldur en að fara að setja á stofn nýja rannsóknarstofu, án þess að taka hið minsta tillit til þeirra, sem fyrir voru. Að fara þannig að, finst mjer alveg hið sama og ef ekkert tillit hefði verið tekið til þess 1911, þegar háskólinn var stofnaður, að til voru þá fyrir prestaskóli, læknaskóli og lagaskóli. En eins og þeim skólum var slegið í eitt þá, og við þá aukið til þess að mynda háskólann, eins finst mjer sjálfsagt að slá báðum þessum rannsóknarstofum saman í eitt og nota sem uppistöðu.

Aðalverkefni rannsóknarstofu þeirrar, sem hjer er talað um að setja á stofn, á að vera efnarannsóknir, samskonar rannsóknir og efnarannsóknarstofan hefir nú með höndum. Ennfremur á hún að fást við gerla- og sýklarannsóknir, en það er einmitt verkefni rannsóknarstofu háskólans. Hvað vitamínrannsóknirnar snertir, þá býst jeg við, að sjerstakan sjerfræðing þurfi til þess að framkvæma þær. Enda hefir það verið sagt, að það væri beinlínis tilætlunin með frv. þessu að búa til embætti handa ákveðnum manni, Skúla V. Guðjónssyni lækni. Hefir bólað á því fyr á þingi, að sumir hafa viljað búa til handa honum starf hjer á landi. Að vísu hefir hæstv. forsrh. borið þennan orðróm til baka, og má því vel vera, að hann sje ekki á rökum reistur, en mörgum hefir eigi að síður dottið í hug, að kjarni þessa máls væri vitamínrannsóknirnar, til þess að fá þennan ágæta mann til þess að koma heim.

Það dettur vitanlega engum í hug að neita því, að það væri mikils virði, ef hægt væri að koma í veg fyrir þá voða landplágu, sem bráðapestin og ýmsir aðrir alidýrasjúkdómar eru hjá okkur. Það er öldungis rjett hjá hæstv. ráðh., að slíkt væri ekki hægt að meta til peninga. En það, sem jeg efast um, er það, að fyrir þessa sjúkdóma verði nokkuð frekar girt, þó að frv. þetta verði samþ. Jeg veit ekki betur en rannsóknarstofa háskólans hafi einmitt verið að fást við tilraunir með bóluefni.

Þá er það, hversu mjög alt er óákveðið um stærð þessa fyrirtækis og kostnað við það. Það er ekkert um það sagt, hve margir menn eigi að vinna við þessa stofnun, og ekkert hvað

neitt muni kosta. Það gæti bókstaflega hver hreppakerling búið til slíkt frv. Það, sem þó sjerstaklega verður að teljast alveg óafsakanlegt, er það, að engar kostnaðaráætlanir skuli hafa verið gerðar. Í 6. gr. segir aðeins, að allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skuli greiddur úr ríkissjóði, og skuli í fjárlögum ákveða nægilegt fje til rekstrarkostnaðar. Það er nú alls ekki svo, að við hv. þm. Barð. óttumst, að hjer eigi að fara að spila eitthvert laumuspil á bak við þingið, heldur hitt, að við óttumst, að hjer fari eins og um berklavarnakostnaðinn, sem upphaflega átti ekki að verða nema nokkrir tugir þúsunda, en er nú, eins og kunnugt er, orðinn sá óhemjuútgjaldaliður, sem alt ætlar að sliga. Við erum því alls ekki að væna hæstv. ráðh. um það, að hann ætli hjer að fara í felur, heldur viljum við fá að vita fyrirfram, hvað þetta muni kosta.

Hæstv. ráðh. vitnaði í búnaðarþingið, en það var alger óþarfi, því að það gerði ekki annað en láta í ljós, að þörf væri á slíkri stofnun sem þessari, en hana játa allir. Ágreiningurinn er því ekki um nauðsyn málsins, heldur um hitt, hvernig það skuli leyst.

Af því, sem jeg nú hefi tekið fram, hefði jeg helst viljað, að máli þessu væri nú vísað til stjórnarinnar til frekari undirbúnings, því að jeg er þess fullviss, að enda þótt það sje venjulega best, að gott mál sje leyst sem fyrst, þá mun þó í þessu tilfelli vera betra, að lausn þessa máls dragist um eitt ár.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Mjer þykir leitt, að hv. 1. þm. Reykv. skuli ekki hafa fylgst með umr. um mál þetta í hv. Ed., því að það, sem hann bar fram nú, kom fram í þeim og var þá ítarlega skýrt.

Það, sem hv. þm. sagði um álit búnaðarþingsins á þessu máli, var ekki rjett. Hv. þm. sagði, að það hefði ekki gert annað en viðurkenna þörfina fyrir slíka rannsóknarstofu, sem hjer er farið fram á að koma upp. Nei, það beinlínis skoraði á þingið að samþykkja einmitt þetta frv.

Það er aldrei nema rjett hjá hv. þm., að sumt af þeim verkefnum, sem stofnun þessari er ætlað að vinna samkv. 2. gr. frv. þessa, heyrir að einhverju leyti undir þær rannsóknarstofur, sem nú eru. En eins og jeg tók fram í hv. Ed., var það eingöngu vegna búfjársjúkdómanna, sem farið var á stað með þetta mál, því að þær efnarannsóknarstofur, sem við höfum nú, hafa ekki þeim kröftum á að skipa, sem útheimtast til rannsókna á þeim. Að farið er fram á svona víðtæka heimild í frv., stafar af því, að þegar jeg fór að ræða þetta mál við meðstjórnendur mína í Búnaðarfjelagi Íslands og fleiri, þá lögðu þeir allmikla áherslu á, að stofnun þessi væri ekki eingöngu bundin við búfjársjúkdómana, og fyrir því er fleira dregið hjer inn undir en beinlínis er ætlast til, að komi til framkvæmda nú. Jeg get því lýst hinu sama yfir hjer og jeg lýsti yfir í Ed., að jeg mun ekki nota heimild þessa, enda þótt hún sje svona rúm, til annars en til þess að gera ráðstafanir vegna búfjársjúkdómanna. Má því vel vera, að ekki verði sett á stofn sjerstök stofnun fyrir þessar sakir, heldur

verði þessi rannsóknarstarfsemi sett í samband við þær stofnanir, sem fyrir eru, því að hjer er aðeins um heimildarlög að ræða. Í þessu sambandi vil jeg benda á, hvernig jeg hefi áður notað slíkar heimildir sem þessar, t. d. heimildina um einkasölu á tilbúnum áburði. Samkvæmt henni hafði jeg heimild til þess að stofna nýja landsverslun með tilbúinn áburð, en jeg gerði það alls ekki, heldur fól jeg Sambandi íslenskra samvinnufjelaga að annast þá verslun, og það fyrir mjög lítinn pening. Þetta, sem hjer er um að ræða, er því ekkert annað en það, hvort þingið vilji gefa mjer heimild til þess að ráðstafa þessum málum á þann hátt, sem jeg tel hagkvæmastan til þess að ná best og ódýrast því marki, sem hjer er stefnt að. Að vísu er ekki hægt að segja um það fyrirfram, hvaða kostnað muni af þessu leiða, meðal annars af því, að ennþá er ekki hægt að vita með vissu, hvort hægt verður að fá færan mann innlendan til þess að framkvæma þessar rannsóknir.

**Hákon Kristófersson:** Það var ekki meining mín með þeim fáu orðum, sem jeg sagði áðan, að fara að kveikja hjer neinn eld. Jeg sagði ekki annað en álit mitt um þetta „humbugs"-mál og jeg hjelt sem sagt, að jeg þyrfti ekki að fara til hæstv. forsrh. til þess að fá leyfi til þess. En að sjálfsögðu bið jeg velvirðingar á því, hafi jeg á einhvern hátt hagað orðum mínum svo, að ekki hafi velsæmi í verið, þó jeg hinsvegar finni ekki sök hjá mjer í því efni, þar sem líka jeg var svo sanngjarn að óska þess, að tilgátur mínar um það, að hjer væri um tildur eitt að ræða, reyndust ekki á rökum bygðar. Annars held jeg, að það hafi verið öfugt hjá vini mínum, hæstv. forsrh., að norðanáttin hafi haft áhrif á skap mitt í dag. Mjer finst miklu frekar, að hún hafi gert uppþot í hans eigin skapi.

Hvað snertir þá samlíkingu hæstv. ráðh., að orsakir bráðapestarinnar stæðu í sambandi við miður heppilega samansett bóluefni, þá verð jeg að segja það, að mjer finst hún vægast sagt óframbærileg, og það mega þeir góðu menn vita, sem koma til með að fást við þessar rannsóknir, að það verður aldrei aðalatriðið, hvort orsakir þessarar pestar finnist, heldur hitt, að hægt verði að finna meðul til þess að lækna hana. Hvað fjöruskjögrið snertir, þá hefi jeg þá reynslu, að eina ráðið gegn því sje að fara vel með ærnar um meðgöngutímann og beita þeim ekki í fjöru án þess að þeim sje gefið sæmilega eða þær hafi kjarngóða beit jafnframt fjörubeitinni, sem helst ætti aldrei að vera meiri en helmingur af fóðrinu.

Eins og jeg tók fram áðan, þá hefi jeg enga trú á því, að frv. þetta sje nokkuð betri lausn á þessu máli heldur en ef nýjum kröftum væri aukið við þær stofnanir, sem til eru fyrir á þessum sviðum. Jeg býst nú við, hvað svo sem um búnaðarþingið má segja að öðru leyti, þá hafi það fundið til þess, hve stórkostlegu tjóni þessar skæðu sóttir í búpeningnum hafa þegar valdið bændum landsins, og því borið fram óskir um, að úr þessu yrði reynt að bæta. En eins og kunnugt er, hefir þessi samkunda engin rök fært fram með því, að úr þessari plágu verði bætt, enda þótt slík stofnun, sem

hjer er um að ræða, verði sett á stofn. Að jeg hafi verið að bregða hæstv. raðherra um, að aðaltilgangur hans með frv. þessu væri sá, að stofna nýtt embætti, er alls ekki rjett. Hitt dreg jeg ekki í land, að það muni vera ákveðinn maður, sem þessi starfi er ætlaður, og það sje ekki óverulegasta ástæðan fyrir því, að þetta frv. er fram komið, því nú virðast þeir tímar yfirstandandi, að meiri hl. og hæstv. stjórn búi til stöður einungis vegna þess, að ýmsir af vinum hennar þurfa þeirra með. Jeg skal svo endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að það hefir aldrei verið meining mín, að frv. þetta myndi ekki ná fram að ganga. En jeg vildi láta álit mitt í ljós, ef vera kynni, að seinni tíminn sýndi, að reynslan yrði í samræmi við skoðun mína.

Eins og jeg áður sagði, þá er jeg hræddur um, að reynslan sýni annað en það, að mitt álit á þessu sje rangt. Viðvíkjandi hæstv. atvmrh. vil jeg segja það, að óskandi væri, að ánægja sú, sem nú kemur fram hjá honum yfir þessu fóstri sínu, kulni aldrei í norðanáttinni, sem hann var að tala um áðan.

**Bjarni Ásgeirsson:** Báðir þeir hv. þm., sem um þetta frv. hafa talað og andmælt því, hafa gefið það í skyn, að einhverjar lægri hvatir leyndust bak við þann fagra hjúp, er það væri reifað í. Það má með sama rjetti halda því fram, að það sjeu lægri hvatir, sem standa á bak við andstöðu þessara háttv. þm. gegn þessu frv., en þeir láta í veðri vaka, t. d. þær, að þeir ekki geti unnað núverandi stjórn að koma fram svona þörfu máli. Jeg býst nú við því, að þeir hv. þm., sem eru að leita að göllum og annmörkum á þessu frv. í því skyni að eyðileggja það, muni helst þykjast finna mat á borði sínu með því að halda því fram, að hjer sje verið að stofna nýtt embætti handa Skúla Guðjónssyni lækni, sbr. ummæli hv. 1. þm. Reykv. En að huga er hvarflað til þess manns í þessu sambandi, stafar vafalaust af því einu, að hann er sá eini Islendingur, sem fengist hefir við mál svipuð þeim, sem hjer liggja fyrir, og hefir þar af leiðandi nokkra reynslu og þekkingu á þessu sviði, og væri því æskilegt að geta notið starfskrafta hans í þessum nauðsynja framkvæmdum. En mjer þykir órjettmætt, að talað sje um þetta eins og það væri gert vegna Skúla Guðjónssonar. Það er langt frá því, að svo sje. Skúli er enginn ölmusumaður Íslendinga. Honum eru, vegna sinna ágætu hæfileika, allir vegir færir hvar sem er í veröldinni. Í Danmörku var hann valinn einn úr hópi margra umsækjenda í þá stöðu, er hann hefir nú. Reynsla sú, sem fengin er um starf hans þar, er svo ágæt, að jeg tel það síður en svo, að það væri neinn ölmusustyrkur til hans, ef hann fengi starfa hjer, heldur væri okkur þvert á móti mikill fengur að fá hann.

En jeg verð að segja það, að mjer finst kenna allmikils misskilnings um þetta mál, bæði í hv. Ed. og eins hjer. — Upphaf þessa máls hjer á þingi var það, að jeg og hv. þm. V.-Ísf. bárum fram þáltill., þar sem skorað var á stjórnina að taka til athugunar, hvort ekki væri heppilegt að stofna embætti í þessari grein við háskólann. Hv. 1. þm. Reykv. var þá mjög hlynntur þessari till. og talaði þá með henni af skilningi og velvild. Og þótt þetta

frv. sje nokkuð öðruvísi en hugsað var í þeirri þáltill., þá er þó rjett og sjálfsagt að taka þessu alvarlega sem byrjunartilraun. Í þessu máli erum við börn, sem erum að byrja okkar göngu og vantar enn alla reynslu á þessu sviði. Og geta okkar leyfir heldur ekki, að stórt sje byrjað, og síst nokkuð í líkingu við það stig, sem aðrar þjóðir eru komnar á í þessu efni. Við verðum því að byrja smátt og láta reynsluna skera úr því, hvernig haga beri þessu í framtíðinni. Og í höndum þessarar hæstv. stjórnar, sem sýnt hefir skilning sinn og velvilja á málinu, vona jeg, að því verði haldið fram til gagns og sóma fyrir þjóðina. — Hitt skal jeg játa, að jeg þyrði ekki að eiga þetta mál í höndum hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Reykv. Eftir ummælum þeirra nú að dæma, er jeg hræddur um, að þeir mundu ónýta þessa framfaraviðleitni.

Það er trú mín, að þessi stofnun verði í framtíðinni ein deild við háskóla Íslands, sem þær deildir, sem nú eru til, gangi inn í, efnarannsóknarstofa ríkisins og efnarannsóknarstofa háskólans, og myndi síðast öfluga heild. „Forsögs Laboratoriet" danska var í fyrstu bygt upp af einum manni, sem tók að sjer að safna saman þeim dreifðu athugunum, sem fyrir hendi voru, en er nú vaxið upp í fræga stofnun. — En þótt þessar stofnanir hjer væru settar í eitt, þá vantar þó tilfinnanlega einn lið, og sá liður er lífeðlisfræðileg rannsóknardeild. Jeg skal taka dæmi þessu til sönnunar. Í ýmsum hjeruðum landsins hafa komið fram fóðurkvillar í sauðfje, þótt nóg hey hefði. Þetta er einskonar uppdráttarsýki, sem kemur í sauðfje jafnvel þótt það sje í góðum holdum. Og fjeð hrynur niður. Þetta stafar af því, að í fóðrið vantar einhver þau efni, sem nauðsynleg eru heilbrigði og lífi skepnanna. — Við getum látið rannsaka fóðrið efnafræðilega, en vitum þó ekki með vissu, hvað vantar. Það, sem í þessum tilfellum þarf að gera, er að framkvæma *bæði* efnafræðilegar og lífeðlisfræðilegar tilraunir, sem sýni, hvað vantar og á hvern hátt sje unt úr því að bæta. Það þarf að þreyfa sig áfram með margskonar fóðrunartilraunum á lifandi verum um það, með hverju þarf að bæta upp fóður, sem er svona og svona samansett, til þess að fullu gagni komi þeim dýrum, sem á því eiga að lifa. Fyrir þessari stofnun þarf að standa maður, sem fær sje um að draga saman þessar rannsóknir í einn farveg og draga þær ályktanir út úr þeim, sem atvinnugreinunum geta að haldi komið. Það þarf til þess vísindalega mentaðan mann, sem skilning hefir á þessum hlutum og þekkir nokkuð þá reynslu, sem um þetta er fengin annarsstaðar. Þetta, sem nú á að gera, er nú máske ekki meira en vísir, eins og hv. 1. þm. Reykv. orðaði það. En jeg hefi þá trú, að það verði vísir til þeirrar stofnunar, sem koma muni atvinnuvegum landsmanna að ómetanlegu gagni.

Hv. þm. Barð. sagði, að þetta mál væri „humbugs"-mál. Hann nefndi til fjöruskjögur og sagði, að við því væri hið einfalda ráð að fara vel með ærnar. Jeg veit nú það vel, að sje ánum gefin nóg taða, og helst haldið frá

fjörubeitinni nokkurn hluta af meðgöngutímanum, eins og sumir bændur hafa gert, sem á fjörujörðum búa, þá má komast hjá því, að lömbin fái fjöruskjögur. En það, sem þarf, er að finna það, hvernig nota megi fjörugróðurinn á sem fylstan hátt, án þess að setja lömbin í hættu. Það, sem hjer þarf, er að finna, hver efni vantar til viðbótar fjörugróðrinum, þótt hann sje notaður eftir því sem föng eru á, til þess að afstýra hinu alkunna stórskaðlega fjöruskjögri. Það er verkefni svona stofnunar. — Þetta er eitt dæmi af mörgum og sem sýna, hvert verkefni hjer er fyrir höndum, og það ekki óverulegt.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Hjer er um gott mál að ræða. Og þótt smátt sje af stað farið, en það er af eðlilegum ástæðum, getuleysi okkar, þá vona jeg þó, að þetta megi að miklu gagni koma, er stundir líða. — Mjer þótti leitt, að andstaða gegn þessu máli skyldi koma fram frá þessum tveim hv. þm. En jeg vona, að þeir verði einir um hana.

**Magnús Jónsson:** Það er gott, að þessar umr. voru vaktar hjer nú, því það hefir orðið til þess, að hæstv. forsrh. hefir gefið mikilsverðar upplýsingar um málið. (**Forsrh.:** Þær komu fram í hv. Ed.). — Það er nú einmitt það, að ekki er hægt að vísa til þess hjer, sem fram fer í hv. Ed. Þm. hjer hafa svo mikið að gera, að þeir hafa engan tíma til þess að lesa hundruð blaðsíðna í óaðgengilegum handritum þaðan. Og það er alveg tilviljun, að þm. hjeðan hafi tækifæri til að hlusta á umr. í hv. Ed. Þm. Nd. fá því yfirleitt engar upplýsingar um það, sem gerist í Ed. Það er hreinasti ósiður, að hæstv. stjórn haldi þeirri venju að tala aðeins fyrir frv. sínum í þeirri þingdeild, sem þau eru lögð fram í. Það þarf alveg eins að skýra málin fyrir þeirri þingdeild, er síðar tekur við þeim. — Það, sem sú þingdeild hefir, sem síðar tekur við málunum, er frv. eins og það er lagt fyrir, og svo nál. um það í hinni d. og afgreiðsla hennar á því, og meira svo ekki.

En nú hafa þá þessar upplýsingar loksins komið fram. Og jeg get sagt, að jeg er miklu rólegri með frv. eftir að hafa heyrt þær.

Þessi stofnun, sem hjer um ræðir, á nú fyrst og fremst að vera til þess að rannsaka búfjársjúkdóma. Það er nú í sjálfu sjer þarft og gott. En það er margt fleira, sem á að athuga. Og jeg get ekki sjeð, hvað á móti því getur mælt, að háskólinn taki þessa stofnun að sjer. Máske þyrfti að fá fagmann í vitamínrannsóknum, en jeg sje ekki, að það komi í bága við það, að Skúli Guðjónsson verði tekinn, ef þess endilega þykir þurfa. (**LH:** Það er nú óvíst, hvort af því verður). Hvers vegna ætti að ganga framhjá honum, ef maður verður tekinn til þessa hvort sem er? Hann hefir þó gott orð á sjer sem vísindamaður. — En jeg hjelt nú samt satt að segja, að það væri alveg óhætt, að hann starfaði enn um stund í Danmörku. Jeg held jafnvel, að hann geti gert meira gagn þar en hjer, og það jafnvel, sem okkur má að gagni koma. Hv. þm. Mýr. lýsti yfir því, að Skúli Guðjónsson væri enginn ölmusumaður; jeg get vel gengið inn á, að það sje rjett, og tel því best að lofa honum að starfa þar í friði, sem hann nú er. — Jeg

hjelt nú, að þetta starf, sem Skúli hefir með höndum, rannsókn á vitamínefnum, væri ‚internationalt' viðfangsefni, svo að ekki gerði svo mjög til, í hvaða landi þær eru framkvæmdar. En ef eitthvað væri sjerstakt fyrir okkur í þessu efni, þá ætti ekki að verða skotaskuld úr því að fá það rannsakað. En alidýrasjúkdóma þyrfti að rannsaka, svo sem bráðapest, lungnaormaveiki, fjöruskjögur o. fl. Ef inn í það þyrfti að koma rannsókn á vitamínum, þá ætti að vera auðvelt að fá það rannsakað annarsstaðar.

Mjer virðist, sem að undanförnu hafi verið talsvert á það ýtt að stofna embætti hjer handa Skúla Guðjónssyni. Má vel vera, að hann sje enginn „ölmusumaður". En hitt kann svo að vera, að honum sje líkt farið og Sveinbjörn Egilsson kvað: „Römm er sú taug, er rekka dregur föðurtúna til". Að hann langi heim, þótt honum sje eigi starfsvant. En hvað sem því líður, þá verðum við þó að líta fyrst og fremst á okkar fjárhag og hvað okkur hentar í þessu efni. Og þar sem nú er hafin gerla- og bóluefnisrannsókn við háskólann, þá finst mjer, að við það hefði mátt bæta þeim stofni til efnarannsóknarstofu, sem nú er styrkt af ríkinu með 15 þús. kr. Þetta átti fyrst og fremst að reyna að draga saman í eitt og sjá, hvað það kostaði; síðar mátti svo bæta við eftir þörfum og getu. Að vísu liggur nú fyrir skýlaus yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um það, að hann ætlar sjer ekki að stofna hjer neitt bákn upp á mörg hundruð þús. kr., en aðeins að láta fram fara rannsókn á búfjársjúkdómum og athuga, hvort ekki er hægt að fella saman það, sem fyrir er, — sama og við hv. þm. Barð. höfðum hugsað okkur og átti að koma fram strax í frv. En um kostnaðinn getur nú altaf orðið spurning. Þótt hann sje í byrjun hugsaður lítill og eigi að ákveðast í fjárlögum, þá getur nú samt svo farið, að hann vaxi án þess við það verði ráðið, líkt og t. d. hefir orðið með styrkinn til berklavarna.

Hv. þm. Mýr. sagði, að jeg og hv. þm. Barð. hefðum misskilið þetta frv. En jeg held, að það sje hv. þm. sjálfur, sem hefir misskilið okkur, er hann sagði, að við hefðum talað af kala um frv. og sagt, að bak við það stæðu lægri hvatir. Þetta er hreinasti misskilningur. (**BÁ**: Stofnun embættis!). Það er nú alt annað mál. Hv. þm. sagði, að ekki væri um neinar lægri hvatir að ræða, því þetta frv. væri borið fram samkv. óskum síðasta þings. Og hann sagði, að jeg hefði þá mælt hlýlega með þessu máli, sem kom fram í þinglokin. En þá var hugmyndin öll önnur. Þá var hugmyndin að setja þessa stofnun á fót við háskólann og með víðtækara starfsviði en nú er ráð fyrir gert. Að vísu er nú hjer talað um aðrar rannsóknir, og má máske koma mörgu undir það ákvæði. Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna hv. þm. taldi mig mótfallinn þessu, þótt jeg tæki til máls nú við 3. umr. af því mjer þótti þetta mál svo óhugsað og óundirbúið. Hv. þm. sagði, að hjer ætti að safna saman dreifðum kröftum. Hvers vegna er það ekki tekið fram í frv.? Enginn veit eiginlega, hvað hjer er verið að samþykkja. Það vakir bara óljóst fyrir, að eitthvað þurfi að gera, og það á að henda því

í stjórnina. Hv. þm. Mýr. sagði, að hann vildi ekki henda þessu í höndurnar á okkur hv. þm. Barð. Með því játar hann í raun og veru, að þetta sje óskapnaður, sem megi fara með hvernig sem vill. En hv. þm. treystir nú stjórninni til þess að fara svo með þetta, að vel megi við una. En eins og hann ekki treysti okkur hv. þm. Barð., þá verður hann að viðurkenna það sem eðlilegt, að við stjórnarandstæðingar treystum ekki stjórninni eins vel og hann og aðrir stuðningsmenn hennar. Hvernig fer nú, ef stjórnarskifti verða við kosningarnar 1931? Þá verður þetta mál enn í vöggu. Og þá geta máske komist í meiri hl. þeir menn, sem hv. þm. Mýr. treystir ekki nú. Hvað sem því líður, þá á það að vera föst venja Alþingis að samþykkja það eitt, sem það veit hvað er. Og þetta frv. er svo óákveðið, að það hefði mátt alveg eins vel veita stjórninni heimild í fjárl. til að starfa að þessu. Hjer er bara óákveðin heimild til að byrja einhvernveginn. Og það tel jeg illa meðferð á góðu máli.

Jeg treysti því, að hæstv. forsrh. efni orð sín um að fara varlega í þessu máli og byrja aðeins í smáum stíl. Í raun og veru eru rannsóknir þegar hafnar, og það sýnir, hve alt þetta umstang er óþarft. Jeg veit ekki betur en hjer hafi dvalið þýskur maður og athugað búfjársjúkdóma. Annars held jeg, að það hefði alveg nægt að fela Búnaðarfjelaginu þessar rannsóknir og veita því eitthvert fje til þeirra. Rannsóknarstofa háskólans gæti svo rannsakað það, sem lýtur að útbúningi bóluefnis og þesshättar. Í öllu falli held jeg, að stjórnin ætti að undirbúa þetta mál betur og leggja svo fyrir næsta þing frv., sem væri dálítið ákveðnara en það, sem nú liggur fyrir.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg þarf aðeins að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 1. þm. Reykv., en mun láta útrætt við vin minn, hv. þm. Barð.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að stjórnin láti eins og þær rannsóknarstofnanir, sem fyrir eru í landinu, sjeu ekki til. En í 3. gr. frv. er einmitt talað um báðar þessar stofnanir og gert ráð fyrir að leita samvinnu við þær. Ummæli hv. þm. eru því alveg út í hött.

Þá vildi hv. þm. telja þetta frv. eitthvað hliðstætt berklavarnalögunum og sagði, að kostnaðurinn, sem af því leiddi, myndi blása út á sama hátt og berklavarnakostnaðurinn. En jeg get rökstutt það, að hjer er alt öðru máli að gegna. Í berklavarnalögunum segir, að kostnaðinn af lækningu og sjúkrahúsdvöl þess fólks, sem þar um ræðir, *skuli* greiða af almannafje. Þar er ekkert undanfæri. En í 6. gr. þessa frv. stendur, að fjárveiting til rannsóknanna skuli ákveðin í fjárlögum. (**MJ:** Er framlagið til berklavarnanna ekki líka ákveðið í fjárlögum?). Sú upphæð, sem þar stendur, er aðeins áætlunarupphæð, enda er ekki hægt að fastákveða hana. Fyrirmælum berklavarnalaganna verður að fylgja. Það hefir líka sýnt sig, að berklavarnakostnaðurinn hefir farið 200—300 þús. kr. fram úr áætlun.

Það er leiðinlegt, að Skúli læknir Guðjónsson skuli vera dreginn svo mjög inn í þessar umræður. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að ýtt hefði verið á eftir fyr hjer á Alþingi, að

þessi maður kæmi heim. Ekki hefi jeg gert það. Og jeg sje ekki, að það komi þessu máli neitt við.

Hv. þm. sagði, að bætiefnarannsóknir myndu vera „internationalar". Það mun rjett vera. En við þurfum á alveg sjerstæðum rannsóknum að halda, og þá eigi síst vegna fjöruskjögursins. Það er ekki nóg, þó að hægt sje að koma í veg fyrir það með því að gefa ánum inni, eins og hv. þm. Barð. vildi láta gera. Það, sem á ríður, er, eins og hv. þm. Mýr. tók rjettilega fram, að finna ráð til þess að nota fjörurnar án áhættu. Að því verður að vinna með bætiefnarannsóknum, og þær eru nú byrjaðar, þó að í smáum stíl sje, fyrir atbeina Skúla Guðjónssonar.

Það lýsir mjög miklum ókunnugleika hjá hv. þm., er hann ímyndar sjer, að starf þess þýska vísindamanns, sem dvalið hefir á Hvanneyri um tíma, geti verið fullnægjandi í þessu efni. Jeg skal ekki fara nánar út í það mál, enda er þessi þýski maður nú alfarinn af Íslandi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, JAJ[1]), JÓl, JS, LH, MG, PO, SE, SÁÓ, ÞorlJ.

**nei:** HK.

MJ[2]) greiddi ekki atkv.

[1]) Með svofeldri athugasemd: Í þeirri trú, að dýralækni verði falið að annast búpeningsrannsóknirnar, greiði jeg atkv. með frv.

[2]) Með svofeldri athugasemd: Með því að jeg vil ekki taka afstöðu til þessa máls eins og það er nú fram borið, greiði jeg eigi atkv.

9 þm. (BSv, EJ, GunnS, HG, HV, JJós, JörB, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

---

Á 54. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 415).

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson):** Þetta mál er komið hingað aftur frá Nd. Nefndin hefir athugað þær breytingar, sem orðið hafa á frv., og skal jeg fara nokkrum orðum um þær.

Fyrsta breyt. er við 5. lið 2. gr. Í frv. þegar það fór hjeðan var gert ráð fyrir því, að rannsóknarstofunni væri eiginlega skylt að framkvæma þær rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið óskaði eftir, svo og Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið. En Nd. hefir breytt þessu þannig, að stofan á að framkvæma rannsóknir þær, sem atvinnumálaráðuneytið óskar, og eftir því sem við verður komið rannsóknir fyrir Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið. Nd. hefir þá gert þá breytingu, að í stað þess að í frv. var gert ráð fyrir, að starfseminni verði hagað eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelagsins, á nú að haga henni eingöngu eftir fyrirskipunum atvinnumálaráðuneytisins. N. sjer ekki ástæðu til að leggja á móti þessu.

Þá er næst breyting á 3. gr., um það, að vissum opinberum starfsmönnum sje skylt að láta stofnuninni í tje aðstoð í þeim starfsgreinum, er þeir rækja. Þetta ákvæði var eins í frv., þegar það fór hjeðan úr deild; en

hjer er með breyt. gert ráð fyrir, að atvmrh. einn úrskurði, hvenær það er nauðsynlegt. Hjer er örlítið rýrt vald forstöðumanns stofnunarinnar, en lagt í hendur ráðh.

Og sama er að segja um breytinguna á 4. gr., að með henni er það beint lagt undir atvmrh. að ákveða um tilraunir við búfje, og hefir n. ekkert við það að athuga.

Þá er ein viðbótartill. frá hv. Nd. við 5. gr., um laun forstjóra stofnunarinnar, og ákveðið, að þau skuli ekki vera hærri en laun prófessora við háskólann. Virðist það vera allvirðuleg laun, enda þarf svo að vera, og sá n. ekki ástæðu til að hafa á móti þessu.

Þessar breytingar Nd. eru svo smávægilegar, að n. þótti ekki ástæða til að andæfa þeim. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá Nd., og mjer skildist, að hv. minni hl. hefði ekkert á móti því.

**Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson):** Eins og hv. þdm. muna, þá var afstaða mín til þessa frv. sú, þegar það var hjer til meðferðar í deildinni, að jeg lagði til, að því væri vísað til stjórnarinnar, af því það skorti nauðsynlegan undirbúning, svo það kæmi að fullum notum. En sú till. mín var feld. Nú hefir frv. verið breytt í hv. Nd., og tel jeg það til bóta, þó að lítið sje. Samkvæmt þeim breytingum á atvmrh. að ákveða, í hversu mikið verður ráðist og hversu mikið fje verður lagt til þessarar stofnunar, svo að hann ber þá sjálfur persónulega ábyrgð á þeirri framkvæmd. Nú eru forstjóra stofnunarinnar ákveðin allsæmileg laun, og tel jeg það rjett, að starfið sje vel launað. Jeg get þá lýst því yfir, að jeg mun fylgja frv., þó að jeg hefði kosið, að gerðar væru meiri umbætur á því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 465).

---

## 3. Fiskiræktarfjelög.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til laga um fiskiræktarfjelög** (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed. 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Þetta mál hefir legið fyrir Alþingi áður í lítið breyttri mynd frá því, sem það er nú. — Það er undirbúið að tilhlutun Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands, af vel færum og fróðum mönnum í þessum efnum.

Frv. lýtur að því að gera veiðivötn og ár auðugri af fiski og meira arðberandi en áður. Til sönnunar því, að það málefni, sem þetta frv. fjallar um, orkar ekki tvímælis, skal jeg nefna dæmi um það, hvað miklu silungaklakið í Mývatni hefir orkað á síðustu árum og aukið veiði í vatninu. Fyrir nokkrum árum, áður en farið var að starfrækja klakið þar í sveit, var mjög lítil silungsveiði á sumum jörðum við vatnið, t. d. í Reykjahlíð. En fyrir allmörgum árum var stofnað fjelag meðal bænda umhverfis vatnið til þess að stunda silungaklak, og eftir nokkurra

ára starfsemi þess fjelags hefir brugðið svo við, frá því sem áður var, að frá Reykjahlíð hafa á sumum tímum árs verið fluttir margir hestburðir af silungi í aðrar sveitir. Silungsveiði hefir aukist stórkostlega í Mývatni eftir að farið var að starfrækja klakið, og sjerstaklega hefir hún skiftst jafnara en áður milli jarðanna umhverfis vatnið.

Þetta frv. snertir landbúnaðinn meira en sjávarútveg, þó að það fjalli um fiskirækt, og legg jeg því til, að því verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Ed., 1. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 46).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Landbn. hefir athugað frv. og leggur eindregið til að samþ. það, með aðeins einni örlítilli breyt. N. fanst rjett, að þegar stofnað er til samtaka um fiskirækt, þá eigi eigendur allra þeirra jarða, sem liggja að fiskihverfinu, að vera boðaðir til fundar, án tillits til þess, hvort á jörðinni hafi áður verið stunduð veiði eða ekki. Það gæti svo farið, að við aukna fiskirækt færu þeir að veiða, sem hefðu látið það vera áður.

Aðra breyt. sá n. ekki ástæðu til að gera við þetta frv.

Um þörfina á sjálfu frv. má taka það fram, að mjög víða er vaknaður áhugi fyrir að auka fiskimagn vatna með fiskirækt, og sumstaðar er byrjað á því starfi. Er líklega lengst komið við Mývatn, og virðist hafa borið góðan árangur. En þó nokkrir annmarkar eru við fiskiræktina, nema því aðeins, að fjelagsskapur geti tekist um hana. Meðal annars er hún nokkuð kostnaðarsöm, og virðist þess vegna rjett að styðja að því, að hægt sje að láta alla, sem veiðirjett eiga, taka þátt í kostnaðinum. Það virðist best, eins og tíðkast í mörgum öðrum greinum. Með samtökum ætti líka að vera betur trygt, að fiskiræktin færi betur úr hendi en ella, og það er mikilsvert atriði. N. leggur því eindregið til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 46 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

8.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Ed., 4. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 63).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 13. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 63).

Á 15. fundi í Nd., 6. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 109).

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Jeg býst við, að hv. þdm. hafi kynt sjer nál. á þskj. 109 og breyt. þær, er n. leggur til, að gerðar verði á frv. Ennfremur rekur menn vafalaust minni til þess, að mál þetta lá fyrir deildinni í fyrra og var þá afgr. frá Nd. í nær því sömu mynd og það er nú. Var málið þá nokkuð rætt, enda tel jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það nú. Þó vil jeg leyfa mjer að skýra stuttlega frá þeim breyt., er n. fer fram á, að gerðar verði á frv. N. þykir betur fara að taka það fram, að boða skuli leiguliða á stofnfund, ef sjeð er, að eigandi muni ekki sækja fundinn. Ennfremur leggur n. til, að leiguliða sje heimilað að taka þátt í umr., þannig að hann hafi nokkurn tillögurjett, enda þótt hann megi ekki greiða atkv. fyr en hann er orðinn löglegur fjelagi.

2. brtt. n. lýtur að þessu sama.

Loks er 3. brtt., við 6. gr. Er síðari málsgr. þeirrar gr. orðuð nokkuð á annan veg, þar eð n. þótti hún dálítið óljóst orðuð og vildi láta það koma skýrt fram, hverjar bætur landsdrotni væri skylt að greiða leiguliða, er hann fer frá jörð, fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefir á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins, að því áskildu, að leiguliði hafi greitt þann kostnað, sem jafnað er niður eftir 9. gr. Þótti okkur sennilegt að tífalda afgjaldshækkun þá, er ætla mætti að yrði fyrir aukna veiði. Og enda þótt sú upphæð yrði nokkuð minni en kostnaður við umbætur á jörðinni, þótti n. hæfilegt að fara ekki hærra.

Um önnur ákvæði frv. er það að segja, að þau eru svo skýrt fram tekin, að eigi er þörf á að fjölyrða um þau. Í 10. gr. er það skýrt tekið fram, að samþyktir fjelagsmanna megi ekki brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur, og er þannig girt fyrir það, að samþyktir brjóti í bág við lög um friðun á laxi, ófriðun sels (selalátur) o. s. frv. Sama máli er að gegna um þær nýjar lagasetningar, er settar kunna að verða um þessi efni.

**Bjarni Ásgeirsson:** Eins og hv. frsm. tók fram, er frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, samhljóða frv., er lagt var fyrir Alþingi í fyrra. Á því frv. var gerð sú breyt., að samþyktir tækju eigi til laga um friðun á fiski og ófriðun sels, og vakti það fyrir mjer, sem var flm. að þeirri brtt., að ekki yrði með þessum lögum gripið inn í laxveiðilöggjöfina.

Mál þetta strandaði í Ed. á þeim breyt., er hjer voru gerðar. Með frv. því, er hjer liggur fyrir, hefir verið reynt að bæta úr þessu. Segir svo í 10. gr. þess:

„Aldrei má samþykt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886".

Hjer er því allskýr lína dregin, og býst jeg við því, að jeg geti fylgt frv. nú, enda þótt jeg væri flm. að brtt.

þeirri, er fram kom í fyrra, en þó með því, að því ákvæði verði bætt við, að þær breyt., er kunna að verða gerðar á laxveiðilögunum, standi fyrir þessum samþyktum.

Í frv. er einungis skírskotað til laga frá 1886, og tel jeg því, að það sje eigi nægilega skýrt fram tekið, að samþyktir megi ekki brjóta í bág við þær lagasamþyktir, er síðar kunna að verða gerðar.

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Jeg hefi ekkert á móti þeirri brtt., er hv. þm. Mýr. virtist boða, en jeg tel, að hún sje alveg óþörf. Sú breyt., sem kann að verða á laxveiðilögunum, hefir auðvitað sitt fulla gildi, hvað sem þessu líður. Finnast mjer ákvæði 10. gr. mjög skýr í þessu efni, en kjósi menn heldur, að gr. orðist þannig, hefi jeg ekkert á móti því, enda þótt mjer finnist brtt. óþörf.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 109,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 109,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 109,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

11.—15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Nd., 20. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 145, 161).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 161. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg var búinn að tala fyrir till. þessari við 2. umr. og þarf engu þar við að bæta. Hún er gerð til að tryggja það, að samþyktir þær, er kunna að verða gerðar eftir fiskiræktarlögunum, brjóti ekki í bág við þau laxveiðilög, sem gilda á hverjum tíma, Niðurlag 10. gr. hljóðar svo: „Með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886". Mjer virðist ekki trygt með þessu, að samþyktir geti ekki brotið í bág við laxveiðilög, er síðar kunna að verða sett. Jeg vænti, að hv. þd. geti fallist á þessa brtt.; hún getur engu spilt, en að margra skoðunum orðið til bóta.

ATKVGR.

Brtt. 161 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 28. fundi í Ed., 21. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 163).

Á 30. fundi í Ed., 23. mars, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta frv. er hingað komið aftur frá hv. Nd. Þar hefir það tekið nokkrum breyt. og hefir landbn. kynt sjer þær. Breyt. eru þrjár, og er engin þeirra efnis-

breyt., en virðast allar eiga að vera til frekari skýringa.

Fyrsta breyt. er við 2. gr. Þar er nýrri setningu skotið inn: „Nú þykir fyrirfram sýnt, að eigandi jarðar muni ekki sækja stofnfund, og skal þá boða leiguliða á fundinn. Má hann taka þátt í umræðum, en ekki atkvæðagreiðslu fyr en hann er úrskurðaður fjelagi í stað landsdrottins". — Þessi viðauki virðist vera til bóta, því hann tryggir eiganda, sem ekki getur sótt stofnfund, rjett til að hafa umboðsmann, leiguliðann, á fundinum.

Þá er bætt aftan við 6. gr. orðunum: „— enda hafi leiguliði greitt gjald það, sem jafnað er niður samkv. 9. gr. — Skal landsdrottinn greiða 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir aukna veiði".

Hjer er það nákvæmar tekið fram, að leiguliði skuli hafa goldið til fjelagsins til að eiga rjett á greiðslu fyrir veiðiaukningu. Ennfremur er það beinlínis ákveðið, hve mikil sú greiðsla skuli vera; hún á að vera 10-föld sú upphæð, er árlegt afgjald jarðarinnar má hækka um sakir veiðiaukningar. Þessi viðbót er til engra spjalla á frv., heldur einmitt til að taka það ljósar fram, er í því á að felast.

Loks er síðast breyt., við 10. gr. Í henni var svo ákveðið, að „með samþykt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886", en Nd. hefir bætt við „og annara laxveiðilaga, er sett kunna að verða". Virðist þetta ekkert viðsjárverð breyt.

N. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir nú, og verður það þá væntanlega fyrsta frv., sem afgr. verður sem lög frá þessu Alþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 200).

---

## 4. Tannlækningar.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um tannlækningar** (stjfrv., A. 25).

Á 6. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 25. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (JónasJ)**: Þetta frv. var flutt í Ed. í fyrra af tveimur þm. þeirrar hv. d., en kom svo seint fram, að það náði ekki samþykki Alþ. í það sinn. Frv. er undirbúið af fjelagi tannlækna og miðar að því að tryggja rjett þeirra, sem hafa fengið fullkomna mentun í sinni grein, og hinsvegar að tryggja þjóðinni hæfa lækna. Frv. hefir verið athugað af landlækni, og álítur hann, að það sje til bóta. Vona jeg, að hv. þdm. geti fallist á, að svo sje. Vænti jeg, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 57).

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Jeg tel ekki þörf á langri framsögu í þessu máli. Frv. þetta er vel undirbúið. Það er samið af tannlæknafjelaginu og endurskoðað af læknafjelagi Íslands. Frv. er ætlað að tryggja það, að aðeins menn, sem fengið hafa sjerþekkingu á tannlækningum, geti einir lagt sig eftir þessari fræðigrein, en fúskarar verði útilokaðir. Er það gott og nauðsynlegt. Er rjett, að slík fyrirmæli gildi um tannlækna sem aðra lækna. N. hefir öll orðið sammála um að afgr. frv. með litlum breyt., sem aðallega skifta formshlið frv. eða eru til málbóta. T. d. í 2. gr. frv. hefir orðið „stjórnarráðið" verið sett fyrir „dómsmálaráðuneytið", sjáanlega af óaðgæslu. Þá er og síðasta gr. frv. óþörf, því ekki þarf að setja í frv., að það nemi burt eldri lög, þar sem engin lagafyrirmæli voru áður um þetta efni. Og þótt svo væri, þá er reglan sú, að ný lög nema úr gildi eldri lög, án þess það sje beint fram tekið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 57,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 57,2 samþ. með 15:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 57,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 57,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 57,5 (11. gr. fellur burt) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 6. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 70).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 70).
Á 18. fundi í Ed., 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 18. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 114).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg verð að taka það fram, að þó að allshn. þessarar hv. deildar sje að sjálfsögðu

vel skipuð, þá brestur hana algerlega þekkingu á læknisfræðilegum efnum eins og þeim, er þetta frv. fjallar um. En frá sínu leikmannssjónarmiði telur nefndin rjett, að frv. nái fram að ganga. Jeg tel mjer eigi fært að fara út í neinar sjerfræðilegar umr. um einstök atriði þessa máls, enda er það undirbúið af kunnáttumönnum.

Eins og sjá má af frv., felast í því nokkur sjerrjettindi fyrir eina stjett manna, nefnil. læknana, og er það vafalaust gott, að þeirra rjettur sje trygður. En jeg fæ ekki sjeð, að frv. tryggi á neinn hátt rjett þeirra manna, sem þurfa að nota aðstoð læknanna. Hjer á jeg við taxta. Vera má, að eigi sje gott að koma þeim við hjer, af því að tannlæknarnir eru ekki starfsmenn ríkisins. En jeg skýt þessu fram meðfram af því, að orð leikur á, að tannlæknar sjeu dýrari á vinnu sinni en aðrir læknar.

N. hefir gert eina minni háttar orðabreyt. á frv. Hún er í því fólgin, að í staðinn fyrir „hafa rjett til að kallast tannlæknar" komi „rjett til að kalla sig" o. s. frv. Þetta er betra mál, enda í samræmi við orðalag annarsstaðar í frv.

Tel jeg svo ekki ástæðu til að tala fleira um frv., en geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi athugað afstöðu sína til þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 114,1 samþ. með 10:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

6.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 20. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 144, 148).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 148,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 148,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 148,3—4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 164).

Á 30. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Jeg vil aðeins taka það fram sem frsm. allshn., að breyt. þær, er efri deild hefir gert á þessu frv., eru allar orðabreyt., en engin efnisbreyt. N. sjer því ekki ástæðu til þess að amast við þeim, enda þótt hún telji þær til lítilla bóta, og óskar því eftir, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 201).

---

## 5. Eftirlit með skipum og bátum.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra** (stjfrv., A. 17).

Á 3. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Þetta frv. er samið af trúnaðarmanni ríkisins á því sviði, sem það fjallar um, og mjög regluleg grg. fylgir því, sem jeg get vísað til. Jeg vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

**Pjetur Ottesen:** Með þessu frv. er gerð gagngerð breyt. á stjórn á eftirliti með framkvæmd laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Hingað til hefir verið veitt fje til þess í fjárlögum og einum manni falin yfirumsjón þessa verks, en nú á að skipa þessu með sjerstökum lögum og þar gert ráð fyrir auknum starfskröftum við þetta starf. Það er alveg óhjákvæmilegt, að þessi breyt. hafi í för með sjer allmikinn aukinn kostnað. Jeg vil ekki segja, að það sje að öllu leyti að óþörfu gert, af því að það er vitanlegt, að hjer er um mikilsvert starf að ræða, sem og hlýtur, ef það er vel af hendi leyst, að vera allumfangsmikið. En það er gefinn hlutur, að með þeirri breyt., sem frv. fer fram á, hlýtur kostnaðurinn að aukast allverulega frá því, sem nú er. Það er að vísu tekið fram í frv., að það hafi ekki aukinn kostnað í för með sjer, af því að sú fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum í þessu skyni, 8 þús. kr., falli þá niður. En þegar þess er gætt, að gert er ráð fyrir því í frv., að skipaskoðunarstjóri hafi að launum 5000 kr., sem hækki upp í 6000 kr., og ennfremur gert ráð fyrir því, að honum sje fenginn aðstoðarmaður, einn eða fleiri, þá má fullkomlega gera ráð fyrir, að kostnaðurinn fari allmikið fram úr þeirri upphæð, sem veitt er í fjárlögum nú í þessu skyni. Og ef svo væri nú, að greiða ætti dýrtíðaruppbót af þeim launum, og máske skrifstofukostnað og ferðafje, þá er augljóst, að þessar 8000 kr. hrökkva skamt.

Í fyrra átti jeg tal við núverandi skipaskoðunarstjóra, Ólaf Sveinsson, og hann taldi óhjákvæmilegt fyrir sig eins og þá var komið að fá aðstoðarmann. Hann hafi sem sje haft með höndum ýms störf í sambandi við útgerð varðskipanna gegn ákveðinni borgun, en nokkuð af því gekk upp í kostnað við eftirlitið með skipum og bátum og öryggi þeirra. En eftir stjórnarskiftin var öðrum manni falið að hafa á hendi nokkuð af störfum við útgerð varðskipanna, en Ólafur Sveinsson hafði þó nokkuð af þeim eftir sem áður án þess að fá nokkra sjerstaka borgun fyrir það. Hann sagði mjer, að það hefði því komið til mála við stj., að hún rjetti hluta sinn á þann hátt, að hann fengi aukna borgun og aðstoð, og hann bjóst við, að bornar yrðu fram till. í þá átt á síðasta þingi.

Það er annað atriði í þessu frv., sem mjer finst orka mjög tvímælis og jeg vil vekja athygli á. Það er gert ráð fyrir því að leggja nýjan skatt á út-

gerðina, ákveðið gjald fyrir útgáfu og áritun haffærisskírteina, og mun tilætlunin að vinna að einhverju leyti upp hinn aukna kostnað við eftirlitið á þennan hátt. Þetta verður þannig árlegur skattur á bátaútveginum. Hann er raunar ekki ýkjahár, en þegar litið er á það, að bátaútvegurinn ber þegar nokkur gjöld vegna þessarar skoðunar — bátaeigendur borga alla skoðun —, og að útgerðin er að öðru leyti hlaðin sköttum, þá virðist mjer harla varhugavert að auka svo á útgjöld bátaútvegsins, sem hjer er ráð fyrir gert, og vil jeg því beina því til sjútvn., sem fær mál þetta til meðferðar, að rjetta hluta bátaútvegsmanna, með því að draga að minsta kosti úr þessum nýja skatti, ef hún sjer sjer ekki fært að fella hann niður með öllu.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil vekja athygli hv. þm. Borgf. á því, að í aths. við 3. gr. er ekki sagt, að frv. þetta hafi ekki aukin útgjöld í för með sjer, heldur er sagt, að það hafi ekki aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sjer. Hitt er alveg rjett, að það, sem að er stefnt, er það, að þetta eftirlit eiga bátaeigendur að borga. Það eru bifreiðaeigendurnir, sem eigi að borga bæði skírteini og skoðun bifreiða, og sú nefnd, sem um þetta mál fjallar, á að taka það til athugunar, hvort ekki eigi sama að gilda hjer. Þegar trúnaðarmaður stj. kemur með slík mál til stj., álít jeg, að hún eigi að bera þau undir þingið.

**Pjetur Ottesen:** Jeg vil benda á, að það er ekki gengið inn á nýja braut í þessu frv., þannig, að það hafi engin gjöld í sambandi við þetta bátaeftirlit hvílt á útveginum áður. Eins og tekið hefir verið fram, hvíla þegar nokkur gjöld á útveginum í sambandi við eftirlitið samkv. núgildandi lögum. Hjer er lagður á nýr skattur, sem á að renna í ríkissjóð. Jeg skal ekkert um það segja, hvað þetta kann að nema miklu eða hversu langt það kann að hrökkva til hinna auknu útgjalda. Þó hugsa jeg, að það sje ekki ólíklega til getið, að hjer sje um að ræða aukin útgjöld úr ríkissjóði. En þegar tekið er tillit til þess, hve mikil og þung útgjöld eru lögð á útveginn í samanburði við það, sem gert er fyrir þá atvinnugrein, þá er ekki rjett eða sanngjarnt að leggja á hann nýjan skatt.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg heyrði hv. þm. Borgf. spyrja hæstv. forsrh., hvort ekki væri tilætlunin að greiða skipaskoðunarstjóranum dýrtíðaruppbót á laun hans, en jeg heyrði ekki hæstv. ráðh. svara þessu. Þetta atriði finst mjer þurfa að vera tekið skýrt og greinilega fram í lögunum sjálfum, og vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. forsrh., hvað hann hefir hugsað sjer í þessu efni.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Þetta atriði verður vissulega upplýst áður en málið verður afgr. frá þinginu, og er tilgangslaust að jeg lýsi minni skoðun nú. Frv. er borið fram óbreytt eins og það kom frá hendi hlutaðeigandi starfsmanns ríkisins.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg get náttúrlega lesið frv. engu síður en hæstv. forsrh. Jeg var ekki að spyrja

um, hvað í því stæði, heldur hvað hæstv. forsrh. vill láta standa þar. Jeg var að spyrja hæstv. ráðh., hvað hann hugsaði sjer í þessu máli, og svar hans hlýt jeg að skilja á þann veg, að hann hafi ekkert um það hugsað. En jeg býst við, að á marga þm. hafi það áhrif að vita, hvað stj. vill í þessu efni. Frv. á að vera svo skýrt, að ekki þurfi að kalla á þá menn, sem hafa samið það, og spyrja þá, hvað í því liggi.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg er búinn að segja frá því, hver er mín hugsun í þessu máli. Mjer þótti hlýða að bera frv. fram, en jeg skal játa, að í því annríki, sem jeg hefi átt þessar síðustu vikur, hefi jeg ekki haft tíma til að hugsa hvert einstakt atriði út í æsar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 141).

**Frsm. (Sveinn Ólafsson):** Eftirlit með skipum og bátum er nú orðinn mikill og vandasamur starfi, sem eykst með ári hverju í líkum hlutföllum og flotinn. Eftirlit þetta hvílir á lögreglustjórum undir eftirliti ráðh., en í reyndinni hefir það verið framkvæmt frá 1923 af sjerstökum starfsmanni, sem nú er farið fram á, að verði lögfestur um leið og verksvið hans og launakjör eru ákveðin.

Vjelfróður maður, sem er búsettur hjer í bæ, hefir haft þennan starfa á hendi. Í fyrstunni voru honum goldnar 3000 krónur, en bráðlega jókst kostnaðurinn við framkvæmd starfans svo, að síðustu árin hefir hann orðið um 8000 krónur.

Breytingar á eldri lögum um þetta efni, sem hjer liggja nú fyrir í frv.-formi, lúta að því þrennu, að skerpa alt eftirlit, sem hingað til hefir verið reikult, að ákveða verksvið skipaskoðunarstjóra, og í þriðja lagi að afla fjár til að standast aukinn kostnað af eftirlitinu.

Sjútvn. hefir ekki gert neinar efnisbreytingar á frv., nema við 5. gr. Brtt. við 3. gr. er í raun og veru aðeins skýring og orðabreyting. Nefndin hefir með brtt. tekið upp það ákvæði, að skipaskoðunarstjóra skuli goldin dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og öðrum starfsmönnum hins opinbera. Hinsvegar er brtt. við 5. gr. alger efnisbreyt., þar sem gjaldið er fært mikið niður. N. gerir ráð fyrir, að þetta gjald verði 2 kr. fyrir smáskip, 5 kr. fyrir meðalstærð skipa og hæst 10 kr., alt við ákveðið rúmlestatal miðað. N. virðist, að útgáfa haffærisskírteina sje mjög hliðstæð útgáfu annara opinberra skjala eftir stimpilgjaldsl. frá 1921, þar sem stimpilgjald er 1, 2 eða 5 kr., og vill því fara sem næst því gjaldi fyrir skírteinin, þótt hjer sje lítið hærra.

Annars get jeg fyrir hönd n. tekið það fram, að henni virðist gjöld á smáfleytum vera svo há, að tæpast sje ástæða til að bæta þar nokkru við, og meðfram vegna þess hefir hún viljað draga úr þeim miklu gjöldum fyrir haffærisskírteinin, sem frv. tilskilur.

Einn af nm. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og býst jeg við, að hann geri grein fyrir fyrirvara sínum, svo að jeg þarf ekki að fara nánar út í það. Jeg vona, að hv. d. geti fallist á þessar breyt. á frv., og þykist jeg þá ekki þurfa að orðlengja frekar um málið.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg hefi skrifað undir þskj. 141 með fyrirvara. Fyrirvari minn er aðallega við 5. gr., um stimpilgjaldið. Annars er jeg n. sammála í aðalatriðunum um efni frv. Í frv. felst töluverð breyt. frá því, sem nú er, þar sem gert er ráð fyrir auknu starfi við eftirlit með skipum, en fje til þess samkv. frv. á að fá með því að leggja stimpilgjald á öll skip í landi. Jeg álít miklu rjettara að miða stimpilgjaldið við stærð skipanna og rúmlestatölu þeirra, eins og í frv. stendur. Samkv. frv. mundi stimpilgjaldið nema röskum 9 þús. króna, en það mun ekki vera fullnægjandi upphæð upp í þann kostnað, er af auknu eftirliti leiðir. N. hefir hallast að því að miða þetta að nokkru leyti við stærð skipanna, þó ekki rúmlestatal nema að nokkru leyti, þannig að gjaldið sje 2 kr. fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð. En mjer finst órjettlátt að hafa róðrarbáta í sama flokki og skip yfir 12 rúmlesta. Gjaldið er að vísu ekki hátt, en órjettlátt samt að leggja sama gjald á smábát og 30 rúmlesta mótorkútter. Í næsta flokki eru svo skip frá 30—100 rúmlesta, og stimpilgjaldið 5 kr., en 10 kr. fyrir 100 rúmlesta skip og stærri —, sama ósamræmið í öllum flokkunum. Jeg hefi fengið upplýsingar hjá skipaskoðunarmanni ríkisins um fjölda þeirra skipa, sem mundu greiða stimpilgjald samkv. þessu, og er það á þessa leið:

Bátar undir 12 rúml. 329, 2 kr. Skip 12—30 rúml., vjela- og seglskip, án tillits til fiskveiða eða annars, 170, 2 kr. Skip 30—100 rúml. 96, 5 kr. Skip yfir 100 rúml. 105, 10 kr.

Samkv. þessu verða tekjurnar 2528 kr., en það er smávægilegt og lítið upp í þann kostnað, sem frv. hefir í för með sjer frá því, sem nú er varið í fjárlögum til þessara mála. En ef farið er eftir frv., fást í stimpilgjald um 9000 kr. miðað við sama skipastól. Þrátt fyrir þetta ætla jeg að greiða atkv. með breyt. n., tel vonlaust um, að brtt. nái fram að ganga.

Jeg hefi nú skýrt, í hverju fyrirvari minn liggur, en að lokum ætla jeg drepa örlítið á málið í heild sinni, nefnilega skipaeftirlitið. Á seinni árum hefir verið lögð nokkuð meiri rækt við það en áður. Það er augljóst, að ef eftirlitið á að vera í góðu lagi, útheimtir það allmikið starfslið, sem þarf vel að vanda til. Við höfum því miður sjeð sorgleg dæmi þess, hvað eftirlitinu hefir verið áfátt. Hvort sjóslys hafa af því stafað eða ekki, skal jeg láta ósagt, en við höfum ný dæmi um, að það er ekki eins gott og skyldi. Þessu verður ekki komið í góða höfn, nema nægilegt eftirlit sje af hálfu ríkisins, enda höfum við fyrir nokkrum árum, 1922, öðlast löggjöf um þetta efni, sem er allítarleg, ásamt tilskipun útgefinni sama ár.

Þessi lög eru að mestu sniðin eftir dönskum og norskum lögum um eftirlit með skipum og bátum. Svipað er að segja um tilskipunina. Hún er líka miðuð við tilsvarandi löggjöf í ná-

grannalöndunum. Verði nú öllum þessum lagafyrirmælum framfylgt, bæði þeim, sem nú gilda, og svo hinum, sem væntanlega verða samþ. í þessu frv., þá sje jeg ekki ástæðu til að ætla annað en eftirlitinu ætti að geta verið sæmilega borgið, og sje jeg ekki þörf á að gera að svo stöddu frekari kröfu til ítarlegri lagafyrirmæla. En aðalatriðið er, að þessum lögum sje framfylgt. Jeg vil ekki láta undir höfuð leggjast að geta þess hjer, að það er á almæli, að skipaeftirliti sje mjög ábótavant hjer á landi utan Reykjavíkur. Í Reykjavík er það alment álitið best, sem af líkum má ráða, þar sem skipaeftirlitsmaðurinn er búsettur hjer. En úti um land er skipastóllinn stöðugt að aukast, og því tilfinnanlegri verður sá misbrestur, sem þar er á eftirliti. Sje fullkomnara eftirlit leitt í lög, leiðir vitanlega af því aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. En hjá því verður ekki komist. Jeg vil beina þeirri áskorun til hæstv. atvmrh., að hann beiti áhrifum sínum til þess, að ákvæðum laganna verði eftirleiðis fylgt út í ystu æsar. Mistakist eftirlitið, er lífi fjölda manna stefnt í voða, ekki einungis sjómanna, heldur og þess fjölda manna, sem ferðast með skipum hjer við land. En eins og jeg hefi áður sagt, tel jeg þetta frv. stórt spor í áttina til þess að gera eftirlitið tryggara en það hefir verið hingað til.

**Forsætis- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hefi, því miður, verið bundinn við umr. í Ed. og gat því eigi hlýtt á ræðu hv. frsm., og aðeins að litlu leyti á ræðu hv. 4. þm. Reykv. En af áliti n. sje jeg, að hún hefir fallist á frv. í aðalatriðum. Hún hefir raunar gert brtt. við 5. gr., og kemur mjer slík breyt. ekki á óvart frá þeirri hv. n. Í fyrra var einmitt reynt að ná samkomulagi við hv. sjútvn. um að flytja frv. svipað þessu, en samkomulagið strandaði aðallega á því, að hún vildi ekki fallast á ákvæði 5. gr. Það er ekkert óeðlilegt, þó að n. leggist á móti því, að þau gjöld, sem hið aukna eftirlit hefir í för með sjer, sjeu lögð á sjávarútveginn. En um það hefir Alþ. úrskurðarvald. Jeg verð sem fulltrúi ríkissjóðs í þessu máli að halda því fram, að ákvæðið sje rjettmætt til að mæta nýjum útgjöldum, sem lögin hafa í för með sjer, enda er það sett með vitund og ráði þess manns, sem mesta hefir sjerþekkingu á efni frv., en það er skipaskoðunarmaður ríkisins. En jeg býst vart við, að unt verði að standa gegn till. nefndarinnar.

**Frsm. (Sveinn Ólafsson):** Mjer hefir nú gefist kostur á að hlýða á fyrirvara hv. 4. þm. Reykv. Jeg er honum þakklátur fyrir það, að hann ætlar, þrátt fyrir alt, að greiða atkv. með till. n. En mjer virðist hann ekki taka fult tillit til þess, að brtt. kemur meira samræmi á stimpilgjaldið en í frv. felst. Eftir frv. mundi þetta gjald verða miklu hærra af smáskipum en sanngjarnlegt er, að tiltölu við hin stærri.

Jeg tók eftir því, að hæstv. forsrh. taldi sig hafa orðið fyrir vonbrigðum, er n. vildi ekki fallast á 5. gr. Og jeg þykist sjá, að það hafi verið tilgangur hans og skipaskoðunarmannsins, að þau gjöld, sem frv. ákveður, ættu að

nægja til að greiða þann kostnað, sem eftirlitið hefir í för með sjer. Hingað til hefir kostnaðurinn við eftirlitið verið greiddur úr ríkissjóði án nokkurs tekjuauka og mjer virðist, að svo drjúgt hafi dropið frá sjávarútveginum í ríkissjóð á undanförnum árum, að ekki sjeu teljandi eftir þessi útgjöld hans vegna eftirlitsins. Nefndin telur þau gjöld, sem hvíla á smæstu fleytunum hjer við land, nú þegar svo þung, að ekki sje við þau bætandi. Til er reglugerð um skipaskoðun frá árinu 1923. Þar er 30 kr. skoðunargjald lagt á hverja smáfleytu upp að 30 rúml., hversu lítil sem er, ef hún er þiljuð. Þar við bætist svo slysatryggingin o. fl. o. fl. Að öllu samanlögðu telur n. eigi fært að leggja frekari kvaðir á smábátaútveginn en komnar eru. Hagur hans er ekki svo glæsilegur, að það sje fært.

Tilgátu hv. 4. þm. Reykv. um það, hversu miklu gjaldið muni nema eftir till. n., er jeg ekki sammála. Jeg hygg, að gjaldið muni verða 3—4 þús. kr., og það er óneitanlega talsverður hluti kostnaðarins. Og það er beinn tekjuauki við það, sem nú er.

Þar sem ekki hafa komið fram nein ar brtt. frá einstökum þm., á hv. deild nú aðeins um tvent að velja, að ganga að brtt. n. eða samþ. frv. óbreytt.

**Pjetur Ottesen:** Eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, fer frv. fram á að auka nokkru við þann kostnað, sem nú er við yfirstjórn skipaskoðunarinnar, auk þess sem nú á að skipa stjórn þeirra mála með lögum. Frv. gerði ráð fyrir, að yfirskoðunarmaður hefði 5 þús. kr. byrjunarlaun, er færu hækkandi upp í 6 þús. Auk þess átti hann að mega ráða sjer aðstoðarmann eða aðstoðarmenn eftir þörfum. Í brtt. sínum lætur hv. sjútvn. lágmark og hámark launanna haldast, en bætir við dýrtíðaruppbót. Ennfremur ákveður hún skoðunarmanni skrifstofukostnað og ferðafje. En það er bert, að kostnaðurinn eykst allmikið frá því, sem nú er, því að í fjárlögum eru aðeins veittar 8 þús. kr. til þessa starfa. Hinsvegar var svo ráð fyrir gert í frv., að kostnaðaraukinn kæmi ekki niður nema þá að nokkru leyti á ríkissjóði, heldur yrði lögfestur sjerstakur skattur á útgerðinni í þessu skyni. En jeg benti á, að ekki væri sanngjarnt að leggja þennan aukaskatt á útgerðina, því að hún ber og hefir borið talsverðan kostnað vegna skipaskoðunarinnar. Samkv. reglugerðinni verður að greiða 30 kr. af hverjum þiljubát undir 50 smál. En nú hefir hv. sjútvn. orðið við tilmælum mínum um að draga úr þessum nýja skatti á bátana, og eins og hún hefir gengið frá till. sínum, verður hann ekki tilfinnanlegur. Mjer telst svo til, að tekjuauki ríkissjóðs muni eftir till. n. lækka um 6500 kr., miðað við þann skipastól, sem nú er í landinu. — Annars verð jeg að segja það, að mjer þótti það undarlegt, að hv. 4. þm. Reykv. skyldi hafa það eitt út á till. meiri hl. sjútvn. að setja, að þessi skattur á smábátaútveginum var lækkaður. Það er ekki í góðu samræmi við það, sem hann lætur í veðri vaka, þegar hann er að geipa af umhyggjusemi fyrir sjómönnum.

Hæstv. forsrh. sagði, að aðalbreyt. n. væri við 5. gr. frv. Þetta er ekki rjett. N. hefir og gert, eins og jeg hefi þegar bent á, allmiklar breyt. á 3. gr.,

þar sem hún ákveður, að yfirskoðunarmaður skuli fá greidda dýrtíðaruppbót og skrifstofukostnað og auk þess kostnað við eftirlitsferðir. Ekkert af þessu var nefnt í frv. Og þessar breyt. skifta allmiklu máli fjárhagslega sjeð.

Skal jeg svo ljúka máli mínu, en vil tjá hv. sjútvn. þakkir fyrir það, að hún hefir orðið við tilmælum mínum um það að draga úr þeim skatti, sem eftir frv. átti að leggja á smábátaútveginn.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg skal vera stuttorður. Hv. frsm. þakkaði mjer fyrir það, að jeg lofaði að greiða atkv. með frv. Eins og jeg hefi tekið fram, tel jeg frv. til mikilla bóta, þó að jeg sje ekki ánægður með brtt. n. við 5. gr., og get jeg þrátt fyrir alt greitt atkv. með því. Jeg skal ekki mæla móti því, að skoðunargjaldið hafi verið heldur hátt af smábátum eftir skipaskoðunarreglugerðinni. Um það erum við sammála, að það þurfi að lækka. En jeg verð að álíta, að hv. frsm. hafi ekki áætlað tekjulækkun þá, sem till. n. hafa í för með sjer, nógu hátt. Jeg þykist sjá, að hann hafi í útreikningi sínum miðað eingöngu við smálestatal, en hann verður líka að leggja tölu skipanna til grundvallar, ef áætlunin á að verða rjett. Jeg hefi fengið upplýsingar mínar frá skipaskoðunarmanni ríkisins, og eftir þeim verða tekjurnar ekki nema 2000—2500 kr. Það, sem fyrir mjer vakti með því að fylgja þeirri gjaldaukningu, er í frv. fólst, var einmitt það, sem fram kom hjá hv. þm. Borgf., að ákvæðin um að herða eftirlitið myndu hafa aukinn kostnað í för með sjer. Mjer er ekki kunnugt um, að eftirlitsmaðurinn hafi haft dýrtíðaruppbót áður. Skrifstofukostnað mun hann hafa haft, því að hann er innifalinn í þeim 8 þús. kr., sem veittar eru í fjárlögum. En nú bætist við annar kostnaður, þar sem eru laun aðstoðarmanns, sem frv. gerir ráð fyrir. Má og gera ráð fyrir, að starfsliði verði að fjölga, eftir því sem eftirlitið verður umfangsmeira. Og þá hljóta útgjöld ríkissjóðs óhjákvæmilega að hækka. Mjer skilst, að tilgangur frv. hafi verið sá, að íþyngja ekki ríkissjóði með auknum útgjöldum, sem betra eftirlit hefði í för með sjer, og því gerð tilraun með ákvæðum 5. gr. til að finna nýjar tekjur til að vega móti þessum kostnaði. En verði áætlað nægilegt fje í fjárlögum til að standa straum af þessum kostnaði við eftirlitið, skal jeg ekki deila við meðnm. mína um þetta atriði.

Það er auðvitað rjett, að talsverðar byrðar hvíla nú á smábátaútveginum. En jeg hygg, að þær sjeu aðallega á hvílandi þeim aflafeng, sem á skip og báta fæst, og sá greiðir mest, er mest aflar, og er því óskylt þeirri kvöð, sem hjer er gert ráð fyrir.

Skal jeg svo eigi fjölyrða um þetta mál, en vænti þess, að sú breyting, sem n. hefir gert á frv. og jeg eftir atvikum get sætt mig við, verði ekki á neinn hátt til þess að draga úr öryggi eftirlitsins og þeim umbótum, sem í frv. felast.

**Frsm. (Sveinn Ólafsson):** Jeg vil fyrst víkja örfáum orðum að ræðu hv. þm. Borgf. Hann taldi, að n. hefði gert miklar breyt. á 3. gr. frv. Þetta getur tæplega talist rjett. N. gerði eiginlega ekki annað en taka fram það, sem

ósagt var í frvgr., en lá þar þó á milli línanna. Í nál. stendur: „Breyting 3. gr. lýtur að því að endimarka skýrar verksvið og launakjör skipaskoðunarstjóra". Hjer er því í raun og veru ekki um breyt. að ræða, heldur ákveðnara orðalag.

Hv. 4. þm. Reykv. heldur, að stimpilgjaldið muni ekki verða nema 2000—2500 kr. eftir till. n. og byggir þá áætlun á upplýsingum frá skipaskoðunarmanni ríkisins. En jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að í skýrslum skoðunarmannsins sjeu opnu bátarnir ekki taldir. Og það mun vera ástæðan til skekkjunnar, sem jeg tel, að sje í áætlun hv. 4. þm. Reykv., og hefir hann ekki varast það.

Að lokum vil jeg endurtaka þá áskorun til hv. þdm., að þeir ljetti fremur gjöldum af smábátaútveginum en þyngi þau. Að láta þá bera neinn verulegan hluta af skoðunargjöldum er órjettlátt, því að eftirlit með þeim er hverfandi í samanburði við stærri skipin. En atkv. skera úr um þetta efni, og sje jeg ekki ástæðu til að lengja mál mitt meir en orðið er.

**Pjetur Ottesen:** Eftir skýringum hv. frsm. á 3. gr. frv. eins og hún var í stjfrv. virðist hann líta svo á, að ef einhverjum manni er falið ákveðið starf að vinna, gegn ákveðnum launum, þá eigi hann, án þess að sjerstaklega sje tekið fram, kröfu á dýrtíðaruppbót af þeim launum og auk þess, ef svo stendur á, kröfu til að fá greiddan skrifstofukostnað og ferðafje. Jeg vil algerlega mótmæla því, að þessi skilningur sje rjettur, og endurtek það álit mitt, að hefði 3. gr. frv. staðið óbreytt, þá hefði eftirlitsmaðurinn enga kröfu átt á því að fá neitt af þessu greitt.

**Hákon Kristófersson:** Jeg tók svo eftir áðan, að hv. 4. þm. Reykv. segði, að það myndi hvergi vera reglulegt eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, nema hjer í Reykjavík. En úr því að þessi skoðun er nú uppi, þá teldi jeg betur í hóf stilt með slík ummæli, að það væri gerð grein fyrir því, á hverjum stöðum slík vanræksla ætti sjer stað, heldur en að segja það um alla landshluta undantekningarlaust. Jeg held, að það sjeu ekki mörg missiri síðan mjög greinagóðir menn hafa mjer svo tjáð, að það ljeki nokkuð á tveim tungum, hve mikið öryggi fælist í skipaskoðun hjer í Reykjavík. Jeg vona, að hv. þm. taki mjer það ekki illa upp, þótt jeg ekki greini sögumann, úr því að hv. þm. hefir ekki gert svo fyrir ummælum sínum.

Hv. þm. tók það fram, að það þyrfti að vera mjög strangt eftirlit með slíku, sem hjer er um að ræða, og jeg er honum mjög svo sammála um það atriði; en það er nú svona, að það er til gamalt orðtæki, sem segir, að strangasti rjettur getur stundum orðið strangasti órjettur, og það þarf enginn að láta sjer detta það í hug, hversu vel sem slíku eftirliti kann að vera fyrir komið, að þá geti ekki komið fyrir slys, sem enginn maður getur gert sjer grein fyrir, af hvaða ástæðum muni stafa.

Þá benti hv. þm. á, að það hefði verið nauðsyn á að finna tekjur í sambandi við þau útgjöld, sem óhjákvæmilega leiðir af þessu. Jeg skal viðurkenna það, að þetta er alveg rjett, að útgjöldin þurfa að greiðast með

tekjum, en jeg vil leyfa mjer að spyrja, hvort það sje venja hjer yfirleitt á Alþingi, að þegar um útgjöld er verið að tala, þá þurfi endilega að snúast að einhverjum sjerstökum flokki manna, til að láta þá greiða útgjöldin. En jeg sje ekki betur en að svo sje til ætlast með því stjfrv., sem hjer liggur fyrir, að snúist sje að þeim mönnum, sem smábátaútgerð stunda, þótt hv. n. hafi, eins og hv. þm. Borgf. komst að orði, sjeð sjálfsagða skyldu sína að færa þetta nokkuð til betra vegar, sem láðst hefir að gera í stjfrv. Að gjaldið sje lítið, sem á smábátana kemur, er jeg að vissu leyti sammála um við hv. 4. þm. Reykv., en hitt má þá heldur ekki gleymast, þó að það sje lítið gjald, sem verið er að leggja á nú, að ef allmikil gjöld eru fyrir, þá getur það aukið svo mjög byrði hinnar vanmáttugu smábátaútgerðar, að tæpast er hægt að bera þau.

Það er rjett, sem hv. frsm. n. sagði, að þessi skoðun mun taka mjög stuttan tíma; þar með er auðvitað ekki sagt, að hún sje einskis virði, en hún hefir í mörgum tilfellum alls ekki tekið viðkomandi meira en einn klukkutíma, en það getur stafað af því, að þegar um algerlega ný tæki er að ræða, þá er svo ósköp auðvelt að líta yfir þetta. Að þær kvaðir, sem þyngstar sjeu á smábátaútgerðinni, stafi af tollum til ríkissjóðs, furðar mig að jafngreinagóður og skýr maður og hv. 4. þm. Reykv. skuli telja rjett, því að vitanlega koma þeir tollar ekki til nema eitthvað aflist, og eru venjulegast miðaðir við einhverja skippundatölu.

Það er mesti munur á að greiða, við skulum segja 20 kr., fyrir að skoða smábát, sem ekki útheimtir meiri tíma en þessir heiðursmenn verja til þess, eða að greiða 20 kr. í skatt til ríkissjóðs, sem miðaður er við vist gjald af hverju veiddu skippundi. Hv. n. hefir nú fært þetta skattgjald allmikið niður, en jeg hefði talið vera sanngjarnast að fella það alveg í burt og að það fælist í því gjaldi, sem greitt er fyrir skoðun skipanna. Það þarf ekki að fara í neinar felur með það, að nú, þegar svo mikil gjöld eru á útgerðinni, bæði hinni smærri og stærri, þá verða jafnvel hinir reyndustu menn þessarar stjettar að hugsa sig mjög vel um, áður en þeir stíga spor í þá átt, hvort sem stórt er eða lítið, að auka við sín útgjöld.

Enda þótt jeg líti nú þannig á þetta, þá býst jeg þó ekki við að greiða atkv. á móti till. hv. n., því að þær fara miklu meira í sanngirnisáttina heldur en þær till., sem miðuðu að því sama og lágu fyrir í frv. hæstv. stj.

Það, sem hefir orðið ágreiningsatriði milli hv. þm. Borgf. og hv. n., finn jeg enga ástæðu til að minnast á, því að jeg tel sjálfsagt, að mönnum, sem eru bundnir við þetta sem fasta stöðu, þurfi að launa sanngjarnlega; jeg hefi aldrei litið öðruvísi á en svo, að menn verði að hafa sæmileg laun af hálfu ríkisins, til þess að þeir geti unnið að þeim störfum, sem þeim er trúað fyrir, og þurfi ekki að vera alstaðar annarsstaðar til þess að fá sjer aukatekjur.

Jeg vona, að hv. 4. þm. Reykv. taki mjer það ekki illa upp —(**SÁÓ**: Jeg er dauður.) — jeg vona, að það sje ekki nema tímanlegur dauði —, að jeg get ekki fallist á, að það muni

vera neitt verulega betri skoðun um að ræða í Reykjavík heldur en annarsstaðar á landinu; það er kannske nokkuð meira um sjermentaða menn þar í þeirri grein, en öðruvísi get jeg ekki hugsað mjer betur í hóf stilt. (**SÁÓ:** Það mætti færa dæmi). Já, en ætli menn reyni þá ekki að færa dæmi á hinn veginn líka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 141,1.a—b samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 141,2 (ný 5. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

6.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

9.—13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 180).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 180).

Á 32. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 180, n. 417).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er stjfrv. Tildrög frv. eru þau, að eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra samkv. l. frá 1922 hefir ekki reynst eins fullkomið og þörf er á. Sjútvn. þessarar d. viðurkennir nauðsynina á því að skerpa eftirlitið, þannig að það geti komið að tilætluðum notum.

Aðalbreyt., sem þetta frv. gerir á gildandi lögum, er sú, að skipaður verði sjerstakur skipaskoðunarstjóri, sem hafi alt eftirlit með skoðun á skipum og bátum á öllu landinu. Sjútvn. telur eftir atvikum rjett, að þetta sje gert, og sjer eigi aðra leið heppilegri. Svo er ráð fyrir gert, að þessi skipaskoðunarstjóri taki laun sín úr ríkissjóði, en að útgerðarmenn og eigendur skipa og báta greiði skipaskoðunargjöld, gegn haffærisskírteini. Þó að sjútvn. mæli með því, að frv. verði samþ., vill hún taka það fram, að hún telur mjög mikla nauðsyn á í því sambandi, að endurskoðuð verði tilskipunin, sem sett var 20. nóv. 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, og reglugerðin frá 7. nóv. 1923, um þóknun til skoðunarmanna skipa o. fl. Nefndin telur mikla þörf á þessari endurskoðun, þar sem nákvæmlega skuli til tekið, hvernig skip og bátar eigi að vera útbúin, þannig að það sje í fullu samræmi við

lögin. N. telur, að þar þurfi ýms atriði endurskoðunar við; sum ákvæði tilsk. eru of þröng, en á öðrum þyrfti að herða, sjerstaklega ákvæðum viðvíkjandi þeim skipum, sem notuð eru til fiskiveiða. Þegar reglugerðin var sett, var tiltölulega lítil þekking og enn minni reynsla fengin um það, hvernig tryggja þyrfti útbúnað fiskiskipanna. Eins og eðlilegt er, þá hefir reynslan leitt í ljós, að önnur ákvæði þurfi að setja. Vil jeg fyrir hönd n. benda á, að hún leggur mesta áherslu á, að tilsk. verði breytt. Samkv. l. frá 19. júní 1922 er atvmrh. heimilað að gefa út reglugerð um eftirlit með öryggi þeirra fljótandi fara, sem lögin ná ekki til, eins og sjá má á 5. gr. þessara laga, en n. veit ekki til, að slík reglugerð hafi verið gefin út. Lögin ná ekki til annara báta en vjelbáta og fjórróinna árabáta eða stærri. En fjórróinn telst sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum. En allir hinir smærri bátar, sem róið er af þremur mönnum eða færri, heyra ekki undir þessi lög, nema um þá sje sett sjerstök reglugerð. Nú er það vitanlega fjöldi af fiskibátum, sem róið er á af færri mönnum en fjórum; má fullyrða, að þeir skifta hundruðum á öllu landinu. Auk þess ná lögin ekki til annara báta en þeirra, sem ganga eina vertíð á ári. Jeg vil um leið taka það fram, ef reglugerð um eftirlit með þessum fljótandi förum verður endurskoðuð, að samskonar ákvæði gilda um skip og báta eftir l. um slysatryggingar sjómanna; tryggingarskyldan er bundin við það, að bátarnir ganga vissan tíma á ári.

Það hefir komið í ljós, að sjómenn tregðast við að greiða slysatryggingargjaldið, og nota sem afsökun, að ekki sje víst, að fleytan gangi svo langan tíma sem lögin ákveða. Þessi undantekning er ekki heppileg. En n. hyggur, að það þyrfti ekki að verða að tjóni, ef þessi reglugerð, sem hún vill láta setja og henni er ekki kunnugt um að hafi áður verið til, verður nú sett. Og það vill n. að ekki sje látið dragast.

Það er þá ekki öllu fleira, sem n. vill benda á við þessa umr., en hún taldi rjett að láta þetta koma fram, af því að það er í svo nánu sambandi við frv.

Um frv. sjálft er það að segja, að n. lítur svo á, að rjett sje að fara þessa leið til að skerpa eftirlitið, þó að því verði hinsvegar ekki neitað, að það leiði til aukinna útgjalda fyrir báta- og skipaeigendur, þó svo, að þeim má telja stilt í hóf. Hinsvegar er rjett að taka það fram, að eitt af því, sem þarf að endurskoða, er gjaldskrá skipaskoðunarmannanna fyrir skoðun á skipum og bátum. N. telur, að gjaldið, 30 kr., sje of hátt fyrir mjög smáa vjelbáta, þó að það sje hinsvegar ekki of hátt fyrir stærri vjelbáta, sem ná 12 smálestum. Telur n. vert að athuga, hvort ekki megi lækka skoðunargjald af smærri bátum.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það er vel farið, að hv. sjútvn. hefir orðið sammála um að afgreiða frumvarpið eins og það kom frá háttv. Nd. Í nál. á þskj. 417 vísar n. þeirri bendingu til stj., að ekki hafi verið gefin út reglugerð samkv. l. frá 19. júní 1922 u. eftirlit með öryggi þeirra báta, sem l. sjálf ná ekki til. Jeg tel sjálfsagt, að farið

verði eftir óskum hv. sjútvn. um endurskoðun á tilsk. frá 20. nóv. 1922, og einnig um að sett verði reglugerð um eftirlit með smærri bátum.

Hv. frsm. vjek síðast í ræðu sinni að skoðunargjöldum af skipum og bátum, og sagði hann, að þar væri í hóf stilt um kostnaðinn. En eins og frv. var, þegar það kom frá skipaskoðunarmanninum, voru þessi gjöld ákveðin talsvert hærri. — Það var meining stj., að þetta eftirlit eigi að kostast af bátaeigendum, eins og bifreiðaskoðunin er kostuð af eigendum bílanna. Nú verð jeg að sætta mig við það, sem ákveðið er í frv.; með því hefir þó verið stigið spor í áttina. En jeg verð að telja, að skoðunargjöldunum hefði verið betur í hóf stilt fyrir ríkissjóð, ef þau hefðu fengið að standa óbreytt eins og þau voru í frv., þegar það var lagt fyrir Nd.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg þakka hæstv. forsrh. fyrir undirtektir hans við aths. sjútvn. um endurskoðun á tilsk. frá 20. nóv. 1922 og reglugerðinni frá 1923, og ennfremur um að sett verði reglugerð um eftirlit með smærri bátum og öryggi þeirra.

En jeg get ekki verið sammála hæstv. ráðh. um gjaldaákvæðin í 5. gr. frv., að það sje sambærilegt eftirlit með bifreiðum og bátum. Í fljótu bragði virðist sá samanburður máske ekki óeðlilegur. En það horfir alt öðruvísi við um skipin og bátana en bifreiðirnar. Bifreiðaakstur er nokkurnveginn tryggur atvinnurekstur, sem þó gefur ekki beinar tekjur í ríkissjóð, nema hvað eigendur þeirra greiða sem aðrir gjaldendur af sínum atvinnutekjum. Um sjávarútveginn er öðru máli að gegna, sem rekinn er með smábátum og stærri skipum; það má segja, að sá atvinnurekstur ber uppi ríkissjóðinn. Þegar á útveginum hvíla jafnmikil gjöld og nú á sjer stað, þá teldi jeg sanni nær, að ríkissjóður greiddi nokkurn hluta af kostnaðinum við eftirlitið, og einnig af stimpilgjaldinu, sem um ræðir í 5. gr. Jeg tel rjett, að ríkissjóður greiði ferðakostnað skoðunarmanns. Jeg geri ráð fyrir, að þegar hæstv. atvmrh. athugar málið nánar, þá sannfærist hann um, að það sje ekki rjett að krefja hærri gjalda af skipa- og bátaeigendum heldur en frv. ákveður; það sem eftirlitið verður dýrara, sje sanngjarnt að greiða úr ríkissjóði. Jeg skil það vel, að stj. sje það kærast, að umbæturnar og eftirlitið sje framkv. með sem minstum kostnaði fyrir ríkissjóð. En ríkissjóður hefir líka mikilla hagsmuna að gæta gagnvart þessum atvinnurekstri, og varðar það miklu, að útvegurinn gangi vel. Þess vegna álít jeg það eðlilegt, að hann verji nokkru fje til þessa eftirlits. Á undanförnum árum hefir talsverðu fje verið varið til þess. Og jeg geri mjer von um, að framlög ríkissjóðs þurfi ekki að vera öllu meiri en áður. Þá hygg jeg, að þessu máli sje vel borgið frá sjónarmiði beggja aðila, ríkissjóðs og útvegsmanna.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg ætla ekki að stofna til þrætu um þetta við hv. frsm. Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá sætti jeg mig við þessi úrslit málsins eftir atvikum. Við höfum átt í orðakasti um, hvað mikið ætti að greiða af eftirlitskostnaðinum úr ríkissjóði; hjer eru þó

með frv. stigin spor í rjetta átt. En jeg álít, að það sje „principielt" rjett, að hið sama gildi um kostnað við eftirlit með bifreiðum og bátum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 180).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 501).

---

## 6. Útflutningsgjald af síld.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til laga um breyt. á l. nr. 35, 19. júní 1922, um breyt. á l. nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.** (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Um þetta frv. get jeg verið fáorður. Það er flutt samkv. 23. gr. stjskr. og á að skera úr um efni, sem hefir verið vafaatriði. Þetta mun vera síðasta frv., sem Magnús heitinn Kristjánsson fjmrh. fór höndum um. Jeg leyfi mjer að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 6. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 65).

**Frsm. (Ólafur Thors):** Frv. þetta er komið frá stj. og er til að staðfesta samhlj. bráðabirgðal., sem gefin voru út í júlí á síðasta sumri. Ástæðan til, að bráðabirgðalögin voru gefin út, er sú, að ákvæði eldri laga þóttu orka tvímælis, svo að nokkurt ósamræmi var í framkvæmd þeirra.

Fjhn. hefir orðið sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. En þó hafa nokkrir nm. haft nokkra tilhneigingu til að gera þá breyt. á þessum lögum, að hækkaður yrði útflutningstollur á fiskúrgangi, þurkuðum beinum og hausum, og þá í því skyni að vernda þær innlendu verksmiðjur, sem kynnu að vilja kaupa þessar vörur í samkepni við Norðmenn, sem kaupa allmikið af þessum vörum til útflutnings. N. leit þó svo á, að málið væri ekki ennþá svo upplýst, að hún treysti sjer til þess að taka upp þessa till., og hefir því í þetta skifti orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Samkv. rannsókn málsins hefir n. komist að því, að full ástæða sje til að halda, að þeir útlendingar, sem

keyptu þessar vörur til útflutnings, hafi beitt beinum svikum um útflutningsgjald þessarar vöru. N. hefir fengið skýrslu, sem hún að svo stöddu ekki þorir að fullyrða, að sje rjett, en samkv. henni eru fluttar út 2000 smál., án þess tollgjald komi af nema 750 smál. Á þessu mætti ráða bót, ef gert væri að skyldu að láta t. d. lögskipaða fiskimatsmenn votta vigt á slíkri útflutningsvöru. Er það skoðun n., að slíkt skipulag þurfi að komast á.

Að öðru leyti hefi jeg ekki önnur skilaboð að færa frá n. En n. væntir þess, að frv. megi ganga áfram og gerir sjer von um, að það geti orðið deilulaust í deildinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 10).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 10).

Á 23. fundi í Ed., 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Ed., 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 190, 208).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. á þskj. 10 er shlj. bráðabirgðal. frá 10. júlí síðastl. Þau bráðabirgðal. voru sett vegna þess, að sum ákvæði í l. nr. 35 frá 29. júní 1922, um útflutningsgjald af síld o. fl., þóttu óskýr og sumpart ekki tæmandi. Þess vegna hafði það komið fyrir, að sum ákvæði þeirra l. voru skilin á tvo vegu, og ekki eins á öllum tímum. Sjerstaklega varð þessi misskilningur bagalegur, þegar átti að gera greinarmun á fóðurmjöli og áburðarefnum. Þetta tvent var óhjákvæmilegt að skilja að, vegna þess að útflutningsgjaldið var ekki jafnhátt fyrir báðar tegundirnar. Á fóðurmjöli var útflutningsgjaldið 100 au. á hver 100 kg., en fyrir áburðarefni var það 25 au. á sama þunga. Úr þessu bættu bráðabirgðal. og að sjálfsögðu einnig þetta frv., ef það verður að lögum. Í þessu frv. er einnig bætt úr því, hve lögin frá 1922 eru takmörkuð, því að þar er ekkert minst á hráefni, eins og t. d. síld, nje fiskiúrgang, þurkaðan eða óþurkaðan, sem flutt er út til vinslu. Úr þessum annmörkum er bætt með þessu frv.

Fjhn., sem haft hefir þetta mál til meðferðar, er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Hinsvegar hafa einstakir nm. áskilið sjer rjett til að koma með brtt. við frv., og jeg

sje, að ein slík till. er þegar komin fram, á þskj. 208. Jeg hefi ekki neitt um þá till. að segja að svo stöddu; n. tók að sjálfsögðu enga afstöðu til þeirra till., sem síðar kynnu að koma fram, en annars munu flm. sjálfsagt gera grein fyrir þeim, þegar þar að kemur.

Fleira hefi jeg ekki um frv. þetta að segja, en vil að lokum ítreka þau tilmæli n., að frv. þetta verði samþ. að lokinni umr.

**Forseti (GÓ):** Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 208. Til þess að hún geti komið til umr. og atkv., þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Ingvar Pálmason:** Jeg hefi komið með brtt. á þskj. 208. Skal jeg geta þess, að sú breyt. er að mestu shlj. frv., sem lá fyrir Ed. í fyrra og var afgr. til Nd., en náði þar ekki afgreiðslu. Ástæðan til þess, að slík brtt. er komin fram, er sú, að eftir söluverði saltsíldar er útflutningsgjald á henni óeðlilega hátt, borið saman við tell á síldarafurðum, svo sem síldarmjöli og síldarolíu. Síldartollurinn hefir ekki fengist lækkaður, og virðist því full ástæða til að hækka tollinn á verksmiðjuafurðum, sem út flytjast, eins og till. gerir ráð fyrir, og sömuleiðis af hráefnum og hálf- eða óunnum efnum, sem flutt eru út.

Þar sem þetta frv. var rætt hjer í fyrra, sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú, enda er d. að mestu skipuð sömu mönnum og þá, svo að ætla má, að deildinni sje málið fullkunnugt. Jeg vil þó geta þess, að í brtt. er prentvilla í þriðju línu. Þar stendur „af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og föðurkökum 100 aura", en á að vera 200 aura. Það er samhljóða frv. frá í fyrra. Að öðru leyti tel jeg ekki ástæðu til að tefja umr. um málið, en vænti þess, að brtt. verði samþ. Jeg gæti að vísu farið betur út í þetta mál, en af því að það var rætt á síðasta þingi, sje jeg ekki ástæðu til þess að sinni.

**Jón Þorláksson:** Jeg verð að leggja til, að þetta mál sje tekið út af dagskrá að svo stöddu, svo að betri tími gefist til að athuga það, enda mun þess full þörf, þar sem prentvilla er einmitt í meginmálinu, sem ekki er gott að leiðrjetta í fljótum hasti.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg vil taka undir með hv. 3. landsk. um að taka málið af dagskrá, og það því fremur, sem hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur í d. Væri æskilegt að heyra hans álit um málið áður en gengið verður til endanlegrar ákvörðunar.

**Forseti (GÓ):** Jeg vil verða við beiðni þessara tveggja hv. þdm. um að taka málið af dagskrá að sinni.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Ed., næsta dag, var.

fram haldið 2. umr. um frv. (A. 10, n. 190, 208).

**Ingvar Pálmason:** Jeg stend bara upp til að lýsa yfir því, að jeg tek aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 208.

ATKVGR.

Brtt. 208 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 10, 223).

**Ingvar Pálmason:** Jeg flyt hjer brtt. á þskj. 223, sem er að eðli til shlj. þeirri brtt., er jeg flutti við 2. umr. þessa máls; jeg hefi aðeins breytt forminu lítilsháttar.

Um ástæðuna til þess, að jeg flyt þessa brtt., gat jeg þegar við 2. umr., en hún er sú, að mjer finst tollur af söltunarsíld óeðlilega hár eftir frv., borið saman við toll af þeim afurðum, sem úr síldinni fást með bræðslu. Þessu vildi jeg kippa til samræmis. Þó fer jeg ekki fram á mikla hækkun, og aðalhækkunin er á tolli af síldarmjöli, fiskmjöli og fóðurkökum, en sá tollur hækkar eftir mínum till. úr 1. kr. upp í 2 kr. á hver 100 kg.

Eins og allir vita og í frv. stj. stendur, þá er kr. 1,50 tollur af hverri saltsíldartunnu. Sje þetta borið saman við tollinn á bræðslusíldinni, kemur það fram, að hann er miklu lægri. Jeg hygg, að það fáist hjer um bil 16 kg. af mjöli úr hverjum 100 kg. hrásíldar, og eftir núgildandi l. nemur tollurinn af því 16 aurum. Auk mjölsins fæst svo lýsi úr síldinni, sem einnig er tollað. Jeg vil ekki staðhæfa neitt um það, hversu mikið lýsismagn fæst úr 100 kg. af hrásíld, en áætla, að það sje í kringum 18 kg. Þá nemur tollurinn af hverri hrásíldartunnu, þegar búið er að breyta henni í þessar vörutegundir með bræðslu, ekki nema 30—40 aurum. Nú eru 100 kg. af ferskri síld í hverri saltsíldartunnu, eða ekki öllu minna, en tollurinn nemur 1,50 kr., eins og jeg hefi áður tekið fram. Það sjá því allir, að hjer er um feiknamismun að ræða. En ef til vill kann nú einhver að segja, að þetta tvent sje ekki sambærilegt, vegna þess hve mikill kostnaður sje við það að breyta síldinni í þessar vörutegundir. Sjálfur skal jeg ekkert um það segja, því að jeg er ekki fróður, svo að nægi, í því efni. En jeg hygg, að hjer sje ekki um mjög mikinn kostnaðarmismun að ræða. Það er að minsta kosti víst, að reikni maður söluverð saltsíldar 30 kr. brúttó, er óhætt að gera ráð fyrir, að kostnaður við hverja tunnu nemi alt að ⅔ þess verðs. Það er því um mikið ósamræmi að ræða á milli þessara tollákvæða. Og þó að þessi hækkun fáist fram, sem jeg legg til, og þó að lýsistollurinn verði einnig hækkaður, samsvarar það samt ekki meiri tolli en 70—80 aurum af hverri saltsíldartunnu. Jeg býst nú við því, að mjer verði svarað því, að hjer sje hægast um vik að lækka tollinn á saltsíldinni. En þetta ósamræmi lagast ekki við það. Þó að tollurinn af hverri saltsíldartunnu verði lækkaður niður í 70 aura,

verður hann samt tiltölulega miklu hærri en af bræðslusíldinni.

Hin aðalbreyt., sem jeg legg til, að gerð verði, er sú, að tollur af fiskúrgangi, hausum og beinum verði hækkaður um helming, eða úr 50 aurum upp í 1 kr. — Ástæðan til þess er sú, að það hefir komið í ljós, að það er óeðlileg samkepni um þessi hráefni. Á síðasta sumri urðu íslenskar mölunarverksmiðjur að kaupa þau við svo háu verði, að þær gátu ekki staðist það. En jeg tel rjett að hlynna að því, að þessi hráefni sjeu unnin í landinu sjálfu, og þó að þessi tollhækkun sje ekki mikil, ætti hún þó altaf að stuðla að því, að innlendar myllur gætu frekar kept við þær útlendu, sem þurfa að kaupa þessi hráefni hjer og flytja svo út.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, þar eð þessar brtt. hafa áður verið ræddar hjer í d., og jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. sje ljóst, hver áhrif þær hafa. Jeg vil þó geta þess, að á þinginu í fyrra voru samþ. hjer svipaðar brtt. með nokkrum atkvæðamun, en þær döguðu uppi í Nd., eins og menn muna.

**Jón Þorláksson:** Efni þessara brtt. hefir ekki verið rætt sjerstaklega í fjhn. nú, en var gert í fyrra. Jeg vil því færa fram þær aðalástæður, sem þá komu fram gegn þeim og enn eru til staðar. Hinn takmarkaði markaður á saltaðri síld er ekki að öllu leyti óheppilegur, vegna þess hve þessi atvinnuvegur, sem er stundaður yfir hásumarið, dregur freklega til sín fólkið úr sveitunum. Það var því að vissu leyti gleðiefni, þegar hjer kom upp önnur tegund hagnýtingar á síldinni og farið var að bræða hana. Það er rjett, að það er nokkuð hátt útflutningsgjald af saltsíld, en til þess eru sjerstakar sögulegar ástæður, sem jeg vil ekki fara langt út í að rekja hjer. Þessi atvinnuvegur dregur vinnukraftinn frá öðrum atvinnugreinum, sjerstaklega landbúnaðinum, á þeim tíma, sem hann má síst við því. Það þótti því rjett að leggja á hann allmikla skatta af þessari ástæðu. Hinsvegar er á það að líta, að þeir fiskimenn, sem nota skipastól sinn til að veiða í bræðslu, fá helmingi minna verð fyrir hrásíldina en með því að selja hana til söltunar. Hv. 2. þm. S.-M., sem er kunnugur þessum málum frá síðasta sumri, sagði, að verðið á hverri hrásíldartunnu til söltunar væri 12—14 kr., en verðið á bræðslusíld var 7,75—8 kr. málið, eftir því sem skilorður útgerðarmaður hefir sagt mjer, og það er sama sem 6,50 hver 100 kg., eða með öðrum orðum hálft verð hrásíldarinnar, þegar hún er seld í söltun. Það er auðsjeð, að því leyti, sem útflutningsgjaldið lendir á sjálfri veiðinni, hrásíldinni, að ekki er rjett, að jafnhár tollur sje lagður á sama þunga af bræðslusíld og söltunarsíld. Þau skip, sem veiða í bræðslu, gera það í þeirri von að geta aflað meiri þunga síldar en ef þau veiddu í salt, þar sem skila verður síldinni nýrri. Og það er ekki einu sinni sanngjarnt, að sú veiðiaðferð, sem skilar hálfu verði fyrir afurðirnar, beri hálft gjald, samanborið við þá veiðiaðferð, sem skilar tvöföldu verði. Þar sem hv. 2. þm. S.-M. gerir ráð fyrir, auk hækkunarinnar samkv. þessu frv., að hækka útflutningsgjald af lýsi sem svarar 30—40 aurum af hverjum 100 kg. hrásíldar,

eða 50—60 aurum af hverju máli, vona jeg, að menn skilji, hvaða þýðingu það hefir fyrir þessa atvinnugrein, sem verður að sætta sig við 6,50 kr. fyrir 100 kg. hrásíldar, ef farið verður að auka gjöldin sem svarar 60 til 80 aurum á hver 100 kg.

Eins og stendur er tvísýnt um það, hvort arðvænlegt er að veiða síld til bræðslu í meðalárum. Sú reynsla, sem fengin er, nær aðeins til góðra veiðiára í hagstæðri veðráttu. Ef svo á að fara að lögleiða þá hækkun, sem hjer er farið fram á, er jeg hræddur um, að það verði til að draga síldveiðina úr innlendum höndum og ýta undir útlendinga til veiða hjer við land, en þeir geta útbúið sig svo, að þeir geta veitt eftir sem áður án þess að komast undir íslensk útflutningsgjöld með sínar afurðir. Jeg tel þetta því mjög varhugavert.

Jeg get bætt því við, að enn hefir ekki komið fram ósk frá hæstv. fjmrh. í þá átt að fá slíkan tekjuauka, en jeg tel þá ástæðu eina, að ríkið þurfi á tekjum að halda, geta rjettlætt ný skattaálög á þegnana.

**Ingvar Pálmason:** Jeg hefi ekki miklu að svara hv. 3. landsk. Hann heldur því fram, að bræðslusíld sje hálfu verðminni en síld til söltunar, og byggir það meðal annars á því, að meiri hluti þeirrar síldar, sem í bræðslu fer, sje ekki söltunarhæfur. En þess ber að gæta, að hjer horfir þetta alt öðruvísi við, því þó að síldin sje orðin gömul, getur hún verið gild til bræðslu, þó ónothæf sje hún til söltunar. Þau skip, sem veiða síld í salt, eru bundin við stuttan tíma og verða að haga veiðunum á þann hátt, að síldin sje hæf og góð verslunarvara, þegar henni er skilað í land. En um bræðslusíld hagar öðruvísi til. Þar er áhættan miklu minni, enda er jeg viss um, að ef ekki væri um það að ræða að veiða síld í bræðslu, þá gæti síldarútvegurinn ekki borið sig. Það er sem sje stór kostur að geta haldið áfram að fiska þangað til skipið er fult, í stað þess að binda sig við að koma síldinni í land á meðan hún er hæf til söltunar. Og þó segja megi, að fyrir bræðslusíld fáist minna í bili fyrir hvert kg. til tekna útgerðinni, þá er eigi þar með sagt, að það sje ekki betra í heild fyrir útgerðina en að veiða í salt.

Þá var það eitt, sem hv. 3. landsk. komst að niðurstöðu um, að eftir hrásíldarverðinu gæti bræðslusíld ekki borið helming útflutningsgjaldsins. En það er engin sönnun fengin fyrir því, að framleiðendur fái það verð fyrir bræðslusíld, sem þeir eiga að fá. En aftur á móti er þar öðru máli að gegna um saltsíld. Og ef hv. þm. vildi líta svolítið aftur í tímann og bæri saman verðið, sem fengist hefir fyrir þessar tvær tegundir síldar, þá býst jeg við, að dæmið mundi snúast við, því að það hefir oft orðið sú raun á, að litlu hærra verð hefir fengist fyrir síld til söltunar, þegar meðalverð er tekið, heldur en fyrir þá síld, sem farið hefir í bræðslu. Að vísu er það svo, að þegar hæfilega mikið er saltað af síld, svo það aðeins nægir til að fullnægja eftirspurn, svo sem hægt var að gera síðastliðið sumar, þá er hægt að halda saltsíldarverðinu uppi, og í þeim tilfellum verður bræðslusíldarverðið nokkru lægra.

Þá sagði hv. sami þm. ennfremur, að með því fyrirkomulagi, sem er,

væri það útilokað, að útflutningsgjaldið lenti á öðrum en framleiðendum. Þetta má kannske segja um saltsíld, en meiri líkur eru til, þegar um bræðslusíld er að ræða, að tollurinn lendi á fleirum en framleiðendum. Þetta virðist mjer því ekki allskostar rjett, sem hv. 3. landsk. heldur fram; því þegar menn kaupa síld með hagnaðarvon, er líklegt, að tollurinn dreifist á fleiri. En svo er ekki um saltsíld með því fyrirkomulagi, sem nú er á sölu hennar.

Þá kom hv. 3. landsk. að síðustu að því, að frá minni hendi vantaði astæður fyrir því, að slíks tollauka væri þörf fyrir ríkissjóðinn. En jeg hefi ekki borið fram þessar till. með það aðallega fyrir augum að afla ríkissjóði tekna, heldur miklu fremur til þess að gera tollinn samrýmanlegan á hinum ýmsu vörutegundum, sem unnar eru úr síldinni. Um hitt skal jeg ekkert fullyrða, hvað þetta mundi nema fyrir ríkissjóð, en sennilegt er, að það mundi aldrei fara fram úr 80—100 þús. kr. á ári. Um þetta vil jeg þó ekkert staðhæfa að svo stöddu.

Annars vildi jeg segja það, að mig furðar dálítið á því, að hv. 3. landsk. skuli amast við tekjuauka ríkissjóði til handa. Mjer er kunnugt um, að hann lítur svo björtum augum á fjárhag ríkisins, að hann vill nú láta hefjast handa um ýmsar framkvæmdir, sem óumflýjanlegt er, að hafi allmikil útgjöld í för með sjer, og ætti því frá hans sjónarmiði sjeð ekki að vera slíkum framkvæmdum til skaða, þó að eitthvað bættist við tekjur ríkissjóðsins.

En eins og jeg drap á, eru brtt. þessar ekki bornar fram sem tekjuauki handa ríkissjóði, heldur til samræmis, svo að útflutningsgjaldið eða tollurinn verði ekki ójafnlega hár á einni vöru frekar en annari. Þess vegna tel jeg rjett að reyna nú þá leið að hækka tollinn á samkynja vörum, sem bera nú, að því er mörgum finst, óeðlilega lágan toll.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Mjer skildist á ræðu hv. 3. landsk. eins og hann væri að fiska eftir því, hvort stj. mundi hlynt brtt. þeim, sem hv. 2. þm. S.-M. ber fram á þskj. 223.

Út frá þessu vil jeg þá benda á það, að á síðasta þingi lá samskonar mál og þetta fyrir fjhn., sem við áttum báðir sæti í, hv. 3. landsk. og jeg. Þegar málið var rætt í n., urðu um það skiftar skoðanir. Hjelt hann fram sinni skoðun, sem var hin sama og hann hefir enn, en jeg var þá með því, að samskonar till. og nú liggja fyrir yrðu samþ.

Til viðbótar þessu vildi jeg þá segja það, að jeg hefi ekki skift um skoðun frá því í fyrra, og tel því hækkun þá, sem hjer er um að ræða á útflutningsgjaldinu, alls ekki ósanngjarna.

Hv. 3. landsk. taldi þessa breyt. ósanngjarna í garð þeirra manna, sem veiða síld í bræðslu, og vildi sanna það með verðsamanburði síldaraflans síðastl. sumar, Nú er við þennan samanburð það að athuga, að síðastl. sumar var verð saltsíldar óvenjulega hátt, en verðið á bræðslusíld hlutfallslega lágt. Hefði hann tekið samanburðinn á síldaraflanum sumarið 1927, þá hefði annað orðið uppi á teningnum. Annars er erfitt að segja, hvort þetta geti verið ósanngjarnt eitt ár eða ekki, enda ómögulegt að segja, á

hvora hliðina ósanngirnin kemur fram.

Fleira þarf jeg ekki að segja. Jeg felst á þessa brtt. og mun fylgja henni eins og jeg gerði í fyrra.

**Jón Þorláksson:** Það getur verið eitthvað satt í því, að verðhlutföll á söltunarsíld og þeirri, sem seld var til bræðslu, hafi verið óvenjuleg síðastl. sumar. Þó hygg jeg, að það hafi ekki munað miklu frá því, sem venjulegt er, þó það hafi kunnað að vera eitthvað.

Hv. flm. brtt. kannast nú við, að þessi hækkun á útflutningsgjaldinu sje ekki fram borin til þess að afla ríkissjóði tekna, heldur liggi þar til aðrar ástæður. En jeg hefi enga þá ástæðu heyrt frá honum enn, því að naumast getur það verið af umhyggju hans fyrir þessum atvinnuvegi, að hann leggur til að skattleggja hann með nýjum álögum. Og sje hækkun þessi ekki gerð til þess að afla ríkissjóði tekna, þá skil jeg ekki, með hverju á að rjettlæta slíkan skattauka.

Hv. flm. sagði, að jeg liti björtum augum á fjárhag ríkissjóðs og mun með því hafa átt við, að jeg hefði orðið til þess að bera ýmislegt fram, sem miðaði í framkvæmdaáttina fyrir land og þjóð, en þyrfti styrktar ríkissjóðs. Það er rjett, að jeg lít björtum augum til fjárhags ríkissjóðs og vænti þaðan styrks til nytsamra framkvæmda. En að jeg þori að gera það, er með það fyrir augum, að atvinnuvegirnir fái að eflast og þróast á eðlilegan hátt og án þess að löggjöfin kyrki þá í fæðingunni með óhæfilegum álögum. Jeg álít tekjur ríkissjóðs nægilegar með þeim hæfilegu gjöldum, sem atvinnuvegirnir bera nú. Og jeg lít björtum augum á hverja þá tekjuvon, sem framundan er, ef aðeins er sýnt, að atvinnuvegirnir fái að þróast í friði. En jeg er á móti hverri þeirri tekjuvon ríkissjóði til handa, sem stofna mundi atvinnuvegunum í hættu með óhæfilegum tolli eða öðrum álögum, eins og farið er fram á með brtt. á þskj. 223.

Nú stendur svo á um bræðslusíldina, eða þær veiðar, að þær eru liður í þessum atvinnurekstri, sem hefir vantað. Mikið af skipum og fjöldi fólks, sem ekki finnur annað verkefni sumarmánuðina, og mundi sú atvinna rýrna til muna, ef gert er erfiðara fyrir að veiða síld í bræðslu en verið hefir.

Nú er kunnugt, að það orkar mjög tvímælis, hvort holt muni að auka síldarsöltun, og er því jafnvel haldið fram, að aukin söltun mundi fella síldina í verði. Er þá auðsjeð, að sú atvinna, sem hafa mætti af síldveiðum, verður þjóðhagslega að litlum notum sumarmánuðina, ef það legðist niður að veiða í bræðslu, en sú veiði hefir verið tekin upp hin síðari árin og orðið til þess að fylla í eyðu, sem áður varð í atvinnu manna. Af þessum ástæðum sýnist því hjer um hagsmunaatriði fjölda manna að ræða, og því nauðsynlegt að hlaupa ekki slík gönuskeið sem þessi, að heimta, að verðminni aflinn beri sömu gjöld og sá aflinn, sem altaf er verðmeiri. Og til frekari árjettingar mætti benda á það, að sömu skipin afla hvorratveggja þessara síldartegunda á þann hátt, að þau láta afla síðasta dagsins, eða það, sem nýtt er, til söltunar, en hitt í bræðslu, og því

engin ósanngirni, þó að betri og nýi aflinn beri hærra útflutningsgjald en sá hluti aflans, sem fallið hefir í verði við að bíða.

**Erlingur Friðjónsson:** Eins og kunnugt er, flutti jeg á síðasta þingi 2 frv. um hækkun á útflutningsgjaldi á síldarafurðum. Annað um hækkun á útflutningsgjaldi á síldarmjöli, en hitt um hækkun á útflutningsgjaldi á síldarlýsi. Hv. 2. þm. S.-M. hefir tekið efnið úr öðru því frv. á þskj. 223 um hækkun útflutningsgjalds á síldarmjöli. Tilgangur minn með frv. þessum var sá, að samræma útflutningsgjald á þessum afurðum við útflutningsgjald á saltsíld. Var í frv. þessum gert ráð fyrir hækkun á útflutningsgjaldi á síld til að vega á móti hækkuninni á hinu. Lít jeg þannig á, að útflutningsgjaldið beri að miða við verð hrásíldarinnar, og yrði þá útflutningsgjaldið álíka hátt á einni tunnu af saltsíld og einu máli af síld í bræðslu. Það er alment viðurkent, að fyrir eitt mál af síld í bræðslu beri að greiða álíka hátt verð eins og fyrir eina tunnu síldar í salt. Þegar t. d. ein tunna af síld er keypt fyrir 10—12 kr. til söltunar, er álíka mikið fyrir málið gefið til bræðslu. Enda er það alment viðurkent, að eins vel borgi sig fyrir síldveiðendur að veiða í bræðslu, þó þeir fái ⅓ minna fyrir síldina þar, eins og í salt. Að sönnu hefir út af þessu brugðið á tveimur síðustu árum, að verðið á máli í bræðslu og tunnu í salt hafi haldist í hendur, því bræðslusíldarverðið hefir verið lægra en það, en óhætt er að ganga út frá hinu sem nokkurnveginn fastri reglu, að fyrir hvert mál síldar í bræðslu og hverja tunnu í salt sje venjulega gefið jafnhátt verð.

Hv. 3. landsk. vildi halda því fram, að síðastl. sumar hefðu síldarbræðslurnar ekki gefið hærra verð fyrir síldarmál en kr. 8,50 eða jafnvel ekki meira en kr. 7,75. Jeg skal ekkert fullyrða um það, hvort þessi skýrsla hans um síldarverðið er rjett eða ekki, því til þess vantar mig kunnugleika, ef hún er rjett, og jeg ætla að ganga út frá, að hún sje það. Þá má ganga út frá, að síldarbræðslurnar hafi grætt í ár 2 til 3 kr. á hverju síldarmáli, því verð síldarafurða var líkt bæði árin 1927 og 1928. En hv. 3. landsk. lagði fyrir síðasta þing skýrslu um rekstur síldarbræðslustöðvar, þar sem hann sannaði, að með sama verði á bræðsluafurðum og 1927 hefði mátt greiða 10 til 11 kr. fyrir hvert síldarmál 1928. Jeg sje því enga ástæðu til að hlífa síldarbræðslunum við þeirri litlu hækkun, sem hv. 2. þm. S.-M. flytur á þskj. 223, sem kemur ekki til með að nema meiru en 16 til 18 aurum á hver 100 kg. af síld. Ástæðulaust er að halda því fram, að þessi lítilfjörlega hækkun á útflutningsgjaldi á síldarafurðum muni lenda á framleiðendum. Eftir skýrslu hv. 3. landsk. í fyrra er sýnilegt, að allmikill gróði hefir orðið á síldarbræðslunum 2 síðastl. ár, og þó enn meiri árið 1928 en árið á undan.

Þá fór hv. 3. landsk. nokkrum orðum um það, að síldarsöltun drægi fólkið úr sveitunum og vinnukraftinn frá bændunum, og að því er mjer skildist myndi það setja sveitirnar í auðn. Hún er orðin nokkuð áberandi þessi bændaumhyggja hjá sumum hv. þm., og vitanlega er ekki sjerstaklega mikið út

á það að setja, en full ástæða virðist cinnig til þess fyrir þá hv. þingmenn að muna líka eftir því fólki, sem komið er í sjávarþorpin og bundið er orðið við síldarvinnuna þar. Ef draga ætti úr síldarsöltun og auka það, sem látið yrði í bræðslu, myndi af því leiða mikið vinnutap fyrir það verkafólk, sem komið er að síldarútveginum, því síldarsöltun útheimtir fjórfalt meiri vinnu en síldarbræðsla, þegar miðað er við sömu veiði til hvorstveggja, svo fyrir þjóðina er það margfalt meiri hagnaður, að síldarsöltun sje aukin og sá atvinnurekstur verði trygður heldur en þó síldarbræðslan vaxi.

Jeg er ráðinn í því að vera með þessari hækkun, sem leiðir af till. hv. 2. þm. S.-M. á þskj. 223, með það fyrir augum, að í sambandi við annað mál, sem hjer er á ferðinni, er farið fram á að minka tekjur ríkisins af útflutningi saltaðrar síldar, og get jeg því unt ríkissjóði þess, að hann fái auknar tekjur af þessari grein. Mun jeg þegar þar að kemur leggja áherslu á, að lækkun á útflutningsgjaldi saltaðrar síldar komi á móti þeirri hækkun, sem hjer er farið fram á. Með þetta fyrir augum greiði jeg atkv. með till. hv. flm.

ATKVGR.

Brtt. 223 samþ. með 7:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv. og endursent Nd.

---

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, var frv útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 245).

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 245, 341).

**Frsm. (Ólafur Thors):** Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er frv. þetta upprunalega borið fram af hæstv. stj. til þess að fá staðfestingu á bráðabirgðal., sem út voru gefin í júlí síðasta ár. Þessi hv. d. staðfesti bráðabirgðalögin alveg óbreytt, en hv. Ed. hefir fundið ástæðu til þess að gera allveigamiklar breyt. á þeim. Þær breyt. eru aðallega í því fólgnar að hækka um helming útflutningsgjald af síldarmjöli og fiskimjöli og að hækka útflutningsgjald um 20% af hausum og óunnum sjávarafurðum. Fjhn. vildi ekki ganga inn á þessar breyt., af því að á þeim vörum, sem hv. Ed. tvöfaldaði útflutningsgjaldið á, hvílir nú 4% útflutningsgjald samkv. frv. hæstv. stj. Þar sem nú þetta er hærra útflutningsgjald heldur en á nokkurri annari samskonar vörutegund, þá lítur n. svo á, að þar sje síst á bætandi, og hefir því farið fram á, að sú breyt. verði gerð á frv., sem færir það í hið fyrra horf, svo að það verði eins og það kom frá hendi hæstv. stj.

Jeg vona, að hv. dm. líti svo á, að nóg sje komið af tollum á þessa vörutegund, og sjái sjer fært að fallast á þetta.

ATKVGR.

Brtt. 341 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 379).

Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

**Ingvar Pálmason:** Frv. þetta er komið til d. aftur frá hv. Nd., sem hefir gert þær breyt. á því, að numin hefir verið burt tollhækkunin á síldar-og fiskimjöli og lækkaður tollurinn á óþurkuðum fiskúrgangi úr 60 aurum niður í 50 aura. Þessar breyt. skifta töluverðu máli, sjerstaklega sú, er jeg fyr nefndi, en þar sem hv. Nd. virðist standa fast saman um þessar breyt., má búast við, að það sje að berja höfðinu við stein að ætla sjer að lagfæra þetta. Jeg hefi því ekki komið með neinar till. í þá átt að færa frv. í það form, sem það var í þegar það fór hjeðan til hv. Nd. Það er um tvent að gera: að samþ. frv. eins og það nú er eða fella það. En jeg get skilið, að ýmsum þyki það viðurhlutamikið að fella frv., vegna þess að um þetta efni hafa nú gilt bráðabirgðal. um nokkurn tíma. Jeg mun því ekki hafa afskifti af því, hvernig atkvgr. fer, en læt hv. d. um það, hvort hún vill samþ. frv. eða fella.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 435).

## 7. Einkasími í sveitum.

Á 10. fundi í Ed., 28. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um einkasíma í sveitum** (þmfrv., A. 47).

Á 12. fundi í Ed., 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Jónsson):** Jeg hefi leyft mjer að flytja þetta frv. um einkasíma í sveitum ásamt tveimur öðrum hv. þdm., og skal jeg nú fara nokkrum orðum um ástæðurnar fyrir því. Eins og menn vita, fara kröfur um nýjar símalínur í sveitunum stórlega í vöxt, eins og raunar virðist eðlilegt, þar sem viðskifti manna á meðal aukast stöðugt. Kröfurnar stefna að því, að sem flest bygðarlög og jafnvel flestir bæir í sveitunum komist í símasamband. En búast má við, að það dragist lengi, að ýms bygðarlög geti átt kost á landssímalínu. Til þess að ná þessu marki kemur til álita, hvort heppilegra sje að leggja nýjar og nýjar landssímalínur upp um sveitirnar og áskilja framlög til þeirra frá hlutaðeigendum, eða gefa mönnum kost á einkasímum með ríflegum styrk frá landssímanum eða úr ríkissjóði. Auk þess er vert að athuga það, hvort þessi aukning á símakerfi sveitanna er æskileg. Ber þá á tvent að líta, afstöðu notendanna annarsvegar og afstöðu landssímans hinsvegar.

Jeg hefi orðið þess var, að ýmsar bygðir mundu frekar kjósa einkasíma, ef þær ættu kost á honum með ríflegum styrk, og sjálfur tel jeg, að hann mundi verða að almennari notum. Vitanlega yrðu notendurnir að greiða nokkru meira af stofnkostnaði við einkasíma en við aukalandssímalínu, þar sem hún fengist, og auk þess yrðu þeir að taka á sig viðhaldið, sem er ærinn baggi. En kostir einkasíma virðist að vegi fullkomlega á móti því.

Það, sem jeg tel helstu kostina við einkasímakerfið, er þetta:

1. Einkasímalínur ættu að komast fyr á í flestum tilfellum.

2. Auðveldara væri að leggja síma heim á bæina á því svæði, sem um er að ræða, og það mundi verða gert, jafnvel á flesta bæi í sumum sveitum.

Við það ynnist margt. Í fyrsta lagi, að sveitirnar færðust miklu meira saman og einangruninni, sem margir kvarta um, væri stökt á burt án þess að nokkuð tapaðist af kostum sveitalífsins. Í öðru lagi yrði samstarf sveitanna meira eftir en áður og miklu ljettara fyrir nágranna að reka sín erindi. Í þriðja lagi yrðu viðskifti heimilanna út á við miklu auðveldari, t. d. við sinn verslunarstað. Nú er svo komið, sem betur fer, að akvegir eru að komast í margar sveitir, er kvíslast svo óðum heim á bæina; og bifreiðarnar fylgja vegunum fast eftir. Þar sem svona er í haginn búið, yrðu bæir í símasambandi losaðir að talsverðu leyti við hinar tímafreku og dýru kaupstaðaferðir, því að þeir þyrftu ekki annað en að síma eftir þörfunum í kaupstaðinn til að fá þær með bifreiðinni. Loks geta bæir í símasambandi fengið veðurspár, og getur það orðið mjög þýðingarmikið hagræði, því fullkomnari sem veðurspárnar reynast.

Jeg vona, að mönnum verði það ljóst af þessu, sem jeg hefi nú sagt, að víðtæku símakerfi um sveitirnar verði ekki komið á nema með einkasíma, að það yrði til mikilla menningarbóta og hagræðis. Jeg tel það alt mikils virði, sem stuðlar að því að gera sveitalífið sem yndislegast og ljettast fyrir þá, sem þar búa.

Sje aftur á móti litið á hag landssímans, þá hygg jeg, að reynslan muni vera sú, að einkalínur upp í sveitirnar, með 1 og 2 stöðvum í hverri sveit, gefi næsta lítið af sjer. Við starfrækslu þeirra er nokkur kostnaður og talsverð endurskoðun á reikningum o. fl., en tekjur vilja heimtast mjög misjafnlega. Sjeu aftur á móti einkasímar á mörgum bæjum með einni miðstöð, má vænta þess, að tekjur yrðu meiri. Auk þess myndi landssíminn losna við viðhald þar sem einkasímarnir væru. Jeg held því, að frv. þetta yrði til stórbóta fyrir landssímann, ef samþ. verður. Tekjur myndu stóraukast, en áhætta engin. Jeg hefi borið frv. þetta undir landssímastjóra, og var hann því mjög hlyntur. Gerði hann að vísu lítilshattar breyt. á frv. eins og það var í upphafi, og hefir hún verið tekin upp í frv. Að vísu lagði hann til, að landssíminn greiddi aðeins helming kostnaðar, en við höfum í frv. gert ráð fyrir ⅗. Hinsvegar ætlumst við ekki til, að landssíminn greiði neitt af flutningskostnaði frá skipsfjöl. Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál og leyfi mjer að æskja þess, að því, að lokinni umræðu, verði vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 20. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 139).

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í þessu máli. — Síðan afnot símans urðu almenn hjer á landi, hefir jafnan borið meira og minna á óskum landsmanna um lagning nýrra síma. Þetta er í sjálfu sjer ekki óeðlilegt, því að það

er orðið svo alstaðar í heiminum, og það má gera ráð fyrir, að slíkar óskir þagni ekki, fyr en sími er kominn inn á hvert heimili þessa lands. Af sömu rótum er þetta frv., sem hjer er fram komið og fer fram á heimild handa sýslunefndum til að gera samþyktir um símalagningar yfir einhver ákveðin svæði.

Jeg skal geta þess, að samgmn. hefir leitað álits landssímastjóra um þetta mál, og var hann í öllum aðalatriðum samþykkur frv., aðeins leggur hann til, að lítilsháttar breyt. verði gerðar á því, og eru brtt. þær, sem n. leggur til, í samræmi við álit hans.

Fyrst er brtt. við 10. gr. Í þeirri gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykt, á rjett á að leggja síma inn hjá sjer frá aðaleinkalínunni án aukins gjalds til hennar".

Landssímastjóri vakti athygli n. á því, og n. virtist það með rjettu, að ef þetta væri ótakmarkað, gæti svo farið, að ein lína yrði ofhlaðin og skertur rjettur þeirra, sem fyrir væru. Þess vegna telur n. rjett að bæta inn í því ákvæði: „ef það þykir fært að dómi landssímastjóra". Það má gera ráð fyrir, að hann sje því kunnugastur, og ennfremur má gera ráð fyrir því, að í öllum tilfellum, þar sem hann álítur fært að bæta við slíkri línu, muni hann veita samþykki sitt.

2. brtt. n., við 13. gr. frv., er til komin af því, að henni virðist of lágt tengigjald, 5 kr., miðað við þau tengigjöld, sem nú eru greidd til landssímans. Eins og kunnugt er, eru tengigjöld mjög víða 20 kr. fyrir hvern ársfjórðung, þ. e. a. s. 80 kr. á ári.

Það hefði nú ef til vill mátt rjettlæta þetta 5 kr. tengigjald, ef ekki hefði verið ákveðið eins og hjer stendur í 13. gr.: „enda annist þá landssíminn alla afgreiðslu á miðstöðinni notendum að kostnaðarlausu". En þegar svo er ákveðið, virðist ekki sanngjarnt, að tengigjaldið sje svo lágt sem hjer er ákveðið, og þó að það sje ákveðið 10 krónur, get jeg ekki betur sjeð en að þessar línur sleppi öllu betur við það gjald heldur en aðrir talfæranotendur annarsstaðar á landinu. N. hafði líka hugsað sjer að gera aðra breyt. á 13. gr., bæta inn í á eftir orðunum „allri afgreiðslu á miðstöðinni": „í stöðvartímanum", — því að það liggur í hlutarins eðli, að landssíminn annast ekki þessa afgreiðslu nema á þeim tíma, sem stöðin er opin. Þess vegna býst jeg við, að n. komi með brtt. í þessa átt við 3. umr. Annars skal jeg ekki ræða þetta mál frekar að sinni; það liggur ljóst fyrir og litlar breyt., sem n. hefir gert, svo að jeg hygg, að þær geti ekki valdið ágreiningi.

**Jón Jónsson:** Jeg finn mjer skylt að þakka hv. n. fyrir góða meðferð á þessu frv. okkar, sem jeg vona, að verði til þess að greiða mikið fyrir einkasímum í sveitum. Það er borið fram, eins og hv. frsm. gat um, af því að mikill áhugi er vaknaður fyrir því víða um sveitir þessa lands að fá símasambönd, og að mikill áhugi sje fyrir þessu, kemur ljóst fram á hverjum degi, þar sem altaf drífa yfir okkur beiðnir um nýjar símalínur, og mjer dylst það ekki, að ef þær ná samþykki þingsins, þá muni það hafa mikil útgjöld í för með sjer, og kemur því til álita, hvort sú leið, sem hjer

er bent á, er ekki fult svo heppileg sem að taka nýjar og nýjar landssímalínur upp í símalögin.

En hvað viðvíkur þessum brtt. hv. n., þá má segja sem svo, að þær sjeu ekki stórvægilegar, en þó hygg jeg, að þær verði, frekar en hitt, til þess að draga úr því hagræði, sem verða myndi; tel jeg það t. d. að því er snertir fyrri brtt. hv. n. ekki sanngjarnt, að þegar menn eru skyldir til þess að leggja til svona fyrirtækja, þá hafi þeir ekki líka skilyrðislausan rjett til að leggja inn síma frá sjer, á sinn kostnað, frá aðallínunni. Vitanlega getur það af því hlotist, eins og hv. frsm. benti á, að línan verði ofhlaðin, en jeg hafði hugsað mjer, að lausnin yrði sú, að símafjelagið í heild yrði að fjölga línunum, alveg eins og landssímalínum er fjölgað eftir því sem stöðvum á henni fjölgar og notkun vex. Mjer finst, að þetta ætti að vera sömu lögum háð, og því tæpast rjett að samþ. þessa brtt., þótt jeg vilji ekki leggja mikla áherslu á þetta, því að jeg geri ráð fyrir, að víðast hvar myndi greiðast úr þessu og landssímastjóri sjá sjer fært að verða við beiðnum um nýjar innlagningar.

Hvað hinu atriðinu viðvíkur, þá býst jeg við, að það verði frekar til að draga úr þátttökunni, því að geta sveitaheimila er oftast lítil og þau verða að hlífa sjer sem mest við útgjöldum. Það má náttúrlega segja, að það skifti ekki miklu, hvort árgjaldið er fimm eða tíu krónur, en oftast yrði það ekki nema örstuttan tíma á dag, sem heimilið hefði not af sambandinu, því að 3. flokks stöðvar eru ekki opnar nema stuttan tíma daglega, og því ekki rjett, að gjöldin sjeu há. Jeg veit ekki betur en að í kauptúnum, þar sem eru einkalínur, sje gjaldið ekki nema 10 kr. Er þetta þess vegna ekki sanngjarnt, því að vitanlega yrðu þessi viðskifti í sveitum miklu minni heldur en í kauptúnum landsins, því að jeg geri ráð fyrir samtali á einkalínum án þess að leita til millistöðvar, en í kauptúnum geta menn það ekki, og því hefir hún margfalt starf þar við það, sem verða mundi við einkalínur í sveitum. Þess vegna er tæpast sanngjarnt nema gjaldið þar sje ákveðið mun lægra; hygg jeg, að þingið þurfi ekki að vera mjög hikandi við að veita mönnum þessi hlunnindi, því það mætti vera þakklátt fyrir, að þessar línur kæmust á, þar sem notendur kosta viðhaldið, í stað þess að eiga altaf yfir höfði sjer beiðnir um aukinn línufjölda. Áreiðanlega er því rjettara að vera dálítið ríflegri um tillög til þessara einkasíma. Jeg vildi þess vegna heldur mælast til þess, að hv. deild sæi sjer fært að fella niður, einkanlega seinni brtt. hv. n.

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Það er eiginlega ekki svo mikið, sem okkur ber á milli, hv. 6. landsk. og mjer, en þó telur hv. þm. brtt. n. heldur til hins verra og vildi halda því fram, að breyt. á 10. gr. væri ekki sanngjörn að því leyti, að þeir menn, sem einu sinni væru í þessari samþykt, ættu rjett á að leggja inn síma hjá sjer, hvenær sem þeir vildu, en kannaðist hinsvegar við, að línan gæti orðið ofhlaðin, og taldi það óheppilegt.

Jeg taldi víst, að í hvert skifti, sem lína er orðin fullskipuð tengilínum til einstakra manna, þá myndu ekki vera önnur ráð fyrir hendi, ef fleiri væru,

sem vildu nota símann, en að leggja nýjar einkalínur, og það geri jeg ráð fyrir, að landssímastjórinn myndi leggja til í hverju einstöku tilfelli; en það virðist mjer rjett, að hann sje jafnan látinn dæma um, hvort á því sje þörf.

Út af brtt. við 13. gr. taldi hv. þm., að gjaldið, eins og það er ákveðið í frv., væri nægilega hátt, og að þetta tíu króna tengigjald, sem n. leggur til, væri helst til hátt, en um það er um við ekki sammála. Hv. þm. hjelt því fram, að það myndi verða um svo stuttan tíma að ræða á þessum einkalínum, en það getur verið upp og niður. Það er alls ekki víst, að þær heyri undir 3. fl. stöð frekar en 2. fl. stöð, og jafnvel 1. fl. stöð, svo að það er ómögulegt að segja um, hvort fyrirhöfn landssímans verður mikil eða lítil, svo að jeg held, satt að segja, að hvernig sem á þetta er litið, þá geti þetta tíu króna tengigjald alls ekki talist of hátt, sjerstaklega þegar miðað er við tengigjald annara síma á landinu.

**Jón Jónsson:** Jeg ætla aðeins að geta þess, út af því, sem hv. frsm. n. sagði viðvíkjandi fyrri brtt., að það má kannske mæla margt með því, að landssímastjóri segi um, hvort heppilegt sje að fjölga á línunni eða ekki, en hann getur engu ráðið um það, hvort fjölgað er eða ekki. Þar ættu einstaklingarnir undir högg að sækja hjá fjelaginu, en ef farið er eftir frv. okkar, þá ættu þeir rjett á að fá síma, og fjelagið ætti þess vegna, ef ofhlaðið væri á línuna, að sjá sinn hag í að fjölga línum, en annars er hætta á, að fjelagið trássist við að fjölga línum, af því að meiri hl. þess hafi þegar aðgang, en rjettur einstakra mann verði fyrir borð borinn.

Hvað hinu viðvíkur, þá er um það að segja, að það er ekki víst, að þessir einkasímar verði alstaðar í sambandi við 3. fl. stöðvar. Það má sjálfsagt búast við, að það verði svona upp og niður, verði það sumstaðar, og mjer þætti það mikil bót, ef háttv. nefnd hefði viljað samþ. það, jafnframt og gjaldið væri hækkað, að þá væri landssíminn skyldur til að afgreiða þessar einkalínur svo lengi sem afgreiðslutími 2. fl. stöðvar er, því þá eru rjettindi þessara lína aukin.

**Páll Hermannsson:** Mjer virtist svo, sem kendi nokkurs misskilnings hjá hv. 6. landsk., er hann talaði um fyrri brtt. n. Hann virtist líta svo á, að einstaklingar í sveitum, er aðgang ættu að einkasímalínu, ættu frekar undir högg að sækja hjá fjelaginu, ef brtt. yrði samþ. Þetta er ekki rjett. Brtt. ætlast einungis til þess, að landssímastjóri hlutist til um það, að einkasímalínur verði eigi ofhlaðnar vegna talfærafjölda, en af hans íhlutun leiddi aldrei annað en það, að þráðum yrði að fjölga á línunni. Menn eiga því ekki undir högg að sækja hjá fjelögunum. Mjer skilst og, að menn verði að gera sjer grein fyrir því í byrjun, um hvað marga notendur á hverri línu geti verið að ræða, og svo verði að haga lagningunum eftir því, því ekki má ætla sjer að leggja skyldur á herðar þeim, er gætu svo ekki orðið rjettarins aðnjótandi.

Síðari brtt. fer fram á það, að gjaldið fyrir talfæri hækki úr 5 kr. í 10, og er því í sjálfu sjer smábreyt., enda þó að það sje nokkur hækkun frá

því, er frv. ætlast til. Það er rjett hjá hv. 6. landsk., að slíkt gjald er ekki nema 10 kr. í kaupstöðum. En þá er það aðgætandi, að þar eiga notendur sjálfir línuna og öll tilheyrandi áhöld, en hjer í þessu tilfelli yrði það svo, að landssíminn væri búinn að hjálpa mönnum mikið til þess að eignast þau. Einkasímar hefðu að sjálfsögðu stöðvar af ýmsum flokkum fyrir milliliði, og gæti ekki komið til mála, að þeir hefðu rjett til afgreiðslu lengur en þann tíma, sem viðkomandi miðstöð væri opin. En af símanotkun einkasíma gæti vel leitt, að lengja þyrfti starfstíma stöðva, t. d. gera 2. fl. stöð úr 3. fl. stöð. Og þó af því leiddi ef til vill nokkurn tekjuauka fyrir landssímann, þá er vafasamt, að hann samsvari þeim kostnaði, sem slík breyt. hefir í för með sjer.

Þó það sje lítið, sem um er deilt, hygg jeg þó, að brtt. n. sjeu til bóta, og legg jeg því eindregið með því, að þær verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

2.—9. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Brtt. 139,1 samþ. með 10:2 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 139.2 samþ. með 10:3 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

14.—15. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum (14) atkv.

---

Á 29. fundi í Ed., 22. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 167, 168).

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Samgmn. á örlitla brtt. á þskj. 168. Leggur n. til, að í 13. gr. verði bætt orðinu „stöðvartímanum". Er það til þess að taka greinilega fram, að landssímanum beri ekki að annast afgreiðslu nema á þeim tíma, sem stöðin er opin. Virðist mjer það vera sjálfsagt og vænti þess, að þessi brtt. fái góðar undirtektir hjá hv. dm.

ATKVGR.

Brtt. 168 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 30. fundi í Nd., 23. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 188).

Á 32. fundi í Nd., 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 281).

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Frv. þetta er fram borið í Ed. og hefir gengið

gegnum þá hv. deild með litlum breyt. Þó hefir verið gerð á því að minsta kosti ein breyt., sem má segja, að orkað hafi tvímælis um, hvort rjett sje eða ekki. N. vildi nú samt ekki gera neinar brtt. við það, en mun athuga til 3. umr., hvort ekki væri ástæða til að breyta eitthvað tengigjaldinu. Tengigjaldið var upphaflega ákveðið 5 kr., en Ed. hækkaði það upp í 10 kr. Jeg get fallist á, að það sje rjettmætt, ef um 2. eða 1. fl. stöð væri að ræða, sem línan næði sambandi við; en ef um tengingu við 3. fl. stöð er að ræða, þá virðist nokkuð hátt reiknað að taka 10 kr. tengigjald, því að það er öllum mönnum vitanlegt, að svo miklu minni not verða af einkasímanum, ef um 3. fl. tengistöð væri að ræða.

Um frv. í heild sinni er ekki ástæða til að ræða svo mikið. Hv. þdm. hafa sjálfsagt kynt sjer það; það er vel undirbúið og landssímastjóri hefir mælt með því, og virðist því ekki vera ástæða til annars en að láta það ná fram að ganga, enda hygg jeg, að allur fjöldi manna sje á einu máli um það, að nauðsynlegt sje að efla sem mest símasamband úti um land, eins og reyndar öll önnur samgöngutæki.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en í þessu eina atriði, sem jeg gat um áðan, þá mun n. athuga til 3. umr., hvort ekki sje ástæða til að flytja brtt. En að sjálfsögðu mun hún í því efni fara eftir till. landssímastjóra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

5.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

13.—15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 318).

---

## 8. Löggilding verslunarstaða.

Á 16. fundi í Nd., 7. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um löggilding verslunarstaðar í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu** (þmfrv., A. 78).

Á 18. fundi í Nd., 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Hákon Kristófersson):** Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta litla frv., sem jeg flyt hjer á þskj. 78. Jeg hefi gert grein fyrir því í örstuttri grg., að það er samkv. ósk eiganda jarðarinnar, sem jeg flyt frv. þetta. Slík frv. sem þetta hafa venjulega verið samþ. mótmælalaust, enda er það vitað, að þau lög geta engan skaða gert, en geta í sumum tilfellum verið þýðingarmikil. Eftir því sem eigandi lítur á, telur hann að þetta geti orðið til að gera það mögulegra,

að skip fáist til að koma þar, eins og átti sjer stað fyrir mörgum árum, auk þess að hann telur líklegt, að þetta hækki verð jarðarinnar, og býst jeg við, að Alþ. muni síður en svo hafa á móti því. Jeg sje ekki ástæðu til að vísa þessu máli í nefnd, enda mun þeirri venju ekki hafa verið fylgt á undanförnum árum í slíkum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Nd., 12 mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, 92).

**Hákon Kristófersson:** Jeg hefi eiginlega ekkert sjerstakt um frv. að segja, annað en það, sem jeg sagði við 1. umr. þess. Jeg sje, að það er komin fram brtt. við það á þskj. 92 frá hv. þm. N.-Þ. Jeg hefi ekkert á móti henni, en leyfi mjer aðeins að leggja það til, að frv. verði samþ. með brtt. — Þessi Sigurðarstaðavík mun vera á miðri Melrakkasljettu að norðanverðu, og má telja hagkvæmt að fá slíkri löggildingu á komið. Og á það vil jeg benda, að ef þessi lög verða eigi til gagns, þá geta þau að minsta kosti ekki skaðað, með þeim takmörkunum, sem sett eru. Fleira hefi jeg svo ekki um frv. að segja, en býst við, að hv. d. sýni því sömu velvild og við 1. umr. og lofi því að ganga áfram.

ATKVGR.

Brtt. 92,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 92,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 92,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um löggilding verslunarstaða.**

---

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 103).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 103).

Á 24. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Ed., 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 186).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Um frv. þetta er ekki margt að segja. Venjulega þegar slík mál hafa legið fyrir þinginu, hafa þau náð fram að ganga. Þetta frv. fer fram á, að í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu og í Sigurðarstaðavík á Melrakkasljettu skuli vera löggiltir verslunarstaðir. N. hefir

ekkert við frv. að athuga og leggur því óskift til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 231).

---

## 9. Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar.

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913** (þmfrv., A. 169).

Á 30. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þetta frv. samkv. tilmælum bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum, og skal jeg þá í fáum orðum skýra helstu ástæðurnar, sem til þess liggja.

Eins og kunnugt er, þá hefir á undanförnum árum verið unnið að hafnargerð í Vestmannaeyjum, og hefir þar við mikla örðugleika verið að etja. Í fyrra sumar var unnið að því að gera syðri hafnargarðinn tryggan, en þó jafnhliða unnið að því með miklum dugnaði að fullgera nyrðri garðinn. En þó að syðri garðurinn væri mikið treystur í fyrra, þá tókst samt stórsjóunum í vetur að vinna á honum, svo hann þarfnast nú allmikillar viðgerðar. Hefir verkfræðingur athugað skemdirnar og telur vel kleift að bæta þær. Er því áætlunin í sumar að ljúka við nyrðri garðinn og að bæta skemdir syðri garðsins, og má þá vænta, að þessu mannvirki verði að mestu lokið.

En inni í sjálfri höfninni er ekki byrjað á neinum mannvirkjum enn. Að vísu hefir verið unnið þar að dýpkun. Það hefir „Uffe“ annast eitt sumar, og með aðstoð kafara hefir verið tekið upp talsvert af grjóti, sem valdið hefir trafala á innsiglingarleiðinni, og það grjót hefir komið að góðu haldi við hleðslu hafnargarðanna. En þessu starfi verður að halda áfram, til þess að bæta innsiglinguna í höfnina.

Inni í sjálfri höfninni þrengist jafnt og þjett. Mótorbátum fjölgar stöðugt og stærri skip bætast í flotann. Í vetur voru keypt 4 gufuskip ásamt stærri mótorbátum, og telur nú fiskiflotinn um 100 vjelbáta auk gufuskipanna. En sökum þess hvað fiskibátaflotinn er orðinn stór, þá eru þrengslin í höfninni óbærileg og valda margskonar trafala. Er því óhjákvæmilegt að hefi-

ast handa um meiri lendingarbætur, enda hugmynd hafnarnefndar, að byrjað sje þegar á næsta sumri að byggja bryggju innan hafnarinnar fyrir vjelbáta til þess að afferma sig við, og hefir vitamálastjóri verið þar með í ráðum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mikið lengur, enda er komið fram yfir venjuleg fundarslit. Jeg vil aðeins geta þess, að með frv. er stj. heimilað að veita fje til þessa mannvirkis, þegar það er fyrir hendi, og hefi jeg ekkert við það að athuga, enda er það í samræmi við þá breyt., sem gerð var á þinginu í fyrra á frv. því, er þá var borið fram um sama efni. Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu að hafa þetta sem heimildarlög; hæstv. stj. hefir í viðtali við mig talið sig vilja styðja að því að koma hafnarmannvirkjunum í bærilegt horf. Og í því trausti er farið fram á þessa heimild, að hæstv. stj. taki hana til greina.

Vestmannaeyjar eru dýrmætur hluti í eigu landsins, og höfnin verður að vera vönduð, en ekki verður hjá því komist, að hún verði nokkuð dýr. En í ríkissjóð renna tekjur og skattar úr Vestmannaeyjum, sem nema á ári um 600 þús. króna. Þess vegna vænti jeg, að Alþingi vilji styðja að því, að sem allra fyrst megi takast að koma þessum mannvirkjum í það horf, að höfnin geti fullnægt þeirri þörf, sem henni er ætlað að gera. En til þess þarf margfalt fje við það, sem hjer er farið fram á, enda verður verið að vinna að þessum umbótum í mörg ár.

Að svo mæltu vænti jeg, að frv. fái að ganga til 2. umr. og þá til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 249).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Sjútvn. hefir á þskj. 249 gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls, og mun jeg ekki fjölyrða um ástæður fyrir frv., því að á þskj. er alt tekið fram, sem þarf. Með nál. sjútvn. er prentað brjef frá vitamálastjóra um þetta mál, og má af því sjá, hve þörfin er aðkallandi.

Við 1. umr. þessa máls mintist jeg á helstu aðalatriði, sem til greina koma, að mest ríður á að gera við hafnargarðinn, þar sem hann er bilaður, og ljúka við það, sem ólokið er. Útvegurinn í Vestmannaeyjum vex svo hröðum skrefum, að áframhaldandi hafnarbætur þar eru lífsskilyrði fyrir hinn stóra vjelskipaflota, sem þar á heima. Þetta var öllum nm. ljóst, og hafa þeir allir skrifað undir nál. á þskj. 249 fyrirvaralaust, nema einn. Mjer er ekki kunnugt um, í hverju sá fyrirvari er fólginn, svo að jeg get ekki tekið afstöðu til hans fyr en sá hv. þm. hefir gert grein fyrir honum. N. leggur annars til, að frv. verði samþ. með þeirri forsendu, að framkvæmdir verði ekki látnar dragast um of.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

**Magnús Torfason:** Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og hugsun sú, sem vakti fyrir mjer með því, var það, að í frv. er talað um að ljúka við að byggja hafnargarðana og til nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum.

Mitt álit er það, að það sje sjálfsagt að leggja fje til að byggja hafnargarðana sjálfa; það verður alls ekki hjá því komist, en aftur hvað snertir mannvirki innan hafnarinnar í Vestmannaeyjum, þá verð jeg að telja, að ríkissjóði sje óskyldara að leggja fje til þess. Það er sagt hjer, að það megi verja af því fje **alt að** 70 þús. kr., og þá vil jeg leggja áherslu á með því, að það sje ekki skylda ríkissjóðs að leggja svo mikið fram.

Með þessu fororði get jeg greitt þessu frv. atkv. mitt.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Hv. 2. þm. Árn. var rjett í þessu að gera grein fyrir fyrirvara sínum, sem jeg ekki vissi hver var. — Mjer þótti vænt um að heyra það, að hv. þm. er það ljóst, að ríkisstj. beri að leggja fram fje til að byggja hafnargarðana í Vestmannaeyjum; vitaskuld hefir hv. þm. sjálfsagt meint, að ríkið leggi fram nokkurn hluta þess fjár, því að vitanlega dettur Vestmannaeyingum aldrei í hug að fara fram á meira. En það er hvorttveggja, að verkið er erfitt og gengur erfiðlega, en eins og hv. þm. mun vera ljóst, þá er því nú samt sem áður svo langt komið, að það er ekki skynsamlegt, hvorki fyrir Vestmannaeyinga nje landsstj. að hætta við það fyr en fullgert er, enda knýjandi nauðsyn á því fyrir Vestmannaeyjar.

Þá fanst mjer hv. 2. þm. Árn. vilja koma að einhverri aths. um það, að ríkissjóði bæri ekki að leggja neinn styrk til mannvirkja innan hafnarinnar. — Hjer er náttúrlega ekki farið fram á svo stórt atriði í þessu máli, að það taki að hefja neinar deilur um það við hv. 2. þm. Árn., því að mannvirki innan hafnarinnar eru nú komin svo stutt á veg, að það er mikið eftir að tala um þau hvað Vestmannaeyinga sjálfa áhrærir. En mjer kemur það kynlega fyrir, ef þessi landssjóðsjörð verður skoðuð svo af Alþingi, að það sje ekki rjettmæt sanngirniskrafa til ríkissjóðsins að leggja nokkuð til þessara mannvirkja, þótt innan hafnarinnar sjeu. Mjer virtist skoðun hv. 2. þm. Árn. brjóta þar í bág bæði við þá reglu, sem gilt hefir um afstöðu ríkissjóðs til sjerstakra ríkiseigna, og ennfremur veit jeg það, að hún brýtur í bág við hugsun þeirra manna, sem sjerstaklega hafa viljað halda í eignarrjett ríkisins á Vestmannaeyjajörðum, og hygg jeg, að hv. 2. þm. Árn. hafi einmitt ljeð því lið á Alþingi, að haldið væri allfast af ríkisins hálfu í þann eignarrjett. Jeg get vel skilið aðstöðu þeirra til málsins, sem segja sem svo: Við viljum ekki að ríkið selji Vestmannaeyjar, vegna þess að það er tryggara að ríkið sje eigandinn, en við viljum styðja að því að gera þessa eign arðberandi fyrir ríkið og hjálpa íbúunum til að bæta lífs-

kjör sín með bættri aðstöðu fyrir atvinnuvegina. Þessa aðstöðu get jeg skilið, en illa þá skoðun, sem virtist koma fram hjá hv. 2. þm. Árn. Hv. þm. hjálpaði með nokkurri harðdrægni á sínum tíma til þess að ríkið kipti algerlega að sjer hendinni með það, að Vestmannaeyjabær fengi að kaupa það land, sem bærinn stendur á, en vekur nú máls á því hjer í deildinni, að sjer virðist ekki landeiganda bera nein skylda til þess að bæta mannvirki innan Vestmannaeyja-hafnar. Jeg á, segi jeg, ilt með að skilja þessa aðstöðu, og býst ekki við, að margir hv. þdm. taki hlutdeild í þeim skilningi hv. 2. þm. Árn. í þessu máli. Vitaskuld er það, að hjer er ekki farið fram á nema styrk í þessu efni; meiri hluta kostnaðar leggur að sjálfsögðu Vestmannaeyjabær á sig, og finst mjer ekki þörf fyrir hv. þm. (MT) að hafa mikinn fyrirvara við það, sem hjer er farið fram á. Hitt má öllum vera vitanlegt, að nú er ástand hafnarinnar í Vestmannaeyjum þannig, að í nánustu framtíð verður að gera miklar umbætur innan hennar, ef ekki á að koma mikill afturkippur í alt framkvæmdalíf þar á staðnum.

**Magnús Torfason:** Jeg hafði nú ekki búist við því, að hv. þm. Vestm. þyrfti að setja langar tölur á þessa fyrirvara-ræðu mína, einkum þar sem jeg endaði hana með því, að jeg myndi greiða frv. atkv. mitt.

Hv. þm. var að brýna mig með því, að jeg hefði áður verið á móti því að afhenda Vestmannaeyja-bæ jörðina til eignar. En að því er það mál snertir, þá er það nokkuð, sem ekkert kemur þessu málefni við; til þess geta verið ýmsar aðrar ástæður, og þar á meðal blátt áfram sú, að jeg er alls ekki viss um það, að Vestmannaeyingar sjeu menn til að hagnýta sjer jörðina á rjettan hátt. Það er einhver hinn mesti vandi að stjórna lóðamálum bæjanna, og mjer virðist langt frá því, að menn sjeu komnir á þann rekspöl, sem æskilegur sje, með að hagnýta sjer lóðarrjettindi, eins og dæmin sýna hjer í bæ, þar sem ekki er hægt að byggja sjer örlítinn kofa, nema að kaupa sjer lóð fyrir fleiri þús. kr. undir húsið.

Jeg sagði aldrei, að jeg teldi ríkissjóði óskylt að láta fje til mannvirkja innan hafnarinnar, en jeg sagði, að jeg teldi ríkissjóði ekki eins skylt að gera það eins og að hjálpa til að bæta sjálfan hafnargarðinn, og við það ætla jeg að standa, án þess að jeg finni ástæðu til að færa fleiri sjerstök rök fyrir því og tefja tíma hv. deildar á þann hátt.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Mjer þykir rjett, að hv. 2. þm. Árn. hefir dregið úr þessum fyrirvara sínum, sem mjer finst vera heldur óþarfur, þar sem ekki er farið fram á annað en að ríkisstj. sje heimilt að gera það, sem frv. fer fram á, og þess vegna hefði stuðningsmanni stj. verið alveg óhætt að láta málið frá sjer fara eins og sjútvn. felst á.

Jeg skal ekkert um það segja, hvað hv. 2. þm. Árn. hefir haft fyrir sjer, þegar hann hjálpaði til að fella frá nefnd málefni, sem snerti hagsmunamál þessa kaupstaðar, og jeg vil ekki fallast á, að sá kaupstaður sje nokkru ófærari að stjórna málum sínum en aðrir. **(MT:** Það sagði jeg alls ekki).

Jeg hygg, að hv. þm. hafi ekkert haft fyrir sjer í því, heldur er hitt skiljanlegt, að þar sem sá hv. þm. hefir hjápað til að gera sínu eigin kjördæmi erfiðara fyrir með öflun lífsþarfa sinna, þá er eðlilegt, að hv. þm. finni lítið til með öðru kjördæmi, — á jeg þar við brtt. landbn. um landbúnaðarbankann; jeg ætla að hv. 2. þm. Árn. hafi þar tekið þátt í því að hindra, að útgerðarmenn á Stokkseyri og Eyrarbakka, sem bæði stunda sjávarútveg og landbúnað, eigi aðgang að þeirri stofnun, en þeirri skoðun var haldið fram hjer í þessari hv. deild, og einkum af landbn., að það væri mjög sanngjörn krafa.

**Magnús Torfason:** Það er farið að blanda hjer inn í öðru máli. Hvað það atriði snertir, sem hv. þm. Vestm. gat um, þá er frá því að segja, að í þeirri sömu n. var á ferðinni frv. um Fiskiveiðasjóð, og jeg hygg, að rjettara sje að styðja smábátaútveginn með honum, og það er ekki mjer að kenna, að það frv. fór ekki fram á frekari fjárframlög heldur en varð. Hjer er aðeins spurning um aðferðina í þessu máli, en jeg hygg rjettast, að bátaútvegurinn verði út af fyrir sig. Annars er rjett að vísa til þess, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir um þetta, að hann myndi leggja áherslu á að koma því til leiðar, að bátaútvegurinn yrði ekki ver settur að sínu leyti heldur en landbúnaðurinn til að fá slík lán.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 169).

Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 513).

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Eins og frv. ber með sjer, þá er hjer aðeins um heimildarlög fyrir stj. að ræða um að mega verja úr ríkissjóði 70 þús. kr. til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá.

Nú verður því að vísu ekki neitað, að hjer er um allmikla fjárhæð að ræða fyrir ríkissjóð, ef heimildin er notuð, eins og gera má ráð fyrir að verði. En hinsvegar ber þá jafnframt að líta á, að Vestmannaeyjar eru einhver allra stærsta fiskiveiðastöðin, þar sem fjöldi manna stundar atvinnu sína, því að fyrir utan þær 3 þús. manna, sem þar eru búsettar, sækir þangað fjöldi manna árlega víðsvegar að af landinu til þess að stunda atvinnu sína. Má því segja, að í Eyjunum hafi verið blómlegt og fjörugt viðskiftalíf hin síðari ár, en vitanlega er vöxtur þeirra undir því kominn, að sæmilega góð höfn komist þar upp. Þess vegna hefir sjútvn. þótt sanngjarnt og rjettlátt, að ríkissjóður legði fje til þessara hafnarbóta, og ekki

aðeins til þess að bæta þau mannvirki, sem þegar eru gerð og miklu fje hefir verið varið til, heldur má gera ráð fyrir, að framvegis verði að leggja allmiklar fjárhæðir af mörkum til þess að gera þær bætur innan sjálfrar hafnarinnar, að viðunandi sje.

Sjútvn. leggur því til í einu hljóði, að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

---

## 10. Skráning skipa.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29, 27. júní 1925, um skrásetning skipa** (stjfrv. A. 11).

Á 7. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar, og nægir að öllu leyti að vísa í grg. frv. Leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 8. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 74).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Jeg hefi ekki margt að segja um frv. þetta fyrir hönd sjútvn. Breyt. sú, sem frv. fer fram á að gerð verði á núgildandi lögum, er í því fólgin að leggja fyrir viðskiftaráðunaut að ganga úr skugga um það, að aðili uppfylli þau skilyrði, er honum ber, þá er gefa þarf skírteini um skip, sem keypt eru ytra, og fyrirbyggja á þann hátt, að skip verði skráð sem íslensk eign, ef þau eru eigi að fullu eign íslensks ríkisborgara. Þarf jeg eigi að fara fleiri orðum um frv. þetta, þar sem allir hv. þdm. munu hafa kynt sjer frv. og efni þess.

Jeg vil aðeins benda á það, að fyrirsögn frv. er eigi í samræmi við nafn þeirra laga, er breyta á. Þau heita lög um skráning skipa. Leggur n. til, að fyrirsögninni verði breytt, en að öðru leyti er hún samþykk frv.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 74 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.**

---

Á 19. fundi í Ed., 11. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 89).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 89).

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 178).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Sú breyt. á lögunum um skráning skipa, sem hjer er farið fram á í þessu frv., er ekki mjög stórvægileg, en hún er í því fólgin, að ,viðskiftafulltrúar landsins erlendis hafi rjett til þess að neita um útgáfu þjóðernisskírteinis, ef grunur leikur á, að ekki sje fullnægt þeim skilyrðum, sem uppfylla ber, eða með öðrum orðum, að viðskiftafulltrúar landsins hafi sama rjett og lögreglustjórar hafa nú samkv. gildandi lögum. En í þessu felst það öryggi, að ekki á að vera hægt að „leppa" skip undir íslenskan fána erlendis. Ákvæði um þetta var ekki til áður í lögunum, en hjer er ráðin bót á þessu, enda hefir hv. Ed. litið sömu augum á þetta mál. Getur sjútvn. fallist á frv. og leggur til, að hv. d. samþ. það með lítilfjörlegri breyt. á einum stað, og er það eiginlega aðeins málfræðileg breyt.

ATKVGR.

Brtt. 178 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 214).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 214).

Á 36. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta er aftur komið hingað frá Nd. og hefir þar verið gerð á því ein breyt., sem er orðabreyt. Sjútvn. hefir

ekki sjeð ástæðu til að halda fund um málið vegna þessarar breyt. Leggjum við til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 267).

## 11. Sala á Laugalandi í Reykhólahreppi.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu** (þmfrv., A. 138).

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Hákon Kristófersson):** Eins og tekið er fram í hinni stuttu grg., sem fylgir frv. þessu, er það flutt eftir ósk þriggja fulltrúa úr Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu, sem kosnir voru síðastliðið sumar til þess að ná endanlegum samningum um læknisbústað fyrir Reykhólalæknishjerað við eigendur Reykhóla.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir þetta læknisbústaðarmál Reykhólahjeraðs verið vandræðamál nú um allmörg undanfarin ár. Það komst það lengst, að búið var einu sinni að ákveða að kaupa jörðina Berufjörð í Berufjarðarhreppi fyrir læknisbústað handa þessu hjeraði, en til þess að þau kaup væru formlega ráðin þurfti að síðustu samþykki sýslunefndarinnar í Austur-Barðastrandarsýslu. En það undarlega skeður, að sú vísa sýslunefnd neitaði um samþykki sitt til jarðarkaupa þessara, þegar til hennar kasta kom. Um atvik þau, sem synjun þessari voru valdandi, sje jeg ekki ástæðu til að tala nú, en með henni var málinu komið í ilt efni fyrir íbúa læknishjeraðsins, því að nú voru þeir neyddir til að leigja jörðina um óákveðinn tíma, því að stjórnarráðið hafði ákveðið með úrskurði, samkv tillögum landlæknis, að læknisbústaðurinn skyldi vera á þessum slóðum, sem næst Berufjarðarbotni.

Þykir mjer svo ekki hlýða að fara lengra út í þessi sögulegu atriði málsins. En þegar hjer var komið, að ekki náðist samkomulag um málið á þessum grundvelli, komu fram ýmsar óskir um það, hvar læknisbústaðurinn skyldi vera, og hafði hver sínar ástæður fram að bera. Mun þó mega fullyrða, að þeir hafi verið flestir, sem vildu hafa hann á Reykhólum. Er jörð sú, eins og kunnugt er, mörgum kostum búin fram yfir aðrar jarðir, og meðal annars þeim, að þar er gnægð heitra lauga, sem hagnýta má til margvíslegra þæginda. Mál þetta hefir nú á undanförnum missirum verið rætt frá ýmsum hliðum, en þó hafa ekki náðst um það endanlegir samningar. Þannig var t. d., eins og hv. þm. er kunnugt, borið fram frv. á síðasta þingi um heimild til þess að taka jörðina Reykhóla eignarnámi, og var því haldið fram frv. til stuðnings, að jörðin væri mjög vel fallin til þess að hafa þar læknisbústað.

Að sjálfsögðu viðurkenni jeg, að jörð þessi sje mjög vel sett til þess

að þar sje læknisbústaður, en hinsvegar tel jeg með öllu óforsvaranlegt að taka alt það stóra höfuðból eignarnámi. Það gat kannske komið til mála, að nauðsyn hefði borið til að taka einhvern hluta hennar þannig, þó jeg sje samt alls ekki viss um það, því að jeg hefi altaf litið svo á, að núverandi eigendur Reykhóla hefðu altaf verið fúsir til að láta einhvern hluta jarðarinnar af hendi undir læknisbústað, og vísa jeg í því efni til brjefs frá ekkju Bjarna sál. Þórðarsonar, sem er núverandi eigandi jarðarinnar. Mun brjef þetta hafa verið öllum hv. alþm. kunnugt í fyrra.

Mjer þykir nú engin þörf á að fara inn á allar samningaumleitanir, sem átt hafa sjer stað um þessi mál, en vil aðeins geta þess, að síðastl. sumar voru kjörnir þrír menn fyrir hönd viðkomadi hreppa til þess að semja við núverandi eigendur og umráðamenn Reykhóla. Samningamenn þessir voru: hreppstjórinn úr Reykhólahreppi og oddvitarnir úr Geira- og Gufudalshreppum. Áttu þeir svo fund saman á Reykhólum ásamt Þórði Bjarnasyni, sem þar var mættur fyrir hönd móður sinnar, eiganda jarðarinnar. Samningar milli þessara aðilja tókust ágætlega. Umráðamaður Reykhóla, Þórður Bjarnason, skuldbatt sig fyrir hönd móður sinnar að láta af hendi úr landi jarðarinnar nægilega stórt landsvæði undir læknisbústað, með því skilyrði, að fulltrúar viðkomandi hreppa hlutuðust til um, að jörðin fengi annað líkt stórt land í staðinn. Samninga þessa hefi jeg í höndunum og er fús til að leggja þá fyrir nefnd þá, sem frv. þetta fær til meðferðar. Til þess nú að útvega þetta áskilda land, hafa menn komið auga á jörðina Laugaland í sama hreppi, sem liggur nærri Reykhólum og er eign ríkissjóðs. En þar sem hún er kirkjujörð, þarf lagaheimild til þess að sala á henni megi fara fram, og fyrir því flyt jeg frv. þetta. Eins og sjest á grg. frv., er hjer um smákot að ræða, sem ekki getur haft neina þýðingu fyrir landið að halda í. Er því, frá mínu sjónarmiði sjeð, ekkert því til fyrirstöðu, að þessi makaskifti megi eiga sjer stað.

Jeg verð að biðja hv. þm. velvirðingar á því, að jeg hefi ekki skýrt rjett frá afgjaldi jarðar þessarar í grg. frv. Þar er tilgreint það afgjald, sem var áður, en ekki það, sem er nú. En að sjálfsögðu ber að miða sölu jarðarinnar við það, sem ríkissjóður hefir haft upp úr henni, en ekki við það, sem hefst upp úr henni nú, en það er eftir því sem jeg best veit aðeins 25 kr. (**MJ**: Fylgir henni þá ekki svo mikið sem lamb?). Hvað segir hv. þm? (**BÁ**: Hann spurði, hvort ekki fylgdi lamb). Jeg þakka hv. þm. Mýr. fyrir að bæta úr vanheyrn minni. Já, jeg get vel skilið, þó að hv. 1. þm. Reykv. sje dálítið skilningssljór, þegar talað er um afgjöld jarða og þesshättar veraldlega hluti, því að hugur hans mun að jafnaði vera helgaður öðrum háfleygari viðfangsefnum. En hv. þm. Mýr. hlýtur að vera það ljóst, að rollurnar eru látnar vera með öllum sínum herlegheitum, þegar þær eru látnar í landskuld á vorin. Þær 25 kr., sem ríkissjóður hefir nú upp úr Laugalandi, munu falla til viðkomandi sóknarprests upp í tekjur hans, og jeg þykist vita, eftir þeirri við-

kynningu, sem jeg hefi haft af þeim heiðursmanni, að hann muni ekki leigja jörðina ábúendum dýrara en þetta.

Verði frv. þetta samþ. nú, verð jeg að halda því fram, að Alþingi hafi gert sitt til þess að leiða þetta læknisbústaðarmál Reykhólalæknishjeraðs til friðsamlegra lykta, og í trausti þess, að svo verði, legg jeg frv. þetta undir úrskurð hv. deildar og leyfi mjer að óska, að því verði að umr. lokinni vísað til allshn., og þar sem jeg á sjálfur sæti í þeirri n., sje jeg ekki þörf frekari upplýsinga á þessu stigi málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 36., 38. og 40. fundi í Nd., 4., 6. og 9. apríl, var frv. tekin til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 11 apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 138, n. 233).

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. fer fram á, að ríkisstjórninni sje heimilt að selja Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu jörðina Laugaland í Reykhólahreppi. Kaupendurnir hafa síðan í hyggju að skifta á þessari jörð og parti úr jörðinni Reykhólum. Það er kunnugt, að undanfarin ár hefir verið allmikið um það rætt þar vestra, hvar og hvernig ætti að útvega læknisbústað fyrir þetta hjerað. Í fyrra lá fyrir þinginu frv. um að taka eignarnámi part úr Reykhólum, en það náði ekki fram að ganga. Síðan hafa aðilar samið um það, að læknishjeraðið fái ákveðinn skika úr Reykhólalandi, gegn því, að eigendur Reykhóla eignist þar á móti jörðina Laugaland. Þetta er gert til þess að útvega hjeraðinu læknisbústað. Hagar svo til, að land Laugalands liggur að landi Reykhóla, og ef þetta nær fram að ganga, munu eigendur Reykhóla leggja Laugaland undir Reykhóla. Til þess að enginn geti álitið, að eigendur Reykhóla auðgist við þessi skifti, hafa aðilar komið sjer saman um að láta meta hvorttveggja, og greiði þá hvor um sig mismuninn til hins, eftir því sem matið segir til.

Allshn. hefir orðið ásátt um að mæla með þessu frv., en þess skal getið, að hv. 2. þm. Árn. (MT) var ekki viðstaddur, þegar ályktun var tekin um málið í nefndinni, svo að vera kann, að hann hafi sjerstöðu til frv. Sömuleiðis skrifaði hv. 2. þm. Reykv. undir nál. með fyrirvara, sem hann sjálfsagt gerir grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 138).

Á 47. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, n. 397).

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Ástæðan til þess, að þetta lagafrv. er fram komið, er sú, að vantað hefir hentugt jarðnæði fyrir læknisbústað í Reykhólahjeraði. Hefir í því sambandi verið einkum bent á Reykhóla, en samkomulag hefir ekki náðst um kaup á parti úr jörðinni, en hinsvegar um makaskifti á honum og annari samliggjandi jörð, Laugalandi. En af því að sú jörð er kirkjujörð, þarf sjerstaka lagaheimild til sölu hennar til læknishjeraðsins, er svo geti makaskift henni við eigendur Reykhóla. Allshn. þessarar d. álítur þessa lausn málsins mjög sæmilega og gerir að till. sinni, að hún sje samþ. og frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 485).

---

## 12. Lendingar- og leiðarmerki.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra** (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Um frv. þetta er hið sama að segja og þau tvö, sem síðast hafa verið hjer til umr. (Eftirlit með skipum og bátum og atvinna við siglingar). Það er samið af trúnaðarmanni atvmrn. á þessu sviði, vitamálastjóranum. Sömuleiðis hefir hann samið aths. við það. Jeg vil aðeins leyfa mjer að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 59).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Sjútvn. hefir haft þetta mál til athugunar, eins og sjá má á þskj. 59. Hefir enginn ágreiningur verið í n. um nauðsyn þessa máls, og get jeg þess vegna verið fáorður, enda vænti jeg, að hv. þd. geti fallist á, að frv. þetta nái fram að ganga.

Jeg vil þó, áður en gengið verður til atkv. um frv., segja nokkur orð um málið í heild, en slæ um leið þann varnagla, að það verða eingöngu hugleiðingar frá eigin brjósti.

Frv. þetta fer fram á, að bundið sje með lögum að viðhalda lendingar- og leiðarmerkjum, en slíkt hefir ekki verið lögbundið áður. Munu þó flestir kannast við, sem eitthvað þekkja til smábátaútvegs okkar, að víða hagar svo til, að þurft hefir talsvert viðhald, og það árlega, á lendingar- og leiðarmerkjum hinna ýmsu verstöðva. Árlega spillast lendingar af sjávargangi á milli vertíða, og er það þá vanalega fyrsta starf sjómannanna í byrjun vertíðar að laga til í lendingunni áður en ýtt er úr vör.

Að vísu hefir smábátaútvegurinn lagst víða niður á seinni árum, en þó eru margir þeir staðir enn, þar sem hann er stundaður, og því full þörf á, að lendingunum og öðrum leiðarmerkjum sje haldið við. Það getur og jafnvel verið brýn nauðsyn að halda við þeim lendingum, þar sem útræði er horfið, því víða háttar svo til, að þar getur verið um nauðalendingar að ræða og líf bátverja í hættu, ef þeir geta ekki lent á rjettum stað. Í því sambandi nægir að benda á, að t. d. hjer nærlendis hefir Þorlákshöfn oft reynst þrautalendingin fyrir þá, sem útræði stunda frá Eyrarbakka og Stokkseyri. Þegar snögglega hefir brimað og hin þröngu sund orðið ófær, hafa margir bátar orðið að flýja til Þorlákshafnar. Mörgum mönnum hefir því þótt ástæða til, að slíkar lendingar legðust ekki niður og að þess vegna væri leiðarmerkjunum haldið við.

Nú er á síðari árum að vaxa upp nýr bátaútvegur, en það eru „trillubátarnir" svo nefndu. Það eru opnir bátar með hjálparvjel, og er um þá svipað að segja og gömlu árabátana, að þeim er ýtt úr vör. En vegna hjálparvjelarinnar hætta þeir sjer lengra út á miðin og geta í misjöfnum veðrum orðið að leita þar lands, sem hending ein ræður. Getur þá farið svo á stundum, að þeir nái ekki lendingu þangað, sem þeir lögðu frá landi, og neyðast því til að leita þangað, sem lendingarfært er og í mörgum tilfellum hafa verið og geta verið nauðalendingar. Þess vegna er ástæða til og nauðsynlegt að halda öllum slíkum lendingum og leiðarmerkjum við, er áður hafa verið notuð.

Eftir frv. er ætlast til, að hreppsnefndir hafi yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem hjer er um að ræða. Hinsvegar hvílir skylda á jarðeiganda um viðhaldið, þar sem svo hagar til, að hann tekur uppsátursgjöld eða önnur landsleigugjöld af bátshöfninni. En allur slíkur kostnaður hygg jeg, að aldrei verði sjerstaklega tilfinnanlegur. Það reynir meira á árvekni hlutaðeigenda, að þetta sje gert, en jeg geri ráð fyrir, að kostnaðurinn verði í flestum tilfellum hverfandi lítill.

Þetta mál hefir líka aðra og víðtækari þýðingu. Með þessu er meiri

trygging og öryggi fengið fyrir því, að lífi ótal manna á þessum litlu og opnu fleytum sje borgið.

Þá er gert ráð fyrir, að öll þessi leiðarmerki verði skrásett og send vitamálastjóra, er lætur birta þau í skrá þeirri, er hann gefur út árlega, eða eins oft og þurfa þykir. Með þessu er því ætlast til, að yfirstjórn þessara mála sje í höndum vitamálastjóra, eins og sjálfsagt er. En þó að rekstur vitamála landsins hvíli á ríkissjóði, þá hefir ekki þótt ástæða til að bæta á hann þeim viðhaldskostnaði, sem hjer er um að ræða, heldur láta hreppsfjelögin annast hann að því leyti, sem hann ekki hvílir á eigendum verstöðvanna.

Með framkvæmd þessara laga verður það trygt, að menn, sem stunda sjó á smáum bátum, geta á hvaða tíma sem er og hvar sem þeir eru staddir leitað neyðarlendinga án þess að hætta lífi manna, þegar fengnar eru glöggar leiðbeiningar um lendingar- og leiðarmerki og þeim við haldið.

Jeg þarf ekki að hafa þessi orð fleiri. Eins og jeg hefi tekið fram, hafði n. ekkert við efni frv. að athuga og telur frv. mjög nauðsynlegt. Vænti jeg því, að hv. þdm. geti fallist á það.

**Hákon Kristófersson:** Það er aðeins örlítil fyrirspurn, sem jeg vildi leyfa mjer að beina til hv. frsm.

Í upphafi 5. gr. frv. er gert ráð fyrir, að verstöð leggist niður og útræði hætti þaðan, og ber þá hreppssjóði skylda til að annast alt viðhald merkjanna, að svo miklu leyti sem lendingarnar eru nothæfar sem neyðarlendingar.

Jeg verð nú að segja fyrir mitt leyti, að mjer finst þetta ekki heppilega að orði komist, enda má lengi um það deila, hvað skoðast megi neyðarlending eða ekki.

Við erum báðir allvel kunnugir fyrir vestan, hv. frsm. og jeg, og vitum, að oft er álitamál, hvað sje neyðarlending og hvað ekki. Aðstaða manna á sjó mun vera sú, að lenda verður víðar en þar, sem gott þykir, og án þess að hægt sje að komast þangað, sem kallað er neyðarlending. Þess vegna vildi jeg leggja til, að orðin „sem neyðarlending" í 5. gr. yrðu feld niður. Því nauðsynlegt verður að telja, að haldið sje við merkjum hvar sem er, enda ekki vitað fyrirfram, hvar menn geta þurft að leita að landi í hvert sinn.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Jeg get ekki fallist á að fella niður orðin „sem neyðarlending". Þetta nafn er notað jöfnum höndum og líflending. Með þessu er ekkert annað meint en það, sem gr. sjálf segir, að þegar útræði legst niður í einhverri verstöð, þá sje skylt að halda leiðarmerkjunum og lendingunum við, svo að menn eigi þess kost að flýja þangað, þegar aðrar lendingar bregðast.

Við þekkjum í nágrenni margra verstöðva lendingar, sem kallaðar eru neyðarlendingar og ekki notaðar nema þegar aðallendingarnar eru ófærar eða ekki er hægt að ná til þeirra, sem oft vill verða.

Og það eru einmitt slíkar lendingar, sem gert er ráð fyrir, að falli undir þessi lög, og að vitamálastjóri í samráði við kunnuga menn og aðra hlutaðeigendur ákveði frekar þar um.

**Hákon Kristófersson:** Hv. frsm. hef-

ir misskilið orð mín, þótt ekki væru þau mörg. Það, sem fyrir mjer vakir, er það, að úr því að hreppsnefndum er gert að halda við þessum merkjum, svo framt að um neyðarlending sje að ræða, þá geti farið svo, að einhver hreppsnefnd segi sem svo: þar sem útræði hefir lagst þarna niður, er ekki heldur um neyðarlendingu að ræða, — og telur því ekki skylt að viðhalda leiðarmerkjunum.

En jeg vil ekki, að neinn geti hliðrað sjer hjá því að viðhalda öllum þeim leiðarmerkjum, sem áður hafa þekst. (**SÁÓ**: Þetta felst alt í frv.). Nei, eða þá að það er svo torskilið, að jeg fæ ekki gripið það.

Hv. frsm. má ekki skilja orð mín svo, að jeg sje að sýna frv. nokkra andúð. Það er síður en svo. Sje meiningin að setja lög um þetta efni, þá vil jeg gera þau svo úr garði, að nokkurn veginn örugt sje, hvar lendingarnar eru, og að hreppnum eða öðrum hlutaðeigendum beri skylda til að hafa leiðarmerkin svo mörg og glögg sem kostur er.

Annars ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta frekar, en vildi aðeins skjóta þessu fram hv. sjútvn. til athugunar. (**SÁÓ**: Það verður athugað til 3. umr.).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 6. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 8).

Á 17. fundi í Ed., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 366).

**Erlingur Friðjónsson**: Hv. frsm. hefir beðið mig að mæla hjer fáein orð með brtt. n., þar eð hann hefir ekki getað mætt hjer í dag.

N. hefir farið ítarlega yfir frv. og hefir ekki annað að athuga við það en það, að í 4. gr. er ekki nægilega skýrt tekið fram um það, hverjum beri að annast uppsetningu leiðarmerkja, þar sem svo hagar til, að landeigandi tekur uppsátursgjald af bátum. Er það till. n., að skýrt og ótvírætt verði tekið fram, að hver sá, er uppsátursgjald tekur af bátum, eigi að annast uppsetningu leiðarmerkja, er fallið hafa, eða ef setja þarf ný leiðarmerki, en að öðrum kosti hreppsnefnd.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. d. samþ. till. n., sem frekar má heita leiðrjetting en breyt. Það er í samræmi við önnur ákvæði laganna, að þetta er sett inn í þau.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 366 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

5.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 387).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 387).

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 443).

---

## 13. Dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum.

Á 48. fundi í Ed., 18. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um sjerstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu** (þmfrv., A. 354).

Á 50. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og grg. ber með sjer, þá hefir allshn. flutt þetta frv. eftir beiðni sýslunefndarinnar í Strandasýslu. Annað samskonar frv. hefir verið flutt hjer í þinginu viðvíkjandi Barðastrandarsýslu. Allshn. sjer ekki ástæðu til annars en að verða við beiðni sýslunefndarinnar um þetta efni. Með því að frv. er flutt af nefnd, sje jeg ekki ástæðu til, að það sje látið ganga til n., og legg því til, að það sje afgr. til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 354).

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16:1 atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 354, n. 474).

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Þetta frv. er flutt eftir beiðni sýslunefndar Strandasýslu. N. hefir athugað málið og sjer ekkert því til fyrirstöðu, að það verði samþ. þegar á þessu þingi. Jeg vil þess vegna mæla með því fyrir hönd n., að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

---

## 14. Kynbætur hesta.

Á 32. fundi í Nd., 26. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta** (þmfrv., A. 217).

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Lárus Helgason):** Eins og frv. þetta ber með sjer, þá er aðallega um eina smábreytingu að ræða við lögin um kynbætur hesta. Það hefir komið í ljós, að ákvæði l. um, að frestur inn til 14. maí á geldingu hesta ár hvert er of langur. Þykir því rjett að færa þetta takmark til 20. apríl. Getur það engum orðið að baga, því tíminn frá 20. apríl til 14. maí er ekkert heppilegri tími til að gelda hestana en tíminn fyrir 20. apríl. Þarf það engri óánægju eða óþægindum að valda.

2. gr. frv. þessa heimilar stjórninni að gefa út reglugerð við þessi lög. Sú heimild var ekki til í umræddum lögum, en er nauðsynleg, því það hefir komið í ljós, að menn hafa ekki skilið ákvæði laganna á einn veg. Sá maður, sem haft hefir á hendi leiðbeiningar um kynbætur hesta, hefir rekið sig á þetta, og hefir hann látið í tje þau atriði, er helst valda ágreiningi. Eru þau einkum þessi: Fyrsta ágreiningsefnið er, hvort eigi að jafna kostnaði þeim, sem leiðir af kynbótastarfinu, niður á þau folöld, sem fæðast á því ári, er útgjöldin urðu til,

eða á þau folöld, sem fæðast næsta ár á eftir. Væri síðari reglunni fylgt, yrði hlutaðeigandi sveitarfjelag að leggja hrossaræktinni til eins árs rekstrarfje, að minsta kosti þar til hrossaræktin hefði eignast svo mikinn sjóð, að hann nægði sem rekstrarfje eitt ár. Þetta atriði er að sönnu tekið fram í 7. gr. laganna, en eftir fenginni reynslu þarf að setja nánari reglur um innheimtuna en lögin gera.

Annað ágreiningsatriðið er, hvort kynbótanefndir hafi vald til að jafna svo miklu niður á folöldin, að afgangur verði, er leggist í sjóð, sem hrossarækt þeirrar sveitar eigi.

Þriðja ágreiningsatriðið er um völd kynbótanefndanna og skyldur. Nokkrir halda fram, að kynbótanefndir hafi ekki vald til að gera fullnaðarsamning um leigu á kynbótahestum eða koma upp girðingum, nema með sjerstakri heimild hlutaðeigandi sveitarfjelags, en aðrir álíta, að löglega kosnar kynbótanefndir hafi óbundnar hendur um þetta.

Fjórða ágreiningsefnið er, hvort einfaldur meiri hluti sveitarfundar hafi heimild til að ákveða, að hlutaðeigandi sveitarfjelag skuli engan stóðhest hafa til afnota í eitt eða fleiri ár.

Fimta ágreiningsefnið er, hver sje rjettur hrossaræktarfjelaga gagnvart sveitarfjelögum, ef minni hluti hreppsbúa er í hrossaræktarfjelagi, en meiri hluti hreppsbúa kýs kynbótanefnd, er tekur stóðhest á leigu til afnota fyrir sveitarfjelagið. Eru þá meðlimir hrossaræktarfjelagsins skyldir að gjalda tolla af sínum folöldum til hrossaræktarstarfsemi sveitarfjelagsins, auk þess að þeir verða að standa straum af kynbótastarfsemi hrossaræktarfjelagsins?

Tilgangur frv. er því sá, að koma í veg fyrir þennan misskilning og þau vafaatriði, sem hjer er um að ræða. Sjer landbn. því ekki betur en full ástæða sje til að verða við þessum óskum ráðunautarins og heimila stj. að gefa út reglugerð, til þess að ráða bót á þeim ágöllum hrossakynbótalaganna, sem hjer hefir verið bent á.

Finn jeg svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um málið. Það virðist ofureinfalt, og getur því tæplega valdið ágreiningi. Óska jeg svo, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JS, LH, MG, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, HStef, HV, IngB, JAJ.

**nei:** PO, BÁ, HJ.

Ellefu þm. (JÓl, JörB, MJ, TrÞ, BSv, ÁÁ, EJ, GunnS, HG, HK, JJós) fjarstaddir.

---

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 217, 264).

**Pjetur Ottesen:** Með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er farið fram á það, að færa nokkuð fram það tímatakmark, sem ákveður, hvenær búið eigi að vera að gelda alla hesta. Við hv. þm. Mýr. flytjum brtt. við frv. þess efnis, að um þetta atriði skuli alt

sitja við það, sem nú er. Að því liggja tvær ástæður. Önnur ástæðan er sú, að í útbeitarsveitum mundi ákvæði 1. gr. frv. verða til mikils kostnaðarauka fyrir bændur, því að ef hestar eru geltir 20. apríl, þá verður að sjálfsögðu að taka þá á gjöf, og að því mundi verða allmikill kostnaður. Hin ástæðan er sú, að það er algengt með 2-vetra hesta, að þeir eru ekki orðnir kynþroska 14. maí, þegar á að gelda þá, og ekki myndi kveða minna að þessu, ef tímatakmarkið væri fært fram til 20. apríl. Það má ganga út frá því vísu, að þó að þetta sitji við það, sem nú er, þá muni það ekki valda neinu tjóni eða hefta kynbætur að neinu leyti.

Það hefði auðvitað mátt koma breytingu okkar hv. þm. Mýr. að með því móti að fella 1. gr. frv., en það er í mörgum tilfellum litið svo á, að ef 1. gr. fellur, þá sje þar með alt frv. fallið. Nú eru 1. og 2. gr. þessa frv. algerlega óskyldar, og þess vegna fórum við þá leiðina, að bera fram brtt. um það, að 1. gr. skuli falla niður.

**Halldór Stefánsson:** Hv. flm. brtt. færði það fram sem aðalástæðu með henni, að núv. ákvæði í l. kæmi ekki í bága við markmið þeirra, kynbótastarfsemina. En þetta er alveg fráleitt. Jeg vil t. d. geta þess, að hrossaræktarfjelag á Fljótdalshjeraði hefir skrifað þm. Múlasýslna og óskað eftir breyting á l. í sömu átt og frv. fer, og þó reyndar víðtækari. En við ætlum samt að sætta okkur við þetta frv. Ef ákvæði laganna verða óbreytt áfram, er ekki trygging fyrir því, að þau komi að fullu liði. Og þó nokkur kostnaðarauki kunni að hljótast af breytingunni, þá verður hann að víkja fyrir aðalþörfinni.

**Frsm. (Lárus Helgason):** Jeg þarf ekki að lengja mikið umr. Þessi brtt. hv. þm. Borgf. er alveg óþörf og ekki rjettmæt. Landbn. kom fram með þessa breyt. af því að hún taldi auðsæja nauðsyn á henni. Kynbætur hrossa geta því aðeins verið í góðu lagi, að óvaldir hestar fái ekki að ganga lausum hala á þeim tíma, sem þeir geta gert skaða. Landbn. vildi því færa tímatakmarkið fram frá því, sem l. ákveða nú, og sjer hún ekki, að það geti valdið neinum erfiðleikum, að svo sje gert. Mjer virtust því ástæður hv. þm. Borgf. harla ljettvægar. Tíminn frá 20. apríl til 14. maí er á engan hátt heppilegri til vönunar á tvævetrum folum en tíminn fyrir 20. apríl, nema síður sje. Þá er venjulega gróðurlaust. Sýnist því sjálfsagt að vera búið að þessu áður, eða fyrir 20. apríl, og koma þannig í veg fyrir þann skaða og óþægindi, sem þessir folar geta gert.

Önnur ástæða, sem færð hefir verið gegn þessu frv., er sú, að folarnir væru ekki orðnir kynþroska 20. apríl. Sú ástæða er ekki á neinum rökum bygð, því ef folarnir eru ekki orðnir kynþroska 20. apríl, þá verða þeir ekki heldur orðnir það 14. maí í flestum tilfellum, og ekki fyr en seinna að vorinu. Mjer virðist því báðar þessar ástæður vera einskisverðar. Vænti jeg því þess, að hv. deild samþ. frv. óbreytt.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil bæta við það, sem hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. V.-Sk.

sögðu um þetta mál, því, að eftir því sem jeg best veit, þá er frv. þetta samið af ráðunaut Búnaðarfjelags Íslands í hrossaræktinni. Mjer finst því sjálfsagt, þar sem frv. er komið frá þeim manni, sem mesta reynslu hefir fengið í þessum efnum, að samþ. það.

**Hákon Kristófersson:** Hvað sem segja má um það, að frv. þetta sje samið af ráðunaut Búnaðarfjelags Íslands, þá er og hitt víst, að lögin voru á sínum tíma undirbúin af sama manni. Efast jeg um, að sá ágæti maður hafi vaxið til muna að þekkingu á þeim tíma, sem liðinn er síðan; hygg heldur, að hjer sje um algengan hringlandahátt í lagasmíð að ræða. Vil jeg því fella þetta frv. algerlega. Í grg. við frv. er þess getið, að lögin hafi verið misskilin, en á hitt er hvergi bent, á þau ákvæði l., sem hafa verið misskilin. Jeg ber að vísu traust til hæstv. forsrh., en jeg er samt ekki viss um, þó hann setti reglugerð um þessi lög, að hún yrði fremur laus við alla agnúa en lögin nú. Jeg get tekið undir með hv. þm. Borgf., að oft muni ekki vera hægt að framkvæma geldingu á folum fyrir 20. apríl. Veit jeg það af eigin reynslu. Hv. þm. V-Sk. vildi halda því fram, að ekki væri frekar hægt að framkvæma vönun á tímabilinu frá 20. apríl til 14. maí. En þetta er þó nokkur tími og getur því auðveldlega nokkuð um það skipast á þeim tíma. Þá er og það atriði, að útigengna fola yrði að taka í hús, ef tímatakmarkið er fært. En um og fyrir 14. maí er veður oftast farið að hlýna, og gróður er þá byrjaður eða í nánd. Þá fara og öll sár betur með sig í hlýviðri og gróðrartíð en í kuldum, sem meiri hætta er á í apríl en í maí. — Um reglugerðir alment er það að segja, að þó sumar sjeu vel af hendi leystar, þá eru þó aðrar svo, að þær kollvarpa ákvæðum sumra laga, sem þær áttu að skýra, og það alltilfinnanlega. Vil jeg máli mínu til stuðnings vísa til reglugerðarinnar um skattaframtal í sveitum, sem alls ekki er í samræmi við gildandi lög.

Jeg sje ekki betur en að vel sje í hóf stilt, þótt frv. þetta verði látið falla úr sögunni. Það hefir ekkert verið bent til þess í grg. við frv., í hverju þessi misskilningur, sem sagt er að hafi átt sjer stað um l., er fólginn. (**LH:** Það var gert í framsögu). Það hefði samt verið hægra að átta sig á því, ef það hefði komið í grg. — En undarlegt er það, að 2 hv. þm., sem báðir eru úr hrossaræktarhjeruðum, hafa lagt eindregið til, að 1. gr. frv. verði feld. Er þá ekki annað eftir en ákvæðið um að gefa út reglugerð. En jeg hygg, að það sje líka óþarft. Má vel hlíta við vald viðkomandi kynbótanefndar í þessu máli og þá venju, sem um ákvæði l. er sköpuð. — Jeg sje, að hæstv. atvmrh. hristir höfuðið. En jeg byggi mína skoðun á þeim góða undirbúningi, sem l. fengu í upphafi, og þeirri reynslu, sem fengin er um þau.

**Pjetur Ottesen:** Jeg bjóst nú ekki við, að miklar umr. yrðu um þetta mál. En hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. V.-Sk. hafa tekið svo fullan munninn um það, hver fjarstæða till. okkar væri, að jeg verð að bæta nokkrum orðum við það, sem jeg áður sagði.

Hv. þm. V.-Sk., sem eftir eigin sögu-

sögn er afarvel að sjer í því, hvenær hestar verða kynþroska, og í öllu því, er lýtur að byggingu þeirra, vildi fullyrða, að engin breyt. á kynþroskun hesta gæti átt sjer stað á tímabilinu frá 20. apríl til 14. maí. En jeg þekki nokkur dæmi þess, að sú breyt. hefir orðið á kynþroska hesta á jafnvel skemri tíma en þeim, er hjer um ræðir, að hægt hefir verið að gelda hest eftir hálfan mánuð, þar sem það var með öllu afskorið áður, nema þá með uppskurði, sem ekki er á færi nema dýralækna. Þannig mundi oft vera hægt að vana fola þann 14. maí, sem ekki væri hægt 20. apríl. Þeir hestar yrðu því áreiðanlega miklu fleiri, sem hæfir yrðu til vönunar 14. maí.

Þá er og vitanlega um aukinn kostnað að ræða, einkum fyrir útbeitarhjeruð. Því þýðir ekki að neita. Því trúir enginn, þótt hv. þm. vilji fullyrða það, sjálfum sjer til geðs. Það er oft mikill munur á gróðri 14. maí og 20. apríl, svo taka yrði folana á gjöf þann 20. apríl, þó nógur gróður sje kominn 14. maí. Þá verður einnig að taka þá fola á gjöf 20. apríl, sem ekki eru kynþroska, svo vanaðir verði. En 14. maí má oftast láta slíka hesta í girðingu, þótt fyr á tíma sje ekki hægt vegna gróðurleysis. Þetta verður því aukinn kostnaður. Hvað það atriði snertir, að þessi breyt. sje nauðsynleg fyrir kynbæturnar, þá held jeg, að það sje hrein undantekning, ef 2 vetra hestar eru ekki óskaðlegir — eins og hv. þm. orðaði það — á tímabilinu frá 20. apríl til 14. maí. Það eru algerðar undantekningar. Jeg held, að ákvæði laganna eins og það er nú sje vel forsvaranlegt. Og þar sem lögin hafa orðið nokkuð óvinsæl vegna kostnaðar, sem er því tilfinnanlegri, að hrossin hafa lækkað stórkostlega í verði síðan þau voru sett, þá get jeg búist við, að fram muni koma raddir um, að l. verði breytt í þá átt, að slakað verði til á sumum ákvæðum þeirra. Slíkar raddir er auðvelt að framkalla. Öruggast mun því vera fyrir þá, sem vilja láta núgildandi löggjöf haldast um þetta, að greiða atkv. með brtt. okkar. Þá fæst það um leið, að sett verði reglugerð um þessi lög.

**Frsm. (Lárus Helgason):** Hv. þm. Barð. sagði, að óheppilegt væri að gelda hesta á tímabilinu frá 20. apríl til 14. maí. Þetta sannar einmitt okkar mál. Það á að vera búið að því áður. Jeg vil fullyrða, án þess að hrósa mjer af nokkurri sjerþekkingu á þessu sviði, að það mun sjaldgæft, að þeir folar, sem óhæfir eru til vönunar 20. apríl, sjeu orðnir hæfir til þess 14. maí. Til þess þyrftu þeir þá að hafa nógan gróður eða bætt fóður. Þetta sannar einmitt rjettmæti frv. Þá talaði sami hv. þm. um það, að betra væri að vana, þegar hlýindi væru komin. En er það kannske ekki alveg sjálfsagt að hlynna að skepnunum, meðan þær eru í sárum? Og þá er tíminn hentugri fyrir en eftir 20. apríl.

Jeg þarf litlu að svara hv. þm. Borgf., umfram það, sem jeg hefi svarað hv. þm. Barð. Hv. þm. talaði um kostnaðarauka af frv. Jeg geri nú ekki mikið úr honum. En það er líka venjulegt, að umbótum fylgi einhver kostnaður. Víðast verður ekki um neinn kostnaðarauka að ræða. Hv. þm. sagði, að hrossaræktin væri ekki arðsöm, og er jeg honum þar samdóma. En helsta ráðið til að auka

arðinn eru kynbætur, sem miða að því, að hver skepna gefi sem fylstan arð. Jeg orðlengi þetta svo ekki meira, en vænti, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Hannes Jónsson:** Jeg get tekið undir með þeim hv. þm., sem telja varhugavert að auka útgjöld bænda vegna þessara laga. Tekjur af hrossaeign eru nú orðnar svo litlar, að heita má, að beint tjón sje orðið að því að eiga stóðhross fram yfir það, sem viðhald brúkunarhrossa útheimtir. Máske er helsti árangur kynbótalaganna sá, að hrossum hefir fækkað og útlit fyrir, að þeim stórfækki fyrir starfrækslu laganna. En þótt máske sje gott, að stóði fækki, þá vil jeg þó ekki, að einstaklingunum sje íþyngt með frekari kostnaði en lögin gera nú. Útflutningur hrossa má heita úr sögunni. Verð á folöldum til slátrunar er þetta frá 20—30 kr. Og af því er ⅓ eða meira tekinn til þarfa kynbótanna samkv. lögunum. Menn slátra því bæði folöldum og öðrum hrossum eftir því sem tími vinst til, svo hrossum mun fækka, þótt ekki sje hert á því með auknum tilkostnaði. Jeg tel því óheppilega að farið, ef bændum verður enn íþyngt með auknum útgjöldum. Jeg er því nú kunnugur, að bændum hefir þótt of langt gengið áður með lögum þessum. Á þingmálafundi í Vestur-Húnavatnssýslu nú í vetur var samþ. till. um að skora á þingið að afnema þessi lög. Jeg hefi nú ekki sjeð mjer fært að bera fram þessa ósk, en jeg verð algerlega að vera á móti öllu því, sem gengur í þá átt að íþyngja bændum enn meira um þetta. Jeg er jafnvel hálfhræddur við, að gefin sje heimild til reglugerðar um þessi lög. Það er ekki af því, að jeg vantreysti hæstv. atvmrh. En jeg hygg, að þeir, sem um hana mundu fjalla, hefðu opnari augu fyrir því að gera alt sem fullkomnast, og þá sem dýrast. En jeg vil á engan hátt auka við neinn kostnað í þessu sambandi og vildi frekar skera hann niður.

**Frsm. (Lárus Helgason):** Jeg vil aðeins benda á það, að ræða hv. þm. V.-Húnv. sannar algerlega mitt mál. Hann talar um, að of mikið sje af hrossum, og tel jeg það satt vera. Þá sje jeg ekki betur en að hin rjetta aðferð sje sú, að fækka hrossunum, en fara því betur með þau og leggja stund á að bæta kynið. Að þessu athuguðu ætti hv. þm. að greiða atkv. með frv.

ATKVGR.

Brtt. 264 feld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BÁ, GunnS, HJ, HK, JAJ, MG, MJ, ÓTh, PO.

**nei:** ÁÁ, BSt, HStef, JÓl, JS, JörB, LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ.

BSv greiddi ekki atkv.

Sex þm. (EJ, HG, HV, IngB, JJós, ÞorlJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. án atkvgr.

2.—3. gr. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, JAJ, JÓl, JS, BSv.

**nei:** HK.

HJ, PO greiddu ekki atkv.

6 þm. (EJ, HG, HV, IngB, JJós. ÞorlJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JS, JörB, LH, MG, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, HStef, BSv.
nei: HK, JAJ, ÓTh, PO, BÁ, GunnS, HJ.
MJ greiddi ekki atkv.
6 þm. (EJ, HG, HV, IngB, JJós, ÞorlJ) fjarstaddir.

---

Á 40. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 217).
Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 217, n. 486).

**Jón Jónsson:** Þetta litla frv. er breyt. á lögunum um kynbætur hesta. Það fer aðeins fram á að heimila atvmrn. að setja reglugerð til nánari skýringar á lögunum, en það stafar af því, að það kom í ljós við framkvæmd laganna, að það eru einstök atriði skilin nokkuð misjafnt úti um sveitirnar. Eitt atriðið er t. d. um það, hvernig eigi að jafna niður kostnaði við kynbætur. Það er gert ráð fyrir því, að kostnaðinum eigi að jafna niður á folaldafjöldann í hjeraðinu, en þá greinir menn á um það, hvort eigi að jafna niður eftir folaldafjöldanum á reikningsárinu eða næsta ár á eftir. Sömuleiðis er nokkur ágreiningur um það, hvort kynbótanefnd geti keypt kynbótahest án þess að bera það undir almennan sveitarfund; og svona er um ýms einstök atriði, sem nokkur ágreiningur hefir orðið um í einstökum sveitum. Eitt er t. d. um það, hvort hrossaræktarfjelag, sem allir hjeraðsbúar eru ekki í, geti verið laust við að taka þátt í kostnaði sveitarinnar í heild.

N. virðist þess vegna, eftir þessum upplýsingum, að það sje ástæða til að veita stj. heimild til að gefa skýringar um slík atriði, til þess að slá föstu einhverju um þau í eitt skifti fyrir öll. Af þessu leggur n. til, að frv. verði samþykt. Jeg skal geta þess, að það er flutt eftir beiðni ráðunautsins í hrossarækt, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið, en aðeins óska þess, að hv. deild leyfi því að ganga fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 6. maí. var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 550).

## 15. Sjúkrasamlög.

Á 40. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög** (þmfrv., A. 297).

Á 42. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Sveinn Ólafsson):** Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Jeg býst við því, að hv. þdm. hafi þegar áttað sig á því og tilgangi þess. Læknir einn hjer í bæ, áhugasamur um heilbrigðismál, Ólafur Thorlacius, benti mjer á það fyrir nokkrum dögum, að ákvæði l. nr. 42 frá 1924 um samlagstæka menn væru óhagstæð og hefðu orðið til þess, að samlagsmönnum hefði fækkað í seinni tíð. Læknirinn mæltist til þess, að jeg flytti frv. til lagfæringar á þessu. Hefi jeg borið þetta undir hv. 3. þm. Reykv., sem er mjög vel kunnugur öllum slíkum málum, og þó sjerstaklega launakjörum þeirra manna hjer í bæ, sem helst eru í sjúkrasamlögum. Hefir hann tekið þessu með fullum skilningi og gerst meðflm.

Það, sem þessu frv. er ætlað að ráða bót á, er það, að með lækkandi dýrtíðarbótum hefir einnig lækkað hámark þeirra launa, sem samlagsmenn mega hafa samkv. l. frá 1924.

Hv. 3. m. Reykv. hefir upplýst, að jafnvel margir af hinum vinnandi stjettum muni hafa þau laun, að þau fari yfir þetta hámark.

Upphaflega voru samlagslögin sett 1911 og þá miðuð við 1200 kr. árstekjur, auk 100 kr. fyrir hvert barn, sem samlagsmaður hefði á framfæri. Árið 1919 var lögum þessum svo breytt, og hámarkið þá fært upp í 3000 kr. árstekjur, auk 500 kr. fyrir hvert barn. 1924 var lögum þessum ennþá breytt, og var þá að vísu miðað við 3000 kr. árstekjur eins og 1919, en þó þannig, að við þær bættust dýrtíðarbætur hjá launamönnum eins og þær voru á hverjum tíma, en 1924 voru dýrtíðarbæturnar 52%. Það virðist því, að þingið 1924, sem gerði þessa breyt. á lögunum, hafi haft fyrir augum 4500 kr. hámarkslaun, því að 3000 kr. + 52% gera 4560 kr. Nú höfum við flm. orðið ásáttir um að miða þetta árslaunahámark við 4500 kr., án tillits til þess, hvort dýrtíðarbætur greiðast eða ekki. Við lítum svo á, að það sje stuðningur fyrir sjúkrasamlögin, að sem flestir sjeu í þeim, og því beri að ýta undir, að menn gangi í þau.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þetta, en óska, að því verði vísað til 2. umr. og

allshn., og beini jeg þeirri ósk til n., að hún flýti máli þessu eftir föngum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 356).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 297).
Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 458).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og fór í gegnum þá d. án breyt. Tilefnið til þessa frv. er það, að með lögum nr. 42, 4. júní 1924, voru hækkuð þau hámarkslaun, er hluttækir fjelagar í sjúkrasamlögum mættu hafa, og er svo fyrir mælt þar, að þau megi vera 3000 kr., auk dýrtíðaruppbótar á þau laun.

Þegar þessi takmörk voru samþ., var dýrtíðaruppbótin 52%, en nú er hún ekki nema 34%. Það má kannske segja, að þetta breyti ekki miklu, vegna þess að dýrtíðaruppbótin fer lækkandi, eftir því sem ódýrara verður að lifa; en það mun vera svo, að hlutfallið milli dýrtíðaruppbótar og verðlags á nauðsynjavörum sje ekki það sama og var áður, með öðrum orðum, sú vísitala, sem dýrtíðaruppbótin er reiknuð eftir, sje ekki samkvæm verði á vörunum. Að öðru leyti má líka geta þess, að um þá menn, sem hafa föst laun og ekki dýrtíðaruppbót, hefir svo farið, að þeir, sem voru hluttækir árið 1924, þeir eru það ekki lengur, því samkv. l. frá 1924 var hægt að reikna hluttæka menn í sjúkrasamlögum þá, sem ekki höfðu yfir 4560 kr. En þótt þetta hafi ekki raskað beinlínis hjá þeim, sem hafa 3000 kr. í föst laun og enga dýrtíðaruppbót, þá er þetta ekki svo um þá, sem hafa föst laun, vegna þess að nú er hámarkið komið niður í 4120 kr. Það, sem virðist hafa vakað fyrir flm. þá, sýnist hafa verið það, að hámarkið verði sett fast. En jeg verð að segja það, að eftir því sem jeg

skil sjúkrasamlögin, þá tel jeg ekki rjett að útiloka þá menn frá hluttöku í fjelögunum, þótt þeir hafi alt að 4560 kr. laun; jeg held, að maður verði að minsta kosti að álíta enn sem komið er, á meðan tryggingarmálin eru ekki lengra á leið komin hjá okkur, þá sjeu sjúkrasamlögin þó eina leiðin, sem menn hafa til að tryggja heilsu sína. Þess vegna er það, að allshn. Ed. hefir fallist á að mæla með, að þetta frv. gangi fram. Jeg vil hjer geta þess, að n. hefir, síðan hún skilaði áliti sínu, borist umsögn um málið frá formanni Læknafjelags Íslands, þar sem hann leggur heldur á móti því, að þessi breyt. verði á gerð. En jeg get ekki sjeð, að hans ástæður sjeu fullnægjandi, og breyta þær því ekki neitt afstöðu minni til málsins. Jeg held, að öllu athuguðu, að þá sje það rjett og sanngjarnt, að þetta frv. gangi fram, því að tilfellið er, að sjúkrasamlögin eiga víðast hvar heldur erfitt uppdráttar, og það má gera ráð fyrir því, að þess betri lífskjör, sem meðlimir sjúkrasamlaganna hafa við að búa, þess minni hætta stafi fjelögunum af sjúkrakostnaði þeirra. Mjer virðist það að öllu leyti hagur fyrir sjúkrasamlögin, að hámarkslaun hluttækra fjelagsmanna sjeu færð upp. En af þessari breyt. getur leitt örlitla hækkun á þeim styrk, sem ríkissjóður veitir sjúkrasamlögunum, en úr því að það telst rjettmætt, að ríkissjóður styrki þau, þá verð jeg að líta svo á, að það sje ekki síður rjett, þegar um þátttöku þeirra fjelagsmanna er að ræða, sem búast má við, að fjelögunum verði sjerstakur styrkur að. Vona jeg því, að hv. d. fallist á, að þetta frv. sje til bóta og samþ. það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 551).

---

## 16. Lögreglustjóri á Akranesi.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um lögreglustjóra á Akranesi** (þmfrv., A. 134).

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Pjetur Ottesen):** Jeg ætla, að það þurfi ekki mörgu að bæta við það, sem sagt er í grg. þessa frv. Það er fram borið af þeirri nauðsyn, sem þar er lýst, sem sje þeim erfiðleikum, sem nú eru á orðnir um lögreglustjórn og tollheimtu á Akranesi. Auk þess er oddvitastarfið orðið þar svo umfangsmikið, að það er óhugsandi, að það geti lengur verið algert aukastarf. Það er því svo komið, að

hreppsbúar og hreppsnefnd geta ekki lengur unað við að búa við ákvæði sveitarstjórnarlaganna hvað þetta snertir.

Til þess að hv. þdm. verði ljósari nauðsyn þessa máls, ætla jeg aðeins með fáum orðum að gefa nokkrar nánari upplýsingar um staðhætti þarna.

Akranes hefir vaxið mjög síðari árin, en stærsta framfarasporið var þó stigið þar fyrir 3 árum, er komið var þar á fót hafnarbótum, er gerðu íbúunum þar mögulegt að stunda fiskiveiðar heiman að á vetrarvertíðinni. Var það stórmikil framför frá því, er áður hafði verið, því þá urðu þeir að leita til annara staða á þeim tíma. En eftir þessar umbætur gátu þeir farið að leggja upp aflann heima og notfært sjer alt verðmæti hans, en áður hlaut mikið af því að fara forgörðum, er þeir urðu að dvelja í fjarlægum verstöðvum. Þessi aðstöðumunur hefir leitt inn í kauptúnið nýtt líf og nýjan þrótt, enda hefir útgerðin aukist mikið og aðrar framfarir, sem eru afleiðingar af því. Nú eru gerðir út frá Akranesi 20 vjelbátar 12 smálesta og stærri, og auk þess 1 gufuskip.

Þá má og benda á, að í kauptúninu er þegar nokkur kvikfjárrækt. Munu nú vera þar 50 kýr, 1000 fjár og nokkuð af hestum. Ræktun hefir og mikið aukist síðari árin, og hefir aðstaðan til þess sjerstaklega batnað mikið eftir að kaupstaðurinn fjekk keypta prestssetursjörðina Garða. Þá er hitt og kunnugt, að á Akranesi er rekin mikil kartöflurækt. Vaxtarskilyrði kauptúnsins eru því mikil, og er óhætt að gera ráð fyrir því, að fólki fjölgi þar mikið á næstunni.

Þá hafa og þær breyt. orðið á um sàmgöngur, að sveitaverslun er mjög að aukast þar, og mun þó meiri verða þegar lokið er þeim samgöngubótum, sem nú er verið að vinna að og tengja kauptúnið við hjeraðið. Benda má og á það, að þarna var sett á stofn slátturdeild frá Sláturfjelagi Suðurlands, og var í sambandi við það reist frystihús með nýtísku útbúnaði. Fullvíst er, að aðsókn bænda úr hjeraðinu að fá fje sínu slátrað þarna muni vaxa, og það því fremur, sem Akranes er eini staðurinn í Borgarfjarðarhjeraði, sem komið getur til greina sem útflutningsstaður á frystu kjöti á erlendan markað.

Loks ætla jeg að fara nokkrum orðum um þá leið, er jeg legg til, að farin verði til þess að ráða bót á þeim erfiðleikum, er Akranesingar eiga nú við að búa og bæta á úr með þessu frv. Undanfarin ár hefir það verið venja að ráða bót á slíkum vandkvæðum annarsstaðar með því að láta hlutaðeigandi kaupstaði fá bæjarrjettindi. En það er aftur á móti alkunnugt, að sú skipun á málefnum kaupstaðanna hefir mikinn kostnað í för með sjer, bæði fyrir kaupstaðina og ríkissjóð, án þess að tilsvarandi hlunnindi komi í staðinn. Það er því með sjerstöku tilliti til þess, að farið er inn á þessa braut, er í frv. felst. Hún er sú, að sameina oddvita- og hreppstjórastarfið og fela það í hendur einum og sama manni. Og með tilliti til þess, hvað sýslumaðurinn er í mikilli fjarlægð og oft erfitt að ná til hans, þá er ráð fyrir því gert, að þessi maður hafi lögfræðipróf og að hann hafi heimild til að kveða upp úrskurði í lögreglumálum.

Af því að þetta er nýmæli, vona jeg,

að það verði tekið til rækilegrar íhugunar í þeirri n., sem fær málið til meðferðar. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona, að hv. d. geti fallist á þetta frv., og legg jeg svo til, að því verði að umr. lokinni vísað til allshn.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg minnist þess, að á síðasta þingi deildum við hv. flm. þessa frv. og jeg nokkuð um bæjarstjórann á Norðfirði. Gat jeg þess þá, að það mundi heldur verða til sparnaðar að fá mann, er gegndi sjerstaklega þessum störfum, svo sem innheimtum o. fl. Er mjer því gleði að því, að hv. þm. Borgf. skuli nú vera kominn á sömu skoðun.

Jeg skal ekki fara neitt inn á einstök atriði frv. Það getur vel verið, að það geti verið fær leið, sem hjer er stungið upp á. En eitt er jeg hræddur um, og það er, að ekki fáist duglegur maður fyrir það kaup, er þar er gert ráð fyrir. Hygg jeg þar kenna fullmikillar bjartsýni hjá hv. flm. En því má nú reyndar breyta síðar, enda hygg jeg, að það verði gert.

Þá vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort það sje ekki meiningin, að þessi lögreglustjóri hafi líka með höndum störf þau, er talað er um í 2. gr., og hvort hann eigi þá ekki að fá sjerstaka borgun fyrir þau, og hana allríflega.

**Flm. (Pjetur Ottesen):** Jeg hjelt, að það hefði komið skýrt fram í ræðu minni, og sömuleiðis sje það skýrt fram tekið í frv., að tilætlunin sje, að starfi þessa manns verði hagað þannig, að hann jafnframt lögreglustjórastarfinu hafi á hendi oddvitastörfin.

Um launin er það að segja, að upphæð sú, sem hjer er nefnd, er aðeins sá hluti launanna, sem ætlast er til, að greiddur verði úr ríkissjóði. En hitt leiðir af sjálfu sjer, að hreppsfjelagið greiðir sjálft fyrir þau störf, sem fyrir það eru unnin. Út af ummælum hv. 2. þm. Rang. um umr. þær, sem fóru fram hjer í fyrra í sambandi við frv. um bæjarstjórn á Norðfirði, vil jeg taka það fram, að við deildum ekki um það, að ekki væri nauðsyn á að breyta til á Norðfirði, heldur hitt, hvort nauðsyn bæri til að taka þar upp bæjarrjettindi í venjulegum skilningi. Jeg hjelt því þá fram, að það fyrirkomulag, sem hjer um ræðir, gæti komið Norðfjarðarbúum að fullum notum, en hv. 2. þm. Rang. því gagnstæða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 215).

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** Það vildi svo til, þegar allshn. tók mál þetta til úrslitameðferðar, að ekki voru mættir á fundi nema 3 af 5 nm., og voru þeir allir sammála um að leggja til, að frv. væri samþ. óbreytt. En hinir 2 nm. hafa að sjálfsögðu óbundin atkv. um frv.

Við 3, sem sóttum fundinn, álitum það eðlilegt, að gerðar væru breytingar á Akranesi í þessa átt, ekki síst þar sem það hafði orðið ofan á á síð-

asta þingi að gera Nes í Norðfirði að sjerstökum kaupstað, en á Akranesi eru mun fleiri íbúar en í Nesi.

Í fyrra var bent á það, að hægt væri að komast að ódýrari niðurstöðu um stj. sveitarmálanna á slíkum stöðum með því að falla frá bæjarstjórnarfyrirkomulaginu og fela einum manni oddvita- og hreppstjórastörfin, og jafnframt lögreglustjórn að einhverju leyti. Þessi leið þótti ekki fær í fyrra að því er Nes snerti, en er farin hjer. Íbúarnir sjálfir óska ekki eftir því að fá bæjarstjórn, þar eð þeir álíta, að það muni verða dýrara og óhentugra fyrir hreppinn. Og jeg sje ekki ástæðu til að þröngva bæjarstjórn upp á íbúana, þar sem þetta fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, er einnig ódýrara fyrir ríkið. Jeg hefi það fyrir satt, að bæjarstjórinn á Norðfirði hafi 1500 kr. í laun, hækkandi upp í 2500 kr., auk dýrtíðaruppbótar. En hjer er gert ráð fyrir 2000 kr. launum dýrtíðaruppbótarlaust, og hreppnum ætlað að borga í viðbót það, sem þarf til að fá mann til að taka að sjer starfann. Íbúarnir eiga þess vegna mest á hættu sjálfir um það, hvernig þetta tekst. Meiri hl. n. taldi því ekki nema sjálfsagt að láta íbúana ráða þessu sjálfa. Eins og nú stendur, eiga hreppsbúar þarna mjög erfitt með að fá menn til að gegna oddvita- og hreppstjórastörfunum, vegna þess, hve þessi störf eru illa launuð, en hinsvegar mjög umfangsmikil vegna fjölmennis. Núverandi hreppstjóri á Akranesi hefir sagt mjer, að ekki vanti mikið á, að vinnukraftar hans sjeu að öllu upptaknir við hreppstjórastörfin, en þess ber þó að gæta, að hann er orðinn nokkuð hniginn að aldri og því ekki hlutgengur þeim, sem yngri eru, að starfsþoli.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en vil endurtaka það, að meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

**Magnús Torfason:** Eins og sjest á nál., hefir mjer ekki verið gert svo hátt undir höfði, að ástæða þætti til, að jeg fengi að ræða þetta mál við meðnm. mína. Hinsvegar rýkur meiri hl. n. til og semur nál. um málið, og lætur það svo koma fram hjer í hv. d., án þess að mjer og hv. 2. þm. Reykv. (HV) hafi gefist tækifæri til að segja um það, hvort við sjeum með eða móti málinu, hvað þá til að semja sjerstakt nál. Jeg hafði þó haldið, að ástæða væri til að athuga þetta dálítið gerr en á einum fundi af ⅗ hl. n., þar sem hjer er um algert nýmæli að ræða, og það þannig lagað, að það grípur inn í hinn mikla lagabálk, sem gildandi er á þessu sviði. Því að eins og menn vita, eru til sjerstök l. um starf hreppstjóra og laun þeirra, og mjer hefði fundist eðlilegast, ef nauðsynlegt væri að auka valdsvið einstakra hreppstjóra, að þau l. væru í heild athuguð og reynt að bæta um þetta á þennan hátt, með því að vitanlegt er, að víðar á landinu getur staðið svo á sem á Akranesi. Það er á allra vitund, að í hinum stærri hreppum eru störf hreppstjóranna orðin mjög mikil, og er það rjett hjá hv. frsm., að mestur tími hreppstjóranna gengur til þessara starfa. En jeg álít, að rjettara hefði verið að breyta launakjörum hreppstjóranna en að fara þá leið, að taka einn hrepp á öllu landinu út úr, eins og frv. gerir ráð fyrir,

auk þess sem jeg er alls óviss um, að meiri þörf sje á sjerlögum fyrir Akranes en marga aðra hreppa. Jeg vil í því efni t. d. benda á Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar hygg jeg, að sje meiri þörf á breyt. í þessa átt, með því að til Akraness eru litlar siglingar, þangað koma engir útlendingar og þangað er enginn vaðall af ýmsum óþjóðalýð. En um Hólshrepp verður alt þetta sagt.

Annars gengur þetta frv. út á það að gera þennan lögreglustjóra tvíeinan að því leyti, sem honum er ætlað að vera bæði oddviti og hreppstjóri, en hvað það fyrra snertir, þá er sjálfsagt að athuga sveitarstjórnarlögin frá þessu sjónarmiði. Það er oft kvartað undan því, að ekki sje hægt að fá oddvita í hinum stærri hreppum, og reynslan er sú, að þeir sitja ekki lengur en þessi 3 ár, sem þeir eru skyldaðir til að hafa oddvitastörfin með höndum. Og eins og gengur, gera menn það minsta, sem þeir komast af með undir slíkum kringumstæðum. Jeg hefi sjálfur rekið mig á það. Jeg hefi hvað eftir annað orðið að láta endurskoðanda minn gera reikninga oddvitanna upp, til þess að skil gætu orðið á.

Jeg fyrir mitt leyti get ekki verið með frv. eins og það nú liggur fyrir, þó að jeg játi það hinsvegar fullkomlega, að ástæða sje til að skipa öðruvísi fyrir um störf oddvita og hreppstjóra í hinum stærri hreppum, en jeg álít, að þetta eigi að gera í sambandi við, að hlutaðeigandi l. verði tekin til rækilegrar meðferðar.

Hvað frv. sjálft snertir, þá vil jeg gera lítilsháttar aths. við 3. gr. þess. Þar segir svo: „Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, fær hann að auki laun fyrir þau samkv. samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar". Hjer brestur það á, að fram sje tekið, hver á að greiða þessi laun; hvort það sje hreppssjóður eða ríkissjóður, eða hvort hvortveggja þessara sjóða eigi að greiða launin að helmingi. Ef það er hugsunin, að þessi oddvitastörf verði að hálfu borguð úr ríkissjóði, er hjer um alveg nýja stefnu að ræða. (**PO:** Það er alls ekki meiningin. Þetta er hártogun). Jeg skal ekkert um það segja, en það verður ekki annað dregið af orðalagi þessarar gr. frv. Og jeg benti á þetta, svo að hægt væri að færa það í lag, því að frv. getur ekki gengið fram án þess að gerr sje kveðið á um þetta atriði. En ef þessi lögreglustjóri á jafnframt að gegna oddvitastörfum, er hugsanlegt, að hann þurfi að fá leyfi ríkisstj. til þess. Þó skal jeg ekkert um það fullyrða, því að eins og kunnugt er, þá er öllum, nema sýslumönnum til sveita, heimilt að taka þessi störf að sjer án þess að spyrja ríkisstj. um leyfi.

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** Hv. 2. þm. Árn. byrjaði ræðu sína með því að segja, að sjer hefði ekki verið gert svo hátt undir höfði, að álits síns hefði verið leitað um þetta mál. Jeg var hissa á að heyra þessi ummæli frá hv. 2. þm. Árn. Þegar málið var tekið fyrir í n., vildi svo til, að þessi hv. þm. var ekki staddur hjer í bænum, heldur austur á Eyrarbakka. (**MT:** Jeg var þar 1 dag). Já, og það var einmitt þann dag, sem málið fjekk sína úrslitameðferð í n. Það er auðvitað æskilegast, að allir geti verið á

nefndarfundum, en jeg fæ ekki sjeð, að ástæða sje til að fella niður nefndarstörf, þó að einhvern kunni að vanta. Því að það má hv. 2. þm. Árn. vita, að við erum ekki svo hræddir við hann, að við af þeirri ástæðu færum að flýta okkur að afgr. málið í fjarveru hans.

Hvað það snertir, að málið hefir verið tekið á dagskrá í dag, þá er það ekki mín sök, heldur hæstv. forseta, eða ef til vill forsetanna, og þá ætti hv. 2. þm. Árn. síst að vera að álasa fyrir það.

Þá var hv. 2. þm. Árn. að bera sig upp undan því, að sjer og hv. 2. þm. Reykv. hefði ekki unnist tími til að skrifa nál. um málið. Nál. okkar hinna, sem sátum þennan umrædda fund n., er dagsett 25. mars, svo að jeg fæ ekki betur sjeð en að þeir hafi haft nægilegan tíma fyrir sjer.

Viðvíkjandi aðfinslum hv. 2. þm. Árn. við frv. vil jeg benda á það, að hjer er alls ekki um það að ræða, að verið sje að færa út valdsvið hreppstjórans á Akranesi, heldur þvert á móti að fella starf hans niður. Hreppstjórastörfin eru orðin svo umfangsmikil á þessum stað, að við það fyrirkomulag verður ekki lengur unað. Hitt má vel vera, að svo sje ástatt víðar á landinu og að nauðsynlegt sje að endurskoða launalög hreppstjóranna, en til þess vinst ekki tími á þessu þingi. Það er að svo mörgu að starfa hjer nú, að ekki er á það bætandi.

Hv. 2. þm. Árn. vildi halda því fram, að óvíst væri, að á Akranesi væri meiri þörf á breyt. í þessa átt en víða annarsstaðar á landinu. Um það er erfitt að segja, en eins og allir vita, þá er Akranes fjölmennasta kauptún landsins, og það miklum mun fjölmennara en Nes í Norðfirði, sem gert var að kaupstað á þinginu í fyrra. Jeg hefi það fyrir satt, að á Akranesi sjeu mikil viðskifti, enda hlýtur svo að vera eftir fólksfjöldanum. Og eins og jeg drap á í minni fyrri ræðu, hefir núv. hreppstjóra þar fallið svo orð við mig, að hreppstjórastarfið væri fullkomið starf fyrir eldri mann, sem hann væri, eins og hann komst sjálfur að orði.

Hv. 2. þm. Árn. var óánægður með orðalagið á 3. gr. frv. og fanst það vafamál, hvaðan borgunin ætti að koma fyrir oddvitastörfin. En jeg fæ með engu móti skilið, að vafi geti leikið á þessu. Eins og kunnugt er, þá greiða hreppssjóðirnir allan kostnað við oddvitastörfin, og jeg tók það skýrt fram í minni fyrri ræðu, að það væri ekki tilgangurinn, að ríkissjóður legði fram meira en þessar 2000 kr., og af því leiðir, að oddvitastörfin eiga að greiðast úr hreppssjóðinum. Og þar sem rætt er um samning í niðurlagi 3. gr., er átt við það, að ríkisstj. skipi mann í þetta embætti, en hve launin verða mikil, er samkomulagsatriði milli ríkisstj., hreppsstjórnarinnar og mannsins sjálfs. Mjer finst því mótbárur hv. 2. þm. Árn. svo lítilfjörlegar, og jeg skal ekki trúa fyr en jeg tek á, að hann greiði atkv. móti frv. fyrir þær. Ef það á annað borð er viðurkent — og það gerði hv. þm. í sinni ræðu —, að sá staður, sem er jafnmargmennur og þessi, þurfi að fá breyt. á sinni stj., þá getur hann ekki verið á móti þessu frv. bara vegna þess, að það kunni að vera ástæða annarsstaðar til að hækka laun hjá

oddvita eða hreppstjóra eða hvorumtveggja.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg tek undir með hv. 2. þm. Árn., að mjer finst hv. meiri hl. haga sjer harla einkennilega í þessu máli. Það var aldrei búið að ræða það á nefndarfundi, en alt í einu, þegar við hv. 2. þm. Árn. erum fjarstaddir utan bæjar — sem meiri hl. sjálfsagt var kunnugt —, þá taka þeir sig til og ræða frv. og gefa þegar út nál. án þess að ræða það á nokkurn hátt við okkur. Þessu máli sýnist hraðað meira en öðrum málum í allshn., því að þar liggur hvert málið eftir annað, sem ekki hafa verið afgr. frá n. Skil jeg því ekki flaustrið við þetta mál, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þeir menn, sem að frv. standa, ljetu í ljós í fyrra, þegar talað var um kaupstaðarrjettindi fyrir Norðfjörð, að sjerstök ástæða væri til að athuga alt þetta mál gaumgæfilega fyr en Norðfjörður fengi sín rjettindi. Nú finst mjer ekki síður ástæða til þess, þegar að Akranesi kemur.

Við vildum fara meðalveg og athuga, hvort ekki væru fleiri, sem þyrftu svipaðrar breyt. við, eða hvort fara ætti yfirleitt þessa leið í málinu.

Það er kunnugt, að þó að Akranes sje fjölment og hafi nokkra sjerstöðu, þá er verslunin þar við útlönd mjög lítil og samgöngur ekki aðrar en við Reykjavík. Er því alt öðruvísi ástatt en á stöðum fjarri Reykjavík. Annars álít jeg, að ríkisstj. eigi að rannsaka þörfina fyrir breyt. sveitarstjórnar og löggæslu, bæði á Akranesi og öðrum stöðum, og á hvern hátt eigi að bæta úr því, sem áfátt er. Hefi jeg ekki enn heyrt þau rök, er sannfæra mig um, að öðruvísi þurfi að fara með Akranes en ýms önnur stór sjávarþorp.

**Gunnar Sigurðsson:** Út af þessum umr. vil jeg taka það fram, að það var alls ekki meining okkar nm., sem afgr. málið, að gera þeim hv. þm., sem talað hafa um flaustur á afgr. þess, neinn sjerstakan miska. Jeg tók það sem sjálfsagt, þegar Akranesingar fóru fram á þessi rjettindi, að þeim yrði þau veitt, alveg eins og Norðfirði í fyrra. Og jeg tók þá fram, að hvenær sem Akranes og önnur stór kauptún færu fram á hið sama fyrirkomulag, mundi jeg verða við því. Mjer finst kauptúnin eiga æðimikinn rjett á að skera úr um fyrirkomulag hjá sjer.

Það er ekki rjett, að mikið af málum liggi óafgr. í allshn. Jeg hygg, að hlutfallslega sje mest afgr. þar. En hafi mörg mál verið óafgr. lengi — sem jeg mótmæli —, þá var þó frá sjónarmiði hv. þm. meiri ástæða til að flýta fyrir þessu máli og öðrum, sem fyrir liggja.

Jeg sem form. n. tek alls ekki við þeim ákúrum til n., að við viljum af einhverjum ástæðum flýta fyrir þessu máli sjerstaklega, heldur er það afgr. vegna þess, að þetta mál er eitt þeirra frv., sem sjálfsagt er að gangi fram.

**Pjetur Ottesen:** Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í umr., sem orðið hafa milli allshn.-manna um afgr. þessa máls í n. Jeg vil bara þakka hv. meiri hl., sem afgr. hefir hjer nál.,

fyrir það, að hann hefir komið málinu áleiðis. Og jeg verð að segja, að mjer virðist ekki hafa verið viðhafður neinn sjerstakur flýtir á afgreiðslu þessa máls. Eins og kunnugt er, er liðinn nokkuð langur tími síðan málið var til 1. umr. Og venjulega hefir það verið á þann veginn, þegar menn hafa eitthvað haft við afgr. n. að athuga, þá hefir verið talað um seina afgr., en ekki hið gagnstæða.

Mjer þykir mjög vænt um, að þetta frv. hefir fengið jafngóðar undirtektir eins og raun ber vitni. Hv. 2. þm. Reykv. færði engar ástæður fyrir því, að hann væri á móti frv., og varð enda varla skilið, hvort hann væri í raun og veru á móti því eða ekki. Hann vitnaði aðeins í það, að komið hefðu fram till. á síðasta þingi um að vísa öðru máli hliðstæðu til stj. til nánari athugunar. En eins og kunnugt er, greiddu hann og hv. 2. þm. Árn. báðir atkv. móti því, að slík rannsókn skyldi gerð, eða að málið yrði athugað á þann hátt. Hv. 2. þm. Árn. fjelst fullkomlega á það, að nauðsyn mundi á sumum stöðum að gera breyt. á núv. fyrirkomulagi um sveitarstjórn og hreppstjórn. En hann vitnaði til þess aðeins, að þessa lagfæringu mætti e. t. v. gera á þann hátt, að breyta lögum um hreppstjóra með því að auka valdsvið þeirra, og einnig sveitarstjórnarlögum, og býst jeg við, að hann hafi átt við að bæta eitthvað launakjör oddvita. En jeg bendi hv. þm. á það, að þesskonar umbót mundi alls ekki koma að notum á þessum stað. Það mundi samt sem áður ekki verða að ræða um aðra en einhverja af borgurum staðarins til þess að taka að sjer þetta starf, en þar er ekki um að ræða aðra menn en þá, sem eru fullhlaðnir störfum fyrir. En svo er komið á Akranesi — eins og jeg hefi gert áður grein fyrir —, að bæði hreppstjórnarstarfið og oddvitastarfið er fullkomið starf fyrir einn mann, auk þess sem sá maður hefði innheimtu fyrir ríkissjóð á staðnum.

Það, sem hjer er um að ræða, er því einungis það, hvort eigi að fara þessa leið til þess að bæta úr erfiðleikunum, sem þarna eru orðnir, eða þá taka upp bæjarrjettindi. Eins og kunnugt er, hefir niðurstaðan á því að fá úr þessu bætt að undanförnu orðið sú, að tekin hafa verið upp bæjarrjettindi. Það er vitanlegt, að þetta fyrirkomulag hefir verið allkostnaðarsamt fyrir ríkissjóð, því að alt þangað til í fyrra hefir ríkissjóður orðið að borga að fullu laun viðkomandi bæjarfógeta. Raunar var svo ákveðið, þegar Siglufjörður fjekk bæjarrjettindi, að kaupstaðurinn greiddi laun bæjarfógeta að nokkru leyti, en þessu var skjótt breytt í það horf, að ríkissjóður greiddi launin að fullu. En á síðasta þingi var það aftur tekið upp, að viðkomandi kaupstaður borgaði launin að nokkru. Hinsvegar hefi jeg alstaðar sömu spurnirnar af því, að þar, sem bæjarrjettindi eru tekin upp, hafa útgjöld bæja vaxið ákaflega mikið. Og það er einmitt með þetta fyrir augum, að við viljum freista þess, að bæta úr þeim erfiðleikum, sem þarna eru fyrir hendi í þessu efni, án þess að íþyngja ríkissjóði að mun, og án þess að stofna til mjög aukinna útgjalda fyrir kauptúnið.

Það hagar því svo til þarna, að það er ekki um að ræða nema þær tvær leiðir, sem jeg nú hefi nefnt, til þess

að ráða bót á ástandinu. Og jeg held sannast að segja, að þetta fyrirkomulag, sem hjer er lagt til að taka upp, sje svo einfalt og óbrotið, að það verði ekki gert óbrotnara, eða að því verði haganlegar fyrir komið, þótt málinu verði vísað til stj. til frekari undirbúnings.

Bæði hv. 2. þm. Árn. og hv. 2. þm. Reykv. þótti órannsakað mál, hvort ekki stæði líkt á í þessu efni í öðrum kauptúnum landsins. Í tilefni af því vil jeg benda á, að eftir manntalinu 1927 eru hin kauptúnin, þau sem fólksflest eru, ekki nema hálfdrættingar við Akranes, eða þar um, hvað fólksfjölda snertir. Af þessu leiðir, að Akranes hefir algera sjerstöðu, og hana svo greinilega, að samanburður við önnur kauptún hvað þetta snertir kemst ekki að. Hinsvegar er vitanlegt, að nú er á Akranesi a. m. k. eitthvað fleira fólk en í tveimur kaupstöðum hjer á landi. Það eru nokkuð fleiri íbúar þar en á Norðfirði og líklega 400 fleiri en á Seyðisfirði. Þetta er þess vegna ekki sambærilegt.

Hv. 2. þm. Árn. var að nefna Hólshrepp í þessu sambandi. Jeg get bent honum á, að þar eru rúm 600 manna, og hefir fólkinu fækkað þar síðustu árin. Á Akranesi hefir fólki aftur á móti fjölgað allmikið síðari árin. Og nú allra síðustu árin hefir einmitt sú breyt. orðið þar, að auðsætt er, að fólki fjölgar þar á næstu árum. Það er bæði af því, að aðstaða til fiskiveiða hefir breytst mikið og sömuleiðis aðstaðan til að reka landbúnað. Í þriðja lagi eru að verða þær breyt. í samgöngum milli efri hluta hjeraðsins og kauptúnsins, að verslun hjeraðsbúa hlýtur að aukast þar mikið í náinni framtíð.

Út af því, sem tekið var fram af hv. 2. þm. Árn. og hv. 2. þm. Reykv., að mig minnir, að bein viðskifti við útlönd væru þarna afarlítil, þarf jeg að segja fáein orð. Hv. 2. þm. Árn. ljet og orð falla um það, að þar væri ekki neinn vaður af ferðamönnum, eins og hann orðaði það.

Hvað verslunina við útlönd snertir, þá er þessi fullyrðing algerlega á ókunnugleika bygð, því að megnið af innfluttum vörum kemur þangað beint frá útlöndum, eða þannig, að tollur af þeim er innheimtur þar. Þegar frá eru teknar kartöflur og nokkur hluti sláturafurðanna, þá eru allar aðrar framleiðsluvörur kauptúnsins fluttar beint til útlanda. Og jeg get bent á það því til sönnunar, að atvinnuvegir eru í miklum vexti á Akranesi, að þaðan voru fluttar út árið 1927 vörur fyrir rúma eina miljón kr., en 1928 má gera ráð fyrir, að útflutningur verði a. m. k. 1½ milj. kr.

Jeg held jeg þurfi ekki að svara fleiru, sem fram hefir komið um þetta mál. Hv. frsm. hefir svarað hv. 2. þm. Árn. skýrt um það, hver ætti að greiða lögreglustjóra fyrir þau störf, sem gert er ráð fyrir, að hann vinni fyrir hreppsfjelagið. Eins og hv. þm. benti á, er hjer um að ræða oddvitastarf, og það er vitanlegt, að oddvitum eru engin laun greidd úr ríkissjóði. Af því leiðir vitanlega, að hreppsfjelagið greiðir fyrir þetta starf. Hinsvegar hefi jeg ekkert á móti því að taka þetta nánar fram í frv. Annars hygg jeg þetta ákvæði vera fullskýrt, eins og hv. 1. þm. Skagf. benti á.

Það er þá ekki fleira, sem jeg hefi ástæðu til að svara í ræðum þeirra hv. 2. þm. Árn. og 2. þm. Reykv. Jeg vil þó að lokum árjetta það, að á þennan hátt fæst reynsla fyrir því, hvort ekki er hægt að bæta úr þörf þeirra kauptúna, þar sem ekki verður lengur unað við ákvæði sveitarstjórnarlaga um sveitarstjórnina og ákvæði hreppsstjórnarlaga hvað lögreglustjórn og innheimtu snertir. Jeg álít einmitt mjög mikils vert, að hægt sje að leysa þessi vandkvæði á þennan hátt; því að það eru vitanlega miklar búsifjar fyrir sýslufjelögin að missa kauptúnin út úr umboði sínu. Því að vitanlega leggja kauptúnin drjúgan skerf í sýslusjóð til sýsluvega og annara framkvæmda. Jeg veit, að fyrir Borgarfjarðarsýslu mundi slík skifting ekki heppileg. Jeg verð að segja, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem telja nauðsynlegt að efla og bæta samgöngur hjeraðanna, þá er mjög óráðlegt að styðja að því, að kauptúnin slíti sambandi við sýslurnar.

**Magnús Torfason:** Þetta mál horfir dálítið öðruvísi við eftir að jeg heyrði nú á síðasta ræðumanni, að þessi hreppstjóri á Akranesi er hugsaður sem samgöngubót hjeraðsins. Jeg gat ekki skilið orð hans öðruvísi en svo. Og auðvitað hjálpar það til þess, að maður lítur á þetta frv. með talsvert betri augum. En út af því, sem sagt hefir verið, get jeg ekki annað fundið en umr. hafi sýnt, að málið hefði þurft að hugsa miklu betur.

Það skiftir auðvitað ekki máli, hvort sagt er, að þetta frv. sje til þess að auka vald hreppstjóra eða til þess að afnema hreppstjóra og setja lögreglustjóra í staðinn, — takmarkið er það sama, hvað sem maður kallar það, og skal jeg ekki um það deila. En jeg hefi þá skoðun um slík nýmæli, að það sje miklu ljettara að gera breyt. í sambandi við þá lagabálka, sem fjalla um málið, á þann hátt, að taka þá til athugunar í heild. Þá stendur alt miklu gleggra fyrir mönnum, hvað á að laga og á hvern hátt það verður best lagað. Meginatriðið í þessu frv. er það, að lögreglustjóri á að vera lögfræðingur. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg efast um, að embættisgengur lögfræðingur fengist til þess að fara upp á Akranes og taka að sjer starfið fyrir þetta kaup. (**MG:** Hvaða kaup?). Á hann ekki að hafa 2 þús. úr ríkissjóði? (**MG:** Jú, en svo fær hann laun frá hreppnum). Já, hann á að fá eitthvað í viðbót fyrir annað starf. En þó að einhverju væri bætt við, verð jeg að halda því fram, að það sje óvíst, að í embættið fengist sæmilega nýtur embættisgengur lögfræðingur. Stefnan er sú, að fá aðkominn mann í starfið, en ekki veita það sem aukastarf, og er þá ljóst, að þetta á að vera aðalatvinna fyrir manninn. Og þá verð jeg að segja, að launin eru nokkuð lítil.

Mjer þykir gott að heyra, að laun oddvita eigi að borga úr sveitarsjóði. Og það getur sjálfsagt nægt, að slík yfirlýsing komi fram í þd. En jeg tel rjettara fyrir n. að færa þetta til betra máls fyrir 3. umr. Því að jeg get ómögulega sjeð, hvað ríkisstj. hefir að gera með samninga á milli lögreglustjóra og hreppsnefndar, úr því að hún á ekkert þar að borga. En þó er endir þessarar greinar svo einkennilega orðaður, að það er eins og það

þurfi ekki að semja við lögreglustjóra; hann á hvergi að koma nærri samningunum um sín eigin laun.

Um stefnu frv. hefi jeg lýst yfir því, að jeg hefi ekkert á móti henni. Og jeg get vitnað til þess, að jeg hefi hjer í skúffunni frv. um launabætur fyrir hreppstjóra, en hefi ekki sjeð mjer fært að koma með það á þessu þingi. Jeg lít svo á, að um leið og sú umbót væri gerð, væri sjálfsagt að taka hreppstjórnarlöggjöfina til gagngerðrar endurskoðunar og breytingar. Lífið er orðið svo margbrotið, að það nær ekki nokkurri átt að ónáða lögreglustjóra með öllum þeim smámunum, sem þeir komust til að sinna í gamla daga.

Jeg skal ekki þreyta kapp um þetta að svo stöddu, en geymi mjer rjett til að koma að því aftur við 3. umr.

Hv. frsm. get jeg frætt á því, að það eru ekki forsetar, sem ákveða dagskrá, heldur forseti í viðkomandi deild. Þetta hefði hann átt að vita, en ekki að fara að leita kenslu hjá mjer um það.

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** Jeg þakka hv. 2. þm. Árn. fyrir kensluna. — Það gladdi mig að heyra, að hann er ánægður með stefnu þá, er í frv. felst. Hann getur þá aldrei greitt atkv. gegn því. Þótt hann sje óánægður með einstök ákvæði, þá getur hann altaf komið brtt. að við 3. umr., en hlýtur að greiða því atkv. nú.

Hv. þm. talaði um, að hann hefði tilbúið frv. til l. um hreppstjóralaun. Þetta er alveg rjett, og jeg get upplýst hann um, að sýslumaður sá, er frv. hefir samið og sent honum, mun vera orðinn nokkuð langeygður yfir því, að það skuli ekki hafa verið látið koma fram. En jeg get þó vel fallist á það, að ekki sje rjett að láta það koma fram að svo stöddu, þar sem endurskoðun launalaganna stendur fyrir dyrum.

Hv. þm. talaði um, að ekki mundi auðið að fá embættisgengan lögfræðing í þessa stöðu fyrir aðeins 2000 kr. laun. En þar hefir hann ekki athugað, að hreppnum er ætlað að bæta við þá upphæð svo miklu sem með þarf til að fá mann. Það er hinn mikli kostur við þetta frv., að maður veit, hvað ríkissjóður þarf að leggja fram. Og jeg tel enga ástæðu til að ætla, að enginn fáist í embættið. Jeg hefi einmitt lesið það í merku blaði hjer í borginni — mig minnir að það hafi verið „Spegillinn“ —, að hv. 2. þm. Árn. hefði í hyggju að sækja um embættið. Ef þetta er rjett, þá er eðlilegt, að hann hafi áhuga fyrir því, hvaða laun fylgi embættinu. En það leiðir af sjálfu sjer, að hreppsnefndin verður að bæta það miklu á launin, sem þarf til að hann vilji embættið. (**ÓTh:** Ef þeir kæra sig þá sjerstaklega um hann!). En yfirleitt myndu frv. verða nokkuð umfangsmikil, ef í þeim ætti að taka alt fram, sem til einhverra mála gæti komið. Og það leiðir af hlutarins eðli, að það á ekki að taka neinn nauðugan í embættið.

Hv. 2. þm. Reykv. var að álasa n. fyrir að hraða málinu. Það er alveg nýtt, að nefndum sje álasað fyrir dugnað. Þær munu oftar vera átaldar fyrir seinlæti. Jeg get þó skilið, að hv. þm. þyki flýtirinn vera fullmikill, því nú eru um 3 vikur síðan n. klofnaði í einu máli, en hann er þó ekki enn farinn að skila nál. Í öðru máli

er liðinn hálfur mánuður síðan n. klofnaði, en ekki er nál. komið frá honum heldur. Jeg hefi ekkert á móti því, að úr því verði skorið, hvor hluti n. vinni betur.

Sami þm. mintist á það, að rannsókn, er verið var að tala um hjer á þingi í fyrra, hefði ekki ennþá farið fram. Þetta er rjett. Meiri hl. þings fjelst ekki á það, að láta hana fara fram. En þetta mál er þó undirbúið. Hreppsnefndin sjálf stingur hjer upp á nýrri leið, vill gera sig að nokkurskonar tilraunadýri. Við vitum nákvæmlega, hvað þetta kostar ríkissjóð. Það álít jeg stórt atriði. Jeg er yfirleitt samþykkur hv. 2. þm. Rang:, að úr því að viðkomandi hreppur fer fram á þetta, þá sje Alþ. beinlínis skylt að verða við þeim óskum, þar sem kröfunum er svo mjög í hóf stilt, að fyrirkomulagið verður mun ódýrara fyrir ríkissjóð en það, er áður hefir verið haft í samskonar tilfellum.

**Pjetur Ottesen:** Hv. frsm. hefir nú svarað flestu því, er þörf er að svara í ræðu hv. 2. þm. Árn.

Jeg vildi aðeins bæta við nokkrum orðum út af þeim ummælum hv. 2. þm. Árn., að honum fyndist undarlegt, að hreppsnefnd Akraneshrepps ætti að semja við ríkisstj. um kaup það, er lögreglustjórinn á að fá fyrir oddvitastarfið. Þetta kemur til af því, að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að stj. skipi lögreglustjórann. Áður en sú skipun fer fram, verður að sjálfsögðu að vera fengin vissa fyrir því, hverrar borgunar lögreglustjórinn má vænta fyrir þann hluta starfsins, er hann innir af hendi fyrir hreppsfjelagið. Að þessu lúta þau ákvæði frv., sem þessi hv. þm. var nú að fetta fingur út í. Þetta vildi jeg taka fram út af fyrirspurn hv. þm.

Hv. þm. sagðist verða að líta öðrum augum á frv. eftir að það hafi komið í ljós, að lögreglustjóri ætti að vera nokkurskonar samgöngubót fyrir sýsluna. Það, sem jeg sagði um sambandið milli fjölmennra kauptúna og annara sýsluhluta, á vitanlega ekki frekar við á einum en öðrum stað, þar sem svo stendur á. Og jeg hjelt satt að segja, að jeg þyrfti ekki að upplýsa gamlan sýslumann um það, hvaða þýðingu það hefir fyrir sýslufjelögin að hafa fjölmenn kauptún innan síns lögsagnarumdæmis. En mjer þykir vænt um, að þetta ljós skyldi renna upp fyrir honum, og að það, sem hann áður hafði haft við frv. að athuga, skyldi algerlega verða að engu í þessu nýja ljósi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PO, SE, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÞorlJ.

**nei:** MT, SvÓ, EJ.

Fimm þm. (ÓTh, SÁÓ, TrÞ, BSv, HV) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 134, 262).

**Pjetur Ottesen:** Það er aðeins örlítil brtt. á þskj. 262, sem gengur út á það að setja inn í 3. gr. frv. ákvæði um það, að fyrir þau störf, sem lögreglustjóri kynni að vinna beinlínis í þágu hreppsins, eins og t. d. oddvitastarfið, skyldi hann fá borgun úr sveitarsjóði.

Það kom fram hjer við 2. umr., að það væri e. t. v. ekki nægilega skýrt orðað í gr.; þess vegna vildi jeg setja þetta ákvæði inn í gr., svo ekki gæti verið um að villast.

ATKVGR.

Brtt. 262 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 296).

Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 296, n. 418).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Allshn. hefir orðið sammála um, að þetta frv. eigi fram að ganga. Jeg vil taka það fram fyrir mína hönd, að þó að jeg sæi ekki ástæðu til að leggja á móti því, þá tel jeg hjer vera gengið inn á varhugaverða braut. Jeg minnist þess, að þegar frv. um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði var hjer á ferðinni þing eftir þing, þá var það ein ástæðan, sem beitt var gegn því, að með því væri stigið nýtt spor til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Því er ekki hægt að neita, að svo mun verið hafa. En með þessu frv. er stofnað til mjög svipaðs kostnaðar fyrir ríkissjóð eins og orðið hefir við að veita Neskaupstað bæjarrjettindi. Það mun óhætt að telja hann mjög lítið minni. En það vantar mikið til, að náð sje samskonar hagsmunum með þessu frv. og hinum lögunum. Það liggur í því, að þótt þetta frv. verði samþ., þá verður Ytri-Akraneshreppur í sambandi við sýsluna eftir sem áður og greiðir sitt gjald til hennar, en þar af leiðir, að jeg er hræddur um, að þeir hagsmunir, sem hreppurinn nýtur af þessu frv., verði miklu minni en verða mundi með bæjarstjórnarfyrirkomulaginu. Hins er ekki að dyljast, að þarfirnar um bæjarstjórnarfyrirkomulag á Akranesi eru ekki orðnar eins brýnar og á Nesi í Norðfirði, og þyrfti að bíða lengi eftir því. En jeg er þess alveg fullviss, að það líða ekki mörg ár þangað til Akranes fer fram á að fá fullkomna bæjarstjórn. Jeg skal ekki segja um hve langur tími það muni verða, en jeg hygg, að það fari mjög eftir því, hvernig samkomulagið verður á milli hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu. Mig grunar, að sýslusjóðsgjald hreppsins nemi alt að ¼ af öllum sýslusjóðsgjöldum, og svo lengi sem Ytri-Akraneshreppur þykist ekki í neinu af-

skiftur, getur verið gott samkomulag, en það kemur bráðlega að því, að Akranes fer fram á að fá bæjarrjettindi, og jeg álít líka, að þegar þörfin er orðin brýn fyrir slíkt fyrirkomulag, þá sje ekki rjett að standa á móti því.

En það er annað, sem jeg þykist sjá að leiði af þessu frv., og það er það, að það verða ekki svo fáir hreppar hjer á landi, sem hafa möguleika til að fara fram á hið sama. Mjer dettur fyrst í hug Húsavík í Þingeyjarsýslu, en það stendur reyndar alveg sjerstaklega á með hana, vegna þess að sýslumaðurinn er þar búsettur, svo jeg býst við, að hægt verði með nokkurnveginn sæmilegum rökum að standa á móti því, að hún þurfi að fá bæjarrjettindi. En það eru ýms önnur sjávarpláss, t. d. Búðir í Fáskrúðsfirði, Hólshreppur (Bolungarvík) í Ísafjarðarsýslu o. fl., og jeg sje þá ekki annað en að það mæli öll sanngirni með því, að líkt yrði að fariið á þeim stöðum, svo að jeg vildi þá nú um leið benda á, að það er orðið ákaflega lítið úr þeirri meginröksemd, sem notuð var gegn bæjarrjettindum handa Neskaupstað, nefnilega kostnaðinum, ef þetta verður samþ. Það hlýtur að verða aukinn kostnaður við það, en ríkið verður að taka þann kostinn, sem þjóðskipulagið krefst.

Þó n. væri sammála um það, að þetta frv. fái að ganga fram, þá var hún ekki fyllilega sammála um að láta það ganga fram óbreytt. Meiri hl. n. leggur til, að á 1. gr. frv. verði gerð sú breyt., að í staðinn fyrir orðin „samkvæmt tillögum" komi „að fengnum tillögum". Þetta virðist ekki vera mjög stór brtt., en hún veldur töluvert miklu, vegna þess, að eftir því sem frv. hljóðar nú, þá er það svo, að ríkisstj. skipar ekki þennan lögreglustjóra á Akranesi, ef þetta stendur óbreytt í frv., þá ræður ríkisstj. engu um það, hvaða maður verður skipaður. Þetta mun ekki vera alment um þá menn, sem taldir eru starfsmenn ríkisins, en hann verður að teljast það, því að þótt frv. geri ráð fyrir, að hreppsnefndinni sje heimilt að velja þann mann fyrir oddvita, þá er það ekki nein skylda, og hvergi nærri víst, að það verði gert, þótt sennilegt sje að svo verði. Þess vegna vill n., eða meiri hl. hennar, gera þá breyt. á frv., sem jeg gat um áðan. Meiri hl. n. vill ekki ganga lengra en það, að hreppsnefndin í Ytri-Akraneshreppi hafi tillögurjett um lögreglustjórann, en ekki rjett til að skipa hann óbeinlínis. Mjer finst það vera ofureðlilegt, því að jeg hygg, að engum hafi dottið það í hug, þegar verið var að ræða um bæjarfógeta í Neskaupstað, að það ætti að vera hreppsnefndin þar, sem tilnefndi hann; var þó ekki síður ástæða til þess þar, því að í þeim lögum er kaupstaðnum gert að skyldu að greiða meira af launum hans en ríkissjóður. Ríkissjóður greiðir af launum hans 1500 kr. og dýrtíðaruppbót þar af, en hreppsfjelagið 3000 kr. með dýrtíðaruppbót. Þó datt engum í hug að fara fram á, að það ætti að vera hreppsnefnd Neshrepps, sem veldi manninn. Þetta er því alveg nýtt; veit jeg ekki til, að það hafi komið fyrir áður. Getur meiri hl. n. ekki sjeð neina ástæðu til þess og telur nægilega mikið tillit tekið til óska hreppsnefndar með því móti, að hún hafi tillögurjett, og jeg fyrir mitt leyti

legg það mikla áherslu á þetta ákvæði, að komist það ekki að, þá mun jeg ekki sjá mjer fært að greiða frv. atkv., því að jeg tel, að það væri að ganga inn á alveg ranga braut, sem jeg tel mjög varhugavert fyrir þingið að ganga inn á.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg býst við, að hv. frsm. n. hafi rjett fyrir sjer í því, að hjer verði ekki um neina ævarandi skipun um stjórn málefna Ytri-Akraneshrepps að ræða; en jeg er hv. þm. hinsvegar ekki samdóma um það, að þingið eigi ekki að fara inn á þessa leið. Það hefði að mínu áliti verið mjög erfitt fyrir þingið að setja sig á móti því, að Ytri-Akraneshreppur hefði verið gerður að kaupstað, ef farið hefði verið fram á það, eftir að búið er að gera Neshrepp í Norðfirði að sjerstökum kaupstað, því að þar eru þó talsvert fleiri íbúar og erfiðleikar á að ná til sýslumanns engu minni en að Nesi í Norðfirði. En hvað þetta fyrirkomulag snertir, þótt ekki standi nema kannske nokkra tugi ára, — það fer náttúrlega eftir því, eins og hv. frsm. gat um, hvernig samkomulagið verður á milli hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu, — þá held jeg, að það væri heppilegt að slá því föstu, að hjer er verið að ganga inn á nýja braut. Hjer er ekki verið að stofna nýtt embætti, þannig að sá, sem skipaður verður, verður ekki embættismaður í eiginlegum skilningi; hann verður hreppstjóri og oddviti með nokkru víðara valdsviði en aðrir hreppstjórar hafa, nefnil. dómsvaldi í lögreglumálum. Aftur á móti er ekki ætlast til, að hann fái annað úr ríkissjóði en þessi 2000 kr. laun, hvorki dýrtíðaruppbót nje skrifstofukostnað, en þetta hvorttveggja geri jeg ráð fyrir, að bæjarfógetinn í Neskaupstað hafi, og er því fyrirkomulag það, sem hjer er stungið upp á, mun ódýrara fyrir ríkissjóð en ef Akranes hefði verið gert að kaupstað.

Jeg býst við, að aðalstarf þessa manns muni verða oddvitastarfið í Ytri-Akraneshreppi, og að hann muni fá meira borgað þaðan heldur en úr ríkissjóði. Það er enginn vafi á því, að það er ekki lögð minni áhersla á það, að fá lögfræðing í kauptúnið, vegna þess að hreppsnefnd telur sjer það hag að fá hann fyrir oddvita, og þess vegna mun hún vilja ganga inn á að greiða honum svo mikið, að hann geti lifað af þeim launum, auk þess sem hann fær úr ríkissjóði. En af þessu álít jeg rjett, að um skipun hans skuli gilda nokkuð aðrar reglur en um skipun embættismanna. Jeg vil ekki þurfa að efast um það, að hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps bendi á mann, sem sje hæfur til að vera dómari í lögreglumálum og innheimtumaður skatta á Akranesi, en þungamiðjan í starfi hans verður vitanlega stjórn sveitarmálanna á Akranesi. En til þess að kveða á um það, að hjer sje um millilið að ræða milli ríkisstj. og sveitarstj., vildi jeg að giltu aðrar reglur um skipun hans en annara embættismanna. Þess vegna hefi jeg ekki getað verið með þeirri brtt., sem hv. meiri hl. n. hefir borið fram. Jeg verð fyrir mitt leyti að líta svo á, að hún sje ekki eins þýðingar-

mikil og hv. 2. þm. S.-M. vill gera hana; jeg vil ekki þurfa að efast um, hvorki að hreppsnefndin muni benda á hæfan mann, nje heldur um það, að ríkisstj. muni vera fús til að fara eftir því, en þetta sýnir afstöðumuninn milli þess að vera starfsmaður ríkisins og starfsmaður Ytri-Akraneshrepps. Það á ekki að vera nein hætta á því, að hann geti komið og sagt: Jeg er embættismaður ríkisins og á að fá bæði skrifstofukostnað og dýrtíðaruppbót. Jeg vil því ráða hv. deild til að fella brtt. á þskj. 418, til þess að slá því föstu, að hjer er um nýjan flokk starfsmanna að ræða, sem hafa dálítið meira vald heldur en hreppstjórar og oddvitar hafa. Til þess að benda á það, að þessi maður er þó ekki eins settur og embættismenn ríkisins, má minna á það, að eins og allir vita, skipar sýslumaður til hreppstjóra einn af þrem mönnum, sem sýslunefnd hefir stungið upp á, en hreppsbúar kjósa hreppsnefnd, sem velur svo oddvita sinn. Hinsvegar skipar ríkisstj. alla aðra lögreglustjóra, og þess vegna finst mjer það vera rjett, þar sem hjer er um millilið að ræða, að það sjáist einnig á því, hvernig skipun hans fer fram.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Það eru aðeins örfá atriði, sem jeg hefi að athuga við ræðu hv. þm. Seyðf. Hv. þm. virtist vilja slá því föstu, að hjer væri ekki um nýtt embætti að ræða. Jeg skal náttúrlega ekkert um það deila, en jeg lít nú svoleiðis á, að þetta frv. beri það með sjer tvímælalaust, að hjer sje um starfsmann ríkisins að ræða, því að þótt heimilt sje, að hann gæti einnig oddvitastarfs, þá er það alls ekki skylda hans. Aftur á móti er það svo um bæjarfógetann í Neskaupstað, að honum er skylt að vera oddviti bæjarstjórnar, en ríkissjóði er einnig gert að skyldu að greiða honum 3000 kr. í laun, af því að hann er um leið lögreglustjóri og skyldur að gegna ýmsum störfum fyrir ríkið, en laun hans hafa verið ákveðin með samningi milli hreppsstjórnar og ríkisstjórnar. Þetta sýnir, að hann er embættismaður ríkisins, því að það er ekki svo vel, að því sje slegið föstu í eitt skifti fyrir öll, að kaupstaðurinn eigi að greiða honum laun, heldur á hann að gera það eftir samkomulagi við ríkið, og er þess vegna litið á hann sem embættismann ríkisins. Jeg hefði talið miklu eðlilegra, að því væri slegið föstu, að hve miklu leyti þessi maður skyldi launaður af hreppssjóði. Maðurinn vinnur fyrir hreppinn, og því er líka slegið föstu, að hann skuli vera formaður hreppsnefndar. Með því móti var líka hugsanlegt, að hægt væri að fá mann í þá stöðu vegna launanna, en eins og nú stendur er það tæpast, að fáist hæfur maður, því hann á alt undir hreppsnefndina að sækja. Ef ríkisstj. vildi setja það að skilyrði, að hreppurinn gyldi honum 1000 kr. fyrir oddvitastörf sín, svo að hann hefði 3000 kr., þá er ekkert líkara en að hreppsnefndin segði nei, að hún vildi alls ekki leggja það á sig. Jeg álít, að sá minsti prófsteinn, sem ætti að setja á hana, væri það, að útvega vitneskju um það, hvort hreppsnefndin vildi leggja fram sinn hluta af launum, til þess að tryggja það, að hæfur maður fengist. En þegar svo er í pottinn búið, að það er engin trygg-

ing fyrir því, að hann fari með málefni hreppsins, þá er langt gengið að láta hreppsnefnd skipa hann. Það er ekki víst, að hún gangi inn á að launa hann að nokkru, og þá finst mjer algerlega rangt, að hún eigi að skipa manninn, því eins og frv. er nú, verður það ekki öðruvísi skilið en að hann eigi að skipa eftir till. hreppsnefndar.

Hv. þm. mintist á það, að sýslumaður skipaði hreppstjóra. Þetta er rjett. En honum er samt gefinn víðari hringur heldur en landsstj. í þessu efni, því að sýslunefnd verður að tilnefna þrjá menn, en sýslumaður svo að velja einn af þremur; en það er ekki svo, að sýslunefnd tilnefni þrjá hreppstjóra innan sama hrepps, svo að jeg held, að hvar sem leitað er finnist ekki hliðstæð dæmi.

Þá talaði hv. þm. um það, að starf þessa manns ætti að vera einskonar millistarf á milli oddvita- og lögreglustjórastarfs. Það er líka rjett, þau eiga að verða það, en því miður hefir ekki verið gengið svo frá frv., að það verði, og þótt jeg vilji ekki setja fótinn fyrir þetta frv., þá er jeg hræddur um, að það verði að engum notum, hræddur um, að ekki fáist hæfur maður í þessa stöðu, einmitt af því að þessi prófsteinn er ekki notaður á hreppsnefndina, að launa manninn svo að sæmilegt sje.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að karpa meira um þetta, en mín ástæða er sú, að til þess að gera þetta ekki að öllu leyti þannig, að það sje hreppsnefndin í Ytri-Akraneshreppi, sem ráði því, hvort hún vill nota þessar 2000 kr. til lögreglustjórnar á Akranesi, vil jeg breyta ákvæðinu þannig, að ríkisstj. geti skipað manninn, þótt hreppsnefndin hafi ekki lagt það til.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg vil taka það fram, að það er hreppsnefndin í Ytri-Akraneshreppi, sem á að sjá um það, að í þessa stöðu fáist hæfur maður, með því að semja við hann um það að taka að sjer oddvitastörfin. Hreppsnefndin getur ekki gert tillögu um, að maður sje skipaður í stöðuna, nema því aðeins, að maðurinn sje fús á að taka hana að sjer, því að það er ekki hægt að skylda nokkurn mann til að taka að sjer slíka stöðu sem hjer er um að ræða, vegna þess að það gilda ekki sömu reglur um hana eins og venjuleg oddvitastörf. Þess vegna verður gangur málsins sá, að hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps kemur sjer saman við einhvern lögfræðing um það, að hann skuli taka að sjer hvorttveggja, og verður þá jafnframt samið við manninn um laun hans úr sveitarsjóði fyrir oddvitastörfin. En ef ætti að heimila ríkisstj. að skipa mann í þessa stöðu, og hann væri ekki oddviti í hreppnum, þá yrði bæði að greiða honum skrifstofukostnað og dýrtíðaruppbót. Það er einmitt af því, að jeg geri ráð fyrir því, að hreppsnefndin verði að borga meira af launum þessa manns heldur en ríkissjóður, og að oddvitastörfin verði aðalstörf hans, að jeg legg áherslu á, að hreppsnefndin fái nokkru að ráða um það, hver maðurinn verður, og eins af því, að hjer er um millilið milli lögreglustjóra og hreppstjóra að ræða, en ekki lögreglustjóra í sömu merkingu og í öðrum kaupstöðum landsins. Þess vegna vil jeg líka, að það komi

skýrt fram, að ríkissjóður þurfi ekki að leggja annað til að launa honum en upphæð þá, er frv. greinir.

**Halldór Steinsson:** Mjer finst það dálítið einkennileg röksemdafærsla hjá hv. 2. þm. S.-M., þar sem hann hjelt því fram, að eftir frv. eins og það væri úr garði gert væri auðsætt, að það fengist enginn hæfur maður í þetta embætti, vegna þess hvað það væri illa launað. Hv. þm. verður að athuga það, að þetta frv. er fram komið fyrir almenna ósk hreppsbúa, en sú ósk er sprottin af megnri þörf til að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir þar. Hreppsbúar finna vel, að við það ástand er ekki unandi til lengdar, og þess vegna hafa þeir vitanlega gert sjer það ljóst, hvern kostnað þeir verða að bera fyrir breytt fyrirkomulag. Þeir gera ekki ráð fyrir, að þeir fái nokkurn mann til að gegna þessum störfum fyrir 2000 kr.; þeir gera sjálfsagt ráð fyrir 3000 kr., og ef til vill meiru. Þess vegna er þetta ekki nema fyrirsláttur hjá hv. þm., að þetta geti orðið málinu að falli, hve lítil laun eru ákveðin. Hreppsbúar hafa gert sjer ljóst, að þeir þurfa að leggja fram allmikla fjárupphæð til þessa embættismanns, auk þeirra launa, sem ríkissjóður greiðir. Þess vegna held jeg, að þetta í sjálfu sjer geti ekki verið nein ástæða á móti frv., og ef það er svo, að það megi slá því föstu, sem jeg hygg, að Ytri-Akraneshreppur greiði að minsta kosti heldur meiri upphæð til launanna heldur en ríkissjóður greiðir, og jafnvel mun meiri upphæð, þá er ekki nema sanngjarnt, að hann hafi meiri íhlutunarrjett um skipun þessa manns, sem þarna verður lögreglustjóri, heldur en ríkisvaldið.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ræða hv. þm. Snæf. gaf mjer ekki mikið tilefni til athugasemda, en jeg vildi samt sem áður benda á það, að frv. ber það með sjer, að það hvílir engin skylda á Ytri-Akraneshreppi að greiða hluta af launum þessa manns. En því er slegið föstu, að þegar Ytri-Akraneshreppur vill fela þessum manni hreppstjórnarstörf, þá á hann að semja við ríkisstj. .... **(JóhJóh:** Nei, nei, við hreppsnefndina). Það stendur hjer í frv. — með leyfi hæstv. forseta:

„.... fær hann að auki laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar".

Ef Ytri-Akraneshreppur vill ekki greiða manni þessum það kaup, sem ríkisstj. telur hæfilegt, þá er hreppurinn ekki skyldur til að nota hann til neins. Alt öðru máli væri að gegna, ef frv. legði kvöð á hreppinn að greiða honum fast og ákveðið kaup. Með þessu ákvæði er slegið föstu því, að hjer sje um opinberan starfsmann að ræða, og ætla jeg ekkert um það að fást út af fyrir sig. Jeg vil því mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga með þeirri breyt., að 1. gr. sje sniðin upp. En eins og frv. liggur nú fyrir, þá get jeg með engu móti felt mig við það. Sjerstaklega finst mjer það óviðeigandi, að farið skuli vera svo mjög eftir till. hreppsnefndar. Mjer finst nógu langt gengið með því að gefa hreppsnefndinni tillögurjett um þessi efni, en ekki skipunarrjett.

**Jóhannes Jóhannesson:** Það er einungis stutt aths. Jeg lít svo á, að ákvæðin í 3. gr. eigi að vera til tryggingar því, að í þetta starf veljist hæfur maður og að íhlutun ríkisvaldsins um skipun hans byggist á því, að ríkið felur honum á hendur skatthеimtu og tollgæslu og önnur ábyrgðarmikil störf. Og ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, þá mun að sjálfsögðu koma fram krafa um að gera Akranes að sjerstökum kaupstað. Mjer virðist Alþ. tæplega geta, samræmisins vegna, neitað þeirri kröfu, þar sem það hefir fyrir ekki löngu samþykt, að miklu minna kauptún fengi kaupstaðarrjettindi. Jeg mæli því eindregið með þessu frv., einkum með tilliti til sparnaðar ríkissjóðs, og vil jeg leggja til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

ATKVGR.

Brtt. 418 samþ. með 8:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 463).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 463).

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Pjetur Ottesen:** Eins og frv. þetta ber með sjer, hefir sú breyt. verið á því gerð í hv. Ed., að þar hefir verið kipt burt íhlutunarrjetti hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps um það, hvaða maður væri skipaður í þessa stöðu. Þessi breyt. er í fylsta máta ósanngjörn gagnvart hreppsfjelaginu og til stórspillis á frv. En eftir atkvgr. í Ed. að dæma, þá sje jeg ekki, að það muni hafa nein áhrif á endanlega afgreiðslu frv., þó þessu væri kipt í lag aftur hjer. Þess vegna er það, að jeg hefi ekki borið fram till. í þessa átt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 525).

---

## 17. Sektir.

Á 23. fundi í Ed., 15. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka og breyt. á l. nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir** (þmfrv., A. 119).

Á 26. fundi í Ed., 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. flytur allshn. að tilhlutun hæstv. stj., og er það samið af lögreglustjóranum hjer í Reykjavík. Eins og frv. ber með sjer, er tilgangur þess að koma þeirri breyt. á, að sektir megi afplána með vinnu. Grg. frv. er all-

ítarleg og skýrir, hvað fyrir þeim vakir, sem samdi frv.

Það verður að teljast til bóta að veita þessa heimild. Það virðist yfirleitt ávinningur fyrir sektarþola og ríkissjóð, að leyfilegt sje að afplána sekt á þennan hátt. Og það má jafnvel segja, að það sje mannúðlegra og að öllu betur viðeigandi að afplána sekt með vinnu.

Jeg sje ekki ástæðu að láta frá n. hálfu fleiri orð fylgja þessu frv. N. hefir athugað það allítarlega, og jeg vil geta þess, að hún hefir í samráði við mann þann, sem samdi frv., gert á því nokkra breyt.

Þar sem frv. er flutt af n., tel jeg enga ástæðu til, að það fari til n. aftur. Vænti jeg, að hv. d. láti málið ganga áfram án þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg hefi engu við að bæta það, sem sagt var við 1. umr. þessa máls. Það er flutt af allshn. og milli umr. hefir ekkert verið átt við málið. En jeg vil geta þess, að af ýmsum ástæðum væri æskilegt, að frv. væri hraðað. Jeg veit, að hv. dm. hafa gert sjer grein fyrir breyt. þeim, er frv. gerir á núgildandi löggjöf, því frá þeim var skýrt við 1. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum (14) atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 119).

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 119, n. 412).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 428).

## 18. Dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um sjerstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum í Barðastrandarsýslu** (þmfrv., A. 137).

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Hákon Kristófersson):** Það er samkv. ósk hreppsnefndarinnar í Geiradalshreppi, að jeg hefi leyft mjer að flytja þetta frv. Jeg hefi mjög litlu við það að bæta, sem tekið er fram í hinni örstuttu grg. frv. Eins og þar er frá skýrt, voru þetta upphaflega sameiginlegir hreppar og höfðu sameiginlega dómþinghá, Reykhólahreppur og Geiradalshreppur. Um 1880 breyttist þetta þannig, að Geiradalshreppur fjekk sjerstakt manntalsþing, eins og Reykhólahreppur. Var það fyrst haldið í Garpsdal, en síðar flutt að Króksfjarðarnesi, þar sem það nú er háð.

Nú hafa Geiradalshreppsmenn litið svo á, að hagkvæmara væri fyrir þann hrepp að hafa sjerstaka dómþinghá, og þess vegna er þetta frv. fram komið. — Málið er í eðli sínu þannig, að jeg álít ekki þörf á að vísa því til sjerstakrar n., og jeg býst við, að hv. deild sjái, að því er þannig háttað, að það getur gengið nefndarlaust fram, nema því aðeins, að hv. deild vildi álíta, að í þeim örstuttu skýringum, sem jeg hefi gefið um málið, væri eitthvað ekki rjett hermt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekari orðum um málið, og leyfi mjer að óska þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað nefndarlaust til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 137).

Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Forseti (GÓ):** Þetta mál gekk

gegnum hv. Nd. án þess að því væri vísað til n., og tel jeg því eigi ástæðu til að vísa því til n. í þessari hv. d., enda er hjer um mjög einfalt mál að ræða og ósennilegt, að um það geti orðið ágreiningur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 286).

---

## 19. Kosningar í sveitamálum og kaupstaða.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða** (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Það er á allra vitorði, að lög þau um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, sem afgr. voru á þinginu 1926, fela í sjer ósamræmi, sem þegar er orðið að ásteytingarsteini. Bæði fyrv. og núv. stj. tók það til ráðs í þeim vandræðum að leggja það á vald meiri hl. hlutaðeigandi bæjarstjórnar, hvað gera skyldi í einstökum tilfellum. Afleiðingin hefir meðal annars orðið mismunandi framkvæmd á hinum ýmsu stöðum og sífeldar kosningakærur. Getur það ekki átt sjer stað til lengdar, og þess vegna er þetta frv. fram borið. En úr því að farið var af stað á annað borð, þótti rjett að taka upp nokkrar breyt. aðrar.

Það eru aðallega þrjú atriði, sem hjer koma til greina. Í fyrsta lagi það, að kosningarrjetturinn sje rýmkaður að tvennu leyti. Annarsvegar sje aldurstakmarkið fært niður í 21 ár og hinsvegar falli niður það ákvæði, að þeginn sveitarstyrkur svifti menn kosningarrjetti. Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða um þetta. Um fyrra atriðið er það að segja, að jeg álít, að þar sje um spor að ræða, sem eigi að fara að stíga. Á því er enginn vafi, að það er miklu almennara nú en áður, að fólk á þessum aldri, frá 21—25 ára, sje farið að hafa áhuga á og fylgjast fyllilega með í opinberum málum. Slíkt hlýtur að leiða af aukinni menningu og uppfræðslu. Jeg held því hiklaust fram, að yfirleitt sje fólk á aldrinum 21—25 ára orðið svo þroskað, að það eigi að fá rjettindi á við aðra

borgara þjóðfjelagsins. Um hitt atriðið vil jeg segja það, að jeg tel gamla ákvæðið hafa verið blett á íslenskri löggjöf.

Annað höfuðatriði, sem jeg vildi taka fram, er viðvíkjandi 6. gr. frv., um að bæjarfulltrúar skuli allir kosnir í einu eins og alþm. Hlutfallskosning nýtur sín betur undir þeim kringumstæðum heldur en eins og er, þegar stundum er kosinn þriðji partur í einu og stundum helmingur.

Bein afleiðing af þessu er, að kjörtímabil bæjarfulltrúa styttist og verður jafnt kjörtímabili alþm., og ennfremur, að kjósa beri varamenn. Við þetta vinst tvent. Kostnaður sparast, og í öðru lagi getur endurkosning alveg raskað grundvelli hlutfallskosningar, ef ekki eru varamenn.

Þriðja breyt. er viðvíkjandi kosningu borgarstjóra. Það er nú svo, að borgarstjóri er kosinn beint af borgurunum. En það er mjög óeðlilegt, því að borgarstjórarnir eru bara framkvæmdarstjórar fyrir bæjarstjórnirnar. Borgarstjóri á því að hafa meiri hl. í bæjarstjórn að baki sjer á hvaða tíma sem er, líkt og er um Alþ. og ríkisstj. Annars getur það komið fyrir, að borgarstjóri sje á öndverðum meiði við meiri hl. bæjarstjórnar, sem vitanlega getur haft hin verstu áhrif á samvinnuna.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg vil aðeins leyfa mjer að þakka hæstv. stj. fyrir þetta frv., sem jeg veit, að er í fullkomnu samræmi við óskir mjög margra landsmanna, og sjerstaklega Reykvíkinga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv

---

Á 18. fundi í Nd., 9. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 12. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 64 og 75).

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Eins og nál. ber með sjer þá hefir n. klofnað og minni hl. komið fram með breyt. á frv., þó hann gangi ekki alveg á móti því. Mun hann gera grein fyrir sínu áliti sjerstaklega.

Stj. mun hafa átt frumkvæði að þessu frv., vegna ósamræmis, sem á sjer stað í núgildandi kosningalögum. En úr því að farið var að hreyfa við löggjöfinni á annað borð, mun henni hafa þótt rjett að nota tækifærið til að koma um leið fram fleiri breyt. á lögunum, svo sem rýmkun kosningarrjettar í lýðræðisáttina. Samkv. frv. færist aldurstakmarkið úr 25 árum niður í 21 ár. Þessi kosningarrjettaraldur er kominn á í öllum nágrannalöndunum, en er nú í fyrsta sinn settur inn í löggjöf hjer á landi. Önnur breyt. er í því fólgin, að menn, sem þiggja af sveit, fá að halda kosningarrjetti sínum óskertum, án þess að eiga þar undir ákvörðun pólitískra sveitarstjórna. Þriðja breyt. er á þá leið, að allir bæjarfulltrúar skulu kosnir í einu fjórða hvert ár, og auk þeirra varafulltrúar. Kosning varafulltrúa er nauðsynleg sparnaðarráðstöfun,

til þess að ekki þurfi að efna til nýrra kosninga, ef aðalfulltrúi deyr eða forfallast. Þessu er eins fyrir komið og við landskjör þingmanna. Kosturinn við það að kjósa alla bæjarfulltrúana í einu er aðallega sá, að með því fyrirkomulagi geta minstu flokkarnir notið atkvæða sinna og komið að fulltrúum, þó að þeim sje það ómögulegt undir núverandi fyrirkomulagi. Gert er ráð fyrir, að kosið verði í fyrsta sinn samkv. þessum l. árið 1930, svo að nýju kjósendurnir fái þá þegar tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns.

Auk þeirra breyt., sem jeg nú hefi nefnt, er ætlast til, að borgarstjóri sje kosinn af bæjarstjórn, í stað þess að hann nú er kosinn af bæjarbúum. Þetta er nauðsynleg breyt., þar sem svo verður að líta á, að borgarstjóri sje ekkert annað en framkvæmdarstjóri bæjarstjórnar. Það er mjög óheppilegt að skapa tvenskonar vald til framkvæmda í bæjarmálum, eins og nú getur átt sjer stað, bæjarstjórn og borgarstjóra, sem hvorugt lúti öðru og geti stefnt sitt í hvora áttina. Loks er ákveðið, að bæjarstjórn Reykjavíkur megi kjósa tvo borgarstjóra og skifta störfum núv. borgarstjóra á milli þeirra. Borgarstjórastarfið í Reykjavík er nú orðið svo umfangsmikið og margþætt, að engin vanþörf væri á slíkri greiningu. Borgarstjóri hefir nú í sinni þjónustu sjerstakan skrifstofustjóra, auk gjaldkera og ýmissa sjerfræðinga. En í bæjarstjórninni hefir það oft komið til orða að skifta embættinu í tvent, og jafnvel að stofna bæjarráð í stað þeirra fastanefnda, er bæjarstjórnin nú kýs. Til þessara nefndastarfa fer mikill tími, og bæjarfulltrúarnir, sem sitja í nefndunum, eiga örðugt með að kynna sjer nógu vel málin til framkvæmda. Veitti því ekki af sjerstöku ráði til að annast þessi störf. Í frv. er gefin heimild til að fara í þessu efni að dæmi erlendra borga.

Flestar aðrar breyt. frv. á gildandi lögum eru aðeins til þess að samræma þær breyt., sem jeg nú hefi lýst, við gildandi lög.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með tveimur minniháttar brtt. Fyrri brtt. er við 8. gr. Sú gr. ákveður, að kosning hreppsnefnda skuli fara fram á vorhreppaskilaþingi, en í brtt. er ákveðið, að kosning megi fara fram að haustinu. Er þessi brtt. borin fram vegna þess, að í sumum hreppum er hentugra að kjósa hreppsnefndir á haustin en vorin. Verður aðalfundur hreppsbúa að gera þessa samþykt, en hreppsnefnd getur það eigi upp á sitt eindæmi.

Hin brtt. er við 13. gr. frv. og getur tæplega talist efnisbreyting; hún er aðeins fólgin í því, að gert er ráð fyrir fleiri en einum lista, er fram kunni að koma til kjörstjórnar í tæka tíð við bæjarstjórnarkosningar, þar sem ekki sjeu fleiri á listum en á að kjósa, og kjörstjórn tekur því gilda.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Allshn. hefir ekki getað orðið á einu máli um þetta frv., og hefir það komið í minn hlut að skýra afstöðu minni hl., og mun jeg nú gera það með nokkrum orðum.

Breyt., sem frv. gerir á gildandi lögum, ef það verður samþ., eru aðallega þessar:

1. Rýmkaður kosningarrjetturinn.

2. Umboð allra bæjarfulltrúa landsins fellur niður í janúar 1930, og þá eru kosnar bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum, ásamt varafulltrúum, til 4 ára.
3. Bæjarstjórnir kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) eftir hverjar kosningar til 4 ára, í fyrsta sinni 1930.
4. Kosningakærufrestir styttir.

Ýmsar minniháttar breyt. læt jeg vera að nefna, því að þær eru að sumu leyti afleiðingar af aðalbreyt., en að sumu leyti svo lítilfjörlegar, að þær skifta ekki máli. Um aðalbreyt. vil jeg aftur á móti fara nokkrum orðum.

Hið fyrsta, rýmkun kosningarrjettarins í sveitarmálefnum, er í því fólgið, að aldurstakmarkið er fært niður úr 25 árum í 21 ár og að þeir, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, öðlast kosningarrjett. Fyrra atriðið lætur minni hl. hlutlaust, og mun ekki heldur greiða atkv. gegn 1. gr. vegna síðara atriðisins. Hinsvegar er ástæða til að benda á það, að svo framarlega sem gildandi ákvæði fátækralaganna eru framkvæmd eins og vera ber og til er ætlast, þá standa yfirleitt þeir einir í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sem hafa orðið styrksþurfar af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á. Breyt. þessi veldur því þess vegna, að þeir menn, sem vegna leti, drykkjuskapar eða annarar óreglu hafa orðið fátækrastyrksþurfar, öðlast kosningarrjett í sveitarmálefnum og verða einnig kjörgengir. Þessa breyt. get jeg undir engum kringumstæðum talið til bóta. Mjer sýnist það í raun og veru alveg fráleitt, að þeir menn, sem í verkinu hafa sýnt það, að þeir geta ekki stjórnað sínum eigin málum, eigi að ráða fyrir aðra. Mjer finst það vera alveg hæfileg refsing á þessa menn, að þeir hafi hvorki kosningarrjett nje kjörgengi. Þetta vil jeg benda á, en þykist þó vita, að ekki sje til neins að benda á það, því að það mun nú staðráðið að samþ. þetta. Jeg veit að sönnu, að sá hópur manna, sem hjer er um að ræða, er ekki stór, en það var þó talið á síðasta þingi, að mynduð væri „stjett slæpingja", eins og sagt var í stjfrv. um letigarð, og til þessarar „stjettar" var tekið svo mikið tillit, að yfir þá var ákveðið að reisa hæli. Mun þetta hæli nú fullgert og nauðsynlegar framkvæmdir látnar sitja á hakanum fyrir því. Hjer sýnist því aðeins vera áframhald þeirrar stefnu, sem upp var tekin í fyrra, að hossa og veita meiri rjett þessu úrhraki þjóðarinnar. Jeg bið, að það sje vel athugað, að jeg tala hjer aðeins um slæpingja og drykkjuræfla. Að minni hl. samt sem áður ekki greiðir atkv. gegn 1. gr., þrátt fyrir þetta, er af því, að sá hópur manna, sem hjer ræðir um, er svo fámennur.

En jafnrangt er þetta í raun og veru engu að síður. Þetta getur maður sagt, að sje nokkurskonar framhald af löggjöf síðasta þings. Þá var ákveðið að byggja yfir þessa menn, sem í nths. við stjfrv. voru kallaðir „stjett slæpingja", og átti það sennilega að sýna, að þetta væru allmargir menn. Jeg held nú, að of mikið sje gert úr því — eins og jeg tók fram í fyrra —, að hjer sje um heila stjett að ræða, og vil þvert á móti ganga út frá, að þeir sjeu ekki mjög margir.

En þessi „stjett", sem sumir kölluðu, þótti á þinginu í fyrra nógu margmenn og nógu mikils verð til þess að verja allmiklu fje í að byggja yfir þessa herra. Og það hefir nú verið gert, og látnar sitja á hakanum nauðsynlegar framkvæmdir fyrir því.

En þrátt fyrir þetta ákvæði þá mun minni hl. ekki greiða atkv. móti 1. gr.; hann lætur hana hlutlausa, en lætur nægja að benda á þetta.

Um aðra aðalbreyt. er það að segja, að minni hl. getur ekki sjeð neina ástæðu til að láta niður falla umboð allra bæjarfulltrúa landsins í jan. 1930, nje heldur að stytta kjörtímabilið. Ef það er hæfilegt, að hreppsnefndarmenn starfi í sex ár og fari ekki allir úr n. í einu, — og hæstv. stj. virðist álíta það, þar sem hún hefir engar brtt. fram borið um þetta —, þá skil jeg ekki annað en að svipað sje um bæjarstjórnir. Ekki get jeg fundið neina ástæðu til, að allir bæjarfulltrúar t. d. í Neskaupstað í Norðfirði eigi að fara frá í jan. 1930, eftir líðlega eins árs starf frá þeim tíma, sem ætla má, að þeir sjeu komnir vel inn í starf sitt. Hingað til hefir því verið haldið fram, að nauðsynlegt væri að skifta ekki um alla í einu í bæjarstj. eða sveitarstj. En eins og jeg tók fram, virðist hæstv. stj. álíta, að þessi regla sje ekki nauðsynleg gagnvart sveitum. En jeg get ekki sjeð, að á starfi bæjarstjórnar og hreppsnefndar sje neinn eðlismunur.

Jeg get ímyndað mjer, að mjer yrði svarað því, að það sje engin hætta á, að öll bæjarstjórnin fari í einu, því að sömu mennirnir mundu verða teknir upp á lista sem áður voru. En jeg vil því til svars benda á það, að í þessu frv. eru ákvæði, sem heimila hverjum manni, sem hefir verið fjögur ár í bæjarstj., að skorast undan endurkosningu. Og það er mjög títt, að menn þykjast vera búnir að fá nóg af slíkum störfum eftir fjögur ár eða svo. Jeg get því ekki sjeð neina tryggingu fyrir því, að ekki sje skift um allar bæjarstj. í einu. En gildandi ákvæði voru einmitt sett til þess að fyrirbyggja, að slíkt gæti átt sjer stað.

Hvort það sama gildir um varanefndarmenn, að þeir geti skorast undan endurkosningu eftir fjögur ár, sýnist mjer ekki skýrt eftir frv., og væri gott að heyra, hvað hæstv. forsrh. segir um það.

Að athuguðum þessum ástæðum, sjer minni hl. ekki ástæðu til að aðhyllast þessa breyt.

Þá er þriðja breyt., að bæjarstjórnir skuli kjósa borgarstjóra eða bæjarstjóra, í stað þess, að nú gerir það almenningur í bæjunum. Þessi breyt. sýnist fara í þveröfuga átt við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um þetta frv. — og með rjettu að vissu leyti —, nefnilega, að það stefndi í lýðræðisáttina. Það er áreiðanlega ekki spor í lýðræðisáttina að taka rjettinn af bæjarbúum og flytja hann til hinnar fámennu sveitar bæjarfulltrúanna. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að bæjarstjórar væru eiginlega starfsmenn bæjarstjórnar. Jeg lít þvert á móti svo á, að bæjarstjóri eða borgarstjóri sje starfsmaður allra bæjarbúa, og því eigi hann að vera kosinn af þeim. Hann er þeirra umboðsmaður, en miklu síður umboðsmaður bæjarstjórnar. Það er margt fleira, sem bæjarstjóri hefir að gera

en að framkvæma vilja bæjarstjórnar. Fjöldamörg störf hvíla á honum lögum samkv. Og það er ekki nema eðlilegt, að borgarar bæjarins, sem hafa svo ákaflega mikið saman við borgarstjóra að sælda, fái að ráða kosningu hans, en ekki sá fámenni hópur, sem kosinn er í bæjarstj. Og jeg verð að telja það blátt áfram óeðlilegt, að borgarstjóri telji sig frekar umboðsmann bæjarstj. en bæjarbúa yfirleitt.

Þá ætla jeg að minnast enn á það ákvæði, að bæjarstjórar skuli kosnir í fyrsta sinn 1930, eftir að hinar almennu kosningar hafa farið fram. Nú er það svo, að í ýmsum kaupstöðum landsins er nú þegar búið að ráða bæjarstjóra til lengri tíma en til ársbyrjunar 1930. Á þá að rjúfa samninga við þessa menn? Eða er það meiningin, að þeir eigi að enda út sinn tíma? Ef svo er, þá vantar ákvæði um það í frv. Jeg get ekki sjeð, að nein bæjarstjórn hafi heimild til að segja við sinn bæjarstjóra, sem ráðinn er til ársins 1931 eða 1932: Þú skalt fara frá í jan. 1930. Mjer sýnist þeim opin leið, er fyrir þessu verða, að fara í mál við bæjarstjórnina og fá dóm fyrir því, að samningur skuli haldinn. Jeg veit ekki betur en að svona sje ástatt í Reykjavík og á Akureyri, og jeg held líka á Seyðisfirði. Mjer er sjerstaklega kunnugt um þetta á Akureyri, því að bæjarstjórinn þar sagði mjer fyrir skömmu, að hann væri ráðinn til ársins 1932.

Í 16. gr. þessa frv. er settur frestur um kærur og áfrýjun kæra út af þessum kosningum. Í gildandi lögum er kærufrestur í sveitum 14 dagar, þegar skotið er úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita, og líka þegar skotið er úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðuneytisins. Þessi grein frv. gerir þá breytingu, að í sveit skuli kæran vera komin í hendur sýslunefndaroddvita innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins, og í kaupstöðum skal tilkynna atvinnumálaráðuneytinu innan viku, og skjöl þau, sem fylgja áfrýjuninni, lögð í póst innan sama tíma. Þessar breyt. báðar eru til hins verra. Þegar um er að ræða áfrýjun til sýslunefndaroddvita út af kosningu hreppsnefndar, þá er þessi tími alt of stuttur, — einir 14 dagar frá úrskurði hreppsnefndar og þangað til brjefið á að vera komið í hendur sýslunefndaroddvita. Hjer nægir að nefna Austur-Skaftafellssýslu. Jeg er alveg viss um, að það er venjulegast ómögulegt að koma kæru til sýslumannsins í Vík, nema senda beinlínis með hana. Fyrst líða nokkrir dagar frá því hreppsnefndin kveður upp sinn úrskurð og þangað til kærandi fær að vita um úrskurðinn. En samt eru taldir 14 dagar frá dagsetn. úrskurðarins. Sjeu 15 dagar liðnir, þá má ekki taka áfrýjunina til greina. Þetta er alt of stuttur tími. Jeg get ekki sjeð, hvaða ástæða er til að breyta ákvæði gildandi laga, sem jafnan hefir verið skilið þannig, að nóg sje að hafa sett áfrýjunarkæru í póst áður en þessi frestur er liðinn. Það er ekki nema sjálfsagt að krefjast, að þetta sje gert nokkurnveginn fljótt, en hjer er gengið alt of langt í þeirri kröfu. Alveg sama er að segja um kærufrest í kaupstöðum. Mjer er það hulin ráðgáta, hvaða tilgang það hefir að skylda menn í kaupstöðum til þess að senda atvinnu-

málaráðuneytinu símskeyti um það, að þeir sjeu búnir að láta í póst áfrýjun á þessa eða þessa kosningu. Hvað varðar ráðuneytið eiginlega um það? Ekki fer það að stökkva upp og vinna neitt að málinu fyr en skjölin koma. Þessi breyt. er þýðingarlaus með öllu, þó að hún sje kannske meinlaus. Jeg þykist nú vita, að hæstv. ráðh. hafi komið með þessa breyt. vegna úrskurðar um kosningakæru frá Akureyri í vetur. Og jeg get reyndar vorkent honum, þó að hann vilji komast úr því öngþveiti, sem hann lenti í. Enda er sá úrskurður með öllu rangur. Ákvæðið í gildandi lögum — sem er gamalt, þó að það sje sett fram í nýrri löggjöf — hefir altaf verið skilið svo, að það nægði að láta skjöl í póst innan þessa kærufrests. Og það var gert, eftir því sem jeg veit best, í þessu tilfelli.

Minni hl. getur ekki verið meðmæltur þessu þrönga frestsákvæði, sem gengur nær rjetti kærenda en nokkur þörf er á.

Í meðferð þingsins á lögum nr. 43 frá 1926 komst inn dálítið ósamræmi á milli 35. og 37. gr. út af brtt., sem samþ. var í Nd. En ekki olli þetta neinum vandkvæðum við kosninguna 1927. En 1928 og 1929 virðist þetta hafa bagað að einhverju leyti. Jeg held það sje bara af því, að bæjarstjórnum hafi ekki verið gefnar leiðbeiningar um það, hvernig þær ættu að koma samræmi á. En úr því að farið er fram á að bæta úr þessu, vill minni hl. ekki setja sig á móti, enda viðurkennir hann líka nokkurt ósamræmi. En hann sjer þó ekki ástæðu til að fara lengra en það að heimila atvmrh. að setja þær reglur, sem þarf, til þess að skipulag það komist á, sem ráðgert er í 5. gr. laganna frá 1926. Og þetta er hægt að gera með því að kjósa menn til mislangs tíma. Við erum nú búnir að lifa við þessi lög í fimm ár, og það er því ekki langt þangað til skipulag það kemst á, sem ráðgert er í 5. gr. laga frá 1926.

Eftirtektarvert þótti mjer það við 1. umr. þessa frv., að enginn tók til máls, auk hæstv. ráðh., nema hv. 2. þm. Reykv. Og innihald hans ræðu var nú ekkert annað en það að þakka stjórninni fyrir þetta frv. Þar af má marka, hverskonar frv. hjer er á ferð. Og jeg verð að segja, að mjer finst, að með þessu frv. fái jafnaðarmenn uppfyltar allar sínar ítrustu óskir í þessum málum. Fulltrúi þess flokks, sem sat í nefndinni, hafði ekki nokkurn skapaðan hlut að athuga í þessu efni.

Frv. snertir sveitirnar miklu minna en kaupstaðina. Það má segja, að það snerti sveitirnar mjög lítið. En það gefur jafnaðarmönnum í kaupstöðum byr undir báða vængi, og gefur þeim eins miklar líkur til þess að ná yfirráðum í kaupstöðum eins og hægt er að gefa þeim. Og þó að þeir hefðu sjálfir búið þetta frv. til í hendurnar á sjer. þá hefðu þeir ekki getað gert betur.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. n. fyrir skjóta og góða afgr. þessa frv. Og þó að n. hafi ekki orðið sammála um afgr. málsins í heild, þá hefir það komið fram, og nú síðast í ræðu hv. frsm. minni hl., að einnig sá nefndarhluti gengur inn á það, að það á sjer stað ósamræmi í löggjöfinni

um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, sem verður að laga.

Út af orðum hv. frsm. seinast í sinni ræðu um ósamræmið í lögunum og hvernig það hefði komist á, vil jeg aðeins bæta því við, að það ósamræmi byrjaði mjög skýrt í tíð hans sem atvmrh. Það var í hans tíð, að tvennar kosningar fóru fram samtímis í jan. 1927, önnur í Reykjavík, hin á Ísafirði, og kosið var með alveg ólíkum hætti í hvorum stað. Jeg áfellist þetta ekki, og get játað, að í þeim úrskurðum, sem gerðir hafa verið í atvinnumálaráðuneytinu í minni tíð, hefir verið farið eftir þeirri grundvallarreglu, sem hv. 1. þm. Skagf. byrjaði á, nefnilega að láta meiri hl. bæjarstjórnanna ráða, hvernig lögin yrðu framkvæmd, af því að ekki er hægt að fara að öllu leyti eftir bókstaf laganna.

Áður en jeg vík að einstökum atriðum, ætla jeg aðeins að víkja að síðustu orðum hv. frsm. minni hl. Hann sagði, að það væru sjerstaklega jafnaðarmenn, sem fengju allar sínar óskir uppfyltar með frv., og að þessar kosningar gæfu jafnaðarmönnum byr undir báða vængi. Ja, — það er þá bara af því, að hv. 1. þm. Skagf. álítur, að jafnaðarmenn eigi svo miklu meira fylgi að fagna hjá hinni ungu kynslóð. (**HV**: Rjett). Jeg verð að játa, að orð hv. 1. þm. Skagf. lýsa svo miklu vantrausti á hans eigin flokki og hans málefni, ef hann trúir því, að unga fólkið frá 21—25 ára muni einhliða fylkjast undir merki jafnaðarmanna. Jeg álít þetta fyrir minn flokk í öllum kringumstæðum gott, bæði að svo miklu leyti sem hann á fylgi í kauptúnum og eins gagnvart fylgi hans í sveitunum. Jeg hefi þá trú á þeim málstað, sem hann berst fyrir, að hann þurfi ekki að óttast unga fólkið. En hv. þm. má vita það, að ef honum og hans flokki stendur svona mikill ótti af ungu kynslóðinni, þá er stefna þess flokks dæmd. (**MG**: Má jeg skjóta inn í? Þetta er eina ákvæðið, sem minni hl. var ekki á móti). Hvað skyldi það þá vera, sem hv. þm. telur svo hættulegt? Að láta kjósa alla í einu er ekki annað en að láta hlutfallskosningu njóta sín fullkomlega og auka rjettlæti. Það væri æskilegt, ef hv. þm. vildi gera nánari grein fyrir þessum ótta sínum, — þó að mjer komi það auðvitað ósköp lítið við, hvernig þeir bítast einhversstaðar í bæjum, hv. 1. þm. Skagf. og hv. jafnaðarmenn. Jeg læt mig það mjög litlu skifta.

Þá vil jeg aðeins geta þess um brtt., sem meiri hl. flytur við frv., að við þær hefi jeg ekkert að athuga. Að vísu heyrði jeg ekki upphaf ræðu hv. frsm. meiri hl., en út frá því, sem jeg heyrði, býst jeg ekki við tilefni til aths.

En út af ræðu hv. frsm. minni hl. vildi jeg svo gera nokkrar aths. Hann hafði talsvert út á það að setja, að það væri ekki lengur skilyrði fyrir kosningarrjetti, að menn stæðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og komst inn á það, að hann taldi verið að gefa slæpingjum og drykkjumönnum kosningarrjett. Hann fór allmörgum orðum um það, að þeir, sem ekki kunni fullkomlega að stjórna sínum eigin fjárhag, þannig að þeir yrðu vel efnum búnir, þeir ættu ekki að mega hafa áhrif á, hvernig hag bæjarfjelagsins sje stjórnað. Þessi mæli-

kvarði getur leitt út í miklar öfgar. Það eru sumir af mætustu og mestu mönnum þessa lands, sem hafa átt við mjög þröngan fjárhag að búa, og það svo, að legið hefir við gjaldþroti. Jeg get nefnt merkasta búnaðarfrömuðinn á öldinni, sem leið, Torfa í Ólafsdal, og Jón Sigurðsson merkasta stjórnmálamanninn af öllum. Ef hv. þm. vill yfirleitt fara að verða mjög strangur í þessu efni og heimta af mönnum mikil efni til að mega vera afskiftasamir um opinber mál, þá geta afleiðingarnar orðið mjög óþægilegar. Jeg fyrir mitt leyti álít það blett á löggjöf okkar, að menn, ef til vill vegna óviðráðanlegra atvika, missi kosningarrjett. Hitt er rjett, sem hv. frsm. minni hl. drap á, að hjer er tiltölulega um mjög fáa menn að ræða. Einmitt þess vegna álít jeg, að þetta ákvæði eigi ekki að sjást í löggjöfinni.

Nokkur smáatriði nefndi hv. þm. Hann vildi ekki láta umboð niður falla 1930. En sje það ekki gert, þá verður árekstur, og það verður ekki hægt að framkvæma bæjarstjórnarkosningu í Reykjavík fyr en búið er að breyta lögunum. Hann var á móti því að stytta kjörtímabilið. En það stendur í nánu sambandi við hitt, að kjósa alla í einu. Það er ekki óeðlilegt að hafa kjörtímabilið sex ár, þegar á að endurnýja helminginn aðeins við hverja kosningu. Alt annað mál er, þegar kjósa á alla í einu.

Þá taldi hv. frsm. minni hl. óskýrt ákvæðið um leyfi til að skorast undan kosningu, hvort það næði til varamanna eða ekki, og spurði mig, hvernig jeg liti á það. Jeg er enginn lögfræðingur að vísu, en mjer skilst þetta atriði vera skýrt í 3. gr. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Þeim, er setið hafa samfleytt 4 ár í bæjarstjórn eða 6 ár í hreppsnefnd eða lengur, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti".

Mjer skilst þetta þýða það, að varamenn hafi því aðeins rjett til að skorast undan, að þeir hafi setið í bæjarstjórn. Frá mínu leikmannssjónarmiði lítur þetta svo út, að ekki sje um aðra að ræða en þá, sem starfað hafa í bæjarstjórn.

Hv. frsm. minni hl. gat þess ennfremur, að ákvæði frv. um kosningu borgarstjóra og bæjarstjóra stefndi ekki í lýðræðisáttina. Jeg er því sammála. Og þar með sjer hv. frsm., að meiningin með þessu frv. er ekki það, að stefna einhliða í lýðræðisátt, heldur það, að koma á því skipulagi, sem stj. álítur rjett og affarasælast. Stj. lítur svo á, að aðstaða borgarstjóra gagnvart bæjarstjórn sje hin sama og aðstaða ráðherra gagnvart Alþingi. Og þar sem það er sjálfsagt, að þingið tilnefni ráðherra, en þeir sjeu ekki kosnir um land alt, þá sje svipað farið í eðli sínu um borgarstjóra og bæjarstjóra. Sama gildir um það, að hreppsnefnd, en ekki hreppsbúar, kýs hreppsnefndaroddvita. Eins og jeg benti á við 1. umr., þá geta orðið óþægilegar afleiðingar af hinu skipulaginu. Vel getur bæjarstjóri verið í ósamræmi við meiri hl. bæjarstjórnarinnar, og er það með öllu óhafandi.

Þá gat hv. frsm. minni hl. þess, að búið væri að velja borgarstjóra í sumum bæjum til lengri tíma, og yrðu þeir að sleppa stöðunni áður en ráðningartími þeirra væri úti, mundu bæjarstjórnirnar verða að greiða þeim

full laun. Þetta má vel vera, en mjer finst þetta að nokkru leyti vera einkamál bæjarstjórnanna og það sje á þeirra valdi, hvernig þær ráða fram úr þessu. Annars mætti athuga þetta atriði nánar til 3. umr. og bera þá fram brtt., ef mönnum sýndist svo, að rjettara væri að tiltaka það í lögunum, að núverandi borgarstjórar gegndu starfi sínu þar til ráðningartími þeirra væri útrunninn.

Að málaferli gætu orðið út af því, ef núverandi borgarstjórar yrðu leystir frá starfinu áður en ráðningartími þeirra væri úti, finst mjer í sjálfu sjer ekki svo athugavert. Það er ekki lengra á að minnast en að hv. 1. þm. Skagf. hefir núna þessa dagana tapað máli, sem hann flutti fyrir hæstarjetti um líkt atriði. (**MG:** Það er ekki sama). Nei, jeg skal játa, að það var ekki sama að efni til, en þó mjög hliðstætt, og hv. þm. tapaði því hreinlega. En með þessum dómi er þá líka kunnugt orðið, hvernig hæstirjettur lítur á slík mál.

Að lokum hafði hv. frsm. minni hl. ýmislegt að athuga við kærufrestinn. Jeg býst nú við, að hann sjái, ef hann gáir betur að, að það sje ekkert óeðlilegt, þó að þetta atriði sje sett inn í lögin, því þar sem kjósa á alla bæjarstjórnina í einu, má ekki leika vafi á nema sem allra stystan tíma, að kosningin sje gild. Áður, á meðan bæjarstjórn var kosin í þrennu lagi, var hún altaf starfhæf og kom ekki að sök, þótt nokkurn tíma tæki að úrskurða um gildi kosninga. En eftir að hún er kosin öll í einu lagi, er nauðsynlegt að hafa allan hraða á í þessu efni.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara að deila við hv. frsm. minni hl. um úrskurð þann, er jeg feldi um bæjarstjórnarkosningarnar á Akureyri nú fyrir skömmu. Jeg er ekki lögfróður maður og deili því ekki við lögfræðinga um slík mál. En jeg leitaði til manna, er betra vit hafa á þessu en jeg, og á áliti þeirra og lögskýringum bygði jeg úrskurð minn.

Jeg held, að það sjeu ekki fleiri atriði í ræðu hv. frsm. minni hl., er nokkru máli skifta eða ástæða er til að svara. Vænti jeg svo góðrar afgreiðslu um þetta mál.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Hæstv. atvmrh. hefir svarað hv. frsm. minni hl. svo rækilega, að jeg þarf eiginlega litlu við að bæta.

Hv. minni hl. segist ekki vera á móti 1. gr. frv., en af orðalaginu í nál. þeirra fjelaga virðist mega ráða það, að þeir sjeu ekki sjerstaklega meðmæltir 1. gr. Enda sagði hv. frsm. minni hl., að hann væri að minsta kosti á móti því, að allir þeir, sem þegið hafa sveitarstyrk, fái kosningarrjett. Það þarf eflaust engan að furða á þessu, sem man, hvaða undirtektir slík mál hafa fengið hjá hv. 1. þm. Skagf. á meðan hann var ráðherra.

Andstaða gegn þessu frv., sem hjer liggur fyrir, hefir aðallega komið frá andstæðingum hæstv. stj. Og eitt af því, sem stjórnarandstæðingar finna frv. til foráttu, er það, að heppilegt sje, að bæjar- og sveitarstjórnir skuli ákveða, hverjir þeirra, sem fengið hafa sveitarstyrk. hafi kosningarrjett og hverjir ekki. Þessi grein fátækra-

laganna er enn í gildi, en ómögulegt að vita, hvernig hún gefst enn sem komið er úti um land alt. Slíku ákvæði má náttúrlega misbeita á ýmsan hátt af hinu pólitíska valdi sveitarstjórna, og þótt sagt sje, að með þessu sje hægt að girða fyrir, að ónytjungar og letingjar hafi kosningarrjett, þá verður dómur sveitarstjórna í þeim málum varla einhlítur. Enda yrði þá aðeins gerður greinarmunur milli slíks fólks eftir því, hvort það sje fátækt eða ríkt, þannig að ef peningana vantar ekki, þá verði kosningarrjetturinn ekki af mönnum tekinn. Slíkur greinarmunur er ranglátur og er rjett að láta í því efni eitt yfir báða ganga, fátæka og ríka, enda er hægt nú að svifta ónytjunga fjárráðum með öllu, og er sú leið ólíkt eðlilegri til þess að hafa hemil á þeim.

Hv. frsm. minni hl. mintist lítið á 21 árs kosningarrjettinn, og er það skiljanlegt. Hann hefir verið móti slíkum till. áður og mun að líkindum vera það enn, þó hann þykist nú ætla að greiða atkv. með 1. gr. eins og hún er í frv. En á móti öllum öðrum gr. frv. eru þeir báðir, hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Barð.

Annars vildi jeg segja, að jeg fyrir mitt leyti mundi geta fallist á að stytta kjörtímabilið úr 4 árum niður í 3 ár. Örar breyt. á stjórnmálum gætu orðið þess valdandi, að mikil þörf væri á því, einkum þó í bæjunum, að kosningar færu fram á 3 ára fresti. En um þetta liggur ekkert fyrir, og þar sem öll bæjarstjórnin á að verða kosin í einu lagi og til 4 ára í senn, verður að telja það framför frá því, sem nú er, að kjósa helming 3. hvert ár. Með því móti tekur það 6 ár að ná meiri hluta um einstök mál, en eftir þessu frv. er þó hægt að skifta um á 4 ára fresti.

Hv. þm. var að gefa í skyn, að Íhaldsflokkurinn gæti tapað við að öll bæjarstjórnin væri kosin í einu. Þetta getur vel verið, en það getur líka hugsast það tilfelli, þar sem tveir aðalflokkar eru nú í bæjarstjórn, að ekki aðeins annar þeirra tapi við breytinguna, heldur jafnvel báðir, því að upp rísi þriðji flokkurinn, sem til sje í bænum, en hafi ekki áður haft afl til þess að koma manni að í bæjarstjórn og komi að t. d. 2 fulltrúum. Í þessu sambandi mintist frsm. minni hl. á Neskaupstað í Norðfirði, sem nýbúinn er að fá bæjarrjettindi og bæjarstjórn. Ef hann hefir með því verið að tala fyrir sinn flokk sjerstaklega, þá held jeg, að hann hafi þar ekki miklu að tapa, því jeg veit ekki annað en að Íhaldsflokkurinn í Neskaupstað hafi við bæjarstjórnarkosningarnar í vetur aðeins fengið einn eða tvo menn talsins. En frá hálfu hinna flokkanna, sem sigruðu, er varla um eigingirni að ræða, þó að þeir leggi með því, að nýjar kosningar fari fram á næsta ári.

Enda er það ekki nema í alla staði eðlilegt, þegar fjöldi nýrra manna fær kosningarrjett, að þeim sje gefinn kostur á að neyta þess rjettar sem allra fyrst, svo að breyting sú, sem gera má ráð fyrir, að verða kunni á bæjarstjórnunum við það, að fjöldi nýrra manna fær að kjósa, komi sem fyrst í ljós.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að við jafnaðarmenn færum í þveröfuga átt við lýðræðisstefnu okkar með því að fallast á, að borgar- eða bæjarstjóri

skuli hjer eftir kosinn af bæjarstjórn, en ekki af kjósendum bæjanna, eins og nú tíðkast, og skildist mjer ekki betur en að hæstv. atvmrh. ljeti þetta að nokkru leyti gott heita.

En jeg get ekki fallist á, að þetta fari að neinu leyti í bág við stefnu okkar jafnaðarmanna. Meira að segja held jeg fyrir mitt leyti, að það muni reynast heppilegra til frambúðar, að bæjarstjórnin sjálf velji borgarstjóra heldur en að almenningur kjósi hann. Eins og þessu er háttað nú, er það vel hugsanlegt, að sá borgarstjóri geti risið upp, sem fari sínar eigin götur, án þess bæjarstjórn viti, og jafnvel getur borgarstjórinn farið svo langt í einræði sínu, að hann fari beinlínis á móti till. bæjarstjórnar. Og sjeð frá bæjardyrum okkar jafnaðarmanna í bæjarstjórn Reykjavíkur, þá er það kunnugt um núverandi borgarstjóra, að hann hefir í mörgum málum tekið sjer fult einræði í bæjarmálum, eins og dverg-Mussolini. Borgarstjórinn á vitanlega að framkvæma það, sem bæjarstjórn skipar fyrir um. En jeg gæti nefnt þess mörg dæmi, að þetta er ekki gert hjer í Reykjavík. Hinsvegar má gera ráð fyrir, þegar borgarstjórinn er kosinn af meiri hl. bæjarstjórnar, að hann mundi telja það skyldu sína að framkvæma alt það, sem bæjarstjórnin skipar fyrir um. Fulltrúarnir í bæjarstjórn framkvæma vilja bæjarbúa, og í samræmi við það á borgarstjórinn að haga sínum framkvæmdum. Þetta ákvæði frv. er því fullkomlega í anda lýðræðisins. Enda skal jeg bæta því við, að það eitt út af fyrir sig, að borgarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skuli hafa atkvæðisrjett, er þvert á móti lögmáli því, er hlutfallskosningar byggjast á. Með því er meiri hlutanum gefið eitt atkvæði í hvaða máli sem er, og getur það oft riðið baggamuninn.

Annars verð jeg að segja það, að mjer þótti það undarleg ályktun hjá hv. frsm. minni hl., er hann hjelt því fram, að ákvæðið um að kjósa alla bæjarfulltrúana í einu væri sett í frv. með tilliti til jafnaðarmanna. Miðað við þá atkvæðatölu, sem jafnaðarmannaflokkurinn fjekk við síðustu kosningar, er ekki líklegt, að hann bæti við fulltrúatölu sína þegar á næsta ári. En hitt er vitanlega rjett, að vaxandi flokkur hefir von um að geta bætt við sig síðar og bíður því betra tækifæris. En það er um annan flokk að ræða, sem segja mætti um, að þetta væri gert fyrir. Það er frjálslyndi flokkurinn, og þó að hann sje í andstöðu við jafnaðarmannaflokkinn og megi teljast fámennur, þá á hann þó rjett á að fá fulltrúa að tiltölu við hina flokkana. Þess vegna vænti jeg, að hv. þm. sjái og viðurkenni að þetta sje rjett, og þó að við jafnaðarmenn fylgjum þessu, að þá sje það alls ekki í gróðaskyni gert eða til þess að fjölga okkar fulltrúum, heldur aðeins vegna þess, að við fylgjum yfirleitt jafnrjetti allra í þjóðmálum.

Þá varð hv. frsm. minni hl. tíðrætt um, að erfitt mundi fyrir suma kaupstaðina að losa sig við núverandi borgar- eða bæjarstjóra, af því að þeir væru ráðnir til lengri tíma, og nefndi í þessu skyni Akureyri og kaupstaðina á Austurlandi. Um þetta er náttúrlega engu að spá, en nefna mætti þó sem

dæmi, að Alþingi hefir litið svo á, að það hefði vald til að gera slíkar skipanir, eins og t. d. í fyrra, er hv. 1. þm. Reykv. (MJ) varð nauðugur viljugur að hröklast úr bankaráði Landsbankans, vegna þeirra breytinga, er þingið gerði þá á lögum bankans. En þó aldrei nema svo kunni að fara, að sumir þessir bæjarstjórar verði endurkosnir, þá er það engin skylda bæjarstjórnar að gera það. Vilji meiri hl. bæjarstjórnar aftur á móti kjósa annan bæjarstjóra, þá gerir hann það, og getur aldrei af því leitt annað nje meira en það, að greiða fráfarandi bæjarstjóra laun fyrir þann tíma, sem eftir er. Gæti vel hugsast, að einhversstaðar á landinu, t. d. hjer í bænum, þætti svo mikilsvert að losna við núverandi borgar- eða bæjarstjóra, að slík launagreiðsla þætti vinnandi vegur. Og mjer finst ekki nema eðlilegt, að bæjarstjórnir ráði þessu hver út af fyrir sig.

Um að kærufrestur sje of stuttur, þarf jeg litlu að svara. Hæstv. atvmrh. tók flest fram um það, sem segja þurfti. Ef menn ætla sjer að kæra kosningu, þá eru flestir sjaldan lengi að átta sig á því, svo óþarft virðist þess vegna að hafa kærufrestinn lengri.

Að lokum skaut hv. frsm. minni hl. nokkrum orðum til okkar jafnaðarmanna og þótti sjerstaklega eftirtektarvert, að við skyldum fylgja þessu frv. En við það er ekkert undarlegt, þar sem frv. fer fram á að rýmka kosningarrjettinn á tvennan hátt: í fyrsta lagi með því að færa aldurstakmarkið niður í 21 ár, og í öðru lagi að þeginn sveitarstyrkur skuli ekki svifta menn kosningarrjetti, en fyrir þessari rjettarbót höfum við jafnaðarmenn barist árum saman.

Það er einnig rangt, að frv. þetta sje eingöngu borið fram vegna bæjanna. Kosningarrjetturinn er hinn sami hvort sem er um sveit eða kaupstaði að ræða.

Jeg veit það, að við jafnaðarmenn hefðum haft frv. betra að ýmsu leyti, hefðum við samið það eftir geðþótta okkar. En eins og flokkum er skift í landinu sem stendur, þá tel jeg, að frv. sje vel við unandi og þess vegna eigi það að verða að lögum.

**Sigurður Eggerz:** Jeg ætla aðeins að lýsa afstöðu minni til þessa frv. með örfáum orðum.

Fyrsta höfuðbreytingin er sú, að aldurstakmarkið um kosningarrjett í kaupstaðar- og sveitarmálefnum skuli fært niður í 21 ár, og tel jeg þetta mikla rjettarbót. Það er ekki nema sjálfsögð krafa, að menn, sem náð hafa þessum aldri, fái kosningarrjett.

Um sveitarstyrkinn vil jeg segja það, að mjer hefir altaf þótt það blettur á löggjöf okkar, að þeir menn skuli sviftir kosningarrjetti, sem orðið hafa styrkþurfar vegna óviðráðandi orsaka. Því það er vitanlegt, að margir þeir, sem lent hafa í örbirgð, geta verið tillögugóðir og lagt margt gott til þjóðmálanna engu síður en hinir. Hjer er verið að nema þennan smánarblett burt úr löggjöfinni, og get jeg ekki annað en glaðst yfir þeirri breytingu.

Um það, að kjósa alla bæjarfulltrúana í einu, hefi jeg ekkert að athuga. Get enda vel fallist á, að það muni að ýmsu leyti geta orðið til bóta.

En eitt atriði er það í frv. þessu, sem jeg tel, að sje spor aftur á bak,

og það er ákvæðið um, hvernig kjósa skuli borgar- eða bæjarstjóra. Jeg get ekki betur sjeð en að það sje í meira samræmi við lýðræði, að borgarstjóri sje kosinn af öllum kjósendum bæjarins, og sje því ekki, hvers vegna eigi að hverfa frá því. Að bæjarstjórn ráði síður við borgarstjórann, ef hann er kosinn af öllum bæjarbúum, þykja mjer hæpin rök. Það er þá aðeins ónýt bæjarstjórn, sem ekki notar aðstöðu sína til þess að segja fyrir verkum og láta framkvæma þau. Svo er annað við þetta að athuga. Með því að láta bæjarstjórn kjósa borgarstjóra hafa kjósendur bæjarins óbein áhrif á kosninguna, en eins og nú er hafa þeir bein áhrif á kosninguna. Það er því sýnilegt, að á þessu er mikill munur og að beina leiðin gefur kjósendum meiri rjett. Þess vegna kemur mjer það dálítið undarlega fyrir sjónir, að hv. jafnaðarmenn skuli vera jafnhrifnir af þessu eins og þeir láta í veðri vaka. (**HV**: Það er reynslan hjer í Reykjavík, sem kennir okkur þetta). Það kemur ekki til mála, þó að borgarstjórinn sje kosinn af bæjarbúum, að hann geti komist hjá því að framkvæma það, sem fyrir hann er lagt, en hitt er líklegt, að hann verði síður leiksoppur í hendi ákveðinnar klíku í bæjarstjórninni, þegar hann á ekki kosningu sína undir henni. Jeg verð því að vera á móti bessari breytingu, af því að með bessu er tekinn rjettur af kjósendunum.

Það er annað atriði, sem jeg verð að vera sammála hv. minni hl. um, að ekki geti komið til mála, að borgarstjórar eða bæjarstjórar verði kosnir samkv. lögum þessum fyr en hinn samningsbundni tími þeirra er útrunninn, ef sæti þeirra hefir þá ekki losnað fyr af öðrum ástæðum. Alþingi má ekki á neinn hátt ýta undir menn um að rjúfa löglega samninga.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson)**: Hæstv. forsrh. segir, að vandræðin yfir ósamræminu í lögunum um kosningar í málefnum sveita og bæja hafi byrjað strax í minni stjórnartíð. Jeg man ekki eftir neinum vandræðum. En eftir því man jeg, að jeg átti tal við bæjarstjóra á þeim stöðum, sem kosið var, og gaf þeim ýmsar leiðbeiningar til þess að losna við kærur, og það varð líka til þess, að engar kærur komu fram. Hefði þessu verið fylgt áfram, hefði verið hægt að fyrirbyggja alt það vafstur, sem kosningakærur hafa í för með sjer.

Annars er ástæðulaust að vera að deila um þetta við hæstv. atvmrh. Minni hl. vill bæta inn í frv. heimild fyrir atvmrh. til þess að samræma þau atriði í lögunum, sem hjer er um að ræða.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um, að jeg vantreysti mínum flokki, er jeg taldi, að hann mundi hafa skaða og tapa fylgi við rýmkun kosningarrjettarins. Þetta er alveg út í hött og jeg hefi ekkert um þetta sagt, en úr því að jeg set mig ekki móti breyt. á kosningaaldrinum, þá ætti hæstv. ráðh. að geta ályktað af því, að jeg muni ekki telja þetta stórskaða fyrir þann flokk, sem jeg telst til. Það er ekki svo, að jeg haldi, að hlutföllin milli flokkanna muni raskast, þótt kosningaaldurinn verði færður niður. En hitt dylst engum, sem þessum mál-

um er kunnugur og þekkir makk stjórnarinnar og jafnaðarmanna, að sú stytting kjörtímabilsins, sem í frv. felst, er gerð eingöngu til að þóknast jafnaðarmönnum, enda er það þeirra háttur, að vilja, að altaf sje verið að breyta til. (**HG**: Já, til hins betra). Það er nú venjulega aukaatriði hjá þeim, hitt er aðalatriðið, að ekkert fái að standa óhaggað, hvorki lög nje annað.

Hæstv. forsrh. sagði sig litlu skifta, hvort jafnaðarmenn eða íhaldsmenn væru ofan á í bæjunum. Hann virtist hugsa eitthvað á þessa leið: „Þeir einir eigast hjer við, er jeg hirði ekki, hvort lifa eða drepast". Jeg hjelt satt að segja, að hæstv. forsrh. mundi farast vingjarnlegar orð í garð jafnaðarmanna, bandamanna sinna. En ef svo er, að honum er jafnsárt um íhaldsmenn og jafnaðarmenn, þá hefir hugur hans breytst mjög frá því í fyrra, og stórum til bóta, og gleður það mig auðvitað mjög mikið.

Jeg verð að segja það, að jeg skil ekki, hvað hæstv. forsrh. er að fara, þegar hann talar um Torfa í Ólafsdal og Jón Sigurðsson í sambandi við sveitarstyrki. (**MJ**: Sjálfsagt það, að þeir hafi verið ónytjungar). Jeg talaði aðeins um slæpingja, og jeg á bágt með að skilja, hvernig hæstv. forsrh. gat dottið þessir menn í hug í því sambandi. Enda þótt þeir hafi ekki verið neinir ríkismenn, lá þó aldrei við, að þeir þyrftu að leita opinbers styrks, nje þiggja sveitarstyrk, og allra síst hefði það verið fyrir slæpingsskap.

Jeg gerði þá fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort varamaður gæti skorast undan kosningu. Svaraði hann því neitandi, og þar við vill hann láta sitja. En það kemur hvergi fram í frv., að þetta sje vilji löggjafans um þetta efni. Að vísu má segja, að ef einhver skyldi skorast undan kosningu, þá mætti vísa til þeirra umr., sem hjer hafa fram farið um málið, og tækju þær þá af skarið og útilokuðu allan misskilning. Hæstv. forsrh. fanst jeg ætti að vera glaður yfir því, að ekki væri haldið einhliða í lýðræðisáttina. En jeg verð að segja það, að það er í mínum augum enginn kostur á þessu frv., þótt það stefni til baka í sumum atriðum. Þvert á móti. Annars veit jeg það vel, að jafnaðarmenn vilja ekki kannast við, að frv. sje í eðli sínu andstætt lýðræðishugsun þeirra.

Jeg get ekki annað en verið hv. þm. Dal. samþykkur um það, að eðlilegast væri, að borgar- og bæjarstjóri sje kosinn af bæjarbúum, en ekki af bæjarfulltrúunum. Hann er umboðsmaður allra bæjarbúa fyrst og fremst, en ekki sjerstaklega bæjarstjórnarinnar. (**HV**: Vitleysa). Hv. 2. þm. Reykv. telur borgarstjóra aðeins þjón bæjarstjórnarinnar, en slíkt er mesti misskilningur. (**MJ**: Menn leita til borgarstjóra í þúsundatali). Þetta er einmitt ágæt upplýsing hjá hv. 1. þm. Reykv. Bæjarbúar leita til borgarstjóra í þúsundatali, af því þeir ná ekki til bæjarstjórnarinnar. (**HV**: Menn leita einnig í þúsundatali til hafnarstjóra og rafmagnsstjóra). Það er því nokkuð hart, ef bæjarmenn eiga ekki að hafa neinn beinan íhlutunarrjett um kosningu borgarstjóra. Hvað það atriði snertir, að borgarstjóri geti verið í beinu ósamræmi og jafnvel andstöðu við meiri hl. bæjar-

stjórnarinnar, þá er það að vísu alveg rjett, en slíkt getur einnig og ekki síður komið fyrir, þótt borgarstjóri sje kosinn af bæjarstjórn. Veðrabrigði verða oft á skemri tíma en 4 árum; sá, sem meiri hl. bæjarfulltrúa kýs, getur hæglega snúist til andstöðu á þeim tíma, og gagnkvæmt.

Viðvíkjandi ráðningartíma og samningum bæjar- og borgarstjóra í kaupstöðum virtist hæstv. forsrh. ganga inn á, að vert væri að athuga það, sem minni hl. hefir sagt um það atriði. En hann vill leggja það á vald bæjarstjórnanna að lagfæra það, en gætir þess ekki, að slíkt er þeim venjulega ómögulegt. Samkv. þessu frv. á að kjósa 1930, og bæjarstjórnirnar geta því ekki haldið samningana, nema framlengja ráðningartímann. Og mjer þætti fróðlegt að vita, hvað hv. 2. þm. Reykv. segði um það, ef ætti að fara að framlengja ráðningartíma borgarstjórans í Reykjavík, eins vel(!) og þessi hv. þm. ber honum söguna. Auðsætt er, að ekki er hægt að skylda bæjarstjórnir til að kjósa áfram sama manninn, þótt hann sje ráðinn með samningi. Jeg benti á þetta í nefndinni, en meiri hl. áleit frv. svo heilagt, að það mætti ekki setja slíkan blett á það, eða hreyfa við því að neinu leyti.

Þá mintist ráðh. á úrskurð þann, sem hann gaf á yfirstandandi vetri út af kosningadeilunni á Akureyri. Virtist helst mega skilja á orðum hans, að úrskurður þessi væri á ábyrgð skrifstofustjóra þess, sem hefði með slík mál að gera. (**Forsrh.**: Það sagði jeg ekki). Mjer er að vísu ókunnugt um, hvað skrifstofustjórinn hefir lagt til úrskurðarins, en hinsvegar get jeg bent á úrskurði frá stjórnarráðinu, sem benda í gagnstæða átt.

Þá láðist hæstv. forsrh. það, að svara aðfinslum mínum um ýms veruleg atriði frv., t. d. kærufrest í sveitum. Reyndar sagði hann eitthvað á þá leið, að í kaupstöðum væri nauðsynlegt að fá að vita sem fyrst, hvort bæjarstjórn sje löglega kosin eða ekki. Það er að vísu alveg rjett, en þá vil jeg benda hæstv. ráðherra á það, að þótt ákvæði þessa frv. verði að lögum, stendur alt við það sama í því efni eftir sem áður. Eftir núgildandi lögum á að setja kæruna í póst með viku fyrirvara, og verður þetta einnig svo framvegis, nema hvað bætt er við ákvæði um þetta símskeyti, sem auðvitað er alveg gagnslaust, því að engan úrskurð er hægt að kveða upp fyr en skjölin koma.

Jeg þarf litlu að svara hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að jeg og mínir flokksmenn hefðum komið í gegn 43. gr. fátækralaganna frá 1927. Þetta er auðsæ missögn hjá hv. þm., því að við vorum í minni hl. þá á þinginu, og hefðum því ekki getað komið þessari grein inn í lögin án tilstyrks frá öðrum flokkum. Hinsvegar álít jeg það langt frá því að vera níð um minn flokk, þótt sagt sje, að við höfum komið því þarfa ákvæði, sem felst í 43. gr., inn í lögin. Þegar jeg hefi komist að raun um, að sveitarstjórnirnar fari ekki rjett með þá grein, þá mun jeg vera breyt. fylgjandi, en fyr ekki að óreyndu máli. Annars er alls ekki hægt að ganga nær stjórnarskránni en sú grein gerir, og ef ganga á lengra á þessari braut, verður að breyta henni. Sjálf er greinin skýr og tekur yfir öll tilfelli, þar sem það er

lagt í vald sveitarstjórna að ákveða um, hvort maður skuli teljast hafa þegið sveitarstyrk eða ekki. Að öðru leyti ljet þessi hv. þm. það í ljós, að frv. þetta væri ekki eins gott og það gæti verið og að hann hefði ef til vill getað gert það betur úr garði sjálfur. En jeg verð nú að draga það stórlega í efa; að minsta kosti ber ekki nál. vitni um, að hann hafi haft mikið við frv. að athuga, enda eru breytingar þær, sem meiri hl. vill gera við frv., mjög fáar og lítilfjörlegar, og ein af þeim snertir eingöngu sveitirnar, svo að ætla má, að hún sje ekki frá honum runnin.

Þá gat þessi hv. þm. þess, að í Neskaupstað myndi minn flokkur ekki skaðast á því, þótt kosið væri eftir þessu frv. Hjer kemur greinilega í ljós sú skoðun hv. þm., að öll mál eigi að afgerast eftir flokkshagsmunum. Jeg álít þetta rangt og háskasamlegt í mörgum tilfellum. Það ætti alls ekki að kjósa í bæjarstjórnir eftir pólitískum flokkshagsmunum.

Þm. neitaði því, að það væri að hverfa af lýðræðisbrautinni að láta bæjarstjórn kjósa borgarstjóra í stað bæjarbúa. Jeg vil vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um það atriði. Annars vil jeg benda á það, að hæstv. stjórn hefir venjulega verið svo eftirlát við þennan hv. þm., að hún hefir haldið í lýðræðisáttina, þegar hann hefir óskað, og til baka, hafi þm. óskað þess, og svo mun og vera í þessu tilfelli, þótt hvorugur aðili vilji kannast við það.

Að lokum skal jeg lítillega snúa mjer að hv. þm. Dal. Jeg þarf ekki að svara honum miklu, því flest, sem hann sagði, studdi minn málstað. Þó erum við ósammála um aðra breyt. á 1. gr. Jeg held, að hann hafi ekki tekið eftir því, að jeg sagði, og leiddi rök að, að samkv. 1. gr. núgildandi laga eru þeir einir útilokaðir frá kosningu, sem vegna óreglu og slæpingsskapar ekki geta sjeð sjer farborða. Hv. þm. Dal. heldur þó sennilega ekki, að slíka menn ætti að setja í opinberar trúnaðarstöður, svo sem bæjarstjórnir og þvílíkt. En eftir síðari brtt. á 1. gr. er ekkert til fyrirstöðu, að slíkt gæti komið fyrir. Þegar ekki er hægt að skilja þessa menn frá fjöldanum, þá verður auðvitað ekki girt fyrir slíkt. En ákvæði núgildandi laga gera einmitt nokkuð til að skilja sauðina frá höfrunum.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vildi fyrst segja nokkur orð í spaugi til hv. frsm. minni hl. Hann gat þess, að stjórnin hefði verið eftirlát jafnaðarmönnum, og haldið í lýðræðisáttina eða öfugt, eftir því hvað þeir óskuðu. Já, hv. þm. getur að vísu skoðað þetta svo, en að mínu áliti lægi eins beint við að segja, að jafnaðarmenn væru eftirlátir stjórninni og vildu þóknast henni í hvívetna, og meðal annars styðja þetta frv. Annars hefi jeg enga sjerstaka aðstöðu til að rannsaka hjörtu og nýru þessara hv. þm. fremur en annara þm.

Út af orðum hv. frsm. minni hl. um, að frv. þetta sje fram komið samkvæmt ósk jafnaðarmanna og að beirra undirlagi, þá skal jeg taka það fram, að ef þetta væri rjett, þá væri einmitt rýmkun kosningarrjettarins úr 25 árum niður í 21 ár stóra atriðið frá sjónarmiði jafnaðarmanna. En þetta vill hv. þm. ekki kannast við,

heldur heldur hann því fram, að stóra atriðið sje stytting kjörtímabilsins, því að jafnaðarmenn vilji altaf vera að kjósa. (**MG:** Jeg sagði að breyta). Kemur út á eitt. Þetta er furðulegur misskilningur hjá hv. frsm. minni hl., því frv. miðar einmitt í gagnstæða átt. Samkvæmt elstu kosningalögunum átti að kjósa annaðhvert ár, samkvæmt núgildandi lögum þriðja hvert ár, en eftir þessu frv. á að kjósa fjórða hvert ár. Þetta atriði er rökrjett afleiðing af því, að kjósa á alla í einu.

Það, sem sterkast mælir með þessu frv., er það, að eftir því verða kosningar rjettlátari en þær hafa verið hingað til, Hlutfallskosningar tryggja smærri flokkunum meiri rjett. Eftir gildandi lögum eru þeir mjög órjetti beittir. T. d. er einn flokkur í Reykjavík, sem bauð fram lista við síðustu bæjarstjórnarkosningar, en kom engum manni að, einungis vegna skipulagsins. Átti flokkurinn þó tvímælalaust rjett á að eiga fulltrúa í bæjarstjórn eftir atkvæðamagninu að dæma. Hið sama á sjer stað á Siglufirði, með Framsóknarflokkinn bar. Þetta frv. er því fram komið til þess að litlu flokkarnir í bæjunum geti notið sín.

Ummæli hv. þm. um Torfa í Ólafsdal og Jón Sigurðsson voru útúrsnúningur einn, og mjög færð á verra veg. Þessi hv. þm. sagði áðan, að þeir menn, sem ekki gætu talist efnalega sjálfstæðir, ættu heldur ekki að hafa stjórn og forræði bæjar- og sveitarfjelaga með höndum. Það var í þessu sambandi, að jeg gat þessara manna.

Þá mintist þessi hv. þm. á það, að þótt borgarstjóri væri kosinn af bæjarstjórn, gæti hann þó komist í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar í einstöku atriðum. Þetta er engin ný upplýsing; slíkt á sjer meira að segja stað á Alþingi oft og einatt, og í því efni mun þessi hv. þm. hafa eigin reynslu frá ráðherratíð hans, og gæti jeg bent honum á ekki allfá dæmi þessu til sönnunar. Hinsvegar er ekkert til fyrirstöðu því, eins og nú er ástatt, að kosinn verði jafnaðarmannaborgarstjóri, en íhaldsbæjarstjórn, og sjá allir, hvílíkur háski gæti af slíku stafað. Frumvarpið miðar einungis að því, að skapa meiri festu og samræmi í stjórn bæjar- og sveitarfjelaga. Það miðar að því, að þingræðið komi betur í ljós og til þess að meiri hlutinn fái notið sín. — Hvað kærufrestinum viðvíkur, þá er þar einungis um smávægilegt atriði að ræða. En hv. þm. svaraði þar sjálfur fyrir mína hönd, þegar hann benti á úrskurðinn, sem gefinn var út af Akureyrarkosningunni á yfirstandandi vetri. Hv. þm. má skilja það, að jeg álít úrskurðinn rjettan, og þess vegna að setja beri þetta ákvæði inn í lögin. Af þessu leiðir, að kærufresturinn verður að vera eins stuttur og mögulegt er.

Loks langar mig til að svara hv. þm. Dal. nokkrum orðum. Hann virtist vera mjer sammála í öllum atriðum, nema því um kosningu borgarstjóra. Vildi hann leggja sjerstaka áherslu á, að Alþingi gengi ekki á undan í því, að rofnir væru samningar, og er nokkuð rjett í því. En jeg vil benda hv. þm. á það að þó lofsvert sje að halda fiármálasamninga við 4—5 menn, eins og hjer ræðir um, þá er hitt þó óneitanlega miklu meira um

vert, að styðja að því, að haldnir sjeu allir fjármálasamningar á þessu landi, með því að festa verðgildi peninganna. Þetta kemur að vísu ekki beint þessu máli við, en jeg vil nota tækifærið til að minna þennan hv. þm. og aðra á þetta, þeim til frekari íhugunar.

**Jóhann Jósefsson:** Þegar jeg kvaddi mjer hljóðs, var hv. þm. Dal. enn ekki kominn að því atriði, sem hann átaldi síðar í ræðu sinni, og það var ákvæðið um að svifta bæjarbúa rjettinum til að kjósa sjálfir borgarstjóra og leggja hann á vald meiri hluta bæjarstjórnarinnar. Hann hefir því tekið að mestu af mjer ómakið, og get jeg því sparað mjer langa ræðu að sinni. Jeg er hv. þm. sammála um, að eðlilegast sje að miða kosningarrjett við 21 árs aldur. En út af því, sem þessi hv. þm. sagði um rjett sveitarstyrksþega til kosninga, þá vil jeg vekja athygli hans á því, að þennan rjett hafa þeir samkvæmt núgildandi lögum, svo framarlega að sje um heiðarlega fátækt að ræða, en ekki slæpingskap, óreglu eða þvílíkt. Þessi lagabreyting er þess vegna alls engin rjettarbót fyrir þá. Mjer er kunnugt um, að lögin eru túlkuð og framkvæmd mjög frjálsmannlega af sveitarfjelögum, svo frjálsmannlega sem frekast er heimilt. Og mjer kemur ekki til hugar að átelja slíkt. Síður en svo. Það er jafnvel betra að ganga lengra en skemra í þessum efnum. Það er betra, að fleiri fái að kjósa en lög standa til, heldur en hitt, að nokkrum verði meinað það, sem rjett hefir til þess.

En ákvæðið um kosningu bæjarstjóra er mjög misheppnað hjá hæstv. stj. Þykist hæstv. stj. hafa gert rjettarbót með þessu frv., þá má með rjettu segja, að hún taki aftur með annari hendinni það, sem hún gaf með hinni, þegar tekinn er rjetturinn af íbúum bæjanna til þess að velja sjálfir bæjarstjóra. Þegar hæstv. forsrh. vildi bera þetta saman við flokkana á Alþingi og val ráðh., þá er það ekki sambærilegt nema að litlu leyti. Það kemur ekki nærri eins skýrt fram við kosningar bæjarstjóra og kosningar til Alþingis, að farið sje eftir pólitískum skoðunum. Þar kemur svo margt annað til greina. Er athugandi, að eftir frv. á meiri hluti bæjarstjórnar að ráða bæjarstjórann, og getur sá meiri hluti verið mjög veikur, t. d. 6 af 10 bæjarfulltrúum. Gæti þá verið hætt við, að ekki fengjust hæfir menn í þessar stöður, ef hægt er að reka þá, ef þeir eru í ósamræmi við meiri hluta bæjarstjórnarinnar. Mun það alls ekki holt fyrir bæjarmálin, að bæjarstjórinn sje um of háður meiri hlutanum. Af minni eigin reynslu í þessu efni get jeg bent á það, að meiri hluti bæjarstjórnar er oft hvikandi og ósammála. Eru það ekki altaf pólitískir samherjar, sem fylgjast að í einstökum málum, heldur eru það oft menn af báðum flokkum, sem fylgjast að í einstökum málum. Trygging er því engin fyrir, að bæjarstjórinn sje ávalt í samræmi við meiri hlutann, þótt hann sje valinn af sama meiri hluta og er í bæjarstjórninni. Gæti hann hæglega á stuttum tíma verið kominn í ósamræmi við meiri hl. í mörgum málum. Í bæjarstjórninni eru það hagsmunamál bæjarins, sem taka verður fult tillit til, og er þá sjálfsagt að leggja pólitískan ágreining til hliðar fyrir velferðarmálum

bæjarfjelagsins. Aftur á móti gengu þeir út frá því, hæstv. forsrh. og hv. frsm. meiri hl., að alt eigi að fara eftir flokksfylgi í bæjarmálunum. Jeg er þessu algerlega ósammála.

Vitanlegt er, að það er bæjarstjóri, sem hefir mest áhrif á gang allra mála. Hann er framkvæmdarstjóri bæjarins og venjulega sjálfkjörinn formaður í flestum nefndum. Hann kemur fram fyrir bæinn út á við, og kemur svo að segja með efniviðinn upp í hendurnar á nefndunum. Bæjarfulltrúar, sem eru ýmsum öðrum störfum hlaðnir, eru mjög háðir vilja bæjarstjóra um ýms mál. Hann kallar saman nefndir og velur þeim fundarstað og tíma. Yfirleitt ríður mest á honum, á ráðsmensku hans og stjórnarhyggindum. Þó er eitt atriði, sem jeg vil sjerstaklega minnast á í þessu sambandi. Er það bæjarvinnan, sem bæjarstjóri ræður fyrir að mestu leyti einsamall. Mjer er að vísu ekki kunnugt um, hvort það er svo hjer í Reykjavík, en víðast úti um land er það svo, að bæjarstjóri ræður, hverjir hljóta þá vinnu, sem bæjarfjelagið veitir. Í flestum bæjum stundar allstór hópur manna þessa vinnu, og er hún aðalatvinna sumra. Hv. frsm. (HV) sagði, að bæjarstjóri ætti að gera það, sem bæjarstjórnin segði honum að gera, þ. e. það, sem meiri hl. vill. Þá væri það meiri hl. bæjarstjórnarinnar, sem ætti að úthluta vinnunni. Álít jeg það dálítið hæpið, því að þá væri hætt við, að farið yrði eftir þeirri lífsskoðun hv. 2. þm. Reykv. og hans fylgismanna, að alt eigi að meta eftir pólitískum skoðunum og tryggu flokksfylgi.

Hinsvegar ef bæjarstjóri væri kosinn af borgurunum, þá kæmi fleira til greina en pólitískar skoðanir. Er það áreiðanlega alt eins heppilegt, að bæjarstjóri sje ekki mikill flokksmaður á neina sveifina, heldur mun affarasælast, að hann, sem form. og framkvæmdarstjóri bæjarins, geti starfað í friði og samvinnu við alla fulltrúana. Verður þessu best náð með því að láta alla bæjarbúa kjósa hann, en ekki fámennan hóp innan bæjarstjórnarinnar. Þarf jeg ekki að eyða fleiri orðum að þessu til þess að gera það skiljanlegt, að það er með öllu ónauðsynlegt, að meiri hl. bæjarstjórnar hafi algerlega óskorað vald um, hver sje bæjarstjóri. Minni hl. þarf þar líka að hafa sín ítök. En þetta er alveg eftir hugsunarhætti hv. 2. þm. Reykv. og í samræmi við framkomu hans í síldareinkasölumálinu á þinginu í fyrra, að láta meiri hl. öllu ráða, en minni hl. engu. Fer þetta algerlega í bága við skoðun jafnaðarmanna, þá, sem þeir þykjast hafa um rjett minni hlutans við kosningar til Alþingis og bæjarstjórna, og þá skoðun þeirra, að valdið eigi að vera sem mest í höndum borgaranna sjálfra, en ekki hjá fámennri klíku einstakra manna. Fer þetta ákvæði algerlega í bág við það, sem menn alment kalla lýðræði, því að hjer er rjetturinn til þess að velja bæjarstjóra tekinn af íbúunum og hann fenginn í hendur nokkrum mönnum. Á svo bæjarstjórinn að sitja og standa eins og þessi fámenna klíka vill vera láta. (**HV:** Er hv. þm. nokkurskonar Mussolini?) Það getur verið, að hv. 2. þm. Reykv. vildi gjarnan vera „Mussolini", en jeg

vil ekki taka rjettinn af borgurunum og afhenda hann nokkrum mönnum eða fámennri klíku, eins og virðist vaka fyrir þessum hv. þm. og öðrum „Mussolinum“ þessa lands.

Mig furðaði stórlega á því, að hæstv. forsrh. sagði, að sjer stæði á sama, hverjir hefðu betur í kaupstöðunum, íhalds- eða jafnaðarmenn. Er vitanlegt, að það eru þessir flokkar, sem berjast þar um völdin, og hygg jeg, að báðir þessir flokkar haldi því fram, að það sje alls ekki sama, hvor þeirra hafi töglin og hagldirnar. En hæstv. forsrh. stendur á sama um þetta. Hvernig á nú að skilja þessi ummæli hans? Vona jeg, að ekki eigi að skilja þau svo, að hann beri ekki jafnt hag bæjanna og sveitanna fyrir brjósti. Hafði jeg vænst þess af hæstv. forsrh., að hann ljeti ekki slík ummæli falla, sem gætu hljómað vel úr munni hv. þm. Str., en sóma sjer illa þegar þau koma frá forsætisráðherra Íslands.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Aðeins örfá orð út af ummælum hv. þm. Vestm. um það, hvort jeg bæri meira fyrir brjósti hag sveita eða kaupstaða. Veit hv. þm. það ósköp vel, að mínar áhyggjur eru meira bundnar við sveitirnar, en hann þarf ekki annað en að athuga framkomu mína í málum, sem snerta Vestmannaeyjar, til þess að sjá, að jeg er kaupstöðunum alt annað en fjandsamlegur. Sem þm. Str. barðist jeg af öllum mætti fyrir ræktunarmáli Vestmannaeyja. Sem ráðh. átti jeg í fyrra tal við hv. þm. Vestm. um hafnarmál Vestmannaeyja og veitti honum þær útskýringar og aðstoð í því máli, sem jeg gat. Hjelt jeg því, að það væru miklu fremur aðrir en hv. þm. Vestm., sem hefðu ástæðu til þess að kvarta undan mjer, enda hefi jeg heyrt, að hann hafi á fundi austur í Eyjum látið falla mjög lofsamleg ummæli um þennan þm. Str., sem hefði verið sjer svo innan handar. Annars álít jeg, að landbúnaðurinn hafi verið hafður svo afskaplega útundan hjá stjórnarvöldunum, að taka þurfi mikla stefnubreytingu til þess að tryggja, að honum verði lyft hærra en áður. Tel jeg það meiru máli skifta heldur en hvernig þeir bítast þessir flokkar, sem í bæjunum berjast.

Hv. þm. Vestm. fann að því, að bæjarstjórnin ætti að kjósa bæjarstjórann, og færði fyrir því ýmsar ástæður, en þegar þær eru athugaðar, sjest, að þær eru einskis virði. Hann sagði, að það væri tilviljunarmeirihl., sem mundi ráða, hver yrði bæjarstjóri, þegar hann er kosinn af bæjarstjórn. Ætti þó að velta minna á tilviljun, þegar kosnir eru allir fulltrúarnir í bæjarstjórnina, heldur en þegar aðeins er kosið um einn mann. Það er rjett hjá hv. þm. Dal., að það er meiri hl. bæjarstjórnarinnar, sem á að ráða stefnunni í bæjarmálunum. Á þar ekki að fara eftir sömu línum og í landsmálapólitíkinni, heldur á bæjarmálapólitíkin að sitja í fyrirrúmi; gildir þetta hvort sem um bæjarstjóra eða bæjarstjórn er að ræða, en auðvitað setur meiri hl. bæjarstjórnarinnar sinn svip á stefnuna.

Þá taldi hv. þm. Vestm., að bæjarstjóri gæti hæglega á stuttum tíma komist í ósamræmi við meiri hl. bæjarstjórnarinnar, og er það rjett. Þessi röksemd hans gildir samt í ennþá rík-

ara mæli gegn því skipulagi, sem nú er. Gæti vel hugsast, að bæjarstjóri væri í andstöðu við bæjarstjórnina alt kjörtímabilið út, en milli þeirra þarf þó að vera gott samkomulag. Bendir þetta þá á, að það sje að rjettu lagi bæjarstjórnin, sem eigi að kjósa bæjarstjórann, því að þá eru meiri líkur fyrir góðu samkomulagi heldur en ef hann er kosinn af öðrum aðilja. Þá sagði hv. þm., að bæjarstjórinn ætti helst ekki að vera ákveðinn flokksmaður, og væri gott, að minni hl. ætti einhver ítök í honum. Jeg er nú kunnugur hjer í Reykjavík, og hjer er kosinn borgarstjóri með almennri kosningu, og fer þó mjög fjarri, að þessu sje svona varið hjerna. Jeg býst alls ekki við, að núverandi borgarstjóri hjer vilji viðurkenna, að jafnaðarmenn eigi nokkur ítök í sjer. Vil jeg þó alls ekki áfella borgarstjóra á neinn hátt, því að hann er mjög duglegur og um margt hæfur í sínu embætti. Ætla jeg í þessu sambandi að bera af mjer þær sakir, sem hv. þm. Dal. kom með, að jeg hafi kosið hann þegar hann bauð sig hjer fram við borgarstjórakosningar á móti þeim manni, sem nú skipar það embætti.

Bæjarstjórnir eru skipaðar þeim mönnum, sem kjósendurnir hafa falið æðsta vald í málefnum bæjarins. Er því langeðlilegast, að þessir sömu menn ákveði, hver eigi að hafa framkvæmdirnar á hendi í þeim málum, og getur hjer því ekki verið um að ræða að fá völdin í hendur fámennri klíku. Yfirleitt finst mjer rök hv. þm. Vestm. vera svo vaxin, að þau geri miklu fremur að styðja málstað frv. en veikja, og ásakanir hans í minn garð koma sannarlega úr hörðustu átt.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Jeg hefi litlu að svara hæstv. forsrh., og öðrum engu. Hann sagði, að það væri ekki víst, að það væri hann, sem fylgdi jafnaðarmönnum, heldur væri fult svo líklegt, að það væru þeir, sem væru honum fylgispakir hjer, þar eð þeir fylgdu frv. hans, sem beygði af lýðræðisbrautinni. Vil jeg þá minna á, að á þinginu í fyrra báru jafnaðarmenn fram till., sem fór í sömu átt og frv. forsrh. nú, og er þá ekki ólíklegt, að hæstv. forsrh. hafi tekið málið upp á sína arma einmitt fyrir áskoranir þeirra. Að þessu athuguðu verður ekki sagt, að ummæli mín sjeu á sandi bygð.

Þá taldi hæstv. forsrh., að jeg hefði viljað snúa út úr orðum sínum um Jón Sigurðsson og Torfa í Ólafsdal. Það er fjarri mjer að vilja snúa út úr, en mjer fanst afaróviðkunnanlegt að heyra nöfn þessara manna nefnd í sambandi við sveitarstyrk og þurfamensku slæpingja. Þetta smekkleysi hlaut jeg að víta.

Þá er alrangt hjá hæstv. forsrh., er hann talar um, að svipað samband sje milli borgarstjóra og bæjarstjórnar annarsvegar og Alþingis og ráðh. hinsvegar. Borgarstjóri er ráðinn til ákveðins tíma og bæjarstjórn fær engu um þokað fyr en kjörtími hans er úti, en ráðh. verður að fara frá þegar meiri hl. þingsins krefst þess. Er hjer um að ræða tvent alveg ólíkt, og geta slíkar fyrirmyndir frá Alþingi alls ekki átt við um bæjarstjórnir. Þetta benti jeg á í minni fyrstu ræðu,

og hv. þm. Vestm. tók undir það með mjer. Hæstv. forsrh. kvaðst vilja bæta úr þeim göllum, sem komið hefðu í ljós, að væru á kosningalögunum, t. d. við Akureyrarkosninguna. Hjer á svo að lögleiða alveg sömu ákvæði og áður, að því undanskildu, að menn þeir, sem kæra vilja kosningu, eiga að senda stjórnarráðinu símskeyti, þegar þeir hafa látið kæruna í póst. Þetta tel jeg óþarfa og enga bót.

Hæstv. forsrh. taldi, að meiri trygging væri fyrir góðri samvinnu milli borgarstjóra og bæjarstjórnar, ef hann væri kosinn af bæjarstjórninni sjálfri. Ef kosningin er pólitísk, er hætt við, að svo verði ekki, heldur þvert á móti. Er meiri trygging fyrir góðri samvinnu, ef borgarstjóri er kosinn af íbúum bæjarins, heldur en t. d. með eins atkv. meiri hl. í bæjarstjórn, því þá gæti minni hl. ef til vill litið svo á, að verið væri að neyða upp á sig manni, sem hann vildi ekkert hafa með að gera. (**Forsrh:** En ef hann er kosinn með eins atkv. meiri hl. af borgurunum?). Þá er öðru máli að gegna, enda hafa kosningar hjer sýnt, að stundum er ekki kosið eftir pólitískum línum. Annars skal jeg ekki lengja umræðurnar frekar en orðið er.

**Jóhann Jósefsson:** Hæstv. forsrh. vildi leggja þann skilning í ræðu mína, að hún hefði verið röksemdafærsla með þeim ákvæðum frv. þessa, sem jeg deildi á, en ekki á móti þeim. Hvaða skilning, sem hæstv. ráðh. þóknast að leggja í ummæli mín, þá stend jeg við það, sem jeg sagði, að jeg tel það mjög óheppilegt, að bæjarstjóri sje ákveðinn flokksmaður. Á jeg þar ekki við, að hann megi ekki vera flokksmaður í einhverjum stjórnmálaflokki, heldur það, að jeg vil ekki, að í bæjarmálum láti hann að jafnaði flokkshagsmuni ráða, því að það eru þau mál, sem koma embætti hans við. Hitt á ekki að koma embættisstörfum hans við, hvaða pólitíska skoðun hann hefir. Út af þessum orðum mínum dró hæstv. ráðherra þá ályktun, að jeg teldi t. d. borgarstjórann hjerna í Reykjavík ekki hæfan til þess að vera borgarstjóri, af því að hann væri mjög ákveðinn pólitískur flokksmaður. Þessum ályktunum ráðherrans leyfi jeg mjer að vísa aftur til föðurhúsanna, því að orð mín gáfu ekkert tilefni til þeirra.

Hvað snertir það atriðið, að draga kosningu bæjarstjórans undan valdi kjósendanna í hendur örfáum bæjarfulltrúum, þá verð jeg að telja það miður heppilegt, eins og jeg tók fram áðan. Jeg tel það öldungis sjálfsagt, að hann sje kosinn af sömu aðiljum og bæjarfulltrúarnir, sem sje af öllum kjósendum bæjanna.

Þá óskaði hæstv. ráðherra eftir því, að jeg gæfi frekari skýringu á þeim orðum mínum, þar sem jeg sveigði að ummælum hans í garð bæjanna. Skýringin á þeim orðum mínum liggur hvergi annarsstaðar en í fyrri ræðu hans sjálfs. Það snart mig hálfilla sem fulltrúa fyrir bæjarfjelag, hve kalt virtist anda til bæjanna í ræðu hans. Jeg get ekki hugsað mjer, að hæstv. ráðherra, stöðu sinnar vegna, sje það sama, á hverju veltur í bæjunum.

Þá taldi hann, að ummæli mín hefðu komið úr hörðustu átt, þar sem hann hefði veitt mjer viðtal til þess að ræða

við mig um hafnarmál Vestmannaeyinga. Þetta er aldrei nema rjett, en þá kom jeg fram sem talsmaður míns hjeraðs, og jeg taldi mig aðeins gera skyldu mína, eins og t. d. hæstv. ráðherra gerði, þegar hann studdi okkur Vestmannaeyinga í ræktunarmálunum, og eins og jeg gerði, þegar jeg hrósaði honum fyrir það heima í Vestmannaeyjum.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg álít sum ákvæði frv. þessa svo stórgölluð, að þau dragi alveg úr þeim kostum, sem það annars kann að innihalda.

**Sigurður Eggerz:** Jeg er hæstv. forsrh. þakklátur fyrir það, að hann vildi leggja til að gerður væri fyrirvari um þá menn, sem hefðu samning. En jeg skildi ekki, hvað það átti að þýða hjá honum að fara að blanda gengismálinu inn í þessar umræður, því væri farið að tala um það af alvöru, gæti kannske lengst í þeim. Annars kemur mjer það dálítið undarlega fyrir, að ekkert stýfingarfrumvarp skuli vera komið fram ennþá, þar sem jeg hefi heyrt úr ráðherrastólnum, að það væri sama sem búið að stýfa, og hið sama hefi jeg sjeð í útlendum blöðum. Hefi jeg því leitað með logandi ljósi eftir þessu frv., spurt eftir því hjá skjalaverði, í skrifstofunni o. v., en enginn hefir um það vitað. Mun jeg því að þessu sinni ekki ræða frekar um gengismálið við hæstv. ráðherra; læt það bíða þar til stýfingarfrv. kemur fram.

Það var alveg rjett hjá hæstv. ráðherra, að það væri í meira samræmi við lýðræðishugsjónina, að bæjarstjórinn væri kosinn af borgurunum. Jeg get því trúað, að brúnin fari að síga á einhverjum jafnaðarmanninum, þegar þeir heyra, að fulltrúar þeirra á Alþingi fylgi ákvæðum, sem draga úr rjetti almennings, með öðrum orðum víki af braut lýðræðisins. En það eru þeir að gera með því að fylgja ákvæði frv. þessa um kosningu bæjarstjóranna. (**MJ:** Svona eru þeir inn við beinið. — **ÓTh:** Það eru ljótu karlarnir). Jeg vænti því, að hv. jafnaðarmenn þessarar deildar athugi þessi rök mín og hverfi frá villu síns vegar og greiði að minsta kosti atkvæði með því, að kosning bæjar- og borgarstjóra verði með sama hætti hjer eftir sem hingað til.

Hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Skagf. mega ekki blanda hjer saman parlamentariskum reglum, sem gilda á Alþingi, og reglum þeim, sem gilda í bæjarstjórnum. Hjer á Alþingi eru þær reglur, að stjórnirnar fara frá völdum, komi þær ekki gegnum þingið stór principmálum. Um ekkert slíkt er að ræða í bæjarstjórnunum, Borgarstjórarnir sitja eftir sem áður, þó að þeir komi ekki málum sínum fram í bæjarstjórninni.

Hvað snertir kosningarrjett þeirra manna, sem þegið hafa sveitarstyrk, þá fæ jeg ekki sjeð, að hægt sje að girða fyrir það með öllu, að enginn fái hann, sem ekki er hans maklegur. Annaðhvort virðist mjer, að allir slíkir menn eigi að hafa hann eða enginn, því jeg fæ ekki sjeð, að það geti komið til mála að velja þar sauðina frá höfrunum. Að leggja þannig helgustu rjettindi borgaranna í hendur örfárra manna, getur ekki talist sæmandi í siðuðu þjóðfjelagi. (**HK:** Þannig er það þó í gildandi lögum). Mjer er öld-

ungis sama, þó aldrei nema það sje í gildandi lögum; það er blettur á löggjöfinni, sem þarf að þurka burtu, og það hefir verið blettur á löggjöfinni að taka rjettindi af mönnum, enda þótt þeir hafi þegið af sveit, því að með því hafa margir heiðvirðustu borgarar þjóðfjelagsins verið settir á bekk með glæpamönnum.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að hann hefði ekki kosið mig sem borgarstjóra, þegar jeg var í kjöri við þær kosningar. Fyrir það er jeg hæstv. ráðherra beinlínis þakklátur, því að jeg bauð mig fram nauðugur, gerði það aðeins fyrir þrábeiðni ýmsra manna, og er því þakklátur öllum þeim, sem ekki kusu mig, því að jeg er sannfærður um, að mjer hefði aldrei fallið sú staða. Að jeg fór að minnast á þetta nú, var af því, að jeg mundi eftir núverandi sambandi hæstv. ráðherra og jafnaðarmanna. Við þessa borgarstjórakosningu mun jeg hafa fengið allmörg atkvæði frá jafnaðarmönnum. En hæstv. ráðh. kaus mig ekki, af því að hann var þá gallharður heimastjórnarmaður. En nú er það alt breytt. Já, tíminn breytir mönnum. „Tíminn" breytir mönnum.

Að öðru leyti vísa jeg til þess, sem jeg hefi áður sagt um frv. þetta. Jeg tel það til bóta, en vona, að ákvæði það, sem er í gildandi lögum um kosningu borgarstjóra, fái að standa óbreytt.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Hjer hefir allmjög verið deilt um það ákvæði frv., sem snertir kosningu borgarstjóranna. Er því best að athuga, hvað starfssvið þeirra er í raun og veru. Eftir hlutarins eðli eiga þeir ekkert annað að vera en framkvæmdarstjórar bæjarstjórnanna, eins og t. d. hafnarstjórinn hjer er fyrir höfninna, rafmagnsstjórinn fyrir rafveituna, gasstjórinn fyrir gasstöðina og bæjarverkfræðingurinn fyrir verkfræðileg störf bæjarins. Borgarstjórar eru ábyrgir fyrir bæjarstjórnunum og verða lögum samkvæmt að fá samþykki þeirra í nær öllu, sem þeir framkvæma. Það er því langt frá því, að þessar stöður sjeu sjálfstæðar, þar sem alt framkvæmdavaldið er hjá bæjarstjórnunum. Því er harla undarlegt að láta annað vald skipa þessa menn en það, sem segir þeim fyrir verkum. Ef gengið væri inn á þá braut að gera breytingar á frv. þessu í lýðræðisáttina, myndi jeg geta fallist á það, og þá jafnframt fara fram á, að bæjarfulltrúarnir væru settir undir mjög mikið eftirlit kjósendanna, t. d. þannig, að kjósendur gætu afturkallað kosningu þeirra, ef þeir brygðust því málefni, sem þeim í upphafi var falið að vinna fyrir. En þar sem ekkert slíkt liggur fyrir að þessu sinni, og engin von um, að það næði fram að ganga, þýðir ekki að vera að fara út í þá sálma nú.

En hvað snertir borgarstjórakosninguna, þá hygg jeg, að með frv. því, sem hjer liggur fyrir, sje fengin meiri trygging fyrir því, að þeir verði kosnir, sem ekki eru fyrst og fremst flokksmenn, heldur embættismenn, fremur en er eftir því fyrirkomulagi, sem nú er, því að reynslan hefir sýnt, að það er örðugt í stærri bæjum að fá annan kosinn borgarstjóra en þann, sem hefir stóran flokk að baki sjer, hversu vel sem maðurinn kann að vera til slíks starfa fallinn. Þannig

hefir það að minsta kosti verið hjer, að borgarstjórinn hefir verið kosinn pólitískt, enda hefir hann talið það sína helgustu skyldu að ganga sem allra lengst í þeim efnum, því að þess eru t. d. engin dæmi, að hann hafi haft til lengdar mann á skrifstofum bæjarins, sem ekki hefir verið ákveðinn pólitískur stuðningsmaður hans. Það má nú vel vera, að þetta ástand breyttist lítið til batnaðar, þó skift verði um þá aðilja, sem velja borgarstjórann, en verra en það er nú getur það aldrei orðið. (**MJ:** Myndi það batna, ef jafnaðarmenn kæmust í meiri hluta?). Já, víst er um það. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta mál nú, því að mjer virðist líka, að hv. meiri hl. sje farinn að fallast á flest það, sem felst í frv., nema breytinguna á kosningu borgarstjóranna.

Áður en jeg lýk máli mínu get jeg samt ekki látið hjá líða að benda á þá miklu hræsni, sem kom fram í ræðum þeirra hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Vestm., þegar þeir voru að tala um, að ekki mætti eiga sjer stað að kjósa pólitískt í bæjar- og sveitarstjórnir. Jeg held, að þeir hefðu sem allra minst átt að tala um slíka hluti. Hv. þm. Vestm. man það ekki ef til vill nú, að hann ekki alls fyrir löngu gekk eins og grenjandi ljón um í Vestmannaeyjum til þess að æsa fólk upp í því að kjósa pólitískt við bæjarstjórnarkosningar, jafnframt því sem hann var að „agitera" fyrir sjálfum sjer í bæjarstjórnina. En hv. 1. þm. Skagf. er það eflaust kunnugt, að samþingismaður hans, háttv. 2. þm. Skagf., og skjólstæðingur fór eins og þeytispjald um allan Skagafjörð síðastl. vor til þess eins að spana landslýðinn upp í það að gera allar hreppsnefndar- og sýslunefndarkosningar þar pólitískar. (**JS:** Þetta er lygi).

**Halldór Stefánsson:** Háttv. frsm. minni hl. og fylgismenn hans hafa haldið því fram, að þeim þætti óviðkunnanlegt að veita þeim þurfamönnum kosningarrjett, sem sökum leti eða ómensku hefðu orðið styrkþegar. Þetta þarf alls ekki að vera svo eftir frv., því að í 2. tölulið 1. gr. er það gert að skilyrði fyrir kosningarrjettinum, að menn sjeu fjár síns ráðandi. En eins og kunnugt er, hafa sveitarstjórnir vald til þess að taka fjárráð af þurfamönnum, ef þess gerist þörf, en í slíku tilfelli sem þessu má það teljast beinlínis rjett og nauðsynlegt, því að þeir menn, sem sannanlegt er um, að verði annara byrði sakir leti og ómensku, eiga sannarlega ekki að hafa fjárráð sín sjálfir.

**Hákon Kristófersson:** Að jeg finn ástæðu til þess að taka til máls að þessu sinni, er ekki sökum þess, að hv. frsm. minni hl. hafi ekki gert fulla og glögga grein fyrir aðstöðu okkar minnihl.manna, eða af því, að jeg telji hann að nokkru leyti hafa orðið að láta í minni pokann fyrir hv. frsm. meiri hl. Heldur er það sökum þess, að hv. frsm. meiri hl. gat þess meðal annars í ræðu sinni, að við minnihlutamennirnir myndum ekki meina það, að við í raun og veru vildum færa aldurstakmarkið fyrir kosningarrjett niður í 21 árs aldur. Já, það er nú svo, að ýmsir menn telja

sjer sæmandi að kveða upp sleggjudóma yfir öðrum og ætla þeim miður góðar hvatir.

Jeg verð fyrir mitt leyti — og jeg býst við fyrir hönd okkar minnihl.-manna beggja — að mótmæla þessu. Jeg hefi eigi með besta vilja getað komið auga á þær umbætur, sem hæstv. forsrh. og meiri hl. hv. n. telur felast í frv. Kosningarrjettur manna í sambandi við þeginn sveitarstyrk hefir orðið hjer talsvert ágreiningsatriði og hv. þm. Dal. sagði, að hjer væri verið að afmá smánarblett af löggjöfinni. Enda þótt jeg taki jafnan nokkuð tillit til þess, sem svo mætur maður segir, get jeg ekki fallist á, að hjer þurfi ekki að setja einhver takmörk, eins og annarsstaðar.

Það er kunnugt, að landslög ákveða, að svokallaðir glæpamenn hafa ekki kosningarrjett. En hvað er glæpamaður? Er það sá maður, sem sú ógæfa hefir hent fyrir rás atburðanna að taka nokkurra króna virði, eða er það sá, sem auk ýmissar annarar óráðvendni er slíkur vandræðamaður, að bæjar- eða sveitarstjórn getur ekkert við hann tjónkað, eftir að hann er orðinn almenningi til byrði? Það er kunnugt, að slíkir vandræðamenn eru til, enda hefir hv. 2. þm. Reykv. (HV) sagt, að til væru fullkomnir vandræðamenn í þessum efnum. (**SE**: Fátækt er enginn glæpur). Jeg býst við, að jeg þekki hana betur en hv. þm. Dal., og jeg veit vel, að hún er ekki glæpur. En eins og löggjöfinni er nú háttað, taka hreppsnefndir alls eigi kosningarrjett af þeim mönnum, sem styrkþurfar verða fyrir fátæktar sakir. Það er ekkert annað en grýla að segja að svo sje.

Fyrst og fremst er svo ákveðið í 43. gr. fátækralaganna, að sveitarstyrkur geti fallið niður, og í öðru lagi er hreppsnefndum heimilt að skoða slíkan styrk sem lán, en við slíkt lán er enginn rjettindamissir bundinn. Svo hefir þetta verið í framkvæmdinni þar, sem jeg þekki til, og við höfum álitið okkur þetta fullkomlega heimilt. En auðvitað verða takmörkin að liggja einhversstaðar. Þarf ekki annað en benda á þær takmarkanir, sem gerðar eru á kosningarrjetti til landskjörs. Þar er kosningarrjettur bundinn við 35 ára aldur, vegna þess, að svo hefir verið litið á, að menn, sem komnir væru á þann aldur, væru þroskaðri en 25 ára gamlir kjósendur. Þær takmarkanir eru ekki bundnar við þeginn sveitarstyrk eða þ. u. l. Þótt jeg líti svo á, að 21 árs gamlir menn sjeu að ýmsu leyti óþroskaðri til þátttöku í opinberum málum en þeir, sem eldri eru, hefi jeg og hv. 1. þm. Skagf. getað fallist á, að tími sje til kominn að veita þeim þennan rjett. Aðdróttanir hv. 2. þm. Reykv. í garð okkar út af þessu eru því með öllu ómaklegar.

Viðvíkjandi kosningu borgarstjóra verð jeg að segja, að jeg er enn sömu skoðunar og jeg var í nefndinni, að jeg tel heppilegra, að borgararnir kjósi hann en fámenn bæjarstjórn. Hitt álít jeg fjarstæðu eina, að borgararnir geti afturkallað kosningu fulltrúa sinna í bæjarstjórn, og tel það svo tvíeggjað sverð, að jeg vona, að ekki komi til mála, að því verði beitt. Það leiðir af sjálfu sjer, að borgarstjóri fer með framkvæmdarvald bæjarstjórnar og verður oft og tíðum að taka ýmsar ákvarðanir upp á eigin

spýtur, eins og oddvitar í sveitum verða svo oft að gera. Að búast við því, að pólitísk bæjarstjórn kjósi ópólitískan borgarstjóra, finst mjer vera önnur fjarstæðan. Yfirleitt virðist mjer, að skoðanir og tillögur hv. 2. þm. Reykv. í þessu máli sjeu sprottnar af því, að hann sje óánægður með þann borgarstjóra, sem nú er í Reykjavík. En þegar verið er að taka ákvarðanir, sem varða landið í heild sinni um langan tíma, má ekki miða afstöðu sína við sjerstakan mann.

Ummælum hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann brá þeim hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Vestm. um hræsni, býst jeg við, að þeir svari sjálfir. Allir vita, að þessi illgirnislegu ummæli voru með öllu ómakleg og órökstudd. Sama er að segja um orð hans um hv. 2. þm. Skagf., auk þess sem það atriði kom ekki við því máli, sem hjer liggur fyrir, og er ilt til þess að vita, að jafnmikilhæfur maður og hv. 2. þm. Reykv. skuli koma fram með svo rakalausar staðhæfingar.

Mjer virðist þetta vera endurtekning á skollaleik þeim, sem leikinn var hjer í deildinni í gær. Þá kvartaði þessi hv. þm. yfir óheiðarlegum ummælum um sig, en nú beitir hann þeim sjálfur. (**HV**: Þetta er ekki óheiðarlegt). Jeg veit þá ekki, hvað er óheiðarlegt, ef ekki það að vera algerður hræsnari, eins og hv. þm. brá samdeildarmönnum sínum um. (**MJ**: Þeir álíta það ekki óheiðarlegt).

Jeg vil hjer leiðrjetta dálítinn misskilning, sem fram kom hjá hv. þm. Vestm. á orðum hæstv. forsrh. (**Forsrh**: Jeg þakka!). Hann sagði, að sig skifti minstu, hvernig pólitískir andstæðingar í bæjunum rifust sín á milli. En mjer finst nú altaf grátlegt, þegar góðir menn gera það, sem þeir eiga ekki að gera, og hæstv. forsrh., sem á að vera útvörður laga og siðgæðis í landinu, geti ekki staðið á sama, hvernig undirsátar hans, ef jeg má svo að orði kveða, haga sjer. Jeg held, að hann hafi sagt þetta til þess að stríða andstæðingunum, en ekki af því, að hann hafi meint það.

Það kom dálítið óþægilega við mig, er nöfn þeirra Jóns forseta og Torfa í Ólafsdal voru nefnd í sambandi við kosningarrjett þessara fátæku manna, sem fylgismenn frv. þykjast ávalt bera fyrir brjósti og tala með svo miklum fjálgleik um.

Það er líklega af því, að jeg er harðari í lund en þessir menn, að jeg hefi ekki orðið var við neina kúgun á fátæklingum af hálfu sveitar- og bæjarstjórna. Jeg veit ekki betur en að sveitarstjórnum farist yfirleitt vel við þá, sem þurfa að leita á náðir þeirra.

Jeg get m. a. sagt hv. þm. Dal. það, að jeg þekki hrepp, þar sem nokkrir menn hafa þegið af sveit, en standa þó allir á kjörskrá. Og ef hv. þm. skyldi segja, að þetta væri eigi heimilt eftir núgildandi lögum, þá er því til að svara, að engar kærur hafa komið fram yfir þessu.

**Jóhann Jósefsson**: Háttv. 2. þm. Reykv. hefir ekki enn fengið rjettan skilning á því, hvaða þýðingu það hefir að taka rjettinn til að velja bæjarstjóra af borgurunum, og verður víst þýðingarlítið að reyna að fá hann til að skilja það. Ummæli hans

um hræsni hjá mjer get jeg látið mjer í ljettu rúmi liggja, en satt að segja furðar mig á, að sá hv. þm. skuli dirfast að nefna hræsni á nafn.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Hv. 2. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni í gær, að ilt væri að eiga það undir náð sveitarstjórnarinnar, hvort styrkur skyldi endurgoldinn eða eigi. En það er engu síður styrkveitingin sjálf, er menn eiga undir náð sveitarstjórnarinnar, og getur þar oltið á afkomu styrkþega og fjölskyldu hans, hvort styrkur er veittur eða ekki.

Það, sem hv. þm. sagði um samband okkar hv. 2. þm. Skagf. og mín, er eigi svaravert, en hinsvegar get jeg vel sagt hv. þm. það, að jeg hefi eins oft leitað ráða hjá hv. samþingismanni mínum og hann hjá mjer.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að það gerði ekkert til, þótt slæpingjar hefðu kosningarrjett, því að þá væri ekki annað en svifta þá fjárforræði. Það væri þá tekið með annari hendinni, sem gefið væri með hinni. Samkv. 47. gr. fátækralaganna er svo kveðið á, að ef sannast, að menn þessir fari óráðvandlega með efni sín, megi gera þá ómynduga. Fyrir flestum þessum mönnum er það svo, að þeir eiga engin efni, og hefir það því ekkert að segja að gera þá ómynduga. Að þessu kynnu að verða einhver not til sveita, en í kaupstöðum er það með öllu þýðingarlaust.

**Jón Sigurðsson:** Jeg hafði kvatt mjer hljóðs í gær til þess að bera af mjer sakir. Hv. 2. þm. Reykv. fór að seilast til mín í gær, enda þótt jeg hafi ekki komið nærri þessum umræðum. Má segja um þann hv. þm., „að sjaldan bregður mær vana sínum".

Hv. þm. sagði, að jeg hefði farið eins og þeytispjald um allan Skagafjörð til þess að koma íhaldsmönnum í hreppsnefndir og sýslunefnd. Greip jeg fram í fyrir honum í gær og lýsti þetta ósatt mál. Og því til árjettingar vil jeg geta þess, að í þeim hreppi, sem jeg bý í, var pólitískur andstæðingur minn kosinn í hreppsnefnd með atkv. mínu og míns heimafólks.

Um sýslunefndarkosninguna er það að segja, að jeg átti fund með bændum í tveim hreppum sýslunnar af 14, áður en sýslunefndarkosningar fóru fram, en í öðrum þeim hreppi fór engin kosning fram. Það er sagt, að fáir ljúgi meira en helming, en hjer hefir hv. þm. komist margfaldlega yfir það mark.

Þá sagði hv. þm., að jeg væri mjög fús á að fylgja hv. 1. þm. Skagf. Jeg er ætíð fús til þess að veita góðum dreng brautargengi til góðs málefnis, og þá hv. 1. þm. Skagf. ekki síður en öðrum En hv. 2. þm. Reykv. hefi jeg aldrei stutt, því að þar hefir hvorugt verið fyrir hendi.

**Halldór Stefánsson:** Jeg vil aðeins segja nokkur orð út af ræðu hv. frsm. minni hl. Sagði hann, að jeg vildi láta taka með annari hendinni það, er gefið væri með hinni. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm., ófjárráða mönnum er aldrei og hefir aldrei verið gefinn kosningarrjettur. — Þá sagði hv. þm. einnig,

að það kæmi að engum notum að svifta menn þessa fjárforræði, því að hjá þeim sje um engin efni að ræða. Þetta hlýtur hv. þm. að sjá, að er ekki rjett, því þó ekki sje um eignir að ræða, þá er oftast um að ræða vinnukaup, og ófjárráða menn hafa ekki frekar umráð yfir vinnukaupi sínu en eignum.

Mjer virðist, að þetta sjeu þau eðlilegustu takmörk á kosningarrjetti, sem hægt er að setja, enda mundu þau og aldrei geta talist órjettlát eða órjettmæt. Þá, sem verða styrkþurfar sakir leti og ómensku, eða ef til vill af enn verri ástæðum, myndi altaf vera rjett og eðlilegt að svifta fjárforráðum, og þeir hefðu þá ekki heldur kosningarrjett.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Jeg vildi aðeins segja nokkur orð út af ræðu hv. 2. þm. Skagf.

Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að þessi hv. þm., sem auðvitað er ekki annað en bergmál af hv. 1. þm. Skagf., hefði runnið um allan Skagafjörð til þess að gera hreppsnefndarkosningar og sýslunefndarkosningu pólitískar. Nú vill hv. þm. ekki viðurkenna, að þetta sje satt. Jeg veit, að þetta er satt, þótt hv. þm. þræti fyrir það að mestu, því að þetta hafa sagt mjer menn, sem eru miklu merkari en hv. þm. og enga ástæðu hafa til að segja annað en sannleikann í þessu máli.

Þá sagði hv. þm. í lok máls síns, að hann gæti ekki fylgt mjer nje málstað mínum, sökum þess, að jeg væri ekki góður drengur og málefnið, sem jeg berðist fyrir, væri ekki gott. Jeg hefi aldrei búist við því, að önnur eins íhaldssál eins og hv. þm. er nú orðinn muni fylgja sömu málum sem jeg. En um drengskap minn hygg jeg, að hv. þm. ætti sem minst að tala.

Þessi hv. þm. þekkir mig ekkert, hvorki hugarfar mitt nje breytni nú nje fyr. Jeg læt mjer álit hans því í ljettu rúmi liggja og legg jeg jafnmikið upp úr ummælum hans og jeg hygg, að aðrir hv. þm. yfirleitt leggi upp úr orðum hans í flestum eða öllum málum.

**Jón Sigurðsson:** Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú aftur endurtekið ósannindi sín frá því í fyrra skiftið. Jeg ætla ekkert að fara að hrekja þau frekar, en jeg skora á hv. þm. að segja nöfn þeirra manna, er hann hefir að heimildarmönnum fyrir þessum sögum sínum. — Í Skagafirði mun mönnum vera vel kunnugt um þessar ferðir mínar, enda tel jeg ekkert ódæði að ferðast um meðal kjósenda minna. Hitt finst mjer mjög óviðkunnanlegt af hv. þm., að fara að flytja slíkar slúðursögur inn í þingið, en það kemur þó engum á óvart, því að þetta er nú einu sinni venja hv. þm.

Þá endurtók hv. þm. fyrri staðhæfingu sína, að jeg væri bergmál af hv. 1. þm. Skagf. Læt jeg mjer það í ljettu rúmi liggja. Er það að vonum, að hann öfundist yfir, að hv. 1. þm. Skagf. verður gott til liðs, þegar hann hugsar til þess, hve fáliðaður hann er sjálfur, og þó ennþá færri, er treysta honum til nokkurs góðs. Jeg get því endurtekið það, að jeg mun aldrei fylgja hv. þm. (HV). Álit hans á mjer sem þm. met jeg að engu. Tek níð hans mjer til inntekta, svo langt

er hann fallinn í mínu áliti og margra annara.

**Magnús Jónsson:** Jeg skal ekki lengja umræður að mun. Báðir hv. frsm. eru nú dauðir, enda verður það eigi mikið, sem jeg hefi að leggja til þessa máls. Jeg ætla ekki að feta í fótspor hv. 2. þm. Reykv. (HV), sem byrjaði hjer á þeirri sömu iðju sem hann hefir áður rekið hjer í háttv. deild.

Hann hefir slett sinni klessunni á hvern bóndann, en þeir eru alveg jafnhreinir eftir sem áður, þótt hann varpi þessum gorkúlum að þeim. (**HV:** Það er þægilegt fyrir prestinn að tala yfir þeim dauðu). Annars furðar mig á því, hve mikið hefir verið talað um þetta mál, því að um aðalatriðið, færslu kjöraldurs niður í 21 árs aldur, virðast menn vera sammála. Annars hefði mjer þótt gaman að því að minnast dálítið á það, sem hæstv. forsrh. sagði, ef jeg hefði tóm til. Hann hjelt, að íhaldsmenn mundu snúast gegn þessari breytingu, vegna þess, að Íhaldsflokkurinn hefði ekki fylgi hjá fólki á þeim aldri. Og svo dró hann af því þá ályktun, að þá væri Íhaldsflokkurinn á leið til grafar. En þetta er mjög hæpin ályktun, þó að hún heyrist oft og ágætt skáld hafi fært hana í búning.

En þó svo væri, að einhver flokkur hefði ekki mikið fylgi hjá fólki 21 til 25 ára, þá væri það engin sönnun um framtíðarhorfur þess flokks. Enginn aldur er eins sennilegur til skoðanaskifta í stjórnmálum eins og aldurinn 21—25 ár. Allur fjöldi manna er þá einmitt að komast að lífsstarfi sínu, en sem kunnugt er, mótast skoðanir manna mjög af því starfi, er þeir hafa. Á þessum aldri giftast mjög margir og stofna heimili. Þessi ár marka einmitt muninn á uppvaxtarárunum og fullorðinsárum. Það er því engin furða, þó að margur hugsi talsvert á annan veg, bæði í stjórnmálum og öðru, þegar hann er orðinn fullra 25 ára, en hann gerði 21 árs. Margir kannast þá varla við nokkra sína skoðun frá 21 árs aldrinum; svo mikil er breytingin.

En nú eru flokkarnir alls ekki skiftir um þetta atriði, og er því óþarfi að ræða það. Jeg er ekki í neinum vafa um, að það stefnir að því, að kjöraldur verði færður eitthvað niður. Og jeg verð að játa, að jeg tel það hreint álitamál, hvaða aldur er heppilegastur. Hinsvegar er þetta ekkert mannrjettindamál. Það gengur jafnt yfir alla og útilokar enga stjett.

Annars mætti eins vel færa kjöraldur niður í 18 ár eins og 21 ár, því margir eru orðnir stórpólitískir á þeim aldri, og að minsta kosti get jeg ekki sjeð, að það sje neitt hættulegt að gefa mönnum kosningarrjett 21 árs.

Eins er um hitt atriðið, að veita öllum kosningarrjett, þótt þeir hafi þegið af sveit. Þetta er líka smáatriði, eins og málum nú er komið. Jeg held að allir geti verið sammála um það, að það sje rjettast eða best í þessu efni, að hægt væri að láta þá hafa kosningarrjett, sem hefðu ekki átt það skilið að fara á sveitina, en láta hina ekki hafa rjettinn. Þetta væri tvímælalaust það besta, en einmitt lögin frá í hitt eð fyrra fóru eins nærri þessu og jeg held, að hægt sje að komast, nefnil. að veita öllum kosningarrjett, sem viðkomandi yfirvöld, þ. e. hreppsnefndir og bæjarstjórnir,

álíta, að eigi rjett á því, en það mega allir vita, að þær verða ávalt mjög frjálslyndar, þegar um slíkt er að ræða. Með þessu frv. er því ekki farið fram á að auka mannrjettindi neinna nema þeirra, sem engin yfirvöld álíta, að hefðu átt að hafa kosningarrjett. Í hópi slíkra manna er hart að heyra hæstv. forsrh. telja þá Jón Sigurðsson og Torfa Bjarnason, einhverja þá mestu atorkumenn, sem uppi hafa verið hjer á landi.

Það, sem jeg aðallega kvaddi mjer hljóðs út af, var það, hvort heppilegra sje að láta bæjarstjórn eða borgarana kjósa borgarstjóra. Jeg býst við, að þetta myndi ekki í mörgum tilfellum ríða baggamuninn, og ekki skifta miklu í raun og veru, en mjer finst þó, að heppilegra sje, að borgarstjóri sje ekki kosinn af pólitískum flokkum í bæjarstjórnum. Maður gæti hugsað sjer þann möguleika, að viðkomandi meiri hl. í bæjarstjórn veldi þann manninn, sem hann teldi sjer hentastan og þægastan, en jeg held, að það væri betra, bæði fyrir borgarana alment og fyrir manninn sjálfan, að fá það sjálfstæði, sem fengist með því að vita meiri hl. borgara bæjarins á bak við sig; auk þess þarf þektari mann til að verða kosinn af bæjarbúum heldur en af einföldum meiri hl. bæjarstjórnar. Fáeinir menn, sem mynda meiri hluta bæjarstjórnar, geta af flokksástæðum eða öðrum komið sjer saman um að kjósa einhvern alóþektan og kvikónýtan mann fyrir bæjarstjóra. En almenn kosning girðir að mestu fyrir slíka hættu.

Þá vil jeg mótmæla því, að borgarstjóri sje ekkert annað en framkvæmdarstjóri bæjarstjórnar. Hann er miklu meira, og því er það mikils virði, að hann sje lipurmenni, sem allir geti treyst, þegar menn verða að leita til hans í nauðum sínum.

Af því að engin sjerstök breytingartillaga hefir verið gerð í því skyni, að koma burt úr frv. þessari óheppilegu breytingu á kosningu borgarstjóra, en það er á hinn bóginn talsvert flókið mál, þá vil jeg minnast á það, hvernig þeir menn verða að haga atkvæði sínu, sem vilja fá þetta atriði burt. Það er 17. gr., sem hjer er um að ræða; auk þess fellur þá 2., 4. og líklega 10. gr., sem ræðir nokkuð um þetta, fyrsti málsl. 16. gr., og sömuleiðis fellur 30. gr. niður. Verð jeg því að beina því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki bera þetta upp sjerstaklega. Ef þessar gr. eru feldar, verða að vísu einhver missmíði á frv., en þó ekki meiri en svo, að vel má laga milli umræðna.

**Hannes Jónsson:** Það eru þegar orðnar alllangar umr. um þetta frv.; skal jeg því ekki bæta miklu við þær.

Það, sem jeg vildi sjerstaklega hreyfa nú, er það, að allvíða úti um sveitir landsins eru að verða háværar kröfur um það, að kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skuli ætíð vera leynilegar. Nú hefði mjer fundist æskilegt, að hv. n. til 3. umr. athugaði þetta, hvort hún sæi sjer ekki fært að koma með brtt. í þessa átt.

Einnig virðist vera ástæða til þess, að í hreppsnefndum og sýslunefndum væri hægt að koma á hlutfallskosningu í nefndir, alveg eins og það er talið sjálfsagt í hinu háa Alþingi. Virðist það og vera rjettlátt, að í þessum

nefndum fái minni hl. líka notið sín, sem hann ekki getur oft og tíðum, ef hlutfallskosning er ekki viðhöfð. Þetta óska jeg einnig, að hv. n. athugi til 3. umr.

Um það, sem umr. hafa aðallega snúist um, ætla jeg að geyma mjer að ræða. Jeg get þó ekki látið hjá líða að svara því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði nú um kosningu bæjarstjóra. Jeg get yfirleitt ekki fundið, að það sje á nokkurn hátt rjettlátara eða eðlilegra, að hann sje kosinn af kjósendum fremur en af bæjarstjórn, og ef það er talið sjálfsagt, að oddviti sje kosinn af hreppsnefnd, en ekki af öllum hreppsbúum, þá finst mjer, að eins megi vera með bæjarstjóra, því að þar er um svo svipað að ræða, þótt annað starfið sje auðvitað miklu yfirgripsmeira. (**HK:** Það er ekki sambærilegt). Það má vel vera, að það sje ekki sambærilegt hvað störfin snertir, en í eðli sínu get jeg ekki sjeð mun þar á.

**Sigurður Eggerz:** Að því er snertir kosningu borgarstjóra ætla jeg aðeins að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um það atriði, og bæta því við, að það liggur í hlutarins eðli, að ef hann er kosinn af borgurunum, þá hefir hann við það miklu meira aðhald; t. d. mætti ætla, að borgarstjórinn færi ennþá gætilegar í fjármálum, er hann á kosningu sína undir bæjarbúum, en þau mál skifta afarmiklu fyrir bæina. Ætti aldrei að kjósa annan borgarstjóra en þann, sem færi gætilega í fjármálum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 75,1 feld með 18:9 atkv.

— 75,2 sjálffallin.

2. gr. samþ. með 15:9 atkv.

3. gr. samþ. með 18:4 atkv.

4. gr. samþ. með 14:4 atkv.

5.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 64,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 16:9 atkv.

11.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 64.2 samþ. með 15 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

14.—15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

17. gr. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH.

**nei:** MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, BSv.

18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 75,3 sjálffallin.

19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:6 atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 16. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 108, 116, 122, 124).

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg á hjer

brtt. á þskj. 124, sem gengur í þá átt, að bæjarstjóri eða borgarstjóri skuli jafnan eiga sæti í föstum nefndum og vera form. þeirra, hvort sem hann er kjörinn bæjarfulltrúi eða eigi. Sje hann ekki bæjarfulltrúi, þá er hann í nefndunum sem aukamaður og hefir þar ekki atkvæðisrjett. Þetta virðist vera svo sjálfsagt, að ekki þurfi að fjölyrða um það. Bæjar- eða borgarstjórinn er auðvitað kunnugastur þeim málum, sem athuguð verða af nefndunum. Hann kallar fundina saman og þeir eru vanalega haldnir í skrifstofu hans.

Síðari liður till. er þess efnis, að ákveðið sje, að á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar skuli einnig kjósa 2 endurskoðendur bæjarreikninganna og aðra tvo til vara. Skal bæjarstjórn ákveða laun þeirra og setja þeim erindisbrjef. Til þessa hafa endurskoðendur yfirleitt ekki haft erindisbrjef, sem ákveður rjettindi þeirra og skyldur, en mjer virðist sjálfsagt, að þeir hafi það, en sjeu ekki einskonar undirmenn bæjarstjórna, og er nauðsynlegt að bæta úr því sem fyrst. Það er nýmæli, að kjósa tvo varamenn, en það virðist sjálfsagt, því að altaf geta forföll komið fyrir. Jeg sje svo ekki ástæðu til að taka fleira fram og vænti þess, að hv. deild geti fallist á till. þessa.

**Hákon Kristófersson:** Jeg á hjer brtt. á þskj. 122, við 3. gr. l. nr. 43, 15. júní 1926. Í stað orðanna: „Þeim er setið hafa .... síðast sæti" komi: „Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri, fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti". Í lögunum er talað um 4 og 6 ár, en jeg vil orða það svo, þar eð með því lagi, sem nú er, getur auðveldlega komið fyrir, að sami maður þurfi að gegna þessum störfum í 11 ár, en það verður að álítast óhæfilega langur tími, og svo er það ósanngjarnt, þar eð þessi störf eru mjög vanþökkuð. Þetta getur ekki komið fyrir, nema maður sje kosinn sem varamaður í stað annars, sem hefir búinn að sitja 1 ár í nefndinni. Væri hann þá búinn að vera 5 ár, þegar næst yrði kosið. Ef hann svo væri aftur kosinn til 6 ára, yrði hann í einu 11 ár í sömu nefnd. Jeg hygg, að sú hafi verið meining löggjafans, að menn væru ekki skyldir til að taka við kjöri í þessar nefndir, fyr en jafnlangur tími er liðinn og hann var búinn að vera í nefndinni samfleytt, og jeg hygg, að orðalag þessarar brtt. sje þannig, að komið sje í veg fyrir, að menn þurfi að taka við kosningu, nema jafnlangur tími sje liðinn frá því, er hann átti þar síðast sæti. Jeg veit það, að hv. dm. eru kunnugir þessu máli og skilja því, hvað fyrir mjer vakir, og jeg vænti þess, að enginn mæli á móti þessu, sem vill styðja rjett mál.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Jeg benti á það við 2. umr., að ákvæði 17. gr. brytu í bág við gerða samninga við ýmsa bæjarstjóra landsins, og forsrh. tók vel í það, að gr. yrði breytt, en jeg get ekki sjeð, að nokkur brtt. liggi hjer fyrir. Sjálfur kom jeg ekki með neina slíka till., því að jeg áleit mjer ekki skylt að gera það. En ennþá má koma í veg fyrir

þetta, með því að taka málið af dagskrá, en fyrir mjer vakir það, að jeg vil benda á það, að tekið hefir verið eftir þessum annmarka.

**Sigurður Eggerz:** Jeg vil taka í sama strenginn og hv. 1. þm. Skagf. Jeg lagði áherslu á það við fyrri umr., að jeg vildi fá þessu breytt, og fjekk það góðar undirtektir. Jeg álít því æskilegt, að málið sje tekið út af dagskrá, svo að hægt sje að koma með brtt. í þessa átt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 20. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 108, 116, 122, 124, 149, 159).

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Jeg hafði búist við því, að hv. form. allshn. myndi skýra frá því, að brtt. þær, sem fram eru komnar, hafa verið til umræðu í n. En niðurstaðan af því varð sú, að einhver nefndarmanna reyndist að vera með hverri brtt., en n. öll varð ekki sammála um neina þeirra.

**Hannes Jónsson:** Jeg á hjer nokkrar brtt. á þskj. 149 og 159. Þessar brtt. ganga allar, að einni undanskilinni, í þá átt að koma lögunum í það horf, að kosningar til hreppsnefnda verði altaf leynilegar. Eins og kunnugt er, þá er leyfilegt að hafa þessar kosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður, eða ⅓ kjósenda, þeirra er í hreppnum eru, fer þess á leit. Það mun þegar vera orðið almennast um þessar kosningar, að þær sjeu leynilegar, en það bakar óþægindi, þegar verið er að grauta með þetta fram og aftur, kosningar ýmist hafðar leynilegar eða ekki. Þar að auki er það ekki laust við, að mismunandi ákvarðanir hreppsnefndar um þetta kunni að miða að því að koma að einhverjum vissum manni eða mönnum, er hreppsnefndarmenn sjálfir hafa augastað á. — Á þingmálafundi, sem haldinn var á Hvammstanga í vetur, var samþ. með öllum atkv. gegn einu tillaga í þessa átt. Þar kom greinilega í ljós vilji manna, því fundurinn var vel sóttur, og held jeg, að flestir hreppsnefndarmenn sýslunnar hafi verið þar staddir, og andmælti enginn. Því þótti mjer skylt að flytja brtt. um að koma lögunum í þetta horf.

Á þskj. 149 er ein brtt. annars efnis. Samkvæmt gildandi lögum ákveður oddviti sýslunefndar, að hreppsnefndarkosningar skuli vera hlutbundnar, ef það mikill hluti hreppsbúa óskar eftir því, sem þarf til að koma einum manni að. Í brtt. er farið fram á, að til þess þurfi ⅕ kjósenda, og verða það í flestum tilfellum nokkuð færri menn. Það virðist óeðlilegt að ganga út frá því, að allir kjósendur sæki kjörfund. En þeir einir, sem ætla að sækja kjörfund, láta sig það nokkru skifta, hvernig kosning fer fram. Ef hægt væri að koma því við, að nægilega margir af þeim, sem kjörfund sæktu, fengju vilja sínum framgengt um hlutfallskosningu, mundi það rjettlátast. En aldrei verður fyrirfram vitað, hve margir sækja kosningu, og verður því að miða við þá, sem á kjörskrá standa, og býst jeg við, að ⅕ þeirra mundi á kjörfundi verða svo mikilsráðandi í flestum tilfellum, að þeir kæmu manni

að, ef hlutfallskosning væri viðhöfð. Þetta býst jeg við að öllum sje ljóst. Og þó að samkomulag náist ekki um hinar brtt., þá vona jeg þó, að þessi nái fram að ganga.

Að öðru leyti miða brtt. allar að því að koma lögunum í samræmi við önnur kosningalög og ákveða leynilegar kosningar. Skal jeg ekki orðlengja meira um þær, en vænti þess, að hv. þdm. geti fallist á þær.

**Magnús Torfason:** Jeg á hjer brtt. á þskj. 116. Efni hennar er ekki mikið, en hún miðar þó til þess að færa þessi kosningalög til betri vegar og til samræmis við það, er á sjer stað hjer í hinu háa Alþingi. Jeg vænti þess, að hv. þd. líti svo á, að alt, er samræmir lögin við venjur Alþingis, sje gott og gilt. Brtt. fer ekki aðeins fram á, að kosningar til nefnda verði hlutbundnar, heldur og kosningar til annara starfa, sem sýslunefndir kjósa í, og rjettmætt er að tryggja minni hl. nokkurn rjett. Ástæðan til þess, að jeg ber þetta fram, er sú, að samkvæmt fyrirmynd Alþingis tíðkast að kjósa fastar nefndir innan sýslunefnda, og er þá eðlilegt, að það sje gert með hlutbundnum kosningum. Að minsta kosti getur það ekki skaðað. — Í Árnessýslu hefir vaninn verið sá, að oddviti sýslunefndar hefir orðið að stinga upp á mönnum í fastar nefndir. Annars hefir farið svo, að sumir hafa komist í margar nefndir, en aðrir enga, og gerði slíkt öll störf erfiðari og tafði þau. — Það er líka annað atriði, sem styður þessa brtt. Sýslunefndir eiga að kjósa í landsdóm, og það hæfir ekki annað en það sje gert með hlutfallskosningu. Landsdómur er hinn eini pólitíski dómstóll í landinu, og það á því ekki við, að í hann sje kosið öðruvísi.

Það er tekið svo til orða í brtt., að þessar kosningar skuli vera hlutbundnar. Sumir kunna að líta svo á, að ekki þurfi að fara að þvinga sýslunefndir til þess. En það er heldur ekki gert, því ef menn vilja, þá geta þeir bara sameinað sig um einn lista, eins og oft kemur fyrir. Og jeg býst við, að fyrst um sinn, meðan menn eru að kynnast þessu, verði það víða svo.

Vænti jeg þess, að hv. þd. samþykki brtt. þessa. Hún getur orðið til bóta, en verður áreiðanlega aldrei til skaða eða neinum til vansæmdar.

**Pjetur Ottesen:** Jeg er að vissu leyti undrandi yfir þeim brtt., sem komið hefir verið fram með við þetta frv. Jeg undrast það, að hv. þm. skuli bera fram till., sem miða að því að taka sjálfsákvörðunarrjettinn af mönnum um það, hvernig haga skuli kosningu í nefndir. Það er svo hyggilega og sanngirnislega gengið frá lögunum, sem nú gilda um kosningar í bæja- og sveitamálefnum, að allir mega vel við una. Mönnum er það í sjálfsvald sett, hvort kosningin fer fram í heyranda hljóði, er leynileg eða viðhöfð er hlutfallskosning Eftir núgildandi lögum geta menn alveg valið um, hverja af þessum aðferðum skuli viðhafa í hvert skifti. Í langsamlega flestum tilfellum fara slíkar kosningar fram í heyranda hljóði; hitt er miklu frekar undantekning, að kosið sje á annan hátt. Jeg man ekki eftir því, að nokkrar brtt. í þessa átt kæmu fram, þegar þessi lög

voru endurskoðuð á þinginu 1926, og jeg hefi heldur ekki orðið var við óánægju út af þessum ákvæðum, hvorki fyr nje síðar. Jeg álít, að þessar brtt., er hjer liggja fyrir, sjeu því mjög varhugaverðar, og menn ættu að athuga þær vel áður en þeir greiða atkv. um þær. Með því að fyrirskipa, að kosningar í nefndir skuli vera leynilegar, þá leiðir af því vitanlega allmikla aukna fyrirhöfn við kosningarnar. Það þarf að útbúa seðla. Einnig þarf að haga svo til, þar sem kosning fer fram, að þar sje afhýsi, sem kosið er í, o. s. frv. En það, sem mestu skiftir í þessu sambandi, er það, að með þessu fyrirkomulagi myndi kosning taka mun lengri tíma en ella, og mjer finst það ónærgætni af þinginu, að þröngva svo tímafrekri kosningaraðferð upp á menn og að þeim nauðugum. Þetta eru þær aths., sem jeg hefi helstar að gera við ræðu hv. þm. V.-Húnv., en að endingu vildi jeg segja honum það, að hann virðist ekki hafa athugað, að þetta kosningafyrirkomulag nær ekki eingöngu til hreppsnefndarkosninga. Þar kemur og fleira til greina, því að fyrirskipað er, að kosningar í kynbótanefndir, fræðslunefndir og forðagæslunefndir skuli fara fram á sama hátt og kosningar í hreppsnefnd. Samkv. till. hans yrði því að kjósa leynilega í allar slíkar nefndir, en það mundi tefja tímann og auka stórum fyrirhöfnina. Jeg sje ekki, að þessi breyt. sje til annars en að auka fyrirhöfn og taka tímann frá bændum.

Þá er næst að víkja að hlutbundnu kosningunum. Þar hefir hv. þm. V.-Húnv. borið fram aðra brtt., er miðar að því, að nægilegt sje að ⅕ kjósenda heimti, að viðhöfð sje hlutfallskosning, og þá skuli það vera svo. Grundvöllurinn undir slíka kosningu er, að um ákveðna flokkaskiftingu sje að ræða, enda eru hlutfallskosningar hvergi fyrirskipaðar nema þar, sem svo er ástatt. Slíkar óskir manna er ekki hægt að taka til greina nema um svo stóran hóp sje að ræða, að hann geti haft möguleika til að koma að einum manni. Nú er það ákveðið, að í hreppsnefnd skuli eiga sæti 3, 5 eða 7 menn, en þá sjáum við það, að þessu er aðeins hægt að fylgja fram, ef um 5 menn er að ræða, en annars ekki, því þá raskast það.

Þá liggur hjer fyrir brtt. frá hv. 2. þm. Árn., sem gengur í þá átt, að kosningar í nefndir og til annara starfa, er sýslunefnd kýs, skuli ávalt vera hlutbundnar og leynilegar, ef fleiri en einn mann á að kjósa. Nú eru ekki til nein ákvæði um kosningar sýslunefnda, svo að þær geta haft frjálsar hendur með það, hvaða aðferð þær viðhafa. Þessi brtt. gengur því í sömu átt og brtt. hv. þm. V.-Húnv., að taka sjálfsákvörðunarrjettinn í þessu efni af sýslunefndum, en jeg álít það jafnástæðulaust og í hinu tilfellinu og bara til hins verra. (**MT**: Er þetta skerðing á sjálfsákvörðunarrjettinum?). Já, það er verið að taka sjálfsákvörðunarrjettinn af sýslunefndum um það, hvaða aðferð þær viðhafi við kosningar í nefndir og til annara starfa, og rígbinda þær við að viðhafa hlutfallskosningu í hvert skifti, sem kjósa á fleiri en einn mann. Og þetta á svona að vera, þó að fyrir hendi sje engin flokkaskifting, og þar af leiðandi enginn grundvöllur fyrir hendi til að byggja slíka kosningu á.

Hv. 2. þm. Árn. færði það fram sem höfuðrök fyrir þessari breyt., að sýslunefndir ættu að kjósa í landsdóm, en jeg verð nú að segja það, að af öllum þeim dauðu bókstöfum, sem við Íslendingar eigum, eru þó lögin um landsdóminn sá, er minst lífsmark er með, og því skiftir það sannarlega ekki miklu, hvaða kosningarathöfn er viðhöfð, þegar verið er að kjósa menn í þann dóm.

Um brtt. hv. þm. V.-Húnv. er það að öðru leyti að segja, að mjer hefir ekki unnist tími til að athuga þær eins vel og skyldi frá formsins hlið, en þó hygg jeg, að þær falli ekki að öllu leyti rjett inn í lögin, ef þær væru samþ. svona. Í lögunum er gert ráð fyrir, að sýslunefndarmenn og varasýslunefndarmenn sjeu kosnir til 6 ára, en það hefir fallið niður í till. hans. Jeg vildi vekja athygli hv. þm. á því, að hv. þm. V.-Húnv. gerir ráð fyrir, að 21. gr. l. um kosningar í málum sveita og kaupstaða falli niður, sem líka er rjett samkv. brtt. hans, en í 5. gr. brtt. segir, að kosning á varasýslunefndarmönnum skuli fara fram eftir 21.—26. gr. laganna. En þegar búið er að fella niður 21. gr., er auðvitað ekki hægt að vitna til hennar. Jeg hefi nú verið að athuga þetta, en mjer hefir ekki tekist að finna samræmið milli 21. gr. laganna og 5. gr. brtt.

**Lárus Helgason:** Hv. þm. Borgf. hefir tekið margt fram í sinni ræðu, sem jeg hefði annars komið að í þessu máli. Það fór fyrir mjer eins og honum, að mjer kom einkennilega fyrir sjónir þessi brtt. á þskj. 149. Jeg veit ekki betur en að menn megi vel við una að mega velja um kosningaraðferðir, eins og nú gildir. Jeg efast ekki um það, að menn myndu kunna því illa, ef Alþingi færi nú að grípa fram fyrir hendur þeirra og setti þeim flókin lög til að fara eftir, í stað hinna, sem frjálsari eru og ró og friður fylgir. Um leynilega kosningu er það að segja, að hún er alt of fyrirhafnarmikil fyrir bændur, sem mega ekki glata tíma sínum á vorin í slíka skriffinsku. Jeg álít ennfremur, að of mikið hafi verið gert að því að ala upp í mönnum óveruskap með hinum leynilegu kosningum. Því hvað er það annað, sem brtt. þessar miða að, en að hvetja menn til að láta ekki uppi skoðanir sínar opinberlega? Jeg vildi, að við alþingiskosningar væri kosið í heyrenda hljóði sem fyrrum, eins og enn er nú gert í hreppsnefndir, og leynilegar kosningar hefðu aldrei átt að innleiðast, því að fólk venst aðeins á að lofa og svíkja með þessu leynilega pukri, og það er vitanlegt, að þegar um „agitationir" er að ræða, gera menn mikið að því að lofa öllu fögru án þess að hugur fylgi máli, — og hvað er slíkt annað en óveruskapur? Við þessi vinnubrögð tel jeg rangt að auka, enda er meiningarlaust að kippa fótum undan sjálfstæði og drengskap landsmanna, með því að reyna að gera hverja smákosningu leynilega. Jeg vona því, að hv. deildarmenn greiði þessari brtt. ekki samþykki sitt, og sama er að segja um brtt. á þskj. 116. Jeg álít, að sýslunefndirnar eigi að vera sjálfráðar að því, hvaða kosningaraðferð þær hafa við, og því mun jeg greiða atkv. gegn þessum brtt.

**Magnús Torfason:** Jeg þarf að fara

frá og þess vegna hefir hv. þm. V.-Húnv. leyft mjer að ljúka fyrst máli mínu. Jeg er hissa á þeim gusti, sem leggur á móti þessari brtt. minni. Sú stefna hefir ríkt hjer á Alþingi, að innleiða hlutfallskosningar þar, sem hægt er að koma því við, og á móti því hefir ekki verið risið. Jeg kom á þing 1924, og þá var gerð hörð hríð út af því, að innleiða átti hlutbundnar kosningar í Hafnarfirði. Þm. þeirra mótmælti því harðlega, en þá gat jeg gefið upplýsingar um það, hvernig aðstaðan var á Ísafirði áður en hlutfallskosningar voru þar innleiddar. Jeg gat þess þá, að svo gæti farið, að sá flokkur, sem þá var öflugastur, kynni að verða því feginn síðar, að þetta fyrirkomulag væri viðhaft, og nú er það komið á daginn. Hv. þm. Borgf. kom með ýmsar mótbárur gegn þessari brtt., en allar eru þær ljettar á metunum. Hann hjelt því fram, að verið væri að skerða sjálfráðarjett manna, en það er rangt, því sýslunefndir eru engan veginn sjálfráðar að því, hvaða kosningaaðferð er viðhöfð, eins og nú standa sakir. (**PO**: Hvar stendur það í lögunum?). Það hefir altaf verið litið svo á, að hlutbundnar kosningar mætti ekki nota nema þar, sem það væri sjerstaklega tekið fram, að svo skyldi vera. (**PO**: Þetta er lögskýring hv. 2. þm. Árn.). Þetta er hin vanalega lögskýring og menn hafa alment litið svo á, að hlutbundin kosning væri ekki leyfileg nema þar, sem svo væri ákveðið, og því er ekki að ræða um neina nýja skýringu frá minni hendi. Jeg hygg, að þessar mótbárur hv. þm. Borgf. sjeu nú niður kveðnar með öllu. (**PO**: Við skulum nú sjá til). Það hefir einnig verið talað um það, að leynilegar kosningar hafi ekki verið um hönd hafðar, en það er líka misskilningur; í sýslunefnd er altaf kosið leynilega. Sje jeg svo ekki ástæðu til að hrekja þetta frekar.

**Pjetur Ottesen**: Mætti jeg ekki skjóta því til hæstv. forseta, að hann mælist til þess við hv. 2. þm. Árn., að hann dokaði svolítið við í deildinni? Jeg þarf að leggja fyrir hann nokkrar spurningar. (**MT**: Það get jeg ekki, því að jeg er að verða of seinn).

**Hannes Jónsson**: Mjer þykir hafa andað nokkuð kalt gegn brtt. á þskj. 149 og 159, en jeg mun þó ekki fara í neinn hita út af því, en vil aðeins staðfesta það, að í sveitum landsins sem annarsstaðar fer fylgi leynilegra kosninga altaf vaxandi. Það er ekki nema að nokkru leyti rjett hjá hv. þm. Borgf., að kjósendum hafi verið í sjálfsvald sett, hvaða kosningaraðferðir væru notaðar. Eins og nú er getur hreppsnefnd ákveðið, að kosning verði leynileg, þó allir aðrir kjósendur í hreppnum væru því andvígir; hjer er því ekki vilji kjósenda, sem ræður, heldur örfárra manna, sem kannske af tilviljun eiga sæti í hreppsnefnd. Ákveði hreppsnefnd ekki leynilega kosningu, getur ⅓ kjósenda krafist hennar. Hjer kemur aðeins til greina vilji ⅓ kjósenda, og er því hæpið að segja, að *kjósendur ráði*. Ef því er haldið fram, að þessar brtt. mínar sjeu til þess að taka ákvörðunarrjettinn af kjósendum, má alveg eins segja, að það sje þegar búið, með því að fá hann í hendur hreppsnefnd eða ⅓ kjósenda. Jeg get ekki sjeð,

að rjettur þessara aðilja sje meiri eða eigi að vera meiri en rjettur ⅔ kjósenda, sem þá verður að beygja sig fyrir þessum litla minni hl. Nei, í þessu efni er best að sleppa öllum slagorðum um rjettindarán. Við vitum það allir, að þegar nýir menn taka sæti í nefndum þessum, kunna skoðanir líka að breytast, og því getur svo farið, að oft verði breytt um kosningaraðferðir, en það er auðvitað ákaflega ilt og vitlaust, og það brýtur beinlínis í bága við heilbrigða skynsemi að hafa það þannig.

Hv. þm. sagði, að engum verulegum mótmælum hafi verið hreyft gegn því fyrirkomulagi, sem nú gildir. Það kann vel að vera rjett, en jeg verð þá að minna hann á það, að tiltölulega stutt er síðan núgildandi lög um þetta voru sett, og þess vegna ekki við því að búast, að miklum mótmælum hafi verið hreyft. Jeg verð að segja það, að jeg sje enga frekari ástæðu til að hafa kosningar til Alþingis leynilegar heldur en innanhjeraðskosningar, því að jeg sje ekki, að á þeim sje svo ýkjamikill eðlismunur.

Hv. þm. sló því fram, að leynilegar kosningar hefðu mikla fyrirhöfn í för með sjer og gat þess, að þá þyrfti að útbúa kjörmiða og búa til herbergi í þinghúsinu, þar sem menn skyldu kjósa. Jeg hygg nú, að það sje ekki svo mikið verk að búa til miðana, og í öllum þinghúsum munu vera til afhýsi, sem nota má til slíks, því að á slíku herbergi eða klefa er altaf þörf. Þá sagði hv. þm. Borgf., að við þetta myndi tími eyðast að óþörfu. Þótt hv. þm. Borgf. sje íhaldsmaður, verð jeg að segja honum það, að jeg þekki hreppsnefnd, sem er samsett af tómum íhaldsmönnum, sem eru ennþá íhaldssamari en hv. þm., og er þó langt til jafnað. Hún var þó ekki íhaldssamari en það, að hún tók upp leynilegar kosningar og taldi það ekki á sig, þótt það kynni að taka lengri tíma, og enginn mun hafa áfelst hreppsnefndina fyrir það, en þeir, sem máske hafa verið á móti því, hafa þó sætt sig við það.

Brtt. mín á þskj. 149, I,4 er, eins og jeg hefi áður tekið fram, ekkert annað en rýmkun á rjetti manna til hlutbundinna kosninga. Jeg get ekki hugsað mjer, að um slíka kosningaraðferð sje beðið nema rjettmætar ástæður sjeu fyrir hendi. Og hvers vegna á þá að standa á móti því? Nú má telja víst, að þeir, sem slíks æsktu, myndu sækja hreppsnefndarkosningu, en annars er sú kosning ávalt heldur illa sótt, svo að vel sótt þykir, ef sækja hana 40—50 af 100 kjósendum. Af þessum 40—50 er þá ætlast til, að 20 geti krafist hlutbundinna kosninga, og virðist ekkert óeðlilegt við það.

Þá var hv. þm. (PO) að víta, að í brtt. II á þskj. 149 væri vísað til 21. gr., sem þó væri ætlast til, að fjelli niður. Þetta er að vísu rjett, en þó ber þess að gæta, að vísað er til 21.—27. gr. Þessi tilvísun breytist af sjálfu sjer eftir þeim breytingum, sem verða á lögunum. Jeg bar undir skrifstofustjóra þingsins í gær, hvort þetta gæti staðist, og kvaðst hann eigi sjá annað en svo væri.

Jeg hefi þá svarað hv. þm. Borgf. Jeg býst við, að andstaða hans gegn breytingum þessum sje af þeim rótum runnin, að þessar kosningaraðferðir hafi ekki tíðkast í hans kjördæmi. En sem sannur íhaldsmaður

ályktar hann sem svo, að allar breytingar hljóti að verða til bölvunar. En breytingar geta líka verið til bóta, og eru það jafnvel oftast. Að minsta kosti hygg jeg, að svo muni vera um þær breytingar, sem gerðar hafa verið á kosningalögunum í seinni tíð.

Hv. þm. V.-Sk. var á sama máli og hv. þm. Borgf. um þetta efni, og hefi jeg því gert honum skil í svari mínu til þess hv. þm. Þó gekk hv. þm. V.-Sk. svo langt, að hann kvaðst helst kjósa, að þingkosningar væru einnig opinberar. Hv. þm. er hjer sjálfum sjer samkvæmur, og er ekkert um það að segja. En ekki hefi jeg trú á, að opinberar kosningar til Alþingis yrðu til neinnar blessunar. Það vita allir, að aldrei hefir verið boðið jafnákaft í kjósendur og á meðan sú kosningaraðferð tíðkaðist. (**LH:** Hefir það verið betra síðan?). Jeg hefi heyrt, að í síðasta skiftið er slíkar kosningar fóru fram hafi brennivínið, sem gefið var háttvirtum kjósendum á kjördegi, eigi verið mælt í flöskum eða kútum, heldur tunnum, og ýmiskonar mútur viðhafðar. Það má vera, að vald brennivínsins yfir kjósendum yrði minna nú, þótt breytt væri um, — en ætli að einhver önnur öfl gætu ekki komið í staðinn, sem hefðu svipuð áhrif á kosninguna?

**Pjetur Ottesen:** Af því að jeg sje, að hv. 2. þm. Árn. er fjarverandi, ætla jeg að geyma mjer að svara honum, en víkja nokkrum orðum fyrst að hv. þm. V.-Húnv.

Jeg þarf að vísu ekki miklu að svara hv. þm., því að þótt ræða hans ætti að vera andmæli gegn því, sem jeg hefi hjer haldið fram, þá fólst þó svo mikið af viðurkenningu á rjettmæti þess, er jeg hafði sagt, í ræðu hans, að jeg má vel við una.

Hann sagði, að fyrirkomulag það, sem hann er að berjast fyrir hjer, væri að safna vinsældum úti um landið. Jeg skal ekki mikið um þetta segja, en víst er um það, að þetta er í fyrsta skifti, sem rödd kemur fram um slíkt á Alþingi. En jeg held, að eigi að fara að taka sjálfsákvörðunarrjettinn af mönnum í þessum efnum, þá muni heyrast fleiri óánægju- en ánægjuraddir yfir þeirri ráðstöfun. Hv. þm. sagði, að komið gæti fyrir, að vilji hreppsnefndar kæmi í þessu efni í bága við vilja hreppsbúa. En sje sá vilji svo einlægur og víðtækur, að takandi sje tillit til hans, getur ekki hjá því farið, að hann eigi einhverja fylgis- og forsvarsmenn í hreppsnefndinni. Sje ekki svo, verður varla mikið á honum bygt, þegar um breyttar kosningaraðferðir er að ræða.

Hv. þm. sagði, að jeg væri breytingunum andstæður af því, að þær hefðu ekki tíðkast í mínu kjördæmi og jeg þekti þær því ekki. En jeg get sagt honum það, að það er fullkomlega sjálfstæð skoðun mín sjálfs, að breyt. sjeu til hins verra, enda hafa mjer borist frjettir, sem benda í þá átt, þaðan sem búið var að ákveða að viðhafa leynilega kosningu. Jeg get nefnt eitt dæmi. Í einum hreppi á Norðurlandi var þessi nýbreytni tekin upp eftir almennum óskum. Átti að kjósa í hreppsnefnd og aðra nefnd til. En þegar hreppsnefndarkosningunni var lokið, höfðu kjósendur fengið nóg af umstanginu og vildu einum rómi láta hina kosninguna fara fram með gamla laginu. Þessi fregn bendir

til þess, að menn sjeu þegar farnir að hverfa aftur frá þessum kosningaraðferðum, og verður ekki sagt, að þetta beri vott um djúpsettan vilja kjósenda. (**HJ**: Hvar var þetta?). Jeg skal segja hv. þm. frá því síðar, og einnig hver heimildin er.

Hv. þm. þótti gagnrýni mín á hinum almenna vilja um hlutbundnar kosningar ekki á rökum bygð, en viðurkendi þó, að hinn eini rjetti grundvöllur fyrir hlutbundnar kosningar væri í núgildandi löggjöf. Mig undrar því, að hann skuli vera að fjarlægjast þennan grundvöll með breytingartillögum sínum.

Hv. þm. vildi marka afstöðu mína til þessa máls af því, að jeg tilheyrði sjerstökum þjóðmálaflokki. Það er engu líkara en að hann sje þar að stæla hv. 2. þm. Árn., enda þótt jeg búist ekki við, að hann hafi neina sjerstaka löngun til að taka þann hv. þm. sjer til fyrirmyndar. Mjer finst, satt að segja, þjóðmálastefna mín ekki koma þessu máli við, enda býst jeg við, að atkvgr. sanni það, að ekki hefir tekist að gera það pólitískt. Að minsta kosti væri þá eins rjett að nefna í því sambandi annan stjórnmálaflokk, sem hv. þm. stendur ekki langt frá.

Þá vil jeg snúa mjer að hv. 2. þm. Árn. Skal jeg taka það fram, að svar mitt verður á annan veg en ella mundi, vegna þess að hann er fjarverandi. Hann sagði, að það væri ríkjandi stefna að beita hlutfallskosningum. Getur verið, en sú stefna hlýtur að vera bundin við það eins og aðrar stefnur, að til sje grundvöllur fyrir hana. Hitt er stefnuleysi, að ætla sjer að þröngva hlutfallskosningum upp á menn, þar sem þær eiga ekki við. Eins og jeg hefi þegar sagt, er engin aðferð ákveðin í lögum, er sýslunefndir skuli nota, er þær kjósa í nefndir. Þeim er aðferðin í sjálfsvald sett, og ræður meiri hl., ef sýslunefndin er skift á annað borð. Það er því hjer eins og svo oft áður, þegar þessi hv. þm. er að gefa lögskýringar, að maður fellur alveg í stafi yfir því, að hann skuli um langt skeið hafa fengist við dómarastörf, svo miklar eru fjarstæðurnar.

Þá er spurning, sem jeg ætlaði að beina til þessa hv. þm., ef hann hefði verið hjer viðstaddur. Það er um það, hvernig hægt sje að koma við hlutfallskosningu, þar sem engin flokkaskifting er. Það yrði beinlínis að búa til flokkaskiftingu til þess að hægt væri að beita þessum vitlausu ákvæðum. Allir sjá, hvílík fjarstæða er hjer á ferðinni, enda þótt hv. 2. þm. Árn. komi ekki auga á hana.

**Hannes Jónsson**: Jeg þarf ekki að svara hv. þm. (PO) mörgu út af brtt. minni um leynilegar kosningar. Deilur um hana eru þýðingarlitlar. En jeg gleymdi að svara einu atriði úr fyrri ræðu hans, er hann endurtók nú. Það var um grundvöllinn fyrir rjettmæti hlutfallskosningar. Hver er hann að dómi hv. þm.? (**PO**: Fyrirfram ákveðin flokkaskifting). Jeg held, að hv. þm. hafi of mikið í huga hina pólitísku flokka í landinu og vilji ekki ýta undir þátttöku þeirra í stjórn sveitar- og sýslumála, og skal jeg ekki ásaka hann fyrir það. En hjer er um aðra flokkaskiftingu að ræða, sem

á fullan rjett á sjer. Í mörgum þýðingarmiklum framfaramálum sveitanna greinir menn mjög á um það, hvað setja skuli markið hátt og hverjar leiðir sjeu valdar að því. Flokkaskifting, sem verður til á þennan hátt, tel jeg fullkomlega rjettmætan grundvöll til þess að byggja á hlutfallskosningar. Við megum ekki einblína á hina pólitísku flokkaskiftingu. Hún ræður sjaldnast afstöðu manna í innanhjeraðsmálum. En skoðanir sem flestra aðilja eiga að fá að njóta sín í undirbúningi hjeraðsmála. Og það er best trygt á þann hátt, að minni hlutanum sje trygður sá rjettur, er hlutbundnar kosningar fela í sjer. Því vil jeg greiða fyrir þessari kosningaraðferð í sveitum.

**Sigurður Eggerz:** Jeg ber hjer fram brtt., sem verið er að prenta og von er á hingað þá og þegar. Vona jeg, að hæstv. forseti sýni henni þá velvild að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að hún megi koma hjer til umræðu og atkvæða, þótt skrifleg sje. Till. hljóðar svo:

Á eftir 19. gr. komi svo hljóðandi Ákvæði um stundarsakir:

Kosning bæjarstjóra (borgarstjóra) samkvæmt lögum þessum kemur ekki til framkvæmda fyr en útrunninn er kjörtími núverandi bæjarstjóra (borgarstjóra), nema staðan verði fyr laus af öðrum ástæðum.

Jeg sje ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir því, sem í till. felst. Þetta atriði hefir verið dálítið rætt hjer áður og enginn hefir andmælt því, að Alþingi megi ekki ganga á undan í því að taka af mönnum veitt embætti. Um þetta býst jeg við, að allir sjeu sammála, og þarf jeg því ekki meira um það að segja. Vísa jeg til ummæla hæstv. forsrh. í þessu efni.

**Forseti (BSv):** Till. sú, er hjer er fram borin, er bæði skrifleg og of seint fram komin, og verður því að leita tvennra afbrigða, sem jeg vil leita í einu lagi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 162) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Mjer heyrist brtt. þessi vera í samræmi við það, sem jeg stakk upp á við 2. umr., en þó finst mjer vanta í hana ákvæði um það, að bæjarstjóra, sem kosnir eru nú, megi ekki kjósa til lengri tíma en til næstu bæjarstjórnarkosninga. Lögin mæla svo fyrir.

**Pjetur Ottesen:** Það er aðeins örstutt aths. við ræðu hv. þm. V.-Húnv. Hann varpaði fram þeirri spurningu, á hvaða grundvelli jeg álíti, að hlutfallskosningar ættu að byggjast. Nú er tvent til: að svar mitt hafi ekki verið nógu skýrt, eða þá að hv. þm. hefir misskilið mig. En svar mitt var þetta — og það er ekki einungis mitt álit, heldur hefir líka sú skoðun verið ríkjandi á Alþingi undanfarið, —, að ekki sje rjettur grundvöllur fyrir slíkar kosningar nema þar, sem föst og ákveðin flokkaskifting er komin á. Þetta á við um bæina, en alls ekki sveitirnar. Í hreppsnefndum kann menn að greina á um það, hvort þetta árið eigi að leggja vegarspotta á ein-

um eða öðrum stað, og annað þess háttar. Úr slíkum jarðvegi getur engin flokkaskifting sprottið. En ef aftur á móti væri farið að lögbjóða hlutfallskosningar í sveitunum, yrðu menn að hafa einhvern grundvöll til að byggja þær á, og þá er ekkert líklegra en að hinar pólitísku skoðanir kæmu til sögunnar og legðu þann grundvöll. Og jeg vænti þess, að flestum þætti miður heppilegt, ef löggjafarvaldið færi að gera þær ákvarðanir, sem beindu pólitíkinni inn í sveitarmálefnin.

ATKVGR.

Brtt. 122 samþ. með 16:1 atkv.

— 159,a—b feld með 14:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JÓl, SE, SÁÓ, BSt, GunnS, HStef, HJ, HG, HV.

**nei:** IngB, JJós, JAJ, JS, JörB, LH, MG, ÓTh, PO, SvÓ, ÞorlJ, EJ, HK, BSv.

Fimm þm. (ÁÁ, BÁ, MJ, MT, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 149,I.1—3 feld með 15:7 atkv.

— 149,I.4 feld með 15:8 atkv.

— 116 feld með 14:6 atkv.

— 149,II tekin aftur.

— 124,a samþ. með 15:2 atkv.

— 124,b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 162 samþ. með 14:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JS, JörB, LH, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, GunnS. HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, BSv.

**nei:** PO, EJ, HK, JAJ, JÓl.

MG greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (ÁÁ, BÁ, MJ, MT, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., 21. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 170).

Á 31. fundi í Ed., 25. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Þetta frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 170, var samþ. í hv. Nd. með yfirgnæfandi meiri hl., og þótt í því sjeu allmörg ákvæði, þá var það ekki nema eitt ákvæði, sem þar olli verulegum ágreiningi.

Tilefnið til þess, að þetta frv. er flutt, er það, sem öllum er kunnugt, að samning þessara laga, nr. 43 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, hefir orðið þannig, að það eru ákvæði í þeim lögum, sem ósamrýmanleg eru. Bæði fyrverandi stjórn og núverandi stjórn hnigu að því ráði að fela á vald hverrar bæjarstjórnar, hvernig lögin skyldi framkvæma á hinum ýmsu stöðum. Afleiðingarnar urðu þær, að t. d. hjer í Reykjavík og á Ísafirði fóru fram kosningar með ólíkum hætti. En þetta er óviðunandi, að haldi áfram, og enginn ágreiningur um, að þetta þyrfti að laga, svo ekki verði áframhald á því við næstu kosningar.

En úr því að farið var fram á breytingar á þessum lögum á annað borð, þótti rjett að bera fram nokkrar fleiri, þær, sem hjer eru í þessu frv.

1. gr. frv. fer fram á rýmkun kosningarrjettarins, með því að færa aldurstakmarkið niður, og hinsvegar með því að fella niður það ákvæði, að menn missi kosningarrjett fyrir að hafa þegið af sveit. Um þessi atriði var eiginlega enginn ágreiningur í Nd.; öll

allshn. var sammála um þennan aukna kosningarrjett.

Í öðru lagi er ætlast til þess samkv. frv., að allir fulltrúar bæjarstjorna sjeu kosnir í einu, til þess að hlutfallskosningin njóti sín betur; t. d. er það svo hjer í Reykjavík, að þegar kosnir eru 5 fulltrúar, þá er það einn af flokkunum, sem engan fulltrúa fær, en það er mjög óeðlilegt, að frjálslyndi flokkurinn eigi engan fulltrúa í bæjarstjórn, sem annars mundi fá eina tvo, ef kosið væri í einu.

Í sambandi við þetta er stytting kjörtímabilsins, sem er og sjálfsagt, ef hitt er tekið upp, og sömuleiðis, þegar allir fulltrúar eru kosnir í einu, þá á líka að kjósa varamenn, því að það raskar allri hlutfallskosningu, ef þarf að vera að kjósa einn og einn mann á milli, og sömuleiðis myndi af því stafa ekki alllítill kostnaður, svo að jeg hygg, að það atriði muni ekki valda ágreiningi, nje heldur þau önnur, sem jeg nefndi.

Það atriðið, sem aftur á móti varð ágreiningur um í Nd., var það, hvernig bæjarstjóra skuli kjósa. Þeir eru nú kosnir af öllum bæjarbúum, en í frv. er stungið upp á því, að það sjeu bæjarstjórnirnar, sem kjósi bæjarstjórann. Menn halda því fram, að það væri meira „demokratiskt" að láta alla bæjarbúa kjósa, en jeg fyrir mitt leyti álít, að það sje óeðlilegt, að slíkt sje gert. Alveg eins og þingið tilnefnir ráðherra og hreppsnefnd kýs sjer oddvita, eins álít jeg, að bæjarstjórnirnar eigi að kjósa sjer sinn oddvita, borgarstjórann; hann á að vera framkvæmdastjóri bæjarstjórnanna, og er því eðlilegt, að hann sje kosinn af þeim, sem hann starfar fyrir. Það getur líka komið fyrir, að borgarstjóri sje í fullkomnu ósamræmi við meiri hl. bæjarstjórnar á hverjum tíma; það getur verið, að frambjóðandi sje svo vel kyntur eða hafi slík sambönd, að hann vinni kosningu, þótt meiri hl. bæjarstjórnar sje á móti honum. Það færi t. d. ekki vel á því hjer í Reykjavík, ef borgarstjórinn væri íhaldsmaður, en meiri hl. bæjarstjórnar sósíalistar. Til þess að tryggja meiri festu í öllum þeim störfum, sem fyrir koma hjá bæjarstjórnum, þar sem bæjarstjóri er starfandi í öllum nefndum bæjarstjórnar, þá er nauðsynlegt, að trygt sje, að sama stefna í aðalatriðum ríki hjá báðum, en það er best trygt með því, að bæjarstjóri sje kosinn af bæjarstjórn.

Mun jeg svo ekki ræða þetta frekar, en aðeins óska þess, að frv. verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 170, n. 376, 328).

Frsm. (**Ingvar Pálmason**): Allshn. hefir athugað þetta frv. rækilega og þær breyt., sem það veldur á núgildandi löggjöf. Eins og sjest á nál., hefir n. ekki getað orðið sammála að öllu leyti. Einum nm. þykir frv. ganga of langt í nokkrum atriðum, og skrifar því undir nál. með fyrirvara. Meiri hl. n. leggur til að nokkrar breyt. verði gerðar á frv., og um sumar þær breyt. er n. öll sammála, en jeg skal ekkert

um það segja, hvað hv. minni hl. n. (JóhJóh) gerir með endanlega afgreiðslu frv., enda hefir hann óbundnar hendur um það með fyrirvara sínum.

Frv. þetta er fram komið til að ráða bót á ýmsum göllum, sem komið hafa í ljós á núgildandi löggjöf um kosningar í málefnum bæja og sveita. Það hefir t. d. verið miklum erfiðleikum bundið að samrýma ákvæðin um kosningar í bæjarstjórnir við l. sjálf, af því að ekki var gert ráð fyrir, að þessar kosningar færu fram á öllu landinu í senn, þegar l. gengu í gildi. Í frv. er lagt til, að þessar kosningar fari fram samtímis um land alt og komið á samræmi í þessu efni. Auk þess gerir frv. ráð fyrir, að kosningarrjetturinn verði rýmkaður, og hefir n. ekki getað orðið sammála um það atriði. En jeg sje ekki ástæðu til að rekja efni frv. gr. fyrir gr., því að jeg býst við, að hv. þdm. sjeu búnir að kynna sjer frv. og viðbúnir að greiða um það atkv. Nokkrum orðum vil jeg þó fara um brtt. n., sem eru á þskj. 376.

Fyrsta brtt. n. er við 12. gr. frv. og er þess efnis, að meðmælendur lista til bæjarstjórnarkosningar hjer í Reykjavík skuli ekki vera færri en 100, í stað þess sem í núgildandi l. og frv. er ekki gert ráð fyrir fleiri en 20 meðmælendum eins og annarsstaðar á landinu. N. er öll sammála um, að rjett sje að gera það að skilyrði fyrir, að listi sje tekinn gildur hjer í Reykjavík, að honum fylgi minst meðmæli 100 kjósenda, enda býst jeg ekki við, að þetta geti valdið deilum.

Þá er 2. brtt. n. við 17. gr. Hana flytur meiri hl. n. Í frvgr. er gert ráð fyrir, að borgar-(bæjar-)stjóri sje sjálfkjörinn í allar fastanefndir innan bæjarstjórnar. Þetta er varhugavert ákvæði og getur valdið miklu misrjetti. Með því er raskað því jafnvægi, er hlutfallskosningum er ætlað að koma á. Sje maður sjálfkjörinn í allar nefndir, þá hefir bæjarstjórn einum færra að velja. Getur bæði meiri og minni hl. bæjarstjórnar liðið baga af því. Leggur því meiri hl. n. til, að þessu verði breytt í það horf, er 2. brtt. mælir fyrir.

Þriðja brtt. er frá n. allri. Er það einungis leiðrjetting á tilvitnun í lög. Í frv. er vitnað í l. nr. 61 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, og feld niður 2. gr. þeirra. En þetta fær ekki staðist. Í fyrri hluta tilvitnaðrar gr. er mælt svo fyrir, að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skuli jafnframt vera bæjarfógeti á Seyðisfirði, og má ekki fella það ákvæði niður. Er því till. n. að tiltaka þetta nákvæmar: „2. gr. síðari málsliður 1. málsgr. og 2. málsgr.“. Geri jeg ráð fyrir, að hv. þdm. skilji, hvernig á þessari brtt. stendur; það er einungis leiðrjetting.

Þá skal jeg víkja að ákvæði um stundarsakir í frv. Eins og nál. ber með sjer, þá leggur meiri hl. n. til, að það verði felt niður. Eins og það ákvæði er orðað, þá leiðir af því, að erfitt verður að koma lögunum í framkvæmd í byrjun, þannig að borgarstjórar verði um leið kosnir og bæjarstjórnir. Kjörtími flestra bæjarstjóra mun ekki standast á við kjörtíma bæjarstjórnanna. Verður þetta því ekki samrýmt lögunum. Í öðru lagi er þetta ákvæði ekki sanngjarnt, að því leyti, að ætlast er til, að bæjarstjórn velji borgarstjóra. Er óheppilegt að mæla svo fyrir, að þetta skuli ekki gilda,

þegar lögin koma fyrst til framkvæmda, því þá gæti það komið fyrir, að borgarstjóri verði í ósamræmi við meiri hl. bæjarstjórnar.

Það eru því gildar ástæður til að fella ákvæði þetta niður. En það var óþarfi að koma með sjerstaka till. um það, því ákvæðið mun koma til atkv. sjerstaklega.

Nokkrar brtt. hafa komið fram við frv. á þskj. 328. Um þær get jeg verið stuttorður, enda hefir ekki verið mælt fyrir þeim. En sjálfur tel jeg — og jeg geri ráð fyrir, að jeg tali þar einnig fyrir n. hönd — þær vera til bóta og því rjett að samþ. þær.

**Guðmundur Ólafsson:** Jeg stend hjer upp vegna brtt. þeirra, er jeg og hv. 6. landsk. höfum flutt á þskj. 328.

Hv. frsm. endaði ræðu sína með því að minna á brtt. og fórust honum heldur hlýlega orð til þeirra. Jeg bjóst nú fremur við, að hv. n. hefði tekið ákveðna afstöðu til þeirra, því þær komu fram um líkt leyti og n. tók að vinna að málinu.

1. brtt. er við 10. gr. Hún gerir ekki aðra breyt. þar á en þá, að samkv. frv. er kjörstjórn skipuð þrem mönnum, er kosnir eru af hreppsnefnd í hvert skifti og kjósa skal, en í till. er þetta „hvert skifti“ felt niður. Er ætlast til, að kjörstjórnin geti staðið lengur, t. d. yfir árið. Það tekur varla að fara að skipa sjerstaka kjörstjórn, þótt kjósa þurfi smánefndir, svo sem hestakynbótanefndir og nautgriparæktarnefndir. Jeg þekki dæmi til þess, er kjósa hefir þurft í slíkar smánefndir, að það hefir gleymst hjá hreppsnefndinni að hafa kjörstjórn skipaða, er á þurfti að halda. En það sýnist alveg óþarft að kjósa kjörstjórn í hvert skifti.

Við þessa gr. er einnig önnur örlítil brtt. Í frv. er ákveðið, að hreppsnefnd kjósi kjörstjórn úr sínum flokki. Við leggjum til, að hreppsnefndin ráði því, hvort hún velur kjörstjórn innan nefndarinnar eða utan. Getur staðið svo á í einstöku hreppsnefndum, að gott sje að geta farið út fyrir nefndina.

2. brtt. er við 21. gr. laganna. Í lögunum er svo mælt fyrir, að hreppsnefnd geti ákveðið, að kosningar sjeu leynilegar, en ef hún ekki gerir það, þá geti þó ⅓ hreppsbúa krafist þess. Þetta þykir okkur óþarflega stór hluti kjósenda. Í strjálbygðum hreppum getur verið óþægilegt að ná svona mörgum mönnum saman eða vita um vilja þeirra á annan hátt. Leggjum við því til að færa lágmarkið niður í ⅙ hreppsbúa.

3. brtt. er um það, að á eftir 17. gr. frv. komi ný gr., er verði 35. gr. laganna. Fer hún fram á það, að ef einhver sýslunefndarmaður óskar hlutfallskosningar við kosningu í aukanefndir, t. d. millifundanefndir eða tilnefningu starfsmanna, þá verði að taka það til greina. Þetta er sanngjarnt. Það getur staðið svo á, að nokkur flokkaskifting eigi sjer stað innan sýslunefnda. Er þá ekki ósanngjarnt, að minni hl. geti haft nokkur áhrif við ofannefndar kosningar.

Þetta eru sanngjarnar brtt. og býst jeg varla við, að nokkur hv. þdm. leggi út í það að mótmæla þeim.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil einungis þakka n. góða og greiða afgreiðslu þessa frv.

Um brtt. hennar vil jeg taka það fram, að jeg álít þær til bóta, og við brtt. á þskj. 328 hefi jeg heldur ekkert að athuga og get mælt með þeim. Óska jeg þess, að frv. fái greiðan framgang.

**Jón Þorláksson:** Jeg er sjerstaklega óánægður með það ákvæði frv., er tekur rjettinn til að kjósa borgarstjóra af borgurum þeirra bæjarfjelaga, sem nú hafa þann rjett. Jeg hafði búist við, að sá nm., er skrifað hefir undir nál. með fyrirvara, mundi flytja brtt. um þetta, og bjó mig því ekki undir það og geymi mjer því rjett til þess við 3. umr.

Annars mun ástæða til að lagfæra frv. nokkuð. T. d. skil jeg ekki, að ákvæði 6. gr. 1. mgr.: „Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa", sje samrýmanlegt við ákvæði 3. gr.: „Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti". Mjer finst, að ákvæðið í 6. gr. verði að víkja, þegar hlutaðeigandi fulltrúi krefst þess, gefur ekki kost á sjer aftur.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg álít, að hv. 3. landsk. hafi sjálfur skýrt það atriði rjettilega, er hann vildi láta heita ósamræmi. Vitanlega takmarkast ákvæði 6. gr. af því, er segir í 3. gr.

Hv. 3. landsk. talaði um, að verið væri að taka rjettinn til að kjósa borgarstjóra af bæjarfjelaginu. (JÞ: Borgurunum). Vitanlega eru það borgararnir, er kjósa borgarstjórann áfram, en aðeins um hendur bæjarfulltrúanna.

**Jón Þorláksson:** Jeg vil minna á það, að hæstv. forsrh. hefir viðurkent, að þetta sje „ódemokratiskt" ákvæði.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Já, jeg álít, að það stefni ekki í átt til aukins lýðræðis. En það er engan rjett verið að taka af borgurunum. Þeir kjósa borgarstjóra um hendur fulltrúa sinna, þeirra, er þeir hafa kosið í bæjarstjórn. Annars er rjett að bíða með að ræða þetta til 3. umr., úr því að því hefir verið lýst yfir, að brtt. komi fram um þetta atriði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 328,1 (ný 10. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 376,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

13.—14. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 328,2 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 376,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 328,3 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 376,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

18. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

19. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir felt með 8:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 434, 451, 452).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 451 og 452. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Þorláksson:** Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 451. Eru þær að efni til 3. Fyrsta till. fer fram á, að haldið verði því skilyrði fyrir kosningarrjetti í sveitarmálefnum, sem verið hefir og nú er, að hlutaðeigandi sje ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, með þeim takmörkunum þó, að það nái aðeins til þeirra, sem eru í skuld vegna leti, óreglu eða hirðuleysis.

Með þessum brtt. vildi jeg láta það koma skýrt fram, að jeg vil ekki láta sveitarstyrk þeginn vegna venjulegra orsaka, svo sem heilsuleysis, ómegðar og annars hliðstæðs, svifta menn kosningarrjetti. Jeg get ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að gera þá breyt., að þeim verði veittur kosningarrjettur, sem vegna leti, óreglu eða hirðuleysis eru á framfæri hins opinbera. Hinsvegar er það svo, að ef einhver hefir orðið fyrir því að þiggja slíkan styrk, en svo bætt ráð sitt, án þess að vera þó orðinn þess megnugur að hafa getað endurgreitt hann, þá hefir sveitarstjórnin það á sínu valdi að gefa hlutaðeigendum upp skuldina. Jeg fæ því ekki sjeð, að gengið sje á sanngjarnan rjett neins manns, þó þetta sje samþ.

Þá er næst 4. brtt. mín. við 6. gr. Hún er aðeins til skýringar á því, hvenær megi endurkjósa þá, er fara frá. Þetta er svo óljóst eins og það er nú í frv., að það er fyrirsjáanlegt, að það getur valdið vafa. Samkv. frv. hafa fráfarandi fulltrúar rjett til að skorast undan kosningu aftur, en í 2. gr. stendur, að það megi endurkjósa þá. Til þess að þetta geti samrýmst, verður að setja í frv. ákvæði um það, hvenær fráfarandi fulltrúar verði að hafa látið uppi, hvort þeir vilja taka við endurkosningu. En jeg lít svo á, að samkv. frv. sje þeim ekki skylt að láta í tje upplýsingar um það, hvort þeir vilja verða við kosningu aftur. Mundi þeim því ef til vill heimilt eftir á að neita að taka við kosningu, er þegar hefir farið fram. Að vísu mundi þetta ekki valda óbærilegum vandræðum, því altaf væru til varafulltrúar, en það sýnist ekki eðlilegt að ganga svo frá lögunum að kosinn fulltrúi geti skorast undan því að taka sæti. Jeg legg því til, að það ákvæði verði sett í frv., að fulltrúar þeir, er frá fara, verði að hafa tilkýnt kjörstjórn 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, ef þeir ætla að skorast undan endurkosningu.

Hinar brtt. allar fela það eitt í sjer, að haldast skuli óbreytt ákvæðin í bæjarstjórnarlögunum um kosningu bæjar- eða borgarstjóra og atkvæðisrjett hans í bæjarstjórn. Held jeg, að svo sje gengið frá þessum brtt. mínum, að ekki verði missmíði á frv., þó þær verði samþ. Jeg get ekki fundið neina ástæðu til þess að taka af borgurunum í kaupstöðum þann rjett, er þeir hafa lögum samkv., að kjósa sjálfir borgar- eða bæjarstjóra sína. Og í raun og veru er það aðeins ein ástæða, sem jeg hefi heyrt færða fyrir því, að

þessari nýju tilhögun verði komið á, og hún er sú, að hugsanlegt sje, að sá, er situr í borgarstjórasætinu, geti orðið í ósamræmi við meiri hluta bæjarstjórnar. En jeg tel þessa ástæðu ekki mikils virði, og er það af tvennu. Í fyrsta lagi hefir borgarstjóri altaf það úrræði að segja af sjer, ef samvinnan við bæjarstjórnina er erfið. Og í öðru lagi tel jeg það ekki skifta miklu máli, þó borgarstjóri sje úr öðrum stjórnmálaflokki en meiri hl. bæjarstjórnar. Því það mun svo í flestum tilfellum, að það er heldur til hins lakara að teygja stjórnmálaflokkaskiftinguna um of inn í störf bæjar- og sveitarstjórna. Veit jeg ekki til, að hægt sje að benda á eitt einasta dæmi hjer á landi, er sýni það, að núverandi tilhögun hafi gefist illa. Hinsvegar eru auðsæir kostir við það að hafa bæjarstjóra kosinn af borgurum bæjarins, því hann verður þá sjálfstæðari gagnvart bæjarstjórninni. Þess vegna hljóta þeir er trúa því, að alm. kosningarrjettur sje besti grundvöllurinn, er kostur er á fyrir lands-, bæjar- og löggjafarstarfsemi, að stuðla að því, að menn fái að njóta hans í sem ríkustum mæli. Og ennfremur hlýtur það að vera skoðun þeirra, að með honum sje það best trygt, að heppilega takist val á þeim mönnum, er kjósa á.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta. Jeg sje enga ástæðu til þess að taka þennan rjett af borgurunum, og ennþá minni ástæða finst mjer vera til þess að taka atkvæðisrjettinn af borgarstjórunum. Þykist jeg vita, að hjer muni vera að verki öfl bak við tjöldin, er geri það að verkum, að brtt. mínar nái ekki fram að ganga. Er fullyrt, að þessi breyting sje ein af þeim fórnum, er Alþýðuflokkurinn heimtar af Framsókn. En jeg vildi ekki láta þetta mál fara út úr deildinni án þess að atkvgr. skæri úr um þessi atriði.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Sem að líkum lætur hefir allshn. ekki borið sig saman um brtt. þær, er hjer eru til umr., bæði frá hv. 3. landsk. og hv. þm. Ak. Og það, sem jeg segi um þær, verður því á mína ábyrgð, nema að svo miklu leyti sem jeg hygg, að það verði í nokkru samræmi við skoðun meiri hl. n.

Skal jeg þá fyrst taka til athugunar brtt. á þskj. 451. Fyrsta brtt. þar, sem hv. flm. hennar hefir skýrt, lítur í fljótu bragði vel út. Þeir eru sennilega fáir, er vilja áskilja letingjum og slæpingjum kosningarrjett. En jeg get samt ekki skilið, að þetta sje annað en einskonar gildra, sem varasamt er að lenda í, því svo getur farið, að hjón verði að þiggja af sveit vegna leti, óreglu eða hirðuleysis af hálfu mannsins. Verður þá samkv. þessu konan undir sömu sökina seld, þó hún sje að engu samsek manni sínum. En þetta væri mesta órjettlæti. Jeg fæ því ekki sjeð, að nokkur hætta sje á ferðinni, þó frv. eins og það er nú verði að lögum, því samkv. gildandi lögum hafa sveitar- og bæjarstjórnir heimild til þess að svifta slíka menn og ræðir um í brtt. hv. 3. landsk. fjárforræði og hafa þeir þá um leið mist kosningarrjett sinn. Verði breyt. því samþ. getur skapast órjettlæti með 1. gr. frv., sje hlutaðeigandi giftur, því

þá hlýtur það að ganga yfir konuna líka. Og jeg geri ráð fyrir því, að þó hv. 3. landsk. líti svo á, að þetta skifti ekki miklu máli, þá sjeu þó margir, er líti öðruvísi á þetta atriði. Mun jeg því ekki fylgja þessari brtt., og hræðist jeg það ekki, þó mjer verði borið það á brýn að jeg vilji láta letingja og óreglumenn hafa kosningarrjett.

Hvað snertir 2. og 3. brtt. á sama þskj., þá er það um þær að segja, að þær valda ekki mikilli breytingu. En hinsvegar finst mjer ekki brýn ástæða til þess að fella 2. gr. niður. Sama máli er að gegna um brtt. hans við 4. gr., því eins og hv. 3. landsk. tók fram, er hún aðeins til þess að koma samræmi í frv. vegna breyt., er hann ber fram við síðari gr. frv.

Þá er það 4. brtt. hv. 3. landsk. Jeg tel hana aðeins skýringu. Álít jeg, að hennar sje ekki beint þörf, en hefi hinsvegar ekkert á móti því, að hún verði samþ. Er vitanlega ekkert á móti því, að hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi, er ætlar að skorast undan endurkosningu, verði að hafa tilkynt það til kjörstjórnar áður en kosning fer fram. En þetta á aðeins við í sveitum, því þar sem listakosning er, er öllum kunnugt nokkru fyrir kosningu, hverjir verða í kjöri. Mun það og ótítt, að menn sjeu settir á lista án þess að leitað sje samþykkis þeirra.

Þá kemur aðalbreyt., um að fella burtu úr frv. ákvæði, er snerta aðstöðu bæjarstjórnar til borgarstjóra, einkum það atriði, sem hv. 3. landsk. lagði mesta áherslu á, að nú skuli tekið í lög, að bæjarstjórnirnar kjósi borgarstjóra. Það telur hv. 3. landsk. mjög ósanngjarnt. Hann segir, að verið sje að taka rjett af kjósendum, en eins og hæstv. forsrh. benti á við 2. umr., er það misskilningur. Það má geta þess, að í þessum sömu l. er gert ráð fyrir því, að hreppsnefndir kjósi oddvita, svo sem altaf hefir verið, og hv. 3. landsk. hefir enga brtt. flutt við það og ekkert haft við það að athuga. Rjettarmissir borgara er þá auðvitað í báðum tilfellum sá sami, en enginn ymprar á því, að oddviti skuli kosinn af öllum kjósendum.

Jeg get ekki sjeð, að það sje athugavert, að borgarstjóri sje sviftur atkvæðisrjetti í bæjarstjórn, ef hann ekki er jafnframt bæjarfulltrúi. En ef hann á að hafa atkvæðisrjett, er það sama sem að fjölga mönnum í bæjarstjórn, og það er ekki sanngjarnt. Hitt liggur í augum uppi, að það er mjög óheppilegt, ef borgarstjóri kemst í mótstöðu við meiri hl. bæjarstjórnar, enda virtist hv. 3. landsk. viðurkenna það, því að hann gat þess, að bæjarstjóri gæti altaf sagt lausri stöðunni. Það er rjett; hann hefir það úrræði, en bæjarstjórn ekki. Það er ekki víst, að borgarstjóri kæri sig um að segja lausri stöðunni. Fyrirkomulagið í sveitarstjórnarlögunum um aðstöðu oddvita til hreppsnefndar virðist vera full sönnun þess, að hið sama geti átt við um borgarstjóra og bæjarstjórn.

Jeg geri ráð fyrir, að það hafi ekki mikla þýðingu að lengja umr. úr þessu. Hv. 3. landsk. gat þess, að engin rök hefðu verið færð fyrir þessari breyt. Hann um það. Það hafa verið færð góð og gild rök fyrir málinu, hvað sem hv. 3. landsk. segir. Hann gat þess ennfremur, að þetta væri ein af „fórnum“ Framsóknarflokksins til jafnaðarmanna. Ekki veit jeg, hvaðan hv.

3. landsk. hefir þetta. Jeg hugsa, að heimildir hans sjeu veigalitlar, en jeg get vel unnað hv. þm. og hans flokki að veifa þessu fyrir sig sem slagorði, ef þeim liggur á. Það hefir farið svo með þessar „fórnir", sem íhaldsmenn hafa mest talað um, að það hefir orðið fremur lítill matur úr þeim, t. d. á fundum úti um land. Jeg hugsa, að eins fari, þó að einn hlekkur bætist í keðjuna.

Jeg er á móti öllum brtt. hv. þm., nema brtt. við 6. gr. Jeg sje ekki, að hún spilli frv. að neinu leyti.

Hv. þm. Ak. flytur eina brtt. á þskj. 452. Hann hefir ekki enn gert grein fyrir henni, og skal jeg því ekki fjölyrða um hana. Ef grg. hv. þm. verður á þann hátt, sem jeg býst við, eftir skilningi mínum á brtt., mun jeg geta fylgt henni.

**Erlingur Friðjónsson:** Þó að jeg flytji eina brtt. við frv., ætla jeg, áður en jeg tala um hana, að fara nokkrum orðum um brtt. hv. 3. landsk. á þskj. 451, því að jeg tel eðlilegt, að þær sjeu gerðar að umræðuefni, þar sem þær fara fram á miklar breyt. á frv., sem ganga yfirleitt í þá átt að færa í sama horf aðstöðu borgarstjóra til bæjarstjórna og var eftir 1926.

Það er að sönnu kunnugt, að alment var það ekki svo, að borgarar kysu borgarstjóra, fyr en 1926. Jeg er ekki viss, að um fleiri en einn hafi verið að ræða, nefnilega bæjarstjórann á Akureyri, sem var kosinn af bæjarstjórn Akureyrar þar til 1926. Við Akureyringar höfum því reynt hvorttveggja fyrirkomulagið, því að síðasta ár var bæjarstjórinn þar kosinn af borgurum. Jeg tel fyrra fyrirkomulagið miklu hagkvæmara, og þó fylgir ekki lögunum frá 1926 það ákvæði fyrir Akureyri, sem gildir fyrir Reykjavík, að borgarstjóri hafi atkvæðisrjett í bæjarstjórn með því að vera kosinn af borgurum. Er það mjög þýðingarmikið atriði, hvort hann fær atkvæðisrjett með sinni sjerstöku kosningu eða ekki.

Hv. flm. virtist þó sjá þann ókost við kosningu borgarstjóra, ef hann væri kosinn af borgurum, að hann gæti ef til vill orðið í andstöðu við meiri hl. bæjarstjórnar. Þetta er þó ekki hættulegasta aðstaðan, heldur hitt, að meiri hl. bæjarbúa öðlast með þessu aukið atkvæðamagn í bæjarstjórn. Það eðlilegasta er, að sá meiri hl. borgara, sem kýs og skipar meiri hluti bæjarstjórnar, mundi einnig ná borgarstjóranum með almennri kosningu. Hitt er óeðlilegt, að borgarstjórinn sje í minni hl., eða þá viðbót við þann meiri hl., sem ræður í bæjarstjórn. Þó að ekki væru aðrar ástæður fyrir hendi en þetta, eru það ærið nógar ástæður fyrir því, að breyt. sje gerð.

Það er nauðsynlegt, að borgarstjóri sje töluvert háður bæjarstjórn. Jeg þykist vita, að hvaða fyrirtæki sem er geri þá kröfu til síns framkvæmdarstjóra, að framkvæmdarvaldið sje hæfilega háð þeim, sem fyrirskipanirnar gefa. Ef borgarstjóri á kjörfylgi sitt undir borgurunum, fer hann meira að vilja þeirra, sem hann á embætti sitt undir, en hinna, sem gefa honum fyrirskipanir. Úr því að hinum kjörnu fulltrúum í bæjarstjórn er gefið það vald að ráða málum bæjarins, má ekki

leggja neinar þær hömlur á borgarstjóra af kjósendum hans, að hann fari ekki altaf að vilja bæjarstjórnar.

Þó að ýmislegt fleira mætti til tína í brtt. hv. 3. landsk., tel jeg það ekki skifta svo miklu máli, að ástæða sje til að fjölyrða um það. Jeg get tekið undir með hv. 2. þm. S.-M. um þau atriði. Jeg tel ekki ástæðu til að fylgja frekar 4. brtt. hv. 3. landsk. en hinum brtt. hans. Þó að hún sje ekki skaðleg, hefir hún litla þýðingu fyrir málið.

Jeg skal þó minnast á fyrstu brtt., því að jeg geri ráð fyrir, að hv. flm. leggi mikið upp úr því, hvort hún verður samþ. eða ekki. Jeg skal lýsa yfir því, að jeg ætla að greiða atkv. með því, að hirðuleysingjar og letingjar fái að halda sínum atkvæðisrjetti eins og aðrir borgarar, af því að það er ekki ljett verk að ákveða, af hvaða ástæðum einn og annar nýtur fátækrastyrks. Jeg vil því frekar lofa nokkrum miður hæfum mönnum að hafa kosningarrjett en að taka þann rjett af góðum borgurum, þó að þeir sjeu svo illa settir í lífinu, að þeir verði að þiggja af sveit. Einnig má benda á ummæli síðasta ræðumanns um þann órjett, sem konum slíkra manna er sýndur. Kona, þó að dugleg sje og gáfuð, á að fylgja bóndanum út í óregluna og hirðuleysið. (JÞ: Það er misskilningur). Þá þarf hv. 3. landsk. að ganga betur frá till. sinni en hann hefir gert, ef hún á að skiljast á annan veg.

Það mætti geta þess, að ef sú regla á að gilda, að borgarar í bæ kjósi borgarstjóra sinn á sama hátt og kosið er til bæjarstjórnar, ættum við sennilega að gera þá breyt. á kosningalögum til Alþingis og láta kjósa ríkisstjórnina með almennum kosningum um land alt. Ef það er eðlilegt, að borgarar í bæjum kjósi bæjarstjóra, er það engu síður eðlilegt, að borgarar landsins kjósi landsstjóra. En þetta úrelta fyrirkomulag, að borgararnir kjósi bæjarstjóra, er vitanlega eitt af því, sem á að fara að kippa í lag, og ætti að vera búið að kippa í lag fyrir löngu síðan.

Hv. flm. var að tala um ‚fórnir' Framsóknarflokksins til jafnaðarmanna. Jeg vil spyrja: Ef hjer er um einhverja fórn að ræða, var það þá ekki líka fórn á sínum tíma handa andstæðingum jafnaðarmanna, sem færð var með lögunum frá 1926? Og fyrst andstæðingar jafnaðarmanna hafa notið blessunar af fyrra ástandinu, þá er sanngjarnt, að þeir fái nú að þola þessa breytingu.

Loks kem jeg að brtt. minni. Það, sem jeg ætla mjer með henni, er ekki annað en að tiltaka ofurlítið gleggra en áður hefir verið um kosningu endurskoðenda og nefnda í bæjarstjórn. Í stað orðanna: „Gildir kosning þeirra um eitt ár" vil jeg að komi: „Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár". Það hefir verið svo áður, að kosið hefir verið í nefndir eftir að fram hefir farið kosning til bæjarstjórnar og kosningin gilt til tveggja ára. Samkv. breyt. þessari á kosningalögunum á að kjósa þriðja hvert ár, og virðist rjett að taka það fram í l., hvort kosning nefnda á að gilda um eitt ár, 3 ár eða óákveðinn tíma.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv.

**Páll Hermannsson:** Jeg vildi aðeins vekja athygli hæstv. forseta á því, að enn er ekki búið að útbýta þeim brtt., sem jeg hafði hugsað mjer að bera fram í þessu máli, og vil því leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að fresta umr. þar til seinna á fundinum.

**Forseti (GÓ):** Jeg hafði ekki athugað þetta, og fresta því umr., samkv. ósk hv. 2. þm. N.-M.

Umr. frestað.

Síðar á sama fundi var umr. fram haldið.

**Forseti (GÓ):** Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 473. Til þess að hún geti komið til umr. og atkv. þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Páll Hermannsson:** Jeg á hjer á þskj. 473 brtt. við frv., sem hjer liggur fyrir. Þessi brtt. er fram komin til þess að fyrirbyggja það, að það geti komið fyrir, að einn hreppur eigi ekki sýslunefndarmann á sýslufundi. Í 33. gr. laganna frá 1926 um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða er komist svo að orði, að sýslunefndarmann skuli kjósa á manntalsþingi. Manntalsþing er nú ekki haldið nema einu sinni á ári, og það er á vorin, og er eftir þessu ákvæði laganna ekki heimilt að kjósa sýslunefndarmann nema þá. Bæði getur nú komið fyrir, að á milli manntalsþinga deyi aðal- og varasýslunefndarmaður í sama hreppi, eða verði forfallaðir af öðrum ástæðum, og er þá samkv. lögunum ekki hægt að kjósa nýja menn í þeirra stað fyr en á næsta manntalsþingi, og getur hreppurinn þá orðið fulltrúalaus á sýslufundi. Mjer er kunnugt um, að þetta hefir komið fyrir, og það er þetta, sem brtt. mín á að fyrirbyggja. Jeg ætlast til, þegar svo stendur á, að þá geti hreppsnefnd gengist fyrir nýrri kosningu, er gildi fram að næsta manntalsþingi. Jeg vona svo að hv. þdm. sjái, að það getur staðið svo á, að þessi breyt. mín komi að liði, og sjái sjer því fært að greiða tillögunni atkvæði.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Í gær hafði jeg ekki tíma til þess að vera hjer í þessari hv. deild við fyrri umr. málsins, og vildi því nota tækifærið nú til þess að minnast á brtt. hv. 3. landsk. um það, að færa ákvæðið um skipun bæjarstjóra og borgarstjóra aftur í hið gamla horf. Aðal-röksemdin á móti þessu er sú, að þá fær meiri hl. að kjósa tvisvar á móti minni hl., og það er með öllu ranglátt. Hjer í Reykjavík er t. d. aðstaðan sú, að meiri hl. kjósendanna ræður kosningu borgarstjórans, og það er auðvitað ekki nema rjett; aftur á móti er það ekki rjettlátt, að þessi meiri hl., sem notar sitt afl til þess að fá ef til vill ekki nema eins atkvæðis meiri hl. í bæjarstjórninni, fái aftur nýtt atkvæði, borgarstjórans, út úr almennum kosningum um borgarstjóra. Við bæjarstjórnarkosningar hjer fær meiri hl. 3 fulltrúa, ef 5 eru kosnir í einu, og er það ekki nema rjettmætt, og út úr þrennum kosningum fær meiri hl. þannig 9 fulltrúa en

minni hl. 6. Nú er það öllum vitanlegt, að fyrir neðan minni hl., sem fær 6 fulltrúa, er annar minni hl., sem ræður yfir rúmlega 1 þús. atkv., en hefir ennþá ekki komið að neinum fulltrúa vegna skipulagsins á kosningunum. Ef þetta frv. verður aftur á móti samþ., þá er sjeð fyrir því, að minstu flokkarnir geti fullkomlega notið rjettar síns. Þá verður líka bætt úr því ranglæti, að sterkasti flokkurinn, sem fær flesta fulltrúa og þar af leiðandi mest atkvæðamagn í bæjarstjórninni, fái þar á ofan eitt atkvæði til viðbótar, þar sem er atkvæði borgarstjórans. Mig furðar satt að segja á því, að hv. 3. landsk. skuli ekki sjá eða vilja sjá, að með frv. óbreyttu næst langmest rjettlæti. Eftir því mundi sá minni hl. hjer í bænum, sem ræður yfir 1 þús. atkv., fá 1 fulltrúa eða 2, og væri það nokkur viðurkenning á þessum litla flokki, sem hefir sjerstaka stefnu. Með því að fella brtt. hv. 3. landsk. er komið í veg fyrir það órjettlæti, að meiri hl. fái óeðlilega mikla hlutdeild í bæjarmálunum, án þess þó að hætt sje við að hann missi undirtökin, en það er meining hv. 3. landsk. með brtt. sínum, að veita honum sjerstaka uppbót, sem hann á ekki skilið.

Jeg vil svo að endingu minna á það, að það er ófært að bæjarstjóri sje ekki alveg háður vilja bæjarstjórnarinnar, og það er vansmíði á frv., þetta bráðabirgðaákvæði, sem sett var inn í það í hv. Nd. um það, að bæjarstjórar geti setið enn í mörg ár þó að þeir sjeu í ósamræmi við meiri hl. í bæjarstjórninni. Þætti mjer mjög óheppilegt, ef þessi hv. deild hjeldi við þessu ákvæði.

**Jón Baldvinsson:** Jeg er í raun og vera alveg hissa á hv. 3. landsk., að hann skyldi koma fram með brtt. á þskj. 451 svona illa undirbúnar og vanhugsaðar. Það sjer á, að hann er ekki vanur framkvæmd fátækralagganna og þekkir ekki mikið til hennar. Ef það á að standa, sem segir í brtt. hans, að menn skuli ekki hafa kosningarrjett, ef þeir standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis, þá er fátækrastjórnunum þar með lögð á herðar sú skylda, að hafa afarnákvæmt bókhald um ástæður fyrir styrkveitingum, svo að það verði sjeð. Um leið og fátækrastjórnirnar ákveða, hvort þær eigi að veita þessum eða hinum styrk, þá verða þær um leið að meta það, hvaða ástæður hafi orðið þess valdandi, að hann varð að leita hjálpar. Nú getur vel svo farið, að siðferði manns bíði hnekki við það að komast á sveitina, og það er ekkert óalgengt, og hann leggist þá í leti og óreglu, og þá verður fátækrastjórnin altaf að vera að meta ástæður hans og framferði upp aftur og aftur. Ef á annað borð á að láta þessa lesti valda missi kosningarrjettar, þá væri sjálfsagt að taka líka með þá menn, sem lifa í leti og óreglu, en er haldið uppi af öðrum, frændum og skyldmennum, eða hafa fengið fje að erfðum og sleppa því við að komast á sveitina. Sje þetta rjett gagnvart fátæklingunum, þá er það líka rjett gagnvart hinum.

Ef hv. 3. landsk. vill koma fram slíkri brtt. sem þessari, þá verður hann að láta það fylgja, að það hafi fallið dómur um það, að maðurinn sje fundinn sekur um þetta, sem varða

á kosningarrjettarmissi. Og það er auðvelt eftir núgildandi ákvæðum fátækralaganna; þar er sem sje heimilt að svifta slíka menn fjárforræði. Þetta hefir verið gert hjer í Reykjavík við einstaka menn, og sje jeg ekkert á móti því, þegar þess er þörf, en brtt. hv. 3. landsk. miðar ekki að þessu. Hún er svo ranglátt handahóf, að það nær engri átt að samþ. hana.

Um aðrar brtt. hans ætla jeg ekki að tala, enda hafa aðrir á þær minst. En mjer þótti ástæða til þess að benda á, hversu erfið þessi till. verður til framkvæmda, ef hægt verður að merja hana í gegn.

**Jón Þorláksson:** Sá misskilningur kom fram hjá hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. S.-M. í gær, að 1. brtt. mín á þskj. 451, um að svifta þá kosningarrjetti, sem standa í skuld við sveitarstyrk, er þeir hafa þegið vegna leti, óreglu eða hirðuleysis, mundi einnig svifta konur þessara manna kosningarrjetti. En þetta er hreinasti misskilningur, því öll þessi ákvæði eru persónuleg og ná því aðeins til þess einstaklings, sem þau eiga við. Brtt. mín gerir enga undantekningu á þessari reglu. Og hún er ekkert frábrugðin því, sem gerðist, ef hin leiðin, sem hv. 4. landsk. talaði um, væri farin, sú, að svifta slíka menn fjárráðum með dómi. Hann viðurkendi því í raun og veru, að rjettast væri að svifta slíka menn kosningarrjetti, en vildi aðeins gera það á þann hátt að dæma af þeim fjárráð. En þótt það sje ekki tekið beint fram í þessu frv., þá er það ljóst eftir öðrum lögum, t. d. l. um kosningar til Alþingis, að mín till. gerir enga breyt. á venjunni um þetta efni, og sviftir því engan kosningarrjetti, annan en þann, sem verður þurfamaður vegna leti, óreglu eða hirðuleysis. Þessu vil jeg slá föstu og tel því mótbárur hv. þm. á misskilningi bygðar. Annars fanst mjer hv. 2. þm. S.-M. óþarflega beiskyrtur yfir þessari till. minni. Það var eins og honum fyndist það einhver misgerð gagnvart Alþingi að láta það þurfa að greiða atkv. um slíkt. Jeg er nú í minni hl. hjer og býst því ekki við, að jeg fái það samþ., sem meiri hl. telur sjer misboðið með að greiða atkv. um. En rjettur minni hl. er þó ávalt sá, að mega gera tilraun til þess að fá það lagfært, sem honum virðist þurfa lagfæringar við. Og þótt einhverjum úr meiri hl. þyki leitt að þurfa að greiða atkv. um það, sem hann þykist þurfa að fella, en er þó sammála í hjarta sínu, eins og jeg hygg, að sje í þessu um hv. 2. þm. S.-M., þá er ekki hægt fyrir minni hl. að hlífa þeim við því að greiða atkv. um það.

Mjer fanst hv. 4. landsk. líka telja þetta órjettmætt. Hann taldi aðeins varhugavert að láta bæjar- og sveitarstjórnir ákveða þetta, en vildi heldur, að það væri gert með dómsúrskurði. En það er athugavert, að það að svifta menn fjárráðum er talsvert víðtæk ráðstöfun. Mjer finst því rjett, að fyrst sje reynd sú ráðningin, sem er minni, sem er sú, að láta menn missa kosningarrjett í sveitarmálefnum, áður en hið meira er gert, sem það óneitanlega er að gera menn ófjárráða. Það er altaf hugsanlegt, að menn bæti ráð sitt. En sú ganga verður erfiðari fyrir menn, sem hafa verið dæmdir frá fjárráðum, heldur en þótt

þeir hafi verið sviftir kosningarrjetti með því að láta nöfn þeirra ekki standa á kjörskrá einu sinni eða oftar. Það eru engir örðugleikar á því að kippa því í lag. Erfiðleikar við framkvæmd þessa eru engir. Það er ekki nema holl og sjálfsögð regla, að fátækrastjórnirnar geri sjer grein fyrir því í hvert sinn, af hvaða orsökum sje leitað sveitarstyrks. Þetta er gert svo hjer í bæ. Fátækranefnd heldur skrá yfir þá þurfalinga, sem ekki eiga að njóta kosningarrjettar, og kjörstjórnin hefir þá skrá til athugunar eins og þurfalingaskrá nú. Kjörskráin er svo athuguð, ef kærur koma fram. Og liggi þá ekki fyrir skilríki um það, að leti, óregla eða hirðuleysi sje orsök sveitarstyrksins, þá verður heldur ekki kosningarrjettur tekinn af þeim, sem kært er yfir. Jeg sje því ekki betur en að hv. þm. geti greitt atkv. með þessari brtt., eftir því áliti sem hann hefir á því.

Hv. þm. Ak. hjelt því fram, að um svo fáa menn yrði að ræða, að ekki tæki því að samþ. þetta. Getur verið, að svo verði. En hið sama er þó um þetta að segja, að annað slíkt hefir verið í lögum og miðað að því að fæla menn frá að leita sveitarstyrks að nauðsynjalausu. Þau ákvæði hafa ekki verið sett til þess að hefna sín á þeim mönnum, sem þiggja sveitarstyrk, heldur til þess að vernda sveitarsjóðinn fyrir of mikilli eða órjettmætri ásækni manna í hann. Og jeg held, að þó menn vilji fella niður ákvæðið um, að kosningarrjettur sje bundinn því skilyrði, að kjósandi standi ekki í sveitarskuld, þá sje þó rjett að halda eftir því, sem till. mín felur í sjer, af sömu ástæðu. Og þótt þeir menn sjeu nú blessunarlega fáir, sem verða hjálparþurfar vegna þess, er í till. minni greinir, þá er rjett að setja skorður við, að þeim fjölgi. Og það er hendi næst að láta þetta ákvæði gilda áfram um þá.

Jeg skal þá næst fara örfáum orðum um þá brtt. mína, að láta skipun á kosningu borgarstjórans haldast óbreytta. Eiginlega hefir nú ekki komið fram nema ein ástæða umfram þær, sem áður voru fram komnar og jeg hefi svarað, enda hafa þær ekki verið hafðar á oddinum síðan. Þessi nýja ástæða var, eins og hv. þm. Ak. orðaði hana, sú, að með því væri meiri hl. gefið meira vald en hann ætti skilið. Hæstv. dómsmrh. var áður búinn að segja þetta sama. Þetta fer nú nokkuð eftir því, hvernig á málið er litið. Ef borgarstjóri er skoðaður sem hluti af bæjarstjórninni, þá má segja, að þetta sje svo. En sje hann skoðaður sem framkvæmdarstjóri bæjarins í bæjarmálum, og eins þeim, sem ekki liggja nema að nokkru leyti undir úrskurð bæjarstjórnar, eins og oft er, þá má segja, að hann sje framkvæmdarvald fyrir bæinn. Og þá má með eins miklum rjetti segja, að það sje eðlilegt, að borgararnir ráði því með atkv. sínum, hverjum þeir trúa fyrir þessu framkvæmdarvaldi, eins og þeir ráða kosningu bæjarfulltrúanna. Það er ekki minna um vert. Af þessu er það þó ekki bein afleiðing, að borgarstjóri eða bæjarstjóri hafi atkvæðisrjett í bæjarstjórn; það þarf ekki að vera, og er enda ekki sumstaðar. Brtt. mín segir heldur ekkert um það. Hún segir bara, að það skuli standa, sem er. Og ef menn vildu breyta þessu þar, sem borgarstjórar hafa atkvæðis-

rjett, þá er vitanlega hægt að gera það. En jeg fyrir mitt leyti tel það nú engan sjerstakan galla, þótt meiri hl. fái með þessu aukið atkvæðamagn. Gallinn á núv.. stjórnskipulagi er tíðast sá, að meiri hl. er of veikur til að ráða og bera fullkomna ábyrgð á því, sem framkvæmt er, þar sem hlutbundið kosningafyrirkomulag er orðið ráðandi. Menn hafa á síðari árum verið að hugsa upp fyrirkomulag, sem bætti úr þessu og gerði meiri hl. svo sterkan, að hann gæti komið sínum málum fram. Jeg held því, að það sje ekkert við það að athuga, þótt meiri hl. fái eitt viðbótaratkv. með þessu fyrirkomulagi. En þetta stendur þó ekki í neinu sambandi við brtt. mína. Hún segir bara, að það skuli standa, sem nú er í þessu efni. Borgarstjórinn hjer hefir þá atkvæðisrjett, en bæjarstjórinn á Akureyri mun ekki hafa hann, svo jeg nefni tvö dæmi. — Jeg hefi altaf getað skilið vel þá aðstöðu manna, sem eru mótfallnir því eða vilja fara hægt í það að breyta stjórnskipuðum embættum í þjóðskipuð embætti. En jeg skil síður í þeim mönnum, sem vilja láta þetta ganga aftur á bak aftur. En svo á að gera hjer, þar sem á að taka rjettinn af kjósendum og fá hann í hendur bæjarstjórnarinnar. Og þótt segja megi, að kjósendurnir ráði því óbeinlínis með vali sínu á bæjarfulltrúunum, þá verður sá rjettur aðeins óbeinn og því minni.

Vitanlega hafa þessi ákvæði verið borin fram að gefnu tilefni frá jafnaðarmönnum, sem þykjast ekki ráða eins vel við þær kosningar, þar sem kosið er beint, eins og ef um kosningu innan fámennrar bæjarstjórnar væri að ræða. En jeg held, að borgararnir *bindi sig ekki* eins einstrengingslega við stjórnmálaskoðanir eins og þegar kosið er með hlutfallskosningu í fámennri bæjarstjórn. En það þýðir víst ekki að tala meira um þetta. Þetta hefir nú verið heimtað, og jeg býst því við, að brtt. mínar verði feldar.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hafði ekki gert ráð fyrir því að þurfa að taka til máls við 3. umr. þessa máls. En ræða hv. 3. landsk. hefir gefið mjer tilefni til þess að víkja nokkrum orðum að brtt. hans.

Um 1. brtt. hans er það að segja, að mjer er ekki neitt kappsmál, hvort hún verður samþ. eða feld. En jeg vil þó minna á það, að jeg get búist við því, ef hún verður samþ., að það verði til þess, að málið þurfi að hrekjast á milli deilda. En ef hún og 6. brtt. verða feldar, þá hygg jeg, að Nd. muni ganga að frv. eins og það er. Verði því þessi brtt. samþ., er hætta á þessu, því það er sterkur hugur fyrir því þar, að svona ákvæði eigi ekki að sjást í ísl. lögum. Og þar er jafnvel maður, sem stendur í nánu sambandi við hv. 3. landsk., sem lítur þannig á. Jeg held því, að rjett sje, að slík till. nái ekki fram að ganga. — 4 næstu brtt. eru aðeins til skýringar og ekkert við þær að athuga. Þær skýra aðeins það, sem enginn ágreiningur er um. En það var ræða hv. þm. um það atriði, hvort borgarstjóri skyldi kosinn af borgurunum eða bæjarstjórninni, sem kom mjer til að standa upp. Hv. þm. talaði aðeins um eina ástæðu, sem mælir með

því, að borgarstjóri sje kosinn af bæjarstjórn, þá, að það væri ekki rjett að auka vald meiri hl. í bæjarstjórninni. En þetta er aukaatriði. Aðalástæðurnar fyrir því, að stjórnin bar þetta fram, eru þær, að fyrir getur komið, að fyrir persónulegar ástæður verði kosinn borgarstjóri, sem sje í andstöðu hvað skoðanir snertir við meiri hl. bæjarstjórnar. Með því fyrirkomulagi, sem nú er hjer, gæti það komið fyrir, að sósíalisti væri kosinn sem borgarstjóri, þótt íhaldið væri í meiri hl. í bæjarstjórn, eða þá öfugt. Það munaði nú ekki svo ýkjamiklu nýlega, að svo færi, að borgarstjóri væri kosinn hjer, sem ándstæður var meiri hl. í bæjarstjórn að skoðunum.

Hv. þm. sagði, að með þessu frv. væri verið að stíga aftur á bak frá þjóðræðislegu sjónarmiði sjeð. En jeg álít, að núverandi fyrirkomulag hafi aldrei verið spor í rjetta átt, heldur víxlspor, sem stigið hafi verið og því beri að leiðrjetta. Og sú leiðrjetting er alveg hliðstæð við annað stjórnarfyrirkomulag. Þjóðin t. d. kýs Alþ., en Alþ. aftur stjórn. Eftir þeirri reglu, sem gilt hefir hjer um borgarstjórakosningu, ætti þjóðin að kjósa ráðherrana. Sjá allir, hversu fjarri sanni það væri.

Síðast sagði hv. þm., að þetta væri heimtað af jafnaðarmönnum. Jeg vil lýsa því yfir, að þetta er fram borið af eigin hvötum og að jeg hefi lengi verið ósammála því ástandi, sem ríkt hefir um þetta. Og í sambandi við það vil jeg minna hv. 3. landsk. á, hvernig þetta komst inn í lögin. Í frv. var fyrst ákveðið svo, að bæjarstjórn skyldi kjósa borgarstjórann. En af persónulegum ástæðum var þessu breytt, fyrst fyrir þennan eina kaupstað, til þess að koma ákveðnum borgarstjóra frá. Jeg hygg, að hv. 3. landsk. sje mjög vel kunnugt um þetta. Þetta var mjög „aktuelt" þá, en jeg vil ekki vera að draga nein nöfn inn í umr. nú. Það var því af persónulegum ástæðum, að stigið var þarna út af rjettri braut. Og það er meira en mál komið til þess að kippa því í lag aftur.

**Erlingur Friðjónsson:** Það hefir tognað svo úr þessum umr., að varla virðist á það bætandi, en jeg verð þó að segja nokkur orð út af því, sem hv. 3. landsk. þm. veik til mín í sambandi við það, sem jeg sagði í gær.

Mjer þykir það hálfeinkennilegt, þegar hv. 3. landsk. þm. þykist vera að bjarga sveitarsjóðunum með 1. brtt. sinni, þar sem svo er ákveðið, að menn missi kosningarrjett sinn, ef þeir standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis, því að jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þessir menn fari jafnt á sveitina, sem kallað er, hvort sem þeir við það missa kosningarrjettinn eða ekki. Jeg held, að menn með slíku innræti láti sjer þetta í ljettu rúmi liggja. Ef tilgangur hv. 3. landsk. þm. með þessari brtt. er því að bjarga sveitarsjóðunum, nær hún ekki tilgangi sínum, auk þess sem í hana vantar ákvæði um það, hver eigi að skera úr því, hvort svona menn eiga að hafa kosningarrjett eða ekki. Og ef hv. 3. landsk. þm. ætlar ekki að láta þessi ákvæði ná til kvenna þessara manna, vantar það enn í þessa brtt., að það sje tekið fram, að kona missi ekki kosningarrjett sinn, þótt

maður hennar geri það af áðurgreindum ástæðum.

Þá var hv. 3. landsk. þm. enn á ný að tala um afstöðu bæjar- og borgarstjóra til bæjarstjórnanna, og ljet svo um mælt, að mörg verk, sem bæjar- eða borgarstjóri hefði með höndum, væru þess eðlis, að þau lægju utan við þau afskifti, sem bæjarstjórnir hefðu af bæjarmálum. Ef bæjar- eða borgarstjóri styðst við bæjarstjórn og heldur fundi með henni að minsta kosti hálfsmánaðarlega, þykir mjer undarlegt, ef hann á að framkvæma ýmislegt það, sem bæinn skiftir, án þess að ráð bæjarstjórnar komi til, enda er mjer ekki kunnugt um, að þesskonar stjórnarfar tíðkist neinsstaðar. Það má vera, að einstaka bæjar- eða borgarstjóri taki sjer slíkt vald, en lögum samkv. hefir hann enga heimild til þess. Það eru bæjarstjórnirnar, sem valdið hafa, og bæjar- eða borgarstjórar eiga ekkert annað að gera en að framkvæma vilja þeirra. Þessi skýring hv. 3. landsk. á valdsviði bæjar- eða borgarstjóra er því alröng. Ef taka ætti tillit til svona kenninga, væri meiri ástæða til að láta alla kjósendur landsins kjósa landsstj., af því að landsstj. hefir minna aðhald frá þinginu en bæjar- eða borgarstjórar frá bæjarstjórnunum, vegna þess að lengra líður á milli þinga en funda í bæjarstjórnum. En hv. 3. landsk. veit, að þetta fyrirkomulag tíðkast ekki, enda hefir hann ekki haldið því fram, að nauðsynlegt væri eða að neinu leyti heppilegt að koma slíku skipulagi á í þjóðmálum.

Hv. 3. landsk. þm. sjer ekki gallana á því, að bæjar- eða borgarstjóri sje kosinn af sama meiri hl. og bæjarstjórnin sjálf. Er þetta skiljanlegt frá sjónarmiði þess manns, sem telur sjer borgarstjórann vísan, en minnihl.maðurinn sjer, að með þessu móti er meiri hl. gefið atkvæði, því að það er opið fyrir hvern meiri hl. að kjósa bæjar- eða borgarstjórann úr sínum hópi og bæta þannig við sig atkv.

Hv. 3. landsk. þm. talaði um, að nauðsynlegt væri að hafa meiri hl. sem sterkastan. Þetta kann að vera svo frá sumra sjónarmiði, en það er beint á móti anda kosningalaganna, því að með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á síðustu árum, hefir áherslan verið lögð á að auka vald minni hl. í svona samkundum, því að þótt ekki muni nema einu atkv., getur meiri hl. ráðið öllum bæjarmálum, ef honum sýnist. Það þarf því að tryggja rjett minni hl. sem best, svo að rjettur hans verði ekki meira og minna fyrir borð borinn af meiri hl., sem er einráður, jafnvel þótt ekki muni nema einu atkv. af 10 eða 15. Hv. 3. landsk. talaði um það, að jafnaðarmenn treystu sjer ekki til að hafa vald á atkv. úti í bænum, en aftur á móti í bæjarstjórnunni. (JÞ: Jeg átti bara við Akureyri). Jæja, það vill þá svo vel til, að jeg get svarað þessu. Þessi l. eru engan veginn sett með hagsmuni jafnaðarmanna fyrir augum, heldur líka fyrir íhaldsmenn, því að það er eins gott fyrir þá, að borgar- eða bæjarstjóri sje kosinn á þennan hátt. Þetta stafar af því, að þeir, sem eru í meiri hl. á hverjum tíma, hvort sem það eru nú íhalds- eða jafnaðarmenn, fá atkvæðamagn sitt aukið með því

að borgar- eða bæjarstjóri sje kosinn af öllum bæjarbúum.

Þegar semja á lög, verður að líta til framtíðarinnar og búa þ. sem eðlilegast úr garði, hver sem í hlut á, hvort sem það er nú meiri eða minni h. Og jeg held, að hv. 3. landsk. þ. hafi horft of mikið á afstöðuna stóru kaupstöðunum eins og hún nú en síður gætt þess, að hún getur breyst síðar en á líður.

**Guðmundur Ólafsson:** Þessar umr. eru óþarfar fjörugar, að jeg leiðist út í að segja orð í belg, og er jeg þó vanur að setið á mjer vera um [illegible] líði.

Jeg er sammála hv. síðasta á því, hve menn geta orðið brjóstgóðir og kærleiksríkir, þegar þeir eru að lýsa yfir því, að þeir vilji ekki láta neinn missa kosningarrjett sinn vegna leti, óreglu eða hirðuleysis. Jeg hefi aldrei verið svona góður maður. (**PH:** Hæstv. forseti á vafalaust eftir að verða það). Já, það getur verið. En mjer ofbýður það, þegar hv. þm. eru að lýsa yfir því með sterkum orðum, að þeir vilji setja þessa menn á bekk með hinum, sem duglegir og reglusamir eru. Og svo er verið að deila um það, hvort konur þessara manna eigi að missa rjettindi sín með þeim. Það er svo sem gengið út frá því sem gefnu, að þeir sjeu kvæntir, þessir menn, enda er það ekki ólíklegt, eftir lýsingunni á þeim að dæma. Hv. 3. landsk. þm. heldur því fram, að þessi rjettindamissir nái ekki til kvenna þessara manna, en jeg held þvert á móti, að þær lendi í sömu fordæmingunni. Ef maður þiggur af sveit fyrir fjölskyldu sína, er ekki óeðlilegt, að þær konur, sem hafa verið svo óhepnar að eiga þessa menn, lendi í sama vítinu sem þeir. Þó er jeg því alls ekki mótfallinn, að konurnar missi ekki kosningarrjett sinn af þessum ástæðum, en sje mjer hinsvegar ekki fært að greiða atkv. á móti þessari brtt. hv. 3. landsk. þm.

Þá verð jeg að minnast nokkrum orðum á brtt. hv. 2. þm. N.-M. Þar kalla jeg nú, að eigi að ganga vel frá hlutunum. Jeg hjelt nú, að ekki mundi þurfa að gera ráð fyrir, að varamaður sýslunefndarmanns, sem og hann sjálfur fjellu frá báðir á sama árinu á sama árum, sem kosning þeirra gildir um. hv. 2. þm. N.-M. hefir ef til vill rekið sig á, að þetta gæti komið fyrir. Þau tilfelli munu þó ekki vanaleg. En ef hv. þdm. þykir nauðsyn til bera að samþ. þetta, kann jeg því illa, að hreppsnefnd skuli eiga að stjórna kosningum þessum til bráðabirgða. Ef svo skyldi til bera, að bæði sýslunefndarmaður og varamaður hans fjellu frá eða flyttu úr hreppnum, vil jeg láta kjósa í þeirra stað á venjulegan hátt fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Jeg hefi því leyft mjer að bera fram skriflega brtt. við þessar brtt. hv. 2. þm. N.-M., og vænti jeg þess, að hv. þdm. geti fallist á hana, ef þeir á annað borð telja nauðsynlegt að gera ráð fyrir slíkum tilfellum í þessum lögum. Till. mín gengur út á það, að 2. málsgr. 33. gr. hljóði svo:

„Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr n. áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu".

Mjer finst, að allir ættu að geta fallist á þetta. Jeg vil ekki láta taka það fram, að bæði sýslunefndarmaður og varamaður hans þurfi endilega að fara frá báðir á sama árinu, því að hæglega geta liðið 1—2 ári á milli, að þeir fara frá, ef báðir fara. En þegar þeir eru báðir farnir frá, þá á að sjálfsögðu að kjósa í stað þeirra.

3. og 4. málsgr. 33. gr. vil jeg hafa svo:

„Til kjörfundar skal boða skriflega með að minsta kosti 8 daga fyrirvara".

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg hefi ekki mikla ástæðu til að svara hv. 3. landsk. þm., því að ummæli hans voru svo vaxin, að þau sumpart áttu sjer engan stað í l., en sumpart voru þau ástæðulausar aðdróttanir og getsakir í minn garð.

Hann taldi, að það væri af misskilningi sprottið, þegar jeg hjelt því fram, að konurnar mistu kosningarrjett sinn samkvæmt till. hans. Þetta er rangt, eins og hæstv. forseti hefir bent á. Hinu get jeg trúað, að það hafi ekki vakað fyrir honum að svifta konur þessara manna kosningarrjetti sínum með till., þó að þetta komi ekki fram í þeim. Hann þarf því að breyta till. í þessa átt.

Út af því, sem hæstv. forseti sagði, vil jeg geta þess, að þess eru fá dæmi, að einhleypir menn verði sveitarstyrkþegar, en aftur á móti mörg dæmi þess, að giftir menn þurfi að þiggja af sveit. Jeg tel ekki ástæðu til að auka raunir þeirra kvenna, sem orðið hafa fyrir því óláni að eiga óreglumenn, með því að svifta þær kosningarrjettinum. Legg jeg ekki lítið upp úr þessu atriði. Jeg vil heldur, að nokkrir fljóti með, sem ekki verðskulda það að hafa kosningarrjett, en að konur eða karlar sjeu svift þessum rjetti að ástæðulitlu.

Hv. 3. landsk. sagði, að jeg teldi mjer misgert með því að neyða mig til að greiða atkvæði með rjettmætum lagfæringum á þessu frv. Jeg veit nú ekki, á hverju hann byggir þetta. En jeg skal gjarnan gera honum það til geðs að greiða atkv. á móti brtt. hans, jafnvel öllum, þó að jeg teldi eina þeirra svo meinlausa, að hún mætti gjarnan komast að.

Þá sagði hann, að jeg væri neyddur til að greiða atkv. í þessu máli á móti eigin sannfæringu. Aðra eins yfirlýsingu og þessa skoða jeg sem hver önnur rökþrot. En það er ekki nýtt, að hv. 3. landsk. láti það klingja, að við framsóknarmenn sjeum neyddir til að færa jafnaðarmönnum fórnir, en hæstv. forsrh. rak þetta svo rækilega ofan í hann, að þess er ekki þörf að gera það betur. Jeg býst við, að hv. 3. landsk. gangi til sama góðvildin með þessum getgátum í minn garð, en hann þarf ekki annað en að fletta upp í fátækralögunum, til að sannfærast um, að hjón með óskiftum fjárhag missa saman kosningarrjett sinn, ef þau þiggja af sveit. Um þetta atriði þýðir ekki að deila.

Út af deilunni um það, hvernig kjósa skuli bæjar- eða borgarstjóra, vil jeg drepa á eitt atriði, sem ekki hefir komið fram enn. Það er að vísu ekki mjög mikilvægt. Hv. 3. landsk. var að lýsa þeim æsingum, sem ættu sjer stað við kosningar á bæjarstjórnum og bæjar- eða borgarstjórum. Eins og nú er, fara þessar kosningar fram

hver á eftir annari, og verða þannig eldhúsdagarnir tveir, sem þessar kosningar valda. Mælir það ekki með núverandi fyrirkomulagi.

Út af brtt. hv. 2. þm. N.-M. vil jeg taka það fram, að n. hefir ekki átt kost á að athuga þær og hefir því um þær óbundnar hendur, en jeg get lýst yfir því frá mínu sjónarmiði, að jeg tel þær til bóta. Það hefir sýnt sig, að það getur komið fyrir, að bæði sýslunefndarmaður og varamaður hans falli frá samæris, og er eðlilegt, að hreppsnefndir kunni því illa að vera fulltrúalausar á sýslufundi, þó að svo beri að. Þess eru dæmi, að hreppsnefndir hafa í slíkum tilfellum kosið sýslunefndarmann, en út af því risið deilur og alt verið gert ólögmætt. Jeg tel, að till. hv. 2. þm. N.-M. ráði bót á þessu, og mun því fylgja þeim. Það er að vísu rjett, eins og hæstv. forseti tók fram, að þessi tilfelli eru sjaldgæf, en alt fyrir það er rjett að gera við þeim.

Í fljótu bragði virðist mjer brtt. hæstv. forseta varhugaverð. Jeg hygg, að kosningunni verði betur komið fyrir eins og í brtt. hv. 2. þm. N.-M. stendur. Jeg tel það lakara fyrirkomulag að láta þessa bráðabirgðakosningu gilda út alt kjörtímabilið, því það getur komið fyrir, að hún þurfi að fara fram jafnvel á fyrsta ári kjörtímabilsins. Þykir mjer ekki rjett, að sú undantekning gildi alt tímabilið. Jeg tel það betur fara, sem í hinni brtt. stendur, að hún gildi aðeins til næsta manntalsþings.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Umr. eru nú orðnar langar og mun ekki vinnast mikið, þó þeim verði haldið áfram.

**Jón Baldvinsson:** Í raun og veru þarf jeg ekki að deila lengur við hv. 3. landsk. um það, að 1. brtt. hans er afarvarhugaverð að orðalagi. Hann er enda búinn að játa það óbeint, því hann hefir ekki getað gert fullnægjandi grein fyrir því, hvernig hún yrði framkvæmd. Jeg veit til þess, að svo er það hjer í Reykjavík, að ekki er ávalt tekið fram, hvers vegna styrkur sje veittur, og jeg minnist varla að hafa sjeð þær ástæður nefndar, sem brtt. ræðir um. Það gæti orðið nokkuð tafsamt að semja kjörskrá, ef fara þarf í gegnum allar fundargerðir fátækranefndar. Það er ekki svo lítið starf að kynna sjer þær til hlítar. Jeg tala nú ekki um, ef ekki væri þar bókað neitt um, hvers vegna maðurinn hafi þegið styrkinn, sem oft er. Þá verður það einungis að geymast í vitund manna. En þá verður það meira og minna tilviljun, hverjir komast á kjörskrá af þeim, er fátækrastyrk hafa þegið. Þá fer fátækrastjórnin að skapa mönnum kosningarrjett. Það er verið að leggja kosningarrjettinn undir dóm hinna og annara manna, er þurfa alls ekki að vera svo rjettsýnir á slíkt. En það er rjettur hvers borgara að eiga sinn kosningarrjett ekki undir dutlungum hinna og annara; þar um eiga að vera skýlaus ákvæði. Það er heldur ekki letin, hirðuleysið, ómenskan, lestirnir sjálfir, sem verið er að straffa. Það er sjálf fátæktin. Það eru margir með hinum sömu löstum, sem annaðhvort eiga sjálfir peninga eða eiga efnaða að. Þeir missa einskis. Þeim verður ekki haldið í skefjum með öðru en að svifta þá fjárforræði, eins og heimild er til og sjálfsagt er að gera.

Þetta mundi gera erfiðleikana margfalda við samningu kjörskrár. Kvartanir og klögumál myndu ganga milli. Ótal úrskurði þyrfti. Úr þessu mundi verða hreint öngþveiti.

Jeg hefi einu sinni athugað það, hvað mikill hluti þurfamanna Reykjavíkur það var, er talið var í skýrslu fátækranefndar, að þegið hefði styrk vegna leti og ómensku. Það var árið 1922 eða 1923. Mjer taldist svo til, að það væri tæplega 1% af þeim, er fátækrastyrks nytu. Náttúrlega eru þetta svo fáir menn, að þeir hafa að jafnaði engin áhrif á úrslit kosninga, þó það sje hugsanlegt. Það væri því engu stefnt í voða, þó þeir fengju að kjósa. En ef það á að svifta þá kosningarrjetti, sem jeg er út af fyrir sig ekkert á móti, þá er sjálfsagt að svifta þá honum með dómi. Jeg hefi því ásamt hv. 2. landsk. flutt skriflega brtt. við 1. brtt. á þskj. 451, er svo hljóðar:

„Aftan við 1. breytingartillöguna bætist: enda verið sviftir fjárforráðum fyrir þessar sakir. Þetta tekur þó ekki til maka þess, er þannig er sviftur fjárforræði".

Með þessari till. er einnig skorið úr því vafamáli, hvort maki þess, er í 1. lið greinir, missi einnig atkvæðisrjett eða ekki. Jeg held, að það sje rjett, að hann missi atkvæðisrjett eins og till. er nú orðuð.

Jeg vænti þess því, að þessi till. fái að komast að, til að komið verði í veg fyrir handahóf hv. 3. landsk.

**Páll Hermannsson:** Í 33. gr. gildandi laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða er komist svo að orði:

„Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann á manntalsþingi til 6 ára, og einn varamann til sama tíma".

Hjer er það skýlaust tekið fram, að sýslunefndarmenn skuli ekki kjósa annarsstaðar en á manntalsþingi. En manntalsþing er ekki haldið nema einu sinni á ári. Á því ári, sem á milli manntalsþinga verður, getur komið fyrir, að bæði aðalmaður og varamaður gangi úr leik, en þó verði haldinn sýslufundur. Af ákvæðum laganna leiðir þá, að hreppur getur orðið fulltrúalaus á sýslufundi. Úr þessu á till. á þskj. 473 að bæta. Það á að halda fyrirkomulaginu og kjósa fulltrúana á manntalsþingi. En komi sú sjaldgæfa undantekning fyrir, að báðir gangi úr leik á sama tíma, þá getur þurft að grípa til þess að kjósa fulltrúa til bráðabirgða, og er gert ráð fyrir, að sú kosning gildi aðeins til næsta manntalsþings, en þá er fyrst tækifæri til að kjósa reglulega til starfans. Brtt. ætlast til, að gildandi ákvæðum sje haldið, en þessu einungis bætt inn í.

Vitanlega mætti nokkuð fyrirbyggja þetta á annan hátt, t. d. með því að hafa varafulltrúana fleiri en einn. Verða þá minni líkur til, að þetta komi fyrir. En brtt. hæstv. forseta finst mjer að því leyti óþörf, að þar er gengið út frá, að horfið verði frá þeim grundvelli laganna, að kosning fari fram á manntalsþingi, en gildi þó um lengri tíma en nauðsynlegt er. Hann ætlast til, að þessi bráðabirgðakosning gildi út kjörtímabilið. Það getur vel gengið, en það er ekki nauðsynlegt, því það má kjósa á næsta manntalsþingi án aukinnar fyrirhafnar.

Aðalatriðið fyrir mjer er það, að fyrir því verði sjeð, að það þurfi ekki að koma fyrir, að hreppur fái ekki tækifæri til að senda fulltrúa á sýslufund. Jeg býst raunar við, að slíkt komi sárasjaldan fyrir, en jeg veit þó dæmi til þess, einmitt í ár. Því er rjett að slá varnagla við því. Jeg álít, að hv. deild geri rjett í að bæta á einhvern hátt úr því, en hitt geri jeg ekki að kappsmáli, á hvern hátt það er gert.

**Jón Jónsson:** Það hafa nú orðið miklar umr. um mál þetta, og sje jeg ekki ástæðu til að blanda mjer mikið inn í þær.

Fyrst verður fyrir mjer 1. brtt. á þskj. 451. Er mjer óskiljanlegt, hvað miklar umr. hafa orðið um hana, því jeg fæ ekki sjeð annað en að hún sje sanngjörn, og virðist mjer allir vera fylgjandi þeirri hugsun, er á bak við liggur, en greinir aðeins á um, hvort hún segi meira en henni er ætlað að segja eða ekki og hvort hún valdi erfiðleikum í framkvæmd. Jeg hygg, að eins og fátækralögin eru framkvæmd þar, sem jeg þekki til, þá verði ekki miklir erfiðleikar á að framkvæma hana. Jeg hefi skilið svo 43. gr. fátækral., að það væri skylda sveitarstjórna að úrskurða, hvort fátækrastyrkur væri afturkræfur eða ekki. Og sje styrkurinn ekki afturkræfur, þá getur þurfamaður ekki staðið í skuld fyrir hann. Og samkv. fátækral. er styrkur tæpast afturkræfur fyrir aðrar sakir en þær, sem í brtt. eru taldar. Verður það því engum vandkvæðum bundið fyrir kjörstjórn að sjá, hverjir falla undir þetta ákvæði. Og ef örðugleikar verða á því, þá er það eingöngu að kenna vanrækslu sveitar- og bæjarstjórna.

Hitt getur orkað nokkuð tvímælis, hvort brtt. gengur út yfir maka þess, er styrkinn fær. Jeg held samt, að með viðaukatill. hv. flm. nái það ekki út yfir makann, nema hann sje þá undir sömu sökina seldur, einkanlega þar sem hv. flm. hefir skýrlega lýst því hjer í umr., hvað fyrir sjer vakir. Jeg mun því greiða þessari till. atkv., en með þessum skilningi.

Brtt. um borgarstjórana get jeg ekki greitt atkv. Jeg teldi það óheppilegt öllu samstarfi, að borgarstjóri kæmist í ósamræmi við meiri hl. bæjarstjórnar. Engum hefir heldur dottið þetta í hug viðvíkjandi oddvitum, að láta hreppsbúa kjósa þá, en ekki hreppsnefnd. Það væri alveg í samræmi við þessa brtt., en það teldi jeg ekki til bóta.

4. brtt. held jeg að skifti litlu og sje að minsta kosti í sveitum landsins harla lítils virði. Aðrar brtt. á þessu þskj. skilst mjer, að grípi eingöngu um borgarstjórana og standi og falli hver með annari.

Viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. N.-M., þá finst mjer óviðfeldið að gera ráð fyrir öðru fyrirkomulagi við þessar aukakosningar en venjulega er haft. Jeg get alls ekki sjeð eftir sýslumanninum til að stjórna kosningunni. Finst mjer till. hæstv. forseta vera eðlilegri; þarf þá ekki að fara að kjósa upp aftur og baka mönnum svo óþarfa fyrirhöfn. Mun jeg því greiða till. hans atkv.

**Páll Hermannsson:** Hv. 6. landsk. kvað það vera óviðfeldið að beita öðrum aðferðum við aukakosninguna en

giltu nú að lögum. En óviðfeldnara er það þó, að setja þær reglur, að komið geti fyrir, að þeir, sem eiga rjett á fulltrúa í sýslunefnd, verða að vera án hans vegna kosningafyrirkomulagsins. Lögunum verður að breyta til þess að kosning megi fara fram milli manntalsþinga. Og enda þótt till. hæstv. forseta verði ofan á, þá eru þar afbrigði frá almennu reglunni.

**Guðmundur Ólafsson:** Jeg sje, að þeir hv. 2. þm. N.-M. og hv. 2. þm. S.-M. eru illa með á nótunum með því, hvað fyrir mjer vakti. Hv. 2. þm. S.-M. þótti varhugavert að kjósa með „undanþágu", eins og hann kallaði það. En það er ekki rjett að tala um neina „undanþágu", ef þetta verður sett í lögin. Ef svo fer, að báðir skerast úr leik, aðalmaður og varamaður, þá á að kjósa við fyrstu hentugleika í stað þeirra. Jeg sje ekki, hvað það er viðkunnanlegra að láta kjósa tvisvar á sama ári, láta hreppsnefnd kjósa fyrst, en láta síðan staðfesta þá kosningu eða fella úr gildi á næsta manntalsþingi. Verði brtt. mín samþ., þá verður þetta eitt af ákvæðum laganna, en ekki nein „undanþága" eða neitt svoleiðis. — Það var þetta, sem jeg vildi taka fram. Þá er rjett að kjósa aftur, og má þá vel vera, að best sje að kjósa 2 menn til vara, eins og hv. flm. stakk upp á.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg er algerlega samþykk brtt. á þskj. 451, en vildi þó gjarnan, að það yrði tekið skýrar fram, að kona, sem gift er manni, sem svo er ástatt um, eða maður, sem ætti slíka konu, mistu ekki rjettindi sín þess vegna. Jeg vil, að því sje slegið algerlega föstu, að missir kosningarrjettar af þessum ástæðum nái ekki nema til annars hjóna. Því höfum við, hv. 4. landsk. og jeg, komið fram með þá brtt., að aftan við 6. lið 1. gr. bætist: „enda verið sviftir fjárforræði fyrir þessar sakir". Jeg hefi að vísu enga sjerþekkingu á þessum málum, en jeg lít svo á, að sá maður, sem mist hefir álit og traust sökum þessara lasta, sje ekki fær um að hafa fjárforræði sitt. Því hygg jeg, að hjer sje ekki tekið of djúpt í árinni. Brtt. tekur það skýrt fram, að slíkur rjettindamissir á ekki að lenda jafnt á maklegum og ómaklegum, og það er það, sem fyrir mjer vakti, er jeg flutti hana ásamt hv. 4. landsk.

**Jón Þorláksson:** Út af ummælum hæstv. forsrh., að persónulegar ástæður geti frekar ráðið vali borgarstjóra, ef bæjarbúar kjósa, heldur en ef bæjarstjórn kýs, vil jeg geta þess, að jeg hygg, að hann hafi þar bygt orð sín á misskilningi. Jeg fæ ekki skilið, að persónulegar ástæður fyrir vali borgarstjóra verði útilokaðar með löggjöf, og held, að þær muni ennþá fremur koma til greina við val innan bæjarstjórnar en við almenna kosningu.

Hv. þm. Ak. hjelt því fram, að bæjarstjórinn væri verkfæri í höndum bæjarstjórna, en jeg álít, að hann sje miklu meira. Því til sönnunar vil jeg nefna það, að hann sjer einn um framkvæmd fátækralaga og hefir ýms önnur störf á hendi samkv. landslögum, án þess að hann þurfi að fara eftir fyrirskipunum bæjarstjórnar. (**EF:** Getur hv. þm. nefnt fleiri dæmi?). Já, þetta er aðeins eitt af mörgum.

T. d. má geta þess, að framkvæmd kosningalaga hvílir á borgar- eða bæjarstjórum, og ýmislegt fleira, sem jeg nenni ekki að tína til.

Viðvíkjandi 1. brtt. minni á þskj. 451 vil jeg geta þess, að mjer hefir eigi komið til hugar, að það ákvæði yrði skilið svo, að nokkur maður misti kosningarrjett sinn fyrir leti, ómensku eða hirðuleysi annara en hans sjálfs, enda eru engin lög til, sem ákveða það, en til þess að taka af öll tvímæli, hefi jeg komið með aðra brtt. við þessa brtt. mína, er fer fram á, að tveimur orðum verði bætt aftan við, nefnilega: „sjálfs sín". Þá hljóðar setningin svo: „Standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, ómensku eða hirðuleysis sjálfs sín". Hjer kemur það ótvírætt í ljós, að engan skal setja undir þetta ákvæði, sem ekki hefir gert sig sekan í því, er greinin nefnir.

Um brtt. hv. 2. og hv. 4. landsk. er það að segja, að hún er aðeins smíðalýti og segir ekki annað en það, sem sagt er í 1. og 2. lið. Ennfremur er alger óþarfi að hnýta því aftan í, að kona missi ekki kosningarrjett sinn, þótt maðurinn hafi glatað honum. Sameiginlegar kjörskrár við bæjar- og alþingiskosningar og svo kosningalöggjöfin sjálf ákveða, að svo skuli eigi vera. Sje jeg því ekki nokkra ástæðu til þess að samþ. þessa brtt., því þótt hún verði samþ., segir hún ekki annað en það, sem annarsstaðar stendur í frv.

**Erlingur Friðjónsson:** Jeg ætla fyrst að snúa mjer að hæstv. forseta. Mjer virtist eins og hann gerði gys að því, er jeg talaði um konur óreglumanna, og sagði hann, að það væri eins og jeg gengi að því gefnu, að allir óreglumenn væru giftir. Um það sagði jeg ekkert, en jeg gerði ráð fyrir, að svo gæti verið, að óreglumaður væri giftur, og jeg hygg það enga fjarstæðu. Ennfremur vil jeg geta þess í sambandi við þau ummæli forseta, að við, sem ekki samþ. till., værum að halda uppi þessu spilta lífi, lítum svo á, að dómur, sem ákveður, hvort eigi að telja einn mann óreglumann eða ekki, geti oft lent á þeim, sem ekki hafa unnið til þess. Þá vil jeg víkja að því, sem hv. 3. landsk. hafði eftir mjer, að jeg teldi borgar- eða bæjarstjóra sem verkfæri í höndum bæjarstjórna, en sagði sjálfur, að þeir væru miklu meira og vildi skýra sitt mál með því, að þeir innu ýms verk sjálfstætt, án þess að styðjast við fyrirmæli bæjarstjórna. Jeg gat þess áðan, að þetta myndi ekki vera rjett, en þá vísaði hv. þm. til framkvæmda á fátækralögum og kosningalögum. Jeg get upplýst það fyrir hv. þm., að það eru fátækranefndir, sem hafa með framkvæmdir fátækralaga að gera, en um kosningalögin er það að segja, að bæjarstjórn kýs tvær nefndir, kjörskrárnefnd og kjörstjórn, til að sjá um þau. Jeg hygg, að hv. 3. landsk. hafi aldrei verið vel inni í bæjarmálum, ef hann ætlar að halda þessari skoðun sinni til streitu.

**Jón Baldvinsson:** Mig langar til að segja nokkur orð við hv. 3. landsk., og þess vegna stóð jeg upp. Hv. þm. vitnaði í kosningalögin og sagði, að kona hefði atkvæðisrjett, þótt maður hennar hefði verið sviftur fjárforráðum, og samskonar ákvæði kvað hann

vera í bæjarstjórnarlögum. Þessi ákvæði taka það eitt fram, að kona missir ekki atkvæðisrjett, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Þessi ákvæði sanna því ekki það, sem hv. þm. vildi láta þau sanna. (**JÞ**: Þetta er hreinasti misskilningur). Nei, svo er ekki, enda getur hv. þm. sjeð það, ef hann les lögin með athygli. Þetta ákvæði í kosningalögunum er sett til þess að tryggja öllum þeim konum kosningarrjett, sem ekki hafa sjálfstætt fjárforræði, þ. e. hafa kaupmála, og sem vegna skilyrðis kosningalaga um fjárforræði gætu annars ekki kosið.

Þá vil jeg aðeins víkja að hinni skriflegu brtt. hans. Mjer virðist það gera hvorki til nje frá, þótt orðunum „sjálfs sín“ sje bætt inn á eftir upptalningunni.

Það er ekki ástæða til að endurtaka það, sem sagt hefir verið, en jeg vildi að síðustu víkja að því atriði, að ef fátæklingur fer fram á styrk, eiga fátækrastjórnir að kveða upp dóm um það, hvort hann þurfi styrks sökum leti, hirðuleysis eða óreglu, eða þá af löglegum orsökum, og er þá farið að grípa helst til langt inn í einkalíf manna, eftir því sem hv. 3. landsk. venjulega kennir, en við það hefir hann ekkert að athuga, þegar um fátæklinga er að ræða. Till. hv. þm. er vansmíði, sem verður að fella. Hv. þm sagði, að mín till. væri smíðalýti, en hún kveður skýrt á um það, hver er rjettur manna, og því hefir hv. þm. ekki tekist að hnekkja.

ATKVGR.

Afbrigði um 3 skrifl. brtt. (verða þskj. 487, 488 og 489) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 487 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 488 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EÁ, EF, IHB, IP, JBald, JónasJ, PH.

**nei:** JKr, BK, HSteins, JóhJóh, JónJ, JÞ, GÓ.

Brtt. 451,1, svo breytt, samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BK, EÁ, HSteins, IHB, JóhJóh, JónJ, JÞ, JKr, GÓ.

**nei:** EF, IP, JBald, JónasJ, PH.

Brtt. 451,2 feld með 8:6 atkv.

— 451,3 tekin aftur.

— 451,4 samþ. með 10:3 atkv.

— 451,5 tekin aftur.

— 451,6 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr.

**nei:** JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, IP, JBald, GÓ.

Brtt. 451,7 tekin aftur.

— 452 samþ. með 7:2 atkv.

— 489 samþ. með 8:3 atkv.

— 473, svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 490).

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 490, 522).

Of skamt var liðið frá útbýtingu

brtt. 522. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Því var bætt inn í þetta frv. í hv. Ed. sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, að menn væru ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis.

Þó að jeg sje enginn fylgismaður letingja og óreglumanna, þá lít jeg svo á, að það sje svo erfitt að dæma um þessi atriði, að slíkt verði ómögulegt í framkvæmdinni. Jeg hefi því komið með brtt. við 1. gr., þess efnis, að aftan við 6. lið gr. bætist, enda verið sviftir fjárforráði fyrir þessar sakir".

Ef leti, óregla eða hirðuleysi á að hafa áhrif á það, hvort menn skuli hafa rjett til þess að hafa áhrif á landsmál með atkv. sínu, þá álít jeg rjettast, að þeir menn sjeu sviftir fjárforræði. Það hefði auk þess þann kost, að þá væru menn altaf á því hreina með það, hvort einhver sjerstakur maður ætti að hafa kosningarrjett eða ekki. Annars álít jeg, að rjettast væri að hafa ekki þetta ákvæði, sem bætt var inn í Ed., í frv., og ef hæstv. forseti vildi leyfa, að 6. liður 1. gr. væri borinn upp sjerstaklega, þá mundi jeg falla frá þessari brtt. minni.

Þetta ákvæði getur verið hættulegt. Því sje gengið út frá því, að fátækrastjórnirnar ættu að hafa úrskurðarvald um þetta — sem að vísu ákvæði vantar um í frv. og því algerlega óvíst um, hver dæma eigi —, þá er oft hætt við því, að þessi mál gætu litast af pólitík í ýmsum tilfellum, því að sveitar- og bæjarstjórnir eru venjulega kosnar eftir stjórnmálastefnum frambjóðanda. Auk þess eru t. d. orðin ‚hirðuleysi sjálfs sín' mjög teygjanleg, og er hætt við, að íhaldssamar sveitarstjórnir gætu heimfært margt undir þau. Það er meira að segja ekki útilokað, að þær gætu teygt þau yfir flesta, sem þiggja af sveit, því að það er algengt orðtak helstu íhaldsmanna, að ástæðurnar til þess að menn yfirleitt þiggi af sveit sjeu „leti og óregla", þegar það sje ekki „hirðuleysi" mannanna sjálfra.

Jeg endurtek svo ósk mína um það, að 6. liður sje borinn upp sjerstaklega, og mun jeg þá taka aftur brtt. mína.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Jeg fæ ekki sjeð, hvernig hægt er að bera 6. lið 1. gr. upp sjerstaklega, eins og hv. 2. þm. Reykv. fer fram á, því þar sem hjer er aðeins um eina umr. að ræða, skal bera frv. upp í heild. En annars sker forseti vitanlega úr því.

Annars fæ jeg ekki sjeð, að brtt. hv. 2. þm. Reykv. geti átt hjer við, því ef þessir menn verða sviftir fjárforræði, falla þeir undir annan lið. Og úr því hv. þm. fór að koma fram með brtt. við frv., hefði hann heldur átt að hafa hana þess efnis, að 6. liður 1. gr. falli burtu. (**HV:** Við getum gert það ennþá). Já, því þá ekki að gera það? Hitt er annað mál, hvort hv. deild vill vera að hrekja frv. milli deilda. Jeg efast mjög um það, enda held jeg, að það sje ekki svo mikið, sem mælir með því, að þessir menn, er þiggja af sveit vegna leti, óreglu eða hirðuleysis, hafi áhrif á landsmál með atkv. sínum, að ástæða sje til þess. Geri jeg ráð fyrir, að

með þessum 6. lið 1. gr. sje átt við svipað og í 43. gr. fátækralaganna.

Þá talaði hv. þm. um það, að hætta væri á því, að íhaldssamar sveitarstjórnir segðu, að allur sveitarstyrkur væri greiddur vegna hirðuleysis þeirra, er þyrftu hans með. Jeg veit ekki, hvaðan hv. þm. hefir þessa speki sína. En vilji hann athuga till. íhaldsmanna á þinginu 1927, þá getur hann sjeð, hvað þeir telja að afsaki hann nægilega til þess að þeir, er þiggja hann, haldi öllum rjettindum. Jeg vil skora á hv. þm. að taka þessa brtt. sína aftur og koma þá heldur með aðra skriflega, þess efnis að fella burtu 6. lið 1. gr. Þá verður 1. gr. fyrst frambærileg, en verði þessi brtt. á þskj. 522 samþ., verður hún hrein vitleysa.

**Forseti (JörB):** Mjer hefir borist skrifleg brtt. frá hv. þm. Ísaf., og þarf að leita afbrigða um það, hvort hún megi komast að.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Ef afbrigði verða leyfð um þessa skrifl. brtt., þá get jeg tekið **mína** brtt. aftur. Viðurkenni jeg þó ekki þá skoðun hv. 1. þm. Skagf., að hún verði ekki feld inn í 1. gr., ef sú gr. á að haldast óbrjáluð. Frekar mætti segja, að hjer væri um endurtekningu að ræða. En ef þetta er rjett í 1. gr. frv., þá er það jafnrjett í brtt. minni.

Annars skal jeg ekki lengja umr. með því að deila við hv. 1. þm. Skagf. um þetta mál. En vitanlega voru breyt. þær, er komust inn í sveitarstjórnarlögin 1927 og miðuðu að því að draga úr almennum kosningarrjetti, runnar frá íhaldsmönnum, því þeir treystu því, að þar sem þeir væru í meiri hl. í sveitarstjórn, þá gætu þeir með þessum ákvæðum takmarkað að nokkru leyti alm. kosningarrjett. Einnig var það íhaldið, sem gekk best fram gegn því, að 43. gr. l. frá 1927 væri skýrt ákveðin, heldur vildi það hafa hana sem teygjanlegasta. Og jeg skal geta þess, að jeg veit ekki til, að sveitarstjórnir hafi nokkurstaðar úrskurðarvald í þessum efnum, svo að íslenska íhaldið gengur lengst í þessum efnum aftur á bak.

Jeg vil bæta því við, að þó það virðist sjálfsagt, að letingjar og hirðuleysingjar hafi kosningarrjett, og þó það láti vel í eyrum, að svo skuli ekki vera, þá er það þó fjöldi letingja og óreglumanna, sem hafa kosningarrjett og halda honum áfram þrátt fyrir þetta ákvæði, þar sem þeir hafa peninga, en þurfa ekki að þiggja af sveit, og eru á meðal þessara manna ýmsir þeir, er mestu ráða í Íhaldsflokknum. Það er með öðrum orðum verið að sjá svo um, að þeir einir hafi kosningarrjett, er peningana hafa, og er það rjett íhaldsstefna, þótt óvíst sje, hversu vinsæl hún er meðal þjóðarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 526) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Hákon Kristófersson:** Jeg ætla mjer ekki að fara að lengja hjer umr. En jeg vildi aðeins leyfa mjer að spyrja hv. 2. þm. Reykv. að því, með hverju hann styður þann sleggjudóm sinn um íhaldsmenn, að þeir fari óráðvendnislegar með völd sín en aðrir.

Þetta á víst að vera lof um framsóknarmenn, en jeg get ekki neitað því, að mjer finst það heldur óviðeigandi. Jeg lít svo á, að slíkar illgjarnar ásakanir í garð íhaldsmanna sjeu engum sæmandi, ekki einu sinni hv. 2. þm. Reykv., nema því aðeins, að hann geti nefnt sjerstök og ákveðin dæmi máli sínu til stuðnings.

Viðvíkjandi fátækral. frá 1927 skal jeg taka það fram, að bæði framsókn og íhald stóðu saman um það að gera þau svo úr garði sem þau eru nú. Þó voru nokkrir íhaldsmenn á móti þeim, og var jeg einn þeirra.

Annars held jeg, að hv. þm., sem þykist bera svo mjög fyrir brjósti hag þeirra minni máttar, ætti fyrst að líta í sinn eiginn barm, því jeg man ekki betur en jeg hafi nýlega lesið í bók eftir einn af hans ágætu flokksbræðrum, að maður einn, er hv. þm. hefir í þjónustu sinni, sje svo illa launaður, að hann hafi þurft að leita til bæjarins.

Hinar illgjörnu ásakanir hv. þm. í garð íhaldsmanna eru í alla staði ósæmilegar og að engu hafandi. Þó að ef til vill sje hægt að finna þess dæmi, að íhaldsmenn hafi farið óráðvandlega með völd sín, þá eru þau mjög fá eða engin. Það er alveg óhætt að fullyrða, að það eru misjafnir sauðir í öllum flokkum, en að þeir sjeu allir í Íhaldsflokknum, það nær auðvitað engri átt. Og þegar hv. þm. hugsar sig betur um, þá geri jeg ráð fyrir, að hann sjái, að þessi sleggjudómur hans um Íhaldsflokkinn var bæði ósæmilegur og ósannur, en er honum sjálfum til háborinnar skammar.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Jeg gat ekki fengið betri staðfestingu á því, sem jeg sagði áðan, heldur en þá, sem nú er fram komin, þar sem hv. 2. þm. Reykv. tekur brtt. sína aftur. Annars finst mjer það ekki vera til neins að fara að karpa við hann um fátækralögin frá 1927, en þar sem hann sagði, að Íhaldsflokkurinn væri á móti almennum kosningarrjetti, þá er það ekki annað en vitleysa, sem sjest best á því, að 1927 fórum við íhaldsmenn eins langt og hægt var vegna stjórnarskrárinnar í því að láta þá fá kosningarrjett, sem hafa þegið af sveit.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Jeg ætla ekki að svara hv. þm. Barð. öðru en því, að ef jeg áliti, að íhaldsmenn væru eins góðir og aðrir í fátækrastjórnum, eða yfirleitt öðrum opinberum stjórnum, þá gæti jeg eins vel kosið þá og stutt þá til kosninga eins og aðra. En það er svo langt frá, að svo sje. Það þarf ekki annað en líta í þingtíðindin og sjá, hvernig þeir líta á almennan kosningarrjett og stjórnarskrána og kosningalögin, sem enn gilda, til þess að sjá, hvernig þeir takmarka þessi mannrjettindi.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri ekki annað en vitleysa, þegar jeg sagði, að íhaldið væri á móti almennum kosningarrjetti. Hv. þm. veit þá alls ekki, hvað er almennur kosningarrjettur. Almennur kosningarrjettur er það, þegar engar hömlur eru lagðar á kosningarrjettinn, hvorki aldur hærri en lögaldur, fátækrastyrkur eða annað slíkt. En Íhaldsflokkurinn vill einmitt sem flestar slíkar hömlur leggja á.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Ef þetta er rjett skilgreining á almennum kosningarrjetti, þá ætlar hv. 2. þm. Reykv. að brjóta hana sjálfur með frv., þar sem hann vill útiloka alla, sem sviftir eru fjárforræði, hvort sem það er fyrir eigin sök eða vegna óhappa.

**Ólafur Thors:** Jeg skal játa, að þegar fátækralögin voru hjer til umr. á Alþ. 1927, athugaði jeg ekki gaumgæfilega þau atriði, hverjir mistu kosningarrjett vegna fátækrastyrks. Í 29. gr. stjskr. eru talin kosningarrjettarskilyrði til Alþ. ásamt undantekningum. Ein af þessum undantekningum er sú, að menn sjeu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Jeg er ekki í vafa um, að það er tilætlun löggjafans, að þeir, sem þegið hafa sveitarstyrk og ekki endurgreitt hann, missi kosningarrjettinn. Í fátækralögunum frá 1927 er svo fyrir mælt, að sveitarstyrkur sje undir vissum kringumstæðum ekki endurkræfur, ef hann er veittur vegna veikinda, ómegðar, óhappa o. s. frv. Þeir menn, sem fá slíkan styrk, eru látnir halda sínum kosningarrjetti. Jeg get nú ekki sjeð, að þessi fyrirmæli verði samrýmd stjskr., og menn verða að gera sjer ljóst, hvora leiðina beri heldur að fara, að halda sjer við 29. gr. stjskr. og láta alla missa rjettinn, sem ekki hafa endurgoldið sveitarstyrk, eða þá að afnema alveg þetta ákvæði 29. gr. stjskr. og heimila öllum rjettinn, þó að þeir hafi þegið styrk, en því er jeg fylgjandi, og úr því sem komið er, tel jeg, að ekki verði hjá því komist.

Áður en fátækralögin frá 1927 gengu í gildi, gat þetta ekki orkað tvímælis. Þá hlutu allir að missa kosningarrjett, sem ekki höfðu endurgreitt sveitarstyrk. En í lögunum frá 1927 er sveitarstjórnunum sett í sjálfsvald að dæma um, hvort styrkurinn er þeginn fyrir sjálfskaparvíti eða ekki, og þá getur komið fyrir, að sá haldi rjettinum, sem þegið hefir styrk fyrir sjálfskaparvíti, en hinn missi hann, sem hefir orðið styrkþurfi vegna veikinda, ómegðar o. s. frv. Þetta er óþolandi órjettlæti. Það liggur í hlutarins eðli, að ef heiðarlegur maður neyðist til þess að leita á náðir sveitarinnar, þá er honum raun að því. Og ekki bætir það úr, ef hann er þar á ofan sviftur mannrjettindum.

Jeg álít, að það sje rjetta leiðin að fella alveg burtu þessi ákvæði 29. gr. stjskr. og þar með slá því föstu, að menn skuli hafa kosningarrjett til Alþ., þó að þeir hafi þegið sveitarstyrk. Verði nú þetta gert, þá verður sú stefna líka að ráða um aðrar kosningar. Þó að jeg sjái að vísu ekki ástæðu til að vernda letingja og slæpingja, þá verð jeg að líta svo á, að ekki verði samræmi í lögunum nema því aðeins, að kosningarrjettur sje veittur öllum, hvort sem þeir hafa þegið sveitarstyrk eða ekki. Jeg mun því greiða atkv. með brtt. hv. þm. Ísaf.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg get ekki annað en undrast, þegar tveir íhaldsmenn rísa hjer upp hvor á eftir öðrum og hæla sjer af fátækralagabreytingunni frá 1927. Ef þeir hafa ekki annað til þess að hæla sjer af, þá held jeg að þeir ættu heldur að láta það ógert. Þau lög eru höfundunum yfirleitt til hinnar mestu vansæmdar, þó að einstöku ákvæði sjeu

þar til bóta frá því, sem áður var. Þar er sveitarstjórnum og fátækrastjórnum gefið vald til þess að meta verðleika manna til að halda óskertum mannrjettindum sínum. Slíkt er óhæfa.

Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við þetta frv., þar sem jeg legg til, að fyrri málsgr. 6. liðar 1. gr. falli burt. Það er álit okkar jafnaðarmanna, að ekki sje rjett að svifta menn kosningarrjetti vegna fátæktar. Það er hreinasta fásinna að gefa sveitarstjórnum vald til þess að meta, hvort um sjálfskaparvíti sje að ræða, er menn þiggja fátækrastyrk. Í fátækralögunum er nú sveitarstjórnum gefið vald til þess að láta svifta þá menn fjárráðum, sem fara ráðlauslega með efni sín og eru í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk af þeim ástæðum. Þá missa þeir kosningarrjettinn af sjálfu sjer um leið. Jeg fyrir mitt leyti álít, að ekki sje neitt á móti því, að sveitarstjórnirnar geri slíkt, þegar um slæpingja og vandræðamenn er að ræða. En þetta er líka nóg. Hitt væri að gera mun á fátækum og ríkum slæpingjum og óráðsíumönnum. Allar frekari takmarkanir á kosningarrjetti eru óþarfar og órjettlátar.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Deilan um 43. gr. fátækralaganna er gömul og tæpast ástæða til að fara langt út í hana. Jafnaðarmenn finna það að, að sveitarstjórnir eiga að dæma um, hvort sveitarstyrkur sje veittur vegna leti, ómensku eða hirðuleysis. Betri dómstól um þetta er þó ekki hægt að fá, og meðan stjórnarskrá vor er óbreytt, er ekki hægt að komast nær því að afnema fátækrastyrk sem kjörgengisskilyrði og kosningarrjettarskilyrði en gert er í 43. gr. fátækralaganna. Jafnaðarmenn ættu því að þakka íhaldsmönnum fyrir þetta ákvæði 43. gr., ef þeir annars í raun og veru bera hag hinna fátæku fyrir brjósti. Viðvíkjandi því, hvort rjett sje að svifta menn kosningarrjetti vegna leti, drykkjuskapar eða hirðuleysis, þá vil jeg benda á það, að gjaldþrota menn eru sviftir rjettinum. Þó geta menn orðið gjaldþrota fyrir slys og óhöpp. Það getur t. d. brunnið hjá þeim óvátrygt o. s. frv. Hvaða vit er í að svifta slíka menn kosningarrjetti? Ef letingjar og drykkjuræflar eiga að halda sínum kosningarrjetti, þó að þeir sjeu komnir á sveitina, þá verða gjaldþrota menn að hafa sömu rjettindi. Annars verða lögin ekki sjálfum sjer samkvæm.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg þarf ekki að víkja neitt að efni frv., því að mín skoðun er þar áður kunn. Jeg vil aðeins taka það fram um þá brtt., sem fram er komin, að jeg geri ráð fyrir að vera á móti henni, því að jeg álít það vera vafamál, hvort frv. nær fram að ganga, ef hún verður samþ. Jeg efast um, að hv. Ed. samþ. frv. með þessari breyt., og þá verður það að fara í Sþ., en þar þarf ⅔ atkv. til samþykkis. Jeg mun því greiða atkv. á móti brtt. til þess að stofna málinu ekki í hættu.

**Sigurður Eggerz:** Jeg legg áherslu á það, að jeg greiði hiklaust atkv. með því, að 6. liður 1. gr. falli niður. Menn hneykslast á því, að letingjar og slæpingjar eigi að fá kosningarrjett, en þá

vil jeg segja það, að letingjar og slæpingjar hafa kosningarrjett samkv. gildandi lögum, bara ef þeir eru ríkir. Og það er ranglæti að láta fátæklingana gjalda þess, að í þeirra hópi eru letingjar og slæpingjar. Þeir eiga að vera alveg eins rjettháir og ríku mennirnir (**HG:** Heyr!). Um þetta er jeg alveg sammála hv. 2. þm. G.-K. Með því að fella niður hömlur kosningarrjettarins er verið að stíga spor í frjálslyndisáttina. Jeg vona, að sá geigur, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. um að þessi brtt. yrði frv. til falls, aftri mönnum ekki frá að greiða atkv. með henni. Jeg er sannfærður um, að hæstv. stj. á svo mikil ítök í hv. Ed., að stjórnarinnar menn þar samþ. frv. eins og það er. Jeg vil því leggja til, að við fellum óhræddir niður 6. lið 1. gr., því að þá veitum við mörgum fátækum ágætismönnum sjálfsögð mannrjettindi og látum þá ekki gjalda þess, að ýmsir eru orðnir fátækir fyrir slæpingsskap.

**Hákon Kristófersson:** Mjer þótti það satt að segja merkilegt, að minn ágæti gamli vinur, hv. þm. Dal., skyldi vilja halda því fram, að með 6. lið 1. gr. væri verið að útiloka marga fátæka ágætismenn frá kosningarrjetti. Í þessum lið er svo ákveðið, að þeir menn skuli ekki hafa kosningarrjett, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis *sjálfs sín*. Með þessu er auðvitað verið að útiloka fátæka menn, en að margir ágætir menn heyri þarna undir, því verð jeg algerlega að andmæla. Það getur alls ekki átt sjer stað.

Það kann auðvitað vel að vera, að margir ríkir menn sjeu óreglumenn, en að ónytjungar verði ríkir, því trúi jeg ekki. Það gæti þá því aðeins átt sjer stað, að þeir hefðu fengið fje að erfðum eða að gjöf. Mjer finst það langeðlilegast, að þeir, sem borga í sveitarsjóðina, fái líka að ráða, hvað gert er við þá. Það nær engri átt að láta letingja og slæpingja hafa þar íhlutunarrjett. Og jeg var satt að segja aldeilis hlessa, þegar jeg heyrði hv. þm. Dal. tala um það sem einn lið af sínu frjálslyndi, að þessir menn ættu að hafa atkvæðisrjett við allar kosningar. Honum getur varla verið alvara. Þegar maður heyrir þessu haldið fram hjer í hv. deild, og það í nafni frjálslyndisins, þá er tæplega hægt á það að minnast án þess að hlæja, og það þó í hlut eigi aðrir eins alvörumenn eins og jeg. (Hlátur). Jeg fyrir mitt leyti er alveg viss um, að enginn verður sakaður um skort á frjálslyndi, þó að hann sje á móti þessu og greiði því ekki atkv.

**Sigurður Eggerz:** Það er satt að segja merkilegt, hvað sniðugir og gáfaðir ræðumenn geta stundum snúið á mann, eða látið líta svo út, að þeir geri það. Hv. þm. Barð. er að vísu hættulegur andstæðingur, en jeg verð þó að segja honum það í allri einlægni, að jeg vil alls ekki láta „sortjera" menn í rjettláta og rangláta eftir mati pólitískrar nefndar. Þá gæti vel svo farið, að margir heiðarlegir menn væru settir á bekk með letingjum og slæpingjum.

Jeg vona því, að hv. þm. Barð. hafi skilið, hvað jeg meinti með þessu. Jeg

vil ekki leggja það undir dóm pólitískrar nefndar, hverjir eiga að hafa þennan rjett. Og þó að hv. þm. Barð. geti með ræðusnild sinni fengið menn til að hlæja hjer í hv. d., þá getur hann verið viss um, að fátæklingarnir hlæja ekki, ef á að taka af þeim sjálfsögðustu rjettindi.

**Hákon Kristófersson:** Það er misskilningur hjá hv. þm. Dal., að jeg hafi á nokkurn hátt verið að reyna að gera orð mín hlægileg.

Annars stóð jeg aðallega upp til að benda hv. þm. á, að það er ekki honum sæmandi að segja það, að allar hreppsnefndir sjeu svo pólitískar, að málum kjósendanna sje ekki þess vegna borgið hjá þeim. Það er sannarlega óþarfa hræðsla hjá hv. þm.

Jeg mótmæli því, að jeg hafi ætlað að gera hv. þm. hlægilegan, þó að jeg gæti ekki annað en brosað að ummælum hans, einkum þar sem hann gleymdi að lesa upp byrjunina á liðnum, en las bara seinni partinn. **(SE:** Jeg vildi láta hv. þm. skilja þetta: Það má alveg eins útiloka ríkan mann fyrir að hann er letingi eða slæpingi). Við skulum taka til dæmis mann, sem hefir unnið glæpsamlegt athæfi í augnabliksyfirsjón. Af hverju má hann ekki hafa kosningarrjett, ef hann kemur eins og iðrandi syndari á kjörstaðinn?

**Forseti (JörB):** Jeg skal geta þess út af orðum hv. 2. þm. Reykv. (HV), að jeg tel mjer ekki unt að bera upp 6. lið 1. gr. sjerstaklega.

ATKVGR.
Brtt. 522 tekin aftur.
Brtt. 526 feld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** MT, ÓTh, SE, SÁÓ, HStef, HG, HV, JörB.
**nei:** MJ, PO, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, HJ, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG.

Fjórir þm. (BSv, EJ, GunnS, ÞorlJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 529).

## 20. Fjárlög 1930.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til fjárlaga fyrir árið 1930** (stjfrv., A. 16).

Á 4. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Þegar Magnús Kristjánsson fjmrh. fjell frá, var mjer falið það á hendur af hans hátign konunginum, að gegna í bili störfum fjmrh. Síðan eru liðnir rúmlega tveir mánuðir. Jeg hefi haft ærið mörgum öðrum störfum að gegna og í mánuðinum sem leið urðu sjerstakir atburðir til þess að tefja enn tíma minn. Því má af líkum ráða, að jeg hefi ekki getað lagt fram þá vinnu, sem æskilegt hefði verið og nauðsynlegt til þess að vanda undirbúning fjárlagafrv. til fullrar hlítar. Er mjer skylt að láta þessa getið í upphafi máls míns.

Frv. er í öllum aðalatriðum sniðið eftir þeim fjárlögum, sem síðasta þing

afgreiddi. Úrslitatölur frá árinu sem leið voru ekki komnar stj. í hendur þegar þurfti að ganga frá tekjuáætlun frv. Nokkru meiri vitneskja er nú um þá reynslu fengin og afleiðingar hinnar breyttu löggjafar um tekjuöflun frá síðasta þingi. Í ljósi þeirrar reynslu er óhætt að fullyrða, að tekjuáætlunin í frv er mjög varleg. Enda næði ekki neinni átt að sníða áætlun komandi árs um of eftir slíku góðæri sem árið var. Breytingin frá tekjuáætlun þeirri, sem nú gildir, nemur aðeins tæplega 300 þús. kr.

Tekjuafgangur er áætlaður rúmlega 50 þús. kr. Hefir verið leitast við að leiðrjetta áætlunina í samræmi við undangengna reynslu. Stærsta áætlunarskekkjan, að óbreyttri löggjöf og framkvæmd, er þó enn óleiðrjett, sem er áætlunin um styrk til berklasjúklinga, enda telur og stj., að ekki verði hjá því komist að gera einhverjar ráðstafanir út af hinni gífurlegu útgjaldaaukningu á þeim lið.

Ástæða er til að vekja sjerstaka athygli á því, að í frv. er ekkert áætlað fyrir útgjöldum vegna hátíðahaldanna í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis. Annarsvegar er um það þess að geta, að erfitt mun vera að gera nú áætlun um kostnað af hátíðahöldunum. Hinsvegar er undirbúningur hafinn um tekjuöflun, sem væntanlega yrði sjerstaklega varið til þess að greiða kostnað af hátíðahöldunum. Munu fjárveitinganefndir fá nánari greinargerð um þetta atriði.

Jeg vil því næst, venju samkvæmt, gefa bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld ríkisins á árinu sem leið. Er það gert með hinum venjulega fyrirvara, að ekki eru öll kurl komin til grafar, því að ekki er nú, fremur en venjulega, lokið öllum innborgunum og útborgunum, sem reikningslega verða látnar fylgja árinu. Nokkrar breyt. geta því orðið á þessu yfirliti, en væntanlega ekki stórvægilegar. (Sjá töflu I).

Tekjurnar hafa þessu samkv. farið fram úr áætlun sem nemur 3 milj. og 400 þús. kr. Stafar það sumpart af breyttri skattalöggjöf frá síðasta Alþingi, sem að nokkru náði til ársins sem leið, en sumpart af því, að árið var eitt hið mesta góðæri bæði til lands og sjávar. Um síðasta tekjuliðinn má geta þess, að meginhlutinn, 300 þús. kr., er endurgreidd lán frá vínein kasölunni.

Í 21. gr. fjárl. fyrir árið voru gjöldin samkv. 7.—20. grein áætluð 10453877 kr. En þau urðu á þessum greinum 11378107 kr., eða tæpri einni miljón króna hærri. Eru það fjórir liðir, sem aðallega valda umframgreiðslunum. — Í afborganir og vexti af lánum er greitt nálega 200 þús. kr. meira en áætlað var. Til vegamála er greitt rúmlega 300 þús. kr. meira en áætlað var. Útgjöld samkv. jarðræktarlögunum urðu ca. 110 þús. kr. meiri en áætlað var. Og styrkur til berklasjúklinga varð ca. 270 þús. kr. meiri en áætlað var. Upphæðirnar á þessum fjórum liðum nema þannig samtals ca. 900 þús. kr. Má heita, að fyrir utan þær hafi áætlunin um útgjöld í 7.—20. gjaldagrein fjárl. staðist.

Auk þess nema útgjöldin samkv. 23. gr. tæplega 80 þús. kr. og samkv. væntanlegum fjáraukalögum, öðrum lögum og þingsályktunum 865157 kr.

**Tafla I. Bráðabirgðauppgerð á tekjum og gjöldum ríkissjóðs árið 1928.**

| Fjárl. gr. | | Tekjur. | Fjárveit. kr. | Reikn. kr. | Fjárveit. kr. | Reikn. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2. | 1 | Fasteignaskattur | 240000 | 261121 | | |
| | 2 | Tekju- og eignarskattur | 950000 | 1049484 | | |
| | 3 | Lestagjald af skipum | 40000 | 44838 | | |
| | | | | | 1230000 | 1355443 |
| | 4 | Aukatekjur | 350000 | 567859 | | |
| | 5 | Erfðafjárskattur | 40000 | 37344 | | |
| | 6 | Vitagjald | 300000 | 450674 | | |
| | 7 | Leyfisbrjefagjöld | 10000 | 15364 | | |
| | 8 | Stimpilgjald | 300000 | 413830 | | |
| | 9 | Skólagjöld (Áætlað) | 15000 | 15000 | | |
| | 10 | Bifreiðaakstur | 30000 | 58468 | | |
| | | | | | 1045000 | 1558539 |
| | 11 | Útflutningsgjald | | | 850000 | 1318689 |
| | 12 | Áfengistollur | 650000 | 425032 | | |
| | 13 | Tóbakstollur | 800000 | 1088013 | | |
| | 14 | Kaffi- og sykurtollur | 1000000 | 1171831 | | |
| | 15 | Annað aðflutningsgjald | 150000 | 252285 | | |
| | 16 | Vörutollur | 1000000 | 1635946 | | |
| | 17 | Verðtollur | 850000 | 1669007 | | |
| | | | | | 4450000 | 6242114 |
| | 18 | Gjöld af sætinda- og brjóstsykursg. | | | 20000 | 102739 |
| | 19 | Pósttekjur | 475000 | 490900 | | |
| | 20 | Símatekjur | 1500000 | 1605000 | | |
| | | | | | 1975000 | 2095900 |
| | 21 | Víneinkasala | | | 450000 | 500000 |
| | | | | | 10020000 | 13173424 |
| 3. | 1 | Eftirgjald eftir jarðeignir | 30000 | 30000 | | |
| | 2 | Tekjur af kirkjum | 100 | 100 | | |
| | 3 | Tekjur af silfurbergi | 1000 | 5000 | | |
| | 4 | Legkaup til kirkjugarðs dómk. | 3500 | 3000 | | |
| | | | | | 34600 | 38100 |
| 4. | 1 | Tekjur af bönkum | 50000 | 7500 | | |
| | 2 | Vextir af bankavaxtabrjefum | 28000 | 25627 | | |
| | 3 | Útdregin bankavaxtabrjef | 24000 | 32900 | | |
| | 4 | Vextir af innstæðum í bönkum | 8000 | 11295 | | |
| | 5 | Vextir af viðlagasjóði | 65000 | 80000 | | |
| | 6 | Aðrir vextir | 140000 | 25485 | | |
| | | | | | 315000 | 182807 |
| 5. | 1 | Óvissar tekjur | 50000 | 40000 | | |
| | 2 | Endurgreiddar fyrirframgr. ca. | 10000 | 20000 | | |
| | 3 | —«— lán og andv. seldra eigna | 22000 | 412920 | | |
| | | | | | 82000 | 472920 |
| | | | | Kr. | 10451600 | 13867251 |

| Fjárl. gr. | Gjöld. | Fjárveit. kr. | Reikn. kr. | Fjárveit. kr. | Reikn. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 7. | Greiðslur af lánum: | | | | |
| I. | Vextir | 599208 | 743360 | | |
| II. | Afborganir | 686468 | 738640 | | |
| III. | Framlag til Landsbankans | 100000 | 100000 | | |
| | | | | 1385676 | 1582000 |
| 8. | Borðfje Hans Hátignar konungsins | | | 60000 | 60000 |
| 9. | Alþingiskostnaður | | | 219350 | 209421 |
| 10. I. | Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl. | 185760 | 239412 | | |
| II. | Hagstofan | 47500 | 57120 | | |
| III. | Utanríkismál o. fl. | 80500 | 82488 | | |
| | | | | 313760 | 379020 |
| 11. A. | Dómgæsla og lögreglustjórn | 696026 | 721474 | | |
| B. | Sameiginl. kostn. v. embættisrekst. | 144000 | 215155 | | |
| | | | | 840026 | 936629 |
| 12. | Læknaskipun og heilbrigðismál: | | | 876905 | 886580 |
| 13. A. | Póstmál | 471960 | 476905 | | |
| B. | Vegamál | 834450 | 1167635 | | |
| C. | Samgöngur á sjó | 340000 | 320136 | | |
| D. | Hraðsk.- og talsímasamband | 1350900 | 1084415 | | |
| E. | Vitamál | 228620 | 250737 | | |
| | | | | 3225930 | 3299828 |
| 14. A. | Andlega stjettin | 324181 | 348449 | | |
| B. | Kenslumál | 1079895 | 1186848 | | |
| | | | | 1404076 | 1535297 |
| 15. | Til vísinda, bókmenta og lista | | | 198030 | 199899 |
| 16. | Til verklegra fyrirtækja | | | 965055 | 992977 |
| 17. | Til alm. styrktarstarfsemi | | | 665800 | 927297 |
| 18. | Eftirlaun og styrktarfje | | | 189269 | 181693 |
| 19. | Óviss útgjöld | | | 100000 | 144933 |
| 20. | Lögboðnar fyrirframgreiðslur | | | 10000 | 42533 |
| 23. | Til Eimskipafjelags Íslands | | | | 78500 |
| 25. | Fjárgr. samkv. lögum, fjáraukal. og þingsályktunum | | | | 865157 |
| | Bráðabirgðatekjuafgangur | | | | 1545487 |
| | | | Kr. | 10453877 | 13867251 |

Hæstu gjaldaliðirnir í þeirri upphæð eru: Væntanleg fjáraukalög, sem bráðum verða lögð fyrir þingið, ca. 260 þús. kr., lán og tillag til Flóaáveitunnar ca. 200 þús. kr. og greiðslur vegna Vestmannaeyjahafnar ca. 220 þús. kr. Hefir það alls ekki legið fyllilega ljóst fyrir, hversu háttað hefir verið hinum síðastnefndu viðskiftum við ríkissjóð áður og nú. En að því er nú unnið að koma þeim á hreint og gera þau upp.

Þegar tillit er tekið til þess, hversu mikið var um verklegar framkvæmdir af hálfu hins opinbera á árinu, svo að vart hefir nokkru sinni verið eins mikið framkvæmt fyr á einu ári af hálfu ríkisins, má það teljast mjög góð útkoma,

að áætlað er, að svo stöddu, að tekjuafgangur verði c. 1½ milj. kr.

Er skylt að vekja athygli á því í þessu sambandi, þó að það í rauninni liggi í augum uppi, að af þessari góðu fjárhagsafkomu ríkissjóðs á árinu sem leið má ekki draga almennar ályktanir um framtíðina, eða næstu ár. Við megum ekki ganga út frá því, að eins framúrskarandi hagstætt ár fyrir framleiðendur til lands og sjávar komi aftur yfir okkur. Enda erum við á það mintir í byrjun þessa árs, að áföllin geta komið yfir okkur enda þótt forsjónin gefi góðar og hagstæðar tíðir. Jeg vil því ekki láta tækifærið ónotað til að brýna fyrir þingmönnum að hvika ekki frá hinni gætilegu fjármálastefnu, sem í aðalatriðum hefir verið einkenni undanfarinna þinga.

Jeg tel ekki ástæðu til að fara að gera grein fyrir því, með því að telja fram einstök atriði í búskap atvinnurekenda og ríkissjóðs, hversu hið liðna ár reyndist atvinnuvegunum og ríkissjóðnum hagstætt. Um það koma fram tölur og yfirlit á sínum tíma, þegar unnið verður úr þeim skýrslum, sem um það er safnað. Jeg vil einungis minna á það, sem jeg tel eina höfuðorsökina til að árið 1928 verður jafnan talið eitt hið besta ár í atvinnulífi okkar Íslendinga: Verðgildi peninganna var fast alt árið. Einstaklingarnir gátu gengið út frá því sem vissu í atvinnurekstri sínum, að grundvöllurinn stæði óbilandi, sá er heilbrigður atvinnurekstur jafnan verður að hvíla á, sem er: verðfastir peningar.

Ef sú stefna hefði verið ráðandi hjá stjórnarvöldunum að hækka verðgildi peninganna aftur í það gullverð, sem áður var, þá hefði verið öldungis sjálfsagt að nota góðærið á árinu sem leið til þess. Þá hefði krónan verið hækkuð í verði eitthvað sem um munaði í áttina til gullverðsins á árinu sem leið; annað hefði verið óverjandi.

Jeg tel það hina mestu gæfu fyrir þjóðina, að gengishækkunarstefnan sigraði ekki og að þess vegna var ekki á árinu sem leið, eins og á árunum 1924 og 1925, með gengishækkun höggvið verulegt skarð í þá viðreisn atvinnuveganna, sem góðærið bauð að gefa þjóðinni. — Góðæri ársins sem leið mun, vegna þess að peningarnir voru verðfastir, orka miklu um að ljetta atvinnuvegunum að standa undir þeim byrðum, sem þjóðfjelagið leggur á þá. Það mun einnig orka miklu um að tryggja rekstur atvinnuveganna í nánustu framtíð.

Vegna yfirlýsingar þeirrar, sem neðri deild Alþingis samþykti í fyrra í gengismálinu, og vegna þessa, sem nú var nefnt, að góðærið 1928 var ekki notað til þess að hækka krónuna, tel jeg, að raunverulega sje búið að taka endanlega ákvörðun í gengismálinu: að verðfesta peningana sem næst í því verði, sem þeir hafa nú, þó að það sje enn ógert, sem þarf til að gera þetta formlega, að setja þá löggjöf, sem af þessu leiðir. En til undirbúnings því hefir gengisnefnd unnið og mun árangur þess starfs koma fram á Alþingi innan stundar.

Sú staðreynd, sem nú var nefnd, að það á að mega telja örugt, að þjóðin fái áfram að búa við verðfasta peninga, leiðir það af sjer, að fjármálastjórnin verður að leysa af hendi ýms verkefni. Skal hjer bent á tvö sjerstaklega.

1. Jafnhliða því, sem lögformlega

verður kveðið á um verðgildi peninganna, verður að fara fram endurskoðun löggjafarinnar um launagreiðslur til starfsmanna ríkisins, æðri sem lægri. Vegna þess að það gat komið fyrir áður hvenær sem var, að verðgildi peninganna breyttist, hefir því verið frestað ár frá ári undanfarið að endurskoða þá löggjöf. Enginn mun halda því fram, að núverandi ástand geti haldist áfram eftir að peningarnir eru orðnir verðfastir. Telur stjórnin, að þegar á þessu þingi sje kominn tími til að hefja undirbúningsvinnu til þess.

2. Þá verður að krefjast þess, að jafnhliða verðfesting peninganna komist og meiri festa á og jafnvægi um stjórn fjármálanna en hefir átt sjer stað á undanförnum árum og hefir getað átt sjer stað á hinum hverfulu tímum hinna snöggu verðbreytinga. — Jeg hefi látið taka saman um það yfirlitsskýrslu, sem sýnir annarsvegar, hvernig fjárveitingavaldið, Alþingi, hefir í fjárlögum áætlað tekjur og gjöld ríkissjóðs á árunum frá byrjun styrjaldarinnar, og hinsvegar, hvernig tekjurnar hafa orðið í reyndinni og hvernig framkvæmdavaldið, landsstjórnin, hefir farið með heimildir þær, sem hún hefir fengið fyrirfram eða eftir á til að nota fje ríkissjóðs. Loks er það sýnt í hundraðstölum, hversu miklu skakkar frá hinni upprunalegu heimild fjárlaganna. (Sjá töflu II).

Svo gífurlega miklar sveiflur hafa orðið í fjármálastjórn okkar á undanförnum árum. Er það ekki ofmælt, að sum árin hafi Alþingi að miklu leyti verið svift því valdi að heimila fjárveitingarnar fyrirfram og orðið að láta sjer lynda að leggja samþykki eftir á á gerðir framkvæmdarvaldsins. Orkar það ekki tvímælis, að slíkt öfugstreymi í fjármálastjórninni er í fullu ósamræmi við stjórnarskrá landsins. Hin síðari ár er þetta og að færast mjög til rjettari vegar, og skýrast árið 1927, enda fara þá að koma í ljós ávextirnir af því, að peningarnir höfðu þá verið verðfastir um hríð. Jeg vil beina því til fjvn., að hún athugi þær leiðrjettingar á undanfarandi fjárlagaáætlunum, sem gerðar eru á því frv., sem hjer liggur fyrir, og að hún stigi fleiri spor í áttina til þess að fjárl. gefi sem allra rjettasta mynd af því, hvernig fje ríkissjóðs á að verja og er raunverulega varið. Því að fjárveitingavaldið á ekki einungis í orði heldur og raunverulega að vera hjá Alþingi, og því rjettari sem fjárlögin eru, og það svo árum skiftir, því meira aðhald veita þau, og því meiri kröfur er hægt að gera til stjórnanna um að þær fylgi fyrirmælum fjárlaganna.

Samkv. frv. er ætlast til, að þegnarnir gjaldi til ríkisþarfa c. 11 milj. og 180 þús. kr. og eilítið minni upphæð verði varið til útgjalda ársins. Ef gert er ráð fyrir, að íbúatala landsins sje 100 þúsund, nema tekjur ríkissjóðsins samkv. áætlun frv. tæpum 112 krónum á mann yfir árið. Ef að venju lætur, má búast við, að í reyndinni verði þetta nokkru hærra.

Til samanburðar vil jeg geta þess, að nokkur undanfarin ár, sem hjer verða nefnd, hafa tekjur ríkissjóðs og gjöld á mann á árinu verið sem hjer segir:

| | Á mann á ári. | |
|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld |
| 1880 | 5,60 kr. | 5,18 kr. |
| 1890 | 8,34 — | 7,08 — |

**Tafla II. Niðurstöðutölur landsreikninga árin 1914—1927**
(í heilum krónum).

| Ár | Tekjur | | Hækkun % | Gjöld | | Hækkun % | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Samkv. fjárl. | Samkv. reikn. | | Samkv. fjárl. | Samkv. reikn. | | |
| 1914 | 1863235 | 2334309 | 23 | 2071317 | 3039933 | 47 | Hjer af: sjerstök lög 809915. Fjáraukal. 75927. Þingsál. 2210. |
| 1915 | 1855235 | 2834120 | 53 | 1966877 | 2704350 | 37 | Hjer af: sjerstök lög 497732. Fjáraukal. 84571. Þingsál. 3978. |
| 1916 | 2073825 | 3267533 | 58 | 2234756 | 3267533 | 46 | Hjer af: sjerstök lög 591716. Fjáraukal. 24505. Þingsál. 42119. |
| 1917 | 2134375 | 14642871 | 586 | 2261612 | 13858026 | 513 | Hjer af: sjerstök lög 9792280. Fjáraukal. 146575. Þál. 509353. |
| 1918 | 2341425 | 10488189 | 348 | 2649242 | 10193388 | 285 | Hjer af: sjerstök lög 4533839. Fjáraukal. 378743. Þál. 122807. |
| 1919 | 2422325 | 16425900 | 578 | 2808382 | 16693325 | 494 | Hjer af: sjerstök lög 1207720. Fjáraukal. 543544. Þál. 109930. |
| 1920 | 5429300 | 16639999 | 207 | 5164437 | 16111786 | 212 | Hjer af: sjerstök lög 2006694. Fjáraukal. 618086. Þál. 233214. |
| 1921 | 5182300 | 12851791 | 148 | 4682406 | 12161785 | 160 | Hjer af: sjerstök lög 1159367. Fjáraukal. 1007066. Þál. 28025. |
| 1922 | 7379450 | 10879600 | 47 | 9369822 | 12136209 | 30 | Hjer af: sjerstök lög 1801458. Fjáraukal. 252832. Þál. 64509. |
| 1923 | 7813450 | 9062646 | 16 | 7922329 | 11135819 | 40 | Hjer af: sjerstök lög 1591790. Fjáraukal. 453011. Þál. 37076. |
| 1924 | 8162400 | 11148442 | 37 | 8340674 | 9889783 | 18 | Hjer af: sjerstök lög 608037. Fjáraukal. 45633. Þál. 14722. |
| 1925 | 8289100 | 16797360 | 103 | 8274395 | 11657998 | 41 | Hjer af: sjerstök lög 1203467. Fjáraukal. 199691. |
| 1926 | 9844766 | 13151025 | 33 | 10317732 | 12805379 | 24 | Hjer af: sjerstök lög 1020768. Fjáraukal. 267568. |
| 1927 | 10834134 | 11842459 | 9,3 | 11109646 | 12862166 | 16 | Hjer af: sjerstök lög 416993. Fjáraukal. 198336. Þál. 10350. |

| | | |
|---|---|---|
| 1900 | 10,46 kr. | 10,38 kr. |
| 1910 | 19,62 — | 21,12 — |
| 1920 | 144,69 — | 154,46 — |
| 1927 | 115,53 — | 124,49 — |

Í krónutölu nema þannig tekjur og gjöld ríkissjóðsins meir en tuttugu sinnum hærri upphæð árið 1927, sem er síðasta ár, sem við höfum endanlegar tölur um, en árið 1880, meir en þrettán sinnum hærri upphæð en 1890 og meir en 10 sinnum hærri upphæð en um síðustu aldamót.

Hverjar breytingar hafa því samfara orðið á því, hvernig fjárveitingavald og framkvæmdavald verja þessu fje, sem í svo vaxandi mæli er sótt í vasa skattþegnanna til opinberra þarfa? Má af því nokkurn lærdóm nema um núverandi fjárstjórn og fjármálastefnu, í samanburði við fjármálastjórn og fjármálastefnu fyrri tíma?

Jeg hefi látið taka saman yfirlit til þess að svara að nokkru þessum spurningum. Þar eru tekin til dæmis sömu ár sem hjer eru nefnd að framan og sýnt fyrst, hversu háar urðu tekjur og gjöld ríkisins; og því næst hve miklu varið var til ýmissa sjerstakra málaflokka, sem þar eru taldir, og hversu miklu varið er til þessara mála á hverjum tíma hlutfallslega af öllum útgjöldum ríkisins það ár.

Það yfirlit er sem segir á töflu III.

Í slíku yfirliti hefði vitanlega mátt koma miklu fleiru að og sundurliða hina einstöku liði nánar. En það sem það nær á að hafa verið dregið saman það, sem saman heyrir.

Jeg bendi á ýmislegt, sem af þessu má læra til samanburðar á því, hvernig fje ríkissjóðs var varið áður og nú.

1. Það hefir verið á orði haft í sumum áttum, að fje það, sem fer til andlegu málanna, og til þess að menta og uppala ungu kynslóðina sjerstaklega, væri alt of mikið og væri að vaxa þjóðinni yfir höfuð.

Yfirlitið sýnir, að framlag ríkisins til kenslumála er 17,8% af útgjöldum ríkisins 1880, 17,4% 1890, en einungis 9,9% bæði 1920 og 1927. — Í samanburði við það, sem þjóðin að öðru leyti leggur á sig til opinberra þarfa, leggur hún hlutfallslega miklu minna á sig nú en fyrir einum mannsaldri síðan til þess að kenna unga fólkinu. — Ef teknir eru þeir þrír liðir í yfirlitinu, sem sjerstaklega verða taldir til andlegu málanna, sem sje framlagið til andlegu stjettarinnar, kenslumála og vísinda, bókmenta og lista, — þá verður útkoman sú, að til þessa er varið

| | |
|---|---|
| 1880 | 25, 5% |
| 1890 | 24,9% og |
| 1927 | 15,9% |

borið saman við öll útgjöld ríkisins á þessum árum.

2. Af hinum einstöku liðum, sem tilfærðir eru á yfirlitinu, er einn langsamlega hæstur. Framlagið til heilbrigðismála á árinu 1927 er nálega orðið tvær miljónir króna og er 14,5% af útgjöldum ríkisins það ár. Með nokkuð mismunandi háum tölum hefir þetta framlag vaxið á undanförnum áratugum, bæði í krónutölu og hlutfallslega. Og eftir því sem reynsla undanfarinna síðustu ára hefir orðið um styrk til berklasjúklinga, og í framhaldi af hinum mörgu og dýru nýju stofnunum þessara mála vegna, sem eru nýreistar og verið er að reisa, og í ljósi undanfarinnar reynslu um það, hversu dýr hefir reynst rekstrarkostnaður þessara stofnana — má telja fylstu ástæðu til að gera ráð fyrir, að að óbreyttri löggjöf og framkvæmd á sviði heilbrigðismálanna muni framlög ríkisins til þessara mála enn vaxa mjög verulega á næstu árum, líklega bæði í krónum og hlutfallslega við önnur útgjöld.

Er þetta vissulega mikið og alvarlegt athugunarmál fyrir löggjafar- og fjárveitingarvaldið. Má og enn tvennu við bæta, sem komið hefir fram nýlega hjá hinum merkustu mönnum læknastjettarinnar:

a. Annarsvegar það, að þá er fullgerð verði og tekin til afnota þau sjúkrahús og hæli, sem við höfum haft í smíðum undanfarið og enn, þá munum við Íslendingar búnir að eignast jafnmörg eða fleiri sjúkrahúsarúm

**Tafla III.** **Framlag ríkissjóðs til nokkurra gjaldagreina,**
reiknað með heilum tölum og hundraðsgjaldi.

| Ár | Tekjur alls | Gjöld alls | Alþingiskostnaður* | | Ríkisstjórnin | | Dómgæsla og lögreglustj. | | Heilbrigðismál | | Póstmál | | Símamál | | Vegir og brýr | | Vitar | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | alls | Hluti gj. % | alls | Hluti gjalda % | alls | Hluti gjalda % | alls | Hluti gjalda % | alls | Hluti gj. % | alls | Hluti gjalda % | alls | Hluti gjalda % | alls | Hluti gj. % |
| 1880 | 403218 | 372932 | 17770 | 4.8 | 38607 | 10.4 | 79868 | 21.1 | 36840 | 9.9 | 18336 | 4.9 | » | » | 20000 | 5.4 | 2197 | 0.6 |
| 1890 | 589866 | 500713 | 18392 | 3.7 | 41013 | 8.2 | 89921 | 18.0 | 48378 | 9.7 | 36827 | 7.3 | » | » | 60365 | 12.0 | 3558 | 0.7 |
| 1900 | 815488 | 809448 | 19790 | 2.4 | 47935 | 5.9 | 92654 | 11.4 | 108365 | 13.4 | 68040 | 8.4 | » | » | 134019 | 16.6 | 8194 | 1.0 |
| 1910 | 1663239 | 1790660 | 43439 | 2.4 | 62062 | 3.5 | 108968 | 6.1 | 160467 | 9.0 | 113092 | 6.3 | 164404 | 9.2 | 159783 | 8.9 | 45917 | 2.6 |
| 1920 | 13700648 | 14626124 | 245203 | 1.7 | 397935 | 2.7 | 688148 | 4.7 | 1488220 | 10.2 | 554190 | 3.8 | 1503709 | 10.3 | 1178191 | 8.1 | 383978 | 2.6 |
| 1927 | 11936516 | 12862166 | 241614 | 1.9 | 434165 | 3.4 | 1127500 | 8.8 | 1870479 | 14.5 | 462148 | 3.6 | 1396441 | 10.9 | 1109229 | 8.6 | 335000 | 2.6 |

| Ár | Samgöngur á sjó | | Andlega stjettin | | Kenslumál | | Vísindi, bókm., listir | | Landbúnaður | | Sjávarútvegur | | Eftirl. og styrktarfje | | Á mann | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | alls | Hluti gj. % | alls | Hluti gj. % | alls | Hluti gjalda % | alls | Hluti gj. % | alls | Hluti gj. % | alls | Hluti gj. % | alls | Hluti gj. % | Tekjur | Gjöld |
| 1880 | 18000 | 4.8 | 21503 | 5.8 | 66337 | 17.8 | 7283 | 1.9 | 11508 | 3.0 | » | » | 23502 | 6.3 | 5.60 | 5.18 |
| 1890 | 21000 | 4.2 | 27617 | 5.5 | 87400 | 17.4 | 9940 | 2.0 | 8200 | 1.6 | » | » | 45976 | 9.2 | 8.34 | 7.08 |
| 1900 | 60200 | 7.4 | 28353 | 3.5 | 113329 | 14.0 | 30774 | 3.8 | 35200 | 4.3 | » | » | 46571 | 5.7 | 10.46 | 10.38 |
| 1910 | 98800 | 5.5 | 72296 | 4.0 | 348381 | 19.5 | 81785 | 4.6 | 126986 | 7.0 | 31215 | 1.4 | 78759 | 4.4 | 19.46 | 21.12 |
| 1920 | 334305 | 2.3 | 234903 | 1.6 | 1288464 | 9.9 | 417562 | 2.9 | 382078 | 2.6 | 318081 | 2.2 | 200102 | 1.4 | 144.69 | 154.46 |
| 1927 | 460758 | 3.6 | 432711 | 3.4 | 1279230 | 9.9 | 330611 | 2.6 | 726464 | 5.6 | 471445 | 3.7 | 212634 | 1.7 | 115.53 | 124.49 |

* Deilt á fjárhagstímabilið.

á mann en sú þjóð önnur, sem nú á flest sjúkrahús á mann hlutfallslega á allri jörðinni. Við sjeum m. ö. o. að verða á undan öllum eða flestum í þessu efni. — En um það að reisa hús yfir fólkið, að rækta landið, að vega landið, brúa árnar, bæta samgöngur að öðru og yfirleitt um það að öllu leyti að greiða fyrir atvinnuvegunum og gera þá hæfa til að standa undir þeim byrðum, sem á þá eru lagðar, um það erum við líklega meir en hundrað ár á eftir öðrum þjóðum. Mundi þetta vera skynsamlegur búskapur?

b. Hinsvegar er það, sem fram hefir komið, að um ráðstafanirnar út af berklaveikinni, sem kosta hundruð þúsunda meira fyrir ríkið með hverju ári sem líður, þá er um það sagt af einum merkasta lækni landsins, að það megi teljast vafasamt, að þær ráðstafanir komi að nokkru eða verulegu gagni.

Jeg lít svo á, að það megi ekki dragast ári lengur, að þessi mál, bæði um löggjöf og framkvæmd, verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

3. Draga má saman þá hina einstöku liði yfirlitsins, sem segja til um útgjöld til þess mannahalds, sem þjóðfjelagið verður á að halda til sinna frumlægustu þarfa. Það eru liðirnir, sem segja til um kostnað við stjórn þjóðfjelagsins, Alþingi og ríkisstjórn, við dómgæslu, eftirlit með lögum og kristni, og svo eftirlaun og styrktarfje til starfsmannanna.

Þessir liðir á yfirlitsskýrslunni nema hvorki meira nje minna en 48,4% af útgjöldum árið 1880, eða eru nálega helmingur þeirra, 44,6% af útgjöldum árið 1890, en ekki nema 19,2% af útgjöldunum árið 1927.

Það er mjög gleðilegt, að þessi rekstrarkostnaður á þjóðarbúinu, sem langsamlega aðallega er fólginn í mannahaldi, er orðinn hlutfallslega svo miklu lægri en áður. Svo ólíkt er það, er þjóðin stjórnar sjálf fjármálum sínum, harla ólíkt þeim tímum, er þjóðin varð að leggja á sig sjerstakan nýjan skatt til þess að fá að stofna búnaðarskóla — og varð að bíða eftir því í áratugi að fá að gera það.

4. Enn skýrari mynd um hina ólíku fjármálastjórn og fjármálastefnu fyr og nú má fá með því að athuga þá liði yfirlitsins, sem sjerstaklega segja til um útgjöldin til verklegra framkvæmda. Ef teknir eru útgjaldaliðirnir til síma, vega og brúa, vita og framlög ríkisins til aðalatvinnuveganna, þá verða hlutfallsleg útgjöld ríkisins til þessa:

| | |
|---|---|
| 1880 | 9% |
| 1890 | 14,3% |
| 1927 | 41,4% |

Með nánari sundurliðun mætti fá ennþá miklu skýrari mynd af kyrstöðunni fyr í mótsetningu við hve mikið er gert til framfara nú og umbóta.

Yfirleitt mun það því ekki leika á tveim tungum, að þó að útgjöld ríkisins á mann hafi vaxið svo mjög sem að framan segir, þá hafi sú útgjaldaaukning og haft í för með sjer, að hlutfallslega miklu meiru en áður af ríkisfjenu er varið til þeirra hluta, sem fyrir framtíðina hafa sitt gildi um að bæta landið og afkomumöguleika þegnanna, en hlutfallslega minna gengur til þess að fullnægja hinum daglegu bráðast aðkallandi þörfum.

Getum við risið undir því áfram næstu árin að borga til ríkisins og þarfa þess tuttugu sinnum hærri upphæð en 1880 á mann á ári, eða um það bil 120 krónur á mann?

Við höfum svo stutta reynslu enn þau ár, sem teljast mega nokkurnveginn eðlileg að því leyti, að grundvöllurinn undir fjármálalífinu hafi verið óhaggaður, að það er erfitt að segja um þetta. En það er vitað, að raddir heyrast hjá þjóðinni um það, að búið sje að spenna bogann of hátt um það að leggja álögur á þjóðina.

Hjer verður sjerstaklega bent á eitt atriði til samanburðar í þessu efni, sem er það, hversu skattaálögum ríkisins á mann á ári er háttað hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Hefi jeg aflað mjer um það rækilegra upplýsinga, um hendur hagstofustjóra, sem jeg þó ekki mun þreyta hv. deild á að vitna til nema að litlu leyti. Hlutfallslega hækkunin síðustu 40 árin á gjöldum á mann á ári er ekki nærri eins mikil í þeim löndum og hjá okkur. Aftur á móti var hækkunarbylgjan á stríðsárunum og eftir stríð enn meiri þar en hjá okkur. Síðasta árið, sem tölur eru til um hjer frá þeim löndum, er árið 1926. Eru þá útgjöld ríkissjóðs á mann á ári í þessum löndum sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| Í Danmörku | kr. | 137,41 |
| Í Noregi | — | 141,62 |
| Í Svíþjóð | — | 133,34 |

En eins og áður er getið, voru gjöldin hjá okkur á Íslandi síðasta ár sem skýrsla er um, sem sje 1927, kr. 124,49. En í sambandi við það ber þess að minnast, að hver króna hjá frændþjóðunum er c. 20% verðhærri en okkar kr. Vitanlega á slíkur samanburður ekki við nema að nokkru. Kemur meðal annars til greina, hvernig landsreikningarnir eru færðir. Er þess meðal annars að geta, að í öllum þessum Norðurlandaríkjum eru tekjur af atvinnurekstri ríkisins (pósti, síma o. fl.) tilfærðar á ríkisreikningnum aðeins nettó, þannig að gjöldin eru fyrst dregin frá tekjunum og mismunurinn tilfærður tekjumegin, annaðhvort til viðbótar eða frádráttar (ef gjöldin hafa farið fram úr tekjunum). Mundi slík bókfærsluaðferð lækka upphæðina hjá okkur svo að nokkru munaði.

Jeg lít svo á, að þó að á marga lund megi leggja út af slíkum lauslegum samanburði og margt draga fram, sem koma mætti til greina, þá verði hann heldur til að styrkja þá skoðun, að a. m. k. meðan sæmilega vel eða allvel lætur í ári, þá höfum við eigi enn ofþyngt skattþegnum á Íslandi. Og einkum ber þá þess að minnast, að eigi óverulegur hluti þess fjár, sem ríkið tekur nú af skattþegnunum, er látinn ganga til stórfeldra framkvæmda, sem vissulega munu leiða af sjer miklu hægari aðstöðu fyrir mikinn hluta framleiðendanna til þess að geta stundað atvinnu sína með góðum árangri.

Jeg er svo fastlega trúaður á það, hve gæði landsins sjeu mikil og framtíðarmöguleikar, að það muni gefa hinar bestu rentur í framtíðinni, það sem nútímakynslóðin leggur á sig af byrðum til þess að bæta landið.

Að svo mæltu vil jeg leggja til, að að venju verði umr. frestað, en frv. vísað til fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 16, n. 292, 293).

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Jeg hefi ekki annað fram að bera fyrir hönd n. en að hún leggur til að vísa málinu til 2. umr.

**Forseti (BSv):** Svo er gert ráð fyrir, að 2. umr. fjárl. hefjist mánudag næstkomanda. Þm. eru beðnir að hafa skilað brtt. sínum fyrir næsta föstudag í skrifstofu Alþingis, svo að komist verði hjá að leita afbrigða um þær.

**Magnús Jónsson:** Það hefir sjaldan verið eins ánægjulegt og nú að líta fram í tímann, sökum hins dæmalausa góðæris, sem verið hefir undanfarið. Þetta speglar sig auðvitað að nokkru leyti í fjárlagafrv. og umr. um það. Menn eru jafnan glaðari og vondjarfari, er vel hefir árað. Engir núlifandi menn muna slíkt góðæri sem undanfarið, ekki aðeins í vetur, heldur og árið þar áður. Og það er ekki aðeins tíðarfarið, sem hefir verið frábært, heldur einnig góðærið til allskonar aflafanga. Það má segja eins og þar stendur, að hafið hafi upplokið sínu nægtabúri, því að eftir nýútkomnum skýrslum frá Fiskifjelagi Íslands um fiskafla 1. apríl, hefir miklu meiri afli borist á land fram til þess tíma en árin á undan, og þrátt fyrir það, þótt allur togaraflotinn lægi bundinn við hafnargarðinn mánuðum saman. Það má því segja að við höfum átt við óvenjulegt góðæri að búa frá forsjónarinnar hendi, og óskandi væri, að við kynnum eins vel að stjórna okkur sjálfir og forsjónin hefir stjórnað árferðinu. En frá mínu sjónarmiði hefir orðið mikill misbrestur á, að svo sje. Mjer finst útsýnið í stjórnmálunum vera eins dökt og bjart er yfir árferðinu.

Jeg hefi verið dálítið lasinn undanfarið, og þess vegna hygg jeg gott til þess að skreppa sem snöggvast inn í eldhús stjórnarinnar til að taka úr mjer hrollinn þar við hlóðarsteininn og vita, hvort mjer ekki hlýnar í hamsi. Jeg sá, að í einhverju blaðanna var því spáð, að eldhúsdagurinn yrði óvenjulega fjörugur að þessu sinni, en í fyrra hefðu umr. þótt fremur dauflegar. Jeg veit nú satt að segja ekki, hvað á vantaði í fyrra til að eldhúsumr. mættu teljast fjörugar, þar sem þær stóðu í marga daga og lauk loksins með því að fundur stóð fram undir kl. 9 að morgni.

Satt að segja finst mjer öllu minni eldiviður í eldhúsi stj. nú en í fyrra. Jeg vil unna hæstv. stj. fulls sannmælis, þar sem hún á gott skilið; það er ekki svo víða. Jeg held satt að segja, að hún hafi látið sjer segjast ofurlítið, skinnið, við þær vörmu viðtökur, sem hún fjekk í eldhúsumr. í fyrra.

Jeg býst við, að stj., og ekki síst hæstv. dómsmrh., hafi þótt nokkuð heitt í eldhúsinu í fyrra, því að jeg skoða það sem iðrunarstand, hve sjaldan þessi hæstv. ráðh. kemur hingað í deildina nú, en hjer drýgði hann flestar syndirnar í fyrra. Jeg skoða það svo, sem hæstv. dómsmrh. sje að reyna að sneiða hjá syndum hjer í deildinni, og er það þá vottur þess, að hirtingar þær, sem hann hefir fengið á þingi, hafi borið nokkurn árangur. En þó að jeg segi, að eldiviðurinn sje ekki eins mikill nú og í fyrra, er

það lítil afsökun fyrir hæstv. stj. Það getur komið fyrir alla, líka þá, sem vel meina, að gera þau verk, sem í senn eru skaðleg og ill, en það virðist svo, sem núverandi stj., og sjerstaklega hæstv. dómsmrh., hafi markað nýja braut í þessu efni. Jeg ætla ekki að fara að tína upp öll glapræði hæstv. dómsmrh., enda mætti það æra óstöðugan, en þegar maður athugar hugarfarið, sem verk þessa hæstv. ráðh. eru sprottin af, sjálfa stefnuna, sem hann virðist fylgja í öllum athöfnum sínum, dettur manni ósjálfrátt í hug áletrunin, sem sagt er, að sje yfir dyrum eins' ákveðins staðar: „Þjer, sem gangið hjer inn, gefið upp alla von". Það er vonlaust um, að stjórnarfarið batni, á meðan þessi hæstv. ráðh. nýtur við. Jeg legg ekki mikið upp úr því, þó að hann hafi nú setið á strák sínum um tíma og raftarnir sjeu því færri til eldhússtarfanna. Slíkur gróður getur þotið upp, hvenær sem vill. Hjer á okkar landi hefir það verið svo, að þótt skift hafi verið um stj., hefir ekki skift um stjórnarhætti. En með síðustu stj. hefir þetta orðið í fyrsta skiftið í okkar pólitísku sögu. Nú ríkja alt aðrir stjórnarhættir, alt annar andi en áður. En þótt hæstv. dómsmrh. sje potturinn og pannan í þessu, þar sem hann á flest afrekin, verð jeg að segja það, að þeir, sem taka þátt í störfum með honum og styðja hann, eru honum samsekir.

Eitt af því, sem síst má eiga sjer stað hjá stj. og ekki hefir gætt hjer fyrr en hæstv. dómsmrh. komst til valda, er hatrið og ofsóknarlöngunin í garð andstæðinganna. Það er engu líkara en að hæstv. dómsmrh. hafi sett hatur sitt í vísindalegt kerfi. Hann hefir fyrstur skipulagsbundið hatrið gegn öllum þeim, sem ekki styðja hann. Manni dettur í hug blóðhefndin til forna. Eins og menn vita, var hún ekki bundin við sökudólginn sjálfan, heldur var nóg að drepa einhvern úr ætt hans í hefndarskyni. Líkt er þessu farið með hefndarkerfi hæstv. dómsmrh. Hann getur ekki altaf náð sjer niðri á andstæðingunum sjálfum, en reynir þá að ná í einhvern mann, veitist að venslamönnum þeirra og frændum, eða þá vinum og vinkonum. Vífilsstaðamálið svokallaða er gott dæmi þessa, en jeg skal þó ekki fara langt út í það, vegna þess að hæstv. dómsmrh. hefir lofað að gefa út bók um það, ásamt fleiri málum. Þetta mál byrjaði ekki af því, að hæstv. ráðh. væri í nöp við lækninn á Vífilsstöðum, en honum var meinilla við bróður læknisins, Jón sál. Magnússon. En þegar ekki var hægt að ná sjer niðri á honum, varð að snúa sjer að bróður hans, lækninum á Vífilsstöðum, og svo auðvitað konu læknisins og frændum og þeirra vinum. Það er sagt svo, að hæstv. dómsmrh. hafi, þegar hann var blaðamaður, sagst ætla að „splundra helvítis Vífilsstaðaklíkunni". Nokkrum árum síðar verður hann ráðh. og fer með hin geipilegu völd dómsmrh., en samt hvikar hann ekki frá þessum blaðamannsásetningi sínum og ræðst til Vífilsstaða með magt og miklu veldi til að „splundra klíkunni". Það má auðvitað deila um það fram og aftur, hvort starfsfólkið, sem hæstv. dómsmrh. rak í burtu, hafi verið fullkomið og hvort hann hafi fengið betra í staðinn. En heldur hranalega virðist hann hafa farið að,

ef það er satt, sem eftir honum er haft, að hann hafi sagt við hinar yngri starfskonur hælisins, er þær kvörtuðu yfir að vera sárt leiknar, að þær gætu bara gift sig. „Men der skal to til", eins og maðurinn sagði, og væntanlega verður hæstv. dómsmrh. svo greiðvikinn að útvega stúlkunum menn, t. d. einhverja óráðstafaða samvinnuskólapilta.

Jeg ætla ekki að fara út í það, að fangavörðurinn hjer í Reykjavík fær alt í einu uppsögn á starfi sínu. Það er orðið svo algengt á þessum síðustu tímum, að menn „hverfi" eða sjeu hraktir frá embætti. Ef einhver dó snögglega á Ítalíu á dögum Caesars Borgia, var honum kent um. Þá var það hvíta Borgia-duftið, sem hvarfinu olli.

Einhver skýrustu dæmi þessa koma fram, þegar í hlut eiga verulegir andstæðingar eða menn, sem standa framarlega í hópi andstæðinga hæstv. dómsmrh. Þetta hefir einkum komið fram gagnvart tveim mönnum, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og hv. 1. þm. Skagf. (MG). Það verður ekki hjá því komist að drepa á þessi mál, þegar verið er að ræða stjórnmálastefnu hæstv. dómsmrh.

Jeg ætla fyrst að minnast á bæjarfógetamálið svo nefnda, en vil þó ekki deila um málið sjálft, af því að það er fyrir dómstólunum, heldur aðferðina. Málið byrjar með því, að stj. flytur frv. um breyt. á embættaskipuninni hjer í Reykjavík. Það er tekinn upp nýr siður og gömlu embættin lögð niður. Í stað þess að bæta nýju embætti við, ef þörf var á, og dreifa störfum bæjarfógetans, eins og lafhægt var, eru þessi embætti að ástæðulausu lögð niður og þrjú ný mynduð. Það er meira að segja breytt um nafn á bæjarfógetaembættinu og það kallað lögmannsembætti, og með því ruglað sögulegum hugtökum, þar sem hið gamla lögmannsembætti var gerólíkt þessu og náði yfir hálft landið, en yfirdómaraembættið svaraði til bæjarfógetaembættisins nú.

Hvernig stóð nú á þessu? Það vissu allir þegar í upphafi, enda hefir það komið fram. Annar þessara embættismanna, sem hafði haldið sjer utan við stjórnmálin, fjekk að halda þessu nýja embætti, sem var framhald af hans gamla embætti. En hinum embættismanninum var ekki einu sinni gefinn kostur á að þjóna þessu nýja embætti, sem var stofnað upp úr hinu gamla embætti hans, sem settur, þótt hann byðist til þess, til að spara ríkissjóði útgjöld, og var þó með þessu móti hægt að losna við hann, ef á þurfti að halda. Á eftir þessu þótti mönnum ekki nema eðlilegt, hvernig fór með veitingu þessa nýja embættis. Þess þarf ekki að geta, að hv. 1. þm. Skagf., sem hefir verið ráðh. hvað eftir annað og hefir gegnt ýmsum hinum vandasömustu stöðum og var auk þess eldri að kandidatsaldri en sá, sem embættið fjekk, hann átti að fá embættið. En um það var ekki að tala. Jeg hefi ekkert á móti þeim manni, sem fjekk þetta embætti. Það er gegn og góður maður, auk þess sem hann hafði þann mikla kost að vera eindreginn fylgismaður hæstv. dómsmrh. og hafði verið í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn við síðustu kosningar.

En hæstv. dómsmrh. ljet sjer ekki nægja að hrekja þennan háttsetta andstæðing sinn, hv. þm. Seyðf., úr em-

bætti, heldur höfðar hann gegn honum sakamál. Jeg vil þó ekki fara frekar út í það, vegna þess að það er óviðeigandi, þar sem málið er nú fyrir dómstólunum, en mjer er óhætt að segja, að það er með öllu óverjandi, hvernig málið hefir verið rekið, jafnvel þó að það væri á rökum reist. Blöð hæstv. dómsmrh. hafa flutt hverja æsinga- og ofsóknargreinina á fætur annari, ýmist skrifaða að undirlagi ráðh. eða af honum sjálfum. Sjálfur símar hann út um land til undirmanna sinna og spyr þá að því, hverja aðferð þeir hafi um meðferð búafjár. Og svörin, sem hann fær, birtir hann svo í pólitískum blöðum með viðeigandi aths. Jeg gæti hugsað mjer, að embættismenn úti um land færu að gæta sín um þær upplýsingar, sem þeir láta hæstv. dómsmrh. í tje, því að jeg geri ráð fyrir, að þeir hafi haldið, að þær væru fyrir sjálfan hann, en ekki til að vera básúnaðar út um alt í pólitískum blöðum með hinum og þessum skýringum.

Sú aðferð, sem beitt hefir verið í þessu máli, er mjög vítaverð, og svipuð þeirri aðferð, sem höfð var í Hnífsdalsmálinu, þar sem rannsóknardómarinn var látinn fella dóm að órannsökuðu máli, og sá „dómur" svo birtur í „Tímanum" í stað þess að bíða rjettra úrslita. En hvað sem þessu líður, þá býst jeg ekki við, að nokkrum detti í hug, að þessi leikur hefði verið hafinn, ef hv. þm. Seyðf. hefði verið fylgismaður hæstv. dómsmrh. Mig langar til að spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort allur þessi gauragangur hefði þá verið gerður, hvort viðkomandi hefði þá ekki fengið embættið skilmálalaust, hvort hver maðurinn á fætur öðrum hefði þá verið settur til að rannsaka embættisfærslu hans. En hæstv. ráðh. veit, að það þarf engu að svara. Slíkt nær engri átt.

Hinn maðurinn, sem hæstv. dómsmrh. þurfti að finna í fjöru, var hv. 1. þm. Skagf. Þau ósköp byrjuðu á eldhúsdaginn í fyrra, þegar hæstv. dómsmrh. fór að tilefnislausu að ræða um olíufjelag eitt, sem hafði sett upp geyma suður við Skerjafjörð. Jeg ætla ekki að fara að rifja alt það upp, sem hæstv. ráðh. sagði í því sambandi, en hann var að gefa í skyn, að Englendingar stæðu á bak við þetta fjelag; olíugeymarnir væru svo stórir, að þeir gætu ekki verið miðaðir við þarfir okkar Íslendinga, heldur við að ala á þeim herskip. Þetta ábyrgðarlausa hjal hefði verið ógætilegt hjá hverjum „privat"manni, en það ofbauð öllum, að annað eins og þetta skyldi heyrast úr ráðherrastóli. En það var ekki öllu lokið með þessari eldhúsdagsofsókn hæstv. dómsmrh. á hv. 1. þm. Skagf., heldur er hafin rannsókn út af þessum fjelagsskap. Rannsóknin byrjar með því, að hæstv. dómsmrh. lætur lögfræðing framkvæma svokallaða eftirgrenslan í þessu máli. Jeg veit nú ekki, hvort það er siður að senda njósnara heim til manna til þess að rabba ofursakleysislega við þá og gefa síðan stj. skýrslu út af samtalinu. En það merkilegasta við þessa eftirgrenslan var, að hún fjallaði ekki aðeins um það, er máli skifti í þessu sambandi, t. d. hvort þessi fjelagsskapur væri löglegur eða ekki, heldur koma fram í henni ýmsar lausar dylgjur. Er þó þessi maður, sem framdi eftirgrenslanina, mjög prúður og gætinn maður, en hann hefir vitað, hve

þorstinn var mikill hjá hæstv. dómsmrh. í að fá dylgjur í þá átt, að Englendingar stæðu á bak við þetta fyrirtæki. Þegar þessari eftirgrenslan var lokið, er tekin upp formleg rjettarrannsókn og mál höfðað gegn stjórnendum fjelagsins, en alt til einskis. Stjórnendur fjelagsins voru sýknaðir bæði í undirrjetti og hæstarjetti.

Hvernig stóð nú á þessum mikla áhuga hæstv. dómsmrh. í þessu máli? Jeg er hálfhræddur um, að hann hafi ekki eingöngu sprottið af löngun til að leiða sannleikann í ljós í þessu máli, heldur af því, að hæstv. ráðh. þurfti að finna eitthvað til að bendla hv. 1. þm. Skagf. við. Nú vildi svo vel til, að hv. 1. þm. Skagf. hafði lagt 2000 kr. í þetta fyrirtæki, og því var um að gera að gera þetta fjelag tortryggilegt, bendla það við eitthvað óheiðarlegt og skella skuldinni svo á hv. 1. þm. Skagf. En hæstirjettur sló þessar vonir hæstv. dómsmrh. niður; en hann hefir nú fyr sagt, að ekki væri að marka dóma hæstarjettar, ef þeir þössuðu ekki í kramið. Þetta mál átti sumpart að vera kattarþvottur eftir útreiðina á eldhúsdegi í fyrra, og sumpart árás á hv. 1. þm. Skagf., en hvorttveggja mistókst.

Jeg sje, að hæstv. dómsmrh. ætlar að bregða sjer upp í Ed., og get jeg því á meðan snúið máli mínu til hæstv. forsrh. Jeg býst við, að það heyri undir hann, hvernig framkvæmd skattalaganna hefir verið hjer í Reykjavík. (**Forsrh.**: Þau mál heyrðu undir mig í þrjá mánuði). Já, jeg hjelt það. Jeg ætla auðvitað ekki að fara að amast við því, að skattalögin sjeu framkvæmd með þeirri festu og alúð, sem hægt er, en þess verður að krefjast, að þau sjeu framkvæmd eins alstaðar á landinu. Lögin hafa hvergi verið framkvæmd eins ítarlega og hjer í Reykjavík. Eftir skattstjóraskiftin er byrjað á ýmsum nýjum reglum í framkvæmd laganna, og mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. að því, með hvaða heimild þetta sje gert.

Nú hefir sú aðferð verið upp tekin, að skattaframtölin eru ekki látin nægja lengur, heldur krafist þess, að maður útfylli svo hljóðandi brjef:

„Hjer með er skorað á yður að svara eftirfarandi spurningum viðvíkjandi skuldum, er þjer teljið til frádráttar á framtali yðar til tekju- og eignarskatts, og koma þessum upplýsingum til skattstofunnar í síðasta lagi 27. mars 1929.

Ber að tilgreina nafn hvers kröfuhafa, heimili hans, upphæð skuldarinnar og hve mikla vexti þjer hafið greitt af láninu.

Verði spurningunum ekki svarað fullnægjandi innan tiltekins tíma, verða skuldir þessar ekki teknar til greina".

Jeg get ekki neitað því, að mjer finst það dálítið merkilegt, að eftir að menn eru búnir að votta við drengskap sinn, hvað þeir skuldi öðrum, þá sje farið að grenslast eftir þessu nánar og heimtað af þeim nýtt drengskaparvottorð. Með þessu er þá fyrra framtalið að engu haft, og verður því að telja fram upp á nýtt.

Þetta er nú það fyrsta, sem menn hafa haft á móti þessum nýju breyt., og veit jeg satt að segja ekki, eftir hvaða heimild í lögum þetta aukaframtal er skipað. Eftir tekjuskattslögunum eru þeir allir taldir upp, sem

þurfa að gefa upplýsingar um aðra en sjálfa sig, en það eru þeir menn og þær stofnanir, sem veita öðrum atvinnu. Þessi heimild nær því engan veginn til. En ef ekki er litið svo á, sem hjer sje verið að fá skýrslu um annara hag, heldur nánari vitneskju um hag mannsins sjálfs, þá má spyrja, hvaða heimild sje til þess.

Í 33. gr. tekjuskattslaganna segir svo:

„Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir".

En með þeirri aðferð, sem nú er beitt, þegar öllum gjaldendum er sent blað og þeir krafðir um nýja skýrslu, er slegið föstu, að öll framtöl úr Reykjavík sjeu tortryggileg, og sjá allir, hve ósæmilegt það er gagnvart borgurum þjóðfjelagsins.

En svo stendur síðar í sömu gr. tekjuskattslaganna:

„Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir bestu vitund".

Hjer er skýrt að orði kveðið, hvað skattanefnd má ganga langt, að hún má „áætla tekjur og eignir eftir bestu vitund", en ekki að strika t. d. út skuldir manna af því einu, að þeir láta undir höfuð leggjast að sundurliða þær. Samkv. brjefi því, er jeg nefndi áðan, má skilja það svo, að „besta vitund" skattstjóra sje að segja alt lygi og fals, er menn hafa í skýrslum sínum talið fram og vottað við drengskap sinn.

Jeg veit, að reynt er að fóðra þetta með því, að ekki sje verið að grenslast eftir hag þess, sem spurður er, heldur sje með þessari nánari eftirgrenslan verið að komast eftir efnahag þeirra manna, sem ætla má, að eigi peninga hjá öðrum. En þá eru ákvæði um þessa „aðra menn" í 32. gr. tekjuskattslaganna og þeir taldir þar upp, eins og jeg gat um áðan.

Að vísu hefi jeg heyrt, að alla þessa tortrygni og eftirgrenslan um efnahag manna hjer í Reykjavík eigi að verja með því, að skjóta sjer undir 18. gr. útsvarslaganna frá 1926. Jeg sje, að hæstv. forsrh. kinkar kolli, sem á víst að skilja svo, að þetta sje rjett til getið hjá mjer. En jeg vil aðeins skjóta því til hans, að eftir 18. gr. útsvarslaganna er það alls ekki hægt. Það er hægt að krefja aðilja um að segja rjett frá, **hvað hann skuldi öðrum,** en það er engin heimild í þessum lögum til þess að krefja aðilja um skýrslu um annara hag. Það kemur ekkert mínu útsvari við, hvort jeg t. d. skulda A. eða B. 10 þús. kr. Skuldin er áður tilfærð í framtalsskýrslu minni, og eftir þeim upplýsingum, sem þar eru gefnar samkv. drengskaparvottorði, á svo að ákveða útsvarið. Hitt kemur skattanefnd ekki minstu vitund við, hvort jeg er skuldugur Pjetri eða Páli.

Út af þessu sama máli má og minnast á refsiákvæði þau, er úrskurðað hefir verið nýlega um, að beita skuli, þegar skattsvik komast upp, sem sje að skattupphæðin skuli margfaldast með þeirri áratölu, sem liðin er síðan brotið var framið. T. d. að skattsvik frá árinu 1924 margfaldast þá nú með tölunni 5. Þessi úrskurður er vitanlega fjarri öllum sanni. Brotin eru hjer öll metin jöfn, og tímalengd ein tekin til greina.

Þá vildi jeg minnast á eitt smámál og í sambandi við það beina fáeinum fyrirspurnum til hæstv. forsrh.

Hvaða ástæðu hafði hæstv. ráðh. til þess að uppnefna ýmsa staði víðsvegar um land í ferðaáætlun Esju? Er það aðeins löngun ráðh. til þess að uppnefna, eða liggur eitthvað annað á bak við? Nú hygg jeg, að lokið hafi verið að prenta áætlun Esju með sínum venjulegu viðkomustöðum, er hæstv. ráðh. gaf þá skipun að breyta nöfnunum, svo að eitthvað hefir það kostað að eyðileggja upplagið og yrkja upp á nýjan stofn.

Annars hefi jeg frjett, að þessi staðauppnefning ráðh. mælist illa fyrir, eins og heldur er ekki að furða, og að Dalamenn hafi mjög einarðlega mótmælt einu slíku nafni, er þeirra hjerað snertir. Hvaða maður hefir t. d. hugmynd um, hvar Skipagrund er á landinu, þó að standi í áætlun Esju, að skipið eigi að koma þar við? Og hvaða ástæða er að sleppa nafni eins og Búðardalur, sem gilt hefir sennilega frá landnámsöld? Fleiri uppnefni mætti tína til úr þessari einkennilegu áætlun, sem ekki nokkur minsta ástæða er til að ætla, að þjóðin felli sig nokkru sinni við. Annars virðist mjer það skjóta nokkuð skökku við, að á sama þingi, sem hæstv. forsrh. ber fram frv. um að löghelga nokkur forn og ákveðin nöfn, sem jeg get að ýmsu leyti fallist á, þá skuli hann samtímis taka sjer fyrir hendur að uppnefna marga staði á landinu, til skapraunar þeim mönnum, sem búa þar og í kring. Jeg skal játa, að þetta er ekki stórvægilegt atriði, en forsrh. landsins ætti sannarlega að vera vaxinn upp yfir slík víxlspor sem þetta tiltæki hans er.

Jeg hefi nú um stund snúið máli mínu aðallega til hæstv. forsrh., af því að hinir ráðh. hafa verið bundnir uppi í hv. Ed. En nú sje jeg, að þeir eru komnir til sæta sinna, og get jeg því vikið orðum mínum til hæstv. stj. í heild, og ætla jeg þá að tala um stjórnarfarið svona alment, en það fer eins og fyrri, að framhjá hæstv. dómsmrh. kemst jeg ekki, og veldur þar um hið takmarkalausa einræði ráðh., er sett hefir stimpil sinn á alt stjórnarfarið.

Ofsóknaræði hæstv. dómsmrh. var áður kunnugt, á meðan hann var yfirritstjóri þáverandi ritstjóra Tímans, núverandi hæstv. forsrh., en þetta ofsóknaræði hefir brotist út með enn meira krafti síðan þessi maður komst í stj. Og það hefir birtst við öll möguleg tækifæri, en sjerstaklega hefir það þó komið fram í ódæma hlutdrægni um allar embættaveitingar og taumlausum bitlingagreiðslum til stuðningsmanna stj. Hvar sem hægt er að bola andstæðing frá opinberu starfi, er það gert og nýr fylgismaður stj. skipaður í stöðuna.

Útsölustjórastörfin við vínverslanir eru eitt dæmið í þessu efni. Það er að vísu ekki nýtt og var gert að umtalsefni á síðasta þingi. En eins og kunnugt er, sagði stj. öllum forstjórum vínverslananna upp starfi sínu. Allir munu þeir hafa verið andstæðingar stj. í aðalstefnumálum, eða svo ljet hún á sjer skilja, að undanteknum einum manni. En hvað skeður? Þegar svo skipað er í stöðurnar, eru valdir nýir menn, nýir fylgismenn hæstv.

stj., að undanteknum þessum eina, sem jeg nefndi. Hann einn fjekk að halda stöðu sinni, og þó var á allra vitorði, að hann hafði reynst mestur óreiðumaður. Öllu gleggra dæmi um hlutdrægni hæstv. dómsmrh. um embættaveitingu er ekki hægt að nefna. Þarna rjeði ekkert annað en að þessi maður var vinur hæstv. ráðh. og tryggur flokksmaður.

Það er næsta eftirtektarvert, að hæstv. dómsmrh. reynir ekki einusinni að fara í launkofa með hlutdrægni sína, hvorki í embættaveitingum nje í öðrum málum, þar sem hann þarf að beita einræði sínu. Og þetta er ægilegasta djúp spillingarinnar, þegar hræsnin kemst ekki lengur að. Menn hafa sagt, að hræsnin væri verst, en það er ekki satt. Hræsnin er ljótur löstur, en þegar menn eru svo djúpt sokknir í spillingunni, að menn hirða ekki framar um að hræsna, þá er þó enn lengra komið. Þá er botnlaust foraðið eitt framundan. Mönnum fyndist minni spilling í þessum embættaveitingum, ef skotið væri t. d. inn einum og einum andstæðingi í einhverjar stöður, svona til þess að sýnast. En hæstv. dómsmrh. hefir ekki hirt um að komast einu sinni svo hátt að vera hræsnari.

Þegar talað er um þetta takmarkalausa einræði hæstv. dómsmrh., þá verður mjer á í því sambandi að minnast hinnar nýskipuðu kirkjumálanefndar.

Það mundu kannske einhverjir segja, að mjer ætti ekki að vera það á móti skapi, að slík nefnd væri skipuð, en mjer er það ekki neitt sjerstaklega kært. Að vísu er þar um eitt mál að ræða, sem þörf væri að athuga, og það er um launakjör presta, en þá athugun mætti gera án þess að skipa sjerstaka nefnd til þess. En það, sem jeg hlýt að átelja harðlega, er þetta dæmalausa einræði hæstv. dómsmrh., að rjúka til og skipa nefndina rjett áður en þingið kemur saman. Það er engu líkara en að hæstv. dómsmrh. hafi verið að hugsa um, hvað hann gæti nú gert til þess að gefa Alþingi sem eftirminnilegastan löðrung. En hvers vegna gerir hæstv. ráðh. þetta? Jú, það er ofur skiljanlegt. Ef Alþingi hefði tekið að sjer að skipa nefndina, þá er líklegt, að hlutfallskosning hefði verið viðhöfð, og þá hefði íhaldsmaður komist í nefndina, og það mátti vitanlega ekki. En segjum samt, að hæstv. dómsmrh. hefði getað komið því svo fyrir, að hann hefði sjálfur fengið að skipa nefndina, þá hefði hann þó þurft að spyrja flokksmenn sína, en það var meira en einvaldsherrann gat þolað, að leyfa flokksmönnum sínum að koma þar að.

Þá mætti og nefna sem dæmi upp á einræði hæstv. dómsmrh. járnbrautarfundinn síðastl. sumar. Annars væri ástæða til að fara nokkrum orðum um járnbrautarmálið, sem helst lítur út fyrir, að báðir hæstv. ráðh., atvmrh. og dómsmrh., ætli sjer að drepa í vetur. (**Forsrh.**: Það eru nokkrir dagar eftir enn af sjerleyfinu). Jeg býst ekki við, að hæstv. atvmrh. veiti sjerleyfið á þeim dögum, en hins vænti jeg, að Sunnlendingar launi honum og flokki hans, er á þarf að halda, hvernig honum hefir farist í þessu máli.

Hæstv. dómsmrh. ritar um málið í blað sitt, þar sem hann setur fram ýmsar „krúsidúllur“ til þess að klúðra

málið, segir t. d., að þegar búið sje að safna svo og svo mörgum miljónum, þá skuli ekki standa á stj. til þess að leggja fram viðbótarfje, svo að hægt verði að byrja á járnbrautarlagningunni. Og svo rýkur hann til og boðar til fundar um málið hjer í Reykjavík. Að vísu lætur hann þess getið, að til fundarins boði hann sem landsk. þm. En einsdæmi mun það vera, að ráðh. hlaupi svo fram fyrir skjöldu í máli, sem ekki heyrir hans stjórnardeild til, og hrifsi það úr höndum embættisbróður síns, hæstv. atvmrh., með þeim eftirminnilegu orðum, að samgöngumál Sunnlendinga komi honum ekkert við, af því að hann sje þm. Strandamanna. Og meðan við erum að rífast um málið inni í efri deild, er hæstv. atvmrh. að labba suður á Melum! Við getum látið það gott heita, að landsk. þm. boði til fundar um jafnstórt mál og járnbrautarmálið er, en það er bara ómögulegt að skjótast hjá þeirri sjálfsögðu kurteisisskyldu að bjóða samgöngumálaráðherra landsins á fundinn. Enda kom það fram á fundinum, að mönnum þótti óviðkunnanlegt að ræða málið án þess að hæstv. atvmrh. væri nærri. Annars geri jeg ráð fyrir, að aðrir verði til þess að minnast á járnbrautarmálið, og ætla jeg því ekki að fara frekar út í það.

Jeg drap áður lítilsháttar á þessa taumlausu hlutdrægni, sem hæstv. stj. hefir beitt í allflestum málum, sem hún hefir látið til sín taka. En þessi hlutdrægni hefir jafnhliða leitt til hinnar mestu fjársóunar og bruðlunar með fje ríkissjóðs. Það er nú af, sem áður var, er menn voru að skjótast í einn og einn bitling, sem ráðstafa þurfti í þarfir Alþingis. Þingbitlingarnir eru nú orðnir hverfandi samanborið við þann fjölda nýrra bitlinga, sem stj. hefir stofnað. Það virðist komið í móð, að ef einhver fylgismaður hæstv. stj. þarf einhvers með, þá er búinn til handa honum bitlingur undir því yfirskyni, að hann þurfi að vinna eitthvert sjerstakt starf fyrir stj. Og munnarnir eru margir, sem þannig þarf að seðja, og allir þurfa að fá eitthvað. Jeg hefi ekki hjer við hendina neina skýrslu um þetta, og enginn hefir víst enn náð í skrá yfir allan þennan sæg bitlinga. Um margt af þessu hefir þó frjetst, en þó verður það ekki rakið til hlítar fyr en landsreikningarnir liggja frammi með aths. endurskoðenda.

En þau eru næsta undarleg sum þessi störf, sem hæstv. stj. hefir fundið upp handa gæðingum sínum. T. d. hefi jeg heyrt, að nýlega hafi verið skipaður maður til eftirlits með söngkenslu í skólum, og annar til þess að hafa eftirlit með einhverri annari kenslu í skólum.

Einhverntíma hefði líka þurft meira en kvak á einum fundi til þess að fá samstundis skipaða dýra milliþinganefnd. En það hefir verið látið í veðri vaka, að kirkjumálanefndin hafi verið skipuð af því, að eitthvað hafi verið talað um það á einhverjum fundi. Hitt er svo náttúrlega tilviljun, að í nefndina veljast framsóknarþingmannaefni, framsóknarritstjóri og aðrar framsóknarkempur.

Það er sjálfsagt grínsaga þetta um prestinn, sem átti að fá símastjórastarf hjá hæstv. stj., en hefði þó horfið frá því, þegar kvisaðist, að símastjórinn mundi þá sækja um að verða gerður að presti.

Annars er það margvíslegt, sem hæstv. stj. hefir látið eftir stuðningsmönnum sínum í þessu efni. Mætti þar benda á unglingaskólann hjer í Reykjavík. Þá er bæjarstjóri kominn á Norðfjörð. Svo er það síldareinkasalan, með öllum yfirforstjórunum, undirstjórum og eftirlitsnefndum; hefir vegna þess eina fyrirtækis og takmarkalausrar bruðlunar dropið drjúgum til stuðningsmanna hæstv. stj. Þá er og starfið við tryggingarstofnanir ríkisins, lögmannsstarfið hjer í Reykjavík og margt og margt fleira. Hvert sem litið er sjest aðeins einlitur söfnuður, alstaðar eru það auðmjúkir þjónar og fylgismenn hæstv. stj. Alstaðar er reynt að losna við andstæðingana úr embættum, til þess að koma að nýjum stuðningsmönnum. Og þar sem ekki eru til stöður, sem troða þarf inn í einhverjum sjerstökum gæðingum, þá eru þær búnar til. Svona er fjársóunin taumlaus og bruðlun á landsfje gegndarlaus.

Jeg sje, að jeg hefi skrifað mjer til minnis, að hæstv. dómsmrh. væri hættur að brjóta lög, en jeg veit ekki, hvort óhætt er að fara með það, svo að jeg sleppi að tala frekar um það.

Það hefði ekki verið úr vegi að minnast á afstöðu hæstv. stj. til utanríkismálanna. En jeg er nú orðinn talsvert langorður og verð því að hlaupa yfir það að mestu leyti, enda þykir mjer sennilegt, að einhverjir aðrir verði til þess að gera afstöðu hæstv. stj. út á við að umtalsefni. Þó vil jeg aðeins geta þess, að haft er fyrir satt, að hæstv. dómsmrh. hafi farið mjög gálauslegum orðum um kröfur okkar Íslendinga á hendur Dönum í lögjafnaðarnefndinni síðastliðið sumar. Skal jeg þó ekki fara frekar út í það að sinni, enda gefst eflaust tækifæri til þess síðar.

En svo er það eitt mál, sem veit út á við og mjer finst sjerstaklega ástæða til að fara nokkrum orðum um. Og það er hið svokallaða „Tervani"-mál. Að vísu hefir það mál verið mikið rætt, bæði í blöðum og á landsmálafundum víðsvegar um land, enda er það þann veg vaxið, að það má ekki liggja í þagnargildi. Upptök þessa máls eru þau, að seint í ágústmánuði 1926 er varðbáturinn ‚Trausti' á ferð hafna á milli suður með sjó að sækja skipstjóra sinn. Í Garðssjónum sjá mennirnir á bátnum tvo botnvörpunga að veiðum og að því er þeim virðist allgrunsamlega nærri landi. Tóku mennirnir sig þá til og athuguðu nánar um þessi skip, náðu í nöfn þeirra og heimilisfang og tóku mið af staðnum, sem þau voru að veiðum á. Reyndist annað skipið að vera íslenski togarinn „Jupiter", en hitt var enskur togari, sem hjet „Tervani". Nú hefi jeg tekið fram, að skipstjórinn var ekki á bátnum, en mennirnir voru vanir sjómenn og höfðu oft fengist við að taka mið af ýmsum stöðum. Var þetta mið síðan rannsakað af varðskipunum, og kom þá í ljós, að það skipið, sem utar var, reyndist að vera um ½ sjómílu innan við landhelgislínu, og var það „Júpiter". Skömmu síðar náðist í „Júpiter" og var mál skipstjórans rannsakað. Lauk því á þá leið, að hæstirjettur dæmdi hann í 15 þús. kr. sekt. Hinn togarinn var því sjálfdæmdur, þar sem hann var innar..

Því hefir verið óspart á lofti haldið, að útbúnaður hafi verið mjög lje-

legur á varðbátnum, þar hafi ekkert sjókort verið til, engin bók eða pappír og heldur ekki önnur ritföng, en þetta eru ósannindi og blekkingar, því að alt þetta var í bátnum, en mennirnir fundu það ekki.

Eftir að hæstarjettardómur var genginn í „Júpiter"-málinu, þótti svo sem augljóst, að enski togarinn væri einnig sekur, og það því fremur sem sannast hafði undir rekstri málsins, að hann hefði verið nær landi. En svo leið og beið, að ekki náðist í „Tervani", fyr en í apríl síðastl., að „Þór" kom með hann til Vestmannaeyja. Var hann þá kærður, en leyft að sigla til Englands gegn því að hann setti 30 þús. kr. til tryggingar meðan mál hans væri rannsakað og dæmt.

En hvað skeður svo?

Tveimur mánuðum síðar afhendir hæstv. dómsmrh. skipstjóranum þessar 30 þús. kr. og segir honum, að hann megi sigla sinn sjó. Málið sje svo illa undirbúið, að það sje ekki vansalaust fyrir íslenskt rjettarfar að leggja það undir dóm enskra stjórnarvalda.

Jeg ætla nú ekki að ræða um, hvað annað eins tiltæki og þetta er heimskulegt, að eiðfestur vitnisburður greindra sjómanna skuli ekki takast sem gilt sönnunargagn um sekt erlendra landhelgisbrjóta. Englendingar kunna vel að meta vitnaframburð í slíkum málum og hafa oft tekið svari Íslendinga, þegar á þá hefir verið ráðist þar í landi. Annað mál er það, hvaða álit Englendingar fá á íslensku rjettarfari og hæstarjetti, sem dæmt hefir togara í sekt eftir sömu gögnum, sem ráðherrann nú telur Íslendingum til vansa að láta útlendinga sjá. Og hvaða traust eigum við þá orðið eftir á hæstarjetti, þegar sjálfur dómsmrh. auglýsir, að hæstirjettur hafi dæmt eftir svo veikum gögnum, að okkur muni betra að láta þann sökudólginn sleppa, sem brotlegri var, svo að ensk stjórnarvöld fái ekki að sjá rjettarskjölin? Og hvað mundu Englendingar þá segja um hæstarjett, þegar hann dæmir næst enskan togara og það sannast, að þeir, sem kærðu, höfðu ekkert skrifað niður?

En þann veg eru margar kærur undir komnar, að sjómenn víðsvegar með ströndum fram og inni á fjörðum standa landhelgisbrjótana að veiðum og vitnisburður þeirra tekinn gildur. Jeg skal í því sambandi minna á það, að sjómenn úr Mýrdal hittu togara að veiðum allnærri landi í mars 1924. Þeir höfðu engin ritfæri og því síður sjókort, en þeir tóku mið af staðnum og kærðu togarann. Og vitnisburður þessara manna var tekinn góður og gildur og togarinn dæmdur í sekt af öllum rjettum.

Og hvað er skrifaður vitnisburður annað en athugun mannanna sjálfra?

Hæstv. dómsmrh. gerir mikið númer úr því, að athugun mannanna á „Trausta" hafi verið rissuð á stýrishúsið með nagla. En því betra sönnunargagn ætti þetta að vera í hans augum. Því þó ekki hefði verið hægt að fara með stýrishúsið til Englands, þá var þó hægt að vottfesta það, að þarna, á sjálfu stýrishúsinu, hefði athugun mannanna staðið skrifuð.

Hvernig sem á þetta er litið, er málið okkur til jafnmikillar minkunar, og á því á hæstv. dómsmrh. einn sök. Hann hefir með einræði sínu um niðurfellingu sakar á hendur erlendum

landhelgisbrjót veikt aðstöðu okkar út á við og varpað skugga á íslenskt rjettarfar.

Englendingar eru með endalausar sakir á íslenskt rjettarfar. Eina vörnin fyrir okkur er að hafa óflekkaðan skjöld. Nú var aðstaða okkar í þessu máli sjerstaklega sterk, að því leyti, að um leið hafði íslenskur togari verið dæmdur fyrir sama brot og eftir sömu sönnunargögnum, nema hvað líkurnar voru mun sterkari gegn enska togaranum. Það er þess vegna leitt til þess að vita, að enskir sjóræningjar og veiðiþjófar hjer við land skuli hjer eftir geta borið sjálfan dómsmrh. fyrir þessum illkynjaða og ástæðulausa rógi um íslenskt rjettarfar. En það er óhætt að fullyrða, að varla væri hugsanlegt sterkara mál af okkar hálfu á erlendum vettvangi en Tervani-málið. Aðgerðir dómsmrh. í því máli verðskulda það, að þeim sje æ á lofti haldið sem ævarandi aðvörun öllum þeim, er síðar kunna að hafa slík mál með höndum.

Mig hefði langað til að minnast á skólamál við hæstv. dómsmrh. Þegar það frjettist, hver yrði dómsmrh., þótti mönnum lítill ljómi vera yfir þeirri ráðstöfun. Þó virtist mönnum dálítil skíma að því leyti, að ráðh. hafði látið svo sem hann væri mjög áhugasamur um skólamál. Það var fundið að því, að ólöglærður maður væri gerður að dómsmrh., en á það ber að líta, að ráðh. er líka kirkju- og kenslumálaráðh., svo að mjer finst satt að segja ekkert að því, þótt eitt sinn veldist í þessa stöðu skólafróður maður, þótt hann væri ekki lögfræðingur. En einnig að þessu leyti hafa menn orðið fyrir vonbrigðum. Öll afskifti ráðh. af þessum málum hafa mótast af þessari eilífu hlutdrægni hans. Sem dæmi má nefna Suðurlandsskólann. Hann var settur niður á Laugarvatni, einmitt af því að einn besti fylgismaður ráðh. átti þar heima. Enda hefi jeg heyrt, að ráðh. sje þar kallaður „hann góði" eða bara „Hann", með stórum staf, svo að af þessu geta menn ráðið, hver andi ríkir í skólanum. Þar er nú ekki skökk pólitík á ferðinni! Enda mun þessi Laugarvatnsskóli vera eitthvert indælasta „produkt" ráðherrans, auðvitað þó að undanteknum amtmanninum, samvinnuskólanum. Það, sem ráðh. hefir gert með því að leysa málið á þennan veg, er að sigla skólamáli Suðurlands algerl. í strand. Hann hefir sett skólann á stað, sem ekkert samkomulag hafði náðst um, svo að stofna verður annan skóla fyrir austan fjall áður en langt um líður. Þetta er því alveg dæmalaus lausn, enda mun það meðfram vaka fyrir ráðh., að skólinn sje ekki of fast við það bundinn að heita Suðurlandsskóli. Það er sem sje á allra vitorði, að ákveðnum manni, sjera Kjartani í Hruna, var ætlað að vera skólastjóri Suðurlandsskólans þegar hann kæmi á stofn, en með því að setja skólann á þessum stað, þar sem aðeins fáir hreppar gátu notið hans, sá hann sjer leik á borði að losna við að enda þetta loforð og setja annan mann, sem hann í svipinn tók fram yfir sr. Kjartan, fyrir skólann. Þó eitthvað gott kynni að mega segja um afskifti ráðh. af skólamálum, þá er það eitt víst, að hann hefir leyst skólamál Sunnlendinga á hinn klaufalegasta hátt sem hugsanlegur var.

Þá eru afskifti ráðh. af mentaskólanum í Reykjavík. Menn bjuggust

ekki við, að sá skóli ætti upp á pallborðið hjá honum, enda munu kærleikar ráðh. til Reykjavíkur vera mjög af skornum skamti, sem og hefir komið greinilega á daginn. Öðru máli gegnir um höfuðstað Norðurlands, Akureyri. Þar hefir komið upp hreyfing um að koma upp mentaskóla, og var látið fljótt undan þeim kröfum. Auðvitað hlaut slíkt að ganga út yfir mentaskólann hjer, enda tilkynti ráðh. skömmu síðar, að hjer eftir tæki mentaskólinn ekki við nema 25 nýjum nemendum árlega í gagnfræðadeild skólans. Var þetta ekki nema helmingur þeirra nemenda, sem rjett höfðu til inngöngu. Jeg skal nú ekki segja, hvort ráðh. hefir haft leyfi til þess að gera þetta; jeg býst við, að honum hafi hvorki verið það heimilt nje óheimilt. En það alvarlega er, að með þessum ráðstöfunum eru menn útilokaðir, ekki frá stúdentsmentun, heldur frá gagnfræðamentun. Mönnum er meinaður aðgangur að þessum eina gagnfræðaskóla, sem Reykjavík hefir. Ráðh. hefir barist með hnúum og hnefum á móti þeirri fullkomnustu skólahugmynd, sem enn hefir fram komið, samskólahugmyndinni, og mjer er sagt, að hann hafi jafnvel lagt fæð á þann mann, sem var svo djarfur að bera hana fram. Nú vildi ráðh. slá eitt afgerandi slag, til þess að sýna velvild sína og umhyggju fyrir skólanum, og hann kemst þá að þeirri niðurstöðu, að fatasnagar skólans væru ekki sem fullkomnastir. Því næst gefur hann skipun um, að vanrækja skuli alt viðhald á skólanum, og var því hlýtt. Borð voru ekki máluð eins og venjulega, ekki einusinni málað yfir bætur á veggjunum. Svo þegar niðurlæging skólans og frágangur var orðinn eins og hann gat verstur verið, þá býður hæstv. dómsmrh. með „pomp og pragt" blaðamönnum til þess að sjá, hvernig íhaldið skilji við skólann. Svo skyldu þeir sjá skólann þegar hann væri búinn að setja hann í stand! Og ráðh. ljet taka eina kenslustofuna undir fatasnaga. Það kann að vera þörf umbót út af fyrir sig, en einhver stj. hefði nú getað komið öðru eins í kring án þess að það væri rætt í blöðunum í mörg ár og kostaði annan eins bægslagang og fatasnagarnir í mentaskólanum. En auðvitað er þetta alt gert til þess að fá annan skóla á Akureyri. Jeg nenni ekki að fara að ræða um Akureyrarskólann; það mál er nú orðið gamalt og fallið í kyrð, en einkennilegt er það, að þessum tveim skólum skuli ekki vera gert jafnt undir höfði í hinu nýja frv. stj. Akureyrarskólinn er 4 ára skóli með 2 ára undirbúningsdeild, eins og vera ber, en mentaskólinn er reyndar 4 ára skóli, en í stað undirbúningsdeildar kemur Ingimarsskólinn. Að vísu getur sá skóli komið að haldi sem almennur unglingaskóli, en það nær engri átt, að hann geti verið undirbúningsskóli fyrir þá, sem ganga ætla mentaveginn. En það er sárgrætilegt að hugsa til þess, að þegar brýn þörf er á að koma upp alþýðu- og gagnfræðaskólum víða um landið, að þá skuli ráðh. hlaupa til og koma upp þeim eina skóla, sem engin þörf var fyrir, og sem einmitt var í þeirri grein, sem síst var þörf meiri viðkomu, sem sje nýjum stúdentaskóla. Þetta ætti aldrei að gleymast, meðan þessi stjórn er við völd.

Þessi sífelda hlutdrægni ráðh. í öllu, smáu sem stóru, er þegar þjóðkunn, og stofnun Akureyrarskólans er eitt sláandi dæmi hennar. Aðeins af því að ráðh. hafði tekið einskonar ástfóstri við Akureyri, þá var sjálfsagt að láta undan kröfunum um stofnun skólans. Í stuttu máli sagt, öll afskifti ráðh. af skólamálum sem öðrum málum hafa mótast af hinni alkunnu hlutdrægni ráðh., svo að segja má, að sú litla skíma, sem yfir ráðh. var á þessu sviði, sje nú algerlega horfin.

Jeg mun svo ekki taka öllu fleiri mál að sinni, enda mætti það æra óstöðugan að telja upp allar sakir stj., því tala þeirra er legio. Þó er það eitt mál, sem jeg hlýt að minnast á, og sem jeg tel aðalsök stj., þá höfuðsök, sem stj. hefir unnið sjer til óhelgi með. Og ef jeg ætlaði að bera fram vantraustsyfirlýsingu, sem jeg feginn vildi gera, ef jeg hjeldi, að það þýddi nokkuð, þá myndi jeg byggja hana fyrst og fremst á því stjórnmálaástandi, sem myndast í landinu við það, að stj. nýtur stuðnings jafnaðarmanna og á alla sína pólitísku aðstöðu undir þeim. Jeg viðurkenni fullkomlega tilverurjett jafnaðarmanna sem flokks í þinginu. En það er hið nána samband þessara tveggja ólíku flokka, sem skapar óheilindin og glundroðann í íslenskri pólitík. Stefna jafnaðarmanna miðar að afnámi eignarrjettarins og þjóðnýting allrar framleiðslu. Sú stefna, sem ekki miðar að þessu, er engin jafnaðarstefna. En meðan jafnaðarstefnan er ekki í meiri hl., þá vinnur hún og starfar í hinu „kapitalistiska" þjóðskipulagi með verkföllum og öðrum þvílíkum meðulum. Í öðru lagi er jafnaðarstefnan „internationalal", alþjóðleg stefna, sem kastar rýrð á ættjarðarástina, og gengur það jafnvel svo langt, að þingmenn jafnaðarmanna vilja ekki halda þing sín undir fána landsins, heldur undir hinni rauðu dulu. Þó er eigi svo að skilja, að jeg sje að ásaka flokkinn með þessu, heldur er þetta einungis lýsing. Jafnaðarmannaflokkurinn kemur fram sem einhliða kaupstaðarflokkur. Í kaupgjaldsmálum, atvinnumálum, þjóðnýting og þjóðernismálum berst þessi flokkur leynt og ljóst gegn hagsmunum þeirrar stjettar, sem að Framsóknarflokknum stendur. Framsóknarflokkurinn, sem er yfirlýstur bændaflokkur, hefir nú fallist í faðma við þennan kaupstaðarflokk, sem í öllum þjóðfjelagsmálum er honum andvígur. Jafnaðarmenn hafa með þessu ástandi miklu sterkari aðstöðu í þinginu en þeim ber. En hver sú stj., sem lyftir jafnaðarmönnum til meiri valda en þeir eiga samkv. atkvæðamagni sínu, á óheilög að falla. Það er ekki af því að jafnaðarmenn sjeu verri en aðrir menn, heldur af því að slík óheilindi og loddaraskapur skapa óþolandi stjórmálaástand í landinu. Reynslan hefir líka sýnt, hver hætta getur af þessu stafað og hverjar afleiðingar þetta getur haft, ef það helst til langframa. Á þinginu í fyrra óðu jafnaðarmenn uppi og veifuðu stjórnarflokknum eins og dulu eftir geðþótta sínum. Þeir jafnvel neyddu Framsóknarflokkinn til þess að greiða atkvæði með nafnakalli þvert ofan í sjálfan sig og sína eigin fyrri atkvgr. Sami leikurinn er leikinn nú; jafnaðarmenn fara hamförum upp á líf og dauða; þeir vita, hvað það gildir, og hinir dragast með nauðugir viljugir.

Það er næsta broslegt að sjá þann skrípaleik, sem þessir tveir flokkar leika hjer í deildinni um afgreiðslu málanna, og ekkert sýnir betur óheilindin og yfirdrepskapinn, sem hið pólitíska líf okkar er orðið gagnsýrt af. Þegar smámál eru á ferðum, eru einatt smáskærur á milli þessara flokka innbyrðis, til þess að sýnast fyrir kjósendum, en annað verður uppi á teningnum þegar stórmálin koma til afgreiðslu. Eitt augljósasta dæmi þessa er vinnudómurinn og till. um rannsókn togaraútgerðarinnar. Það er mál beggja þingflokkanna, Íhalds og Framsóknar, svo maður skyldi nú ætla, að það myndi sigla hraðbyri gegnum þingið. En hvað skeður? Málið er beinlínis dregið á langinn að undirlagi og samkv. vilja og óskum jafnaðarmanna. Þetta er ekki mönnunum að kenna, sem hjer eiga hlut að máli; það er stjórnmálaástandið, sem á sök á þessu, og það stafar aftur af hinu óheilbrigða, óeðlilega og illræmda sambandi milli sócíalista og bændaflokksins í þinginu. Auk þess ruglar slíkt ástand beinlínis alla meðvitund manna. Samstarf getur í sumum tilfellum verið holt og heilbrigt. En slíkur grímudansleikur sem þessi er ekkert samstarf. Það miðar aðeins til þess að rugla pólitíska meðvitund manna. Og millilíðurinn milli þessara tveggja flokka, sjálfur höfuðpaurinn í öllu þessu óheilindamakki, situr í sæti dómsmálaráðherrans. Það er núverandi dómsmrh., sem á sökina. Nokkrir menn í flokki Framsóknar hafa sterka tilhneigingu til fylgis við sócialista. Hinn hluti flokksins, sem í eðli sínu er sócialistum mjög andvígur, hefir enn ekki kjark til að varpa þeim af sjer. Þannig er þessum málum raunverulega háttað. Og það gremjulega er, að það er alveg óþarfi að láta jafnaðarmenn ráða nokkru hjer á þingi, fram yfir það, sem þeim ber eftir því, sem kjörfylgi þeirra segir til. Með þessu ástandi ræður minni hl. miklu meiru en rjett er. Jafnaðarmenn geta sagt, að þeir sjeu afskiftir um þingsæti, en þeir geta ekki sagt, að þeir sjeu afskiftir um áhrif í þinginu. Þetta verða menn að skilja. Hjer er fylsta alvara á ferðum. Og það hlýtur að reka að því, fyr eða síðar, að þeir, sem vilja halda í þetta þjóðskipulag, sem nú ríkir, — og það eru meðal annara bændur —, þeir hljóta að taka höndum saman í einn flokk gegn jafnaðarmönnum. Menn verða að gera upp með sjer, hvort þeir hafi þá skoðun á atvinnumálum, sem geti samrýmst skoðunum jafnaðarmanna. Og menn verða að vera á því hreina um það, hvort þeir styðji þingræðið eða ekki. Í því eina ríki, sem stefna sócíalista hefir verið gegnumfærð, hefir þingræðið verið afnumið. Að þessu mega menn ekki ganga gruflandi.

Jeg mun nú ekki halda langa tölu um þjóðrækni, en jeg ætla að taka það fram, að stórkostlegur meiri hl. þjóðarinnar er þjóðrækinn og metur þjóðerni okkar og þjóðleg einkenni mikils. (**SÁÓ**: Ekki íhaldsmenn). Jú, íhaldsmenn standa hiklaust undir fána landsins. Þeir eru ekki enn komnir upp á það að kyrja „internationale“ eða annan þvílíkan alþjóðasöng. Jeg er ekki svo þröngsýnn eða ófrjálslyndur, að jeg amist

við því, að flokkur jafnaðarmanna sje til, en jeg er algerlega á móti því, að hann nái meiri áhrifum en honum ber í hlutfalli við aðra flokka í landinu. Það er áreiðanlegt, eða maður að minsta kosti vonar það, að úr þessu rætist áður en langt um líður. Það er einungis tímaspursmál, hvenær dómsmrh. tekur út sporið til fulls og kastar grímunni. Margt bendir til þess, að bændur sjeu að byrja að átta sig á þessu. Meðal annars er sagt, að það hafi farið að fara um suma bændakarlana í haust, þegar hv. þm. Ísaf. fór að tala um blóðugar byltingar á fundum, sem hæstv. dómsmrh. hjelt. Mönnum fer nú að verða það alment ljóst, að hinir eiginlegu stuðningsmenn dómsmrh. eru þessir sömu menn, sem tala um blóðsúthellingar og byltingar.

Það vill svo vel til, að í Alþýðublaðinu er til yfirlýsing frá Jóni heitnum Thoroddsen um það, hvernig núverandi dómsmrh. er kominn inn í bændaflokkinn. Sócialistar rjeðu ráðum sínum um það, hvernig þeir ættu að efla flokk sinn í þessu iðnaðarsnauða landi. Þeir fengu augastað á bandalagi við bændur. Þá var Jónas Jónsson, núverandi dómsmrh., gerður út af örkinni til þess að vjela þá til fylgis við grímuklæddan sócíalisma. Tók hann nú að nota bændur og fylgi þeirra til þess að efla aðstöðu sína og til þess að veita jafnaðarstefnunni brautargengi. Það hefir líka tekist að sveigja nokkurn hluta bænda í þessa átt. Og sjálfsagt mun eitthvert slangur, með dómsmrh. í broddi fylkingar, lenda í hinni fyrirhuguðu höfn, í faðmi sócíalista. Hinn hluti Framsóknar hlýtur fyr eða síðar að reka af sjer slenið. Og þá birtir yfir hinu íslenska þjóðmálalífi. En það er núverandi stj., sem viðheldur þessu óheilindaástandi, og það stendur og fellur með henni. Slík sambræðsla hefir víðar átt sjer stað, en alstaðar orðið hlutaðeiganda að falli. Tökum til dæmis „radikalana" dönsku. Þeir mynduðu stjórn með tilstyrk jafnaðarmanna, og nú er svo komið þeirra högum, að þeir geta varla talist sjerstakur flokkur lengur. Ekki er því þó um að kenna, að þeir sjeu ljelegri menn en aðrir, því þeir hafa mörgum afbragðsmönnum á að skipa. Sama er að segja um „liberala" flokkinn enska. Í honum eru margir bestu menn Breta, svo sem Lloyd George o. fl. Þeir studdu jafnaðarmenn um tíma, þegar þeir voru við völdin. Nú er sá flokkur aðeins svipur hjá sjón hjá því, sem áður var, og hefir algerlega tapað fylgi þjóðarinnar. Hann átti nú enga lífsvon lengur og þá gripu forvígismenn hans til þess ráðs, að fá tvo ríkustu blaðakónga Bretlands til þess að grenja það út um alt landið, að nú ætli þeir aldrei framar að leggja lag sitt við sócíalista. Þetta er nú reynslan erlendis, og þannig hlýtur það einnig að verða hjer. Þessi pólitíski hrærigrautur er óþolandi og á engan rjett á sjer. Þess vegna er það krafa allra heilbrigt hugsandi manna, að núverandi stj. fari frá, til þess að ljetta þessu ófremdarástandi af þjóðinni.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það var föst regla fyrrum, þegar menn gengu til orustu, að þá voru þeir menn settir í fylkingarbrjóst, sem hraustastir voru og harðfengastir. Jeg efa það ekki, að Íhaldsflokkurinn hafi tekið þetta til athug-

unar nú og farið eftir þessu góða dæmi og valið þann mann til forustunnar, sem hann hafði mest traustið á. (**MJ**: Heyr!). Áður fyr voru menn gunnreifir og í vígahug, er þeir stóðu í fylkingarbrjósti, en sá háttv. þm., sem hjer hóf atlöguna, kvartaði undan því, að í sjer væru beinverkir og kuldahrollur.

Þar sem nú má ganga út frá því vísu, að þessi hv. þm. sje sjerstaklega kvaddur í eldhúsið, þá er vert að athuga, hvað hann hefir fyrst fram að færa og leggur aðalhersluna á. Það er sjerstaklega tvent, sem er eftirtektarvert í ræðu hv. þm., og það var það, sem hann tók þegar fram í upphafi, að nú væri minni eldiviður en í fyrra og að stj. væri betri en áður. Þegar það nú er vitað, að Íhaldsflokkurinn hjelt sjerstakan flokksfund í fyrradag til þess að undirbúa sig undir þessa atlögu, að því er ætla má, og nú er nýafstaðinn allsherjar landsfundur íhaldsmanna af öllu landinu, þá er það ennþá merkilegra, að maðurinn, sem stendur í fylkingarbrjósti, skuli byrja með því að viðurkenna, að stj. sje betri en áður. Það er auðvitað mjög svo ánægjulegt að taka við slíkri yfirlýsingu nú á þessum degi, sjerstaklega þegar hún kemur frá sjálfum forvígismanni andstæðinganna. Þegar umr. hófust á eldhúsdaginn í fyrra, þá komst sá, sem þá stóð í fylkingarbrjósti, öðruvísi að orði. Hann líkti núverandi stjórnarformanni við gríska guð, sem var þeim kostum búinn, að hann hafði tvö höfuð og gat horft í tvær áttir, aftur og fram, eins og þeir, sem athuga vel sinn gang. Það kom nú reyndar síðar fram, að þessi hv. þm. var farinn að ruglast dálítið í goðafræðinni, en þetta má leggja vel út, og er þá skemtilegt að bera það saman við þessa yfirlýsingu núna. Það er oft sagt, að einsdæmi sjeu merkileg, en þetta einsdæmi er áreiðanlega merkilegast, að forvígismaður andstæðinganna lýsir yfir því á sjálfan eldhúsdaginn, að stj. fari batnandi og fátt sje um ásökunarefni.

Þá skal jeg víkja að einstökum atriðum, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi sjerstaklega til mín, og eru þau að vísu fá. Það var þá í fyrsta lagi út af framkvæmd skattalaganna, og beindi hann því með rjettu til mín, því að jeg gegndi því starfi, sem þar að lýtur, í 3—4 mánuði. Hv. 1. þm. Reykv. kvaðst ekki vera allskostar ánægður með skattstjóraskiftin, og það af því tilefni, að hann kvaðst bera svo sjerstaklega mikið traust til Einars Arnórssonar fyrv. skattstjóra, og hann væri svo sjerstaklega vel fallinn til þess að gegna þessu starfi. Jeg get því miður ekki verið hv. þm. alveg sammála um þetta. Þó að fyrv. skattstjóri sje bæði duglegur og nýtur maður að mörgu leyti, þá er jeg samt hræddur um, að hann hafi ekki verið sem best fallinn til skattstjórastarfsins og hafi ekki rækt það eins vel og margt annað meðan hann hafði það með höndum. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að gefnu tilefni, að nú hefir verið valinn mjög vel hæfur maður í þessa stöðu. Hann er að vísu aðeins settur, en ekki skipaður, eins og hv. 1. þm. Reykv. hjelt fram. Þessi maður hefir mikla sjerfræðilega mentun á þessu sviði, og sjerstaklega mikinn áhuga og löngun til þess að inna verk sitt sem allra best af hendi. Jeg er fullkomlega sannfærður um það, að

hann muni gegna þessu starfi með þeirri samviskusemi, að allir megi vel við una.

Þá bar hv. 1. þm. Reykv. fram fyrirspurn um það, með hvaða heimild væri sent út brjef skattstjórans til gjaldendanna út af óskýrum framtölum. Hann las upp þetta brjef og svaraði sjer síðan sjálfur. Þessu er líka auðsvarað, því að hv. þm. veit, að skattstjórinn er jafnframt form. niðurjöfnunarnefndarinnar hjer í Reykjavík, og þarf þá ekki annað en að fletta upp í útsvarslögunum frá 1926, því að þar er þetta heimilað í 18. gr. Þar segir meðal annars svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig er henni (niðurjöfnunarnefnd) rjett að krefja aðila skýrslna um sjerhvað það, er hún telur skifta máli um útsvar hans". (**MJ**: Þetta skiftir ekki máli. Hjer var ekki um útsvör að ræða). Þetta skiftir einmitt máli, því að það hefir því miður komið í ljós, eftir skýrslum frá bönkum og öðrum stofnunum, að sum framtölin hjer í bæ eru mjög svo óábyggileg, og tiltölulega margir hafa talið ranglega fram; því er nú ver. Nú hefir skattstjóri gert ráðstafanir, og það mjög vægar ráðstafanir, til þess að gefa fólki tækifæri til þess að leiðrjetta framtöl sín sjálft. Það var þess vegna, að þetta brjef var sent út; það átti að fá með því fram full framtöl, því að sum þeirra voru svo ófullkomin, að þau voru eiginlega að engu hafandi. Jeg vil svo lýsa yfir því, að eftir því sem jeg hefi fylgst með starfi núverandi skattstjóra, þá hefir hann hvorki í einu nje neinu farið út fyrir þau takmörk, sem honum voru sett í upphafi, en gengið að starfi sínu með þeim dugnaði og myndarskap, sem honum er laginn.

Næsta atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín, er raunar heldur smávægilegt, enda viðurkendi hann það sjálfur. Hann spurði mig um það, hvernig stæði á því, að ýmsir staðir á landinu væru uppnefndir í áætlun strandferðaskipsins Esju. Aðdragandinn að þessu er nú orðinn nokkuð langur, og er málið orðið allgamalt. Jeg man t. d. eftir því, að jeg hafði þá ánægju oftar en einu sinni sem frsm. fjvn. að leiðrjetta ýms nöfn í fjárlögunum, og á þinginu í fyrra tókst mjer að láta færa til betra máls nafn á einum kaupstað hjer á landi í sambandi við frv., sem þá var á ferðinni. Í samráði við nokkra þjóðræknа menn hjer í bænum skrifaði jeg svo heimspekideild háskólans brjef og bað hana að gera till. um gömul og þjóðleg nöfn á stöðum á landinu. Jeg býst við, að hv. 1. þm. Reykv. viti ósköp vel um þetta og hafi ef til vill lesið brjefið sjálfur. Heimspekideildin tók þessu mjög vel og liðlega og skipaði einn af sínum allra færustu og hæfustu mönnum, prófessor Pál Eggert Ólason, til þess að vinna þetta verk. Hann skrifaði svo um þetta ritgerð, og er sú ritgerð prentuð hjer í grg. frv. um nöfn bæja og kaupstaða. Jeg fjekk einmitt álit hans og till. í hendur nokkru áður en Esju-áætlunin kom út, og þá fól jeg Eimskipafjelaginu að fara eftir till. prófessorsins og að taka hans nöfn upp í áætlunina. Jeg veit að vísu, að það hefir tekist svo til, að gengið hefir verið feti framar í þessu heldur en prófessorinn ætlaðist til, en það skal verða leiðrjett. Þykir mjer það vel sæma fyrir einn ráðh. að fara til

hinnar hæfustu stofnunar og fá hjá henni till. um að færa nöfn til betra máls, og fara svo eftir þeim, og svo mikið er víst, að meðan þessi stj. fer með völd, þá mun hún beita sjer fyrir því að færa þau nöfn í þjóðlegri búning, sem danskir skipskokkar hafa sett á íslenska staði á undanförnum árum.

Þá skal jeg víkja að því, sem hv. 1. þm. Reykv. drap áðan lauslega á, og það er járnbrautarmálið. Hann vildi halda því fram, að jeg hefði gengið af járnbrautarmálinu dauðu, og getur hann ekki átt þar við hið eiginlega járnbrautarmál, heldur eru það sennilega lögin um sjerleyfi handa fjelaginu Titan, sem hann á við. Hefði nú hv. 1. þm. Skagf. átt hjer hlut að máli, þá hefði jeg svarað þessu með því að beina fyrirspurn til hans út af þessu fjelagi. Mjer þykir mál til komið að fara að lýsa eftir járnbrautinni og fjelaginu. Nú er orðið stutt til 1. maí, og ekki bólar á Titan. Engin skilríki hafa enn verið lögð fram fyrir því, að fjelagið hafi neitt fje til þeirra framkvæmda, sem sjerleyfislögin hljóða um. Hvar eru peningarnir og hvar er fjelagið? Hv. þm. þarf ef til vill að bíða eftir stjórnarskiftum áður en hann lætur fjelagið bæra nokkuð á sjer? Jeg er hræddur um, að íhaldið verði að fara að kalla á Baal sinn. Annars álít jeg, að járnbrautarmálið eigi ekki að vera bundið við útlend fjelög eins og Titan, og mun jeg fá tækifæri til þess að víkja að því einnhvern tíma síðar. Við eigum að bæta samgöngur okkar af eigin ramleik, og það ætti ekki að verða verra eða erfiðara þegar búið er að kveða niður þessa útlendu drauga.

Þá gat hv. 1. þm. Reykv. þess, að það væri undarlegt, að prestar ættu líka að vera símastjórar. Jeg skal þá segja honum það til gamans, að jeg hefi sjálfur verið hvorttveggja í senn, bæði símastjóri og prestur, hvort sem það var nú presturinn, sem var símastjóri, eða símastjórinn prestur, og svo mun vera ástatt um eina 30—40 presta á landinu, að jeg hygg. Síðan jeg varð yfirmaður allra símamála, hefir þetta haldið áfram til þessa, þó að ef til vill verði síðar gerðar einhverjar breyt., þar sem það þykir betur fara.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði svo um forstjóra Brunabótafjelagsins og áleit, að núverandi stjórn hefði ekki valið hæfasta manninn í þá stöðu af þeim, sem um hana sóttu. Jeg vil þá út af þessum ummælum hv. þm. gefa þá yfirlýsingu, að það er mín skoðun, að af hinum mörgu umsækjendum var alveg tvímælalaust valinn sá langfærasti og hæfasti. Jeg hefi átt tal um þetta við ýmsa málsmetandi menn, og þeir hafa allir lokið upp einum munni um það, að þetta starf væri hvergi betur komið en í höndum núverandi forstjóra.

Það er alveg rjett hjá hv. þm., þar sem hann sagði, að menn ættu að tala um utanríkismálin með mestu varúð. Jeg hefi sjálfur altaf kostað kapps um það hingað til, og það ættu allir hv. þm. að gera.

Jeg ætla svo að víkja að því, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um í niðurlagi ræðu sinnar og hann taldi höfuðsökina hjá núverandi stjórn. Hann sagði, að hún styddist við jafnaðarmenn, en það hefir ekki verið beinlínis, heldur hafa þeir lofað hlutleysi

og efnt. Ætla jeg því ekki að tala alment um stefnu þeirra; um hana getur hv. þm. deilt við þm. þess flokks. Hv. þm. kallaði Framsóknarflokkinn fyrst og fremst bændaflokk, og er það alveg rjett. Það leikur ekki á tveim tungum, að Framsóknarflokkurinn vinnur mest fyrir bændurna, og hann leggur að sjálfsögðu höfuðáhersluna á viðreisn landbúnaðarins. Hvernig er svo farið að því að ná þessu marki? Við framsóknarmenn erum ekki nema 20 á þingi, svo að við getum ekki af eigin ramleik borið áhugamál okkar fram til sigurs. Til þess skortir okkur atkvæðamagn, en atkvæðin, sem þarf til viðbótar, höfum við fengið frá jafnaðarmönnum. Jeg efa það ekki, að mörg af okkar áhugamálum hefðu sennilega komist í gegnum þessa hv. deild án hjálpar jafnaðarmanna, en enginn hefir rekið sig betur á það en jeg, hvernig þeim mundi reiða af í hv. Ed., ef jafnaðarmanna nyti þar ekki við. Jeg vil nú nota tækifærið í þessu sambandi til þess að þakka hv. jafnaðarmönnum fyrir velvild þeirra og skilning á nauðsynjamálum landbúnaðarins, sem þeir hafa sýnt með framkomu sinni hjer á Alþingi. Mjer eru í minni þær undirtektir, sem lögin um búfjártryggingar fengu í hv. Ed. Þetta var ákaflega vel undirbúið mál og eitt hið sjálfsagðasta mál. Allir íhaldsþingmennirnir risu öndverðir gegn því, en með tilstyrk jafnaðarmanna gat Framsóknarflokkurinn komið því í gegn. Þetta voru kaldar kveðjur, sem íhaldsmennirnir sendu landbúnaðinum, en þær hafa komið margar síðar. Mun jeg lengi minnast þessara kveðja.

Jeg held, að það hafi svo ekki verið fleira, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín. Jeg vil þá að síðustu benda honum á það, að þó að tínt verði til ýmislegt, sem andstæðingarnir telja aðfinsluvert í fari stjórnarinnar, þá mun það verða ljettvægt við hliðina á þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf í upphafi. Jeg ætla svo að enda á því, sem hann byrjaði á, og segja, eins og hann segir um núverandi stj.: Batnandi manni er best að lifa.

**Jóhann Jósefsson:** Það má segja um hæstv. forsrh., að það þarf ekki mikið til þess að gleðja hann. Hvaða aðfinslur, sem koma frá andstæðingunum, verða til þess að gleðja hæstv. forsrh. Það er auðvitað gott, að hann getur glaðst, en mjer þótti samt æðiundarlegt, að hann skyldi geta glaðst yfir ræðu hv. 1. þm. Reykv. og því, sem hún gaf tilefni til. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um ýmsa stórkostlega galla á stjórnarfarinu í landinu, og þó að hann hafi sagt í gamni, að eldiviðurinn væri minni nú en áður, þá eru samt allar líkur til þess, að hæstv. stj. geti ylnað nóg af þeim sprekum, sem tínd verða á glæðurnar áður en lýkur. Jeg ætla þó ekki að fara út í almennar ádeilur, en ætla að láta mjer nægja að taka eitt mál sjerstaklega til athugunar. Jeg verð þó að vera stuttorður, þar sem ekki eru eftir nema 3 „kortjer" af fundartímanum. (**BÁ:** Það má nú segja mikið á 3 „kortjerum"). Já, jeg efast ekki um, að hv. þm. Mýr. gæti sagt mikið á 3 „kortjerum". Að minsta kosti gæti hann komið með mörg aflátsbrjef á svo stuttum tíma, því að hann hefir útbúið þau áður. Það var hann, hv. þm. Mýr., sem bjó út og ljet samþ. á þingmálafundi í kjördæmi sínu þakk-

arávarp og aflátsbrjef fyrir alt það versta, sem núverandi stj. hefir gert og látið gera.

Merkur stjórnmálamaður skrifaði einu sinni grein um stjórnarfarið í landinu eins og það er í höndum núverandi stj. Hann gat þess, að núverandi stj. er alls ekki vaxin upp úr því að vera flokksstjórn; hún sjer ekki út yfir flokkinn og hugsar aðeins um hann og hans hagsmuni. Þetta hljóta flestir óhlutdrægir menn að viðurkenna og taka undir, þegar verk hæstv. stj. eru athuguð ofan í kjölinn. Hlutdrægnin gengur eins og rauður þráður gegnum alt stjórnarfarið. Jeg ætla þó ekki að rekja marga þætti í keðju stjórnarafglapanna, en víkja máli mínu fyrst og fremst að áfengisversluninni.

Á undanförnum þingum hafa núverandi stjórnarflokkar með dómsmrh. í broddi fylkingar haldið uppi látlausum árásum á Íhaldsflokkinn út af áfengismálunum — alt undir bindindisyfirskini. Mönnum hefir verið ætlað að trúa því, að Íhaldsflokkurinn væri samsafn óreglumanna og drykkjurúta, en allir aðrir væru hvítir englar í þessum efnum, og því hefir frá upphafi verið haldið að mönnum, að undanþága sú, sem gefin var frá bannlögunum með Spánarsamningunum frá 1925, hafi verið til þess eins gerð að svala hinni óslökkvandi drykkjufýsn íhaldsmanna í landinu.

Nú kom að því, að þessir sömu stjórnmálamenn fengu völdin í landinu, og fengu því um leið tækifæri til þess að ráðstafa þessu eftir vild. En síðan hefir verið blessunarleg þögn um þessi mál, og það liggur ekki fyrir þinginu nú fjöldi áskorana um að afnema útsölustaði spánarvína. Það hefir því færst kyrð yfir hæstv. dómsmrh. og flokksbræður hans í þessu máli. Meira að segja er haldið, að þessi hæstv. ráðh. hafi ritað blaðagrein, þar sem hann talar um, að hægt sje að nota þessi spánarvín án þess að misnota þau, eins og vitanlega er alveg rjett. En þetta er ekki fyr en málið horfir þannig við, að ekki er lengur hægt að nota það sem kosningabrellu og til árása á annan flokk.

Þegar hæstv. ráðh. var kominn til valda, leið ekki á löngu, að hann færi að skifta sjer af áfengisversluninni, sem ekki var nema eðlilegt og sjálfsagt. En afskiftin byrjuðu með því, að hann sagði öllum starfsmönnum hennar upp. Hvort hann gerði það sama daginn að segja upp starfsmönnum verslunarinnar hjer og útsölumönnunum úti um land, veit jeg ekki, enda skiftir það engu máli. Ástæðurnar fyrir þessari frávikningu komu hvergi fram, nema það sem lesa mátti í stjórnarblöðunum, að alt hefði verið í skuldum og óreglu hjá þessum mönnum. Hvað snertir útsölumenn vínanna úti um land, þá er það víst, að fyrir uppsögn þeirra voru engar ástæður teknar fram. Þannig er t. d. sagt, að einn þeirra hafi ekki vitað fyr en annar maður kom inn í búðina og sama sem sagði honum að fara út.

Jeg er nú alls ekki að halda því fram, að uppsögn þessara manna hafi í alla staði verið órjettmæt. Þvert á móti lít jeg svo á, að það hafi beinlínis verið rjett að láta suma þeirra fara, því að það er rjett að láta óreiðumenn fara frá trúnaðarstörfum. Hjer

í Reykjavík munu nú einhverjir af þeim, sem störfuðu við áfengisverslunina, hafa fengið stöður sínar aftur. Hvort það hafa verið þeir, sem ekkert hafa gert fyrir sjer, veit jeg ekki. Annars mun áfengisverslunarforstjórinn hafa gefið það í skyn í einhverjum skrifum sínum, að það hafi verið eingöngu drykkjumennirnir, sem hafi verið látnir fara.

Hvað snertir útsölumenn vínanna úti um land, þá mun enginn þeirra hafa fengið að sitja kyr, nema útsölumaðurinn á Akureyri. Og þau opinberu skil, sem gerð voru fyrir frávikningu þeirra, voru engin önnur en þau, sem jeg gat um áðan, að komið hefðu fram í stjórnarblöðunum, að þeir, sem hefðu verið látnir fara, hefðu verið látnir fara frá vegna óreiðu og vanskila. Væri nú þetta satt, væri ekkert við því að segja. En svo er alls ekki um alla þá, er í hlut eiga. Þegar frávikning þessara manna átti sjer stað, var í gildi reglugerð frá 18. júlí 1922, þar sem svo var ákveðið, að bæjarstjórnir hefðu tillögurjett um það, hverjum skyldi falin útsala spánarvína á hverjum stað. Þannig var manni þeim, sem útsöluna hafði í Vestmannaeyjum, og hæstv. ráðh. hefir nú rekið, veitt húr eftir till. bæjarstjórnarinnar þar.

Nú veit jeg ekki betur en að reglugerð þessi hafi verið í fullu gildi þegar oftnefndur hæstv. dómsmrh. ljet reka alla útsölumennina, og suma hverja alveg saklausa. Hefir því hæstv. ráðh. rjett í það skiftið(!) brotið í bág við lög og reglur og fótum troðið rjett annara, því að það var svo sem ekki verið að bera það undir bæjarstjórnir kaupstaðanna, hverjum skyldi veita þessar stöður eftir að búið var að reka úr þeim þá, er þar voru fyrir.

Hæstv. ráðh. skipaði bara vildarmenn sína í stöðurnar, án þess á nokkurn hátt að leita um það tillagna bæjarstjórnanna, eins og honum bar skylda til. Sá eini af hinum fyrri útsölumönnum, sem fjekk að vera kyr, var útsölumaðurinn á Akureyri, en hann er líka tryggur flokksmaður hæstv. ráðh.

Í landsreikningnum fyrir 1927, sem hjer liggur fyrir, eru upplýsingar um það, hverjar hafi verið skuldir þessara útsölumanna í árslok 1927. Og það einkennilega er, að sá af útsölumönnum spánarvínanna, sem einn þótti verðugur að halda starfi sínu áfram, skuldar langmest. Skuldir hans eru kr. 50913,-74. Sá, sem næst honum kemst með skuldirnar, skuldar þó ekki nema 33 þús. kr., og virðist það þó að vísu ærið nóg.

Um suma þessa útsölumenn hefi jeg fengið þær upplýsingar, að þeir hafi skuldað mjög lítið. Þannig mun t. d. útsölumaðurinn í Vestmannaeyjum ekki hafa skuldað neitt á þessum tíma. Þannig eru því heilindi hæstv. ráðh. í þessu máli, að mesti óskilamaðurinn er látinn sitja kyr, af því að hann er flokksbróðir hans, en margir hinna, sem eru alsaklausir, eru reknir.

Eins og nærri mátti geta, var það ekki látið bíða lengi að setja nýtt yfirhöfuð á vínverslunina í Reykjavík, og varð fyrir valinu sá sami maður, sem seinna fann upp vísdóminn með uxahöfuðin. Það var svo sem heldur ekki farið í geitarhús að leita ullar í þeim efnum! Maður þessi hafði aldrei komið nærri slíkri verslun og

bar því ekkert skyn á þessa hluti. En hann var tryggur fylgifiskur ráðh. og flokksbróðir, og það var nóg. Eins og hv. dm. mun flestum kunnugt, mintist maður einn úr Íhaldsflokknum á þessa ráðstöfun hæstv. stj. á landsmálafundum í sumar sem dæmi upp á hlutdrægni stj. í embættaveitingum. Út af þessu spunnust svo allmiklar blaðadeilur, sem byrjuðu með langri ritsmíð eftir sjálfan forstjóra vínverslunarinnar. Hann byrjar á að tala um það í grein sinni, að einum hv. íhaldsmanni hafi þótt það kynlegt, að sjer skyldi falin forstaða vínverslunarinnar. Heldur hann svo áfram og telur upp ýmislegt viðvíkjandi rekstri verslunarinnar, sem hann telur að hafi farið aflaga hjá fyrv. stj. hennar. Af þeirri frásögn forstjórans er það sýnilegt, að skuldir verslunarinnar og jafnvel birgðir hennar hafa verið óþarflega miklar í tíð fyrv. forstjóra. Annars var það ekki þessi hv. nýi forstjóri, sem fann púðrið þarna. Alþingi 1927 hafði vakið athygli á því, að útistandandi skuldir ríkisverslananna væru alt of miklar. Og það mur hafa verið hv. 1. þm. Reykv., sem hafði framsögu fyrir þál., sem fjhn. flutti þá á þinginu, þar sem skorað var á stj. að hlutast til um, að betur væri gengið eftir skuldum verslananna en gert hafði verið, og sömuleiðis að sjá um, að birgðir þeirra væru ekki nema hæfilega miklar.

Árangurinn af þessari áskorun varð líka góður. Skuldir verslananna, sem um áramót '26—'27 voru 430 þús. kr., minkuðu á árinu 1927 um 134 þús. kr. Er því augljóst, að hafist hefir verið handa að ná inn skuldunum. Á sama tíma minkuðu birgðirnar líka um 70 þús. kr.

Í áðurnefndri ritsmíð forstjórans, sem stjórnarblaðið flutti, er ýmislegt um rekstur verslunarinnar í tíð fyrirrennara hans, og þó að það skíni í gegn, að hann vilji koma sem flestu af óreiðunni, sem hann telur vera, yfir á hendur fyrirrennarans, er þó sýnilegt, að stjórn verslunarinnar hefir ekki verið í sem bestu lagi, sjerstaklega að því leyti, að útistandandi skuldir hafa verið of miklar.

Í ritsmíð þessari fer hinn nýi forstjóri svo að minnast á ýmsar tiltektir, sem hann hafi ráðist í til hagsbóta fyrir vínverslunina. Mest af þeim umbótaráðstöfunum eru áætlanir og ýkjur, sem ekki styðjast við neinn veruleika, en eru því vægast sagt ‚journalistiskt' slúður. En svo kemur nýtt innlegg frá honum í sambandi við minkun birgðanna. Um hana farast forstjóranum orð á þessa leið í stjórnarblaðinu, með leyfi hæstv. forseta: — „Undir hinni nýju stj. hefir tekist að finna ráð til þess að gera meginhluta hinna gömlu og áður óseljanlegu birgða að verslunarvöru með vonum minna tapi. Í septembermán. einum mun hafa losnað verðmæti úr þremur slíkum vörutegundum fyrir um 60 þús. kr.".

Svo mörg eru þau orð. „Undir hinni nýju stjórn" tókst að finna ráð, og ráðið var að sulla saman mismunandi vintegundum, sem forstjórinn kallar svo „cocktail" og selur þennan mjöð svo sem White Lisbon Port, eða hvítt portvín frá Lissabon. Það leið nú ekki á löngu þangað til menn fóru að veita þessu frekari athygli og þótti

eitthvað kynlegt við þessa nýju blöndunaraðferð, og var því farið að skrifa um þetta í andstæðingablöð stjórnarinnar, og jafnframt bent á, að þetta nýja ráð forstjórans væri ef til vill ekki eins heppilegt eins og hann hafði búist við. Fóru þá að renna á hann tvær grímur, og í stað þess að eigna sjer og „hinni nýju stjórn" heiðurinn af þessari nýju uppgötvun, vildi hann nú fara að gefa fyrirrennara sínum hlutdeild í ‚heiðrinum' með sjer. Hann hafði þá fengið nasasjón af því, að það væri valdast, hvernig á það væri litið, þegar blandað væri saman tveimur ólíkum vörutegundum og selja þær svo undir fölsku vörumerki.

Þá segir forstjórinn, að blöndunin hafi ekkert gengið hjá fyrirrennara sínum, Mogensen. Hann hafi verið að „kjótla" þessu í 10 lítra brúsa. Það átti svo sem ekki við sannan framsóknarmann slíkt vinnulag. Hann segist því hafa tekið upp aðra vinnuaðferð, og eins og hann lýsir henni sjálfur í stjórnarblaðinu, þá segist hann hafa fengið sjer ámu, sem hafi tekið 5 uxahöfuð, til að blanda í. Þá var svo sem ekki verið að „kjótla". Þennan „cocktail" sinn kallar hann hinn „góða mjöð", og segir, að eftirspurnin eftir honum hafi verið svo mikil, að í septembermánuði einum hafi selst af honum fyrir 60 þús. kr. En svo hógvær er forstjórinn, að hann getur þess í stjórnarblaðinu, að þar sem hann sjálfur hafi ekki haft þekkingu á gæðum vínsins, þá hafi hann fengið fyrirrennara sinn, Mogensen, þennan sama sem „kjótlaði", til þess að smakka á því. Hinn nýi forstjóri er því svo mikill bindindismaður, að hann getur ekki sjálfur verið þektur fyrir að bragða þennan „góða mjöð", sem hann er að framleiða, og fær því fyrirrennara sinn, sem hann telur nægilega mikinn syndasel, til þess að smakka á uxahöfðunum hjá sjer. (Hlátur). En örlögin eru stundum kaldhæðin, og svo hefir orðið hjer. Þegar forstjóri áfengisverslunarinnar, sem valinn er úr þeim flokki, sem sjerstaklega hefir haft bindindismálin sem kosningabeitu, og er jafnframt hinn mesti meinlætamaður hvað snertir áfenga drykki, skuli einmitt verða til þess að sulla saman víntegundum og búa þannig til blöndu, sem verður ennþá sterkari en hinar einstöku víntegundir voru upphaflega, til þess að freista hinna vínhneigðu manna. Og í stað þess að sjá niðurlægingu sína í þessum efnum, þá hælist forstjórinn yfir því, að hið sterka vín, sem hann hefir bruggað, skuli hafa runnið svo út, að hann á skömmum tíma hefir selt af þessari aukagetu fyrir 60 þús. kr. Í gleði sinni gleymir þessi ‚bindindisfrömuður' stjórnarflokksins því, að hann með þessu hefir gerst mesti vínbruggari þessa lands. Maður gæti nú í raun og veru brosað að þessu brölti forstjórans og blönduninni, ef maður sæi ekki, að bindindis-„principið" er látið eiga sig, og það, sem þó er verra og alvarlegra, að þessi blanda er seld undir fölsku vörumerki. Blöndun þessari er þannig lýst af forstjóranum sjálfum, að hún sje þannig gerð, að blandað sje saman 3 ódýrum tegundum við eina dýrari. Ofan á það svo að ginna landsmenn til þess að kaupa þessa sviknu vöru undir ákveðnu vörumerki bætist það, að þessi ríkisstofnun verður til þess að brjóta svo stórlega á hluta hins útlenda verslun-

arhúss, að setja undir vörumerki þess falsaða vöru. Áhrif vörusvikanna vita því bæði út á við og inn á við, til neytendanna.

Hæstv. dómsmrh. hefir nú eflaust ekki þótt „vandskírð fátækra manna börn", og því talið, að á sama stæði, hvernig sú víntegund væri, sem menn helst keyptu til þess að verða ölvaðir af. Þetta er nú sá verknaður, sem mest var hælst af „undir hinni nýju stjórn" hvað áfengisverslunina snerti.

Jeg vil þá fara nokkrum orðum um starfsmannaskiftin við áfengisútsölurnar. Það er rjett að segja það, sem rjett er í þessu máli eins og öðrum. Og 2 af þeim mönnum, sem útsölu höfðu með höndum, mun hafa verið rjett að láta fara. En þremur, á Seyðisfirði, Ísafirði og Vestmannaeyjum, var vikið frá alveg að ástæðulausu. Verður það að skoðast sem hættulegt fordæmi og hættulegt fyrir borgara landsins að eiga það á hættu, að landsstj. reki þá frá starfi sínu, þó ekkert sje átöluvert, hvernig þeir leysa það af hendi. Og það á við um þá 3 menn, er jeg nefndi síðast. Þetta verður enn átöluverðara fyrir það, að sá maðurinn, sem mest hafði brotið af sjer með skuldasöfnun, er kyr, og er ekki betur hægt að sjá en að eina ástæðan til þess sje sú, að þessi maður, útsölumaðurinn á Akureyri, er flokksbróðir hæstv. dómsmrh.

Þá vil jeg enn árjetta það, hversu óheppilega ríkisstj. hefir komið fram gagnvart vínhneigðum mönnum í landinu, þar sem hún hefir unnið að því að gera vín meira tælandi og auka þar með drykkjuskap, sem nemur, eftir frásögn forstjórans, fyrir 60 þús. kr. á einum mánuði umfram hið venjulega. Þá eru vörusvikin alvarlegt atriði, þótt máske valdi meiru um þau fáfræði en ásetningur forstjórans. Jeg hefi nú sjeð því haldið fram, að ríkisstj. hafi ekkert um þetta vitað. Það getur verið, að svo sje. En þó er það nú heldur ósennilegt, að hin fimmfalda uxahöfuðsbruggun hafi algerlega farið framhjá stj. Og sjálft stjórnarblaðið var notað til að segja frá, hvernig að þessu var farið. Forstjórinn hefir og játað þetta. En hann vill draga úr því og kalla það óhapp. Já, jeg held nú að það geti kallast nokkuð stórt óhapp, að falsa þannig vöru. Jeg veit nú ekki, hvað stj. hefir gert í þessu máli. Það hafa ekki verið háværar raddir um það í stjórnarblöðunum, að hegna þessum svikum. Ef um einstaklingsfyrirtæki hefði verið að ræða, einkanlega ef stjórnarandstæðingur hefði átt hlut að máli, þá hefði áreiðanlega verið heimtuð rannsókn á því. Ef til vill getur hæstv. dómsmrh. upplýst það, hvort sú rannsókn hefir verið fyrirskipuð. Slík rannsókn hefði átt að fara fram, hver sem í hlut átti. Nú hefir líklega alt verið gert af hálfu ríkisstj. til þess að blíðka hið portugalska verslunarhús, sem var móðgað með því að taka upp merki þess á þessa blöndu. Jeg hefi líka heyrt, að keyptur hafi verið friður við það. Veit þó ekki, hvort satt er, og fullyrði því ekkert um það. En af öllum ástæðum var rjett að afmá þennan blett, sem á okkur fjell við þetta verslunarhús. Hefði því verið rjett að fyrirskipa opinbera rannsókn. Við höfum meiri viðskifti við Portúgal en þau, að við kaupum vín af þeim. Þetta ríki kaupir vörur af okkur fyrir miklu meira en við kaupum þaðan. Hefði því

verið rjett að fara sem varlegast. Jeg býst við, að hæstv. dómsmrh. upplýsi þetta.

Hv. 1. þm. Reykv. komst svo að orði í sambandi við þetta mál alt, vínmálið, að þar væri um dýpsta djúp spillingarinnar að ræða. Jeg veit nú ekki, hvort rjett er að kveða svo hart að orði, en það er djúp spilling, þegar alsaklausum mönnum er vikið frá starfi án allra orsaka. Hjer er ekki hægt að afsaka sig með því, að um nýtt skipulag sje að ræða, sem útheimti nýja menn. En það væri hin eina ástæða, sem takandi væri til greina. Og besta sönnunin fyrir því er, að sá maður, sem reynst hafði allra óhæfastur samkv. skýrslu um skuldir útsölumanna, er látinn sitja kyr. — Það, sem allra alvarlegast er í þessu máli og öllum hlýtur að ofbjóða, er sú tegund rjettlætiskendar, sem lætur blað stj. skýra frá þessari stórkostlegu fölsun, sem átti sjer stað, um leið og hið sama blað sífelt stagast á því, að stj. vilji uppræta alt óhreint í opinberu lífi hjer á landi. En í þessu sem öðrum málum, sem ríkisstj. núverandi tekur sjer fyrir hendur að fást við, mun fara svo, að hún tekur vægt á sínum flokksmönnum, þótt hún veifi sverði rjettlætisins hátt yfir höfði andstæðinganna. Þetta er nú eitt lítið dæmi þess, en mætti nefna fleiri. Þessi rjettlætiskend hefir komið svo greinilega fram hjá hæstv. ríkisstj., að um það má segja, að hjer er um mikið djúp spillingar að ræða. Jeg er ekki hjer með að bera skjöld fyrir brotlega menn, sem störfuðu áður við þessa verslun. Jeg er aðeins að benda á það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefir búið að saklausum mönnum og hvað rekstur ríkisins getur verið afaróheppilegur, þegar þannig er með farið sem jeg nú hefi lýst. Það er ekki hægt í einni og sömu ræðu að koma eins víða við og þörf er á um hið marga og mikla, sem aflaga fer í gerðum stj. En jeg býst við, að drepið verði á fleiri mál, svo sem Tervanimálið, sjálfstæðismálin og fleiri mál, af mjer eða öðrum áður lýkur. Jeg hygg, að þá muni sýna sig, að hæstv. ríkisstj. er ekki sjerstaklega beysinn bógur gagnvart útlendingum, þótt hún sje ærið hnarreist hjer heima. Mun þetta sjást glögt í Tervani-málinu. Þar hefir efalaust ekki ráðið annað en ótti stj. við erlent vald, ótti, sem samkv. undangenginni reynslu er algerlega ástæðulaus og til þess eins að veikja afstöðu ríkisins út á við í landhelgismálunum. Á síðasta þingi var nokkuð rætt hjer um svokallað ‚Ohm'-mál. Það var útlent skip, sem bjargað hafði verið, og var krafist björgunarlauna. Þetta þótti hæstv. dómsmrh. mjög misráðið og gaf bjarglaunin til útlendinga. Þetta þótti honum sjálfum ágæt ráðstöfun og eins hinum útlendu vátryggingarfjelögum. Mátti því ætla, að hann hjeldi sömu stefnu uppi framvegis. Jeg get nú reyndar ekki sjeð, að það sje neitt voðalegt að taka bjarglaun fyrir útlend skip, þótt það sjeu varðskipin, sem bjarga þeim. En hæstv. ráðh. er nú, eins og um var getið, á annari skoðun. Nú nýlega bjargaði Þór belgiskum togara, sem ella hefði strandað og eyðilagst við Vestmannaeyjar. Jeg veit nú ekki, hvort nokkur próf hafa farið fram í þessu máli ennþá. Sje nú svo, að engin skýrsla hafi verið tekin, hlýtur það að vera að fyrirlagi ríkisstj. En heyrt

hefi jeg, að 3000 kr. hafi verið greiddar fyrir björgunina.

Í sumar sem leið bjargaði Þór bát frá Vestmannaeyjum fyrir norðan land. Fyrir þetta hefir stj. krafist um 2000 kr. björgunarlauna. Það sýnist ekki mikið samræmi í því að heimta 2000 kr. fyrir bát um eða innan við 20 tonn, en ekki nema 3000 kr. fyrir togara. Ástæðan til ósamræmisins er e. t. v. sú, að togarinn var útlendur, en báturinn innlendur. Það sýnist koma vel heim við stefnu hæstv. stj. í Tervani-málinu og öðrum slíkum málum.

Þegar Óðinn var nýkominn hingað frá skipasmíðastöðinni, komu, eins og allir vita, fram allhættulegar misfellur á smíði hans. Enginn gekk lengra í því en hæstv. dómsmrh. að átelja þetta. Í þingræðu komst hann m. a. svo að orði, að þáverandi stj. myndi ekki hafa viljað hafa skipið betra. Nú var það vitanlegt, að stj. átti enga sök á misfellunum, heldur skipasmíðastöðin og hinn útlendi sjerfræðingur, sem teiknaði skipið. Skipasmíðastöðinni má segja það til hróss, að hún bætti úr missmíði skipsins.

Nú skyldi maður ætla, að hæstv. dómsmrh., sem mest hafði átalið fyrv. stj. fyrir eftirlitsleysi með smíði Óðins, hefði kosið sjer annan ráðunaut en hún hafði haft, þegar bygging annars strandvarnaskips var fyrir hendi. Því leyfi jeg mjer að spyrja hæstv. ráðh.: Er það satt, sem heyrst hefir, að þessi sami maður sje ráðunautur núv. stj. við smíði nýja skipsins, maðurinn, sem hæstv. ráðh. var búinn að ófrægja óbeinlínis hvað eftir annað hjer á Alþingi? Og jeg vil ennfremur spyrja: Er það satt, að þessum manni hafi verið veitt alveg sjerstök viðurkenning af hálfu hins íslenska ríkis, nefnil. fálkaorðan svonefnda? Jeg veit ekki, hvort þetta er satt. Jeg spyr aðeins. En sje það rjett, að þessi maður sje ráðunautur núv. stj. og hafi fengið opinbera viðurkenningu 1. des. síðastl., þá fer að verða skrítin aðstaða hæstv. dómsmrh. til sinna fyrri digurmæla um smíði Óðins.

Það mun best að láta nú staðar numið í bili. Jeg sje, að hæstv. dómsmrh. er með eitthvert blátt hefti á borðinu fyrir framan sig. Það minnir mig á hinar svo nefndu „bláu bækur", sem ófriðarþjóðirnar gáfu út á stríðsárunum öðruhverju til þess að verja atferli sitt í ófriðnum. Sje hjer um að ræða einhverja slíka „bláa bók", sem hæstv. stj. er að reyna að koma á framfæri hjá þjóðinni, sýnir það, að hún muni finna fulla þörf á að verja sig og gerðir sínar. Og þá telur hún sjálfsagt ekki eftir þjóðinni að borga útgáfuna. Til eru raunar margar bláar bækur, og kemur brátt í ljós, hvort hjer er á ferðum ein slík, sem jeg hefi talað um. En ekki þykir mjer ólíklegt, að stjórnin sjái ástæðu til að gera hreint fyrir sínum dyrum; svo raunalega margar ávirðingar dregst hún nú með á bakinu eftir hina stuttu stund, sem hún hefir setið við völd.

**Pjetur Ottesen:** Jeg ætla að byrja á því að minnast á eitt atriði í ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann svaraði ummælum hv. 1. þm. Reykv. um samband framsóknarmanna og sósialista. Hæstv. forsrh. sagði, að Framsóknarflokknum væri stuðningur sósialista nauðsynlegur til þess að koma fram málum landbúnaðarins. Sem dæmi nefndi hann eitt mál, frv. um búfjár-

tryggingar, sem varð að lögum á síðasta þingi. Nefndi hann þar til, að hv. 5. landsk. (JKr) hefði lagst á móti málinu, en hann var í þeirri n., er hafði málið til meðferðar. Jeg hefi nú, síðan hæstv. ráðh. talaði, athugað dálítið þær umr., sem fram fóru um þetta mál í Ed. í fyrra. Við þá athugun sje jeg, að andstaðan gegn frv. hefir verið bygð á því, að frv. væri ekki nógu vel undirbúið. Frsm. minni hl. (JKr), sem andmælti frv., talaði af mikilli velvild til málsins og skilningi á því. En hann vildi, að það fengi betri undirbúning. Á því var andstaðan bygð. Það vill líka svo vel til, að álit minni hl. studdist við það, sem fram kom um þetta mál á Búnaðarþingi 1927, því að þar var undirbúningi málsins talið mjög áfátt. Þetta var nú það, sem hæstv. forsrh. átti við, þegar hann talaði um andstöðu íhaldsmanna gegn þessu máli.

En sambandið milli framsóknarmanna og sósialista byggist á alt öðrum ástæðum. Á málum landbúnaðarins hafa aðrir meiri áhuga en sósialistar. En eins og allir vita, er einn tengiliður milli þessara tveggja flokka, og sá tengiliður er hæstv. dómsmrh. Þetta þýðir ekki að vera að reyna að dylja. Öll þjóðin veit það. En hvarvetna stendur mönnum stuggur af þessu sambandi. Ýmsir leiðandi menn Framsóknarflokksins líta það alt annað en hýru auga, þó að þeir hafi ekki enn hrist þetta ok af sjer. Það er sama, hvernig reynt er að hjúpa sannleikann. Alstaðar skín í tengiliðinn gegnum umbúðirnar.

Því hefir nú og reyndar oft endranær verið nokkuð lýst, hvernig núv. hæstv. stj. hefir farið með völdin í þessu landi, síðan hún tók við stjórnartaumunum. Það liggur þó hvergi nærri við, að svo komnu máli, að sje þó hægt að fella endanlegan dóm yfir verkum hennar. Það er ekki hægt, fyr en því fortjaldi verður svift frá, sem nú hylur margt það, er gerist bak við tjöldin, sem engir aðrir vita um en þeir, sem innvígðir eru í hinn þrengsta hring stjórnarflokksins.

Það verður ekki annað sagt um þessa stj. en að hún fari gálauslega með opinbert fje. Þetta kemur fram meðal annars á mjög áberilegan hátt í því, hvernig hún eys út fje á báðar hendur og verðlaunar með því sjerstakar pólitiskar skoðanir. Þetta sjest best á hinum hraða vexti svokallaðra bitlinga, sem átt hefir sjer stað nú upp á síðkastið. Stefna stj. í þessu efni var greinilega mörkuð í afgreiðslu fjárl. á síðasta þingi, og þá kemur þetta ekki ógreinilegar í ljós í aðgerðum stj. milli þinga. Því fer fjarri, að hæstv. stj. telji sig að nokkru leyti bundna af ákvæðum fjárl. í þessu efni eða leggi á sig nokkrar hömlur til þess að fara eigi framar en þau ákveða. Þetta atferli byggist á þeirri sterku einræðistilhneigingu, sem alstaðar kemur fram í fari hæstv. stj. og best sýnir sig í því að hún hefir ekki vílað fyrir sjer að brjóta skráð lög landsins, svo að jeg ekki tali um hin óskráðu lög og viðteknar venjur, sem gilt hafa og bygð eru á drengskap og rjettlæti.

Jeg ætla nú að benda á nokkur atriði til sönnunar því, sem jeg hefi um þetta sagt. Þessi atriði sýna það, hvernig stj. hleður undir einstaka menn, og við það að athuga, hvert þetta fje fer, kemur það greinilega í ljós, að tilgangurinn helgar meðalið.

Það, sem jeg nú minnist á, má þó eigi skoða nema sem örlítið brot þess raunveruleika, sem koma mun í ljós á sínum tíma í þessu efni.

Jeg ætla þá að byrja á að geta þess, að í fjárl. fyrir árið 1928 eru veittar 6 þús. kr. í utanfararstyrki. En jeg hefi fulla vissu fyrir því, að hæstv. stj. hefir varið á því ári a. m. k. 13500 kr. til slíkra styrkja, eða rúml. helmingi hærri upphæð en fjárl. heimila. Þessu fje er varið á ýmsa vegu. Nokkrir menn hafa fengið styrk til að kynna sjer skólamál. Má þar fyrst telja fræðslumálastjórann, sem hefir fengið 1000 kr. styrk til utanfarar, og skal jeg ekki beinlínis átelja það. En hæstv. stj. hefir ekki þótt nóg, að hann færi í þessum erindum, heldur hefir sr. Sigurður nokkur Einarsson, sem mun hafa verið frambjóðandi Framsóknarflokksins í Barðastrandarsýslu við síðustu kosningar, einnig fengið 1000 kr. til að kynna sjer skólamál, og hefir honum verið greitt í dönskum krónum eins og konginum! Þá hefir Sigurður Guðmundsson einnig fengið nokkurt fje, eða að minsta kosti 1200 kr., í þessu skyni.

Hallgrímur nokkur Þorbergsson, sem mjer hefir verið sagt, að væri bróðir ritstjóra Tímans, hefir nýlega fengið 1000 kr. til að rannsaka skólamál í Noregi.

Sigurður nokkur, sem sagður er sonur Ólafs Thorlacius, hins nýja aðstoðarlandlæknis, hefir fengið 500 kr. til að kynna sjer skólamál í Sviss. En ekki eru enn öll kurl til grafar komin.

Maður að nafni Sigurður Heiðdal var sendur út yfir pollinn til þess að kynna sjer háttsemi manna á leitigörðum erlendis. Fjekk hann til þess 1000 kr. En í þessu efni hefir þótt mikils við þurfa, því að lögfræðingur, sem dvelur um þessar mundir í Þýskalandi, hefir og fengið 500 kr. til þess að kynna sjer þessa sömu fræði þar í landi.

Hermann Jónasson núv. lögreglustjóri í Reykjavík hefir fengið 2500 kr. til að ferðast í útlöndum, jeg veit eigi til hvers. En af því að hann tók við lögreglustjóraembættinu um svipað leyti, má ef til vill ætla, að hann hafi átt að búa sig undir það starf.

Þá hefir utanfararstyrkur verið veittur 2—3 mönnum í viðbót, sem mjer er eigi kunnugt um, til hvers hafa farið. Helgi nokkur Lárusson hefir fengið 1000 kr. og Brynleifur nokkur Tobíasson svipaða upphæð. Og ýmsir menn aðrir, stj. nákomnir, hafa fengið ríflegar upphæðir.

Hallbjörn nokkur Halldórsson — jeg held, að jeg fari rjett með nafnið —, sem einu sinni var ritstjóri Alþýðublaðsins, hefir fengið 1800 kr. af því fje, sem ætlað er fátækum iðnnemum til utanfara. Þetta fje er lítið, 4000 kr. alls, og venjulega hafa ekki verið veittir af því hærri styrkir en 500 kr. til hvers. Er því brugðið út af venjunni, þegar einum manni er veittur nærri helmingur upphæðarinnar, og hætt við, að einhverjir af þeim, sem raunverulega áttu að njóta þessa fjár, hafi borið skarðan hlut frá borði í þetta sinn.

Þá hefir Einar nokkur Einarsson, sem um eitt skeið var stýrimaður á Óðni, fengið allmikið fje til ferðalaga í útlöndum. Mun það nú orðið nema um 9000 kr. alls. Ekki veit jeg, hversu

langur tími er liðinn, síðan hann hætti störfum á varðskipinu eða hve lengi hann hefir verið í ferðalögum, en allhá er þessi upphæð.

Þá hefir verið hafinn á ný undirbúningur nýrrar síldarverksmiðju. Hv. þdm. rekur sjálfsagt minni til þess, að Jóni Þorlákssyni var rjett eftir stjórnarskiftin í fyrra falin nokkur rannsókn í því efni. Mun hæstv. atvmrh. eigi hafa hlotið lítið aðkast fyrir þá ráðstöfun. Nú hefir nýr maður, Guðmundur Hlíðdal verkfræðingur, verið skipaður til rannsóknar að nýju. Skyldi maður ætla, að þeim einum hefði verið falið það verk, sem fær hefði verið um að leysa það af hendi upp á eigin spýtur. En svo virðist eigi vera, því að Guðm. Hlíðdal hefir orðið að fá norskan verkfræðing sjer til aðstoðar, og hafa þeim manni þegar verið greiddar 2500 kr. En það hefir heldur ekki reynst nóg, heldur hefir Þorkell Clementz verkfræðingur einnig verið kvaddur til hjálpar, og eru honum þegar greiddar í því skyni 2000 kr. Þarna eru komnar 6000 kr. Hjer er aðeins um að ræða byrjunarstarf, og eru þetta því sjálfsagt fyrstu greiðslur. Loks hefir þýskur maður einn, að nafni dr. Paul, fengið greiddar 1200 kr. fyrir upplýsingar, sem hann hefir látið stj. í tje um rekstur síldarverksmiðju. Þetta, sem hjer er nefnt, er aðeins tekið af handahófi, og þarf enginn að ætla, að hjer sjeu öll kurl komin til grafar.

Þá er alkunna, að fyrir utan það, sem jeg hefi nefnt, hefir stj. stungið drjúgum sneiðum að ýmsum flokksmönnum sínum og helstu gæðingum; hefir sumt af því áður verið birt opinberlega. Mun nú svo komið, að allir helstu forvígismenn sósíalista munu hafa fengið einhvern bitling, og þá er því og svo varið með allmarga af þingmönnum sjálfs stjórnarflokksins, að þeir hafa ekki allskostar farið varhluta af þessum gæðum.

Auk þessa hafa einnig hrotið molar af borði til ýmsra hinna smærri spámanna, og skal jeg nefna hjer nokkur dæmi.

Prentari nokkur, að nafni Steingrímur Guðmundsson, og mun vera bróðir hv. þm. Ísaf., ritstjóra Alþýðublaðsins, hefir fengið 1413 kr. fyrir aðstoð við undirbúning ríkisprentsmiðju.

Hannes nokkur Pálsson, frá Undirfelli í Húnavatnssýslu, hefir fengið 750 kr. fyrir vinnu við reikninga, en hvaða reikningar það eru, er mjer alls ókunnugt um.

Þá hefir Stefán Jóh. Stefánsson lögfræðingur ekki þurft að kvarta undan atvinnuleysi, og hefir hann fengið nokkrar þúsundir króna fyrir ýmiskonar málarekstur fyrir stj.

Ólafur Thorlacius fyrv. hjeraðslæknir hefir verið gerður að einskonar aðstoðar-landlækni, og hefir hann 6600 kr. í árslaun auk dýrtíðaruppbótar.

Þá væri synd að minnast ekki á sjálfan rannsóknardómarann yfir Íslandi, Halldór Júlíusson, sem ekki vildi láta konuna á Vestfjörðum sverja við nafn guðs, heldur við nafn borgara eins í Bolungarvík.

Það er sýnilegt, að stj. hefir þótt Halldóri Júlíussyni of þröngt markaður bás á Ströndum og hæfileikar hans gætu lítt notið sín í fásinninu norður þar. Hefir hann nú um hríð, svo sem kunnugt er, lagt land undir fót

og farið víða á vegum stj., enda munu reikningar ríkissjóðs bera þess menjar. Mun þegar vera búið að greiða í þessu skyni um 25000 kr. (HK: Þetta er ljótt að heyra, ef satt er). Já, það er mikið fje, en það verður að gera ráð fyrir því, að afrek þessa manns sjeu líka mikil og haldgóð.

Þá hafa þeir Hallgrímur Hallgrímsson ígriparitstjóri Tímans og Guðm. Thoroddsen fengið 850 kr. fyrir að skreppa norður á Akureyri og vera við próf 4 skólapilta.

Þá kemur eftirlit með bifreiðum. Það hefir verið falið tveim mönnum og hefir hvor þeirra 6000 kr. á ári. Auk þess hefir annar þessara manna 1000 kr. fyrir að vera trúnaðarmaður stj. í málum, sem snerta bifreiðar, og ferðakostnaður þeirra beggja er nokkuð á þriðja þúsund.

Nú vil jeg víkja nokkrum orðum að því, hvernig við horfir með undirbúning þingmála og aðstöðu stj. til þeirra. Vil jeg í því sambandi benda á það, að þegar breyt. var gerð 1916 á æðstu stj. landsins og ráðherrum fjölgað, var það meðal annars gert með það fyrir augum, að á þann hátt hefði stj. á að skipa meiri kröftum og yrði hæfari til þess að búa mál undir þingið, er ráðherrarnir væru orðnir þrír. Því það hefir verið litið svo á, að á þann hátt fengju málin yfirleitt betri undirbúning en ella. Þeim tilgangi, sem jeg nú hefi lýst að tilætlunin hafi verið að ná hvað undirbúning lagafrv. snertir, hefir síður en svo verið náð hvað núv. sti. snertir. Það er hvorttveggja, að stj. mun vera með öllu óstarfhæf til þess að undirbúa lagafrv. svo við hlítandi sje, enda hefir hún ekkert að þeim undirbúningi unnið. Öll slík lagasmíð hefir verið falin einstökum mönnum eða nefndum, sem nú eru ekki allfáar. Þetta hefir vitanlega kostað ærið fje. Má benda á nokkur dæmi þess.

Dr. Björn Þórðarson lögmaður hefir fengið 1700 kr. fyrir að semja frv. fyrir stj. og Klemens Jónsson 800 kr.

Fyrir að semja frv. um landbúnaðarbanka og sveitabanka, er nú liggja fyrir þinginu, hefir Böðvar Bjarkan fengið 1500 kr. Má segja, að frv. um landbúnaðarbanka sje að nokkru leyti tekið upp úr frv. um ríkisveðbanka Íslands frá 1921, sem hann fjekk þá nær 20000 kr. fyrir að undirbúa og semja, en að öðru leyti sniðið eftir frv. um rekstrarlán, sem flutt var á síðasta þingi, þótt það sje fært hjer í nokkuð annan búning.

Þá hefir hv. 4. þm. Reykv. heldur en ekki verið stj. innan handar við lagasmíðar. Hann mun vera búinn að fá um 2500 kr. fyrir endurskoðun siglingalaganna, en að því leyti sem kraftar hans hrukku ekki til, hafa Kristjáni Bergssyni, forseta Fiskifjelagsins, verið greiddar 2000 kr. fyrir að vinna það, sem þar á skorti. En að því leyti er samanlagðir kraftar þessara manna hafa ekki reynst einhlítir í þessu efni, þá hefir Ólafur Lárusson prófessor lagt smiðshöggið á verkið og fengið fyrir það 1200 krónur.

Þá hefir hjer verið minst á nafnafrv. Páll E. Ólason fjekk 500 kr. fyrir að semja það, og verður það að teljast sæmilega borgað.

Jeg ætla að þessu sinni ekki að minnast nánar á nefndirnar; tala þeirra er nú orðin legió; en jeg býst

við, að þeirra verði nánar getið áður en lýkur. Úr því að farið er að róta upp í þessu, finst mjer ekki ástæðulaust að minnast lítilsháttar á meðferð stj. á fje landhelgissjóðsins. Öllum eru í fersku minni árásir þeirra manna, er nú skipa stj., á hendur fyrv. stj. fyrir það, að hún hafði varið einhverju fje úr landhelgissjóði til hestahalds. Töldu þeir það alveg óviðeigandi og óforsvaranlegt og víttu fyrv. stj. harðlega fyrir þessa ráðabreytni, og svo var tilfinning þessara manna þá næm fyrir landhelgissjóðnum, að þeir tilfærðu, hve mikið fje hefði farið fyrir að járna þessa hesta. Maður skyldi nú ætla, að þessir menn hefðu látið sjer vítin að varnaði verða, þegar þeir tóku við stj., og ekki flaskað á þessu sama. — En hvað skeður? Jeg hygg, að reynslan sýni eitthvað annað. Veit jeg ekki betur en að hestabúskapur ríkisins sje ennþá í fullum blóma, og það hefir engu minna fje verið varið til járninga en áður. Það hefir meira að segja orðið talsverð framsókn á þessu sviði, því að jeg get ekki betur sjeð en að núverandi stj. hafi bætt hjer drjúgum við reikninginn; þar eru nú tveir nýir liðir undir fyrirsögninni „til bifreiðakaupa og hestahalds", og nema þeir samtals nærri 21 þús. kr. Gæti það vel verið andvirði tveggja luxusbifreiða. Þar sem nú ríkisstj. hefir litið svo á, að heimilt sje að nota landhelgissjóð til kaupa á bifreiðum, getur maður ályktað, að hún álíti ekki síður heimilt að greiða úr sjóðnum rekstarkostnað við þessi farartæki, og má vel vera, að svo sje gert. Má ganga að því vísu, að rekstrarkostnaður sje eigi lítill, því að svo er sagt, að bifreiðar þær, sem stj. hefir yfir að ráða, sjeu ekki látnar halda kyrru fyrir. Því verður ekki neitað, að flestum mun það ráðgáta, hvernig þessi bílkaup geta staðið í sambandi við landhelgisgæsluna og landhelgissjóð, því að það mun mála sannast, að þessar bifreiðar munu harla lítið notaðar í þágu landhelgisgæslunnar. En ekki er alt talið með þessu, því að stj. hefir keypt eina ef ekki tvær aðrar bifreiðar fyrir fje ríkissjóðs. Þrátt fyrir þessi bifreiðakaup virðist sem hinar keyptu bifreiðar fullnægi hvergi nærri flutningaþörf stj., því að þó nokkur kostnaður hefir orðið við það að leigja aðrar bifreiðar, og ætla jeg, að sá kostnaður hafi á árinu 1928 numið nokkrum þús. kr.

Þá virðist stj. hafa látið dátt að dönsku ráðgjafarnefndarmönnunum, sem voru hjer á ferð í sumar. T. d. tókst stj. ferð á hendur með þessa menn upp í Borgarfjörð, og þótti sú ferð ekki hinum tignu gestum samboðin nema farið væri á tveimur herskipum. Sigldu herskipin svo eins langt og komist varð inn fjörðinn, en þar tók við annar fararkostur. Þegar á land kom, var safnað saman bifreiðum hjeraðsins og síðan var ekið með allan hópinn um Borgarfjörð. Sagt var, að leigðar hefðu verið helstu laxveiðiárnar, en veiðifengur varð þó að sögn ekki nema einn smálax. Gat það nú ekki minna verið. Þó kostaði þessi veiðiför í útlögðum peningum á annað þús. kr., og mun það vera eina sporið, sem þetta ferðalag markaði í sögu þjóðarinnar.

Þá hefir ríkissjóður — þótt smávægilegt sje — gert nokkur vindlakaup við verslun þá, er hv. 2. þm.

Reykv. veitir forstöðu. Það kann að vera, að þessi vindlakaup standi í sambandi við Borgarfjarðarförina og að hæstv. forsrh. álíti sjer ekki skylt að halda uppi risnu utan höfuðstaðarins.

Eins og kunnugt er, hefir sú breyt. á orðið, að lögreglustjóraembættið og bæjarfógetaembættið í Reykjavík hafa verið lögð niður, en í þeirra stað hafa verið stofnuð þrjú embætti. Var því á sínum tíma mjög á lofti haldið, að af þessu myndi leiða afarmikinn sparnað, og var hann áætlaður í grein í Tímanum um 80 þús. kr. Fjárlagafrv. stj. bendir til alls annars. Samkv. áætlun stj. má gera ráð fyrir, að rekstur embættanna muni, þegar öll kurl koma til grafar, hækka um alt að 40 þús. króna fyrir breyt. Svona fór um sjóferð þá.

Þá hafa og verið veittar um 4000 kr. til þess að hleypa lögreglustjóraembættinu af stokkunum.

Jeg ætla nú ekki að rekja þessa sögu lengur, en það lætur að líkum, að það, sem jeg hefi nú drepið á, er aðeins lítið hrafl af því, sem hjer er um að ræða af þessu tægi. Jeg hefi bent á nokkur atriði í bitlingasögu og eyðslugegnd stj. og sýnt, að stj. telur sig ekki hætishót bundna við ákvæði fjárl. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Þegar um óhjákvæmileg útgjöld úr ríkissjóði er að ræða, verður vitanlega ekki hjá því komist að inna slíkar greiðslur af hendi. En það, sem jeg nú hefi nefnt, á ekkert skylt við það.

Eins og jeg sagði, eru þetta aðeins nokkur dæmi þess, hvernig hæstv. stj. notar ríkissjóð og aðra sjóði til þess að ausa út fje á báðar hendur, sem að miklu leyti gengur til þess að hlynna að sínum pólitísku skjólstæðingum og verðlauna ákveðnar pólitískar skoðanir. Því spillingarástandi, sem þetta skapar, þarf ekki að lýsa; það stendur skýrt fyrir hverjum heilbrigðum manni. Má af þessu draga þá ályktun, að stj. vantreysti sinni eigin stjórnmálastefnu, að hún skuli telja sjer nauðsynlegt að grípa til þessara óyndisúrræða til þess á þann hátt að reyna að afla sjer fylgis og tryggja sig í stjórnarsessi. En til þess eru refirnir skornir; það vita allir.

Þá mun jeg ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, og ekki víkja að fleiru, þó á nógu sje að taka.

Þó er það eitt atriði, sem jeg vil minnast lítillega á, áður en jeg setst niður, og það er krossafarganið. Jeg verð þá að segja það, að jeg gat átt á ýmsu von, en að jeg ætti nú eftir að sjá það, að hæstv. forsrh. yrði einn af stærstu krossberum þessa lands, því gat mig aldrei órað fyrir, og þetta bygði jeg á því, að eins og alkunnugt er, vorum við samherjar þing eftir þing um að berjast á móti því, að það væri verið að ausa fje í þennan hjegóma, krossana, sem öllum kemur saman um að þeir sjeu, og líka þeim, sem hafa þó ánægju af að skreyta sig með þeim, og við vorum svo innilega sammála um, að þar næði hjegómaskapurinn hámarki sínu. Við álitum þá báðir, að hið unga og sjálfstæða ríki, Ísland, ætti að brynja sig á móti því að verða snortið af þessum erlenda hjegóma. — En því miður, þá hefir nú þetta farið svo, að hæstv. forsrh., Tryggva Þórhallssyni, hefir nú orðið hált á þessu svelli; hann var ekki fyr kominn í valdasessinn en

hann fjell fyrir freistingunni hvað sjálfan hann snertir og aðra. Árið 1928 var ekki varið minna en 10 þús. kr. í þetta regintildur, og jeg verð að segja það, að þeir voru tímarnir, að hæstv. forsrh. hefði tekið mjög innilega í hendina á mjer upp á það, að þeim peningum væri þó illa varið.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Mjer þykir rjettara að hafa þau vinnubrögð, að koma að því jafnóðum, sem til mín er beint. Hafa nú tveir íhaldsmenn talað eftir síðustu ræðu mína, hv. þm. Vestm. og hv. þm. Borgf.

Hv. þm. Vestm. hjelt alllanga ræðu, en af því átti jeg ekki nema örfá orð í upphafi ræðunnar. Það var út af því, sem jeg hafði sagt í upphafi og lokum minnar ræðu. Hv. þm. sagði, að það þyrfti ekki mikið af því til að gleðja mig, sem kæmi frá andstæðingunum. En það fer auðvitað eftir því, í hvernig ljósi það er skoðað. Jeg býst við, að þegar eldhúsdagurinn kemur og andstæðingarnir beita öllum vopnum sínum á stj., þá megi það gott þykja, að í þetta skiftið var það fyrsta kveðjan, sem þeir sendu okkur, að stj. væri að batna. Mjer hefði ekki þótt neitt undarlegt að heyra það frá vinum mínum, en þegar maður fær að heyra það frá andstæðingunum, og það á sjálfan eldhúsdaginn, þá er það talsvert mikils virði. — Annað var það ekki, sem hv. þm. Vestm. beindi til mín.

Hv. þm. Borgf. hefir haldið hjer nokkuð langa ræðu, og hefði mátt segja það fyrirfram, hvernig hans ræða mundi verða, því að hann er maður, sem kemur fram harðlega og djarflega. Það var vitanlegt, að hlutverk þess hv. þm. myndi vera að draga fram einstakar smáupphæðir og halda um þær vandlætingarræðu.

Það var aðeins eitt atriði, sem ekki kom þessu við, og það var út af þeim orðum, sem jeg hafði látið falla um framkomu íhaldsmanna í Ed. í frv. um búfjártryggingar. Hv. þm. vildi afsaka sig með því, að málið hefði ekki verið nægilega undirbúið; það var sagt á Búnaðarþinginu 1927, en frv. var borið fram á þinginu 1928, og þá höfðu þeir menn, sem mesta og besta þekkingu höfðu á slíkum málum, undirbúið það, svo að þessi fyrirsláttur, sem íhaldsmenn báru fram í hv. Ed., átti sjer engan stað. En hitt vita allir, að það er stundum notaður sá fyrirsláttur, að málin sjeu ekki nægilega undirbúin, þegar á að reyna að koma þeim fyrir kattarnef. Jeg nefndi aðeins eitt dæmi af mörgum, og vil ekki vera að draga fleiri inn í eldhúsdagsumr., en þetta eina dæmi kom aðeins til af því, sem jeg svaraði hv. 1. þm. Reykv. En jeg geri annars ráð fyrir því, ef jeg held heilsu næsta sumar, að íhaldsmenn fái tækifæri til að standa og svara því á fundum úti um land, hvernig framkoma þeirra hafi verið í helstu áhugamálum landbúnaðarins.

Þá vjek hv. þm. að nokkrum atriðum, sem heyra undir starfsvið mitt, og byrjaði þá að tala um utanfararstyrkina og minti á, að það væri sjerstakur liður í fjárlögunum til þess, 6 þús. kr., en kvaðst ætla, að það væri búið að veita helmingi meira. Jeg veit þetta ekki fyrir víst og vil ekkert vera að rengja það, sem hv. þm. segir, en hitt vil jeg aðeins benda hv. þm.

á, að ef hann fer í fjáraukalög undanfarandi ára, þá mun hv. þm. fá að sjá, að það, sem veitt hefir verið til utanfarar handa einstökum mönnum, hefir verið töluvert meira en þetta. Og þegar gengur yfir landið eins gott árferði og nú er, þá veldur það meiri bjartsýni hjá einstökum mönnum, hjá þingi og hjá stj., og þegar viðskifti okkar við umheiminn fara altaf vaxandi, þá er ekki nema eðlilegt, að meira fje fari í þess háttar styrki, en þær tölur, sem hv. þm. nefndi í þessu sambandi, bentu alls ekki á það.

Hv. þm. benti svo á nokkra styrki af þessu tægi. Voru það sjerstaklega tveir, sem snertu mig, nefnil. styrkurinn til Hallgríms Þorbergssonar fjárræktarmanns, og annar til Hallbjörns Halldórssonar forstöðumanns Alþýðuprentsmiðjunnar. Jeg held, að það sitji illa á þessum fulltrúa fyrir landbúnaðinn að vera að finna að því, að það sje styrktur maður til að kynna sjer vinnubrögð við eina þýðingarmestu grein landbúnaðarins, maður, sem einmitt hefir sjerstaka þekkingu til að bera. Hitt hefir verið skrifað afarmikið um í andstæðingablöðunum hjer, að forstöðumaður fyrir einni prentsmiðju hjer í bænum, Hallbjörn Halldórsson, fjekk styrk af því fje, sem ætlað er til iðnaðarnáms. Jeg skal taka það fram, að stj. notaði ekki meira en veitt var, og það lágu svo fáar umsóknir fyrir, að þeir, sem sóktu um styrk, fengu hann allir, sem yfirleitt kom til mála að styrkja, svo að það var ekki tekið frá neinum og ekki á neinn hátt farið út fyrir heimildir, að Hallbirni Halldórssyni var veittur styrkur. Svo vil jeg bæta því við, að þessi maður hefir að vísu verið töluvert við stjórnmál riðinn, en jeg er honum allmjög kunnugur á öðru sviði. Jeg var, eins og hv. þm. veit, ritstjóri fyrir blaði, og var Hallbjörn Halldórsson þá verkstjóri í þeirri prentsmiðju, sem blaðið var prentað í, svo eftir 10 ára ritstjórnarstarf þekki jeg hann allvel, enda er þessi maður að mínum dómi einn með allra fremstu mönnum í sinni grein, svo að þótt honum væri veittur styrkur til að auka þekkingu sína á þessu sviði, og þegar fjárveitingin annars ekki hefði verið notuð, þá get jeg ekki tekið við ákúrum fyrir þetta. En úr því að hv. þm. er að segja, að stj. hafi sýnt af sjer hlutdrægni og finnur ekki aðeins sjerstakt bragð að því, að þessum góða iðnaðarmanni var veittur styrkur, heldur vill hv. þm. láta það skína í gegn, að stj. hafi verið að koma sjer vel við jafnaðarmenn með þessu. Jeg vil nú spyrja hv. þm. að því, hvers vegna nefndi hann ekki tvo aðra menn, sem hafa fengið styrk til utanfarar? Annar þeirra er samherji hv. þm. og fyrverandi þm. Íhaldsflokksins, Björn Líndal, og sem þar á ofan fjekk hærri styrk en Hallbjörn Halldórsson. Sá maður fjekk styrk af markaðsleitarfje, og jeg skal játa það, að jeg fjekk snuprur hjá mörgum fyrir þessa styrkveitingu, en jeg taldi það víst, enda kom það líka á daginn, að hann myndi verða kosinn í hina væntanlegu stjórn síldareinkasölunnar. Svo er annar maður Íhaldsflokksins, sem er trúnaðarmaður flokksins í stjórn Búnaðarfjelags Íslands; hann hefir fengið styrk til að fara utan og kynnast erlendum búnaðarháttum. Má hv. þm. af þessu sjá, að um utanfararstyrkina hefir síður

en svo gætt hlutdrægni af pólitískum ástæðum.

Þá var það viðvíkjandi síldarverksmiðjunni. Hv. þm. var mikið að smjatta á nokkrum smáupphæðum, en til síldarverksmiðjunnar eru þegar komnar 6 þús. af c. 1 milj. kr., sem verksmiðjan á að kosta, og kastar það nokkru ljósi yfir þessi ósköp, sem hv. þm. var að tala um. (**ÓTh:** Ekki fara allar miljónirnar til undirbúnings). Jóni Þorlákssyni verkfræðingi og alþm. var falinn fyrsti undirbúningur, sem kunnugt er. En það, sem Guðm. Hlíðdal verkfræðingi hefir sjerstaklega verið falið að gera í þessu efni, er að ráða erlendan mann til að standa fyrir byggingu verksmiðjunnar og hafa yfirsýn um verkið, og finst mjer rjett að hafa til að sjá um þá ráðningu einhvern af þeim mönnum, sem í þjónustu landsstj. eru, og þá sjerstaklega þegar þessi maður varð að fara utan hvort sem var, fyrir landssímann, og jeg get upplýst hv. þm. Borgf. um, að það hefði kostað töluvert meira að fá Jón Þorláksson til að gera þetta. (**PO:** En hvers vegna er verið að sækja menn til útlanda til að gera þetta?). Það er af því, að við höfum engan mann á Íslandi, sem getur það, en sá maður, sem hefir verið ráðinn til þess, hefir stjórnað byggingu á flestum slíkum verksmiðjum hjer á landi. En hinsvegar hefir stj. einmitt haft þetta í huga, og þess vegna hefir hún ráðið þriðja manninn, sem hv. þm. nefndi, Þorkel Clementz vjelfræðing, til að stjórna vjelunum, og þótti vel ráðið, að sá maður færi utan og fengi að kynnast vjelunum í byrjun, til þess að hann væri færari að starfa að uppsetningu þeirra og stjórn eftirleiðis. (**ÓTh:** Það eru mjög einfaldar vjelar alt saman, sem notaðar eru við þessa iðju; jeg treysti mjer til að kenna hæstv. forsrh. að fara með þær allar á fáum klukkustundum). Jeg skal ekki efast um, að hv. 2. þm. G.-K. muni vera góður verkmaður á því sviði sem öðrum, en jeg ætla samt aldrei að fara í tíma til þess hv. þm.; jeg vona, að jeg þurfi þess ekki. En hvað það snertir, sem hv. þm. Borgf. segir um Þorkel Clementz, þá er því til að svara, að það eru margir menn aðrir, sem hafa reynslu fyrir því, að hann sje mjög vel fær maður á sínu sviði.

Þá gat hv. þm. þess, að dr. Paul hefði verið greiddar 1200 kr. fyrir að gefa einhverjar upplýsingar á þessu sviði. En það er alls ekki rjett. Það var sókt afarsterklega á þinginu í fyrra, að fengin væri á leigu síldarverksmiðja til að reka, og sú eina, sem komið gat til mála, var síldarverksmiðja dr. Pauls, og fyrir áskorun þessara manna og þeirra, sem mjer stóðu þá næstir, þótt þeir sjeu nú horfnir hjeðan, var þessi maður kallaður hingað, til þess að athuga um það, hvort hann vildi leigja ríkinu verksmiðjuna. Hann kom hingað um páskaleytið í fyrra, og vissu margir þm. um komu hans, því að þingið stóð þá. Voru þá gerðar ítarlegar tilraunir til samninga við hann, en sem ekki tókust, því að hann var ekki fáanlegur til að leigja verksmiðjuna með þeim kjörum, sem jeg taldi viðunanleg. En það var ekki hægt, þegar þessi maður var kvaddur hingað heim, þó það bæri engan árangur, að komast hjá að greiða honum nokkurn ferðakostnað. Jeg álít, sem sagt, hvað þessa smáupp-

hæð snertir, sem hv. þm. setti í samband við síldarverksmiðjuna, og þær framkvæmdir, sem gerðar voru í þessu máli, megi að öllu leyti verja. Ef átti að fara á stað með þetta á annað borð, þá hefði það verið rangt, ef nokkuð af því, sem gert var, hefði verið látið hjá líða; það væri þá hið eina, sem jeg væri áfellisverður fyrir, að jeg ljet undan þessum mönnum með að fá dr. Paul hingað, til þess að reyna, hvort ekki væri hægt að fá verksmiðju hans leigða.

Þá mintist hv. þm. á skoðunarmenn bifreiða og að þeir myndu hafa einhver laun. Jeg vil aðeins minna hv. þm. á það, að þingið gekk svo frá þeirri löggjöf, að það var ætlast til, að það starf bæri sig, enda hefir sá kostnaður, sem ríkið hefir af þessu eftirliti með bifreiðum, komið aftur, eins og ætlast var til, en náttúrlega er það svo, þegar byrjað er á auknu eftirliti, að það verður nokkur aukakostnaður. En gott væri fyrir ríkissjóðinn, ef hægt yrði að koma því svo fyrir á fleiri sviðum, að sá kostnaður, sem leiðir af að ríkið verður að halda uppi þannig löguðu eftirliti, t. d. með skipum og bátum, væri borinn af þeim fyrirtækjum, sem eftirlitið er við; það var frv. á ferðinni um það, en sem strandaði m. a. á mótstöðu hv þm. Borgf.

Þá mintist hv. þm. á það, að landsstj. hefði skipað ýmsa menn sjer til aðstoðar og sömuleiðis kvatt menn til aðstoðar við að undirbúa ýmsa löggjöf, en var þó svo sanngjarn að benda á um leið, að þetta hefði átt sjer stað áður, eins og sjá má í 19. gr. landsreikninganna, en vildi halda fram, að það væri í stærra stíl en verið hefði. Jeg get ekki borið það fullkomlega saman, því að jeg hefi ekki fylgst með því, hvað gerst hefir í hinum skrifstofunum, enda er mjög erfitt að átta sig á þessu, því að það getur komið fram á svo mörgum sviðum, bæði í 19. gr., sem kostnaður við lög, sem verið er að undirbúa, og líka sem skrifstofukostnaður, svo að mjög erfitt verður að fá heildaryfirlit. En hinsvegar er það ekkert óeðlilegt, þegar stjórnarskifti hafa orðið og þegar ný stj. kemur, sem leggur áherslu á að koma mörgu nýju fram, og þegar starfað er að endurskoðun á ýmsum sviðum, svo sem á skólalöggjöf landsins, búnaðarlöggjöf o. fl., þá er ekkert óeðlilegt, þótt nokkur kostnaður verði slíku starfi samfara. Jeg vil ennfremur halda því fram og fullyrða það, að af þeim störfum, sem unnin hafa verið í minni skrifstofu, hafi alt verið nauðsynleg störf. En hitt er ekkert undarlegt, þó að hv. þm. Borgf., sem er mótfallinn sjálfri löggjöfinni, sem verið er að bera fram, sje gramur yfir þeim kostnaði, sem við það kemur fram.

Þegar hv. þm. var að tala um Böðvar Bjarkan lögfræðing og undirbúning löggjafar um lánsstofnanir landbúnaðarins, þótti honum dýrt, að greiddar hefðu verið 2 þús. kr. fyrir það starf, en jeg vil benda hv. þm. á, að áður hefir verið greitt miklu meira fyrir svipað starf. (**PO**: Já, Sigurður Jónsson var þá atvmrh.). Það skiftir ekki máli, hver þá var atvmrh., en annars mun það hafa verið gert á dýrasta tíma, en jeg get þessa aðeins til þess að sýna, að núver-

andi stj. hefir ekki gengið eins langt og aðrar stjórnir.

Annars er það svo, að þingið, með þáltill. o. þ. h., gerir meira og minna að því á hverju ári að leggja fyrir stj. að inna af hendi ýms störf, t. d. eins og það, sem greitt hefir verið fyrir til hv. 4. þm. Reykv. og forseta Fiskifjelagsins. Þingið lagði fyrir að undirbúa sjómannalöggjöf og að láta rannsaka um veðurstofuna. Rannsóknin var falin þessum tveim mönnum, og það starf, sem þeir hafa leyst af hendi að því er veðurstofuna snertir, hefir sett niður þær deilur, sem þar hafa verið, og má vænta þess, að hún geti starfað óhindrað áfram. En þeir unnu líka á öðrum sviðum, hv. 4. þm. Reykv. og forseti Fiskifjelagsins, og eftir því, sem jeg hefi fylgst með, þá hefir sú borgun, sem þeir hafa fengið, verið talsvert miklu minni en sú, sem greidd hefir verið til þess manns, sem hafði þá undirbúningsvinnu á hendi fyrir fyrverandi stj.

Þá var hv. þm. að sletta því til mín, að jeg hefði ekki greitt af mínu risnufje fyrir vindla, sem notaðir voru í ferð upp í Borgarfjörð. Jeg vil hjer taka það fram, að það er enginn kendur þar, sem hann kemur ekki; jeg var alls ekki með í þeirri för, og auk þess tel jeg mjer ekki skylt, ef gestir eru hjer á annara vegum, margar þingmannaleiðir í burtu frá mjer, að nota mitt risnufje handa þeim mönnum.

Þá kom hv. þm. að því síðasta í sambandi við þessar greiðslur, að tala um, að hann þyrfti ekki að lýsa því spillingarástandi, sem stæði í sambandi við þessar fjárgreiðslur allar. En hver leggur svo dóm á það? Jú, hv. þm. Borgf. dæmir eftir töluvert nánum kunnugleika. En jeg held, að stuðningsmenn fyrv. stj. ættu ekki að tala mikið um spillingu í þeim efnum, því að jeg held, að það hafi komið mjög átakanlega á daginn, að það hafi ekki þróast neitt lítil spilling og alvöruleysi í landinu á hennar dögum. Og án þess jeg vilji fara frekar inn á það, vil jeg samt segja svo mikið, að það mun lengi verða minst þeirra mjög þörfu uppskurða, sem gerðir hafa verið síðan. Það hefir verið eitthvað svipað og þegar Guðmundur heitinn Magnússon kom með hnífinn, til þess að hreinsa til í líkömum manna og hleypa út þeim ígerðum og viðbjóðslegu meinsemdum, sem þar voru innibyrgðar. Jeg held, að það hafi verið ósköp svipaðir uppskurðir, sem hefir orðið að gera á þjóðarlíkamanum, enda verði þess lengi minst, hversu stungið hefir verið á kýlunum í tíð núv. stj.

Þá fór hv. þm. Borgf. að tala um, að stj. gripi til úrræða spillingarinnar til að festa sig í sessi. Jeg hefi gerólíkar skoðanir í þessu efni. Jeg álít það verða síst til að festa stj. í sessi, að hún grípur til úrræða, er valda spillingu. Jeg hygg það vissasta veginn til að stj. verði svift völdum. Þeim hugsunarhætti, að þetta sje líklegasti vegurinn til að festa stj. í sessi, er jeg algerlega andstæður.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara að minnast hjer á krossana. Um þá hefir margt verið talað og mikið rætt í blöðum. En það get jeg sagt hv. þm. Borgf. í fullri einlægni, að „privat"-maðurinn Tryggvi Þórhallsson er nákvæmlega á sömu skoðun um þá og hann hefir verið. Jeg lít svo á, eftir þeirri þekkingu, sem jeg hefi öðlast,

að það geti verið gagn að því fyrir landið að hafa heiðursmerki. Jeg lít svo á, að maður, er á að koma fram fyrir landsins hönd, verði að láta sínar „privat"-skoðanir víkja fyrir því, er telja má rjett landsins vegna. Jeg hefi talið mjer skylt að gera þetta.

**Ólafur Thors:** Jeg býst ekki við að segja margt nýtt. Engin ávirðing stj. er ný nema ávirðing líðandi stundar, sem svo fljótlega gleymist í skugga nýrrar ávirðingar. Einkunnarorð hæstv. dómsmrh. hefir verið: „Svo skal böl bæta að bíða annað meira". Stjórnarfarið fer versnandi.

Meðan hæstv. ráðh. barðist til valda, beitti hann öðrum vopnum en andstæðingar hans. Jeg minni á 600 þús. kr., sem landsstj. átti að hafa gefið útgerðarmönnum, 9 milj. kr. lánsheimild, sem ráðh. taldi 100 kr. skuldabagga á hvert mannsbarn í landinu, botnlausar skuldir ríkisins o. fl. vísvitandi ósannindi, sem ráðh. endurtók jafnoft og þau voru rekin ofan í hann. Persónulegt níð hans um andstæðingana er og þjóðfrægt.

Fyrir þetta þáði ráðh. tvenskonar laun. Hann fjekk titil — titil, sem flestir telja hann vel að kominn. Hann var kallaður „ærulaus lygari og rógberi". (Forseti grípur hamarinn og býst til að hringja). Hann fjekk líka stöðu. Hann var gerður að æðsta verði laga og siðgæðis í landinu!

Hæstv. forseti sýndi sig líklegan til að hringja, þegar jeg nefndi titilinn, en þess sáust engin merki þegar staðan var nefnd. Titillinn er að vísu harður dómur um ráðh. Staðan þó miklu harðari dómur um þjóðina.

„Enginn ætlast til, að jeg telji sandkornin á sjávarströndn nje syndir stjórnarinnar", sagði ræðumaður einn nýlega. Jeg tek undir. Syndir stj. eru óteljandi, og þær minni svo stórar, að landsfrægar væru, ef einhver annar en hæstv. dómsmrh. hefði drýgt þær.

Af mörgum lögbrotum og gerræðum ráðh. tek jeg fá af handahófi. Það er þá fyrst Tervani-málið.

Saga málsins er kunn. Skipsmenn á Trausta kæra skipstjórana á Jupiter og Tervani fyrir landhelgisveiðar í Garðsjónum í ágúst 1926. Skömmu síðar kom Júpiter til Hafnarfjarðar. Mál skipstjórans var rannsakað og lauk með því, að hæstirjettur dæmdi hann í 15 þús. kr. sekt.

Tervani náðist ekki fyr en Þór tók skipið til Vestmannaeyja í apríl síðastl. Skipstjóri var enn sá sami og verið hafði, þegar hið kærða brot var framið. Honum var heimilað að sigla skipinu til Englands, en sjálfur skyldi hann tafarlaust koma aftur og bíða dóms, og setti hann 30 þús. kr. þessu til tryggingar.

Skipstjóri kom svo á tilsettum tíma. En þegar menn bjuggust við, að mál hans yrði lagt í dóm, flaug um landið sú fregn, að honum væru uppgefnar sakir. *Hjer lýkur fyrsta þætti.* En líkt og áhorfendur fyrst skilja góðan sorgarleik, þegar hann er á enda, þannig fór Íslendingum hjer.

Alvöruna skildu menn. Voðann ekki fyr en ráðh. upplýsti málið.

*Hví gefur ráðh. erlendum sökudólg upp sakir og stórfje úr ríkissjóði?* spurðu menn.

Lengi vel svaraði hæstv. dómsmrh. engu, en svo fór að lokum, að þolin-

mæði þessa varðar laga og rjettlætis þraut. Hann virtist vera alveg hissa, að nokkur skyldi vera svo djarfur að spyrja um þetta. Einvaldurinn hafði talað, og hvað vildi svo almenningur vera að sletta sjer fram í þetta? En hvert var svo svarið, er það loksins kom? Jú, það var svo:

Á Trausta voru ekki ritfæri, aðeins nagli. Þegar bent var á, að slíkt kæmi málinu ekki við, kærendur hefðu staðfest framburð sinn með eiði og eiðfest vitnasönnun gilti hjer sem annarsstaðar, þá ærðist ráðherrann. Þá byrjaði háðið um naglamenninguna. „Ekkert siðað þjóðfjelag tekur slík sönnunargögn gild". „Engir nema „idiotar" og „bullur" eru á móti mjer", bætti ráðherrann við.

Hæstirjettur tók þessi gögn gild. Ef þau voru gild gegn Júpiter, voru þau það líka gegn Tervani. Ráðh. er því að setja skrælingjastimpil á hæstarjett og íslensku þjóðina. Eftir það skiftir minstu, þótt hann kalli hæstarjett og aðra, sem andvígir eru honum í málinu, „idiota og bullur". En ekki er það ráðherralegt. *Hjer lýkur öðrum þætti.*

*Þriðji þáttur* hefst með því, að ráðh. hefir skilist, að rök hans voru óframbærileg. Þá loksins, aðþrengdur og til neyddur kastar hann út mörsiðrinu:

*„Sendiherra Breta var hingað kominn til að fylgjast með málinu og eigendur Tervani hótuðu að senda hingað tvo breska lögfræðinga. Þess vegna gaf jeg upp sakir"*, segir ráðh. **(Dómsmrh:** Það hefi jeg aldrei sagt). Þetta er það, sem hæstv. ráðh. hefir látið „undir-Jónas" sinn segja í blaði sínu, og þetta mun vera það rjetta. Því þó hæstv. dómsmrh. sje eins og mannýgt naut við Íslendinga, þá er auðmýkt hans við tigna útlendinga alþekt. Það væri broslegt, ef það væri ekki skammarlegt, að sjá, hvernig ráðh. snýst eins og snælda kringum alla tigna erl. gesti, er hingað koma. Og engan getur furðað á því, þótt hið litla lögvit ráðh. svimi við þann snarsnúning. Auðmýkt hans er svo mikil, að ekkert er meira nema ef vera skyldi fyrirlitning útlendinga á ráðh., er svo hagar sjer.

Kjarkleysið og auðmýktin eru afsakanir ráðh. í Tervani-málinu, en það er gaman fyrir svo litla þjóð sem Íslendinga að eiga tvö jafnfrábrugðin afbrigði sem Jón biskup Arason og Tervani-ráðherrann. Þeir hafa báðir barist við erlent vald.

Annar ljet lífið, en hlaut virðingu þjóðar sinnar. Hinn misti kjarkinn og hlaut fyrirlitningu allra fyrir.

Þá kem jeg að afleiðingunum af þessu kjarkleysi ráðh. Allir þekkja stöðug klögumál erl. sökudólga, er dómi sæta fyrir ísl. rjetti. Til þessa höfum við þó átt ágæta talsmenn. Nú hefir sökudólgunum bætst liðsauki. *Dómsmrh. hefir kveðið upp dóm um dóm hæstarjettar.* Eftirleiðis nota sökudólgar Tervani-málið sem barefli á hæstarjett. „Jeg er dæmdur", segja þeir, „en af hverjum? Af hæstarjetti Íslendinga, af dómstólnum, sem í Júpitermálinu dæmdi svo vitlausan dóm, að dómsmrh. Íslands skarst í leikinn til að fyrirbyggja, að rjetturinn færi eins með Tervani, sem sannað var, að hafði framið það sama og Jupiter var dæmdur fyrir".

Þetta verða orð og ummæli sökudólganna.

En *hvað hugsa málsvarar okkar erlendis?* Jeg tek strax fram, að mjer þykir líklegt, að Bretar sýni þá kurteisi

að þakka. Það er venja hvers siðaðs ríkis að þakka fyrir ríkulegar gjafir gefnar þegnum þess. En sleppum slíkum kurteisisskyldum. Þær sanna auðvitað ekkert um það, sem undir býr.

Til þessa hefir það verið svo, að þegar hinir erlendu sökudólgar hafa verið að kvarta, hafa allir mætir menn látið það eins og vind um eyrun þjóta. En eins og dropinn holar steininn, hafði endurtekning klögumálanna haft þau áhrif, að efasemdir vöknuðu hjá þeim, er hlut áttu að máli, og afleiðingin varð sú, að breski sendiherrann í Kaupmannahöfn var sendur hingað til að sannprófa ísl. rjettarfar. Í fyrsta skifti áttum við að ganga undir próf erlendra málsvara okkar. Og hvernig fór? Stóðum við okkur illa? Fjellum við? Nei, hvorugt. En við gerðum það, sem var miklu verra. *Við gáfumst upp. Við ofurseldum ísl. rjettarfar rógi erlendra níðhögga.* Hefði nú hjer átt hlut að máli sökudólgur, sem vitað var að var sannur að sök, en þó *ódæmdur*, var hægt að sætta sig við þessa hneisu hins auðmjúka þjóns erlendrar tiginmensku. Og jafnvel þó undirrjettardómur væri genginn í málinu, var ekki hægt að segja, að öllu velsæmi væri fyrir borð kastað. En því miður lá málið ekki þannig fyrir. Hæstirjettur, tákn ísl. sjálfstæðis og rjettlætis, hafði talað. Jupiter og Tervani voru báðir kærðir fyrir sama brot, framið á sama stað á sama tíma, af sömu vitnum, sannað með sömu gögnum. Hæstirjettur dæmdi Jupiter sekan. *Þar með var Tervani dæmdur.* Úr því að hæstirjettur dæmdi Jupiter sekan, er engin afsökun til, er rjettmæti sýknun Tervani. Hvort sem sönnunargögnin voru skýr eða óskýr og hvað sem hæstv. dómsmrh. álítur um málið, kemur það alt fyrir ekki. Hæstirjettur var búinn að kveða upp dóm í málinu, og úr því mátti enginn og gat enginn kveðið upp nýjan dóm. Allir hljóta að skilja, að slík framkoma „varðar laga og rjettlætis“ er ægileg árás á hæstarjett. Það er nöpur ógæfa, að í fyrsta skifti, sem erlendir málsvarar okkar vilja ganga úr skugga um, hvað sje hæft í ásökum sökudólganna í okkar garð, kemur ísl. dómsmrh. sökudólgunum til liðs. Upp frá þessu er það óhugsandi, að við njótum trausts talsmanna okkar lengur. Dómsmrh., sem ræðst á hæstarjett, hefir betur í augum erlendra þjóða af þeirri einföldu ástæðu, að hvergi í hinum mentaða heimi gæti slíkt komið fyrir, nema hæstirjettur hefði framið „rjettarmorð“. Dómsmrh. hefir svívirt hæstarjett, kastað fje ríkissjóðs á glæ og reynst níðhöggur þjóðar sinnar. Þótt hæstv. dómsmrh. hefði alt annað vel gert — en guð forði mjer frá slíkum ósannindum —, þá ætti hann að fara frá völdum vegna Tervani-málsins eins.

Á síðasta Alþ. var kosin 7 manna nefnd til aðstoðar þeim ráðh., er með utanríkismálin fer, en það er hæstv. forsrh. Hann hefir dyggilega fylgt fyrirmælum þingsins og sent nefndinni öll þau skjöl, er fjalla um utanríkismál, ekki aðeins til umsagnar, heldur einnig til ákvörðunar. Tervani-málið hefir verið gert að utanríkismáli, og því langstærsta, sem enn hefir komið fyrir. Nú leyfi jeg mjer að beina þeim fyrirspurnum til hæstv. forsrh., hvort hann hafi tekið ákvörðun um málið, og ef svo sje, hvers vegna hann hafi þá brugðið vana sínum og ekki sent þetta mál eins og hin til utanríkismálanefndar. En ef það er hinsvegar rjett, sem allir mæla.

að hæstv. dómsmrh. sje hjer einn að verki, — ætlar þá hæstv. forsrh. að þola það, að dómsmrh. taki af honum völdin og tefli sjálfstæði landsins í voða?

Jeg vil ennfremur spyrja hæstv. forseta, sem er formaður nefndarinnar, hvort málið hafi verið sent honum til umsagnar? Ef svo er, hví bar hann það þá ekki undir nefndina? En ef svo er ekki, ætlar hann þá að þola, að n. sje svo ferlega misboðið? Jeg vænti þess, að þeir svari þessum spurningum, og læt í bili útrætt um þetta hneykslismál.

Af öllu illu, sem gerðist á síðasta Alþ., voru þó ummæli hæstv. dómsmrh. um hæstarjett langverst. Þegar verið var að ræða um frv. til l. um varnir gegn prentuðum ummælum, sagði hæstv. dómsmrh., að hæstirjettur dæmdi dóma, „sem ganga hver ofan í annan". Hann gaf í skyn, að dómar rjettarins væru „gerræðafullir" og „ofan í líkur", væru „rjettarhneyksli". Loks sagði ráðh.: „Þessir tveir dómar eru blettur á íslensku rjettarfari, þeir eru það, sem ein frændþjóð okkar kallar Justits-mord". Mjer hnykti við, er jeg heyrði þessi orð. Í sumar hefi jeg verið á mörgum fundum með hæstv. dómsmrh., og sýndi jeg honum þá enga vægð, en yfir þessu þagði jeg. Sjerhver andstæðingur hlaut að meta meira að leyna þessu en að vega að andstæðing sínum. Þegar jeg kom úr þessum fundaleiðangri og las Alþt., sá jeg, að þessi ummæli stóðu þar óbreytt. Þar stóð „Justits-mord" skýrum stöfum. Þetta undraði mig því meira, er jeg vissi, að hæstv. dómsmrh. er vanur að strika það út úr ræðum sínum, sem honum sýnist, en svo hóflaus er óskammfeilni hans, að þessi orð ljet hann standa óbreytt. Jeg minnist ekki, að nokkur blöð hafi ritað um þetta mál, nema „Morgunblaðið", er sýndi fram á þessa svívirðu, en nokkru síðar reit hæstv. dómsmrh. aðra grein í ‚Tímann' til varnar sjer í málinu. Þar hjelt hann því fram, að hæstirjettur stæði á bak við þessar greinir Morgunblaðsins og vildi helst láta hann biðja sig fyrirgefningar á þeim. Hvernig getur svívirðingin komist hærra? Það mun ekki ofmælt, þótt sagt sje, að þetta sje þjóðarskömm.

Við Íhaldsmenn erum nú í eldhúsinu. Framsókn verður að þvo þennan smánarblett af þjóðinni með því að fella þennan mann.

Þessi ráðh. hefir brotist til valda með blekkingum, og því næst brugðist flestum loforðum sínum. Hann lofaði sparnaði, — en hverjar eru efndirnar? Eins og hv. þm. Borgf. sýndi fram á, hafa bitlingar óspart hrotið frá borði hans, og aldrei hefir óhófið verið jafnt og nú. Þess vegna eru menn líka farnir að kalla stjórnartíð þessa ráðh. beinöld, og er það rjettnefni. Hæstv. dómsmrh. sagði áður, að sendiherraembættið væri tildur eitt, en nú fær sendiherrann ekki einungis laun sín, heldur þrífst hann betur en nokkru sinni áður undir verndarvæng þessa ráðh., er gefur honum gjafir upp á kostnað ríkissjóðs. Er sendiherrann að vísu alls góðs maklegur, en lítið samræmi er í öfgafullum árásum blaðamannsins frá Hriflu og hins gjafmilda dómsmrh.

Eins og kunnugt er losnaði erindrekastaðan á Spáni. Þá stöðu hafði ráðh. talið alóþarfa og rándýra, en svo skipar hann annan erindreka, þegar til kemur, og lætur hann hafa sömu

laun og hinn fyrri. Þá má nefna tóbakseinkasöluna. Ekki hefir ráðh. hafist þar handa ennþá, þótt tækifæri hafi verið til. Mentaskólanum hefir hann lokað og mannúð sína hefir hann sýnt með því að ráðast á fátæka og sjúka, hrekja burtu hjúkrunarkonur og reka menn unnvörpum úr þeim stöðum, er þeir hafa skipað. Rjettlátur og lýðhollur þóttist hann vera, — en hver hefir verið ranglátari og einráðari en einmitt þessi maður? Nú er spillingin orðin svo mikil og ofsóknirnar svo taumlausar, að ef þessu heldur áfram, ruglast hugtök manna, þannig að þeir gera ekki lengur mun á Framsókn og ofsókn, eins og Árni Pálsson komst að orði. Algera siðspillingu hefir þessi hæstv. ráðh. sýnt í embættaveitingum, og fátt hefir hann vílað fyrir sjer í þeim efnum. Ef lagabreytinga þarf, þá kemur hann þeim í framkvæmd, en ef ekki, þá kippir hann mönnum burt og setur aðra í staðinn, sem fylgjandi eru skoðunum hans. Þá er það ekki ofmælt, að hæstv. ráðh. noti ríkissjóðinn sem flokkssjóð, eða sitt eigið fje, nema hvað hann er höfðinglyndari og örari á fje hans en sitt. Auk alls þessa hefir ráðh. oft stefnt landinu í beinan voða. Á eldhúsdaginn í fyrra sagði hann t. d., þegar verið var að tala um Shell-fjelagið, að með þessum olíugeymum væru Bretar að koma sjer upp flotastöð. Hvað veitir betri höggstað á okkur en slík orð af vörum ráðh., að fyrirrennarar hans hafi gefið útlendingum leyfi til að koma hjer upp herskipastöð? Með hverjum hætti verður öðrum erl. stórveldum betur boðið heim en einmitt fullyrðingum sjálfs dómsmrh. um að breska heimsveldið hafi þegar öðlast slík fríðindi. Það hefir komið fyrir oftar en í þetta eina skifti, að ráðh. hefir stefnt sjálfstæði voru í voða með ógætilegum orðum og lítt hugsuðum. Á þinginu í fyrra sagði þessi hæstv. dómsmrh., að íslensku togararnir hefðu stolið tugum miljóna króna í landhelgi, en varðskipin hefðu ekki komið á vettvang af því, að fyrv. ríkisstj. hefði bannað þeim það og sagt þeim að verða ekki á vegi þeirra. En ef þessi orð hæstv. dómsmrh. bærust út, segðu önnur ríki: Við erum misrjetti beitt, — og þau gætu þá látið sjer nægja með að vísa til orða dómsmrh.

Með Tervani-málinu og ummælum sínum um hæstarjett er ráðh. að brjóta niður virðinguna fyrir *dómsörygginu* í landinu. En fullyrðing hans um, að fyrverandi stj. hafi selt Bretum fríðindi til að tryggja aðstöðu þeirra í ófriði, og ummæli eins og þau, að fyrv. stj. hafi bannað varðskipunum að verða á vegi *íslenskra* lögbrjóta, miða að því að grafa undan traustinu á *framkvæmdarvaldinu*. Verður þá syndabikar þessa manns aldrei fullur? Hverju getur „vörður laga og rjettlætis" bætt í þann lárviðarsveig, sem valdaferill hans hnýtir fósturjörðinni? Hvað á dómsmrh. ógert? Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp grein eftir hann í „Tímanum" 5. jan. Hann er þar að skýra frá því, að jeg hafi sagt á fundi, að skipstjórar varðskipanna hefðu viljað drepa hann:

„Þá æsist Ólafur Thors og lýsir því yfir hátíðlega, að sambúðin sje svo vond, að *skipstjórarnir vildu fegnir drepa* (eða láta drepa) annan af núverandi ráðherrum.

Margir álíta, að Ólafur hafi logið upp á skipstjórana og það alveg að tilefnislausu. En sje svo, þá sýnir yfir-

lýsingin að minsta kosti hug Ólafs sjálfs .... og er það engin afsökun, þó hann síðar vilji snúa merking orða sinna upp í aðdróttanir til hinna fjarstöddu manna um annarskonar hugarþel, jafnvel enn andstyggilegra, sem sje það, að þeir vilji láta *myrða mannorð* tilgreinds manns með rógburði".

Jeg hafði nú aðeins sagt, að jeg teldi víst, að skipherrarnir á varðskipunum hlytu að óska ráðh. pólitískt feigan. — Sleppum því. En hjer er dómur ráðh. fyrir því, að sá, er vill myrða mannorð annara með rógburði, sje verri en morðingi.

Jeg spyr nú þá hv. þdm., sem kynnu að álíta, að ráðh. með blaðskrifum sínum hafi reynt einmitt þetta, að myrða mannorð með rógburði:

*Hverju viljið þið bæta við?*

Að lokum skal jeg leyfa mjer að beina fáeinum orðum til flokksbræðra ráðh. hjer í deildinni.

Jeg játa, að vald hans er brotið í Nd. Hjer er stækkandi hópur samstæðra manna, sem láta ekki lengur misbjóða sjer.

Þetta veit dómsmrh. líka. Þess vegna hefir hann sig ekki í frammi. Hann er lævís maður. Hann kann sín boðorð. Það boðorðið, sem hann í bili hefir í heiðri, er þetta: *Sex daga skalt þú verk þitt vinna, en hinn sjöunda halda heilagan. Í ár er þingtíminn hvíldardagur ráðh.* Ekki til að *þjóna guði*, heldur til að búa sig undir að *þjóna lund sinni.*

Þegar þið eruð farnir heim, þegar þegjandi mótstaða ykkar, sem hvílir eins og martröð á hefnigirni og öðrum eðlishvötum ráðh., er af ljett, *þá brjótast þær út með krafti þess undirokaða og komast í algleyming.*

Allir vita, að mörgum ykkar hrýs hugur við því.

*En ábyrgðina berið þið.*

Henni verður ekki af ykkur ljett nema þið leggist á sveif með okkur Íhaldsmönnum að fella þennan ráðh.

*Fellum hann, ekki sem flokksmenn eða andstæðingar*, heldur sem *menn* — sem *Íslendingar.*

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg ætla að byrja á því að gera síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. G.-K., skil, og svara honum fyrst, því að nú eru margir menn hjer inni, sem heyrt hafa mál hans, en ekki annara þeirra, er fyr hafa talað. Hann sneri sjer aðallega að Tervani-málinu, og því get jeg svarað hv. 1. þm. Reykv. um leið. Jeg geri ekki ráð fyrir, að jeg þurfi að beita eins stórum orðum og hv. 2. þm. G.-K., með því að málstaður minn er jafngóður eins og hans er vondur. Blöðin hafa gert sjer tíðrætt um mál þetta, og er því flestum saga þess kunn, en þó mun jeg rekja það að nokkru. Málið var höfðað gegn enskum togara, Tervani, sem kom hingað til lands síðastliðið vor. Var grunur á, að hann hefði verið að landhelgisveiðum. Jeg ljet, eins og kunnugt er, niður falla saksókn gegn þessum togara, og deilan stendur um það, hvort þetta hafi verið rjett eða rangt. Það er enginn efi á því, að stj. getur bæði fallið frá sókn mála og náðað, en verður að sjálfsögðu að bera ábyrgð á því fyrir þjóðinni. Því hefir verið haldið fram, að rangt hafi verið að falla frá sókn málsins, en jeg leit öðrum augum á tildrög málsins og mjer virðist það, satt að segja, þjóðinni til skaða og skammar að leggja á jafntæpt vað

og þar var um að ræða, út í stórdeilu við almenningsálit hins siðaða heims.

Helsta blað Íhaldsins, Morgunblaðið, hefir líka verið aðaltunga flokksins til að sækja mig til sakar í þessu máli. En nú vill svo til, að einmitt aðaleigandi Morgunblaðsins, og þar af leiðandi sá maður, sem í gegnum blaðið ber aðalábyrgðina á ásökununum í minn garð út af Tervani-málinu, hefir sagt alt annað um málið undir öðrum kringumstæðum. Jeg ætla nú að svara málpípum íhaldsins hjer á Alþingi með því að láta þennan flokksbróður þeirra tala. Hann er sonur þess manns í Íhaldsflokknum, sem flokkurinn vildi gera að forseta sameinaðs þings í vetur, og hefir vegna blaðeignar sinnar töluverð áhrif innan flokksins. Það er lögfræðingurinn Lárus Jóhannesson, sem jeg ætla að leiða sem vitni á móti hans eigin blaði og hans flokksbræðrum. Þetta vitni mundi að vísu í mörgum pólitískum málum ekki vera óhlutdrægt. Maður sá er að vísu sæmilega gefinn og ekki lakar mentur en gerist um marga menn í hans stjett, en alt of litaður flokksmaður til þess að geta verið óhlutdrægur, þar sem flokksástæður kæmu til greina. En í þessu máli á hann að velja á milli starfs síns sem málfærslumaður annarsvegar og íhaldsstjórnarinnar hinsvegar, því þegar hann leiðir sterk rök að því, að skipstjórinn á Júpíter hafi verið saklaus, og að öll rekistefnan gegn honum, og þá líka gegn Tervani, hafi verið eintóm vitleysa, þá er hann að vísu varnarmaður skipstjórans, en niðurlægir um leið sína eigin íhaldsstjórn, sem bar ábyrgðina á því, hvernig málið var hafið og hvernig málavextir voru, með því að hafa til löggæslu slíkan bát sem Trausta og svo lítilfjörlega skipshöfn sem þar reyndist að vera.

Allir sæmilegir menn á Íslandi hafa frá því mál þetta varð fyrst kunnugt verið þakklátir landsstj. fyrir að varna því að láta þjóðina, sökum aðgerða fyrverandi landsstj., verða að undri í augum siðaðra þjóða. Mjög margir íhaldsmenn, ekki síst skipstjórar og dómarar, eru í þessum flokki, og eftir því sem best verður vitað, hver einasti íhaldsandstæðingur í landinu. Með Mbl. í þessu máli, sem öðrum, hefir eingöngu verið æstasti, ósvífnasti og ómentaðasti hluti flokksins. Þá eina þarf að sannfæra eða beygja í þessu máli. Á móti þeim einum er vitnisburði Lárusar Jóhannessonar stefnt, því að heilbrigðir þurfa ekki læknis við, og síst þá þvílíks læknis. Hjer er aðeins um samveikislækningu að ræða, þar sem hr. L. J. er látinn lækna sína eigin hjörð, sem málgagn hans hefir gert sjúka.

Jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa upp ýmislegt úr vörn Lárusar Jóhannessonar. Jeg tala hjer aðallega um Júpíter, en því er þegar slegið föstu af Mbl., að það, sem á við um Júpíter, eigi líka við um Tervani. Það, sem Lárus Jóhannesson segir um Júpíter, segir hann því líka um Tervani:

„Þegar þess er gætt, að kærður er kærður af *varðbát* ríkisstjórnarinnar, mætti a priori ætla, að kæran hefði við einhver rök að styðjast. Maður gæti búist við, að sem skipshöfn á slíkan bát væru ekki ráðnir aðrir menn en þeir, sem af öðrum bæru í siglinga-

fræði, varkárni, áreiðanlegleik og sjómensku, og eins gætu menn búist við, að allur útbúnaður varðbátsins væri í hinu besta lagi, svo að hægt væri að mæla upp þá staði, er til greina gætu komið í málinu, með stærstu nákvæmni, og að alt þetta væri jafnframt fært inn í þar til löggilta bók og undirritað samstundis af hinum færustu mönnum".

Þetta eru kröfurnar, sem eigandi Morgunblaðsins gerir til varðbátsins. Og þær eru alveg rjettar. En aðaleigandi Mbl. álítur, að þeirra hafi ekki stranglega verið gætt, og bætir við:

„Ber þá fyrst að athuga, hvort menn þessir — og þá sjerstaklega stýrimaðurinn — sjeu þesshátt ar kostum gæddir, að óhætt sje að reiða sig á vitnisburð þeirra til sakfellingar kærðum í þessu máli, og skal jeg þá fyrst snúa mjer að stýrimanninum.

Vitnaleiðslur þær, sem jeg hefi verið viðstaddur, hafa ótvírætt fært mjer heim sannindi um það, að stýrimanninn Þórarinn Guðmundsson vantar alla þá höfuðkosti, sem sá maður þarf að hafa, sem er stjórnari varðbáts, sem sje: þekkingu og samviskusemi, en hefir aftur á móti þá höfuðókosti, sem gera það að verkum, að hann er óhæfur í slíka stöðu, sem eru: fljótfærni, ónákvæmni og löngun til að trana sjer fram og láta á sjer bera".

Þetta er lýsing aðaleiganda Morgunblaðsins á manninum, sem stýrði varðbátnum. Jeg les ekki upp nema lítið af því, sem vitnið segir, en það er alt í sama dúr. Næst kem jeg að því, þegar lögfræðingurinn þykist vera búinn að sanna, að stýrimaðurinn sýni mikinn óáreiðanleik og fljótfærni:

„Fjölda annara dæma um ónákvæmni, minnisleysi og fljótfærni vitnisins mætti nefna, en jeg læt þetta nægja fyrir undirrjettinum, — vegna þess að dómarinn hefir sjálfur yfirheyrt vitnið og þekkir það — til að slá því föstu, *að hjer er að ræða um mjög óábyggilegt vitni*, sem bæði vantar hæfileika til að skynja rjett (dexteritas) og segja satt (sinceritas)".

Hugsið ykkur þennan dóm, sem lögmaðurinn gefur stýrimanninum: að hann hafi vegna vantandi hæfileika, bæði líkamlegra og siðferðislegra, verið alls ófær til þess að standa í stöðu sinni. En það er ekki alt búið. Svona var formaðurinn á bátnum, og nú er eftir að athuga, hvernig báturinn var. Jeg ætla að bæta því við — lögmaðurinn segir það ekki —, að þetta var gamalt smyglunarskip, sem íhaldsstjórnin hafði leigt. Það stóð víst svo á, að hv. 2. þm. G.-K., sem var stuðningsmaður stj., var í góðu vinfengi við eiganda smyglunarskipsins og hafði fengið fleytuna. Skipið var svo útbúið að dómi hr. L. J.:

„Um útbúnað skipsins get jeg verið fáorður, því hann var þannig, að varla verður orðum að komið. Engin mælitæki voru þar, engin dagbók, engin vjelabók, enginn kíkir, líklega klukka, en þó svo úr garði gerð, að vitnið Þórður vildi ekki ábyrgjast, að hún væri rjett, enda ber henni ekki saman við klukku „Jupiters", enginn pappír, enginn penni, ekkert blek, enginn blýantur. Vitnin þykjast í stað þess hafa notað nagla og hníf til þess að rita nöfn og númer skipanna á gamalt dagblað og stýrishúsið".

Það hefir líklega verið Morgunblaðið, sem þeir hafa skrifað á. Jeg

býst við, að þegar Morgunblaðið sjálft fer að athuga, hvaða vitnisburð aðaleigandi þess gefur bæði bátnum og skipshöfninni, þá geti það ekki annað en dáðst að hinum mælskuþrungna krafti aðaleiganda blaðsins eins og hann kemur fram í lýsingunni á þessari sjólögreglu Íhaldsins.

Þá leiðir lögmaðurinn nokkur sálfræðileg rök að því, að óhugsandi sje, að skipstjórinn á Júpiter sje sekur. Til þess að gera þetta enn skiljanlegra fyrir áheyrendum mínum, er þess að geta, að skipstjórinn er auðugur Íslendingur, sem er búsettur í Englandi og á þar fjölskyldu. Nú segir lögmaðurinn:

„Kærður sjer mótorbátinn þegar hann kemur fyrst fyrir Skagann og þekkir að þetta er varðbáturinn. Varðbáturinn legst svo fyrir akkeri og heldur vörð og er kærður að toga í rúml. 4 tíma áður en hann á að vera kominn í landhelgi rjett fyrir nefinu á varðbátnum um hábjartan daginn.

Það þyrfti meira en bíræfni til að haga sjer þannig. Það þyrfti heimsku eða stórkostlega óvarkárni, og hvorugt það hygg jeg, að hægt sje að bera kærðum á brýn".

Í stuttu máli framgengur af skjölunum, að skipstjórinn, sem er mjög kunnugur hjer við land, hefir verið rjett við nefið á varðbátnum í 4 klukkutíma um hábjartan dag. Er nú sennilegt, að skipstjórinn hafi verið svo djarfur að voga þetta, ef hann vissi sig sekan? Eins og jeg skal koma að síðar, fer hv. 2. þm. G.-K. alt öðruvísi að, þegar hans togarar eru í landhelgi. Hann heimsækir kjósendur sína á nóttunni eins og sannur veiðiþjófur og hefir breitt yfir nafn og númer.

Lögfræðingurinn rökræðir síðan lengra eftir sömu leið. Hann bendir á það, að skipstjórinn fer til Englands og kemur síðan aftur hingað. En nú var auðvelt fyrir hann, ef hann þurfti að óttast sektargreiðslu og jafnvel fangelsishegningu hjer, að vera kyrr í Englandi. Það hefir verið bent á, að maður þessi er auðugur og þarf alls ekki, atvinnunnar vegna, að vera hjer. En hann kemur hingað. Í Hafnarfirði er hann tekinn og nú byrjar málareksturinn. Hann er sýknaður í undirrjetti, en dómfeldur í hæstarjetti. Þegar svo lögfræðingurinn, aðaleigandi Morgunblaðsins, er búinn að færa þung rök fyrir því, að þessi sókn af hálfu rjettvísinnar sje tóm vitleysa, þá segir hann þessi orð:

„Þegar þetta alt hefir verið athugað — og margt fleira mætti tína til, er styrkir framburð kærðs og veikir framburð skipshafnarinnar á Trausta, þótt jeg sjái ekki ástæðu til þess á *þessu stigi málsins*, þar sem dómarinn hefir sjálfur rannsakað málið —, get jeg ekki betur sjeð en að allur grundvöllur fyrir refsidómi á hendur kærðum sje hruninn um sjálfan sig. Ef dæma ætti kærðan í háa sekt og fangelsi á jafnljettvægum rökum og finnast í þessu máli, mætti með sanni segja, að með því væri kveðinn upp dauðadómur yfir öllu rjettaröryggi í landinu".

Og ennfremur:

„Jeg leyfi mjer svo að gera þær rjettarkröfur, að kærður verði algerlega sýknaður af öllum kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu

og að allur kostnaður sakarinnar verði greiddur af almannafje".

Þetta segir aðaleigandi Morgunblaðsins, einn meiri háttar íhaldsmaður. Og hann á hjer aðeins við sína menn, þegar hann segir, að kveðinn sje upp dauðadómur yfir rjettaröryggi í landinu. Þegar þess er gætt, að hr. L. Jóh. vissi, að málinu yrði stefnt til hæstarjettar, og að eins og málið fór þar, að hann kvað upp mjög harðan dóm um æðsta dómstól landsins — þann harðasta dóm, sem nokkur Íslendingur hefir enn kveðið upp yfir þeirri virðulegu stofnun, þá sjest best, hve sannfærður lögmaðurinn er um, að íhaldsmenn hafi hjer á röngu að standa.

Nú vil jeg biðja hv. þingheim að athuga það, að eftir lögunum var hæstirjettur skyldugur — ef hann vissi skipstjórann sekan — til að dæma hann bæði í sekt og fangelsi. En hvað gerir hæstirjettur? Hann dæmir manninn bara í sekt, en ekki í fangelsi. Það þýðir það, að hæstirjettur er í vafa. Hann framfylgir ekki bókstaf laganna, og ekkert getur afsakað það, nema að dómurinn hafi verið í svo miklum vafa, að hann neyðist til að gera einskonar málamiðlun. Þannig lauk máli Júpíters.

Nú ætla jeg að minnast á annað mál, til skýringar því, hvað reyndur dómari í landinu, og það einn af leiðtogum Íhaldsins, brýtur mjög í bág við þann stranga móral, sem einn eða tveir íhaldsmenn hafa verið að prjedika hjer í kvöld. Það kom fyrir síðastliðið vor, að togarinn „Regulus" var að veiðum nálægt Eldey. Óðinn var þar nærstaddur og tók margar nákvæmar mælingar af afstöðu skipsins, sem þóttu sýna það, að skipið væri að veiðum í landhelgi. Óðinn elti skipið og það lagði á flótta. Óðinn hleypir af 10 fallbyssuskotum og skipið stansar við síðasta skotið. Það er síðan farið með það til Reykjavíkur og dómur fellur í undirrjetti. Dómarinn var einn af þm. Íhaldsflokksins, hv. þm. Seyðf. Hann sýknar „Regulus". Var þó margt, sem benti til, að hann væri sekur, meðal annars það, að vjelbátar, sem voru að veiðum miklu lengra frá Óðni en „Regulus", heyrðu skotin, þó að „Regulus"-menn bæru, að þeir hefðu ekki heyrt nema það síðasta. Vírar og vörpur bentu til, að kæran væri rjett. Samt sem áður kemst dómarinn að þeirri niðurstöðu, að skipið skuli sleppa. Nú gat landsstj. áfrýjað dóminum til hæstarjettar í von um, að hann yrði strangari gagnvart „Regulus", eins og verið hafði gagnvart Júpíter. En það var með ráðnum hug, að hún gerði það ekki, því að hún var sammála hjeraðsdómara um það, að þó að líkur væru sterkar fyrir sekt skipsins, væri betra, að sökudólgur slyppi en að saklausum væri refsað.

Jeg vil biðja áheyrendur mína að athuga, hversu miklu sterkari sannanir komu fram í „Regulus"-málinu en í Júpíters- og Tervani-málinu. Enginn íhaldsmaður hefir þó áfelst hjeraðsdómarann í Reykjavík fyrir að sýkna Regulus og missa af 15 þús. kr. Í öðru tilfelli er Óðinn aðili, nákvæmar mælingar eru fyrir hendi, gerðar með góðum tækjum af mönnum, sem vit hafa á. Í hinu tilfellinu ómerkilegur bátur, alveg óviðunandi útbúnaður og menn, sem staðnir eru að óáreiðanleik og þekkingarleysi. Samt er Regulus sýknaður, af því að sann-

anir eru ekki nógu sterkar, alveg eins og undirrjettur í Hafnarfirði sýknaði Júpiter.

Eitt atriði skal lauslega nefnt í þessu efni, sem ekki kemur til greina í skýrslu hr. L. J. Skipshöfnin á Trausta var svo sljó, að hún kærði ekki fyr en mörgum vikum síðar. Af tilviljun kom Óðinn þá suður í Garðsjó og hittir stýrimann af Trausta. Þá segja þeir, að þeir haldi, að fyrir svo sem mánuði hafi tvö skip verið í landhelgi. Upp úr því sýndi svo skipshöfnin þá rögg af sjer að kæra. Þangað til var alt lagt á minnið.

Því hefir verið haldið fram, m. a. af hv. 2. þm. G.-K., að mikið hugleysi hafi komið fram hjá mjer, þegar jeg ljet ekki Tervani-málið halda áfram. Það er stundum svo, að það þarf meiri hug til þess að gera rjett, ef við skálka er að eiga, en að gera rangt, ef litlar líkur eru til eftirmála. Það er enginn vafi á því, að til dæmis maður eins og hv. 2. þm. G.-K. hefði af gáfnaskorti, mentunarleysi og þekkingarleysi á almennum mannasiðum, bæði af stráksskap og eins af því, að honum stæði alveg á sama, hvaða afleiðingar það hefði fyrir landið, haldið málinu til streitu. Því hefir verið haldið fram, að það hafi verið sjerstaklega mikil móðgun við hæstarjett að láta málið niður falla, og orðið til þess að koma óorði á hann erlendis. Það er frámunaleg tvöfeldni hjá Íhaldsflokknum, þegar einn af hinum svokölluðu leið togum flokksins hefir lýst því yfir, að sektardómur hæstarjettar yfir Júpíter væri jafnframt dauðadómur yfir rjettarörygginu í landinu!

Ef lögmaðurinn segir satt í málsskjölunum, skrökvar hann í blaðinu og ef hann segir satt í blaðinu, skrökvar hann í málsskjölunum. (ÓTh: Fær Júpíter sektina endurgreidda?). Jeg skal bráðum tala um Egil Skallagrímsson og sekt hans.

Þegar kemur fram svona mikið ósamræmi og tvöfeldni hjá málpípum Íhaldsins, verður mönnum ljóst, að þetta er bara leikur hjá Íhaldsflokknum. Það hefir verið sagt af einum helsta lögfræðingi þessa lands, sem þá var starfsmaður hæstarjettar, og lætur sjer áreiðanlega eins ant um heill hans og þeir sorpskrifarar og sorpræðumenn, sem hafa ráðist á mig í þessu máli, að á bak við hvern dóm í hverju landi verði að standa vitund þeirra, sem við dóminn eiga að búa, um að hann sje rjettur. Nú er það mála sannast, að ekki er eins mikil samkend með skipstjóranum á Júpíter, þó að hann kunni að hafa verið utan við landhelgislínuna í þetta sinn, af því að það er öllum kunnugt, að hann hefir áður verið ógætinn í mesta lagi í landhelgismálum. Alt öðru máli er að gegna um þann almannadóm, sem átti að styðja Tervani-dóminn út á við. Sjerhver dómur, sem hjer gengur út af landhelgisbrotum erlendra togara, er þýddur á tungu hlutaðeigandi þjóðar og sendur flotamálaráðuneytinu. Einkum fylgjast Englendingar og Þjóðverjar vel með því, sem gerist hjer í þessu efni. Á tímum íhaldsstjórnarinnar bárust hingað þráfaldlega kærur frá Þjóðverjum út af meðferð þessara mála, af því að þýska þjóðin þóttist órjetti beitt. Dómarnir og málsskjölin hafa verið lögð undir gagnrýni margra erlendra sjerfræðinga. Í stjórnarráðinu má finna skjöl, sem bygð eru á þessari gagnrýni, og í

þeim felast svo harðir áfellisdómar, að þeir eru hættulegir frelsi og sjálfstæði landsins, ef sannir eru. Þessar háværu aðfinslur eru ekki sprotnar af því, að afskifti mín af Tervani-málinu hafi veikt rjettargrundvöllinn út á við, eins og íhaldsblöðin hafa haldið fram. Engin kæra í slíka átt hefir komið síðan í fyrrasumar. Þær eru allar frá tíð Íhaldsins.

Við skulum athuga, hvaða hugmynd erlendar þjóðir fengju um íslenskt rjettarfar, ef þær kyntust Tervani-málinu. Þá kæmi fram, auk annara gagna, lýsing sú, sem einn af svokölluðum heldri lögmönnum Reykjavíkur hefir gefið á útbúnaði varðbátsins Trausta og fortíð hans. Frásagnirnar um þennan hneykslanlega útbúnað hefðu bergmálað í blöðum útgerðarmanna í Englandi og Þýskalandi. Við verðum að aðgæta það, að stórþjóðirnar vita ekki mikið um okkur, vegna þess hve við erum fáir og afskektir. Þegar gagnrýni á þessu máli hefði verið komin í aðalblöðin, þá hefði ekki verið gerður munur á Jóni og sjera Jóni, — ekki verið gert upp á milli vjelbátsins Trausta og varðskipanna Óðins og Þórs. Þetta hefði orðið til þess, að röng skoðun hefði myndast um strandgæslu vora yfirleitt, því að allir vita hjer, hvílíkur munur er á útbúnaði þeirra skipa og hinum herfilega útbúnaði á Trausta. En Óðinn og Þór hefðu legið undir öllu hinu sama ámæli og Trausti, fortíðinni, blekleysinu, penna- og pappírsleysinu, mannskapsleysinu, mentunarleysinu og missögnum í vitnaleiðslum. Svona þjóð hefði ekki verið talin á marga fiska. Það eru miljónir manna í breska heimsveldinu, sem hefðu átt að trúa á rjettlæti Tervani-dómsins. Og hugmyndirnar, sem þær miljónir hefðu fengið af málinu um íslenska landhelgisgæslu og rjettarfar, hefðu áreiðanlega orðið þjóðinni til minkunar og miska. Það getur verið, að bæði skipin hafi verið sek, en „sannanirnar" fyrir þeirri sekt eru til háborinnar skammar íslenskri sjólögreglu. Það er einkenni heimskra manna að halda jafnósleitilega fram vondum málum sem góðum. En enginn hygginn maður lætur sig slíkt henda. Hann geymir rjett sinn óskertan uns góðu málin koma. Hitt gera óvitrir menn og misjafnlega innrættir. Því hefir verið haldið fram af þesskonar fólki, að það hafi verið mjög misráðið að halda ekki þessu máli til streitu. Og á fundi í haust sagði hv. 2. þm. G.-K., að einn háttsettur maður í Englandi, utanríkisráðherrann Chamberlain, sem áður hefði verið hinn tryggasti málsvari okkar, hefði fengið djúpa fyrirlitningu á okkur út af afskiftum mínum af Tervani-málinu. En í kvöld talar þessi hv. þm. í öðrum tón og segir, að vel geti verið, að enska stjórnin þakki slík afskifti. Það vill nú einmitt svo til, að þótt hv. þm. haldi, að Chamberlain utanríkismálaráðherra hafi umhverfst í okkar garð, að stj. fjekk í sumar brjef frá ræðismanninum breska hjer í Reykjavík, þar sem breska stjórnin þakkar afskiftin af Tervani-málinu. Brjefið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjermeð leyfi jeg mjer að tjá yður, hæstv. herra dómsmálaráðherra, að breski utanríkisráðherrann, Sir Austen Chamberlain, hefir falið mjer að votta íslensku stjórninni viðurkenningu og þakklæti hans og annara

breskra stjórnarvalda, sem hlut eiga að máli, fyrir að hafa látið niður falla málssókn út af kærunni gegn skipstjóranum á breska togaranum „Tervani“.“

Þetta brjef er töluvert áfall fyrir ríógtungur þær, sem flaggað hafa með nafni Chamberlains í sumar og sagt að hann hefði skömm á okkur. Brjefið sýnir hið gagnstæða. Íslenskt rjettarfar hefir aðeins tvisvar fengið slíka viðurkenningu frá Bretum. Í fyrra skiftið er Íhaldið hafði gert sig sekt um þá eindæma óhæfu að ætla að pína bjarglaun út úr erlendri þjóð að óumsömdu máli, vegna skips, sem samkv. alþjóðalögum hefir ekki fremur rjett til að taka slík laun en lögregla má taka fje fyrir að vísa viltum manni á rjetta leið. En þegar þessari upphæð hafði verið skilað aftur til ekkna og munaðarleysingja í Hull og Grimsby bárust íslenskum stjórnarvöldum ótal þakklætisviðurkenningar í enskum blöðum. Jeg býst ekki við, að hv. 2. þm. G.-K. viti, hvað hann er að segja, þótt hann tali digurt og sje að bjóða, að því er virðist, að deyja píslarvættisdauða eins og Jón Arason. Jeg býst við, að mesti kúfurinn fari af honum, þegar hann er að tala við stjettarbræður sína í Hull og Grimsby, því að íslenskum útgerðarmönnum er það ljóst, að þeir verða, sjálfra sín vegna, að kynna íslensku þjóðina öðruvísi en sem skrælingja þar ytra. Breska ljónið hefir haldið götu sína hingað til, þó að Kveldúlfs-músin hafi skriðið út úr holu sinni og látið mikið yfir sjer. Ef breska þjóðin þættist hafa ástæðu til að halda, að brotin væru á sjer alþjóðalög, og að sjólögregla Íslands væri eins og aðaleigandi Mbl. lýsir Trausta, þá gæti verið, að færi að versna afkoma Kveldúlfstogaranna og annara, sem þurfa að selja fisk sinn í Englandi, þegar litið er á fjárhagslegu hliðina eina, vegna þeirra viðskifta, sem við eigum við Breta með fisk, kol o. fl., auk þess skjóls, sem sjálfstæði vort nýtur undir verndarvæng flota þeirra. Er því ljóst, hvílíkt glapræði það er að koma fram í þeirra garð eins og siðleysingjar. Og vei þeirri þjóð, sem kemur fram gagnvart heimsveldinu breska eins og Íhaldsflokkurinn kemur fram hjer innanlands. Ef lesin er saga Indlands, má sjá, að þar hafa ýmsir skrælingjar og „fígúrur“ hagað sjer í garð Breta eins og hv. 2. þm. G.-K. og hafa um leið reynst þjóð sinni hinir mestu skaðræðismenn, því að Bretar hafa látið sjer þann kost nauðugan að hegna slíkum afglöpum, og hafa þá stundum fleiri fylgt með en vera átti. (**JJós**: Já, Gandhi er kominn í fangelsi). Jeg held, að Bretar færu aldrei að setja hv. þm. Vestm. í fangelsi; hann er alt of lítilmótlegur til þess, bæði í vörn og sókn.

Jeg hefi nú leitt rök að því, hvernig þessu máli var bjargað úr óvitahöndum íhaldsmenskunnar, sem bar ábyrgð á Trausta. Fyrv. stj. bar ábyrgð á hinum hneykslanlega útbúnaði, og vegna þeirrar ómenningar gat komið upp deila erlendis um það, hvort mark væri takandi á strandgæslu vorri. Íhaldsblöðin hafa haldið því fram til að sverta núverandi stj., að aðstaða vor í strandvörnum hafi versnað vegna Tervani. Hún er þvert á móti miklu styrkari en nokkru sinni fyr. Og þótt jeg sje yfirleitt ekki á sama máli um marga hluti og hv. þm. Seyðf. (Jóh-

Jóh), þá álít jeg, að dómur hans í „Regulus"-málinu hafi borið vott um þá ábyrgðartilfinningu, sem ekki finst hjá blaðasnápum og máltúðum Íhaldsins.

Út af þeirri fyrirspurn, sem fram hefir komið um það, hvort „Tervani"-málinu hafi verið vísað til utanríkismálanefndarinnar, get jeg svarað því, að það þurfti ekki frekar að koma fyrir þá nefnd en t. d. „Regulus"-málið. Þetta er íslenskt lögreglumál, sem engin ástæða var til að bera undir nefndina, og það því síður, sem sumir menn í henni eru fullir af þeirri framhleypni og vanþekkingu, sem hlýtur að verða hverju máli til spillis.

Skal jeg nú leiða nokkur rök að því, hversu brennandi áhuga hv. 2. þm. G.-K. muni hafa á landhelgisvörnun um, og þau rök eiga líka við þá, sem siglt hafa í kjölfar hans af íhaldsmönnum. Ef hjal hans um þetta mál sprytti af því að hann vildi, að enginn togari innlendur eða útlendur kæmi nokkru sinni í landhelgi til veiða, myndi hann auðvitað vera hinn harðsnúnasti fylgismaður allra ráðstafana, er miða í þá átt að bægja veiðiþjófum úr landhelginni, því að allir þessir dómar og málaferli miða auðvitað eingöngu að því, að friða landhelgina. Og auðvitað hlýtur bölið af landhelgisbrotunum að vera jafnmikið, hvort sem innlendur eða erlendur togari fremur þau. Er nú rjett að athuga framkomu þessa hv. þm. í landhelgismálum nokkru nánar. Það er sannað með vitnisburði margra skilríkra manna, og þar á meðal íhaldsmanna, sem sumir eiga sæti hjer á þingi, að loftskeytatæki togaranna hafa verið notuð til að ljetta undir með togurunum um þjófnað úr landhelginni. Þegar nú kom fram frv. á þingi í fyrra til að hindra þessa óhæfu, skyldi maður ætla, að hv. 2. þm. G.-K. hefði gripið við því fegins hendi og tjáð þessu góða máli fylgi sitt. En í stað þess rís hann gegn frv. með reiði og fúkyrðum. Það getur ekki stafað af öðru en að hann hefir verið hræddur um, að ef frv. næði fram að ganga, yrði erfiðara fyrir hans togara og annara að leika þennan svívirðilega leik, að stela úr landhelginni. Og það var ekki nóg með að hann gerði alt til að tefja málið og eyðileggja, heldur kvað sami sónninn við í öllum blöðum Íhaldsflokksins.

Annað atriði sýnir þó enn betur afstöðu hv. 2. þm. G.-K. til þessa máls. Fyrir nokkrum árum var Kveldúlfstogarinn „Egill Skallagrímsson" tekinn fyrir óleyfilegar veiðar í Garðsjó. Vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa dálítið upp úr málsskjölunum:

„Var einnig vandlega breitt yfir nafn og númer á honum, en reykháfurinn var grár með bekkjum ofarlega, þannig: blár, hvítur, rauður, hvítur, blár. Ofan á eldhúsinu hafði þetta skip ennfremur lítið hús. Þóttust skipverjar þekkja bæði af skorsteinslitnum og húsinu, að þetta skip væri botnvörpungurinn „Egill Skallagrímsson".

Ennfremur kemur fram við rannsóknina, að ef hæstarjettardómurinn er rjettur, lítur út fyrir, að dagbók skipsins hafi verið fölsuð.

Um þetta segir svo í forsendum dómsins:

„... og sjest ekki af dagbók skipsins „Egill Skallagrímsson" annað en það, að skipið hefir fiskað til og frá í ‚Faxabugt' dagana 22. sept. til 2. okt."

Dagbókin er sem sagt þannig færð, að hún er fölsuð. Þessi togari var sýknaður í undirrjetti af hv. þm. Seyðf. En þá gerðust þau tíðindi, að hv. 2. þm. G.-K. kom akandi í bifreið sinni upp að dyrum stjórnarráðsins á hverjum degi, vakti megna óbeit starfsfólksins þar, meðan hann lá á lúasargi við þáv. dómsmrh., Jón Magnússon, til þess að fá hann til að áfrýja ekki dómnum. (**ÓTh**: Þetta eru bláber ósannindi). Jeg skal segja hv. þm. þegar við erum tveir einir, hver heimildin er, og jeg veit, að hún er góð. Eftir að dómur var fallinn, komumst við í blaðadeilur út af þessu máli, og í greinum sínum um þetta mál rjetti hv. þm. vænar sneiðar að Jóni Magnússyni fyrir dugnað hans í þessu máli! Þar komu heilindin fram.

Enn er eftir ein sönnun, sem jeg býst við, að hv. þm. veitist erfitt að ganga framhjá. Jón heitinn Magnússon er ekki hjer til þess að bera vitni um tilraunir hv. þm. til að fá hann til að áfrýja ekki dómnum, og hefði sennilega ekki viljað gera það, sökum friðar á Mbl.-heimilinu. En nú kem jeg að þessari sönnun. Það má vera, að fyrir geti komið, að skipstjóri veiði í landhelgi í trássi við útgerðarstjóra, en ef svo er, rekur útgerðarstjóri skipstjórann vitanlega í land á eftir, eins og útgerðarmenn gera við skipstjóra sína og háseta, er heilsan fer að bila. Jeg leyfði mjer að hreyfa því í blaðadeilum mínum við hv. þm., að hann hlyti að reka þennan brotlega skipstjóra, ef hann væri ekki samsekur. En hvað gerði hv. 2. þm. G.-K. til þess? Hann segir, að sjer komi ekki til hugar að reka skipstjórann, af því að hann sje svo duglegur fiskimaður! Útgerðin borgaði sektina, og bæði með því að láta skipstjórann vera áfram játaði hv. þm. ábyrgð sína á brotinu og tók hana líka á sig. Þetta sýnir, hvílík dæmalaus hræsni er í skrafi hv. þm. um landhelgisumhyggju hans.

Aðstaða hv. 2. þm. G.-K. er því sú, að hann hefir reynt að espa grunnhygnustu samherja sína til að áfella þá einu lausn á Tervani-málinu, sem var samboðin þjóð, sem ann meira heiðri sínum og mannorði heldur en fjemútu. Þingmaðurinn vill láta líta svo út, sem honum gangi til þessa máls áhugi fyrir að halda togurum úr íslenskri landhelgi. En jeg hefi nú sannað, að þessi yfirborðsáhugi þm. snýst fyrst um rangt og jafnvel svívirðilegt mál fyrir íslenska sjólögreglu. En þar að auki hefi jeg sannað, að sá af flokksbræðrum hv. þm., sem mest ráð hefir á því blaði, sem mestum æsingum hefir komið af stað í þessu máli, hefir áður en þessi málarekstur hófst, algerlega rekið hv. 2. þm. G.-K. og hans fylgjendur á flótta á þeirra eigin vígvelli. Enn betur sjást hin sviksamlegu óheilindi þessa hv. þm. á því, að hann skuli leynt og ljóst hafa beitt sjer fyrir, að íslenski togaraflotinn gæti áframhaldandi notað loftskeyti til að forðast varðskipin meðan farið er ránshöndum um landhelgina. Og svo sem til að kóróna alt lætur hv. þm. svo um mælt, þegar veiðiskip hans er tekið í þjófsaðstöðu í landhelginni, að hann vilji ekki reka skipstjórann, af því hann sje svo veiðinn. Ágúst Flygenring orðaði sömu hugsunina á Alþingi fyrir nokkrum árum, er hann sagði, að skipstjórar

ættu á hættu að vera reknir umsvifalaust, er þeir ekki fiskuðu, og væru þannig sama sem reknir inn í landhelgina af húsbændum sínum.

Hv. 2. þm. G.-K. hefir þess vegna sameinað með frammistöðu sinni í þessu máli meira af lágum og lítilfjörlegum eiginleikum heldur en venjulegt er að finna utan við sjálfa sorphauga mannfjelagsins.

Þá endurtók hv. þm. ýmsar vitleysur úr þingmálafundaræðum sínum, og kendi mjer um það, að sendiherraembættið í Kaupmannahöfn hefir ekki verið afnumið. Jeg vil benda hv. þm. á, að jafnvel þó að allur Framsóknarflokkurinn hefði verið með því að leggja niður þetta embætti, þá hefði það ekki nægt, því að flokkurinn hefir ekki meiri hl. í þinginu. Hv. þm. sagði, að jeg hefði gefið sendiherranum góðar gjafir. Með því getur hann ekki átt við annað en það, að jeg keypti í fyrrasumar í Kaupmannahöfn málverk eftir Ásgrím Jónsson, sem þar var til sölu við mjög vægu verði, og lagði svo fyrir, að það yrði geymt hjá sendiherra, þangað til yfirstjórn málverkasafnsins ráðstafaði því á einhvern annan hátt. Jafnframt get jeg frætt hv. þm. um það, að í bústað og skrifstofu sendiherra eru mörg málverk, sem íhaldsstjórnin sendi þangað á sínum tíma. Ef hv. þm. vill halda því fram, að jeg hafi látið ríkið gefa sendiherra gjafir, verður hann að viðurkenna, að íhaldsstjórnin hafi sýnt miklu meiri gjafmildi en jeg gagnvart þeim virðulega embættismanni.

Umhyggja hv. þm. fyrir hinum „fátæku og veiku“ í landinu er líka talsvert undarlegt fyrirbrigði. Hann áfellir stj. fyrir það, að hún hefir gert tilraun til að draga úr hinni óhóflegu fjáreyðslu ríkisins vegna berklavarnanna, fjáreyðslu, sem m. a. hefir stafað af því, hve mikið hefir verið greitt til „praktiserandi“ lækna í Reykjavík. Hann átaldi það harðlega, að stj. skyldi hafa gert samninga við tvo frægustu lækna landsins um að vinna fyrir ríkið fyrir ákveðna borgun. Ef sú skoðun er rjett, að stj. megi ekki ráða hina hæfustu lækna til að stunda þá sjúklinga, sem það elur önn fyrir, þá fer að verða lítið úr rjetti einstakra manna til að ráða sjer heimilislækni. Grunur minn er sá, að það sje ekki umhyggjan fyrir þeim „fátæku og veiku“, sem knúð hefir hv. þm. til andmæla, heldur atvinnuumhyggjan fyrir sjálfum læknunum. Hv. þm. stendur ef til vill í þakklætisskuld við einhverja af þeim fyrir heilsusamlega inngjöf í neyð. (**ÓTh**: Á ráðh. við hundaskamt?). Jeg nefndi ekkert sjerstakt meðal. En það er mikið snjallræði hjá þessum hv. þm. að tala einmitt um þau lyf, sem honum er mest þörf á.

Þá kem jeg að máli, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, en hefði helst átt að hlífa sjer við að minnast á, því að það verður honum til því meiri skapraunar, sem oftar er um það talað. Það eru ummæli hans um sambúðina milli mín og skipstjóranna á varðskipunum. Þessi ummæli fjellu á fundi á Akranesi síðastliðið haust; þar var rætt um varðskipalögin frá síðasta þingi og hv. þm. hjelt því fram, að sambúð mín og skipstjóranna væri slæm. Jeg mótmælti þessu oog skaut inn í ræðu hv. þm. þeim orðum, að sambúðin milli mín og skipstjóranna væri góð. Því neitaði hv. þm. strax,

og bætti við til árjettingar, að þeir vildu drepa mig, eða vildu mig feigan. Hv. þm. getur reynt að hreinsa sig af þessum ummælum með vottorðum, ef hann vill. En ekkert sýnir betur en þetta atvik, hversu órjettmætt það er að segja, að stj. taki hörðum höndum á andstæðingum sínum. Í hverju öðru landi hefði skipstjórunum verið gert að skyldu að hreinsa sig af slíkum áburði, ef hann hefði verið borinn fram af sómasamlegum manni. Þeim hefði verið skipað að fara í mál við hv. þm. og láta hann taka aftur orð sín, eða sanna þau að öðrum kosti. En bæði var mjer kunn ósannsögli og mannleysueðli hv. þm., og í öðru lagi kýs jeg heldur að vinna mál fyrir dómstóli almannavitundar í landinu en dómstóli laganna.

Seinna reyndi hv. þm. að klóra yfir þessi fólslegu ummæli sín. Í blaði hjer í Reykjavík hjelt hann því fram, að hann hefði aðeins sagt, að skipstjórarnir vildu drepa mig „pólitískt". En sú skýring varð ekki skilin öðruvísi en svo, að skipstjórarnir væru með pólitískan undirróður gegn stj., en það væri vitanlega alveg óviðeigandi af mönnum í þeirra stöðu. Afskiftaleysi stj. af glapmælgi hv. þm. sýnir tvent í einu: Mildi gagnvart skipstjórunum og álit hennar á vesalmenni því, sem ófrægðina bar á þá.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Borgf. (PO). Í fari þessa hv. þm. eru einkennilegar andstæður, sem minna dálítið á andstæðurnar innan þess hóps kjósenda í Borgarfjarðarsýslu, sem sendir hann á þing. Þessir menn búa bæði til sjávar og sveita. Atvinnuhættir þeirra eru ólíkir. Hagsmunir þeirra rekast víða á. En yfirgangsstefnan á Akranesi og afturhaldssemi nokkurra bænda uppi í hjeraði hafa bygt þá brú milli þessara manna, sem leið hv. þm. hefir legið eftir inn í þingsalinn.

Hvar sem hv. þm. kemur við sögu, gægjast fram hinar furðulegu mótsetningar í fari hans, orðum og athöfnum. Sjálfur er hv. þm. og vill vera bóndamaður, vinnusamur, sparsamur og óbrotinn í framgöngu. Ef hv. þm. hefði skilið sjálfan sig, myndi hann hafa skipað sjer í flokk með bændum, en móti óhófsstjettum landsins. En hlutskifti hans hefir orðið að vinna í bandalagi við óhófssömustu eyðslumennina, togaraeigendur, kaupmenn, húsabraskara og aðra þvílíka. Í afstöðu sinni til hinnar pólitísku flokkaskiftingar í landinu gengur þessi hv. þm. blindandi gegn sinni eigin lífsskoðun.

Önnur mótsögn kemur fram í viðhorfi hv. þm. til áfengismálanna. Sjálfur er hann eindreginn bindindismaður. Hann hefir rótgróna óbeit á áfengisnautn. Auðvitað ætti hann að standa með þeim mönnum, sem berjast gegn áfengisbölinu í landinu. En hvað gerir hv. þm.? Hann gerist samherji drykkjustjettarinnar í landinu. Sje athugað, hverjir hafa frekast fram gengið í liði andbanninga, sjest, að þeir eru svo að segja allir í Íhaldsflokknum. Og blöð íhaldsmanna standa jafnan á öndverðum meiði við bannið og bindindisstarfsemina í landinu. Síðast er þess að minnast, að nálega öll blöð Íhaldsins hafa uppnefnt löggæslumenn landsins og óvirt þá eftir megni, aðeins í hefndarskyni fyrir það, að

opinber ofdrykkja á nú erfiðara uppdráttar en áður.

Hv. þm. er í sínu einkalífi sparsamur í orðsins þrengsta skilningi. En hann er pólitískur bandamaður þeirra, sem stórfeldast gáleysi hafa sýnt í meðferð á fje ríkisins. Hann sjer eftir hverjum eyri til menningar í landinu. En hann lagði glaður blessun sína yfir fjáraukalögin miklu og alt það hóflausa bruðl, sem þá átti sjer stað, enska lánið, kaup Eggerts Claessens, töp hv. þm. N.-Ísf. á útibúi Landsbankans á Ísafirði, þegar miljón var afskrifuð á einu ári. Músarholusýnin gildir um alt hið litla, en gáleysið og óstjórnin um alla stóreyðslu hjá samherjum hans í bæjunum.

Þessi tvískiftingur í fari hv. þm. veldur því, hve hæfileikar hans, sem vel gætu minni verið, verða að litlum notum. Eitt glegsta dæmið er framkoma hans í landhelgismálum. Hv. þm. hefir ávalt látið sem honum væri mjög umhugað að auka landhelgisgæsluna. En á þingi í fyrra, þegar koma átti í veg fyrir hinar hneykslanlegu skeytasendingar til togaranna, skipaði hv. þm. sjer í lið með þeim mönnum, sem litla vinsemd sýndu frv. Í sambandi við það mál fór aðeins fram lítill þáttur úr pólitískri raunasögu hv. þm. En hv. þm. er aldrei sjálfum sjer samkvæmur. Honum er líkt farið og íhaldsklerkinum, sem sagt er frá í Alþingisrímunum. Hann gekk fram í tvennu og barðist á móti sjálfum sjer. Þessi tvíklofningur í persónu hv. þm. Borgf. gerir hann að ósannsöglasta manninum í sínum flokki, og er þá mikið sagt. Alt stjórnmálalíf hans er eitt öfugmæli. Þegar persónuskoðun hans bendir á, að hann muni styðja hófsemi og áfengisaðhald í landinu, þá lendir þunginn af aðgerðum hans í vogarskál með ofdrykkju og slarki. Sparnaður hans í einkalífi og ræðum verður hlægileg fjarstæða, þegar hann styður til valda í þjóðfjelaginu verstu eyðsluklær og óhófsseggi. Yfirlýst óbeit hans á tildri verður að hræsnisfullum ósannindum, þegar sami maður notar þingvald sitt til að koma til valda og í húsbóndaaðstöðu yfir sjer allra grunnfærustu tildur-skjátum samtíðarinnar. Hv. þm. mun vera áreiðanlegur til orða og æðis heima á Akranesi, en sú hlið á eðli hans er jafnfjarri þeirri landspólitík, sem rekin er af Mbl.-liðinu með viljalausum stuðningi hans, eins og norðurskautið frá pólstjörnunni.

Skal jeg svo snúa mjer að einstökum atriðum í átölum hv. þm. í garð stj.

Fyrir nokkrum dögum kom til mín einn af starfsmönnum stjórnarráðsins og spurði mig, hvort rjett væri að leyfa þessum hv. þm. aðgang að ýmsum plöggum í stjórnarráðinu, sem enn eru ekki komin til reikningshaldara. Jeg sagði strax, að það væri sjálfsagt. Mjer kom þá ekki til hugar, að hann mundi nota aðstöðu sína til þess að gefa rangar og villandi upplýsingar og nota þetta til blekkinga um almenn mál. Það er bert, að hv. þm. fer rangt með sumt af því, sem í reikningunum stendur. Stafar það að líkindum fremur af ókunnugleika og misskilningi en vísvitandi viðleitni til rangfærslu.

Hv. þm. þótti stj. hafa gert sig seka um óhóflega eyðslu, einkum í sambandi við skólamál. En aðstaða hans var önnur, þegar samherjar hans, sæll-

ar minningar, gerðu samning til 10 ára við Eggert Claessen um að greiða honum 40 þús. kr. á ári, eða 400 þúsund krónur alls fyrir 10 ára starf hans í Íslandsbanka. Um það heyrðist aldrei orð frá hv. þm. En taki stj. nú hundraðasta hluta þeirrar upphæðar, eða 4 þús. kr., og skifti henni í 10 hluti, 400 kr. hvern, milli efnilegra námsmanna, þá rís hvert hár á höfði hv. þm. Borgf. En þetta kemur af því, að aldrei er samræmi í orðum hans og gerðum.

Jeg ætla ekki að þreyta hv. þdm. með því að minnast á alla þá smámuni, sem hv. þm. tíndi til. Hann var óánægður yfir því, að fræðslumálastjórinn hefði fengið 1000 krónur til þess að vinna að undirbúningi nýrrar skólalöggjafar. Jeg er ekki alveg viss um, að fræðslumálastjórinn hafi eytt þessari upphæð, en þó að meira hefði verið, þá hefði því verið vel varið. Og jeg ætla að gleðja hv. þm. með því, að Sigurður Guðmundsson skólameistari hefir einnig unnið að þessum undirbúningi og eytt til þess af ríkisfje 2000—2500 kr. Jeg get fullvissað hv. þm. um, að stj. nagar sig ekkert í handarbökin fyrir það, þó að hún hafi varið fje til þess, að dugandi menn gætu unnið að rannsókn stærstu vandamála þjóðarinnar.

Vegna þeirra hv. þm., sem vit hafa á mentamálum, en það efast jeg um, að hv. þm. Borgf. hafi, vil jeg vekja athygli á því, að mentaskólarnir báðir kosta ríkið yfir 200 þús. kr. árlega, þar af kostar skólinn í Reykjavík ríkið um 150 þús. kr. árlega. Allir heilvita menn sjá, hver geysiupphæð þetta er. Hjer við mentaskólann hefir verið bætt hverjum kennaranum á fætur öðrum, með föstum launum, dýrtíðaruppbót og jafnvel aldursuppbót án þess að minst hafi verið á það við þingið. Það var gert í tíð íhaldsstj. Hv. þm. Borgf. fann aldrei að því. Ef til vill hefir hann ekki tekið eftir því. En þegar varið er 4—5 þús. kr. til þess að láta hina hæfustu skólamenn rannsaka bestu erlendu fyrirmyndir, til þess að geta lagað skólafyrirkomulagið hjer eftir þeim, þá rís hv. þm. Borgf. upp til mótmæla. Sjer hv. þm. ekki, hvað það er afkáralegt að gera veður út af því, þó að varið sje 4—5 þús. kr. einu sinni á mannsaldri til umbóta á þeim stofnunum, sem kosta 200 þús. kr. árlega? Það hlýtur hver sá maður að skilja, sem ekki hugsar um öll mál út frá einhverju músarholusjónarmiði.

Jeg get líka frætt hv. þm. um það, að í frv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir að færa kostnaðinn við mentaskólann hjer úr 150 þús. kr. niður fyrir 100 þús. kr., og að skólinn verði þó öllu betri en áður. Þetta finst hv. þm. víst einskis virði. Og það er af þeirri einföldu ástæðu, að hann ber ekkert skyn á málið, af því það er honum of stórt. Snjáldurmúsin er kvikust í holu sinni.

Á sama hátt telur hv. þm. eftir þær 2500 kr., sem Hermann Jónasson hefir fengið til að undirbúa umbætur á lögreglumálum höfuðstaðarins. Þeim, sem vita, hvert ógrynni fjár lögreglan í Reykjavík kostar, myndi ekki blöskra þó að þessari upphæð hefði verið eytt fyr og fyrveranda lögreglustjóra gefinn kostur á að kynna sjer skipulag þessara mála erlendis. Á stórum fjárhæðum eru ekki lengi að sparast 2500 kr. með bættu fyrirkomulagi. En hv. þm. Borgf. þykir ef til vill engin þörf

á að fylgjast með framförum annara landa. Hjer er um það deilt, eins og í Tervani-málinu, hvort Íslendingar eigi að vera naglaþjóð eða menningarþjóð.

Þá átaldi hv. þm. stj. fyrir að hafa greitt prentara, búsettum í Khöfn, dálitla upphæð fyrir að rannsaka ýmislegt viðvíkjandi prentsmiðjum. Ríkið greiðir nú árlega yfir 200 þús. kr. fyrir prentun. Þingið í fyrra mælti svo fyrir, að rannsaka skyldi möguleika til að setja á stofn ríkisprentsmiðju. Stj. bar því skylda til að láta þessa rannsókn fram fara. Hver meðalgreindur maður getur skorið úr því, hvort ekki megi verja 1400 kr. til undirbúnings fyrirtæki, sem árlega veltir 200—300 þús. kr. Sem dæmi um hagnað prentsmiðjanna skal jeg nefna það, að illa stæð prentsmiðja hjer í bænum, sem hv. 2. þm. G.-K. á mikinn hlut í, hefir stórgrætt á ekki stærri bæklingi en skýrslum ríkisgjaldanefndar, og er þó verðlagið þar síst hærra en annarsstaðar. Hver mun þá gróðinn vera af prentun þingtíðindanna, allra eyðublaða landssímans, póstáætlana og alls annars, sem opinberar stofnanir þurfa að láta prenta?

Það er sannarlega alt á sömu bókina lært hjá hv. þm. Borgf. Hann hefði heldur átt að athuga, að þessi rannsókn á prentsmiðjum og prentkostnaði leiðir til þess, að hægt verður að spara svo tugum þúsunda skiftir, og gleðjast yfir því, en að vera að fjargviðrast út af kostnaðinum við að undirbúa þennan sparnað.

Þá taldi hv. þm. Borgf. (PO) það eina af syndum stj., að Stefáni Jóhanni Stefánssyni hefðu verið greiddar nokkur þús. kr. fyrir ýms störf, sem hann taldi sjer ekki kunnugt, hver væru. Jeg skal segja þessum hv. þm., hvernig á þessu stendur. Magnúsi sál. Kristjánssyni ofbauð, hversu málaflutningsmennirnir kröfðust hárrar borgunar fyrir störf sín í þágu hins opinbera — jeg minnist þess t. d., að Jón Ásbjörnsson, sem er einn af stólpagripum Íhaldsins, eins og allir vita, tók 5000 kr. fyrir eitt undirrjettarmál. Fjármálaráðherrann gerði því samninga við Stefán Jóhann um að taka að sjer málarekstur fyrir ríkisstj. fyrir ákvæðiskaup. Hefir Stefán Jóhann haft mörg mál með höndum, og fyrst eyðslan er ekki meiri, er jeg hræddur um, að flestum verði það á að taka þetta svo, sem það sýni, hversu miklu hagsýnni núverandi stj. er heldur en fyrirrennarar hennar. Hefði því hv. þm. Borgf. síst átt að vera að minnast á þetta atriði.

Fátt er skemtilegra í ræðu hv. þm. Borgf. en vonska hans út af kaupi Halldórs Júlíussonar sýslumanns. Jeg býst við, að hv. þm. hafi verið með vond gleraugu, þegar hann var að leggja saman auradálka sína, eða að minsta kosti verið eitthvað illa fyrirkallaður. Jeg hygg, að í þeirri upphæð, sem hv. þm. nefndi sem kaup Halldórs Júlíussonar, sje falinn allur kostnaður, sem orðið hefir við rannsókn margra mála, svo sem ýmsar ferðir með vjelbátum út af Hnífsdals- og Menjumálunum, kostnaður við aðstoð við rjettarhöldin, að ógleymdu því fje, sem rann til útlendra rithandarfræðinga fyrir upplýsingar í hinu alræmda Hnífsdalsmáli. Hinsvegar vil jeg upplýsa það, að Halldór Júlíusson hefir ekki tekið nema 30 kr. á dag fyrir rannsóknir sínar í Hnífs-

dalsmálinu, en fyrirrennari hans fjekk 100 kr. á dag, og hv. 1. þm. Skagf. samþykti þann reikning, með eftirtölum að vísu, en greiddi þó peningana, að því er sjeð verður. (**MG:** Hvað voru það margir dagar?). Það voru 100 kr. á dag og tekið fram í skjali, sem liggur uppi í stjórnarráði og um þetta fjallar, að ekki væri hægt að gera ráð fyrir minna dagkaupi en 50 kr., af því að það væri taxti málfærslumannanna. Ef þessi rándýri íhaldsmaður hefði starfað að rannsókninni áfram með sömu launum, hefði hann komið til með að hafa svipaðar tekjur og Eggert Claessen, auk þess sem hann hefði haldið sínum föstu launum hjer í Reykjavík. Ef hinsvegar Halldór Júlíusson hefði haft sama kaup, þá hefði það orðið ⅔ meira en hann hefir haft. Þetta fóstur hv. þm. Borgf. er því ekkert nema rógur, en hv. þm. hefir sennilega ekki vitað betur, eða eins og oft áður látið leiðast til að segja ósatt fyrir flokksheildina. En það má mikið vera, ef hv. þm. Borgf. hefir ekki reiðst Halldóri Júlíussyni aðallega fyrir það, að hann hefir gengið betur fram í að rannsaka glæpamál í herbúðum Íhaldsins en ýmsir aðrir. En það er víst, að almannadómur fellir ekki skugga á Halldór Júlíusson nje stj. fyrir það, sem gert hefir verið í Hnífsdalsmálinu.

Þá var hv. þm. Borgf. að áfellast Halldór Júlíusson fyrir að hafa spurt eitt vitnið, hvort það vildi ekki heldur sverja við nafn Pjeturs Oddssonar en við guð. Hv. þm. Borgf. tók það ekki fram, að þetta umrædda vitni var, samkv. eigin játningu þess, nýbúið að ljúga fyrir rjetti í þágu Pjeturs Oddssonar, og jeg verð að segja það, að jeg gef ekki mikið fyrir siðferðisþroska þeirra manna, sem vilja leyfa vitni, sem er nýstaðið að því að ljúga, að sverja við nafn guðs. Og það getur verið, að gamanið fari af hjá þeim rógtungum, sem mest hafa fjargviðrast út af þessu, þegar þeir fara að hugsa um, hvað lá á bak við orð dómarans.

Hv. þm. Borgf. var að áfellast stj. fyrir að halda venju fyrirrennara sinna um að hafa hesta. Það eru mörg ár síðan sú venja skapaðist, að landið ætti hesta, og hefir verið gert með það fyrir augum, að menn af varðskipunum gætu hrest sig upp með því að fara á hestbak, þegar skipin lægju í höfn. Annars finst mjer, sem hv. þm. Borgf. hefði ekki átt að vera að áfellast núverandi stj. fyrir hestahaldið, því að jeg veit ekki betur en að hinn dýrasti hestur, sem landið hefir eignast, hafi verið keyptur í tíð íhaldsstj. af gæðingi Íhaldsflokksins, Þórarni á Hjaltabakka. Þessi hestur var hin nafntogaða „Skjaldbaka", sem var aðframkomin af fótaveiki þegar íhaldið skyldi við stjórnarráðið. (**MG:** Og nú er hún hjá framsóknarmanni, sem líkar ágætlega við hana). Skjaldbakan var hölt í alt fyrrasumar. Um notkun þessara hesta er annars það að segja, að fyrirrennari minn, hv. 1. þm. Skagf., notaði Skjaldbökuna og fleiri hesta landsins í síðasta kosningaleiðangri sínum norður í Skagafjörð. Mjer finst, að þetta hafi verið skynsamlega gert af hv. fyrirrennara mínum og hefi hugsað mjer að fara eftir fordæmi hans, og það því fremur, þar sem þeir hestar, er landið á nú, eru miklum mun betri en þeir áður voru, þó að ódýrari sjeu.

Þá mintist hv. þm. Borgf. á það, að stýrimanninum á Óðni hefðu verið borgaðar 9000 kr. í eyðslufje erlendis. Jeg held, að það sje því rjett að koma nánar inn á það mál. Það er á allra vitund, að þessi stýrimaður er mjög hraustur sjómaður og hefir mjög gott orð á sjer í hvívetna. Eftir Forsetaslysið eftirminnilega var hann sendur utan til að kynna sjer björgunarmál. Hann hefir dvalið nokkra mánuði í Danmörku, Noregi, Englandi og Þýskalandi og kynst ítarlega björgunarstörfum þessara landa, svo að hann hefir nú til að bera betri þekkingu á þeim úrræðum, sem nábúaþjóðirnar hafa til björgunar úr sjávarháska, en nokkur annar Íslendingur. Það er gert ráð fyrir því, að þekking þessa manns komi að notum fyrir landið síðar, og þess vegna hefir hann haldið sínu stýrimannskaupi, en þegar því er bætt við útgjöld hans vegna þessarar ferðar, get jeg vel trúað, að sú upphæð komi út, sem hv. þm. Borgf. nefndi. En mjer finst, að þessi hv. þm., þar sem meiri hl. kjósenda hans á bæði líf sitt og afkomu undir sjónum, ætti síst allra að vera að telja það eftir, þegar stj. er að stuðla að því, að aflað sje meiri þekkingar á þessum málum og betri tækja til björgunar. Jeg hjelt sannast að segja, að Forsetaslysið í fyrra hefði átt að verða okkur sú lexía, að menn færu ekki að beita smásálarlegum nirfilshætti, þó að nokkrum krónum væri varið til að bæta úr björgunarmálum okkar, og það hefir ekki verið farið dult með það, að Einar Einarsson hefir verið að kynna sjer björgunarmálin vegna íslenskra sjómanna.

Vegna þess, hve hv. þm. Borgf. var óánægður yfir eyðslu núverandi stj., ætla jeg að lesa honum upp reikning einn frá tíð íhaldsstj., sem sýnir berlega, hversu dýrir sumir trúnaðarmenn hennar voru. Þessi reikningur er frá einum af þeim mönnum, sem íhaldsblöðin hafa mest hrósað og var í erindum landsins í Khöfn 1926. Jeg skal taka það fram, að jeg tek ekki nema einstaka liði. Það er þá fyrst dagpeningar samkv. samtali við dómsmálaráðuneytið, kr. 30.00 pr. dag, frá 11. mars til 18. júní, alls 100 dagar. Þetta gerir samtals 3000 kr. Þá er það bifreiðagjöld í þágu ríkisins, alls 345 kr., og hlýtur það að vera allundarlegt frá sjónarmiði hv. þm. Borgf., að manninum skyldi geta komið til hugar að nota bíla. Næst kemur risnukostnaður með þjórfje upp á 760 kr. Þetta er alveg voðalegt. Maðurinn hefir þjórað og eytt í veislukostnað meiru en hv. þm. Borgf. innvinnur sjer á mörgum vikum. En það er ekki alt búið með þessu. Þessi óstjórn heldur áfram, eins og jeg skal nú færa nokkur dæmi til. Er þá fyrst miðdegisverður fyrir direktör Adolf o. fl. fyrir 120 kr. Næst kemur svo kvöldmatur fyrir verkfræðinga og yfirmenn á Flydedokken fyrir 450 kr. Hlýtur það að hafa verið „óttalegur kvöldmatur". En ekki batnar enn, því að þá kemur miðdegisverður upp á 180 kr. fyrir yfirmenn frá Brorsen. Og svo kemur enn bannsettur bifreiðakostnaður upp á 280 kr. Síðan heldur slarkið áfram. Nú er það miðdagsverður fyrir inspektör Brorsen fyrir 230 kr., og verð jeg að játa það, að mjer þykir nóg um, ef þeir hafa ekki verið nema tveir, því að þá hljóta þeir að hafa minst notið 30 rjetta og haft nóg af víni.

Litlu síðar kemur kvöldverður fyrir verkfræðinga og yfirmenn á Flydedokken fyrir 210 kr., og næst miðdagsverður fyrir 3 liðsforingja frá flotastöðinni í Kaupmannahöfn fyrir 140 kr. Og loks kemur svo bifreiðakostnaður fyrir 200 kr.

Það er auðsjeð á þessu, að í tíð íhaldsstj. hafa trúnaðarmenn landsins keypt vín, mat og vindla, þó að þeir hafi ef til vill ekki skift við „Tóbaksverslun Íslands". En jeg vil benda hv. þm. Borgf. á það, til þess að gleðja hans sparsama hjarta, að eftir stjórnarskiftin, þegar sami starfsmaður landsins, sem fyr um ræðir, var í Kaupmannahöfn, kemur reikningur fyrir bifreiðakostnaði, sem er ekki nema 103 kr. Það er því auðsjeð, að sá sparnaður, sem þá var í uppsiglingu hjá núverandi stj., hefir haft mikil áhrif á þennan áðurnefnda trúnaðarmann landsins. Annars las jeg þetta mest upp til þess að sýna fram á, að ef á að fara að skjóta með smáskotum, er af nógum stórskotum að taka frá íhaldstímanum.

Mjer þótti vænt um, að hv. þm. Borgf. skyldi minnast á bílana. Hann fór þó ekki í öllu rjett með og var laus við alla vísindalega nákvæmni. Það er þá fyrst rangt hjá hv. þm., að landhelgissjóður hafi keypt tvo bíla. Hann keypti ekki nema einn bíl, og það með 1000 kr. lægra verði en aðrir urðu að greiða fyrir sömu tegund. En þegar verið er að tala um bíla, getur ekki hjá því farið, að það veki hjá manni endurminningar um dálítið, sem gerðist á síðasta sumri. Jeg ætla þó fyrst, áður en jeg kem að því, að minnast á það, hve hlægilegt það er, þegar íhaldsmenn eru að halda því fram, að landið megi ekki eiga bíla. Það er nú fyrst, að landið hefir átt fjölda marga bíla í mörg ár vegna vegagerðanna. Af hverju? Vegna þess, að vegamálastjórinn veit, að það er ódýrara, eins og rjett er. Og þegar stj. keypti bíla, fyrst og fremst vegna starfsmanna landsins, er verða að fara margar skylduferðir á landsins kostnað, og auk þess vegna gesta landsins, á sinn hátt eins og fyrverandi stj. hesta, var það gert til þess að fylgja sjálfsagðri búmensku í þarfir starfsmanna ríkisins. Jeg minnist þess, hvað mjer ofbauð, þegar jeg þurfti að greiða 14 kr. fyrir bíl með þrjá menn suður í landsspítala. Upp að Vífilsstöðum og inn að Kleppi kostar bílferðin 20 kr., og austur á Eyrarbakka fram og aftur 90 kr. Hversu stórkostlegar upphæðir hafa farið í þessar bílferðir undanfarin ár, sjest best á reikningum ýmsra opinberra stofnana. Eitt árið eyddi vitamálaskrifstofan 1400 kr. í bíla. Jeg skal geta þess, þessu til sönnunar, að 1927 voru greiddar fyrir mannflutninga með bílum 2000 kr. vegna vegamálanna, tæpar 2000 kr. vegna símans og mikið vegna annara deilda. Enda fór svo, eftir að stj. hafði keypt bíl fyrir landið, að Geir vegamálastjóri gerði þetta sama, en hafði skömmum tíma áður greitt 500 kr. fyrir bíla, aðeins er hann var í embættiserindum. Og í þessum sama bíl, sem stj. keypti, hafa verið farnar einar 20 ferðir austur í Flóa, vegna rjómabúsins og annara þarfa landbúnaðarins. Auk þess „vísiterači" biskup landsins kirkjurnar hjer á Suðurlandsundirlendinu síð-

astliðið sumar í bifreið, með miklum sparnaði frá því, sem verið hefði, ef hann hefði ferðast á hestum. Það er sjálfsagt, að landið noti sína eigin bíla í slíkum erindum, enda má það undarlegt heita, ef það borgar sig fyrir ýms atvinnufyrirtæki, eins og t. d. Kveldúlf, að hafa marga bíla, en ekki fyrir landið, sem hefir mörg erindi að rækja og marga starfsmenn, er það þarf að flytja á milli. Enda dettur víst engum í hug, að hætt verði að láta landið eiga bíla, þó að stjórnarskifti verði. Þetta er sjálfsögð ráðdeild, borið saman við rándýra leigubíla. Mjer kemur í hug, það sem einn íhaldsmaður sagði við mig út af hinum svokallaða stjórnarbíl. Á honum var sem táknmynd fríðleiksdís, en það sagði íhaldsmaðurinn, að myndi verða tekið við stjórnarskifti og íhaldsskarfurinn settur í staðinn. Þetta sýnir, að þessum manni kom ekki annað til hugar en að bílarnir yrðu notaðir áfram.

Annars get jeg ekki komist hjá því, þegar farið er að ræða um bíla á annað borð, en að minna á eitt af stærstu siðferðisbrotum Íhaldsflokksins. Jeg á hjer við hið alræmda rógbrjef, þar sem 5 þm. Íhaldsflokksins, og það sjálf miðstj. flokksins, ljetu sjer sama að flytja staðlausar Gróusögur um þessa bílaeign landsins í vjelrituðum einkabrjefum út um alt land. Þess eru ekki dæmi, að nokkur flokksstj. hafi lagt sig niður við að rita auðvirðilegar slúðursögur eins og þar birtust. Jeg get nefnt það sem dæmi, að í einu þessara rógbrjefa Íhaldsins er ennfremur sagt, að forsætisráðherra hafi beðið skipstjórann á „Fyllu“ að halda uppi risnu fyrir sig. Þetta er sú svartasta lygi, sem nokkru sinni hefir verið sögð. Forsrh. hefir aldrei dottið í hug að fá „Fyllu“ til að liggja hjer til þess að taka á móti gestum fyrir sig. Og allir menn vissu, að þetta voru staðhæfulaus, vísvitandi ósannindi. Miðstjórn Íhaldsins vissi það jafnvel og aðrir. Þess vegna eru þessi rógburðarbrjef miðstj. Íhaldsins einhver augljósasti vottur um þá botnlausu spillingu, sem gagnsýrir leiðtoga flokksins. Jeg held, að þessi söguburður miðstj. Íhaldsins sje eitthvert mesta níðingsbragðið, sem kunnugt er um í pólitískri sögu landsins, að lauma þessum rógburði út til fylgismanna sinna með þeirri leynd, sem hjer átti að vera. Þeim getur ekki dottið í hug, að helstu leiðtogar í næststærsta flokknum sjeu þeir menn, sem þetta brjef bar raunverulega vott um. Jeg verð þó að segja það þessum hv. þm. til hróss, að þeir virðast hafa hætt þessum brjefaskriftum, a. m. k. um stundarsakir, við það, að brjefin voru birt og þeim bent á, hve ósæmilegt athæfi þeirra væri.

Þá var hv. þm. Borgf. gramur út af því, að stj. sýndi hans kjördæmi þann heiður að koma þangað með nokkra mæta útlendinga til þess að sjá náttúrufegurðina í Borgarfirði, sem hv. þm. skortir ef til vill sálargáfur til að meta! Því er einu sinni svo háttað, að hjer á Íslandi er það miklu betra og skynsamlegra að sýna góðum gestum eitthvað af náttúru landsins heldur en að hafa veislur eins og þá, sem jeg las reikninga um frá íhaldstímabilinu. Íslendingar geta tæplega enn sem komið er unnið landi og þjóð nokkurt verulegt gagn út á við með veislukynningu. En náttúrufegurð

landsins, ekki síst á vordögum, getur orðið svo hugstæð smekkvísum gestum, að þeir beri jafnan síðan hlýjan hug til Íslands og íslensku þjóðarinnar. Svo stendur á um þessa gesti, sem var verið að sýna lítinn hluta af landinu, að það eru menn, sem íslenska þjóðin hefir stundum — og ekki síður íhaldsþm. en aðrir — leitað til í vandræðum sínum. Jeg get t. d. sagt það, að þegar fyrv. stjórnendur voru í vandræðum með Íslandsbanka, að hann ræki ekki upp á sker, þá varð það úrræði, að einn af núv. hv. þm. fór til eins af þessum dönsku nefndarmönnum, sem er sósíalisti, og fjekk hann til að bjarga bankanum úr hengingarólinni vegna 4—5 milj. kr. skuldar í Danmörku. Þessi umræddi maður hafði komið til Íslands og mat fegurð þess og auðsuppsprettur.

Viðvíkjandi öðru fyrirtæki hafa Íslendingar látið svo lítið að leita hjálpar þeirra manna, sem hv. þm. Borgf. telur eftir, að skyldu fá að sjá hans fagra hjerað tvo eða þrjá daga í vorblíðunni. Hjer er afarstórt uppskipunaráhald, sem sumir kalla „hegra“. Sú stóra vjel var keypt hingað með hjálp útlendinga, sem eru í þessari nefnd og greiddu götu Íslendinga til að útvega þeim verulegan hluta af fjármagninu. Og slíkt hefir oft komið fyrir endranær. Í fyrra samþ. Alþingi og Reykjavíkurbær ábyrgð fyrir Jóhannes Jósefsson, sem er nú að byggja hótel, stórnauðsynlegt fyrir bæinn og landið. Hann fer utan með ábyrgðina og fær aðstoð til nægilegrar fjáröflunar, sem skifti nokkrum hundruðum þúsunda, frá einum þessara manna, sem hv. þm. var að telja eftir bílferð um Borgarfjörð. Hv. þm. Borgf. er kannske ekki viss um, að það sje nauðsynlegt að byggja hótelið, en allir sæmilega mentaðir menn álíta það nauðsynlegt. Og þá er ekki hægt að neita, að það er varla goðgá að sýna mönnum, sem ótilkvaddir greiða götu íslenskra athafnamanna í verulegum atriðum, þá kurteisi, sem annars tíðkast hjá mentuðum mönnum. En ef landinu væri stjórnað í anda hv. þm. Borgf., þá myndi grútarháleistalífsskoðunin gagnsýra alla framkomu Íslendinga út á við og inn á við.

Ein af þessum vanþekkingarvillum hv. þm. er það, að hann telur landhelgissjóð kosta þessa umræddu ferð í Borgarfjörð. (**PO**: Þetta er þó fært á reikning landhelgissjóðs). Nei, hv. þm. veit bara ekkert í því, sem hann er að þvæla hjer um. Af því að mjer skildist hv. þm. bera mjer á brýn eyðslusemi sem nefndarmanni, vil jeg segja fáein orð í fullri meiningu um það, hvernig hans aðstaða hefir verið til fjárbruðlunar í þessari nefnd.

Þegar þessi nefnd var sett á stofn eftir sambandslagasamningana 1918, þá lentu í henni þrír af vinum og samstarfsmönnum hv. þm. Borgf., tveir af þeim flokksbræður hans, en einn þeirra er nú dáinn og var sama sem í Íhaldsflokknum síðustu ár sín. Starfið byrjaði með því, að þessir menn skömtuðu sjer sjálfir með hjálp Jóns heitins Magnússonar 2000 kr. í laun fyrir að vera í nefndinni, hvort sem þeir störfuðu hjer heima eða fóru utan. Auk þess kom allur ferðakostnaður. Tíminn beitti sjer af alefli móti þessum bitlingi handa brjóstvinum sparsemdarmannsins af Akranesi, og

svo fór, að bein þetta var á fjárlögum lækkað niður í 500 kr. á mann. Hvað gerðist þá? Þá fara allir þessir pólitísku samherjar hv. þm. Borgf. í skaðabótamál við landið. Að vísu töpuðu þeir Jóh. Jóhannesson, Einar Arnórsson og Bjarni frá Vogi þessu beinamáli sínu, en þeir bættu sjer skaðann eftir það með því að smyrja á reikningana, þegar búið var að lækka launin. Það tókst einum svo vel a. m. k. eitt árið, að upphæðin varð 5000 kr., en annars oft 3000—4000 kr. Þeir reiknuðu sjer venjulega 50 kr. danskar á dag, meðan þeir voru að heiman. Fyrir minn tilverknað var það tekið í fjárlög í fyrra, að dagkaup fyrir þessi nefndarstörf skuli niður falla, en gera ráð fyrir 1500 ísl. kr. á mann, þegar siglt væri til Danmerkur, sem er nokkurnveginn upp í hóflegan ferðakostnað. Þar sem hv. þm. veit, að jeg er fulltrúi framsóknarmanna í nefndinni og að jeg hefi þurkað burtu kaupið, sem ekki tókst áður, og stilt í hóf öðrum kostnaði, þá er slíkt nýlunda. Það mun ekki til eitt einasta dæmi úr íslenskri þingsögu, að íhaldsmaður hafi gert launað starf, sem hann vann að, að ólaunuðu starfi. Hið gagnstæða hugarfar flokksbræðra hv. þm. sjest bæði á þessum gömlu skaðabótamálaferlum íhaldsnefndarmanna, og þá ekki síður af hinum óvirðulegu málaferlum, sem Íhaldsflokkurinn píndi hv. 1. þm. Reykv. til að hefja síðastliðið sumar út af bankaráðsbitlingnum, sem hann tapaði með guðs dómi við hlutköstun. Hann tapaði, eða öllu heldur Íhaldsflokkurinn, þessu beinamáli nú alveg nýverið.

Jeg býst við, að hv. þm. Borgf. geti rent grun í, að þegar eyðsluklóin mesta í stjórnarliokknum að hans áliti, núverandi dómsmrh., er ekki kröfuharðari fyrir sjálfan sig en hann hefir verið í þessu máli, eða yfirleitt í fjárkröfum fyrir sjálfan sig, þá muni slíkt fordæmi, í samanburði við fyrirrennara hans, ekki leiða út í fjárdráttarspillingu hjá stjórninni.

Hv. þm. var að tala um kostnaðinn við það, að Sigurður Heiðdal kynti sjer vinnuhæli í Noregi og meðferð í fangahúsum, áður en hann tók við forstöðu fangahússins og vinnuhælisins á Eyrarbakka. Jeg hefði haft gaman af, ef hv. þm. hefði verið staddur á fundi austur í Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu í haust, þegar einn af leiðtogum Mbl. var að „útbásúnera" það, að það væri áreiðanlega ekki hægt að koma upp fangelsi hjer á landi á ný fyrir minna en 300—400 þús. kr. En það er mála sannast, að þessa eyðslu hefir ekki þurft, því að þetta hús, sem landið keypti ófullgert, kostaði ekki nema 30 þús. kr. Og það, sem af er viðgerðinni, var innan við 20 þús. Nú er þar rúm fyrir fleiri fanga en hægt er að hafa í fangelsinu í Reykjavík.

Jeg ætla að minnast svolítið á fangamálið um leið, úr því að hv. þm. gaf tilefni til þess, og segja honum það, að af þeim tiltölulega mörgu ávirðingum hans flokks í hinum ýmsu greinum starfrækslu, þá er kannske engin svartari en löggæslan og meðferð fanga og viðhorfið til þeirra. Það er nú svo komið, að fyrir liggja frá lækni fangelsisins, frá prestinum, frá landlækni og lögreglustjóranum í Reykjavík hinar óskaplegustu lýsingar á fangelsinu. Jeg býst við, að ef þær lýsingar væru þektar erlendis,

mundum við í þessu efni verða settir fullkomlega á bekk með miðaldaþjóðum. Hvað eftir annað fram á þennan dag hefir orðið að sleppa föngum burt og framkvæma ekki hegningu, af því að læknirinn — einn af prófessorum háskólans — telur fangelsisvistina hjer í Rvík svo heilsuspillandi, að hún getí eyðilagt hrausta menn á tiltölulega stuttum tíma með ólofti, ódaun og sóðaskap. Það stendur meðal annars í skýrslunum, að saurinn verði að vera inni hjá föngunum mikinn hluta sólarhringsins. Og klefarnir, sem eru nálega gluggalausir, eru fúlir og rakir og fullir af óþrifnaði. Það er því hvorttveggja, að fangahúsið er svo lítið, að þeir, sem hafa átt að taka út hegningu fyrir 2—3 árum, geta gert gys að dómum landsins og framkvæmd hegningarmála eins og hún hefir verið, þar sem ekki er hægt að fullnægja dómum, vegna þess að fangelsisrúm er ekki til, og hitt, að fangelsið er svo óheilnæmt, að marga verður að taka skjótlega út aftur af heilbrigðisástæðum.

Jeg ætla að sýna hv. þm. Borgf. ennfremur, hvað eyðsluhneigð mín í fangelsismálinu er á háu stigi. Jeg býst nefnilega við að gera ráðstöfun til þess, að landið eyði nokkrum þúsundum króna til þess að stækka glugga fangelsisins, þurka úr því rakann og taka óþrifnaðinn burt úr garðinum, gera klefana þannig úr garði, að þjóðfjelagið geri ekki þá borgara sína heilsulausa, sem það dæmir til hegningar. Jeg býst við, að á einhverjum framtíðar-eldhúsdegi verði af grútarsálum Íhaldsflokksins haldnar ræður til að ámæla mjer fyrir þetta. En jeg vil gleðja hv. þm. með þeirri sparnaðarviðleitni að láta standa óhreyfða svo sem tvo klefa, til minningar um þá tvo lögfræðinga landsins, sem mest hafa haft með löggæsluna að gera síðan Ísland varð fullvalda ríki. Hv. þm. Borgf. getur þá, ef hann síðar kynni að verða ráðherra, reikað inn í þessa klefa og glatt sig við þessar leifar frá gullöld Íhaldsins í landinu!

Af því að jeg hefi talað nokkuð lengi og geri ráð fyrir, að margir vilji taka til máls í kvöld, ætla jeg að geyma nokkuð af minni ræðu, sem er svar til hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Reykv.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson)** (frh.): Þá kem jeg þar til skjalanna, sem síðast var frá horfið. Er þá fyrst hv. þm. Vestm., sem jeg vil beina til nokkrum orðum. Hann talaði aðallega um áfengisverslunina og taldi, að ástæður til mannaskifta við verslunina hefðu alls ekki verið nægilegar. Þó játaði hann, að ástandið við verslunina hefði ekki verið sem best, og er það mála sannast, að sú skoðun hv. þm. hefir við mikil rök að styðjast, því að nálega í öllum greinum var mesta ólag á stjórn þessarar stofnunar. Forstjórinn hafði t. d. miklu hærri laun en nokkur annar starfsmaður landsins, að undanteknum örfáum bankastjórum. Þetta misrjetti hafði verið reynt að laga á miðju kjörtímabili íhaldsstj., en þáverandi stjórnarflokkur, og þar með hv. þm. Vestm., feldi frv. í þinglok með jöfnum atkv. í Ed., og svo

mikið kapp lögðu íhaldsmenn á að koma í veg fyrir þessa sjálfsögðu lagfæringu á launum forstjórans, að þeir unnu til að kasta frá sjer tekjuauka fyrir ríkissjóð, sem eflaust hefði numið fullum 100 þús. kr. Þannig lagði Íhaldsflokkurinn alt kapp á, að engin breyt. yrði gerð á áfengisversluninni, enda var þar engin umbót gerð fyr en eftir stjórnarskiftin. Þá mæltist stj. til við forstjórann, að hætt væri að lána áfengi, nema aðeins til lyfja. Og var það þegar mikil bót, því að allmikið hafði safnast af skuldum við verslunina vegna alt of mikilla útlána. Síðan gerði Alþ. 1928 ýmsar breyt. á áfengislöggjöfinni, og meðal annars þá breyt., að forstjóri áfengisverslunarinnar þyrfti ekki að vera lyfjafræðingur frekar en verkast vildi, ef hann fengi sjerfræðilega aðstoð við þá deild, sem lyfin heyrðu undir. Með því móti var hægt að fela verslunarmanni forstöðu verslunarinnar. Við þessa breyt. var hægt að lækka laun forstöðumannsins úr 18 þús. niður í tæp 9 þús. að viðbættri þóknun til lyfjafræðingsins, sem er 1500—1800 kr. Þessi mikla breyt. á launum forstöðumannsins hafði eðlilega þau áhrif, að hægt var að gæta meiri hagsýni við aðrar launagreiðslur við verslunina. Hefir því niðurstaðan orðið sú, að sparast hefir í launagreiðslum við fyrirtækið mikið á 3. þús. á mánuði. Áður voru t. d. 2—3 endurskoðendur. Og eftir því sem sjá má á landsreikningunum, höfðu endurskoðendur þessir 2400 kr. í laun hvor um sig. Þó hafði annar þeirra, að því er virðist, nálega aldrei þurft að koma í verslunina. Þegar svo stjórnarskiftin urðu, voru þessir menn orðnir þrír, og alt lögfræðingar. Það átti svo sem alt að vera löglegt hjá Íhaldinu þarna. Var svo gerð sú breyt., að hinir lögfróðu menn voru látnir fara, en í þeirra stað var endurskoðunin falin tveimur færustu endurskoðendum bæjarins, þeim Birni Steffensen og Jóni Guðmundssyni, með 1000 kr. þóknun til hvors. Þessi breyt., sem gerð var með endurskoðendurna, sýnir þá eðlisbreytingu, sem gerð var á rekstri verslunarinnar. Áður voru störfin látin til vina og pólitískra skjólstæðinga íhaldsklíkunnar, og óreiðan gekk svo langt, að mennirnir fengu að halda launum sínum, og þeim býsna háum, án þess að þeim væri ætluð þar nokkur raunveruleg vinna. En nú eru störfin falin hinum færustu mönnum, og með lægri launum en áður voru greidd.

Enda þótt mörgu væri ábótavant við rekstur áfengisverslunarinnar þegar stjórnarskiftin urðu, voru þó einstök atriði í sæmilegu lagi. Fyrv. forstjóri er hinn mesti hirðumaður og sjerstaklega reglusamur um alt, sem að bókhaldi lýtur. Var alt slíkt því í besta lagi hjá honum, og yfirleitt er ekki hægt annað að segja en að hann hafi haft hinn besta vilja á að leysa verk sitt vel af hendi. En hann virðist hafa verið of undanlátssamur við yfirmenn sína, íhaldsforkólfana, og samherja, í því að taka fleira starfsfólk en þörf var fyrir. Og einkum virðist hann þó hafa látið of mikið undan ágengni umboðssalanna, og fyrir þá sök hafi birgðir verslunarinnar orðið alt of miklar. Þetta eru mjög óheppilegir gallar á manni, sem á að veita stóru verslunarfyrirtæki forstöðu, enda þótt þeir snerti ekki vilja hans til að leysa verkið vel af hendi.

Niðurstaðan af þessu varð því sú, að verslunin varð ofhlaðin mönnum, svo að rekstrarkostnaður hennar varð alt of mikill, og birgðirnar sömuleiðis margfaldlega of miklar, sem sjá má á því, að síðastl. vor voru þær komnar upp á 1 milj. og 200 þús. Með þeim samgöngum, sem nú eru til útlanda, eru slíkar birgðir alt of miklar.

Við þetta bættist svo það, að forstjórinn hafði verið undanlátssamur gagnvart skuldasöfnun, og höfðu því safnast miklar skuldir við verslunina og tapast hjá nokkrum læknum og lyfsölum. Þessu til skýringar ætla jeg að vísa til skýrslu frá áfengisversluninni, dags. 14. mars 1929. Fyrst er skýrt frá því, að salan á árinu 1928 hafi numið 1741000 kr. eða 377 þús. kr. meira en árið áður. Í öðru lagi, að birgðir verslunarinnar hafi lækkað á árinu um 301800 kr. og að skuldir viðskiftamanna, sem í ársbyrjun voru full 398 þús., hafi lækkað um 161 þús. Og ennfremur, að rekstrarkostnaður verslunarinnar hafi lækkað úr 12,8% niður í 8,5%, miðað við umsetningu þessara ára.

Af þessum tölum geta þeir hv. þm Vestm. og hv. 1. þm. Reykv. fengið hugmynd um, að rekstur verslunarinnar hefir á árinu, einkum þó eftir 1. júlí, þokast í það horf, sem þjóðin mun ætlast til að hann sje í, þar sem kostnaður við starfrækslu verslunarinnar hefir minkað að stórum mun og birgðirnar sömuleiðis.

Þá er komið að geymdu birgðunum. Í vínlöndunum er siður að geyma vínin í jarðhvelfingum, þar sem hitabreyt. koma lítið eða ekki til greina. Þar geymist varan ekki einungis óskemd, heldur batnar hún ár frá ári. Öðru máli er að gegna um Nýborg. Þar var ekkert slíkt húsrúm. Víntunnunum var raðað uppi á lofti undir bárujárnsþaki, þar sem oft var brennandi hiti. Vín, sem geymd voru á slíkum stað, hefðu áreiðanlega ekki þótt æskileg vara í Suðurlöndum.

Úr þessu var ekki hægt að bæta með öðru en því að draga sem mest úr birgðunum. Vegna Spánarsamninganna var ekki hægt að losa sig alveg við þær. Það eina, sem hægt var að gera, var að hafa sem allra minstar birgðir og kaupa aðeins til að fullnægja þörfum. Að því hefir verið unnið og að því er verið að vinna af núverandi forstjóra.

Þá mintist hv. þm. á útsölumennina. Um þá er það að segja, að þeir voru margir komnir í stórskuldir við verslunina. Þessar skuldir hafa víðast verið trygðar að nokkru leyti, en sumstaðar er þó fjárhagsleg hætta á ferðum vegna þeirra. Um næstsíðustu áramót varð mjer t. d. kunnugt, að fyrv. útsölumaður á Siglufirði var í þann veginn að verða gjaldþrota. Þessi maður skuldaði mikið fje. Og það var eingöngu með aðstoð bæjarfógetans á Siglufirði, sem gekk fram í þessu máli með miklum dugnaði, að versluninni tókst að fá manninn til að greiða 20 þús. kr., sem eftir stóðu hjá honum.

Það var vitanlega alveg óhjákvæmilegt að taka fyrir skuldasöfnun þá, sem átt hafði sjer stað hjá fyrverandi stj. áfengisverslunarinnar. Það varð að koma í veg fyrir, að þessu fyrirtæki ríkisins yrði stefnt út í opinn voða í fjármálum. Jafnframt varð að sjá svo um, að þeir, sem við verslunina ynnu, væru reglumenn um vínnautn og seldu ekki á kvöldin eða nóttunni.

Um alt þetta höfðu verið misbrestir hjer og þar, meðan Íhaldsflokkurinn hafði yfirstjórn þessara mála. Hið rotna fyrirkomulag, þar sem hver sýkti annan, varð að hverfa.

Hvaða ráðum átti þá að beita? Einhvernveginn varð að stemma stigu fyrir ósómanum. Jeg þekti sjálfur persónulega fæsta þá menn, sem riðnir voru við áfengisverslunina. Eftir persónulegri kynningu gat jeg ekki dæmt þá. Jeg varð að dæma þá eftir verkunum. Og við nánari athugun kom það í ljós, að furðanlega lítil mannþekking myndi hafa komið til greina við val sumra þeirra. Í Reykjavík voru nálega allir yfirmennirnir komnir í skuldir við verslunina. Um einn af trúnaðarmönnum hennar, þó ekki forstjórann, vitnaðist það, að hann hafði haft með höndum allverulega milliliðsstarfsemi í vínkaupum. Mjer var ljóst, að þeirri reglu varð að fylgja, að reglusamir menn einir hefðu slík störf með höndum. (**JJós:** Var ekki farið eftir neinu öðru?). Hv. þm. Vestm. ætti að benda á það, ef hann getur, að óreglumenn hafi valist að áfengisversluninni síðan forstjóraskiftin urðu. (**JJós:** Voru það alt óreglumenn, sem voru reknir?). Í svo holgröfnum líkama sem áfengisverslunin var orðin undir handleiðslu íhaldsstjórnarinnar, er erfitt að vita með fullri vissu, hvað er heilbrigt og hvað er sjúkt. Jeg skal t. d. fræða hv. þm. um það, að rjett um það leyti, sem breytingin átti sjer stað, kom til mín einn af háttsettum starfsmönnum verslunarinnar, vildi fá að halda stöðu sinni og bar sig borginmannlega. En þegar farið var að athuga nánar hag verslunarinnar, kom það í ljós, að þessi starfsmaður skuldaði henni mikið fje, sem hann hafði lánað sjer sjálfum. Hann varð þá að viðurkenna, að sjer væri um megn að greiða þetta fje á skemri tíma en 2—3 árum. Síðan var samið við manninn um skuldina og hann látinn setja tryggingu fyrir henni. Svona var í garðinn búið víðar hjá starfsmönnum þessarar ríkisstofnunar.

Þá vil jeg benda hv. þingd. á nokkrar eftirtektarverðustu skuldir einstakra viðskiftamanna við áfengisverslunina. Þessar skuldir eru yfirleitt til orðnar að þarflausu, en nokkuð af þeim mun með öllu tapað.

Á einum lyfsala utan Reykjavíkur hafa tapast alt að 18 þús. kr.

Einn af fyrverandi útsölumönnum skuldar rúml. 25 þús. kr. Er að vísu veð fyrir nokkrum hluta skuldarinnar, en annars er maður þessi bláfátækur.

Annar lyfsali utan Reykjavíkur skuldar 15 þús. kr.

Læknir búsettur í Rvík skuldar 6700 kr. Þessi læknir er ágætur stuðningsmaður íhaldsins, en skuldin var fyrnd, þegar forstjóraskiftin urðu. (**MG:** Hvenær fyrndist hún?). Í stjórnartíð Íhaldsflokksins. (**MG:** Hvaða læknir er þetta?). Jeg nefni ekki nöfn hjer, en jeg get líka frætt hv. þm. (MG) um, að annar læknir í Rvík skuldar rúml. 10 þús. kr. Öll þessi óreiða, öll þessi óviðeigandi skuldasöfnun fyrir vín skrifast á syndareikning hv. 1. þm. Skagf. og hans samherja.

Þá mintist hv. þm. (JJós) á útsölumanninn á Akureyri. Sá útsölumaður virðist hafa notið mikillar og sjerstakrar náðar hjá stjórn Íhaldsflokksins, því að hann hefir fengið leyfi til að auka birgðir sínar

beint frá útlöndum. Hitt er misskilningur hjá hv. þm., að útsölumaðurinn á Akureyri sje nú í skuld við áfengisverslunina. Hann hefir gert full skil. Reikningsfærsla hans og starf hefir ávalt verið í góðri reglu. Þessi maður hefir verið látinn halda stöðu sinni og sömuleiðis útsölumaðurinn hjer í Rvík. Jeg veit ekki, hvernig hv. þm. ætlar að finna hlutdrægni í þeim ráðstöfunum. Annar þessara manna mun vera framsóknarmaður. Hinn fylgir, að því er jeg best veit, Íhaldsflokknum. Var hægt að skifta jafnar milli fyrverandi og núverandi stjórnarflokka? Dylgjum hv. þm. um þetta efni vísa jeg því til baka sem órökstuddum.

Jeg skal þá, áður en jeg vík að öðrum atriðum í ræðu hv. þm., rifja upp í stórum dráttum helstu breyt., sem orðið hafa á áfengisversluninni, síðan núverandi stj. tók við völdum.

Laun forstjórans hafa verið lækkuð um helming.

Rekstrarkostnaður verslunarinnar hefir minkað um 3000 kr. á mánuði.

Útlánum er hætt.

Öll útibúin eru nú skuldlaus við aðalverslunina.

Við verslunina vinna nú eingöngu reglusamir menn. Og það kemur auðvitað ekki til neinna mála, að nokkrum þeirra sje þolað að hafa með höndum milliliðastarfsemi með þær vörutegundir, sem verslunin kaupir. Jafnrækilega var tekið fyrir þá ósvinnu, að láta verslunina vera einskonar lánsstofnun fyrir starfsmennina. Jeg get ekki um þetta sem neina framúrskarandi dygð af minni hálfu. Jeg bendi aðeins á það sem sjálfsagða viðleitni til að bæta úr því ófremdarástandi, sem áður var.

Frá útlöndum hefir ekki verið keypt nema það allra minsta, sem hægt var að komast af með. Afleiðingin er sú, að birgðirnar hafa minkað sem svarar rúml. 300 þús. kr. og þar með losnað mikið af rekstrarfje verslunarinnar.

Ennfremur hefir verið lagður niður sá óvani, að kaupa vín af einstökum verslunarhúsum í greiða skyni, eins og áður virðist hafa verið gert, sjerstaklega við einn af eigendum Mbl. Á það hefir verið bent, að versluninni hefir verið gert sýnilegt tjón með innkaupum frá Garðari Gíslasyni, sem selt hefir henni vín miklu hærra verði en jafngott vín var fáanlegt annarsstaðar. Ólíklegt er, að forstjórinn fyrverandi hefði gert svo óhagkvæm innkaup án bendingar frá mönnum á hærri stöðum. Er full ástæða til, að umræddur kaupmaður hafi í þessu tilfelli notið hlýlegrar sambúðar við þann flokk, sem ábyrgðina bar á versluninni.

Grunur leikur á um það, að eigi hafi verslunin fengið öll sín föng frá æskilegustu stöðum. Er ástæða til að ætla, að hún hafi keypt talsvert af víni af dönskum firmum, og að það hafi ekki verið þrúguvín, heldur kemisk blanda, og ekki allskostar heilsusamleg.

Úr því að á annað borð þarf að hafa vín á boðstólum í þessu landi, eiga þau að sjálfsögðu að vera ósvikin vara.

Hvar sem litið er á áfengisverslunina, hafa nú átt sjer stað umbætur, þar sem áður var sleifarlag og spilling. Hin frámunalegu mistök fyrv. stj. í sambandi við þetta fyrirtæki eru

e. t. v. best skýrð með hinu átakanlega dæmi frá Siglufirði, þar sem útsölumaður verslunarinnar var hvorttveggja í einu, mesti drykkjumaður og stærsti gjaldþrotsmaður bæjarins. Jeg vona, að hv. þm. Vestm. skiljist af þessu, að á mannavali íhaldsstj. var ekki mikið að byggja. Jeg hefi fylgt þeirri reglu um mannaval við áfengisverslunina, að þeir einir gætu þar verið starfsmenn, sem jeg þekti að reglusemi og trúmensku í hverri grein. Ef landsstj. á að bera siðferðislega ábyrgð á höfuðlínunum í rekstri vínverslunarinnar, sjer hver heilvita maður, að ekki dugir að velja jafngálauslega og Íhaldið hafði gert.

Hefi jeg þá í fám orðum drepið á helstu atriðin í sögu áfengisverslunarinnar. Skal jeg nú snúa mjer að öðrum atriðum í ræðu hv. þm. Vestm.

Hv. þm. kallaði það stefnubreyt. hjá mjer, að jeg hefði ekki gert Spánarvínin útlæg úr landinu. Mjer finst, að hv. þm. hefði vel mátt lesa grein, sem jeg skrifaði um þetta efni í fyrra. Þá myndi honum hafa skilist, að þó að jeg sje sjálfur á móti Spánarsamningnum og væri annar þeirra þm., sem greiddu atkv. gegn honum á sínum tíma, þá tel jeg mjer ekki leyfilegt að brjóta bág við meiri hl. þjóðarinnar, sem gerði samning þennan með ráðnum hug. Á Alþ. hefir verið reynt að fá meirihlutasamþykki til að breyta þessum samningi, en eigi tekist. Ef jeg notaði aðstöðu mína sem ráðh. til að segja honum upp án heimildar frá þingi og þjóð, væru það svik við þá, sem hafa falið mjer umboð.

Hitt er annað mál, að jeg hefi reynt eftir megni að draga úr hinni siðleysislegu, opinberu ofdrykkju í landinu. Og því verður ekki neitað, að sú viðleitni mín hefir borið talsverðan árangur. Hv. þm. getur fundið sönnun þess í sínu eigin kjördæmi, Vestmannaeyjum. Þar var ástandið svo, að í hvert sinn sem skip kom frá útlöndum, þutu um borð hópar áfengisþyrstra manna, sem steyptu sjer yfir vínbirgðir skipsins og fylgdust oft og tíðum með því til Rvíkur. Rjett er að taka það fram, að mjög oft voru þetta aðkomumenn, og víðar var pottur brotinn. En Vestmannaeyjar liggja fyrst fyrir flestum útlendum gestum, er til landsins koma, og þetta atferli, í sambandi við skipavínin, var ekki landinu til sóma. Þetta var sá fyrsti vottur íslenskrar menningar, sem útlendingar urðu varir við, þegar þeir komu hjer upp að ströndinni, og það var alt annað en glæsilegt afspurnar. Útlendingarnir hlutu að hugsa eitthvað á þá leið, að landið væri fallegt, en þjóðin, sem það bygði, væri landinu til minkunar. Í kauptúnum, á skipum, á samkomum í nærsveitum Rvíkur, svo sem við Þjórsárbrú og Skeiðarjettir, átti sjer stað hið óhæfilegasta slark og ölæði. Þessu opinbera ölæði hefir nú tekist að hnekkja, svo að um munar. Og jeg verð að segja það, að þó að það spilli jafnt heilsu manna að neyta víns í óhófi heima hjá sjer, þá er það einkamál þeirra, sem vilja lifa þannig, meðan vínsala er leyfð í landinu. En opinbert ölæði er blettur á þjóðinni allri.

Hv. þm. Vestm. er sjálfsagt kunnugt um það, að sumir læknar hafa gert sjer áfengissölu að atvinnu. Það er mjög sennilegt, að sú 10 þús. kr. skuld hjá ónafngreindum lækni, sem jeg gat um áðan, sje að mestu leyti fyrir vín. Á móti þessari misnotkun lækn-

anna á áfengi hefir verið unnið, bæði með lögum og reglugerð. Árangurinn af þessari viðleitni er sá, að áfengissala lækna og lyfjabúða í janúarmán. 1929 var aðeins 33% af vínsölu þessara sömu aðila í janúarmánuði árið áður. Þetta hefir hafst upp úr því að herða á lögum, reglugerð og eftirliti.

Þá langar mig til að benda hv. þm. á það, að núv. hæstv. forsrh. og hv. þm. Borgf. hafa hvað eftir annað reynt á blómatíð Íhaldsins að fá þingið til að samþ. bann gegn áfengisauglýsingum. En till. þeirra var altaf drepin af gamla meiri hlutanum, meðan hann hafði mátt til. Svo ósveigjanleg var mótstaða Íhaldsflokksins gegn bindindisstarfseminni, að einn af öruggustu íhaldssálunum fjekk eigi komið fram svo sjálfsögðu smámáli. En við síðustu kosningar varð sú breyt. á skipun þingsins, sem ekki einungis skapaði þessu frv. fylgi, heldur gerði einnig mögulegt að koma fram nýrri og fullkomnari löggjöf um hindranir gegn opinberu ölæði. Hjer kom einmitt fram ein af þeim skýru stefnubreyt., sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um í ræðu sinni.

Hv. þm. (JJós) kallaði það gerræði, að láta ekki kauptúnin sjálf ráða vali útsölumannanna við áfengisverslunina. Segjum, að hv. þm. ætlaði að stofna útibú frá verslun sinni einhversstaðar á Vesturlandi. Ætli hann myndi sætta sig við, að forstöðumaður þess útibús yrði tilnefndur af „bolsunum" á Ísafirði? Jeg held ekki. Og það er víst, að gamla fyrirkomulagið reyndist illa og varð til stórtjóns fyrir ríkið. Er annað líklegra en að sagan hefði endurtekið sig og að einhver bæjarstjórnin hefði mælt með drykkfeldasta manninum í kaupstaðnum? (JJós: Reglugerðin var í gildi. Ráðh. braut hana). Sennilega er hv. þm., sem grípur fram í, ekki kunnugt um, að Íhaldið hafði krossbrotið þessa reglugerð, eftir sjóðþurð þá hina miklu, er varð í smásölu með vín í Reykjavík, þegar einstökum manni hjer var falin útsalan, þvert ofan í skýr ákvæði sömu reglugerðar. Íhaldsmenn ættu þess vegna sem minst að tala um slíka hluti. Auk þess játaði hv. 2. þm. G.-K. í dag, að lög og reglugerð um síldarnætur hafi verið margbrotin af íhaldsmönnum. Hví þagði Íhaldið um það?

Jeg vildi annars gjarnan, að hv. þm. Vestm. hjálpaði mjer til að koma fram ábyrgð á hendur Hafnfirðingum, eftir þessum margnefndu reglugerðarákvæðum. En jeg er í mjög miklum efa um, að þau megni að gefa ríkissjóði aftur þær 15—20 þús. kr., sem tapast hafa á þeim manni, sem bæjarstjórnin í Hafnarfirði útnefndi. En ef bæjarstjórnir eiga að tilnefna útsölumenn, þá eiga þær auðvitað að bera ábyrgð á gerðum slíkra manna.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að það hefði verið óleyfilegt, bæði af fyrv. og núverandi forstjóra að blanda saman nokkrum ákveðnum víntegundum og nota á þær vörumerki sjerstaks firma, sem ekki hefði staðið á bak við framleiðslu þeirra.

Um þetta mál er það að segja, að þessi blöndun á víntegundum var tekin upp af fyrv. forstjóra, þegar hann sá, að þær miklu birgðir, sem hann hafði keypt, gengu ekki út. Blöndun víntegundanna er þess vegna frá upphafi afleiðing af hinum óþarflega miklu innkaupum frá Garðari Gísla-

syni o. fl. íhaldskaupmönnum. Jeg hefi hvergi orðið var fyrirmæla, er banni blöndun vína. Eða hafa þessir hv. þm., sem kvartað hafa yfir blönduninni, aldrei komist í kynni við hinar nafntoguðu vínblöndur Amerîkumanna? Enda sjá allir, að það er ekkert verra, þó að vínverslunin blandi saman víntegundum, sem henni er leyft að selja hjer, heldur en að þeim væri blandað saman í Englandi eða Danmörku og vínin svo send hingað. Þess vegna er það, hvað sem sagt er um þessa blöndun beggja forstjóranna, þá er svo mikið víst, að hún gladdi hjörtu margra manna þeirra, sem mest skifta við verslunina, og þess vegna er svo langt frá því, að sú skoðun sje rjett, að þetta erlenda verslunarhús, sem nú hefir fengið enn meira álit en áður hjá hinum vínkaupandi lýð, hafi beðið nokkurn skaða af þessu. Það er svo langt frá því, að það hafi beðið nokkurn skaða, að það hefir frá fjárhagslegu sjónarmiði haft ábata af þessu. Þetta hefir verið því sama og auglýsing hjer, og jeg trúi ekki öðru en að hv. 1. þm. Reykv. hefði batnað sá mikli hrollur, sem í honum var í gær, ef hann hefði fengið sjer góða hressingu af þessari blöndu, eftir þeim miklu vinsældum, sem þetta vín hefir fengið hjá pólitískum samherjum hans.

Jeg held það sje mjög athugavert af hv. þm. Vestm. að vera að áfellast þessa blöndun, því að það er áreiðanlegt, að það eru mjög margir af flokksbræðrum þess hv. þm., sem eru aðalviðskiftamenn verslunarinnar, og þar sem þessi blanda hefir gengið vel út, þá hefir hún áreiðanlega orðið til að auka ánægju flokksmanna hans sumra um margra mánaða skeið.

Þá kem jeg að öðru atriði, sem jeg er hv. þm. alveg sammála um, sem sje, að það hafi verið miður heppilegt hjá báðum forstjórum verslunarinnar, að hafa ekki frá upphafi nýtt nafn á blöndunni. En hinsvegar er alveg ómögulegt fyrir hv. þm. að gera sjer nokkurn flokksmat úr þessu, því að þessi venja, að nota gamla miða, var tekin upp í tíð fyrv. forstjóra, og starfsfólkið heldur áfram sömu venju um nokkurt skeið eftir forstjóraskiftin. Það má óhætt segja, að þessi ágalli, sem nokkuð dregst að leiðrjetta, hafi verið aðeins einn af hundrað frá því í tíð fyrverandi stj. Er því allmikil ósanngirni, og blátt áfram heimskulegt af íhaldsmönnum að gera slíkt veður út af því, að núv. forstjóra láðist að leiðrjetta í einni svipan alla þá mörgu ágalla og hneykslanlegu óreiðu, sem voru beinn arfur frá tíð fyrverandi stj. Ef áfengisverslunin hefði verið athuguð nákvæmlega fáeinum mánuðum eftir forstjóraskiftin, myndi hafa komið í ljós, að á þeim tíma var hinn nýi forstjóri búinn að þurka út svo að segja hverja einustu af þeim hundrað óvenjum, sem fylgdu versluninni frá tíð Íhaldsins, og þar á meðal þessa, sem hjer um ræðir. Íhaldið hefir innleitt blöndunina og gömlu flöskumiðana, og hygst svo að áfella þann mann, sem leiðrjett hefir í þessu efni alt, sem miður fór.

Jeg ætla svo að ljúka við þetta áfengismál með þeirri almennu yfirlýsingu að segja, að það er svo fjarri því, að hv. þm. Vestm. geti haft nokkra gleði af því lengur að vera að rifja þetta upp, vegna þess að því betur kemur það í ljós, að stórvægileg og djúptæk breyt. til bóta hefir orðið á

stjórnarháttum við verslunina við það, að flokkur hv. þm. var í minni hl. En þótt aftur verði mannaskifti í stj. landsins og verslunarinnar, hefi jeg samt þá von, að aldrei komist neitt svipað ólag á þessa ríkisverslun aftur, á meðan ríkið verður að reka hana.

Hv. þm. mintist svo aðallega á eitt atriði, sem er annars eðlis, reglurnar fyrir því, að varðskipin fengju borgun fyrir björgun eða vinnu. Þegar þetta var rætt á síðasta þingi í sambandi við „Ohm"-málið, lýsti jeg því þá yfir, að jeg myndi um það atriði fylgja alþjóðareglum, að varðskip landsins geri sig ekki að venjulegum björgunarskipum á þann hátt að taka fje af útlendingum fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska, heldur sje aðeins tekin þóknun handa skipshöfninni, en ríkið gefi eftir sinn hluta. En hin reglan, að láta sömu skipin elta uppi lögbrjótana hjer við land og svo á hinn bóginn, þegar þessi skip lenda í sjávarháska, að láta þá sömu skipin bjarga þeim fyrir peninga, virðist alleinkennilegt um lögregluskip. Jeg veit, að hv. þm. er svo kunnugur erlendis, að hann veit, að lögregluþjónum er bannað að leigja sig. Ef maður t. d. spyr lögregluþjón á götu í London til vegar, þá væri það brottrekstrarsök, ef hann tæki peninga, hvort sem það væri fyrir sig eða sinn húsbónda. Hv. þm. getur haldið því fram, að við eigum að selja okkur að þessu leyti, en þá verðum við að gera okkur að undantekningu og athlægi gagnvart öllum siðuðum þjóðum. Hv. þm. getur, ef hann skyldi síðar taka við mínu starfi, unnið sjer það til frægðar að innleiða þá reglu í þessu efni, sem ekkert fordæmi er fyrir hjá öðrum menningarþjóðum.

Þá held jeg, að það hafi verið hv. þm. Vestm., sem mintist á, að það hefðu verið bæði af mjer og mínum samherjum mjög átaldir smíðagallarnir á Óðni á sínum tíma, og hv. þm. viðurkennir, sem og rjett var, að þessir gallar voru mjög miklir, en segir, að svo hafi farið fyrir mjer, að jeg hafi fengið sama manninn til að sjá um smíðina á nýja skipinu, sem hefði farist svo ófimlega að starfa fyrir íhaldsstjórnina, og þóttist jeg skilja, að með þessu hefði verið átt við Nielsen, framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands. (**Nokkrir þm. úr Íhaldsflokknum**: Nei, nei, langt frá). Þá er því til að svara, að það er sá maður, sem núverandi stj. hefir eingöngu fengið til að vera sinn umboðsmann við smíði skipsins, en hvaða menn hann síðan semur við um að vera sjer til aðstoðar, kemur stj. ekki við, með því líka að Nielsen ræður allri þeirri gerð skipsins, sem mest var áfátt við smíði Óðins. En úr því að hv. þm. mintist á þetta, þá ætla jeg að skýra nokkru nánar frá því, sem hv. þm. var að tala um, sjerstaklega af því, sem kynni að geta kastað skugga á Nielsen framkvæmdarstjóra í sambandi við smíði Óðins. Því var svo varið, að einn úr þáverandi stj. kom til hans og spurði um álit hans á málinu, og sagði Nielsen honum sína skoðun, að skip, sem ætti að hafa þann hraða, sem krafist var með Óðin, yrði að vera um það bil með þeirri lengd, sem Óðinn er nú. En stj. hafði þá aðra ráðunauta, og það er álitið, að það hafi verið einn af forstjórum h/f Kveldúlfs, sem hafi gefið stj. það hollráð, að Óðinn skyldi hafður sem allra líkastur togara að lengd, en að sjálfsögðu með miklu

sterkari vjel vegna hraðans. En svo voru ekki hyggindin meiri í þeim herbúðum, sem stj. leitaði sjer hjálpar í, að þeir hjeldu að þó að skipið ætti að vera sem svaraði einum fjórða hraðskreiðara. Íhaldsstj. studdist við sína ágætu togaraeigendur um byggingu Óðins, en leitaði aldrei til Nielsens um þetta, fyr en alt var komið í óefni. Afleiðingarnar urðu þær, að skipið reyndist háskalegt sjóskip. Lá við sjálft, að því hvolfdi í mynni Siglufjarðar um hásumar og þótti ofdirfska að senda það fylgdarlaust út til aðgerðar. En er það komst þó klaklaust til Kaupmannahafnar, var haldinn mikill vandræðafundur um það, hvað ætti að gera við skipið. Þá vildi svo til, að Nielsen framkvæmdarstjóri var staddur í Kaupmannahöfn, og var nú leitað ráða til hans og flotamálaráðuneytisins danska. Flotamálaráðuneytið ráðlagði að setja 20 smál. af steinsteypu í botn skipsins, til þess að „dýfa þyngdarpunktinum". En Nielsen sagði, að þetta væri ekki ráðið, skipið væri of stutt, það yrði að lengja það, og það varð svo úr, að hans ráði var fylgt, en ekki flotamálaráðuneytisins, með þeim afleiðingum, að Óðni varð bjargað. Óðinn er nú orðinn allgott sjóskip, eftir því sem unt er um skip, sem einusinni var svo vansmíðað. Jeg hefi enga sjómannsþekkingu til brunns að bera, og ef nýja skipið reynist betur en Óðinn, sem ekki er hægt að spá neinu um, þá er það mín eina dygð viðvíkjandi því, að jeg vissi um mína vanþekkingu og leitaði strax til þess manns, sem hjer hefir mesta reynslu um skipabyggingar; hefir hann svo lagt á ráðin um byggingu þess eins og skipa Eimskipafjelags Íslands. En vitanlega hefir hann svo fengið sjer til aðstoðar erlenda menn, þar sem hann getur ekki litið eftir við byggingu þess, en á hinn bóginn ráðið öllum aðalatriðum um gerð þess og þar bygt á sinni löngu sjómannsreynslu. Það er þess vegna síður en svo, að það væri neitt gleðiefni fyrir hv. þm. Vestm. að minnast á Óðin í þessu sambandi, vegna þess, sem ekki er hægt að neita, að af því að Nielsen var ekki fenginn til að ráða með stj. Íslands, heldur menn, sem stóðu nær hv. 2. þm. G.-K. að þekkingu og dómgreind í þessum efnum, þá varð Óðinn svo illa gerður eins og raun bar vitni um. En hitt, hvort einhver af þessum sjerfræðingum hefir fengið kross, er mjer ókunnugt um. (**MG:** Er ráðh. virkilega ókunnugt um það?). Jeg þekki ekki alla menn í Danmörku, sem hafa verið krossaðir. (**MG:** Og ekki heldur þennan?). Jeg man ekki til að hafa sjeð þann mann, sem hv. þm. virðist tala um.

Jeg er þá eftir langa leið kominn að byrjun þessa eldhúsdags, ræðu hv. 1. þm. Reykv., og jeg verð að segja það, að mjer þótti það alveg furðulegt, að hv. þm. skyldi nú vera orðinn svona fjarskalega ánægður með stj., því að hann hefir sjaldan verið það, og satt að segja varð mjer ekki um sel, þegar jeg heyrði alt þetta lof af vörum hv. þm. Jeg fór að verða hræddur um, að mjer hefði eitthvað alvarlega skjátlast. En svo lagaðist þetta fljótlega, svo að jeg fjekk strax örugga vissu um, að jeg væri á rjettri leið. Í ræðu hv. þm. er þó eitt atriði rjett, sem honum vitrari menn hafa veitt eftirtekt og sagt með öðrum orðum, en það er hv. þm. þó til sóma,

að hafa sjeð það. Hv. þm. sagði, að það væri í fyrsta skifti, sem hjer hefðu orðið stefnuskifti með stjórnarskiftum, þ. e. a. s. af því að það hefði skift um anda í stj. Þetta er alveg rjett. Áður hefir skift um nöfn, en ekki um verk. Jeg er t. d. þeirrar skoðunar, að það væri nær alveg sama, hvort það væri hv. 3. landsk. (JÞ), sem hefði stjórnarformenskuna, eða hv. þm. Dal. (SE), það sje enginn eðlismunur á nöfnum og líkamsstærð hlutaðeigenda. Þess vegna er það líka, að þessir tveir menn, sem áður deildu með allmiklum krafti og bægslagangi um völdin og vildu ekki treysta hvor öðrum, þeir hafa nú komist svo langt í andstöðu gegn stj., sem þeir eru báðir á móti, að þeir eru eiginlega komnir í sama flokk, og virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að þeir geti báðir verið í einni og sömu stj. Að þessu leyti er það rjett hjá hv. þm., að það hafi ekki orðið stjórnarskifti hjer á landi fyr en sumarið 1927; stefnuskiftin komu fram í viðhorfi til málanna. Í þessu sambandi er rjett að benda á hið breytta viðhorf í áfengismálinu, þá stefnubreyt., sem hefir verið veitt eftirtekt um alt land. Það er ekki nokkur maður í vafa um þá breytingu. Jeg get hjer sagt frá því, sem einn lögregluþjónn hjer í bæ hefir tjáð mjer, að stundum þegar hann hefir verið að taka drukkna sjómenn og sekta þá, þá hafi þeir verið að kvarta um þetta, að þeim líkaði ekki svo illa við núv. stj., en þetta með vínið, það hefði verið betra hjá fyrverandi stj. Drukknu mönnunum er það ljóst, að hjer er ekki aðeins um mannaskifti að ræða, heldur um breyttar gerðir.

En það var ekki rjett skýring, sem hv. þm. gaf á þessu atriði. Rjettari væri skýringin þannig, að segja, að um fyrv. stj. hafi staðið hópur af þeim mönnum, sem hafa haft besta aðstöðu til að braska í bönkunum og versla, og þjóðfjelagsskútunni hafi verið stýrt með hagsmuni þeirra fyrir augum. Lögin giltu aðallega fyrir þá, sem engan áttu að. Mbl. ætlaði í sumar að ganga af göflunum yfir því, að maður, sem það virtist halda hlífiskildi yfir, yrði að vera nokkra daga í fangelsi eftir dómi hæstarjettar. Og ástæðan til þess að lögin máttu ekki ná til þessa borgara, var sú, að hann væri „vinsæll". En er nokkur maður dæmdur í nokkru landi, sem ekki á einhverja vini og vandamenn? Víst ekki. En Íhaldið var svo vant við að bjarga sínum mönnum úr háska hegningarmálanna, að því finst himinn og jörð ætla að forganga, ef armur laganna nær jafnt til allra.

Þá mintist hv. þm. á það, að sjer fyndist jeg vera nokkuð harður við andstæðingana, og þetta skil jeg svo ósköp vel, úr því að það var áður siður, að menn væru misjafnir fyrir lögunum og misindismönnum hlíft við ábyrgð misgerða sinna, þeim hlíft, sem áttu vildarmenn á hærri stöðum, en fyrir hina, sem ekki áttu því láni að fagna, mjög stutt í steininn; þá er það skiljanlegt, að hv. þm. finnist það ofsókn, ef nú á að fara að hegna manni úr þeirri stjett, sem aldrei hafði verið hegnt áður. Sjálfur hefir nú hv. þm. ekki ástæðu til að kvarta um hörku núv. stj. Hann, sem er einn af meiriháttar andstæðingum mínum, hefir, jeg held síðan á síðasta eldhúsdegi, átt því láni að fagna, að hann hefir verið hækk-

aður úr docent upp í að verða prófessor. Það má kannske segja, að það sje heldur mikið tómlæti í því, að hann hefir aðeins verið settur, en ekki skipaður, en jeg hefi nú haldið, að guð almáttugur mundi ekki telja það stórsynd, þó að það væri látið bíða þangað til einhver íhaldsmaður getur skrifað undir þá ábyrgðarmiklu útnefningu. Jeg vil líka segja hv. þm. það, að þessi forfrömun, sem hann hefir orðið fyrir, mun ekki vera mjög kærkomin ýmsum góðum og frómum mönnum hjer í bæ. Jeg var skömmu fyrir þing í vetur boðaður að dánarbeði eins guðhræðds manns hjer í bænum. Hann var mjög óánægður með þessa ráðstöfun og vildi á þessari alvarlegu stundu tala við mig um þann voða, sem kirkjulífinu í landinu stæði af því, að slíkur maður sem hv. 1. þm. Reykv. ætti að undirbúa prestastjett þjóðarinnar undir starf sitt. Til að hugga manninn fremur en hryggja á þessu alvarlega augnabliki, sagðist jeg vera honum að vísu sammála um þetta efni, en hinsvegar væri nú veröldin einu sinni svo, að þar gengi ekki alt eins og það ætti að ganga, heimurinn væri barmafullur af synd og spillingu, menn yrðu því að sætta sig við þetta ástand eins og svo margt annað ilt; það væri ekki til þess að hugsa, að ætla sjer að fá heilagleik í öllu. (**MJ**: Dó hann svo rólega, auminginn?). Honum ljetti mikið við þessi almennu huggunarorð.

Jeg skal segja hjer aðra sögu, til að hrekja þá skoðun hv. þm., að jafnan sje mjög harkalega farið með Íhaldið. Svo stóð á fyrir nokkrum vikum, að einn af helstu andans mönnum Íhaldsflokksins — jeg óttast, að menn kunni að geta upp á manninum, af því að um svo fáa er að ræða með þeim eiginleikum — þurfti að fá undanþágu frá að gegna embætti sínu um stundarsakir. En hann var kvíðinn um þetta erindi sitt, hafði verið lengi hræddur um að fá neitun, því hann hafði í Mbl. sjeð svo mikið um, hvað stj. væri hörð við íhaldsbroddana. Svo kom hann á fund stj. Erindið var sanngjarnt og maðurinn fjekk því greiðlega lokið og gekk svo burt allshugar feginn. Á heimleiðinni hitti hann kunningja sinn niðri í bæ og sagði honum frá, að hann hefði verið á þessum voðalega stað, í stjórnarráðinu. Hinn bjóst auðvitað við, að hann færi að kvarta, en það varð eitthvað annað. „Andans maður" Íhaldsins sagði, að sjer hefði verið tekið vel; það væri munur heldur en þegar Jón Þorláksson var við völd. Hann hefði eflaust neitað þessu fyrst og síðan hefði Ólafur Thors mátt nudda og nöldra í viku og þá að lokum útvegað sjer leyfið, en með eftirtölum! Þessi saga sýnir, að helstu broddar Íhaldsflokksins hafa reynst alt annað en hv. þm. vill telja mönnum trú um, þegar þeir bera fram sæmilegar málaleitanir. Og það sýnir líka, hve rjettu málin voru rjettlítil í tíð Íhaldsins.

Þá talaði hv. þm. um Vífilsstaðamálið og mikið ranglæti, er þar hefði verið framið gagnvart hreinhjörtuðum íhaldssálum. Og niðurstaða hv. þm. var sú, að þar vildi jeg hefna mín á lækninum á Vífilsstöðum, vegna þess að hann væri bróðir fyrv. andstæðings í stjórnmálum. En röksemdaleiðsla þm. er ekki sterkari en það, að fyrir þessari ásökun er ekki flugufótur. Ekki hefir eitt hár verið skert á höfði

læknisins á Vífilsstöðum. Hann situr þar með sóma og „prakt", rjett eins og meðan bróðir hans var í stjórnarráðinu.

Hitt er annað mál, að komið hefir verið á öðru skipulagi um launakjör hjúkrunarkvenna og fleira starfsfólks á sjúkrahúsum landsins. Hjúkrunarkonur hafa haft hærri laun hjer á landi en þekkist í nálægum löndum. Yfirhjúkrunarkonan á Vífilsstöðum hafði kr. 250.00 á mánuði, en venjulegar hjúkrunarkonur kr. 150.00 á mán. og alt frítt. Þegar þess svo er gætt, að nám þeirra er ekki mjög langt og að þær vinna fyrir sjer að meira eða minna leyti á meðan á náminu stendur, þá sjest það, að kaupið er of hátt, samanborið við annað kaupgjald í landinu. Í Noregi hafa hjúkrunarkonur kr. 100.00 á mán. og yfirhjúkrunarkonur kr. 150.00 fyrst eftir að þær taka við starfi. Það, sem gert hefir verið á Vífilsstöðum, er það, að kaupið þar hefir verið fært niður til samræmis við kaup hjúkrunarkvenna í Noregi. Það leiðir af vaxandi fjölda sjúkrahúsa hjer á landi, að sýna verður fullkomna ráðdeild og stjórnsemi við rekstur þeirra. Reikningar ríkissjóðs sýna, að þau gleypa furðulega mikið fje árlega. Nú alveg nýlega bættist við Nýi-Kleppur. Þar þarf yfir 20 starfsmenn. Nýi læknirinn þar var mjer öldungis sammála um, að kaup hjúkrunarkvenna væri of hátt, og hefir hann ráðið sitt fólk upp á sömu kjör og á Vífilsstöðum.

Nú skal jeg gleðja hv. þm. með því, að fyrir utan þessa fjárhagsumbót, sem gerð hefir verið á Vífilsstöðum, þá hefir og verið gerð þar önnur umbót. Meðal sjúklinga hefir legið þar í landi þrálát óánægja yfir sumu af starfsfólkinu. 1922 varð þessi óánægja svo mögnuð, að hún brautst út í ljósum loga. Þáverandi stj. skipaði nefnd til að rannsaka þetta, og sú nefnd komst að raun um, að þar ríkti stórkostlegt óstand og ólag á sambúð sjúklinga við sumt af starfsfólkinu. Þessi nefnd skilaði áliti, en það var vendilega grafið niður í stjórnarráðinu. Hv. þm. Dal. var þá ráðh. heilbrigðismála, og var víst alveg samdóma venjulegu íhaldi um, að best væri að lofa ólaginu að lifa lengur. Þetta álitsskjal verður bráðlega birt með öðru fleiru í þeirri bláu bók, sem hv. þm. Vestm. var svo órólegur yfir. Þar má sjá, hvernig ástandið var á Vífilsstöðum árið 1922. Þar sjest, að nefndin rjeð til þess, að vissir starfsmenn hælisins væru látnir fara. En þegar nefndin hafði lokið störfum, þá datt alt í logn; hinum óvinsælu starfsmönnum var haldið. Óánægjan breiddist út frá einni kynslóð — ef svo má að orði komast — sjúklinga til annarar og lá sífelt eins og falinn eldur. En í sambandi við þær launabreyt., er nú hafa verið gerðar, hafa og verið gerðar nokkrar mannabreyt. og það starfsfólk, er ekki hafði lag á að vinna með sjúklingum, var látið fara. — Hv. þm. gengur þess varla dulinn, að aðalblað íhaldsflokksins hefir átalið flestar þær aðgerðir stj., er það hefir álitið, að gætu rýrt gengi hennar. En þar hefir ekki verið vikið einu einasta orði að mannabreyt. á Vífilsstöðum. Ritstjórnin hefir vitað, að sú skoðun var svo grunnmúruð hjá þúsundum manna úti um land, að skifti voru nauðsynleg.

Hjer hefir stj. því framkvæmt þá stefnubreyt. árið 1929, sem gera átti 1922, en íhaldsstjórnin og hennar fylgilið ljet ógerðar meðan hún gat.

Hv. 1. þm. Reykv. mun enga gleði fá af því að rifja upp afskifti fyrv. og núv. stj. af Vífilsstöðum. Málstaðurinn er þannig, að vansæmd íhaldsins mun jafnan aukast því meir, sem umr. lengjast um það mál.

Þá vjek hv. þm. að Shell-málinu og fanst það koma sjer illa fyrir stj., að hv. 1. þm. Skagf. og fjelagar hans voru ekki sakfeldir fyrir hæstarjetti af ákæru fyrir að hafa brotið atvinnulöggjöfina.

Jeg skal rifja upp fyrir hv. þm., hvernig málinu er háttað. Fyrir ekki alllöngu risu hjer upp við Skerjafjörð stórkostlegir steinolíugeymar. Það var talið, að íslenskt fjelag eigi þá. Þetta er miljónafyrirtæki. Það kom í ljós, að hluthafar voru að nafni til 5 „Íslendingar" í Reykjavík, og auk þess hið erlenda fjelag, sem allir vissu, að í raun og veru átti hina svonefndu ísl. eign. Þó að þetta hlutafje sje allmikið, verður „íslenska" deildin þar að auki að fá margfalda þá upphæð að láni frá móðurfjelaginu, bæði í fasteignir sínar og verslun. Fjelagið byrjaði á starfsemi sinni áður en það ljet skrásetja sig. Það er lagabrot. Þar að auki var talið, að fjelagið fullnægði ekki því skilyrði, að Íslendingar hefðu undirtökin í stj. þess. Var því einum af lögfræðingum landsins falið að gera bráðabirgðarannsókn á fjelaginu og öðrum fjelögum, er starfa í sömu grein. Við þá rannsókn kom margt í ljós, sem benti á, að andi laganna væri þverbrotinn af stofnendum fjelagsins Shell á Íslandi.

Það er ein af sögulegum staðreyndum þessa máls, að meðan hv. 1. þm. Skagf. var atvmrh., þá veitir hann hinu erlenda fjelagi, sem að þessu stendur, leyfi til að eiga landeign undir olíustöð við Skerjafjörð. En alt í einu er það ekki þetta erlenda fjelag, sem notar lóðina, heldur fjelag, svokallað íslenskt fjelag, með fjármagnið frá útlenda fjelaginu. Og í þessu nýja ‚íslenska fjelagi' er hv. 1. þm. Skagf. formaður!

Nú skal skýrt frá, hvernig meiri hl. hlutafjárins á að teljast ísl. eign. Fjórir ísl. menn eru taldir að eiga 2000 kr. hver, eða samtals 8000 kr. Fimti Íslendingurinn, sem lengi hefir verið búsettur erlendis, leggur svo fram kr. 244000. Þá er kominn rúmlega helmingur hlutafjárins. En var þetta raunveruleg eign þessara ísl. manna? Það er tilgangur laganna, að yfirráðin sjeu hjá Íslendingum. En það kom í ljós við eftirgrenslan, að sá maðurinn, er mest fjeð hafði lagt fram, mundi hafa fengið það að mestu leyti eða öllu að láni hjá breska fjelaginu. Eða að breska fjelagið ætti í raun og veru hans hlut og að eign hans á því væri aðeins yfirskin til að fara í kringum íslensk lög. Ennfremur voru líkur færðar fram fyrir því, að þessar 8 þús. kr., er taldar voru eign Íslendinga, væru gjöf frá erlenda fjelaginu. Leppmenskan virðist því liggja í augum uppi í þessu máli, enda er almenningur ekki í neinum vafa um, að svo sje.

En hvað vann þá erlenda fjelagið með því að láta leppa sig hjer? Með því móti gat það vaxið í allar áttir sem íslenskt fjelag, án nokkurs þess aðhalds, sem löggjöfin ætlast til, að

útlend fyrirtæki hafi í landinu. Það gat átt eignir um alt land, gat aukið þær eins og það vildi, án þess að spyrja nokkurn um leyfi.

Væri nú grundvöllurinn þessi og að hjer væri um leppmensku að ræða, þá var það hrein og bein svívirðing, að fyrverandi dómsmrh. landsins, hv. 1. þm. Skagf., skyldi ljá sig til slíkra hluta. — Og hættan, sem sjálfstæði landsins stóð af því, ef útlend stórgróðafjelög geta vaðið uppi hjer á þann hátt, með stuðningi manna, sem nokkur hluti þjóðarinnar hefir misskilið og veitt trúnaðarumboð, var svo mikil, að rannsókn var óumflýjanleg. Og ef löggjöfin var svo ófullkomin, að hún veitti þjóðinni ekki þá vernd, sem hún þurfti, þá fjekst með rannsókn og dómi grundvöllur til að byggja á nýja og endurbætta löggjöf.

Með vaxandi viðskiftum þjóðarinnar við erlendar þjóðir reynir fyrst á það, hvort erlent „kapital" á að fá að streyma inn í landið óhindrað eða ekki. Ef við álítum, að Íslendingar eigi að vera húsbændur á sínu eigin heimili, þá verðum við að vinna á móti leppmenskunni í öllum hennar myndum.

Málið var dæmt í báðum rjettum. En áður en það var dæmt í hæstarjetti, var fengin framhaldsrannsókn í málinu.

Til skýringar því, hvernig fjármagn fjelagsins er til komið, skal jeg lesa hjer upp brjef frá „The Anglo Saxon Petroleum Co. Ltd." til h/f Shell á Íslandi, ritað 16. mars 1928 — með leyfi hæstv. forseta:

„Vjer staðfestum hjer með, að 16. janúar greiddum vjer af höndum fyrir yðar reikning kr. 492000.00, sem eru upphæðir hluta, sem neðangreindir menn hafa ritað sig fyrir í fjelagi yðar; greiðslurnar vegna hr. Debenham og dr. Ólafsson fóru fram samkvæmt beiðni þeirra.

| | |
|---|---|
| Hr. A. S. Debenham .... | 98000 kr. |
| The. Anglo-Saxon Pet. Co. Ltd. ..... | 150000 — |
| Dr. B. Ólafsson ..... | 244000 — |
| Samt. | 492000 kr." |

Nú bið jeg hv. þdm. að athuga það, að brjefið er ritað 16. mars 1928. Þá tilkynna þeir íslenska fjelaginu, að þeir hafi borgað til þeirra alt hlutafjeð, að frátöldum þeim 8 þús. kr., er líkur benda á, að þeir hafi áður gefið „Íslendingunum". Þetta brjef sannar, að allir peningarnir að heita má í ‚íslenska' fjelaginu eru komnir frá enska fjelaginu. Hver einasti eyrir, nema þessar 8 þús. kr., sem kunnugir þykjast vita, að sje hrein og bein gjöf eða ómakslaun fyrir fjelagsstofnun þessa frá hendi hins erlenda fjelags. Aðalfúlgan, kr. 244000, frá Björgúlfi Ólafssyni, kemur beint frá enska fjelaginu um leið og það sendir sitt eigið framlag. Menn geta giskað á, hvaðan þeir peningar koma.

Nú skal jeg athuga nokkur önnur atriði málsins. Bæjarfógetinn í Reykjavík, hv. þm. Seyðf., sýknar hluthafa af því að hafa brotið lögin, af því að sannanir bresti fyrir því, að hjer sje um annað að ræða en alíslenskt fyrirtæki. En við framhaldsrannsókn, er gerð var í málinu, kemur ýmislegt í ljós, er sýnir nánar, hvernig fjelaginu er fyrir komið. — Einn af hluthöfunum, Hallgrímur Tulinius, segir svo frá

í rjettarhaldi 14. jan. 1929 — með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirheyrður kveður engan skriflegan samning hafa verið gerðan um eignayfirfærslu greindra mannvirkja frá Anglo Saxon Petroleum Co. Ltd. til h/f Shell á Íslandi; en munnlegt samkomulag hafi orðið á öllum eignunum til væntanlegs hlutafjelags á milli núverandi íslenskra hluthafa í h/f Shell, að undanteknum Magnúsi Guðmundssyni, og umboðsmanns enska Shellhringsins, Mr. Howe, sem kom til Reykjavíkur um áramótin 1926—1927. Yfirheyrður var staddur í London árið 1927 og var þá þetta samkomulag staðfest að nýju af yfirheyrðum munnlega fyrir hönd fyrgreindra manna, og á árinu 1928, eftir að h/f Shell var stofnað, var yfirheyrður enn staddur í London og staðfesti þá greint samkomulag munnlega fyrir hönd h/f Shell á Íslandi. Samkvæmt þessu samkomulagi telur yfirheyrði h/f Shell á Íslandi hinn raunverulega eiganda greindra mannvirkja, með því að þau hafi upprunalega verið reist með það fyrir augum".

Jeg býst við, að það verði mönnum alment undrunarefni, að meðan þessar stórkostlegu „forretningar" eru að gerast, ár eftir ár, þá skuli aldrei hafa verið gerður um þær skriflegur samningur! Að minsta kosti trúir enska fjelagið þessum vinum sínum prýðilega vel, úr því að það þarf ekki svo mikið sem kvittanir, að því er virðist, fyrir mörg hundruð þús. og jafnvel milj. framlagi. Það er eitthvað annað en þegar við smælingjar hjer heima þurfum að fá 100 kr. víxil í banka. Þá þurfum við að koma með sterka og valda ábyrgðarmenn og ganga mjög vandlega og tryggilega frá öllum slíkum samningum.

Við lokayfirheyrsluna í málinu rjett áður en dómur fjell er Björgúlfur Ólafsson, sem er stórfiskurinn í fjelaginu, spurður að því, hve innieign hans hjá fjelaginu hafi verið mikil áður en hann fær þessa sendingu. Hann neitar að svara því. Og þegar hann er spurður að því, hve stórt lán hann hafi fengið, skorast hann einnig undan að svara því og sagði, að það væri sitt einkamál. Síðast var hann spurður að því, hvaða skilríki fjelagið hefði fengið fyrir skuld hans við það. Hann skorast einnig undan að svara því og kveður það einnig sitt einkamál. (**MG:** Hví ljet dómarinn hann ekki svara? Hann hafði þó vald til þess). Átti hann máske að stinga hann með títuprjónum eða svelta hann? Hvað ætli hæstirjettur hefði sagt þá? — Einn þáttur þessa máls var það, að dómarinn lagði fyrir þennan aðaleiganda fjelagsins að leggja fram brjef, er hafði farið milli hans og hinna erlendu stjórnenda Shell. Hann hafði nú reyndar ekkert á móti því, en sagðist ekki vita, hvort hann hefði það í fórum sínum, því það hefði svo mikið glatast og eyðilagst fyrir sjer af ýmsum skjölum, er hann flutti til Bessastaða. Dómarinn bað hann þá að leita vandlega og vita, hvort hann fyndi það ekki. Og í síðasta rjettarhaldinu gerðist þetta — með leyfi hæstv. forseta:

„Þá lýsti dómarinn því yfir, að hann hafi fengið þá vitneskju hjá hr. Björgúlfi Ólafssyni á Bessastöðum, að brjef þau, er um getur í rjettarhaldinu á Bessastöðum í gær, hafi eigi fundist".

Sá sorglegi sannleikur kemur þannig í ljós, að brjefið hefir glatast við

flutninginn til Bessastaða. Það eru því meir en lítil óhöpp, er fylgja því, að það verði formlega sannað, að eignir þessa fjelags sjeu íslenskar. Önnur eins óhöpp hafa víst aldrei áður komið fyrir í sögu stóreigna á Íslandi. Því ofan á þessa miklu tiltrú, er hinir erlendu menn hafa sýnt þessum Íslendingum, bætist það gáleysi, að þegar helsti hluthafinn flytur til Bessastaða ca. 15. km. leið, í lokuðum bíl, þá gætir hann skjala sinna svo illa, að þessi merkilegu plögg glatast öll, svo ekkert er til, er geti upplýst eignaaðstöðu fjelagsins Shell á Íslandi.

Hæstirjettur tók nú þessi óhöpp til greina og sýknaði fjelagið vegna vantandi sannana á því, að þetta væri ekki algerlega íslensk eign. Þetta er „juridiskur" sýknudómur. En það er til annar dómur, er heitir almenningsdómur. Og samkv. honum þurfa þessir menn ekki að vera saklausir; því þeir geta vel verið sekir, þó að nokkur brjef týnist og hæstirjettur sýkni þá þess vegna af varasemi. Jeg sagði, að dómurinn í Shell-málinu væri „juridiskur" sýknudómur, en það er alls ekki sama og verulegur sýknudómur. Í þessu tilfelli vita allir Íslendingar fullvel, og enginn neitar því þegar umtal er um málið manna milli, að í íslenska ‚Shell' sje ekki einn íslenskur blóðdropi, það sje og verði útlend eign undir fullkomlega erlendum yfirráðum, og að formaðurinn, hv. 1. þm. Skagf., sje í hinni allra verstu og aumlegustu aðstöðu. En dómarar neyðast oft til að sýkna menn, jafnvel þjófa og morðingja, sem allir vita að eru sekir, af því að þeir telja, að vanti þær sannanir, sem bókstafur laganna heimtar. Þannig var t. d. ástatt um morðmál það, sem gaf ástæðu til hins svonefnda Skúlamáls. Allir kunnugir menn vissu, hver hafði drýgt glæpinn. En það sannaðist ekki „juridiskt" og þess vegna slapp hinn seki. En er hv. 1. þm. Skagf. fróun að fá slíka sýknu?

Það, sem mestu skifti í þessu máli, var ekki það, hvort þessir svokölluðu „Íslendingar", er hlut áttu að máli, hefðu fengið sekt eða ekki. Hitt var miklu meira virði og aðalatriðið, að sterkar líkur væru fyrir því, að veggur sá, er íslenska þjóðin hefir hlaðið til varnar gegn útlendri yfirdrotnun auðugra hlutafjelaga, væri of veikur. Og út af lyktum þessa máls býst jeg því við, að leggja verði fyrir næsta þing frv., sem geri það erfiðara en nú er fyrir útlent fjármagn að læðast hjer um í íslenskum fötum.

Þá áfeldi hv. 1. þm. Reykv. mig mjög fyrir það, að jeg skyldi ekki hafa veitt fyrv. bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni lögmannsembættið. Ennfremur áfeldi hann mig fyrir nafnið á þessu embætti. Jeg er nú hissa á því, að jafnþjóðlegur maður og hv. þm. þykist vera skuli álíta, að nafnið bæjarfógeti, sem er ljót þýðing á dönsku orði frá mesta niðurlægingartímabili íslensku þjóðarinnar, sje betra en hið gamla og góða orð: lögmaður. Að vísu hafði það nokkuð aðra merkingu áður, en jeg hygg rjett að taka þetta orð í stað orðanna sýslumaður og bæjarfógeti í lagamáli landsins. Að því er snertir hitt atriðið, að sjálfsagt hafi verið að setja fyrv. bæjarfógeta inn í embættið aftur, þá vil jeg benda á það, að það lá fyrir skrifleg yfirlýsing frá honum um, að hann óskaði þess ekki. Hafa brjef þau, er fóru milli hans

og stjórnarráðsins út af þessu, áður verið birt.

13. okt. síðastl. ritar fyrv. bæjarfógeti að vísu stjórnarráðinu, þar sem hann getur þess, að hann sje fús til þess að gegna hinu nýja lögmannsembætti fyrst um sinn, en óskar að fá svar fyrir 15. nóv. næstk., en þá var umsóknarfresturinn hálfnaður. — Stuttu síðar, eða 13. nóv., er þessu brjefi hans svo svarað. Jeg ætla ekki að lesa það upp, en aðeins að geta þess, að bæjarfógeta er þar bent á, að embætti hans hafi ekki verið endurskoðað síðastl. 10 ár, og því sje ekki hægt að átta sig á því, hvort hann muni vera bestur af hugsanlegum umsækjendum. Embættisathugun þessi sje nú aðeins hálfnuð. Brjefið endar með þessum orðum, — með leyfi hæstv. forseta:

„Hinsvegar álítur stj. fyrir sitt leyti sjálfsagt að skoða brjef yðar sem formlega umsókn um lögmannsembættið, nema skýr fyrirmæli komi frá yður um það gagnstæða. Þess vegna mun engin ákvörðun tekin um starfrækslu lögmannsembættisins fyr en í næsta mánuði, þegar umsóknarfresturinn er liðinn og embættisathugun sú, er fyr var að vikið, er að fullu framkvæmd".

Þetta áleit stj. fyllilega „loyalt" brjef, því honum voru þar aðeins sett sömu skilyrði og öðrum umsækjendum.

15. nóv. skrifar svo bæjarfógetinn — með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni í hæstvirtu brjefi Dómsmálaráðuneytisins til mín, dagsettu 13. þ. m., skal jeg virðingarfylst leyfa mjer að taka það fram, að brjef mitt til þess, dags. 13. f. m., ber ekki að skoða sem umsókn um lögmannsembættið nýja".

Þar með lá fyrir yfirlýsing frá hlutaðeigandi manni, þar sem hann lýsir því yfir, að hann vilji ekki sækja um embættið nema hann njóti sjerrjettinda fram yfir hina umsækjendurna. En það er einmitt það, sem jeg held að íhaldið vilji. Það vill láta dæma sig eftir öðrum og vægari lögum en alla aðra. Þegar Jóhannes fyrv. bæjarfógeti hafði skrifað þetta brjef, kom hann vitanlega ekki til greina sem umsækjandi. Að öðru leyti mun jeg ekki ótilneyddur fara frekar út í það mál, því það er nú fyrir hæstarjetti, eins og öllum er kunnugt, og má vel svo fara, að það verði betur tekið til athugunar frá þeirri hlið, sem snýr að embættavelsæmi í landinu, á næsta eldhúsdegi. En vel mega íhaldsmenn sjá af þessu atviki, að núverandi stj. er ekki í vandræðum með umræðuefni við andstæðinga sína, úr því að slík málsefni sem embættisfærsla þess manns, sem íhaldið vildi nú gera að æðsta starfsmanni Alþingis, fær að bíða heilt ár, fram yfir það, sem verið myndi, ef sá þingflokkur, sem hv. þm. Seyðf. er í, hefði verið í meiri hl. og haft slík málsefni á andstæðinga sína. Sýnir þessi aðferð bæði mun á mönnum og málstað.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði mig að því, hvort jeg mundi hafa látið fara fram rannsókn út af samskonar misfellum á embættisrekstri og hjer um ræðir, ef hlutaðeigandi hefði verið kunningi minn eða samherji. Þessu er ekki gott að svara. Það hefir ekki reynt á það ennþá og því ekki hægt að segja, hvað gert mundi verða í tilfellum, sem ekki liggja fyrir. En jeg

skora á hv. andstæðinga að nefna dæmi, þar sem núv. stj. hafi hlíft fjársvikamanninum vegna flokksfylgis.

Þá skal jeg gleðja hv. þm. með því að viðurkenna, að hann hefir ugglaust gert mörgum kjósendum sínum til geðs, er hann ljet í ljós óánægju sína yfir því, að skattstjórinn, Helgi Briem, væri að rekast í því, hve miklar eignir ýmsir menn hjer í bænum ættu og vildi fá þá til þess að gefa það upp. Þessi ungi maður er sonur Páls Briems, er var skörungur hinn mesti og einhver besti lögfræðingur landsins á sínum tíma. Eitt, sem einkendi hann sjerstaklega, var sterk rjettlætistilfinning. Það lítur nú út fyrir, að sonur hans hafi erft mikið af þessum fremur sjaldgæfa eiginleika. Þetta hefir haft þau áhrif á mikinn fjölda af „bestu borgurum" bæjarins, að þeir óttast nýja skattstjórann og telja miklu sannara fram en títt mun hafa verið í tíð fyrirrennara hans, hr. Einars Arnórssonar. Aðstaðan hjer í fjölmenninu er ekki sambærileg við aðstöðuna í sveitunum, þar sem hver þekkir annars efnahag. Því hefir það komið fyrir hjer, að ýmsir gróðabrallsmenn hafa í skjóli ókunnugleikans leikið sjer að því að draga miklar eignir sínar og háar tekjur undan við skattaframtal. Mjög algengt hefir verið, að borgarar hjer hafa talið sig skulda án þess að segja til lánardrottins. Nýi skattstjórinn heimtar að vita, hvar skuldin er, því að þá sjest um leið, hvar innstæðan er. Þetta hefir komið mörgum sómamanni af þeim, sem veita hv. 1 þm. Reykv. brautargengi, býsna illa, og þeirra vegna reiðist hann. En umhyggja hv. þm. er nú samt ekki af betri toga spunnin en þeim, að hann virðist vilja, að skattsvik í stórum stíl geti blómgast í kjördæmi hans.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. að víta það, að jeg skyldi setja nefnd til þess að athuga og koma betra skipulagi á kirkjumálefnin í landinu. Hann ætti þó að geta skilið öðrum betur, hver nauðsyn er á slíku til þess að kirkjan verði það lifandi afl í þjóðfjelaginu, sem hún á að vera. En nú gilda í kirkjumálunum margar þær reglur og fyrirmæli, sem brýn nauðsyn er á, að bætt verði úr sem allra fyrst. Til dæmis um, hvað getur átt sjer stað í þessum efnum, skal jeg geta þess, að tveir gersamlega ómögulegir menn hafa gegnt prestskap í 50 ár samfleytt. Hafa þeir nýlega látið af embætti. Annar var svo skapi farinn og innrættur, að hann lamdi og misþyrmdi sóknarbörnum sínum, auk þess að hann lá í stöðugum málaferlum við þau. T. d. handleggsbraut hann eitt af sóknarbörnunum, velmetinn bónda í sveitinni. Þennan mann gat söfnuðurinn ekki losað sig við, vegna þess hvernig lögum um þetta efni er háttað. Hinn var ekki eins höggviss nje eins mikill bardagamaður, en um 50 ára skeið níddi hann niður jörð þá, er hann sat, og eyddi öllum andlegum áhuga í sókn sinni. Þetta var fátt af því, er kirkjumálanefndin tók til athugunar. Finst hv. þm. nokkuð ósamboðið kirkjulífinu í landinu, þó að söfnuðir fengju vald til að segja upp starfi slíkra sálusorgara? En vilji hann heldur núverandi ástand, sýnir það, að þm. lítur á prestskapinn eins og brauðatvinnu, sem lærisveinar hans eigi að njóta, jafnvel þó að starf þeirra sje í fullkomnasta ósamræmi við yfirlýstan tilgang kirkjunnar.

Þetta tek jeg aðeins sem dæmi þess, er gera þarf á þessu sviði. En það er margt annað, sem nefndin hefir haft til athugunar og nú þegar gert till. um, enda ber henni það samkv. erindisbrjefi sínu.

Þá sagði hv. þm., að það væri ófært af stj. að fá slíka aðstoð án þess að spyrja þingið. En jeg vil benda hv. þm. á, að það kvað við í öðrum tón hjá hv. þm. Dal., er hann var að tala um löggjafarnefndina. Hann sagði þá, að verið væri að neyða upp á stj. lögboðinni nefnd. Í stað þess ætti stj. í hverju einstöku tilfelli að velja sjer launaða aðstoðarmenn.

En þegar um stórmál er að ræða, verður að grafa djúpt, svo komist verði fyrir rætur þess. Stundum nægir, að einn maður leysi verkið af höndum, en stundum þarf aftur á móti fleiri. Jeg get glatt hv. 1. þm. Reykv., sem kirkjulegan og veraldlegan höfðingja, með því, að ef farið verður eftir till. nefndarinnar um viðgerð húsa á einu prestssetri, sparast meira en þessi störf n. kostuðu í alt. Finst hv. þm. goðgá að gera tvent í einu, að spara á ríkisrekstrinum og koma á betra skipulagi?

Þá mintist hv. þm. á járnbrautarmálið og fundina eystra í sumar, en sá hv. þm. gleymdi því, að jeg er einn af þeim 6 þingmönnum, sem kosnir eru fyrir alt landið, og ber því skylda til að tala um slík mál við kjósendur mína hvar sem er á landinu. En þessa skyldu vanrækja í meira lagi sumir hinir landskjörnu íhaldsfulltrúar. Hve mörg leiðarþing hafa þeir haldið, hinn landskjörni íhaldsfulltrúi á Suðurlandi og kvenfulltrúinn svonefndi? Þá mintist hv. þm. á vatnamálið og vildi ekki gera mikið úr því. En jeg get sagt hv. þm. það, að í sumar var haldinn fyrir mína forgöngu fundur um það mál á Þverárbökkum, og þangað streymdi fjöldi manna, konur og karlar á öllum aldri úr þeim sveitum, sem liggja undir ágangi og stórspjöllum af völdum þessara vatna. Voru allir á einu máli um það, að stofna fjelag til verndar hjeraðinu gegn vatnaáganginum. Áður hafði sveitardráttur á þessu svæði hindrað rjett átök í málinu. Fyrsta sporið í þessu stórkostlega velferðarmáli hjeraðsins var að fá hjeraðsbúa til að vera samtaka og hjálpa sjer sjálfir eftir mætti, því að þá mun hægra um vik að afla stuðnings frá þjóðfjelaginu. En það er fast einkenni íhaldsins, að þegar einhver reynir að koma af stað umbótum og hefst handa, þá mætir hann ásökunum og ofsóknum af þeirra hálfu, sökum þess, að sjálfir hafa þeir ekkert gert til almenningsheilla og vilja ekki heldur, að aðrir geri neitt.

Nú er mikill áhugi vaknaður um framkvæmdir í þessu efni. Bændur á vatnasvæðinu eru búnir að stofna með sjer fjelagsskap. Þar vinna saman menn úr öllum flokkum að hinu mikla verki að stokka og brúa Markarfljót og Þverá. Augu manna hafa opnast, og nú eru komnar fram kröfur um það, að breyta lögunum frá árinu 1917, sem eiga ekki við lengur. Í áframhaldi af þessari fjelagsstofnun má nefna það, að vegamálastjóri hefir dvalið undanfarnar vikur í Suður-Þýskalandi, til þess að kynna sjer, hvaða aðferðir þeir notuðu þar til að beisla jökulárnar. Hann var nú að vísu nokkuð óheppinn, því að tíðin

var svo köld og snjórinn þakti jörðina þannig, að hann gat ekki sjeð öll þau mannvirki, sem þar hafa verið gerð, en hann telur þó, að hann hafi sjeð nógu mikið til þess, að það megi að verulegu gagni koma í þessu efni.

Meðan þessi góða veðrátta helst, er það skiljanlegt, að menn kunni ekki að meta járnbraut, en þegar hinir köldu vetur koma með frostum og snjóalögum, þannig að umferð teppist og flutningur austur yfir fjall í 4—6 mánuði, sökum fanna, þá mun áhuginn vakna fyrir lausn þessa máls og menn munu fegnir vinna alt til, að þessi samgöngutæki komist hjer á.

Um járnbrautina er það að segja, að jeg ætlaðist til, að þar yrði farin lík leið, að menn eystra og Reykvíkingar gengju í fjelag um málið og sýndu í verki trú sína á þessari nauðsynlegu framkvæmd. Á fundinum tók enginn ver í málið en hv. 1. þm. Reykv. Hann sagði, að meiri hluti Reykvíkinga væri mótfallinn málinu, og ef svo er, þá er lítil von um, að járnbraut geti komist á fyrst um sinn. Fyrst verður að byrja á því að leggja andlega járnbraut millum þeirra, sem mannvirkis þessa hafa mesta þörf, en það eru Reykvíkingar, Hafnfirðingar og bændur austanfjalls, þangað til allir austan fjalls og vestan eru á eitt sáttir í málinu. Þá fyrst geta menn farið að búast við járnbraut, þar eð áhugi manna í þessum efnum mun leiða málið til sigurs.

Ef það er satt hjá hv. 1. þm. Reykv., sem fram kom í ræðu hans á járnbrautarfundinum, að meiri hl. kjósenda hans sje mótfallinn járnbraut, þá blæs sannarlega ekki byrlega fyrir því máli. Því á meðan íbúar þeirra landshluta, sem njóta eiga samgöngubótarinnar, geta ekki sameinast um málið, nje vilja töluvert á sig leggja til þess að hrinda því fram, mun erfitt að sannfæra íbúa annara landshluta um hina sönnu nytsemi þessa samgöngumáls Sunnlendinga.

En hv. þm. má ekki gleyma því, að á þessum fundi lagði hann mest til málanna, og þá þeir hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. G.-K. Það er því líkast, sem hinn gamli járnbrautaráhugi hv. form. Íhaldsflokksins sje snúinn upp í þrjósku og andúð. Og eftir höfðinu dansa limirnir — sjerstaklega þeir litlu, eins og hv. 1. þm. Reykv.

Þá vjek hv. 1. þm. Reykv. að Laugarvatnsskólanum, en jeg hefi sagt honum það áður, að það er þýðingarlaust fyrir hann að ætla að vekja úlfúð um það mál. Það er mála sannast, að hver maður, sem fer um hringbrautina, sem nú er að myndast, um Þingvelli, Laugardal og þaðan til Reykjavíkur hina eystri leið, og það jafnvel römmustu íhaldskarlar, álíta, að Laugarvatnsskólinn sómi sjer vel og sje hin glæsilegasta stofnun, og mjer er ekki grunlaust um, að þeim sumum þyki framkoma framsóknarstjórnarinnar í því máli miklu sómasamlegri heldur en hin sljóa, heimska og neikvæða barátta Mbl. og þess fylgifiska, sem vilja, að engin mentastofnun sje til á Suðurlandi. Jeg hygg, að það sje best fyrir hv. 1. þm. Reykv. að tala sem minst um þetta mál, því að það er klappað og klárt og gerðir okkar framsóknarmanna í því máli verða ekki hjeðan af lagðar í rústir.

Þá endaði hv. þm. með því að áfell-

ast mig fyrir gerðir mínar við mentaskólann, og því vil jeg taka hjer upp nokkrar umbætur, sem jeg hefi látið gera á skólanum, og bera það saman við gerðir fyrv. stj. Nokkrum dögum eftir að jeg hafði tekið við stjórnarstörfum, fór jeg upp í skólann, og fann jeg þá, að skólinn hafði á flesta grein verið herfilega vanræktur. Skólinn var frámunalega illa hirtur utan og innan, enda fjekk jeg að vita, að töluvert hafði kveðið að berklum í skólanum á undanförnum árum. Ljet jeg þá setja í skólann rafdælu, sem þrýstir hreinu lofti í hvern bekk. Sjálfsagt hefir það bjargað mörgum nemanda frá veikindum, en andstæðingar mínir hafa óspart ráðist á mig fyrir þetta. Mjög miklar umbætur hafa verið gerðar á skólanum nú þegar, en meira mun þó gert í sumar. Morgunbl. og Íhaldsflokkurinn í bæjarstjórn hafa gert sitt til að spilla fyrir sumum sjálfsögðustu umbótunum. Þannig hafa íhaldsmenn í bæjarstjórninni neitað að láta skólann hafa blett undir heimavist, grasblett fyrir leikvöll og jafnvel neitað um svolitla sneið af urð og mel undir bátahús fyrir nemendur skólans, sem reisa átti við Skerjafjörð. Stj. hefir samt ekki látið íhaldsstefnuna sigra í þessu máli og stutt rektor og leikfimikennara skólans til að fá leigða báta hjer við höfnina, og nú stunda um 150 nemendur úr skólanum róðraræfingar hjer á höfninni, og þykir fátt skemtilegra af því námi, sem þeir annars eiga kost á. Hv. þm. talaði um blautu fötin og taldi það hinn mesta óþarfa að taka sjerstaka stofu í skólanum undir þau, en þetta sýnir, á hvaða menningarstigi hann og hans flokkur stendur. Í þessu sambandi skal jeg minnast á tvö hlægileg atvik, sem fyrir komu, er verið var að gera þessar umbætur. Það stóð svo á í skólanum, að þar vantaði helming þeirra salerna, sem heilsufræðingar telja, að þurfi að vera. Jeg vildi nú kippa þessu í lag, en það var ekki hægt nema með því móti að láta stækka viðbygginguna, sem er við bakhlið skólahússins. Íhaldsmenn í bæjarstjórn lögðust svo fast á móti þessu, að ekki var við það komandi að fá leyfi bæjarstjórnar til þessa stórvirkis, og leikurinn endaði svo, að úr þessu varð að skera uppi í stjórnarráði. Sögðu menn, að Íhaldið ætlaði þarna að fara að leika hetju úr Laxdælu og dreita piltana inni.

Hinn atburðurinn var sá, að er blaðamönnum var boðið upp í skólann til þess að dæma um útlit hans áður en byrjað var á aðgerðum í sumar, þá kom enginn frá íhaldsblöðunum, og sýnir þetta ljóslega, hvað menn af því sauðahúsi bera mikla umhyggju fyrir skólanum. Sennilega hafa þessir málsvarar Íhaldsins stórskammast sín fyrir útganginn á skólanum, eins og þeir höfðu skilið við garðana í Gröf. En síst reyndust þm. Mbl. betri en fjóluskrifarar flokksins, því að í vetur bauð jeg öllum þm. upp í skólann og sýndi þeim, hvaða umbætur höfðu verið gerðar og hvað væri ógert, en Íhaldið mætti ekki. Ekki einn einasti íhaldsmaður hafði þá ræktarsemi við þessa stærstu og dýrustu mentastofnun landsins að vilja fylgjast með umbótunum þar. Ekki kom heldur fylgihnöttur Íhaldsins, hv. þm. Dal., en flestir aðrir þm.

Áður en jeg lýk við skólamálin, ætla jeg að minnast á framkomu Akureyrar gagnvart gagnfræðaskólanum

og Mbl.manna í Reykjavík gagnvart mentaskólanum. Akureyrarbær sýndi, að hann ljet sjer ant um sinn skóla, með því að gefa honum 12 dagslátta land, lóðir og tún, sem skólinn skyldi hafa til frjálsra afnota. En þegar stj. fór fram á við bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún ljeti skólanum í tje 2 lóðir, sem liggja á bak við skólahúsið, til þess að það yrði rýmra um nemendur og mætti koma við heimavist, og að hún gæfi skólanum leikvöll suður í Fossvogi, til þess að þeir gætu iðkað þar knattspyrnu og æft sig í öðrum íþróttum, og að síðustu lóð undir bátaskúr þar suðurfrá, var ekki við það komandi. Mbl.-menn bæjarstjórnar Reykjavíkur neituðu þessu öllu og sýndu með því, að þeir vilja ekkert gera fyrir þessa elstu mentastofnun landsins, þó að nemendur sjeu flestir hjeðan úr bænum.

Þá vitnaði hv. þm. í skammagrein um mig og hv. 1. þm. Skagf., sem Jón heitinn Thoroddsen reit eitt sinn í Alþýðubl., þegar á kosningabaráttu stóð. Þar kallaði hann okkur báða svikara. Báðir værum við á bændaveiðum, en hv. 1. þm. Skagf. veiddi bara úrhrakið, en jeg hina betri. Ætti jeg því, samkv. þessari grein, sem íhaldsmenn virðast trúa statt og stöðugt, að vera langtum betri maður en hv. 1. þm. Skagf., eins og líka hefir lengi verið alment viðurkent.

Annars er það dálítið furðulegt, að Íhaldið skuli gera að undirstöðu í al mennri, pólitískri baráttu sinni óvalda skammagrein, skrifaða um kosningar, þar sem það sjálft ber miklu lakari hlut frá borði en andstöðuflokkur þess.

Jeg vil svo að allra síðustu samhryggjast hv. 1. þm. Reykv. í sambandi við þær raunir, sem hann hefir orðið fyrir á árinu. Hann hefir sem sje síðan í fyrravor mist ósköp fínt og fallegt bein, sem hann þá sat við að naga, og ber sig að vonum illa út af því. Mjer kemur í hug, að honum ferst líkt og merkum manni einum, sem er búsettur ekki langt frá Reykjavík. Það kom fyrir þennan mann, að eitt sinn, er hann var að matast heima hjá sjer og hafði fengið mjög væna hnútu milli handanna, sem hann var í besta gengi að naga, þá er hringt í símanum og hann kvaddur til viðtals. Maðurinn lagði frá sjer hnútuna og gekk að símanum. En er hann kom aftur að borðinu, var hnútan horfin. Varð þá manninum að orði: „Svona fer það æfinlega. Ef jeg eignast bein, þá tekur einhver það af mjer!“

Þannig fór líka fyrir hv. 1. þm. Reykv.

**Fjmrh. (Einar Árnason)**: Það var hv. 1. þm. Reykv., sem í ræðu sinni í gær gerði að umtalsefni úrskurð viðvíkjandi skattsektum, sem nýgenginn er í fjármálaráðuneytinu. Vegna þess að þetta er mjer viðkomandi, vildi jeg segja nokkur orð, en jeg skal lofa því að taka ekki mikinn tíma frá þeim hv. dm., sem bíða eftir að komast að. Mjer þykir að vísu leitt, að hv. 1. þm. Reykv. skuli ekki vera viðstaddur, en það er ekki hægt að bíða eftir honum.

Þau eru tildrög þessa máls, að það kom í ljós í Reykjavík við síðasta skattframtal, að hjá allmörgum framteljendum var mikið ósamræmi á milli framtalsins og þeirra raunverulegu

eigna og tekna, sem vitað var um, að þessir menn hefðu. Undandráttur þessi gat ekki, eins og á stóð, stafað af misgáningi, vegna þess, að hjá ýmsum framteljendum nam hann mjög miklu fje, tugum og jafnvel hundruðum þúsunda. Þegar þetta kom á daginn, spurðist skattstjóri fyrir um það hjá fjármálaráðuneytinu, hverja meðferð málið skyldi hafa. Nú stendur það í lögunum um tekju- og eignarskatt, að þegar vísvitandi er skýrt rangt frá um nokkuð það, sem máli skiftir, skuli sá, sem það gerir, vera sekur um alt að 10-falda skattupphæðina. Þó má ekki miða við lengri tíma en 10 ár, nema þar sem um dánarbú er að ræða. Eftir þessum ákvæðum virðist vera samband á milli hámarks sektar og árafjöldans, sem rangt er talið fram. Það getur því legið nærri, ef ekki á annað borð á að fara upp í hámark sektar, að miða skattsektina með því að margfalda með árafjöldanum. Nú er það sannað, að öll árin, síðan tekju- og eignarskattslögin gengu í gildi, hefir verið svikinn skattur. Lögin hafa nú verið í gildi í 7 ár. Eftir því er sá undandráttur, sem lengst hefir verið viðhafður, 7 ára. Þess vegna var í þetta sinn ákveðið að 7-falda framtalið.

Jeg skal fúslega játa, að með þessu er farið vægilega í sakirnar, því að þegar þessari reglu er fylgt, þá verður skatturinn aðeins fjórfaldur. Jeg taldi hyggilegra að fara ekki mjög stranglega að að svo stöddu, af því að jeg áleit, að menn yrðu þá ljúfari að telja fram, en engu að síður er ekki loku fyrir það skotið, að síðar verði tekið harðara á þessu.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi í ræðu sinni í gær vafasamt, að hjer væri farið að lögum. Jeg hefi nú skýrt, hvernig þetta er, en jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi verið að reka erindi þeirra manna, sem eru óánægðir út af þessum úrskurði. Og jeg verð að segja, að jeg er ekkert hissa á því, þó að hlutaðeigendur sjeu óánægðir. Það er altaf svo, að þeir, sem brjóta lög, eru óánægðir, ef þeir eru látnir sæta ábyrgð á gerðum sínum. En þessi óánægja, sem nú er farið að flytja inn í þingið, hefir gert mjög mikið vart við sig gagnvart skattstjóranum, af því að hann hefir sýnt mikla röggsemi í því að fá framtalið sem rjettast. Og það er ekki altaf vel tekið upp, þegar verið er að reyna að leiða sannleikann í ljós.

Jeg verð að segja, að mjer fanst sá kafli í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem jeg hefi nú lítillega minst á, vera óleikur hlutaðeigandi mönnum, og mjer finst hv. þm. hefði getað tekið sjer eitthvað betra fyrir hendur en að tala hjer máli þeirra, sem hafa brotið lög landsins.

**Einar Jónsson:*** Jeg verð að byrja á því að lýsa því yfir, að þó að hæstv. dómsmrh., sem nú er nýbúinn með 5 klukkutíma ræðu, virtist álíta flest það heilagt og rjettlátt, sem hann hefir gert, þá er mín skoðun alt önnur. Það er þegar búið að minnast á margt, sem aflaga hefir farið hjá hæstv. stj., og jeg er ekki í vafa um það, að ef það væri alt tínt saman í eina skrá, yrði sú skrá æðilöng. Það er hægt að vitna í ýmsar aðgerðir hæstv. stj., sem hafa orðið landinu í heild sinni til

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

tjóns, og aðrar, sem hafa orðið til tjóns einstökum hjeruðum og einstökum mönnum. Það, sem jeg ætla aðallega að minnast á, eru nokkur þýðingarmikil atriði mínu kjördæmi viðkomandi, sem ekki hafa fengið þann stuðning hjá hæstv. stj., sem við mátti búast og rjett var.

Þegar jeg vitna í þessi stærri atriði, sem ekki hefir fengist afgreiðsla á, er það einkum Suðurlandsskólinn, sem jeg ber fyrir brjósti. Hann er nú kominn í það öngþveiti, að ekki hefir áður lakara verið. Eftir að búið var að skipa samninganefnd með mönnum úr báðum sýslunum og stjórnskipuðum oddamanni, höfðu Rangæingar talsverða von um, að lausn mundi fást á þessu máli. Eins og kunnugt er, ákvað nefndin, að skólinn skyldi vera að Árbæ í Holtum, og hefði það getað orðið gott og blessað, ef svo hefði ekki tekist til, að hæstv. ráðh. hafði að engu þá till. nefndarinnar.

Nú þótti mjer kynlegt nokkuð, sem kom fyrir í kvöld. Jeg heyrði, að hæstv. ráðh. var að hrósa sjer af því, að sjer hefði tekist að koma á stofn skólanum að Laugarvatni — og jeg hefi í sjálfu sjer ekkert út á það að setja —, en hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að hann hefði gert það „í trássi“ við íhaldsmenn. Það er alls ekki rjett. Þrætan vaknaði hjá Árnesingum sjálfum, og varð til þess, að ráðh. hafði svona mikið fyrir því að koma skólanum á stofn. Hitt eru algerlega ósönn ummæli, að sú þræta hafi verið íhaldsmönnum að kenna. Jeg hefi aldrei orðið var við, að íhaldsmenn hjer á þingi hafi nokkuð gert á móti því máli.

Þó að jeg geti lýst yfir því, að frá mínu sjónarmiði er ekkert við það að athuga, að skólinn sje að Laugarvatni, þá er það afarilla sjeð af Rangæingum flestum. Nú verð jeg að segja, að jeg hefi ekki heyrt neinar hótanir frá hæstv. ráðh. um það, að Rangæingar fengju ekki að njóta rjettar síns, og vona jeg því, að hann standi við það, að veita þeim stuðning í þessu áhugamáli þeirra.

Það er annað mál, sem Rangæingum er mjög hugfólgið, og það er járnbrautarmálið. Jeg skal taka það fram, að það er ekki frekar dómsmrh. en forsrh., sem á sökina á því, hvernig komið er með járnbrautarmálið. En sakir hæstv. forsrh. eru ekki smáar. Jeg er ekki viss um, að hann geti nokkru sinni afsakað það óheillaráð, sem hann tók, þegar hann veitti ekki Titan sjerleyfi og lofaði því ekki einu sinni að gera tilraun, sem búið var að ákveða, hvernig skyldi verða framkvæmd. Nú er ekki eftir nema tæpur mánuður af frestinum. 1. maí 1929 átti að byrja á verkinu og 1. júlí 1933 átti því að verða lokið. Ef fjelagið neyddist til að hætta í miðju kafi, átti landið að fá alt verkið endurgjaldslaust. En fullyrðingin um, að Titan yrði með öllu ómögulegt að framkvæma verkið, er allsendis úr lausu lofti gripin. Hitt er sjáanlegt, að nokkur útgjöld muni fylgja þessu. En við getum aldrei vænst þess að fá slík kostakjör hjá nokkurri veru heimsins, að þurfa ekki að leggja nema aðeins 2 milj. kr. fram, í stað þess að verkið sjálft kostar alls 7—9 milj. kr. Á þessu atriði tel jeg hæstv. atvmrh. eiga stóra sök, og það þá sök, sem mörgum mun reynast erfitt að fyrirgefa.

Hæstv. dómsmrh. fór að blanda sjer

inn í þetta mál. Mintist hann nokkuð á, hvað fyrir sjer hefði vakað, og var auðheyrt, að hann vildi láta þakka sjer aðgerðir sínar í málinu. En fyrir hvað er að þakka? Það, sem hæstv. dómsmrh. gerði, var að halda fundarnefnu um málið. Eitt var undarlegt við þennan fund, og það var, að hæstv. forsrh. var ekki boðaður á fundinn, enda þótt hann sje forráðamaður þessa máls. Eins og hæstv. dómsmrh. lýsti, þá varð nú fundurinn lítils virði. Vildi hann kenna hv. 1. þm. Reykv. um það. En jeg held, að það sjeu fleiri, sem litla trú hafa á þessu þjóðráði hæstv. ráðh., sem líka eðlilegt er, þegar þess er gætt, að ætlast var til, að hjeraðsmenn legðu til úr buddu sinni 2—3 milj. kr. — En nú hefir hæstv. dómsmrh. sagt frá því í hv. Ed., þegar hann var að tala um Flóann og Skeiðin í sambandi við rafveitumálið, að þeirra buddur væru meira en tæmdar. Og ef svo er, sem eg efa ekki, — hvar á þá að taka þessar miljónir? Þetta er því alt hjá hæstv. ráðh. tilgerð, mont og alvöruleysi, sem þokar málinu ekkert áfram.

Þá eru það vatnamálin svonefndu: fyrirhleðsla Markarfljóts, sem er eitthvert stærsta mál sýslunnar. Þar er nú ekki um beinar sakir að ræða á stj., þótt ekki sje búið að gera meira en enn er. Eins og hæstv. dómsmrh. lýsti, þá hefir verið haldinn einn fundur og kosin nefnd og myndað vatnafjelag. En í raun og veru er nú svo, að ekkert hefir verið gert, og þetta er eiginlega alt til málamynda, líkt og járnbrautarmálið. Hið eina, sem gagn er í að gera, það er að veita fje sem fyrst til fullrar rannsóknar verksins, er sýni, hvort fært sje að vinna það. Hefði stj. viljað gera þessu máli gagn, þá átti hún að leggja til við þingið, að til þessa yrði veitt fje, því það er ekki hægt að gera nema með fjárstyrk frá ríkinu. Eftir þeim upplýsingum, sem fengist hafa um kostnaðinn, má gera ráð fyrir því, að verkið verði ekki unnið að gagni fyrir minna en 1 milj. kr. Og ef bændur eiga að leggja fram ¼ hluta þess, þá er þeim það sýnilega ofvaxið; þeir eru ekki fleiri en það, að sýnilegt er, að jarðirnar á þessu svæði mundu naumast hrökkva fyrir þessari upphæð. Málum þessum verður ekki skipað með fundarhöldum einum saman, og það jafnvel þótt hæstv. dómsmrh. kæmi þangað sjálfur ríðandi á Skjaldbökunni. En mjer kom hún í hug vegna þess, hve mikið veður hefir verið gert út af henni til áfellis fyrv. stj. En jeg hefi líka máske verið næmari fyrir þessu hestamáli en aðrir, vegna þess að jeg hefi sjálfur selt einn hest. Sá hestur hefir ekki verið nefndur Skjaldbaka, en hann hefir verið kallaður húðarbykkja. Jeg hygg nú, að hæstv. dómsmrh. sje ósýnt um að dæma um gæði hesta. En jeg vissi, hvernig minn foli var. Það var 5 vetra gamall foli, brúnn að lit, vel alinn og efnilegur til reiðar. Þetta þykir nú okkur fyrir austan gott. En hæstv. dómsmrh. með alt sitt hestavit finst máske annað. En reyndar getur vel verið, að búið sje að gera þennan hest að húðarbykkju.

Mjer er nú hvorki gjarnt að endurtaka það, sem aðrir hafa sagt, nje að halda langar ræður. En mjer fanst ekki óþarft að taka þessi atriði fram og minna á þarfir hjeraðs míns. Og þótt jeg sje kannske vondur við stj., þá vona jeg, að hæstv. stj. láti ekki

Rangæinga gjalda þess, en veiti þessum nauðsynjamálum þeirra lið eftir mætti.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Hv. 1. þm. Rang. hefir vikið að tveimur málum, sem varða hans hjerað og mitt ráðuneyti. Annað er járnbrautarmálið. Eins og jeg gat um í fyrradag, þá hafði mjer verið sýnd fyrirspurn um það mál, er hv. 1. þm. Árn. (JörB) hafði hugsað sjer að bera fram. Og nú er komin fram fyrirspurn frá hv. 2. þm. Rang. Gefst mjer því tækifæri til að ræða þetta mál síðar og get því að mestu leitt það hjá mjer nú. Jeg vil þó geta þess, að jeg finn smáar sakir á mjer hvíla út af því, að jeg hefi tafið fyrir járnbrautarmálinu eða neitað Titan um sjerleyfi. Um þetta mál hafa mjer borist áskoranir. Og meðal þeirra er ein frá 5 hv. þm. á járnbrautarsvæðinu, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa upp. Hljóðar sú áskorun svo:

„Að veita fossafjelaginu Titan sjerleyfi til þess að virkja Urriðafoss í Þjórsá, *svo framarlega* sem fjelagið færir sönnur á, að dómi landsstjórnarinnar, að það hafi nægilegt fjármagn að sínum hluta til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík að Þjórsá, með þeim hraða, sem sjerleyfislög ákveða". **(EJ:** Þetta bjargar engu!). Það getur vel verið, að það bjargi mjer ekki alment, en það bjargar mjer áreiðanlega gagnvart hv. þm., sem var einn af þeim, sem hafa undirritað þetta. **(EJ:** Það var skorað á mig að gera það). Þessi áskorun með nafni hv. 1. þm. Rang. er vel geymd uppi í stjórnarráði, Og jeg held, að þetta mál hafi algerlega farið eftir óskum hv. þm. samkv. áskorun þessari. Annars eru nú skoðanirnar ærið skiftar í þessu máli, og jeg veit, að stj. fær víða fyrirgefningu á því að hafa eigi veitt þetta sjerleyfi. Og jeg er sannfærður um það, að í framtíðinni verð jeg síst dæmdur fyrir afstöðu mína til þessa máls.

Hitt er vatnamálið. Hv. þm. (EJ) gat þess nú að vísu, að hann áfeldi ekki stj. fyrir það mál. En hann óskaði eftir því, að stj. hefði beitt sjer fyrir fjárframlög til þess. Um þetta er nú það að segja, að áður en vatnafjelagið sneri sjer til stj. um þetta mál, hafði stj. lagt fyrir vegamálastjóra að gera þessa rannsókn. Fór hann svo utan til þess að kynna sjer þetta. En vegna hins harða vetrar úti gat hann ekki athugað þetta eins og skyldi. Jeg veit þó, að hann hefir dregið að sjer merkileg gögn um þetta mál. Nú er hann farinn austur til frekari athugunar og undirbúnings. Hv. 1. þm. Rang. hafði því rjett að mæla, er hann kvað stj. ekki ásökunarverða í þessu máli. Það er nú aðeins vika síðan vegamálastjóri kom úr utanför sinni. Um árangurinn liggur því enn eigi fyrir nema munnleg vitneskja. Má því upplýsa þetta betur síðar.

Hv. þm. gat þess að síðustu, að hann vonaði, að stj. veitti Rangæingum lið í þessu máli. Jeg get sagt það, að jeg vil gjarnan gera það.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Aðeins fá orð út af ræðu hv. 1. þm. Rang. Það er misskilningur hjá hv. þm., að mikil óánægja sje út af skólamálinu. Sannleikurinn er sá, að n., sem hv. þm. mintist á, hefir haft marga mánuði til þess að koma fram með kröfur sínar, en hún hefir enn

eigi hafist handa. Og engar óskir hafa borist til stj. frá þessum meiri hl. Árnesinga og allri Rangárvallasýslu, sem hv. þm. gat um að stæði á bak við þessar óskir.

Viðvíkjandi járnbrautarmálinu vil jeg geta þess, að þann fund hjelt jeg sem landsk. þm. Og það mátti heyra á hv. þm., að Rangæingar mundu ekkert vilja á sig leggja til að hrinda því máli áfram, ekki einu sinni svo mikið, sem svarar eins árs útsvörum þessara hjeraða. Með þessu er í raun og veru unnið á móti málinu frá þeirra hálfu, svo sem framast er unt. Það er ólíkt því, sem gerðist í Eyjafirðinum og Akureyri, þegar þar var á einu ári safnað 200 þús. kr. til hælisins í Kristnesi. Hv. 1. þm. Rang. óskaði eftir því, að stj. væri Rangæingum innan handar í þessu máli. En hv. þm. ætti að muna það, að þeim er jafnan fyrst hjálpað, sem eitthvað vilja hjálpa sjer sjálfir.

**Jón Auðunn Jónsson:** Að vísu er enn mikið til af góðum sprekum til að kasta á eld þann, sem nú er gerður að stj. En þar sem umr. eru nú þegar orðnar nokkuð langar, mun jeg tína fátt eitt til viðbótar því, sem aðrir hafa gert.

Það var víst um það, að mörgum hnykti við, er þeir heyrðu ræðu hæstv. dómsmrh. um Tervani-málið, vörn hans við ásökunum hv. 2. þm. G.-K. Að vísu voru menn ýmsu vanir frá hæstv. ráðh. frá því í gamla daga. En þó tók nú út yfir. Má þar um segja, „að ill var þín fyrsta ganga, en því verri munu þær verða, sem fleiri eru". Hæstv. dómsmrh. hefir nú verið hrakinn úr hverju víginu eftir annað í þessu máli. En síðasta vígið, sem hann velur sjer, er það að skjóta sjer á bak við verjandann í Júpiters-málinu. Auðvirðilegri frammistöðu get jeg ekki hugsað mjer hjá nokkrum dómsmrh. Einu sinni var það nú venja hæstv. dómsmrh. að kalla þennan málfærslumann „Lárus litla". En nú, þegar hann er orðinn síðasta brjóstvörn hæstv. dómsmrh. í þessu máli, þá held jeg, að hann ætti að snúa uppnefninu við og kalla hann nú „Stóra-Lárus". Svo mikið finst honum nú til um þennan málfærslumann. Mjer skilst, að ef hæstv. dómsmrh. hefði viljað rekja málið hlutdrægnislaust, þá hefði hann líka átt að lesa upp sóknarskjöl málsins. En hann mintist ekki á þá hlið málsins. Þá hefir hæstv. ráðh. heldur eigi lagt það niður, sem honum var tamt áður, en það er að bera hæstarjett sökum. Hann sagði, að Lárus Jóhannesson hefði *sannað* sakleysi skipstjórans á Júpiter, sem hæstirjettur dæmdi sekan. Að segja þetta er sama sem að segja, að hæstirjettur hafi dæmt *rangan* dóm. Það vill nú koma fyrir, þegar komið er í öngþveiti um að verja rangt mál, að þá er gripið til allra meðala, leyfilegra og óleyfilegra. En drengilegt er það ekki. Og það er í hæsta máta ódrengilegt og í alla staði ósæmilegt og á engum rökum bygt að bera hæstarjett sökum í þessu máli. Öll framkoma hæstv. dómsmrh. út á við hefir borið hinn ríkasta vott um undirlægjuhátt og heigulskap. En inn á við er hið gagnstæða uppi á teningnum; þar er beitt óbilgirni og hlutdrægni. En það er eitt atriði í þessu máli, sem leggja ber áherslu á, og það er, að jafnvel þótt sannast hefði, að skipstjórinn á Júpi-

ter hefði verið saklaus, þá var það engin sönnun fyrir sakleysi skipstjórans á Tervani, því Tervani var að mun nær landi að veiðum en Júpiter. Það hljóta allir góðir Íslendingar að hryggjast yfir þessum herfilegu mistökum, sem stofna sóma og sjálfstæði þjóðarinnar í voða. Og jeg er viss um, að ef hæstv. dómsmrh. rannsakar sinn eiginn barm, þá finnur hann þetta, þótt hann skorti drenglund til að kannast við það. Hæstv. dómsmrh. er nú á flótta í þessu máli, og mun jeg ekki reka þann flótta lengur, enda var það ekki upphafleg ætlun mín að ræða þetta mál. En mjer fanst þó skylda mín að drepa á þetta, vegna hinna óþolandi svívirðinga um hæstarjett, sem komu frá vörum hæstv. dómsmrh. einu sinni enn.

Hjer hefir verið talað um bitlinga og eyðslusemi hæstv. stj., og þar er stj. sek, meira en fyrv. stj. Það má nú vera, að í sumum tilfellunum hafi verið höggvið nokkuð smátt í garð hæstv. stj. En enn hefir þó ekki verið minst á stærstu eyðslusemina og hina hættulegustu af allri eyðslusemi hæstv. dómsmrh. En það er meðferð hans á rekstri strandvarnarskipanna.

Það mun nú vera álit flestra, að nauðsynlegt sje að verja okkar landhelgi fyrir botnvörpuveiðum, sem skaðlegar eru taldar uppeldisstöðvum fiskanna. Ein varna dregin um slíka staði getur máske eyðilagt tugi eða hundruð búsunda af ungfiski. Þegar því þjóðin vaknaði til meðvitundar um hýðingu landhelgisvarnanna, þá sáu menn, að sú vörn, ef því nafni má kallast, sem Danir veittu, var allsendis ónóg. Þá, um síðustu aldamót, fiskuðu togararnir í tugatali uppi við landsteina um hábjartan daginn. Máske hefir mest að þessu kveðið á Vestfjörðum, Arnarfirði, Dýrafirði og Aðalvík. Fóru þá margir að bera saman ráð sín um það, hvað gera skyldi. Og hið eina, sem hægt var að gera, var að reyna að handsama sökudólgana.

Jeg hygg, að öllum landsmönnum sje það í fersku minni, þegar Hannes Hafstein, þjóðskörungurinn, þáverandi sýslumaður Ísafjarðarsýslu, beið þess, að færi gæfist að ná í sökudólgana. Og eitt sinn, er hann var staddur á Dýrafirði, rjeðst hann í það áhættuverk að freista að taka einn slíkan sökudólg. Endirinn varð sá, að H. Hafstein komst nauðulega lífs af við annan mann, en 3 sjómenn af Dýrafirði, sem voru á bátnum með honum, ljetu lífið. Jeg held, að þetta meðal annars hafi orðið til þess, að Danir skildu, að okkur var full alvara um landhelgisvarnirnar. Heræfingaskipin dönsku voru betur á verði eftir þetta. — Þá er og alkunn viðureign Guðm. Björnssonar sýslumanns Barðstrendinga, og Snæbjörns Kristjánssonar, hreppstjóra í Hergilsey, við breskan sökudólg, er þeir með frábæru snarræði rjeðust til uppgöngu á hinn breska landhelgisbrjót og voru fluttir til Bretlands. En þessir landhelgisbrjótar, sem teknir voru á þennan hátt, fengu báðir að greiða sínar sektir. Hugur alþjóðar fylgdi athöfnum þessara manna með aðdáun og þakklæti.

Það var fyrst árið 1918, að við Íslendingar fengum leyfi til þess að

bæta landhelgisgæsluna með eigin fje og eigin athöfnum. Leið þá ekki á löngu, að hafist var handa í málinu. Fyrsti vísir til landhelgisvarna af okkar hálfu — fyrir utan útgerð staðbundinna smábáta — var það, er ríkisstj. leigði björgunarskipið „Þór" til þess að stunda landhelgisgæslu á vissum tímum árs. Hjer á Alþ. hefir þetta mál — landhelgisgæslan — átt að fagna fylgi allra flokka, og nauðsyn þess verið viðurkend, eigi aðeins fyrir nútíðina, heldur miklu fremur fyrir framtíðina. Bráðum eigum við tvö fullkomin skip til landhelgisgæslunnar, auk „Þórs". En því aðeins verða fullkomin not af þeim, að skipunum verði haldið fast að hlutverki sínu, en ekki flækt við ónauðsynleg störf eins og gert hefir verið síðari hluta ársins 1927 og 1928, til mikils skaða fyrir landhelgisgæsluna. Mönnum stórblöskra hinar óhæfilegu snattferðir, sem skipin eru notuð til. Haustið 1927 var „Óðinn" sendur til Norðurlands. Þessi ferð tók 8—9 daga og var gerð á einum mesta annríkistíma gæsluskipanna. Ferðinni var hagað eins og venjulegt er með algeng mannflutningaskip. Þessa ferð mátti heita, að „Óðinn" elti „Goðafoss", var ýmist samtímis honum á höfnum eða hálfum degi á undan eða eftir. Um þetta bil var mest nauðsyn á eftirliti fyrir Vesturlandi; enda báru Hornvík og Aðalvík merki þess, að varðskipið var fjarri, því að enskir togarar komu þar inn og sópuðu fiskinum af miðunum. Á síðastliðnu sumri var jeg staddur hjer í Reykjavík. Og jeg verð að segja, að mjer þótti þá kynlega við bregða um landhelgisgæsluna, er jeg frjetti, að dómsmrh. hefði farið með gæsluskipin tvö, „Óðin" og „Fyllu", ásamt 6 eða 7 gestum í skemtiferð upp í Borgarfjörð. Sömu dagana var „Þór" á dráttarbraut til viðgerðar, svo ekkert skip var til varna. Jeg trúði þessu ekki, fyrri en jeg fjekk að vita það í stjórnarráðinu. Þetta var sama og ef dómsmrh. hefði sagt við togarana: nú megið þið fara inn í landhelgina, ef þið viljið. Jeg er að skemta mjer og gestum mínum, og aðrir mega þá gera það líka. — Sumir gátu þess til, að „Fylla" hefði verið tekin með í þessa för til þess að hægt væri að gefa gestunum „snaps". En þessi ferð hefir orðið alldýr fyrir landhelgina. Á sama tíma var afli góður hjer í Faxaflóa og fult af útlendum togurum þar. Auk þessara ferða voru gæsluskipin látin fara fjölmargar ónauðsynlegar ferðir aðrar. Á síðastliðnu hausti voru skipin send í 4 snattferðir til Vestfjarða. Allar þessar ferðir, að einni undantekinni, voru algerlega ónauðsynlegar, því að um sama leyti voru önnur skip á ferðinni: Esja tveimur dögum fyr og önnur skip 2—3 dögum á eftir hverri þessari ferð Óðins. Á milli fjarða á Vesturlandi eru tíðar ferðir með góðum mótorbátum, og þær ferðir verðum við Vestfirðingar oft að gera okkur að góðu.

Það er óhætt að segja, að smærri fjárupphæðir — 20—30 þús. kr. —, sem eytt er að óþörfu, eru smámunir á móti þessari vanhirðu á landhelgisgæslunni. Þegar gæslan er vanrækt, bakar það þjóðinni margfalt meira tjón og hefir bakað. Það er undarlegt að þurfa að nota 2 strandvarnarskip upp í Borgarfjörð með 6—7 menn. Hvort dómsmrh. hefir gert þetta að-

eins til þess að sýna gestunum mikillæti sitt, er ekki gott um að dæma, en það er algerlega óforsvaranlegt. Þegar þetta athæfi hans er borið saman við það, sem jeg nefndi áður, framkomu Hannesar Hafsteins, Guðm. Björnssonar og Snæbjarnar í Hergilsey, sjest mismunurinn ljóslega. H. Hafstein, Snæbjörn í Hergilsey og fjelagar hans sýna stórhug sinn í því að bjarga nauðsynjamálum þjóðar sinnar, jafnvel þó þeir þyrftu að stofna sjálfum sjer og fylgdarmönnum sínum í bersýnilegan lífsháska. En dómsmrh. sýnir stórhug sinn í því að sýnast fyrir útlendingum og veita kunningjum sínum og fylgismönnum greiða, vitandi, að það er gert á kostnað íslenskrar landhelgisgæslu í nútíð og framtíð. Getur verið meiri munur manna og athafna þeirra?

Um síðustu ferð „Óðins" í janúar síðastl. brá svo gleðilega við, að hæstv. dómsmrh. virðist vera farinn að sjá missmíði á þessu háttalagi með varðskipin, því að í þessari snattferð ljet hann „Óðin" ekki koma til Reykjavíkur, heldur skila flutningnum á land hjer suður með sjó, í Njarðvíkum eða Vogum. Ber þetta vott um blygðunarsemi og að hann muni vera farinn að sjá, að þetta er ekki eins og það ætti að vera. Sje þessi ástæðan, sem jeg vona, verður fremur reynt að fyrirgefa hæstv. dómsmrh. að nokkru leyti syndir hans í þessu máli. Jeg hefi ástæðu til að ætla, að þetta sje svo, þó að jeg sje eigi ugglaus, því að nú um þríð hefir ljett af þessum snattferðum varðskipanna. Í sambandi við þetta mál vil jeg benda hæstv. dómsmrh. á, hvað hin ógætilegu ummæli hans á Alþ. geta haft háskaleg áhrif á hugsunarhátt almennings í landinu í sambandi við landhelgisgæsluna. Hæstv. ráðh. sagði í þingræðu árið 1926 eða 1927, að íslenskir togarar hefðu á einni vertíð stolið í landhelgi svo skifti nokkrum tugum þúsunda skippunda af fiski, vegna þess að varðskipin hefðu eigi komið á þær stöðvar, sem þeir hjeldu sig mest. Og hann gat þess til, að fyrv. stj. hefði máske bannað varðskipunum að koma á þessar stöðvar. Slík ummæli og getsakir sem þessi geta haft ákaflega háskalegar afleiðingar inn á við, ekki síst ef þau eru töluð af manni í ábyrgðarmikilli stöðu, jafnvel af þingmanni; en þetta sagði hann á Alþ. 1926 eða 1927, áður en hann varð ráðh. Þessi orð geta haft hættuleg áhrif á hugsunarhátt manna í landinu. Og til þess að benda hæstv. ráðh. á, að svo hafi orðið í þetta sinn, skal jeg segja honum, að jeg hefi talað við allmarga ísl. sjómenn af einum togara nú á vertíðinni. Þeir gátu sjer þess til, að við lausn samninganna á milli sjómanna og útgerðarmanna, sem hæstv. atvmrh. átti þátt í nú í vetur, hafi það verið tilskilið, ísl. togurum í vil, að þeir mættu veiða í landhelgi undir Jökli á þessari vertíð. (**SÁÓ**: Hvaðan hafa þeir þetta?). Jeg veit það ekki; jeg hefi sagt þeim, að þetta hlyti að vera ósannindi. Ástæðan til þessa gruns hásetanna er sá óheillahugsunarháttur, sem dómsmrh. hefir lætt inn í þjóðina með ummælum þeim, er jeg átaldi hann fyrir að viðhafa hjer á þingi í hitteðfyrra.

Þessi sami ráðh. er sá maður utan þings og innan, sem gengið hefir lengst í því að seyra hugsunarhátt Ís-

lendinga. Vonandi er, að gifta Íslands verði sú, að slík iðja, sem ódrenglyndir og hatursfullir menn fremja, ekki beri ávöxt í hugsunarhætti þjóðarinnar. Ef hæstv. dómsmrh. vill fá að vita nöfn þeirra manna, sem hafa sagt mjer þetta, þá skal jeg segja honum þau þegar hann vill, en auðvitað ekki hjer í þd. Enginn maður, sem þekkir til þessara mála hjer í hv. þd., getur látið sjer detta það í hug, að nokkur maður finni upp á því að segja sögu eins og þessa að ástæðulausu. En þegar hún er athuguð í ljósi þeirra orða, sem hæstv. dómsmrh. hafði á Alþingi 1926 eða 1927, þá skilst, hvaða hugsunarhátt þau hafa vakið meðal alþýðu.

Þá vil jeg með nokkrum orðum víta eina ráðstöfun stj., sem jeg hygg að gerð hafi verið af hæstv. forsrh., sem þá gegndi starfi fjmrh., og það er skipun núv. formanns bankaráðs Landsbankans. Því miður hefir sú ósvinna verið framin, að Landsbankinn hefir verið gerður að pólitísku bitbeini. Allir vita, að breyt. þær, sem gerðar voru á Landsbankalögunum 1928, voru að mestu leyti gerðar til þess að einn þingflokkur, öðrum fremur, fengi yfirráð í bankanum. Þetta er viðurkent af hv. 2. þm. Árn. Jeg sagði það þá, og held því fram enn, að það sje lítið keppikefli fyrir flokkana að ná svokölluðum yfirráðum í bankanum. Því það mun reynast svo, að meðan heilbrigð bankastjórn fer þar með völd, gætir lítils hins stóra höfuðs — bankanefndarinnar. Sú nefnd er minna en einskis virði. Nefndin hefir enga aðstöðu til að kynna sjer hag bankans eða ráða nokkru um störf hans.

Það er formið á skipun bankaráðsformannsins, sem jeg vil sjerstaklega víta. Ekki fyrir þá sök, að jeg óttist, að bankaráðsform. vilji beita eða geti beitt svo mjög pólitískri hlutdrægni í starfi sínu við bankann, heldur af öðrum ástæðum. Það er talin sjálfsögð venja og einkaráríðandi, að forstjórar og hátt settir starfsmenn banka megi ekki vera ábyrgðarmenn eða skuldunautar þess banka, sem þeir starfa við, og heldur ekki vera forstjórar eða í stjórn fyrirtækja, sem skulda bankanum. Í öðrum löndum hafa bankaráðsmenn sagt af sjer starfinu, ef þeir hafa tekið að sjer forstöðu við fyrirtæki, sem skuldskeytt hafa verið sama banka. Jafnvel er svo langt gengið, að bankaráðsmenn hafa ekki þótt hæfir til þess að gegna starfi sínu áfram, ef þeir hafa komist í stjórnarnefndir þeirra fyrirtækja, sem skulda viðkomandi banka. Þetta er gert til þess að enginn geti vakið minsta grun eða tortrygni gegn bönkunum. Síðustu dæmi um þetta, sem mjer er kunnugt um, eru frá Þýskalandi og 2—3 frá Englandi og 2 frá Svíþjóð síðan um aldamótin. En hið síðasta af slíkum dæmum er uppsögn formanns bankaráðs „Privatbankans“ í Khöfn á síðastl. ári. Fyrst þessi regla hefir þótt nauðsynleg við „privat“-banka, þá er hún vitanlega miklu nauðsynlegri við þjóðbanka og seðlabanka. Því að hvergi er eins mikið undir traustinu komið og einmitt til handa seðlabönkunum. Hjer eru upp teknir aðrir siðir. Jeg vona, að þeir hafi eigi enn orðið Landsbankanum til hnekkis út á við. En verði það kunnugt utanlands, að einn af forstjórum þess verslunarfyrirtækis, sem mest skuldar Lands-

bankanum, skuli vera bankaráðsformaður, mun það þykja afarótrúlegt. Vil jeg á engan hátt halda því fram, að núv. formaður þess, Jón Árnason, hafi notað aðstöðu sína í vil því verslunarfyrirtæki, er hann starfar við, og álít jeg satt að segja þannig um búið, að það sje varla hægt. En jeg vil benda á, að það er mjög óvarlegt af landsstj. að brjóta þá reglu, sem annarsstaðar er viðhöfð í þessu efni og talin sjálfsögð. Jeg skil ekki annað en að hæstv. fjmrh. hafi átt völ á ýmsum öðrum jafnhæfum mönnum innan stjórnarflokksins sem þessum manni; ekki mun þekking hans sjerlega víðtæk á þessu sviði. Það er að sjálfsögðu rjett vegna Landsbankans að óska eftir, að þessu sje kipt í lag, en tefla ekki á tvær hættur með þá skipun, sem nú er á þessu starfi. — Það er ekki þýðingarlaust, að seðlabanki landsins haldi áliti sínu erlendis, og það er ósæmilegt að gera nokkuð, sem getur rýrt álit bankans í augum erlendra fjármálamanna.

**Fors.- og atvmrh.** (**Tryggvi Þórhallsson**): Hv. þm. N.-Ísf. beindi til mín einu atriði í ræðu sinni, þar sem hann vítti stj. fyrir það, hver hefði verið skipaður formaður í bankaráði Landsbankans. Hv. þm. orðaði það svo, að hann vildi víta stj. fyrir skipun hennar á formanni bankaráðsins. Jeg get gefið hv. þm. þær upplýsingar, að í minni stjórnartíð hefir enginn verið skipaður formaður bankaráðsins. Fyrv. fjmrh., Magnús heitinn Kristjánsson, hafði ákveðið að skipa nýjan formann bankaráðsins um síðastl. áramót. Jeg gegndi starfi fjmrh. aðeins í 3 mánuði og áleit ekki rjett af mjer, þó jeg hlypi þar í skarðið um stundarsakir, að taka fasta ákvörðun um þá skipun, og ákvað því að setja aðeins mann í starfið. Og í þetta embætti setti jeg þann mann, sem Framsóknarflokkurinn hafði efstan á sínum lista þegar kosið var í bankaráðið. Hann er framkvæmdarstjóri í öflugasta verslunarfyrirtæki bænda í landinu. Og jeg álít, að það hefði verið rangt af mjer að gera annað en að setja mann í þetta starf, og rangt að setja í það annan mann en þann, sem settur var.

Vil jeg láta þá skoðun mína í ljós, að jeg er algerlega ósammála hv. þm. um það, að ósæmilegt sje, að þessi maður sje formaður bankaráðsins, þar eð hann sje formaður Sambands ísl. samvinnufjelaga, og það hafi orðið til þess að spilla fyrir bankanum út á við, að bændaflokkurinn setti forstjóra stærstu bændaverslunarinnar sem formann bankaráðsins. Jeg álít, að á engan hátt sje hægt að fetta fingur út í það.

**Dómsmrh.** (**Jónas Jónsson**): Jeg vil aðeins svara ræðu hv. þm. N.-Ísf. nokkrum orðum. Þó mun jeg ekki svara sumum ummælum hans, t. d. því, hvert gildi Lárus Jóhannesson hefði sem vitni. Jeg vil aðeins leiðrjetta þann misskilning hjá hv. þm., að vantaði bæði sókn og vörn í þessu máli. Það er ekkert annað gagn frá undirrjetti en þetta skjal. (**JAJ**: En dómsforsendurnar?). Þær voru í undirrjetti í fullu samræmi við skoðun þessa lögmanns, því að undirrjettur dæmdi sýknudóm í málinu. Hitt vildi jeg benda hv. þm. á, að það er undarlegt, að sá maður, sem er aðaleigandi þess blaðs, er mest hefir fjargviðrast

út af Tervani-málinu, skuli bera fram slíkar röksemdir, og það er ekki nema eðlilegt, að hv. þm. N.-Ísf. falli það þungt, að einn af helstu mönnum Íhaldsflokksins skuli verða til þess að bera fram slík rök gegn skoðun þm. Annars hjelt jeg, að þessi hv. þm. ætti ekki að vera svo sjerstaklega viðkvæmur, þótt menn leyfi sjer að hafa sínar skoðanir á því, sem rjett er og rangt, hvaða úrskurð sem dómstólarnir leggja þar á, því að sjálfur hefir þessi hv. þm. sýnt svo dæmalausa ósvífni fyrir rjetti, að hann hefði átt að sæta hegningu fyrir, ef hann væri sá maður, að nokkur tæki mark á hans framkomu.

Ennfremur ætti hv. þm. að minnast þess, að í blaði því, er hann sjálfur kostar, hefir ekki verið lint látum á því að óvirða suma dómara landsins, ef þeir hafa þótt of duglegir að hafa hendur í hári sökudólganna og leiða ýms mál til lykta. En það er annars skrítið, að það er eins og íhaldsmenn haldi, að þeir geti farið með hæstarjett eins og þeir vilja. Dómar hans virðast ekki altaf vera eins óskeikulir og í Tervani-málinu. Því að þegar hæstirjettur hafði dæmt einn Kveldúlfstogarann í 15000 kr. sekt, virtist hæstirjettur ekki alveg eins heilagur í þeirra augum og hann er vanur, ef menn kynna sjer skrif eins af forstjórum Kveldúlfsfjelagsins skömmu eftir að sá dómur fjell.

Þá kom hv. þm. nokkuð inn á landhelgisvarnirnar. En áður en jeg svara þeim ummæium hv. þm., vil jeg leyfa mjer að spyrja hann einnar spurningar. Svo er mál með vexti, að í blöðunum á Ísafirði hafa komið fram þær kærur á hendur einum manni þar í kaupstaðnum, að hann væri hjálplegur brotlegum togurum, sem mist hafa vörpur sínar af þeim ástæðum, við að ná aftur vörpunum þegar þær hafa verið seldar á uppboðum. Með öðrum orðum, þessi maður er ákærður fyrir að hafa verið leppur togaranna, og þá helst erlendra togara, og þessi leppmenska hefir haft þau áhrif, að togararnir hafa komist samstundis út á veiðar — til þess að brjóta á ný.

Sá maður, sem hafður er fyrir þessari kæru, er hv. þm. N.-Ísf. Nú vil jeg spyrja hv. þm., hvort hann geti þvegið sig hreinan af þessum ákærum. Hefir hv. þm. aldrei keypt vörpur, sem gerðar hafa verið upptækar hjá brotlegum togurum, og hefir hann aldrei selt neinu slíku skipi vörpurnar aftur, svo að þau gætu haldið áfram sinni brotlegu iðju? Það mundi gleðja mig mjög mikið, ef hv. þm. gæti hrakið þessar ákærur blaðanna, því að það væri óbætanleg smán fyrir kjördæmið, ef slík ósvinna sannaðist á þm. kjördæmisins, auk þess sem það væri leiðinlegt fyrir Alþingi, að slíkur maður ætti þar sæti.

Þá fór hv. þm. um það nokkrum orðum, að það væri óviðkunnanlegt, hve mikið stj. hefði notað varðskipin til þess að flytja menn á milli hafna. Það hefir ætíð verið svo frá fyrstu tíð, að varðskipin hafa verið notuð nokkuð til þessa, enda er það óhjákvæmilegt, eins og samgöngum er enn þá háttað hjer á landi. Og mörg erindi þeirra manna, er skipin flytja, eru svo mikils virði fyrir þjóðfjelagið, að þau geta fyllilega jafnast á við hið eiginlega starf, sem þessum skipum er ætlað, landhelgisvarnirnar.

Það kom fyrir fyrir nokkrum dög-

um, að skósmiður einn á Ísafirði, sem var nýkominn heim veikur frá útlöndum eftir hættulegan uppskurð, þurfti að komast til Reykjavíkur, því að á Ísafirði gat hann ekki fengið þá aðhlynningu, er hann þurfti, og læknirinn gat ekki linað þrautir hans. Talið var, að ef hann gæti ekki tafarlaust komist til Reykjavíkur, væri það sama og að drepa hann. Þá tók stj. þá ábyrgð á sig að láta varðskipið, sem þá var fyrir vestan, taka á sig krók inn á Ísafjörð til þess að sækja manninn og flytja hann til Reykjavíkur. Þegar hingað kom, var maðurinn strax fluttur í sjúkrahús, og þar var honum veitt öll sú aðstoð, er frekast var unt — Þetta er frekar sjaldgæft; þó man jeg eftir því, að einu sinni var veik kona eins háværasta íhaldssýslumannsins flutt fárveik suður á spítala til Reykjavíkur. Þetta þótti enginn óþarfi, enda var það að mínu áliti alveg sjálfsagt.

Einu sinni var farið með einn mesta stólpagrip íhaldsins, Þórarin á Hjaltabakka, norður á land. Þegar varðskipið var rjett búið að skjóta Þórarni í land, tók það fjóra togara, sem voru að veiðum í landhelgi fyrir norðan. (**JAJ**: Þau eru líklega ekki svona fengsæl varðskipin, nema þegar þau flytja íhaldsmenn á milli hafna). Jú, jeg get glatt hv. þm. með því, að einu sinni í vetur þurfti að láta annað varðskipið flytja þá menn, er unnu að endurskoðun póstmála, austur og norður á land, og komu þá undir eins tveir togarar í veginn fyrir varðskipið, sem voru þar að ólöglegum veiðum. Annars hefir þetta altaf viðgengist hjá öllum stj., að varðskipin væru látin skjóta manni á milli hafna, ef þess hefir þurft með. Það hefir t. d. sagt mjer einn merkur maður úr Skagafirði, að þegar hv. 1. þm. Skagf. var dómsmrh., hafi hann boðið sjer að koma með sjer norður á einu varðskipinu, þegar hv. þm. ætlaði í eina pólitíska yfirreið sína þangað. Þó varð það eigi úr, að þeir færu þennan leiðangur saman.

Þá vítti hv. þm. N.-Ísf. það, að annað varðskipið var látið flytja þá húsameistara ríkisins og landlækni fyrir ítrekaða beiðni þeirra, er þeir í fyrra haust þurftu að fara norður að Kristnesi að líta eftir byggingu hælisins. (**JAJ**: Og varðskipið kom ekki að landhelgisgæslu í 9 daga!). Það veit hv. þm. ekkert um, — eða kannske hann vilji leggja fram skjöl skipsins, því til sönnunar? Annars var stórhríð á meðan skipið lá í höfn, og jeg býst við því, að jafnvel meiri sjóhetja en hv. þm. N.-Ísf. hefði kosið að sitja kyr. Það mun mála sannast, að það eru alls ekki þessar ferðir, sem hafa bitið sig í hv. þm., þótt hann vilji láta líta þannig út, og það því fremur, sem hann var feginn að láta senda varðskip með sig til að athuga byggingarskilyrði innarlega við Ísafjarðardjúp fyrir skömmu síðan. Það, sem situr í hv. þm. og hann getur ekki gleymt, eru ferðir þær, sem stj. hefir sent Óðin til Vestfjarða með dómara landsins. En jeg vil benda hv. þm. á það, að þótt ekki sje nema um 140 þús. kr. sjóðþurð að ræða, og það hjá íhaldssýslumanninum Einari Jónassyni, mun stj. hvorki blikna eða blána, þótt hún hafi sent Óðin vestur þangað með mann til þess að rannsaka þetta mál og önnur — og bjarga sýslunni undan yfirráðum Einars Jónas-

sonar. Það kemur áreiðanlega illa við slíka menn, að þeir skuli ekki fá að vaða uppi eins og þeim sjálfum sýnist og eins og þessi hv. þm. fara með ókurteisi og dylgjur við dómara landsins.

Svo var það Borgarfjarðarferðin. Hv. þm. N.-Ísf. hefir líklega lært þar hjá hv. þm. Borgf., því að honum var eitthvað illa við þá ferð. Nú hafa báðir skipstjórar íslensku varðskipanna lýst yfir því, að í júnímánuði sje nálega ekkert að gera fyrir varðskipin. Á þeim tíma árs er gert við skipin, skipverjum veitt sumarfrí, — og að því er Óðin snertir mun víst enginn hafa talið það eftir skipverjum, þótt þeir fengju að vera 1½ dag uppi í Borgarfirði, enda urðu allir skipverjar mjög glaðir yfir þessu litla fríi og landgöngu í hjerðinu. Viðvíkjandi danska varðskipinu er það að segja, að það er undir danskri yfirstjórn og háð fyrirmælum eigenda sinna, hve lengi vjelahreinsun þess stendur yfir. — Jeg hefi talað um það við skipstjóra þessa varðskips, að mjer þætti sá tími óþarflega langur, en jeg fjekk það svar, að hann fari þar eftir ákveðnum fyrirskipunum sinna yfirmanna. Skipstjóri þess færði það í tal við mig, að þessa ferð langaði sig til þess að fara, því að hann hafði gert nokkrar uppmælingar á Borgarfirði vorið áður, og var þetta einskonar reynsluferð. Þegar svo báðir íslensku skipstjórarnir álitu, að mjög lítið væri að gera á þessum tíma árs, fanst mjer vel við eiga, að skipstjórarnir og menn þeirra fengju þarna nokkurn hluta af sínu sumarfríi.

Hv. þm. N.-Ísf. ber alt of mikið traust til mín, ef hann heldur, að jeg muni alveg leggja niður að nota varðskipin á þennan hátt, ef þess þarf með. Á alveg sama tíma í sumar, eða í júlíbyrjun, hefi jeg ákveðið, að annaðhvort varðskipið skreppi með 40 mentaskólanemendur og 2—3 kennara austur á Hornafjörð. Um leið gæti varðskipið litið austur á Hvalbak og tekið nemendurna í bakaleiðinni.

Jeg er alveg sannfærður um það, að þótt þessi stj. fari frá, muni það verða að fastri venju að fara slíkar ferðir með nemendur mentaskólans. Það er mesti misskilningur, ef hv. þm. heldur, að það sje óleyfilegt fyrir þjóðfjelagið að nota þessi skip til nokkurra annara hluta en landvarna, þótt skipin sjeu ef til vill alveg aðgerðarlaus. Hv. 1. þm. Reykv. lýsti því áðan með mörgum fögrum orðum, hvað hræsnin væri góður hlutur í heiminum. Mjer virðist, að þessi mikla umhyggja hv. þm. N.-Ísf. fyrir strandgæslunni muni helst heyra undir þessa heimspeki flokksbróður hans, hræsnisheimspekina. Í fyrra, þegar mest reyndi á það, hvort ætti að þvo af þjóðinni þann smánarblett, að íslensku togurunum væri stjórnað inn í landhelgina af útgerðarmönnum í landi, varð jeg ekki var við neinn stuðning frá þessum hv. þm. í því máli, nje öðrum flokksmönnum hans hjer í Nd. Í Ed. ljeði þó hv. þm. Snæf. því stuðning sinn, þótt hann sje íhaldsmaður, af því að hann skildi nauðsynina á því að hafa slíkt eftirlit. Þennan lofsamlega og heiðarlega vitnisburð get jeg ekki veitt hv. þm. N.-Ísf. Þetta mál var prófsteinn á hv. þm. og aðra íhaldsmenn, hvort þeir í raun og veru vildu láta lögin ná líka til íslensku togaranna. En sómatilfinning þessara manna og virðing þeirra fyrir þeim

lögum, er Alþingi hefir sett, var ekki meiri en svo, að þeir treystust ekki til þess að styðja málið. Svo mikil var frekjan hjá aðstandendum hinna seku skipa, að þessi einföldu veraldarhyggindi, að vera málinu fylgjandi, gátu ekki bjargað þeim.

Viðvíkjandi landhelgisvörnunum við Snæfellsnes er það að segja, að tvö varðskipin, Óðinn og Fylla, voru við Snæfellsnes allan tímann, sem um er að ræða. Núv. stj. hefir gert meira fyrir Snæfellsnes í þessum efnum en nokkur önnur stj. Landhelgissjóður leigði Hermóð til þess að hafa þar gæslu á hendi, og nú í vetur hefir verið leigður talsvert stór bátur í sama tilgangi. Auk þess hafa strandvarnarskipin altaf farið þarna um til þess að fæla lögbrjótana burtu.

Ef hv. þm. tekur aftur til máls, vona jeg, að hann geri hreint fyrir sínum dyrum sem útgerðarmaður, netakaupmaður, blaðaútgefandi og þm. — og þegar frv. um eftirlit loftskeyta á ísl. togurum kemur hjer til umr. í hv. d., mun það sjást, hvort öll þessi umhyggja hans fyrir landhelgisgæslunni hefir verið tómt hjóm og yfirlæti og hvort hann hefir í raun og veru meiri samúð með þeim mönnum, sem vilja frv. þetta feigt, en landhelgisvörnunum. Þar er prófsteinninn á hv. þm. og þar býðst honum tækifæri til þess að standa sig betur en í fyrra.

**Pjetur Ottesen:** Það kom mjög greinilega í ljós í ræðu þeirri, sem dómsmrh. hjelt hjer í gærkvöldi laust fyrir miðnættið, að honum hefir þótt jeg koma nokkuð óþægilega við kaun sín, að því leyti, sem jeg mintist á fjáraustur stj. í ræðu minni í gær. Hann varði að minsta kosti fullum klukkutíma til þess að verja fjárbruðl stj., eins og það kemur fram í styrkveitingum og bitlingum til einstakra manna, en sem jeg hafði þó ekki aðstöðu til að draga fram nema lítið sýnishorn af, auk þess sem hann varði nokkrum tíma til að lýsa lífsskoðun minni.

Það, sem jeg vildi sýna hjer og átelja, er, að stjórnin leyfir sjer að verja í þessu skyni fje úr ríkissjóði og landhelgissjóði svo þúsundum skiftir og tugum þúsunda án þess að hafa nokkra heimild til þess.

Í fjárlögum er þingið til dæmis að taka búið að segja, hvað miklu fje skuli varið í utanfararstyrki og þesshátt. Það er gert með því að heimila stj. að verja ákveðnum upphæðum í þessu skyni, auk þess sem nokkurt fje er veitt á einstakra manna nöfn.

Þetta virðir stj. algerlega að vettugi. Og þetta gerir hún, þó að forsrh. lýsti því þrásinnis yfir á þingi í fyrra, og legði mjög mikla áherslu á það, að ekki skyldi farið út fyrir ákvæði fjárl. í þessu efni.

En það er ekki nema eðlileg afleiðing af því, hvernig komið er, þó sú spurning vakni hjá manni: Til hvers er þingið að setja fjárlög? Til hvers er þingið annars að skifta sjer af þessum málum? Eins og núv. stj. hagar framkvæmdum sínum í þessu efni, þá leggur það engar hömlur á stj. framar því, að þar stæði beinlínis, að stj. mætti „valta og skalta“ með þetta eins og henni sýndist.

Með þessu háttalagi er verið að draga valdið úr höndum Alþingis. Á

þessu þingi hefir allmikið verið um það rætt, hvernig styrkveitingum til utanfara yrði best fyrir komið, en það er til lítils að vera að tala um það eins og nú er komið.

Í öðru lagi vildi jeg sýna fram á það, að þetta fje, sem stj. er þannig að bruðla með í heimildarleysi, að því er ekki á glæ kastað frá flokkspólitísku sjónarmiði hennar. Jeg ætla, að þetta hvorttveggja hafi komið svo skýrt fram, að þar verði ekki um deilt. Og þó dómsmrh. geri sjer sýnilega far um það að leiða athygli manna frá þessu meginatriði, þá nær sú tilraun harla skamt. Dómsmrh. var eitthvað að gefa í skyn með það, að jeg hefði misbrúkað leyfi það, sem jeg hefði fengið til þess að líta í bækur ríkissjóðs yfir óviss útgjöld, og var hann ennfremur eitthvað að sveigja að því, að rjett mundi að torvelda þingmönnum aðgang að bókum ríkissjóðs. Já, það getur nú vel verið og væri ekki nema rjett eftir ýmsu öðru, að stj. fari að gera tilraunir til þess að loka bókum ríkissjóðs fyrir þingmönnum. En það sýnir ljóslega, hvernig stj. í raun og veru lítur á þessar tiltektir sínar. En að jeg hafi misbrúkað þetta leyfi nokkuð og farið rangt með tölur, er með öllu ósatt. En hitt getur verið, að sumar upphæðir sjeu þannig færðar, að ekki sje alstaðar gott að greina í milli, hvað fer til þessa og hvað fer til hins, eins og til dæmis að taka með þá upphæð, sem hjer hefir verið nefnd í sambandi við nafn Halldórs Júlíussonar. Hvað runnið hefir af þessu fje í hans vasa eða hvað hefir farið í málareksturinn að öðru leyti, það sjest þá væntanlega á sínum tíma. En það er víst, að sú upphæð, sem jeg nefndi, er síst of há; sennilega mun þar vera um nokkuð meira fje að ræða. Um dugnað Halldórs Júlíussonar við þessar rannsóknir og meðferð hans í þessum málum öllum verður fyrst dæmt, þegar sjeð verður fyrir endann á þessum málarekstri hans, en málunum er ekki enn lokið.

Þegar dómsmrh. er að verja fjárbruðlun stj., bitlingafargan og styrkveitingar til pólitískra gæðinga, þá er það altaf viðkvæðið, að það sje svo og svo mikill gróði að þessu, beinn og óbeinn gróði fyrir landið. Sama er og látið í veðri vaka, þegar dómsmrh. er að gera breyt. á embættaskipuninni. Alt á það að vera gert í því augnamiði að spara landsfje. Það er altaf viðkvæðið, enda þótt alþjóð sje kunnugt, að dómsmrh. gerir þetta alt í flokkshagsmunaskyni. Er breyt. á bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættunum gott dæmi þess. Af þessari breyt. átti samkv. því, sem dómsmrh. hjelt fram í Tímanum, að leiða 80 þús. kr. sparnað á ári, en samkv. áætlun stj. í fjárlagafrv. því, sem fyrir þinginu liggur nú um kostnaðinn við þessi embætti, verður ekki annað sjeð en að árlegur kostnaður við rekstur embættanna næstu árin muni aukast um 40 þús. kr. frá því, sem áður var. Svona er þetta.

Dómsmrh. talaði mikið um eyðslu Jóns sál. Magnússonar í sambandi við mentaskólann. Það er nú ekki í fyrsta sinn sem dómsmrh. legst þar á náinn. Nú segir dómsmrh., að fyrir sínar aðgerðir og samkv. því frv., sem nú liggur fyrir þinginu um mentaskólana, þá muni sparast allmikið fje við mentaskólann í Reykjavík. En þó svo kunni nú að takast til, sem vitanlega er þó

alveg ósýnt enn, þá er langt frá því, að hjer sje um að ræða nokkurn sparnað á mentaskólahaldi í landinu, því eins og kunnugt er, hefir dómsmrh. lagt mikið kapp á það á undanförnum árum að koma upp mentaskóla á Akureyri og fengið því framgengt. Það er þess vegna öldungis víst, að það, sem kann að sparast við mentaskólann í Reykjavík, það gleypir mentaskólinn á Akureyri — og miklu meira til. Það verður því sama uppi á teningnum hjer, að þar sem dómsmrh. talar um sparnað og gerir í því yfirskyni, að af því leiði sparnað — það verður aukin eyðsla.

Dómsmrh. hefir einnig mikið talað um það, að nauðsyn bæri til að draga úr stúdentaframleiðslunni. En samtímis því, sem hann er að fjargviðrast um þetta, fjölgar hann mentaskólunum. Afleiðingin af afskiftum hans af þessum skólamálum verður þess vegna alveg gagnstæð því, sem hann lætur í veðri vaka að sje tilgangurinn, nefnilega: Stóraukinn kostnaður við skólana og að stúdentaframleiðslan vex. Svo er dómsmrh. að tala um mótsetningar í fari annara manna.

Út af því, sem jeg sagði um bílakaup stj. fyrir fje landhelgissjóðs, þá vildi dómsmrh. ekki viðurkenna, að það hefði verið keyptur nema einn bíll fyrir fje úr landhelgissjóði. Hefði hann fengist með góðum kjörum, eða fyrir 11000 kr., en annars kostaði sú tegund 12000 kr. Í reikningum landhelgissjóðs 1928 stendur, að 4. maí sje greitt á nafn Eysteins Jónssonar andvirði bifreiðar 11457 kr. Sje þetta rjett, þá hefir afslátturinn frá upprunaverði bifreiðarinnar ekki verið eins mikill og dómsmrh. heldur fram. En svo stendur aftur í reikningunum greitt á nafn sama manns 22. ágúst, eða rúmum hálfum þriðja mánuði seinna, til hestahalds, bifreiðar o. fl. kr. 11295,13. Jeg hjelt því, að í þessari stóru upphæð mundi felast andvirði annarar bifreiðar, því það er næstum óhugsandi, að rekstrarkostnaður á þessari einu bifreið gæti verið orðinn svona mikill á ekki lengri tíma, og þó að nokkru hefði verið til hestahalds, því varla hafa þeir verið þungir á fóðrum á þessum tíma. En hvað felst þá annars í þessari upphæð? Það væri gott að fá upplýsingar um það. Dómsmrh. fór mörgum orðum um það, hve mikill búhnykkur það væri fyrir landið, að stj. hefði eigin bíla til sinna ferða. Það getur náttúrlega vel verið, þegar miðað er við það ástand, sem nú er, þar sem dómsmrh. er sýknt og heilagt á sífeldum þeytingi út um allar jarðir með gæðinga sína til veisluhalda hjer og þar og annars af slíku tægi, að þá sje það ódýrara, að landið eigi bifreiðar en að leigja þær til þess af öðrum í hvert skifti.

Í þessu kemur vitanlega fram sama óhófið og fjárbruðlunin hjá ráðh. á fje ríkissjóðs eins og á öðrum sviðum, og er sú eyðsla, eða allmikill hluti hennar, sannarlega þess eðlis, að ástæða sje til þess að átelja það. En undir öllum kringumstæðum verður að mótmæla því kröftuglega, að ráðh. láti eyðslugengd sína í þessu efni ganga út yfir landhelgissjóðinn, þennan sjóð, sem verja á fje úr til alt annars og í ákveðnu augnamiði, og sem engan veginn hefir enn sem komið er yfir

því fje að ráða, sem nauðsynlegt er til þess að hann geti svo sem þörf er á int af hendi sitt mikla ætlunarverk. Ef sjera Sigurður sál. Stefánsson væri risinn upp úr gröf sinni, þá er jeg þess fullviss, að honum mundi heldur en ekki bregða í brún að sjá fje landhelgissjóðs sólundað á svo gersamlega óviðeigandi hátt eins og hjer hefir verið lýst. Hann var svo sem kunnugt er frumkvöðull að stofnun sjóðsins og bar hag hans mjög fyrir brjósti.

Út af því, sem jeg sagði um Borgarfjarðarför dómsmrh. með lögjafnaðarnefndarmennina dönsku, þá vildi hann draga af því þá ályktun, að jeg hefði verið gramur yfir því, að hann hefði gefið þeim kost á að sjá náttúrufegurðina þar, sem hann raunar hjelt nú að jeg kynni máske ekki að meta. Það var nú síður en svo, að nokkur slík hugsun lægi til grundvallar fyrir þeim ummælum, sem jeg hafði um þessa för; mjer er það vitanlega gleðiefni, að sem flestir góðir gestir heimsæki þetta hjerað og njóti þeirrar náttúrufegurðar, sem það hefir að bjóða, og kynnist því myndarlega fólki, sem þar býr. En það var hitt, hvernig til þessarar ferðar var stofnað, sem jeg var að benda á, og svo það, að láta landhelgissjóð greiða þann kostnað, sem af þessu ferðalagi leiddi, sem jeg var að átelja.

Enginn maður með heilbrigðum hugsunarhætti getur gengið þess dulinn, að til grundvallar fyrir því að fara með þessa fáu menn í tveimur herskipum inn í Borgarfjörð liggur svo rótgróin fordild og hjegómaskapur, mjer liggur við að segja uppskafningsháttur, að það er til stórskammar. Og það er vonandi, að lögjafnaðarmennirnir dönsku hafi átt þess kost að kynnast svo íslensku þjóðinni, að þeir hafi getað gengið úr skugga um, að þetta tildur og tilberaverk dómsmrh. sje í algerðri mótsetningu við sannan og rjettan íslenskan hugsunarhátt. Þá ber þetta tiltæki áþreifanlega vott um áhugaleysi og skilningsleysi dómsmrh. á nauðsyn landhelgisgæslunnar, að láta tvö strandvarnarskipin liggja þarna dögum saman, og þegar þar við bætist, að það er nú upplýst, og það af ráðh. sjálfum, að þriðja strandvarnarskipið lá um sama leyti uppi í fjöru í Reykjavík, þá verður vannotkun þessa skipastóls enn berari og hirðuleysi hans um það, hvernig fer um landhelgisgæsluna. Enda er nú svo komið, að það er engu líkara en að ráðh. líti þannig á, að strandvarnirnar sjeu aukastarf þessara skipa, en snattferðirnar aðalstarfið. Hefir hjer verið minst á þetta atriði undir umr., og skal jeg ekki fara lengra út í það.

Dómsmrh. upplýsti það, að sá styrkur, sem Einar Einarsson stýrimaður hefir notið nú um hríð til þess að ferðast um í útlöndum, hafi verið veittur til þess að hann ætti þess kost að kynna sjer björgunarmál erlendis. Ef þessi ráðstöfun, að veita Einari þessum styrk í þessu skyni, hefir verið gerð í sambandi við það, að hið nýja strandvarnarskip á að vera útbúið með nokkrum björgunartækjum, þá virðist þetta harla kynleg ráðstöfun, því ganga má út frá því sem sjálfsögðum hlut, að annaðhvort skipstjóranum á Þór eða Óðni verði falin stjórn hins nýja skips, og þyrfti því sá þeirra, sem við skipinu tekur, að hafa þá

þekkingu, sem er í samræmi við útbúnað skipsins og starfsemi að þessu leyti.

Dómsmrh. mintist eitthvað á það í sambandi við Borgarfjarðarferðina frægu, að einn af dönsku lögjafnaðarnefndarmönnunum hefði haft einhverja milligöngu með það að útvega fje til fyrirtækja hjer í Reykjavík. Þetta er nú ekkert sjerlega undarlegt, þegar þess er gætt, að þessi maður er meðeigandi í stóru dönsku verslunarfirma, sem mikil viðskifti hefir við Ísland. En annars ætti Íslendingum að vera það ljóst, og það er nauðsynlegt, að þeir sjeu sjer þess fullkomlega meðvitandi, að dönsku lögjafnaðarnefndarmennirnir koma hingað til að gæta danskra hagsmuna hjer, þeirra, sem þeir hafa samkv. sambandslögunum. Að þeir hafi fullkomna viðleitni í þá átt, sýnir útdráttur úr gerðabók lögjafnaðarnefndarinnar frá síðasta fundi hennar. Þar skín sannarlega í úlfshárin undan sauðargærunni. Það kemur mjög greinilega fram þar, að þeim er það ekkert smáræðis áhugamál að halda sem lengst í jafnrjettis ákvæðin, og hafa þeir lokkað fram ummæli hjá dómsmrh. í því sambandi, sem jeg minnist máske á síðar. Það hefir áreiðanlega verið mjög að yfirlögðu ráði gert, þegar Danir fóru fram á það fyrir nokkrum árum að fjölga mönnum í lögjafnaðarnefndinni og fengu því framgengt, þar á meðal fyrir atbeina núv. dómsmrh.

Dómsmrh. mintist á, að kaup lögjafnaðarnefndarmannanna íslensku hefði verið alt of hátt áður. Þetta er alveg rjett; sjerstaklega keyrðu þó úr hófi ferðakostnaðarreikningar nefndarmanna, þegar fundir n. voru haldnir í Kaupmannahöfn. Vildi hann halda því fram, að einhver skuggi af þessu hvíldi á mínu baki. Að því leyti sem hjer er um skugga að ræða, þá hvílir hann á þinginu í heild, alveg eins á flokksmönnum dómsmrh. eins og öðru, því allir flokkar tóku þátt í kosningu manna í nefndina. En hverjir voru það, sem beittu sjer fyrir því, að kaupið var lækkað og komið var skipulagi á greiðslu ferðakostnaðar? Dómsmrh. vill eigna sjer þetta, en hann átti enga hlutdeild í því þegar borgun fyrir þessi nefndarstörf var færð niður. Það vorum við fjvnm. í Nd., sem bárum fram till. um að lækka kaupið, og frsm. n. var þá íhaldsmaðurinn Þórarinn á Hjaltabakka. Og þess má vænta, að sá grundvöllur, sem þá var lagður um að færa niður borgun fyrir þessi nefndarstörf, og það, sem síðar hefir verið gert í því máli, verði nægjanlega haldgott til þess að meiru fje verði ekki varið í þetta humbugsstarf, því eins og kunnugt er var ákvæðunum um lögjafnaðarnefndina þröngvað inn í sambandslögin af Dönum, þvert á móti vilja Íslendinga.

Þá hjelt dómsmrh. langan fyrirlestur um fangahúsið. Það er nú ekki í fyrsta sinn síðan dómsmrh. komst í valdasessinn, sem hann leggur út af þessum texta. Það munu vera áhöld um, hvað hann hefir flutt marga pistla um þetta efni og vindsnældurnar, sem hann ljet setja í mentaskólann. Tala hvortveggja er orðin legió. Það er segin saga, að þessi mál ber einatt á góma hjá ráðh. þegar hann þarf að tala um syndir íhaldsmanna. En dómsmrh. mætti vera það fullkunnugt, að það var ekki hægt um vik

um fjárgreiðslur úr ríkissjóði til umbóta, þegar Íhaldsflokkurinn tók við völdum 1924. Hagur ríkissjóðs stóð þannig, þegar Framsóknarflokksstj. fór frá völdum, að ríkissjóður var kominn í fleiri milj. kr. lausar skuldir, sem hægt var að heimta greiðslu á hvenær sem var. Íhaldsstj. varð því að láta það sitja fyrir öllu öðru að greiða þessar skuldir, til þess að koma fjárhag ríkissjóðs á rjettan kjöl aftur. Þetta tókst giftusamlega og mun fyr heldur en hægt var í upphafi að gera ráð fyrir.

Næsta verk íhaldsstj. var að reisa úr rústum verklegar framkvæmdir í landinu, en það var nú svo komið með þær, þegar framsóknarstj. fór frá völdum, að það, sem hafði verið áætlað í þessu skyni í fjárl., var ekki greitt nema að örlitlu leyti, og þar með fjellu niður nálega allar verklegar framkvæmdir á því ári. Þetta tókst og giftusamlega, að færa þetta til betra horfs, því eins og kunnugt er, var síðustu árin, sem Íhaldsflokkurinn var við völd, varið meira til verklegra framkvæmda heldur en nokkur dæmi voru til áður. Það varð sem sagt hlutverk Íhaldsflokksins að losa ríkissjóðinn úr skuldaviðjunum og reisa verklegar framkvæmdir úr dái, en svo mikið ávanst í þessu efni á jafnstuttum tíma, að það er ekkert undarlegt, þó það þyrfti að beita öllu bolmagni til þess að koma þessu í framkvæmd og að ekki væri hægt að sinna öðrum verkefnum og umbótum nema að litlu leyti.

Nú er aftur hægra um vik, þegar engar skuldir þarf að greiða, nema vexti og afborganir af samningsbundnum skuldum, og þar sem þessu er samfara eitthvert langbesta tekjuár fyrir ríkissjóðinn, sem nokkurn tíma hefir komið. Nú getur stj. hrækt hraustlega, og jeg verð að segja það, að þegar ríkissjóðurinn er í öðrum eins hershöndum eins og hann virðist nú vera, að þá er ekki nema gott til þess að vita, að einhverju fje sje þó varið til þess að gera við hegningarhúsið og mentaskólann og til annara þarflegra hluta, þar sem þess sjer þó einhverja staði.

Þá ætlaði dómsmrh. heldur en ekki að hreinsa hendur sínar af fjáraustri sínum og bruðlunarsemi með því að lesa upp lista yfir nokkur veisluhöld, sem fram fóru í Kaupmannahöfn í sambandi við byggingu Óðins. Jeg skal fullkomlega játa það, að þarna hefir verið haldið á öðruvísi en vera átti, en þegar athugaður er kostnaðurinn við þessi veisluhöld í Höfn og það borið saman við útlagðan kostnað við Borgarnesför dómsmrh., þá kemur þó í ljós, að sú ferð hefir orðið landhelgissjóðnum mun dýrari. (**Dómsmrh.**: Það var ódýrt að borða í Norðtungu). Já, jeg veit vel, að Borgfirðingar eru menn gestrisnir og allra manna sanngjarnastir um greiðasölu, en það má náttúrlega berast svo mikið á þar eins og annarsstaðar, að hægt sje að eyða peningum, og þessa votturinn er, að dómsmrh. hefir tekist að eyða meiru fje í þetta ferðalag en þeim, sem stóðu fyrir dýru miðdögunum í Höfn. Þó er vitanlega ekki hjer með talinn sá kostnaður, sem af því leiðir að viðhafa svona mikinn og vandaðan skipastól, og þá vitanlega heldur ekki það tjón, sem íslenskir sjómenn hafa beðið við það, að landhelgin var óvarin allan þennan tíma. Það er engu líkara en

að dómsmrh. sje að draga þetta fram til þess að sýna, að fyrst að einhversstaðar hafi verið viðhaft óhóf og sukk, þá sje sjer óhætt — ekki einasta að feta í sömu sporin, heldur að ganga miklu lengra í sukkinu. Það kemur nefnilega fram í þessu sú hugsun, sem altaf skýtur upp hjá ráðh. við hvert tækifæri, að reyna að nota þau verk og þær athafnir fyrirrennara sinna, sem hann hefir þyndarlaust skammað þá blóðugum skömmum fyrir, nota þau fyrir skálkaskjól, þegar hann kemst í þá aðstöðu að þurfa að verja sínar stóru fjárbruðlunarsyndir.

Dómsmrh. vjek eitthvað að því, að jeg hefði reynst óheill í landhelgisgæslumálinu, að jeg hefði lagst á móti frv. um eftirlit með loftskeytanotkun togaranna. Þetta er með öllu ósatt; jeg lýsti yfir fylgi mínu við frv., þó að jeg hinsvegar hefði ekki mikla trú á gagnsemi þess.

Þá held jeg, að jeg hafi drepið á þau helstu af einstökum atriðum, sem fram komu í ræðu dómsmrh.

Þá kem jeg nú að því, sem dómsmrh. byrjaði ræðu sína á; það var að gefa deildinni lýsingu á þeim mönnum, sem nú um langt skeið hafa kosið mig á þing. Og það eru að hans dómi yfirgangsmennirnir á Akranesi og afturhaldsmennirnir uppi í sveitum. Jeg læt mjer mjög í ljettu rúmi liggja, þó dómsmrh. láti sjer sæma að setja þennan stimpil á kjósendur mína, eins og jeg líka veit fyrir víst, að þeim er svo hjartanlega sama um það. En eina ósk hefi jeg fram að bera í þessu sambandi, og hún er sú, að hann láti Tímann flytja kjósendum mínum þessi ummæli óbrjáluð.

Þá tók dómsmrh. sjer næst fyrir hendur að lýsa lífsskoðun minni, og þótti honum þar heldur en ekki vera ósamræmi milli orða og gerða. Fór hann ýmsum lofsamlegum orðum um mig, sagði, að jeg væri sparsamur, reglusamur, vinnusamur o. s. frv., en þó legði jeg lag mitt við og væri í flokki með óhófs- og drykkjumönnunum í landinu, í stað þess að vera í flokki sparsemdarmannanna og reglumannanna, sem hötuðu vínið og berðust á móti ofdrykkjunni. Og það er nú svo sem ekki um að villast, hvaða flokkur það er, sem dómsmrh. á hjer við; það mun nú svo sem auðvitað vera Framsóknarflokkurinn.

Það er nú alkunnugt, hvernig dómsmrh. fer að, þegar hann er að skilja sauðina frá höfrunum. Þá er skilgreiningin þessi: Í Íhaldsflokknum eru eintómar eyðsluklær og ofdrykkjumenn, en í Framsóknarflokknum eintómir fjármálaspekingar og stakir reglumenn. Jeg hefi nú haft þessi ummæli upp eftir dómsmrh., skilgreining hans á mannkostum þeirra manna, sem í þessum flokkum eru, af því að mjer finst, að það komi fram í þeim svo rjett og sönn mynd af honum sjálfum, hans eigin virðulegri persónu.

Já, það er nú svo sem ekki að efa, að þeir eru allir reglumenn Framsóknarflokksmennirnir, og jeg efast svo sem ekki um það, að dómsmrh. yrði sjálfsagt að fara upp á nokkuð háan sjónarhól til þess að koma auga á nokkurn einstakan þeirra, sem sú lýsing ætti ekki við!! En út af því, sem dómsmrh. sagði um heilagleik Framsóknarflokksmannanna í bindindis- og bannmálinu, þá er ekki ófyrirsynju eða ástæðulaust að minnast á framkomu dómsmrh. sjálfs í þessum mál-

um. Þrátt fyrir það, þó dómsmrh. látist vera eindreginn stuðningsmaður bindindis- og bannmálsins, og þó hann hafi haft töluverð umsvif í því sambandi, þá verður því ekki neitað, að hann hefir sýnt hin örgustu óheilindi í þessu máli og notað þetta góða mál til blekkinga í flokkspólitísku augnamiði. Skal jeg nú færa þessum orðum mínum stað. Meðan íhaldsstj. var við völd, linti hann aldrei hvorki í ræðu nje riti á skömmum og ádeilum á hana fyrir það að verða ekki við þeim áskorunum, sem fram komu um það, að leggja niður vínútsölurnar. Fullyrti hann, að ekkert væri því til fyrirstöðu eða stæði í vegi fyrir því, að þetta væri gert nema mótþrói íhaldsmanna, er halda vildu við drykkjuskaparóreglu í landinu.

Á þinginu 1927, næsta fyrir kosningarnar, var borin fram að hans tilhlutun þáltill. í Nd., þar sem skorað var á stj. að leggja niður vínútsölustaðina utan Reykjavíkur og að segja upp Spánarsamningunum. Þessi till. náði ekki fram að ganga af ótta við það, að aðstaðan til fisksölu á Spáni gæti við það breytst til hins lakara.

Þá skrifaði dómsmrh. skammagrein um íhaldsmenn, þar sem stóð meðal annars: Nú er engum íhaldsmanni að trúa framar í bannmálinu, ekki einu sinni Jóni Ólafssyni Drafnarforstjóra eða Pjetri Ottesen. Allir hafa svikið.

Þetta var nú látið klingja óspart fyrir kosningarnar. Eins og kunnugt er, þá á vínbannsstefnan ítök í hugum mikils meiri hl. manna í landinu, og það er alkunnugt, að þjóðin gekk sárnauðug en knúin af óhjákvæmilegri nauðsyn undir ok Spánarsamninganna. og þráir það af einlægum hug, að því oki verði af ljett. Það er þess vegna ekki ólíklega til getið, að einhverjir hafi orðið til þess að trúa þessum skrifum dómsmrh. og litið svo á að þar væri mælt af heilum hug en ekki fláttskap. Það getur þess vegna vel verið, að þetta hafi veitt Framsóknarflokknum brautargengi við síðustu kosningar. Ef til vill á dómsmrh. því það að þakka, að hann skipar nú þann sess.

En hvað skeður? Dómsmrh. komst eftir kosningarnar í þá aðstöðu að geta komið vilja sínum í þessu efni í framkvæmd. En hann hefir hvorki hreyft legg nje lið til þess að leggja niður vínútsölurnar. Þær standa í fullum blóma. Sú eina breyt., sem hefir þar á orðið, er sú, að koma þar í forstjórastöður framsóknarmönnum eða sósíalistum, sem íhaldsmenn voru áður. Það má því öllum ljóst vera, hve heill dómsmrh. og Framsóknarflokkurinn hefir verið í þessu máli. Dómsmrh. hefir ekki skirst við að nota þetta góða og göfuga málefni til þess að falsa heimildir á sjer og flokki sínum.

Þá hefir hjer verið minst á hina stórfeldu vínblöndun, sem fram hefir farið nú upp á síðkastið í birgðageymslu vínverslunarinnar undir forstjórn hins nýja vínverslunarforstjóra. Þar hafði verið komið allmikið safn af bragðdaufum vínum, sem lítt þóttu fýsileg þeim, er þrá sterka drykki. Eftir að forstjóraskiftin urðu, komu þeir sjer saman um það, hinn nýi vínverslunarforstjóri og dómsmrh., að hella þessum daufu vínum saman og hefja á þann hátt stórfelda blöndun, því það kom upp úr kafinu síðar, að þeir höfðu komist á snoðir um það við lítilsháttar tilraunir, sem fyrv. for-

stjóri hafði gert, en sem síðar, þegar annað stærra og meira var komið til sögunnar, var kallað kjótl, að á þennan hátt var hægt að framleiða vín, sem að áhrifum og styrkleik var næstum brennivíns ígildi. Það þarf svo sem ekki að tala um það, hver varð afleiðing þessarar blöndunar. Á þennan hátt tókst þeim fjelögunum, dómsmrh. og forstjóranum, að koma þessum bragðdaufu vínum leiðar sinnar ofan í almenning. (**Dómsmrh.**: Það er sama og breyta vatni í vín!). Það er nú svo, en samt hygg jeg, að á bak við þessa vínblöndun sje alt annað hugarfar en það, sem biblíufróðir menn skýra, að kraftaverk Krists hafi stjórnast af. En þetta innskot dómsmrh. getur til sanns vegar færst að því leyti til, að honum hefir máske þótt nokkuð mikið vatnsbragð að vínunum áður en blöndunin fór fram.

Jeg býst nú við því, að dómsmrh. muni svara mjer því til, að þetta sje hagsmunaatriði fyrir ríkissjóðinn og að illa sitji á mjer að amast við því, að tekjur hans vaxi. En jeg skal segja dómsmrh. og öðrum það hreinskilnislega, að þó að mjer sje umhugað um, að ríkissjóði áskotnist sem mest fje og að vel sje með það fje farið, þá hefði í þessu falli bann- og bindindismaðurinn í mjer orðið yfirsterkari, og er jeg mjer þess vegna fullkomlega meðvitandi, að dómsmrh. hefir breytt hjer alveg gagnstætt því, sem hver sannur bann- og bindindismaður hefði gert í hans sporum.

Ennfremur má benda á það, að goodtemplarareglan á engum sjerstökum vinsældum að fagna á þessum dögum hjá dómsmrh. Í gildandi fjárl. nýtur stórstúka Íslands 12 þús. kr. styrks úr ríkissjóði til útbreiðslustarfsemi. En í fjárlfrv., sem stj. hefir nú lagt fyrir þingið, hefir hún lagt til að lækka styrkinn um 4 þús. kr. Starf reglunnar er bæði nauðsynlegt og stórþarft, enda óyggjandi margra ára reynsla fengin fyrir því, að starfsemi hennar er langsamlega sterkasti þátturinn í baráttunni gegn drykkjubölinu og baráttunni gegn því, að andlegum og efnalegum verðmætum þjóðarinnar sje fórnað á því altari. Starfsemi reglunnar er því þannig, að stj. og Alþ. ætti að vera það metnaðarmál að styrkja hana í sínu göfuga starfi. Það fje, sem þingið hefir til þessa veitt til þessarar starfsemi, hefir altaf verið naumt skorið, en það hlýtur að lama starfsemina mjög, ef dómsmrh. fær þeim vilja sínum framgengt, að lækka styrkinn um þriðjung.

Dómsmrh. fóðrar þessa till. um að lækka styrkinn til stórstúkunnar með því, að bannlagagæslan hafi verið aukin á öðrum sviðum. En hvernig hefir tekist til með þessa löggæslu? Eftir því sem jeg best veit, hefir almenningsálitið þegar gengið milli bols og höfuðs þeirri tegund hennar, sem hlotið hefir nafnið „þefarar". Þetta hygg jeg að muni liggja í því, að dómsmrh. hefir valið menn í þessar stöður eftir flokksfylgi eins og í aðrar stöður, en ekki gætt þess, að þessir menn væru gæddir þeim eiginleikum, sem nauðsynlegir eru til þess að þeir kæmu að liði í starfi sínu og yrðu að því gagni, sem þeir hefðu getað orðið og þörf var á.

Meðal breyt. þeirra, sem gerðar voru á bannlögunum á síðasta þingi,

var það, að bannaðar voru áfengisauglýsingar. Var dómsmrh. stuðningsmaður þessarar og annara breyt., sem þá voru gerðar á bannlögunum. En hvað skeður svo? Um svipað leyti skrifar dómsmrh. grein um það í Tímann, að Íslendingar sjeu ekki samsætis- eða veisluhæfir nema þeir sjeu undir áhrifum víns eða ölvaðir, og í sömu grein eða annari um líkt leyti talar hann um það, að Íslendingar eigi að venja sig á að hafa vín um hönd að hætti Suðurlandabúa og drekka vín eins og þeir nú drekka kaffi eða aðra svipaða nautnadrykki. Jeg býst nú við því, að ef þau erlendu firmu, sem hjer auglýstu vín í blöðunum, hefðu vitað um þessi skrif dómsmrh., þá hefði þeim þótt þau bæta mikið úr því, að þau mistu rjettinn til auglýsinga, enda er það alveg víst, að þessi ummæli hafi vakið meiri eftirtekt og umtal en nokkur vínfangaauglýsing hefir gert.

Þegar alls þessa er gætt, þá finst mjer, að það sitji illa á dómsmrh. að vera með alt of mikla vandlætingasemi í garð annara manna í þessum málum og að líta á sig og sinn flokk sem nokkurskonar merkisbera á þessu sviði. Og síst situr á honum að vera að nota jafnsterk orð og hann gerir um vínnautn annara, því sagt er, að ráðh. flökri ekki við því að vera með á því sviði rjett eins og hver annar, enda er það í fullu samræmi við drykkjukenningar hans í Tímanum, þær sem jeg mintist á áðan. Jeg hefi líka sjeð mynd af dómsmrh., þar sem hann situr í burgeisaveislu úti í Kaupmannahöfn með brennivínsglasið fyrir framan sig, og er komið gott borð á glasið og það verður ekki annað sjeð en að ráðh. renni fullkomlega hýru auga í löggina!

Hvaða drykkjarföng dómsmrh. kann að velja sjer hjer heima til þess að verða samkvæmishæfur, veit jeg ekki, en ætla mætti, að hann munaði í þá nýju uppfundingu, sem runnið hefir upp eins og fífill í túni undir vernd hans og umsjón með vínfangabúri ríkisins. Það hefir verið mikið talað um Tervani-málið í þessum umr., og er það ekki að ófyrirsynju, þó dómsmrh. fái maklega hirtingu fyrir það tiltæki sitt að gefa útlendum sökudólg upp sakir þvert ofan í landslög og rjett. Dómsmrh. hefir nú verið hrakinn úr einu víginu í annað í þessu máli. En nú þykist hann hafa fundið vígi, sem hann geti varist úr, og jeg verð að taka undir það með hv. þm. N.-Ísf., að mjer þykir það harla undarleg skjaldborg, sem hann hefir þarna flúið til og leitað sjer skjóls í. Það er sem sje vörn Lárusar Jóhannessonar málaflutningsmanns, sem hann flutti í undirrjetti í Júpitersmálinu. Eins og kunnugt er, þá hefir dómsmrh. gert sjer mjög mikið far um í fjölda blaðagreina að ófrægja þennan lögfræðing og gera lítið úr honum á allan hátt. En nú þykir dómsmrh. það hreinasta hnossgæti að flýja á náðir hans í þessu máli. (**Dómsmrh.**: Hann er einmitt til þess kjörinn!). Já, nýta flest í nauðum skal, hugsar dómsmrh. sjálfsagt. En sú oftrú og það skilningsleysi á dómgreind almennings, að láta sjer detta það í hug að ætla sjer þá dul að fleyta sjer yfir brim og boða í þessu máli á einhliða vörn annars aðilans í undirrjetti! Hvað sumum mönnum getur

dottið mikil vitleysa í hug, það er öldungis undravert.

En meðal annara orða vildi jeg leyfa mjer að spyrja að því, hvaða bláa bók það er, sem dómsmrh. er altaf öðruhverju að lesa glepsur úr í þessum umr., bæði í sambandi við Tervani-málið og fleira. Jeg sje ekki, að það sje í annað hús að venda með það að fá upplýsingar um þetta, því eiginlega hafa ekki aðrir handleikið þessa bók hjer en hann. Raunar hefi jeg sjeð forsrh. með tvö eintök af þessari bók; öðru þeirra snaraði hann að sendiherranum danska, þar sem hann sat í dyrunum á ráðherraherberginu, en hitt lokaði hann sem snarast niður í skúffuna sína. Það hefir flogið fyrir sú saga, að dómsmrh. hefði í smíðum allstóra bók, þar sem rætt væri um ýms mál og gefa ætti út í 6000 eintökum. Máske er þetta plagg nú að skjóta hjer upp höfðinu, en að enn þyki ekki tímabært, að það sje nema í fárra manna höndum.

Út af því, sem dómsmrh. las upp úr þessari bók í sambandi við Tervani-málið, nefnilega þessa vörn Lárusar Jóhannessonar, þá datt mjer í hug: Skyldi þetta nú vera það eina, sem sagt er í þessari bók um það mál, eða skyldi nú alt annað, sem um það er þar sagt, vera bygt á þessum ummælum? Það væri nú svo sem ekki nema eftir annari framkomu dómsmrh. í þessu máli, þó það væri nú svo. Hingað til hefir aldrei þótt nema hálfsögð saga meðan einn segir frá. Hefði dómsmrh. viljað leggja málið óhlutdrægt fyrir almenning, hefði hann vitanlega látið prenta upp í bókina sókn og vörn í Júpiters-málinu í hæstarjetti. Á þann hátt gafst almenningi kostur á því að kynnast til hlítar málavöxtum á báða bóga. En annars ætla jeg ekki að fara frekar út í þetta. Hv. þm. N.-Ísf. hefir rjettilega bent á það, hve fjarstætt það er í fræðsluriti fyrir almenning að draga aðeins fram aðra hlið málsins, þar sem alt er teygt og togað og meira og minna úr lagi fært, eins og gengur. Það er vitanlega ný blekking í málinu og ekkert annað. Það hvílir því jafnt fyrir þessu óhrakinn með öllu sá þungi áfellisdómur, sem almenningsálitið hefir kveðið upp, yfir dómsmrh. fyrir það að ganga fram fyrir skjöldu dómstólanna og gefa hinum erlenda sökudólg upp sakir.

Annars vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til dómsmrh., að úr því að hann leggur svona mikið upp úr vörn Lárusar Jóhannessonar í Júpiters-málinu, hvort hann undirskrifi þá ekki jafnfúslega vörn þessa sama lögfræðings í öðru máli, sem dómsmrh. er allmjög riðinn við, sem sje Hnífsdals-málinu?

Dómsmrh. viðhafði þau orð hjer í gær, að nauðsynlegt hefði verið að bjarga Tervani-málinu úr óvitahöndum. Mjer er nú ekki vel ljóst, hvað dómsmrh. á við með þessum ummælum, nema ef það eru dómstólar landsins, sem hann hefir slík ummæli um. Því ef málið hefði gengið sinn gang, hefði það vitanlega farið fyrir dómstólana, annan eða báða. Það hljóta þess vegna að vera dómstólarnir, sem ráðh. hefir slík ummæli um, og er það þó sannarlega hart af þeim manni, sem samkv. stöðu sinni á að vera vörður laga og rjettar í landinu, að við-

hafa slík orð um dómstólana á Alþingi.

Þá sagði dómsmrh., að auk þess sem „Trausti" hefði verið illa útbúinn, þá hefði hann líka verið smyglunarbátur. Það er nú ekki í fyrsta skifti sem dómsmrh. talar um það og reynir að slá ryki í augu manna með því, að „Trausti" hafi verið smyglunarbátur. Jeg sje nú ekki, hvaða blettur hafi getað fallið á bátinn, dautt verkfærið, þó að einhvern tíma hafi verið á honum menn, sem látið hafi niður í hann vínbrúsa og tekið þá upp úr honum aftur. Það voru alt aðrir menn á bátnum þegar Tervani var kærður. Það fjell heldur enginn skuggi á útgerðarmann bátsins í sambandi við þessa margumræddu smyglun, fremur heldur en að það hefir fallið skuggi á forstjóra Eimskipafjelags Íslands, þó það hafi komið fyrir, að einhverjir skipverja þar hafi gert tilraun til að smygla nokkrum vínflöskum. Þá er það og upp á sinn máta alveg sama að ætla sjer að fordæma varðbátinn „Trausta" fyrir það atvik, sem fyrir kom á honum, að hann var notaður til þess að smygla víni, eins og að fordæma t. d. Eimskipafjelagsskipin fyrir það, að slíkt hefir komið fyrir á þeim.

Þá sagði dómsmrh., að þakklætisbrjef það, sem stj. hefði fengið frá utanríkisráðuneytinu enska fyrir að gefa styrktarsjóði í Englandi björgunarlaun þau, er Óðni bar, væri fyrsta viðurkenningin á íslensku rjettarfari. Þetta er algerlega rangt. Hver sá dómur, sem hjer er kveðinn upp yfir útlendum sökudólg, hvort sem er togari, smyglari eða annað, og er látinn standa ómótmæltur og óvjefengdur, er bein og skýlaus viðurkenning á íslensku rjettarfari. En þakkarbrjef fyrir gjafir eða tilslakanir eiga ekkert skylt við það og í þeim felst engin slík viðurkenning.

Jeg mintist á það fyr í ræðu minni, að eftir útdrætti þeim að dæma úr fundabók lögjafnaðarnefndarinnar, sem fyrir liggur hjer í þinginu, fyndist mjer danski hluti lögjafnaðarnefndarinnar hafa gerst allíhlutunarsamur um alíslensk löggjafarmál. Á jeg þar sjerstaklega við rekistefnu þá, sem þeir hafa gert út af síldareinkasölulögunum. Þar er um alíslenskt löggjafarmál að ræða, sem þeir samkv. sambandslögunum hafa enga aðstöðu til þess að gagnrýna eða skifta sjer neitt af. Þetta þarf íslenski nefndarhlutinn að láta þá vera sjer fullkomlega meðvitandi um og hleypa þeim ekki feti lengra í íhlutun um slík mál en sambandslagasamningurinn innibindur.

Það skín og út úr ummælum þeirra á þessum nefndarfundum, að þeim hefir verið mjög í mun að fá umsögn íslensku nefndarmannanna um það, hver væri vilji og hugsun íslensku þjóðarinnar gagnvart uppsögn sambandslaganna. Og jeg verð að segja það, að ummæli þau, sem dómsmrh. ljet falla í því sambandi, koma mjer harla kynlega fyrir sjónir. Þau eru sem sje á þann veg, að sambandslögin sjeu ekki ofarlega á baugi hjá þjóðinni.

Mjer koma bessi ummæli harla kynlega fyrir af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að jeg get ekki hugsað mjer, að nokkur Íslendingur, sem kominn er til vits og ára, gangi þess nokkra stund dulinn, hvað mikið

skortir á um það, að landsins börn eigi ein að hafa óskoraðan umráðarjett yfir gæðum landsins og auðsuppsprettum, meðan önnur margfalt stærri og ríkari þjóð hefir jafnan rjett til atvinnurekstrar í landinu. Og jeg ætla þess vegna, að þeir muni fáir vera, sem ekki eru fullráðnir í því, hvenær sem er, eftir að þeir hafa fengið þroska og aðstöðu til þess að skilja til hlítar þýðingu þessara jafnrjettisákvæða, að nota fyrsta tækifæri til þess að segja upp sambandslögunum, og að aldrei komi til mála undir neinum kringumstæðum að semja að nýju um nein slík jafnrjettisákvæði aftur. Í öðru lagi koma mjer þessi ummæli kynlega fyrir af því, að á síðasta þingi gerðust þeir atburðir í þessu máli, sem fullkomlega sýndu það, að þingið var vakandi og einhuga um það að nota fyrsta tækifæri til þess að segja upp samningunum. Og það er áreiðanlegt, að þingið er í þessu efni sannur spegill af þjóðinni. Það er þessvegna áreiðanlegt, að þessi ummæli dómsmrh. eru röng og að ófyrirsynju töluð. Það er báðum þjóðum best, að hreint sje gengið til verks um það, hvað sje í aðsigi í þessu máli, og að þar komist engin undanbrögð eða hálfvelgja að.

Sama er að segja um þau ummæli, sem dómsmrh. viðhafði í nefndinni um dönsku landhelgisgæsluna hjer við land, að á meðal stjórnmálamanna væri engin óánægja með hana. Þetta er með öllu rangt. Allir þeir, sem einhvern snefil hafa af áhuga fyrir landhelgisgæslunni, hljóta að vera óánægðir með það, hversu danska varðskipið sinnir því starfi lítið, þegar það er hjer við land. Langsamlega mest af tímanum, sem það er hjer við land, heldur það einhversstaðar kyrru fyrir, enda er eftirtekjan af starfinu nú síðustu árin ljósastur vottur þess, hversu mjög það muni hafa sig í frammi við landhelgisgæsluna. Það er þess vegna rjett og sjálfsagt, að rjettmætar umkvartanir um áhugaleysi þeirra manna í sínu kalli, sem stýra þessu skipi hjer, berist til eyrna ráðandi manna í Danmörku. Mættu af því leiða einhverjar umbætur frá því, sem nú er og verið hefir um hríð.

Út af því, sem jeg mintist á, að Halldór Júlíusson hefði ekki viljað láta konu eina á Vestfjörðum sverja við nafn guðs, heldur við nafn ákveðins borgara vestur þar, þá gat dómsmrh. þess, að þetta hefði ekki verið neitt undarlegt, því þessi kona hefði verið orðin uppvís að því að hafa logið, og hann lagði mikla áherslu á það, að hún hefði logið. Út af þessu datt mjer það í hug, að ef það ætti nú fyrir Halldóri Júlíussyni að liggja að taka eið af dómsmrh., þá væri ekki ófróðlegt að vita, við hvers nafn hann mundi ráðleggja honum að sverja.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Meðan hv. þm. Borgf. kemur ekki í deildina, ætla jeg að víkja að nokkrum atriðum almenns eðlis. Hann vildi halda því fram, að ekki hefði orðið neinn sparnaður við breytinguna á skipun bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættanna í fyrra, heldur þvert á móti 40 þús. kr. kostnaðarauki, sem komi nú fram sem hækkun á útgjaldahlið fjárlaganna. Fjárlögin hafa nú verið athuguð í hv. fjvn. og hún álítur, að þessi útgjaldahækkun sje ekki 40 þús. kr., eins og hv. þm. Borgf. vill vera láta, heldur

einar 17 þús., og eru þar ekki taldar með þær tekjur, sem á móti koma. Óbeinar tekjur þessara tveggja embættismanna voru orðnar svo miklar með gamla skipulaginu, að það var komið út yfir öll takmörk. Kunnugir menn álitu, að annar þeirra hefði um 80 þús., en hinn um 40 þús. kr. í tekjur á ári, en með breyt. frá í fyrra renna mestallar aukatekjurnar sumpart út til almennings og sumpart í ríkissjóð, svo að sparnaðurinn er auðsær fyrir þá, sem á annað borð vilja hafa opin augun fyrir honum. Jeg vonast til þess, að hv. þm. Borgf. sjái það, að hin háu laun þessara embættismanna hlutu að hafa mjög ill áhrif á hina illa launuðu embættismannastjett í landinu. Það var ekki von, að sýslumenn úti um land gætu verið ánægðir með lág laun og mjög takmarkað skrifstofufje, þegar gæðingar fyrv. stj., sem sátu í þessum feitu embættum, fengu alveg ótakmarkað skrifstofufje og svo há laun, að annar þeirra var látinn borga 9500 kr. í útsvar, sem er sama upphæð og þessir embættismenn eiga að geta fengið mest í tekjur á ári. Mig furðar satt að segja stórlega á því, að annar eins sparnaðarmaður og hv. þm. Borgf. þykist vera skuli ekki sjá, hvað þetta ástand er spillandi fyrir alla embættismannastjett landsins.

Mjer þótti undarlegt, að hv. þm. Borgf. skyldi fara svo óráðvandlega með þá reikninga, sem jeg var svo líðlegur að leyfa að sýna honum, eins og raun varð á. Hann hefir komist þarna í ýmsa reikninga óklárða, og býr svo til missagnir og útúrsnúninga. T. d. fjölgar hann bílunum um helming og setur kostnaðinn við Borgarfjarðarferð varðskipanna á landhelgissjóð, sem hefir ekki borgað þar einn eyri. Það getur verið, að þetta komi hv. þm. einhvern tíma í koll, að fara svona að ráði sínu. Þegar honum er af góðvild hleypt í hálfgerða reikninga, þá notar hann aðstöðu sína til þess að misskilja, afbaka og snúa út úr og beinlínis falsa frásagnir. Það er varla hægt að hugsa sjer meiri mun á framkomu tveggja manna heldur en hjá okkur í þessu máli. Jeg sýndi honum þann drengskap að hleypa honum í reikningana, suma hálfgerða, en hann misnotar þá svo á hinn lúalegasta hátt til þess að ófrægja mig og svívirða. Af þessum ástæðum væri víst hyggilegast fyrir mig að taka upp sömu aðferð og íhaldsstj. hafði, að lofa engum að sjá neitt nema ákveðnum flokksbræðrum, því að þessi misnotkun er mjög áfellisverð á allan hátt.

Hv. þm. Borgf. byrjaði á því að tala um hina óhemjulegu eyðslu núv. stj. á ýmsum sviðum. T. d. fann hann að því, að maðurinn, sem á að standa fyrir vinnuhælinu og hafa marga fanga undir höndum, fær 1000 kr. ferðastyrk til þess að geta kynt sjer fyrirmyndar stofnanir í þessari grein erlendis. Þetta ætti þó enginn að telja eftir, því að bæði er styrkurinn lítill, og svo verður að vera trygging fyrir því, að þessi stofnun sje í góðum höndum. Hingað til hefir ekki verið til neinn staður fyrir þá menn, sem eiga ógoldið sektarfje í ríkissjóð, en í sumar verða þeir látnir vinna af sjer sektirnar við vegagerð í Flóanum, og þá undir stj. þessa manns, sem hv. þm. Borgf. vildi ekki láta gera hæfari til starfsins.

Í þessu sambandi vil jeg minna hv.

þm. Borgf. á það, að í tíð fyrv. stj. voru einu íhaldskjördæmi greiddar 25 þús. kr. í skaðabætur fyrir skemdir á netum, vegna þess að varðskipið var fjarverandi þaðan í 3 daga. Mjer er sem jeg sjái framan í hv. þm. Borgf., ef stj. hefði látið bolsana á Ísafirði fá þessa upphæð, en af því að íhaldskjördæmi á í hlut, þá er alt gott og blessað í hans augum. Þetta var mikil eyðsla, 25 þús. kr., en íhaldsstj. borgaði þetta án þess að bera það undir þingið, og væri fróðlegt fyrir hv. þm. Borgf. að gera samanburð á þessari upphæð og þeim aurum, sem hann er nú svo flinkur að leggja saman.

Íhaldsstj. veitti upp undir ½ milj. kr. fram yfir heimild til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, og nú er þar alt í mestu óreglu. Hv. þm. Borgf. telur þetta víst alveg leyfilegt, vegna þess að Vestmannaeyingar senda íhaldsmann á þing. Ofan á þetta bætist, að mikið af hafnargarðinum bilaði, og varð að gera við hann fyrir 70 þús. kr. í fyrra, og nú þarf víst einhverjar nýjar viðgerðir í sumar. Hv. þm. Borgf. væri því nær að líta nær sínum eigin dyrum og athuga öll þau hundruð þúsunda, sem þar hefir verið bruðlað, heldur en að vera með þennan sparðatíning í reikningum núv. stj. Jeg man ekki eftir að hann segði neitt á árunum 1920 og 1921 út af fjáraukalögunum miklu, en vill hann fletta upp í þeim og sjá póstana, þar sem hans eigin stj. fleygir hverjum bitanum öðrum feitari í gæðinga sína? Í samanburði við alt þetta er það hreint og beint hlægilegt að vera að telja eftir einar þús. kr. til manns, sem fer utan til þess að rannsaka þarflegt fyrirtæki til að bjarga heilli grein þjóðarviðskiftanna, sem íhaldið skildi við í því ástandi, sem skrælingjum einum var samboðið. Hann talaði um, að einhver framsóknarlögfræðingur hefði fengið 17 hundr. kr. fyrir að semja lagafrv. fyrir núv. stj., en hann gat ekki um það, að annar lögfræðingur, sem er íhaldsmaður, fjekk 25 hundr. kr. fyrir alveg sama verk hjá hans eigin stj.

Hv. þm. Borgf. er enn ekki farinn að sætta sig við bílana. Jeg held þó, að hann sje farinn að sætta sig við bílana, sem notaðir eru við vegagerðina, og jafnvel bílinn, sem vegamálastjóri notar sjálfur, sjerstaklega eftir að hann frjetti, að vegamálastjóri borgaði einu sinni 500 kr. á viku fyrir bíla, meðan hann hafði engan sjálfur. Það mun þó vera mála sannast, þar sem stj. sjálf og starfsmenn hennar eru altaf öðruhverju í ferðalögum, að það væri heldur lítil búmenska af landinu að hafa ekki sína eigin bíla.

Jeg vil rjett drepa á, að þegar svona algengt fiskfirma eins og Kveldúlfur leyfir sjer að hafa 3—4 bíla fyrir „direktörana“ og tiltölulega fáa starfsmenn, ætti ekki síður að borga sig fyrir landið að hafa 2 bíla. Úr því að Kveldúlfur getur það, þó að ríkur sje talinn, ætti landið að geta það. Jeg vildi, að hv. þm. gerði í næstu bílaræðu sinni samanburð á Kveldúlfi og landinu í þessu efni, bæði þörfinni og getu.

Hv. þm. var óánægður með það, sem hann kallaði eyðslu úr landhelgissjóði. En jeg ætla að benda á eina eyðslu, sem bráðum mun sjást í reikningum landhelgissjóðs, frá vorinu 1926. Í aprílmánuði hefir einn merkur íhaldsmaður kvittað fyrir 4000 kr. úr land-

helgissjóði. Síðan líða nokkrir mánuðir. Um þetta bil kom konungur til Islands og Jón Magnússon dó í fylgd hans. Þegar svo þessi merki íhaldsmaður á að fara að standa skil á peningunum, segir hann, að þetta hafi verið fyrir Jón Magnússon, til þess að standast kostnað við konungskomuna. Jeg veit ekki, hvað satt er í þessu, en peningarnir hafa aldrei komið aftur, og enginn reikningur fyrir því, hvernig þeim var varið.

Í sambandi við útgjöld landhelgissjóðs vil jeg minna á það, að þegar jeg tók við stj., voru borgaðar 10 þús. kr. fyrir bókhald sjóðsins, sem þá var svo seinlega og klaufalega gert, að ekki var hægt að fá glögga hugmynd um hag hans. Maðurinn var að vísu heiðarlegur, en alls ekki fær um að inna þetta verk af hendi. Á sama tíma virðist fyrirrennari minn (MG) hafa gert samning við einn mann í stjórnarráðinu um, að hann skyldi fá 4000 kr. árlega fyrir að líta eftir skipum, senda skeyti o. s. frv. Þetta var borgað út fyrir árið 1925, þegar ekkert skip var til, 1926 og jeg má segja 1927, svo að þessi eini starfsmaður hefir, með beinum samningi við ráðh., lagt landhelgissjóði þunga byrði á herðar. Slíkar ráðstafanir gerði þessi mjög sparsami vinur hv. þm. Borgf. En í stað 10 þús. kr. bókhaldarans er nú kominn maður með 3 þús. kr. laun, sem þó gerir verkið betur en fyrirrennari hans. Og auk þess hefir hann haft annað á hendi kauplaust, til dæmis innkaup til spítala landsins.

Eftir stjórnarskiftin var byrjað að bjóða út kolin, og við fyrsta útboðið lækkaði sá liður á nokkurra mánaða eyðslu um 4000 kr. Á þennan hátt hefir landhelgissjóði sparast mikið fje. Jeg vil benda hv. þm. á einn lið, sem var óþarflega hár hjá fyrirrennara mínum, en það er fæðiskostnaður skipverja. Hver maður hafði kr. 4.50 á dag í fæðispeninga, það er að segja: brytinn fjekk það fyrir efnið í matinn. Alt annað leggur landið til, eldivið, áhöld og kaup bryta. Á Eimskipafjelagsskipunum er þetta kr. 3.75, og hefir nú verið fært niður á hinum skipunum. Þegar nýja varðskipið kemur, mun reynt að koma á enn ódýrara skipulagi í þessum efnum.

Hv. þm. var mjög óánægður yfir því, að skipshöfnin á Óðni skyldi fá 1—2 daga frí. Jeg er alveg hissa á hv. þm., að vera að telja eftir, þó að þessir menn, sem vinna á sunnudögum jafnt og aðra daga, fái örlítið frí á þeim tíma, sem langminst er að gera. Enda telur hv. þm. þetta í raun og veru ekki eftir þeim. Hann lætur svona, bara af því að það var jeg, sem gaf þeim fríið. Hefðu það verið hans vinir, þá hefðu skipsmennirnir mátt eiga frí í heila viku.

Jeg ætla að svara því, sem til mín var beint um lögjafnaðarnefndina, þegar annar hv. þm. hefir talað um sama efni. Hitt er misminni hjá hv. þm. Borgf., að upptökin að lækkun á kaupi lögjafnaðarnefndar hafi verið hjá íhaldsmönnum. Uppástungur í þá átt komu fyrst í greinum í Tímanum.

Það kennir dálítillar gleymsku hjá hv. þm., þegar hann segir, að vesalings íhaldsstjórnin hafi ekkert getað gert fyrir peningaleysi. Jeg get ekki verið hv. þm. sammála um það. Jeg trúi því ekki, að ekkert hafi verið hægt að gera eftir 1924. Og síðustu tvö árin var framkvæmd skattaniður-

felling, til flokksbræðra hv. þm. aðallega, en það var sama og að kasta frá landhelgissjóði peningum, enda varð tekjuhalli á eftir.

Þó tekur út yfir alt, þegar hv. þm. segir, að lausaskuldirnar 1924 hafi verið Tímanum að kenna. Jeg held, að hv. þm. sje búinn að gleyma því, þegar hann var á þingi 1917 og '18 og studdi stj. Jóns Magnússonar, og 1920, '21 og 22, þegar hallinn var 2—2½ milj. á hverju ári og hv. þm. hreyfði hvorki legg nje lið. Það var fyrst eftir að andstæðingar hv. þm. bentu á, hvernig ástatt var um fjáraukalögin miklu, að farið var að laga þetta.

Þá kom. hv. þm. að áfengismálunum. Mjer hefði fundist, að hann hefði átt að snúa geiri sínum í aðrar áttir hvað það snertir. Hann hefði átt að tala um blöð íhaldsins, Morgunblaðið, Storm og Vörð. Hvenær hafa þau gert annað í áfengismálunum en að mæla með vínnautninni í landinu? Hverjir kölluðu löggæslumennina „þefara“ og reyndu á allan hátt að svívirða þá og sverta í augum almennings? En hv. þm. hefir aldrei haft neitt að athuga við það, hvernig blöð hans hafa talað í áfengismálunum og hvernig þau hafa reynt að gera hlægilegar allar tilraunir til að halda niðri stórofdrykkjunni. Svo segir hann; „Hvers vegna hefir dómsmrh. ekki fækkað útsölustöðum Spánarvína, úr því að hann greiddi atkvæði með því 1927, að það mál væri rannsakað?“ Því er fljótsvarað. Þetta var felt árið 1927. Það var nóg til þess að sýna, að þó að hægt væri kannske að merja það fram eftir kosningarnar, þá hefði Íhaldið engu viljað fórna fyrir þetta. En hvorki 1923 nje '27 var mín leið fær, nema sterkur þjóðarvilji væri á bak við, ef eitthvað kynni að slettast upp á. Það var ekki. Það var sem sje alveg óhugsandi að gera þetta með nokkru öðru móti en sterkum meiri hl. þingsins, sem þyrði og vildi hætta á einhvern hugsanlegan skaða um fisksöluna til að koma aftur á algerðu banni. En Íhaldsflokkurinn allur vill engu fórna til að koma á banni, ekki einum eyri á skippundi af fiski myndi hv. þm. vilja fórna. Flokkur hans opnaði fyrir Spánarvínin, flokkur hans drekkur Spánarvínin og flokkur hans gerir alt, sem hann getur leynt og ljóst, til að vinna á móti og svívirða viðleitni þeirra manna, sem í verki reyna að hamla móti ofdrykkjunni í landinu.

Hv. þm. segir, að betra hefði verið að hella birgðunum niður en að blanda þær. Þetta segir hv. þm. En setjum svo, að helt hefði verið niður 100 tunnum af áfengi, sem íhaldið hefði verið nýbúið að kaupa af Garðari Gíslasyni, honum til gróða. Þá hefði hv. þm. Borgf. risið upp og reiknað út og sagt; „Hvað hefði ekki mátt gera fyrir þessar krónur?“ Jeg get sagt hv. þm., að í þessu atriði á hann einn skoðanabróður, sem sje ritstjóra Storms. Hann hefir kveðið upp líkan áfellisdóm eftir sömu forsendum; „Þetta er of sterkt fyrir magann, of örvandi“, sagði hann. Í öllum öðrum efnum met jeg dóm hv. þm. Borgf. meira en þessa manns, en í þessu eina tilfelli met jeg dóm ritstjórans meira.

Hv. þm. talaði um, að styrkurinn til templara hefði verið lækkaður. Það kemur til umr. á sínum tíma, en hins-

vegar hugsa jeg, að hv. þm. geti fengið að vita, að stj. hefir stutt templara á margan hátt, með löggæslu o. fl. Templarar hafa ekki ástæðu til að kvarta. En fjelag þeirra er svo fjölment, að því ætti ekki að vera vorkunn að halda uppi hinum daglega rekstri með fjelagsgjöldunum, þegar það auk þess fær styrk úr ríkissjóði. Það kennir mótsagnar hjá hv. þm., þegar hann er að kvarta um, að mistekist hafi að halda aftur af ofdrykkjunni í landinu, því að þar á hann einmitt við sjálfboðalið, sem hans eigin skoðanabræður, templarar, komu á fót til þess að styðja löggregluna í baráttunni gegn ofdrykkjunni. Hinsvegar voru það hinir pólitísku samherjar hv. þm., íhaldsmenn, sem á allan hátt reyndu að spilla starfi löggæslumannanna. Og nú tekur hv. þm. þeirra málstað.

Þá kom hv. þm. að því, að jeg væri linur í áfengismálinu sjálfu, af því að jeg viðurkendi, að hófdrykkja viðgengist víða um heim hjá góðum og reglusömum mönnum. Jeg endurtek það, að jafnandstyggilegt og „fyllirí" er og ósamboðið siðuðum mönnum, eins hjákátleg og einstrengingsleg er skoðun hv. þm. Borgf. og sumra annara fáfróðra manna á þessum málum. Ef hv. þm. vissi meira en kötturinn um það, hvernig allur landslýður í hinum miklu löndum álfunnar notar ljett vín daglega án þess að andstygð ölvunarinnar sjáist, þá myndi hann ekki dæma jafnheimskulega um þessi mál. Nú er hann á því stigi, að hann styður á allan hátt ofdrykkjuskrílinn í sínu landi, sem er allur í hans flokki, en fordæmir hóflega notkun áfengis eins og hún er og hefir þekst hjá hinum mestu mentaþjóðum síðan löngu fyrir Krists daga.

Jeg hygg, að það sje ómögulegt fyrir mann, sem dvalið hefir langvistum í Suðurlöndum, til dæmis í Frakklandi, og sjeð, hvernig vín er notað hjá hinum prúðustu mönnum, fólkinu til gleði og ánægju, að verða eins mikill farisei og sumir hjer heima, sem þola ekki að heyra vín nefnt á nafn. En þeim er auðvitað vorkunn, sem aldrei hafa sjeð annað af því tægi en hina dæmalausu og ósiðlegu ofdrykkju á Íslandi.

Um mitt eigið „fyllirí" skal jeg taka þar fram, að það er ekki verra en svo, að jeg gæti altaf gengið eins og linur Drafnar-goodtemplari, ef jeg væri mældur á þann mælikvarða. En hvort svo mikil hófsemi er algeng meðal nánustu samherja hv. þm. Borgf., skal jeg láta ósagt.

Sannast að segja er jeg á sömu skoðun og Lárus Jóhannesson um það, að ekki hefði átt að kæra „Júpiter", af því að hin svokölluðu sönnunargögn voru til skammar, að þau máttu ekki sjást. Því talaði jeg um, að óvitahendur hefðu fjallað um málið, meðan íhaldið fór með það.

Hv. þm. Borgf. hefir orðið starsýnt á blátt hefti, sem jeg hefi verið með hjer fyrir framan mig. Þetta hefti er einskonar handrit, sem jeg hefi notað eins og hv. þm. Borgf. hefir notað það, sem hann hefir párað upp sjálfur. Þetta bláa hefti er ritlingur um ýms dómstólamál, er mikið hefir verið um deilt, og mun hann síðar koma fyrir almenningssjónir. Úr því að Íhaldsflokkurinn hefir eytt þúsundum króna úr flokkssjóði til blekkinga og æsinga í „Tervani"-málinu, er óhjákvæmilegt að gefa út öll gögn málsins, svo að

íhaldsliðinu haldist ekki lengur uppi að skaða þjóðina í því efni með ósannindum og álygum.

**Sigurður Eggerz:** Áður en jeg ber fram eina eða tvær fyrirspurnir til hæstv. stj., vildi jeg víkja örfáum orðum að hinni erlendu strandgæslu hjer við land. Hefir mjer gefist ríkulegt tilefni til þess, þar sem birtst hefir viðtal við Borgbjerg í ‚National-Tidende' í sumar, þar sem kvartað er yfir gagnrýni minni á starfsháttum varðskipsins „Fyllu". Hann segir í blaðinu, að svo mikið kveði að þessari gagnrýni, að dómsmrh. hafi vítt Sigurð Eggerz fyrir hana og sagt honum „at holde Mund", sem á íslensku mundi þýða að halda kjafti. Þessi sami stjórnmálamaður hefir sagt um afstöðu mína í stjórnmálum vorum:

„Det er da ogsaa den almindelige Mening i **alle** Partier paa Island, at Sigurður Eggerz nu er en Mand uden al Betydning paa Grund af hans ganske krampagtige Holdning".

Og í sambandi við strandgæslu Dana hjer við land segir hann:

„ .... idet man meget beklagede Sigurður Eggerz ubeföjede Kritik".

En það er ekki aðeins í þessu viðtali, sem minst er á mig í sambandi við strandgæslu erlendu skipanna hjer við land. Í gerðabók sambandslaganefndarinnar er minst á mig einu sinni eða tvisvar í sambandi við strandvarnirnar. Þar er bókað eftir Kragh ráðh.:

„Kragh mintist á þá samninga, sem fram hefðu farið þegar Sigurður Eggerz setti á stofn hina sjerstöku íslensku landhelgisgæslu. Hefði þetta orðið á fremur óformlegan hátt".

Mjer er það ekki óljúft, þó Danir minnist á mig í sambandi við strandgæsluna. Hin sjerstaka íslenska landhelgisvörn var sett á stofn í minni stjórnartíð. Mætti þessi ráðstöfun mikilli andúð í byrjun frá danskri hlið. Var því haldið fram frá danskri hlið, að landhelgisgæslan ætti að vera óskift og auðvitað undir danskri stjórn. Eftir að jeg hafði haldið fast fram hinum rjetta málstað þjóðarinnar, fór svo, að Danir ljetu undan síga og fjellust á mínar kenningar í málinu.

Við og við hefir því verið haldið fram af Dana hálfu, að þeim bæri ekki skylda til að taka þátt í landhelgisgæslunni hjer, þar sem Íslendingar ykju svo mjög sína eigin landhelgisgæslu. Án þess að fara nánar inn á þetta atriði, vil jeg geta þess, að því hefir jafnan verið haldið fram af hálfu vor Íslendinga, að samkv. aths. við 8. gr. sambandslaganna beri Dönum að halda hjer uppi strandgæslu með einu skipi, meðan sambandslögin eru í gildi, án tillits til þess, hvort landhelgisgæsla vor hefði aukist meira eða minna.

Sú gagnrýni, sem Borgbjerg átti við, kom fram í grein í blaðinu „Ísland". Jeg hefi ekki skrifað þá grein, en skal játa, að jeg er í öllum aðalatriðum samdóma því, er þar stendur. En efni greinarinnar er tekið úr fagriti, sem Fiskifjelag Íslands gefur út, tímaritinu „Ægi", og hefir formaður Fiskifjelagsins ritað greinina, sem vísað er í. Virðist því ekki hægt að vjefengja það, sem þar stendur um frammistöðu Dana í strandvörnum hjer við land.

Samkv. því, sem í Ægi stendur, lá

„Fylla“ 68 sólarhringa inni á Reykjavíkurhöfn árið 1926. Árið 1927 lá hún þar 85 sólarhringa af strandgæslutímanum. (**HK**: Hvað ætli hún hafi legið lengi á öðrum höfnum?). Um það er ekki getið.

Þegar litið er á niðurstöðuna af landhelgisgæslunni 1927, sjest, að „Óðinn“ hefir tekið 36 togara, „Þór“ 4 og „Fylla“ 1. Af þessu er ekki hægt að draga nema eina ályktun um dönsku landhelgisgæsluna, og þegar litið er á þessa niðurstöðu, sjest best, hve hamingjusamlegt það er að halda áfram í sjálfstæðisáttina á öllum sviðum.

Mjer þætti gaman að sjá framan í þann hv. þm., sem er ánægður með alla landlegudagana og niðurstöðuna af dönsku landhelgisvörninni. „Af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá“, stendur einhversstaðar skrifað. Þessi **eini** togari, sem „Fylla“ tók, talar sínu máli. En þrátt fyrir þetta er einn háttsettur maður hjer á landi, hæstv. dómsmrh., svo skapi farinn, að hann lýsti yfir því í sambandslaganefndinni, er kvartað var yfir ákúrum þeim, er landhelgisgæsla Dana hefði sætt hjer, að engir leiðandi menn hjer á landi mundu taka undir aðfinslurnar við landhelgisgæsluna dönsku. Í gerðabók nefndarinnar segir svo:

„Jónas Jónsson kvað aðfinslur þær, er komið hefðu fram gegn danska varðskipinu, ekki lýsa skoðun leiðandi stjórnmálamanna“.

Það er heldur leiðinlegur vitnisburður fyrir þessa „leiðandi menn“, ef þeir hafa svo litla einurð, að geta ekki sagt, að hjer sje um einstaka vanrækslu að ræða.

Ef vorir leiðandi menn **eru** þannig skapi farnir nú, þá verða nýir leiðandi menn að taka við, sem betur eru að skapi þjóðarinnar.

Það hefir verið sagt í „Tímanum“, og Borgbjerg vísar líka til þess í viðtali því, er jeg hefi áður minst á, að gagnrýni á starfsháttum dönsku varðskipanna væri óviðeigandi og mætti ekki heyrast. Þar var talað um hina ströngu vinnu varðskipanna á dimmum vetrarnóttum. Þessar aðfinslur væru syndsamlegar, þar sem skipin ynnu starf sitt fyrir ekki neitt! En jeg álít, að flestir Íslendingar telji, að þessi strandgæsla Dana sje goldin fullu verði. Frá vorri hálfu hefir verið litið svo á, að strandgæslan kæmi á móti þeim fiskveiðarjettindum, sem Danir njóta hjer við land.

Það er því sorglegur misskilningur, þegar íslenskir stjórnmálamenn krjúpa fyrir Dönum og þakka þeim sjálfsagðar skyldur þeirra eins og einhverjar ölmusur. Það mun reynast happasælast í þessu máli sem öðrum að koma hreinskilnislega og einarðlega fram út á við.

Jeg hefi átt tal við Kragh ráðherra síðan þessi grein kom út í „Íslandi“, og mintist hann á hana. Jeg sagði, að það kæmi ekki fram í **þessari** grein einni, heldur væri það almannarómur hjer á landi, að landhelgisgæsla Dana væri slælega rekin. Og að þetta almenningsálit er á rökum bygt, hefi jeg sannað með tilvitnunum í fagrit það, sem jeg gat um áðan.

Um ummæli Kragh, að landhelgisgæslan væri ekki formlega sett á stofn, er ekki annað að segja en að þetta var eingöngu íslensk ráðstöfun, sem engir gátu sagt neitt um með rjettu nema Íslendingar, og þurfti því ekki

samninga við Dani um þetta atriði, þó þeir ljetu sjer það koma við í byrjun.

Jeg læt svo úttalað um þetta atriði. Þótt jeg hafi orðið fyrir þessari „Kritik" hinna dönsku stjórnmálamanna og hæstv. dómsmrh. í sambandi við strandgæsluna, þykist jeg vita, að þau ummæli muni ekki bergmála í hjörtum þjóðarinnar.

Mun jeg þá víkja að því, sem jeg vildi þó sjerstaklega gera hjer að umtalsefni.

Jeg vil minna á, að á síðasta þingi komu fram yfirlýsingar, sem jeg lít svo á, að hafi mikla þýðingu fyrir framtíðar-frelsisbaráttu vora. Eins og kunnugt er, bar jeg fram á þinginu í fyrra fyrirspurn um það, hvort hæstv. stj. vildi vinna að uppsögn sambandslaganna og undirbúa sem best, að við tækjum utanríkismálin í okkar hendur. Stj. svaraði þessari fyrirspurn vel og drengilega, og allir flokkar tóku undir svar hennar. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp aðalatriðin úr ræðu hæstv. forsrh.:

„Ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn telur það alveg sjálfsagt mál, „að sambandslagasamningnum verði sagt upp eins fljótt og lög standa til" og þar af leiðandi er ríkisstjórnin og flokkurinn reiðubúinn til að vinna að því".

Þetta voru skýr og ótvíræð svör, sem jeg þakkaði stj. innvirðulega fyrir. En nú langar mig til að spyrja hæstv. stj.: Hvernig stendur á því, að sú stj., sem lofað hefir svo hátíðlega að vinna að undirbúningi þessara mála, skuli ekki — og þá einkum hæstv. dómsmrh., sem fundinn sótti — hafa á þeim mörgu stjórnmálafundum, sem háðir hafa verið úti um landið síðan, skýrt kjósendum frá því, sem gerst hefir í þessu efni? Slíkt var alveg sjálfsagt og í samræmi við yfirlýsingu hæstv. forsrh. um að vinna að uppsögn sambandslaganna. En til þess að sú uppsögn nái fram að ganga, þarf ekki aðeins ⅔ atkv. í Sþ., heldur mikinn meiri hl. þjóðarinnar. Og því er nauðsynlegt að fá hvern Íslending til að skilja, að þetta mál stendur fyrir ofan öll önnur mál. Alt strit og stælur hjer á þingi eru hjegómi einn á móts við það, hvernig þetta mál verður til lykta leitt. Hjer er um hvorki meira nje minna að ræða en það, hvort við eigum landið okkar kvaðalaust eða ekki. Hjer er ekki eingöngu um formsatriði að ræða, heldur stærsta fjárhagsmál þjóðarinnar. Hjer er um það að ræða, hvort landsins börn eigi að njóta landsins gæða. Eins og nú standa sakir hafa Danir sama rjett til þessara gæða og við sjálfir, en með einni þjóðlegri atkvgr. er hægt að skera niður öll höftin, sem á landinu hvíla. Þess vegna er þetta mál málanna.

Þá vildi jeg spyrja hæstv. stj. um hvernig á því stendur, að þegar stj. er spurð erlendis um, hvað gerst hafi í þessu máli, þá gefur stj. þau svör, að tekin hafi aðeins verið ákvörðun um, að endurskoðun skuli fara fram á sambandslögunum. Eftir sambandslögunum má fyrst heimta endurskoðun 1940, síðan má segja samningnum upp þremur árum á eftir.

Á þinginu í fyrra, samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. eins og hún var birt í Alþingistíðindunum, var gengið út frá því sem sjálfsögðu, að endurskoðunar yrði krafist, en aðalþungamiðja málsins var þó, að þingið lýsti

því yfir, að það ætlaði að segja sambandslagasamningnum upp svo fljótt, sem unt væri, eða 3 árum eftir að endurskoðunarkrafan væri komin fram.

Fara nú erlendu blöðin með skakt mál? Nú óska jeg eftir því, að hæstv. stj. lýsi því ótvírætt og skorinort yfir, hvort erlend blöð fari hjer með skakt mál eða ekki. Læt jeg þess um leið getið, að hvert blaðið á fætur öðru flutti þau ummæli eftir hæstv. forsrh., að hjer væri aðeins um endurskoðun að ræða, og jafnþektur stjórnmálamaður og Zahle hefir sagt í grein, sem hann hefir skrifað, að aðeins einn maður á Íslandi vildi segja sambandslögunum upp. En einkennilegar eru þær frjettir, sem sambandsþjóð vor fær af Alþingi, ef þær eru á þessa lund, þar sem raddirnar á síðasta Alþingi voru alveg einróma um að segja upp samningnum.

En því er ver og miður, afturkippurinn um endurskoðun í stað uppsagnar kemur víðar fram en í erlendum blöðum. Þegar sjálft stjórnarblaðið hjer heima mintist 10 ára fullveldisafmælisins 1. des. 1928, stóðu í því þessi orð:

„Um það verður ekkert fullyrt að svo komnu, hvort sá rjettur (þ. e. uppsagnarrjetturinn) muni verða notaður. Því hefir verið lýst yfir af núverandi forsætisráðherra og fulltrúum allra íslenskra stjórnmálaflokka, að þeir teldu endurskoðun samningsins sjálfsagða".

Í sjálfu stjórnarblaðinu, á 10 ára afmæli fullveldisins, eru yfirlýsingar síðasta þings viðvíkjandi sambandslögunum gerðar að lítilfjörlegri kröfu um endurskoðun.

Jeg verð að segja það, að mjer finst það raunalegt að lesa slík ummæli þegar á fyrsta ári eftir að Alþingi hafði látið í ljós ótvíræðan vilja á því, að segja sambandslagasamningnum upp. Og enn fleiri gögn hníga því til sönnunar, að hæstv. stj. hafi umfram alt viljað láta þann kaleik frá sjer víkja að kannast við, að Íslendingar ætluðu að segja samningnum upp. Þetta sjest m. a. í gerðabók dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar frá síðastliðnu sumri. Þar stendur svo:

„Borgbjerg vitnaði til þess, að rjettur væri áskilinn til að minnast á fleiri mál, og kvaðst því vilja benda á, að á seinni tímum væri oft talað um þá alvarlegu hættu, sem leitt gæti af jafnrjettisákvæði danskra og íslenskra ríkisborgara, í 6. gr. sambandslaganna, einkum fyrir atvinnulíf á Íslandi. Það gæti því verið gagnlegt, að kyrlát rannsókn yrði gerð á þessum efnum fyrir næsta fund í nefndinni að ári, á þann hátt, að báðir nefndarhlutarnir söfnuðu staðreyndum lútandi að því, hvernig ákvæðið hefði verkað í reynd. Slík rannsókn gæti lagt góðan grundvöll að síðari umræðum um þetta mál.

Kragh lýsti sig hlyntan þessari uppástungu og Jónas Jónsson áleit gott, að menn innan nefndarinnar reyndu að átta sig á þessu og án þess að gera of mikið veður út af máli, sem í raun og veru væri ekki ofarlega á dagskrá á Íslandi".

Jeg verð að segja, að það kom ákaflega flatt upp á mig, að sama stj., sem gaf hina beinu og drengilegu yfirlýsingu á þingi í fyrra, skyldi nú fara að gefa gagnvart dönskum fulltrúum þá yfirlýsingu, sem fram kemur í fundargerðinni. Um það ætti þó a. m. k. enginn ágreiningur að vera, að

segja upp 6. gr. sambandslaganna, sem beinlínis heimilar Dönum víðtækan ábúðarrjett á landinu. Það er sorglegt, að sjálfur dómsmrh. skuli skýra Dönum frá, að þetta mál sje ekki ofarlega á dagskrá hjá þjóð vorri, sem þingið með yfirlýsingum sínum setti efst á dagskrá allra mála.

Þá eru dálítið óviðkunnanleg ummæli, sem hæstv. dómsmrh. hefir látið danska blaðið Roskilde Tidende hafa eftir sjer, þegar hann var á ferðinni niðri í Danmörku í sumar. Fyrst talar hæstv. ráðh. um „den famöse Erklæring", þ. e. yfirlýsingu þingsins. En svo er eins og hann þykist þurfa að mýkja blaðamanninn danska, sem hann er að tala við, ennþá betur, Hann dregur upp ákaflega átakanlega mynd af ungum dreng, sem er að fara út í heiminn einn síns liðs og skilur grátandi við pabba sinn og mömmu. Það er rjett eins og hæstv. ráðh. sje að gefa blaðamanninum hugmynd um, hve gráturinn muni verða sár hjer á landi yfir því að þurfa að skilja við „dönsku mömmu". Og nú er Danmörk ekki lengur danska mamma, heldur einnig danski pabbi í hinni hjartnæmu ræðu ráðh. Hann fer um þetta þeim mýkstu orðum, sem hann á til. Það er eins og maður sjái átökin, þegar hæstv. dómsmrh. er að biðja þess, að hinn beiski kaleikur, skilnaðurinn, megi frá sjer víkja.

Mjer er vissulega engin ánægja að því að koma fram með gagnrýni á hendur hæstv. stj. í þessu máli. En hún verður að gefa yfirlýsingu um það, hvernig stendur á þeirri kynlegu framkomu, sem jeg nú hefi lýst. Ef stj. hefir sagt hinum erlendu blöðum það, sem þau hafa eftir henni, þá er stj. áreiðanlega komin í minni hl. hjer í þinginu. Það verður að koma skýrt fram hjer á Alþingi, hvort í nokkru er hvikað frá því, sem yfirlýst var á síðasta þingi. Sje svo, verður að hefja sterka og öfluga baráttu til þess að kenna þjóðinni að þekkja sinn vitjunartíma. Hver sá maður, sem veldur mistökum í þessu máli, á skilið harðan og þungan dóm.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Hv. þm. Dal. hefir nú dregið utanríkismálin inn í þessar umr. Mjer skildist á honum, að hann teldi þau mál annars eðlis og meira virði en önnur mál, sem hjer hefir verið talað um. Undir þetta get jeg tekið með hv. þm. En jeg vil ganga lengra en hann. Jeg tel svo mikilsvert um þessi mál, að mjög óheppilegt sje að draga þau inn í venjulegar eldhúsdagsumr. Hv. þm. fylgdi öðrum sið á síðasta þingi. Þá flutti hann sjerstaka fyrirspurn um málið, en blandaði því ekki saman við hin algengu deilumál dagsins. Jeg býst við, að hv. þm. muni sjá það, þegar hann hugsar sig um, að heppilegra muni eftirleiðis að fara þá leiðina, sem hann fór í fyrra, en ekki hina, sem hann nú hefir valið.

Þessar almennu aths. vildi jeg gera við ræðu hv. þm. Dal.

Hv. þm. talaði um yfirlýsingu þá, er jeg gaf á Alþ. af hálfu stj. og Framsóknarflokksins. Þá yfirlýsingu kallaði hann skýra og drengilega. En síðan gerði hann að umtalsefni ummæli ýmsra blaða um sambandsmálið og afstöðu stj. til þess. Hv. þm. veit það vel, alveg eins og jeg, að ummælum blaða er stundum varlega treystandi. En sú yfirlýsing, sem gefin var á

síðasta þingi, liggur ennþá fyrir skýr og ótvíræð. Jeg get sagt hv. þm. það, að á bak við þá yfirlýsingu standa ennþá sömu skoðanir og sami vilji og í fyrra, bæði af minni hálfu og flokksins.

Á síðasta Alþ. var fleira gert en að gefa umræddar yfirlýsingar. Það var ákveðið að kjósa sjerstaka nefnd, sem hafa skyldi utanríkismálin með höndum. Gegn stofnun þessarar n. var engum mótmælum hreyft. Jeg hefi litið á þessa atburði sem nokkurskonar yfirlýsingu frá öllum flokkum þingsins um það, að þeir ætluðu að standa saman út á við, hvað sem baráttunni liði inn á við. Hv. þm. kemur nú ekki fram sem þm. Dal. eingöngu, heldur einnig sem fulltrúi í þessari nefnd og samverkamaður minn. Í n. eiga sæti menn, sem eru harðvítugir andstæðingar stj. En á samvinnuna milli hennar og mín um utanríkismálin hefir hvorki fallið blettur nje hrukka. Þar hefir aldrei borið neitt á milli. Jeg veit ekki til þess, að hv. þm. hafi nokkurntíma komið þar fram með neinn ágreining gagnvart stj.

Þær aths., sem hv. þm. hefir gert nú, hefði hann átt að koma fram með innan utanríkismálanefndarinnar. Þar eru þær á rjettum vettvangi. Jeg vil mælast til þess, að hv. þm. geri svo framvegis. Það ætti ekki að vera hart aðgöngu fyrir hann, þar sem samvinnan í n. hefir verið ákjósanleg í alla staði, en því mótmælir hann sjálfsagt ekki, að svo hafi verið.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Hv. þm. Dal. beindi til mín nokkrum orðum út af strandgæslunni, og þá einkum um það, hvort danska varðskipið Fylla myndi hafa int af hendi skyldur sínar lögum samkvæmt. Jeg vil benda þessum hv. þm. á, að hann var einn þeirra, sem áttu verulegan þátt í sambandslagasamningnum 1918. Í sambandslögunum er tekið fram, að Danir skuli leggja eitt skip til strandgæslu hjer við land ákveðinn tíma á hverju ári. En um starfsemi þess skips er ekki nánar ákveðið. T. d. er ekkert tekið fram um það, hve lengi það megi dvelja í höfn, þegar ketilhreinsun fer fram. Um alt slíkt verður að fara eftir samkomulagi og ástæðum. Ekkert er heldur sagt um það, að þetta skip skuli vera beinlínis lagað til strandgæslu. Íslenska stj. gat ekki, hvorki nú eða þegar hv. þm. var dómsmrh., krafist þess, að Danir bygðu skip eins og t. d. Óðin til að verja landhelgina hjer. Stj. íslenska hefir aðeins rjett til að heimta skip. Það er ekki hægt að búast við, að Danir uppfylli meira en í samningnum stendur. Það hafa þeir gert. En þeir hafa aldrei sent hingað skip, vel fallið til strandgæslunnar. Islands Falk og Fylla eru fyrst og fremst herskip. Þeim er mjög mikið ábótavant sem strandvarnaskipum. En úr því verður ekki bætt, nema með því að smíða nýtt skip, og þess getum við ekki krafist af Dönum.

Hv. þm. las upp skýrslu um það, hversu marga daga danska varðskipið hefði legið í höfn. En þó að talan, sem hann nefndi, sje nokkuð há, þarf það ekki að vera samningsbrot. Því hefi jeg gert grein fyrir. En sje samningurinn ekki í lagi, þá á hv. þm. það mest við sjálfan sig.

Jeg vil líka gjarnan spyrja hv. þm., hversu marga daga dönsku skipin hafi verið úti á sjó og hversu marga daga

þau hafi legið inni í höfn, þegar hann var dómsmrh. Jeg vona, að hv. þm. svari þessari spurningu, einkum af því að orð hans mátti skilja sem ásökun til eftirmanna hans, hv. 1. þm. Skagf. og mín. Grunur minn er sá, að ástandið hafi verið eitthvað svipað þá og nú. Sje sá grunur órjettmætur, er hv. þm. væntanlega ljúft að leiðrjetta það.

Að því er jeg hygg, líta Danir svo á, að strandgæslan hjer við land eigi að hafa tvöfalt takmark. Skipin munu ekki vera send hingað eingöngu til þess að fullnægja gerðum samningi, heldur eiga þau jafnframt að vera skóli fyrir unga sjóliðsmenn. Og þótt kostnaðurinn, sem af þessum ferðum leiðir, valdi nokkurri óánægju, eru þær mjög vinsælar í danska flotaliðinu. Baráttan við óveðrin og stórsjóina hjer við land eru hollur skóli. Og þess háttar erfiðleikar eru sjaldan fyrir hendi niðri við Danmörku í eins ríkum mæli og hjer. En af því að skipin eiga að vera skólaskip, jafnframt því, sem þau annast strandgæsluna, leiðir það, að þau eru stærri og óhentugri en ella til þess, sem við eigum að nota þau.

Hv. þm. gerði samanburð á tölu þeirra togara, sem Óðinn hefir tekið í landhelgi, og hinna, sem Fylla hefir tekið. Sá samanburður var ekki alveg óhlutdrægur. Jeg held, að hv. þm. hafi valið það ár, sem Fylla tók fæsta togara. En árið 1926, svo að jeg nefni dæmi, tók hún marga. Mig furðar líka á því, að hv. þm. skuli dæma gæsluna eingöngu eftir því, hversu margir togarar eru „teknir". Jeg skal ekki neita því, að það sje mikils vert að „taka" togara. Og í því er fólgin ‚romantikin' við landhelgisvarnirnar, ef svo mætti að orði komast. En því má ekki gleyma, að takmark þeirra er ekki í því fólgið. Eftir að landhelgisgæslan er komin í gott horf, verða sjálfsagt tiltölulega fáir togarar teknir. Þeir þora þá ekki að koma nærri landinu. Hið „ideella" takmark er, að enginn togari þori að fara inn fyrir landhelgislínuna, þó að hitt væri raunar ennþá æskilegra, að þeir vildu ekki gera það. Jeg er ekki viss um, að hv. þm. geri sjer fulla grein fyrir þessu.

Munur hins sýnilega árangurs af starfsemi skipanna síðastliðið ár getur líka að nokkru leyti stafað af þeirri verkaskiftingu, sem átti sjer stað milli þeirra í fyrra. Fylla gætti þá vesturstrandarinnar um vertíðina, en Óðinn var fyrir sunnan land. Hv. þm. má gjarnan gera gys að því eins og hann hefir gert, að danska varðskipið sigldi þá á mjög stuttum tíma um 15 þús. sjómílur og hjelt veiðiþjófum frá landinu. En við vesturströndina er tiltölulega erfitt að festa hendur á togurum. Ef vel ætti að vera, þyrfti strandvarnaskip stöðugt að liggja við Snæfellsnes. En það skip myndi örsjaldan „taka" togara. Við suðurströndina eru togararnir oftast teknir. Þetta ætti hv. þm. að vera kunnugt um.

Hv. þm. Dal. ætti að geta skilið, að þetta er ekki gert til að kasta skugga á útgerð „Fylla", þar sem þessi verkaskifting var gerð í samráði við stj. í fyrra, og þess er engin von, að stj. taki því vel, þegar verið er að draga rangar ályktanir af þessari verkaskiftingu, þó að strandgæslan fyrir vestan land hafi ef til vill þá um stund ekki

borið neinn „rómantískan" árangur. Við höfum ekki samningslegan rjett til að heimta, að varðskipið hafi vjel, sem hægt sje að hreinsa á 2—3 dögum, og hv. þm. Dal. getur meðal annara þakkað sjer, að ekki var betur gengið frá þessu atriði sambandslaganna. Þetta skip, sem Danir hafa hjer við strandgæslu, er orðið gamalt og að mörgu leyti úrelt. Jeg mintist á það í fyrra við skipstjórann, að mjer þætti skipið liggja of lengi í höfn vegna hreinsunar, en hann svaraði á þá leið, að fyrir því lægju bein fyrirmæli, svo að við þessu verður með engu móti gert.

Jeg held, að hv. þm. Dal. hafi í blaði sínu meira túlkað eigin pólitískar skoðanir en landa sinna. Flestir Íslendingar líta svo á, þar sem við á annað borð æskjum ekki til lengdar eftir fjelagsskap við Dani um strandgæsluna, að ekki sje rjett að ganga lengra í því efni en samningurinn segir til um. Auk þess er ekki hægt að búast við, að Danir leggi eins mikla alúð við strandgæsluna og við, með því að þeir stunda hana af alt öðrum hvötum og í öðrum tilgangi en við, nefnilega til að æfa sjómenn sína. Og þess vegna verðum við að kosta kapps um að búa íslensku varðskipin sem best úr garði, og eigum og megum alls ekki varpa áhyggjum okkar upp á Dani í þessum efnum, þó að við auðvitað færum okkur í nyt samninginn frá 1918, meðan hann er í gildi. Annars veit jeg ekki, hvað jeg á að segja um annað eins og það, þegar verið er að draga inn í eldhúsdagsumr. meira og minna órökstudda dóma, sem fram hafa komið í blaði hv. þm. Dal. af fákunnáttu ritstjórans. Þegar sá tími kemur, að við Íslendingar gerum upp skifti okkar við Dani, munum við gera það eftir rjettlátum, mannlegum línum, en við höfum ekki framar ástæður hins undirokaða. Á meðan við áttum við þá aðstöðu að búa, var okkur vorkunn, þó að við legðum alt út á verri veg fyrir Dönum. En nú er þessi gamla undirgefni horfin, og sömuleiðis löngunin til að gera Dönum rangt til og leggja þeim illar hvatir í brjóst, enda vitum við, að hjer eftir verða skifti okkar við þessa frændþjóð eins og milli tveggja sjálfstæðra og jafnhárra aðilja. En um blað hv. þm. Dal. er það að segja, að ritstjóri þess hefir fengið einhverja dularfulla gáfu til að geta sjer til um hugsanir hv. þm. Dal., og er því ekki gott að skilja í sundur og segja um, hvað hvor þeirra segir. Hv. þm. Dal. verður að gæta að því, að hans mentalíf er orðið gamalt. Hann hefir eins og stansað á þróunarbrautinni á einum vissum stað og hefir því kýmileg áhrif á samtíð sína. Í honum lifir enn þessi gamli andi, sem ríkti bæði í mjer og öðrum, á meðan ástæða var til að hata Dani.

Þetta getur til bráðabirgða verið nóg svar af minni hálfu. Jeg álít, að við höfum ekki ástæðu til að gera gildandi samningsbrot á Dönum í þessu efni. Strandgæslan er misgóð, eftir því hve duglegir foringjar varðskipsins eru. Hjer í bænum er nú búsettur danskur maður, sem hefir að baki sjer glæsilega frammistöðu við strandvarnirnar hjer við land frá „rómantísku" sjónarmiði sjeð. Það hefði verið best fyrir okkur, að þessi maður hefði altaf verið við þetta, en eins og eðlilegt er, nota Danir sjóforingja sína til skiftis til þessa starfa. Hv. þm. Dal. getur

haft þær hugsanir sem hann vill í þessu efni. Foringinn, sem nú er á „Fyllu", sjest hjer ekki oft. Hann hefir tekið allmarga togara nú þegar, og jeg hefi orðið þess var, að hann gengur með fullri alvöru að þessu starfi sínu. Jeg skora á hv. þm. Dal. að láta Dani njóta sannmælis í þessu efni og draga ekki einungis fram legudaga „Fyllu" hjer í Reykjavík vegna ketilhreinsunar, heldur hitt líka, þegar foringinn er vakinn og sofinn í að vinna þetta starf í okkar þágu, auk þess sem hann um leið er að vinna skólaverk fyrir sína þjóð.

Annars hjelt jeg, að hv. þm. Dal. væri of mikill blaðamaður til þess að geta sjest yfir, að þessi djörfu orð, sem hann hafði eftir mjer, eru frítt útlögð. Og jeg veit ekki til þess, að textinn sje til á íslensku, eða dönsku, eins og hann vill vera láta. Það er ekki alt rjett, sem í blöðunum stendur, og margt getur skolast til á skemri leið en landa á milli. Að hinum blaðaummælunum, um foreldrahúsin, skal jeg víkja seinna, en fyrst ætla jeg að minnast á setningu, sem hann las upp úr fundargerðum lögjafnaðarnefndarinnar. Mjer skildist svo eftir upplestrinum, að jeg hefði gert lítið úr pólitík hans. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi haft þetta rjett eftir, og vil benda á, að það er ekki nema einn maður í einu blaði, sem talar mikið um sambandsmálið hjer á landi nú sem stendur, og þessi maður er hv. þm. Dal. Að segja annað væri að segja ósatt. En það vill nú svo vel til, að það eru gefin út fleiri stjórnmálablöð hjer á landi en blað hv. þm. Dal., og það væri gaman að ganga í gegnum þau og vita, hve margar greinar eru í þeim um sambandsmálið að skapi hv. þm. Dal., það er að segja, eru lof um hann sjálfan fyrir fyrirspurnina frægu, bergmál af hans eigin blaði um það, hvílíkur yfirþjóðarvinur hann sje og hvílíkt leiðarljós sögunnar. Jeg er hræddur um, að hv. þm. Dal. myndi ekki finna neitt í þessa átt, þó að hann leitaði með logandi ljósi, nema í sínu eigin blaði. Að minsta kosti man jeg ekki eftir neinu slíku. Að vísu les jeg ekki öll blöðin, en í þeim, sem jeg les, er ekki nema lítið eitt um þetta efni, og í flestum ekki neitt.

Er þetta mál, sambandsmálið, efst á baugi meðal þjóðarinnar? Ef jeg sæi ekki annað blað en blað hv. þm. Dal., mundi jeg segja, að svo væri. Annars það gagnstæða. Hv. þm. Dal. fylgist ekki með því, sem er að gerast í hans eigin samtíð. Það er enginn nema hann einn, sem talar um það nú sem stendur, í hvaða fötum við eigum að vera 1943. En þar með er ekki sagt, að enginn hugsi um það. Hitt er það, að menn vita, hvað þeir vilja: að við eigum að halda áfram sjálfstæðisbaráttunni eftir okkar eigin þroskaleiðum. Jeg held, að hin pólitíska sjerstaða hv. þm. Dal. hafi vilt honum sjónir. Hann vildi mynda flokk utan um sjálfstæðismálið, en var svo óheppinn, að þjóðin var búin að koma sjer niður á fastar línur til að fara eftir í þessu máli. Þjóðin gerir lítið úr því, sem hv. þm. Dal. segir, enda hefir hún ekkert þurft til hans að sækja í þessu efni, og mun ekki þurfa þess. Það verður ekki annars krafist af hv. þm. Dal. en að hann geri skyldu sína, eins og hver annar góður borgari. Það

er ekkert unnið við það að tala mikið, heldur á að búa þjóðina, ekki undir eitthvert ákveðið átak, heldur undir það að lifa í framtíðinni, þroska hana til þess að geta lifað lífi sjálfstæðrar þjóðar. Þetta er meginliður sjálfstæðisbaráttunnar, og það er vissan um, að svo sje, sem hefir gert það að verkum, að þeir menn, sem eru að vinna þjóðina upp, brosa góðlátlega í áttina til þess manns, sem er símalandi um frelsi og sjálfstæði, en sjaldnast viðlátinn, þegar um er að ræða hina sönnu viðreisnarstarfsemi. Jeg skal færa því nokkur dæmi, að hv. þm. Dal. hafi ekki verið viðlátinn, þegar landið hefir kallað á hann. Þess er skemst að minnast, þegar hæstv. forsrh., er hann var enn í minni hl., barðist fyrir því, að ríkið hjálpaði bændum til að útvega sjer erlendan áburð, svo að þeir gætu lagt fult kapp á ræktun landsins. En þetta, að rækta landið, búa vel og afla nógra heyja, að tryggja sterkt og heilbrigt bændalíf í landinu, er kjarnaliður hinnar sönnu og ævarandi frelsisbaráttu okkar Íslendinga. En hvað gerðist þá? Hv. þm. Dal. gekk í lið með dönskum verslunarhring hjer í Reykjavík, sem hjelt hjer úti blaði, og gerði sitt til að koma þessari tilraun til eflingar landbúnaðinum fyrir kattarnef. Jeg geri ráð fyrir, að það hafi ekki verið hjarta hv. þm., Dal., sem leiddi hann afvega í þessu máli, heldur heili hans, sem ekki var nógu sterkur. Við Íslendingar verðum að stefna að því að öðlast ráðin yfir atvinnuvegunum sjálfir og þora að stíga á strá jafnt innlendra sem útlendra gróðamanna. Það er einn liðurinn í baráttunni fyrir atvinnulegu sjálfstæði, þegar síðasta Alþingi tók síldarmálin úr ljelegum höndum innlendra og útlendra fjárplógsmanna, sem voru á góðum vegi með að eyðileggja sjálfa sig, bankana, bændurna og verkalýðinn. Hvar stóð hv. þm. Dal. í þessu máli? Hann gerði alt það litla, sem hann gat, til að spilla fyrir því. Fyrir honum mátti bönkunum blæða út og þetta óstand haldast óbreytt og arður síldarútvegsins hverfa í sjóinn beint eða til erlendra leppa og hringa. Þegar hv. þm. Dal. var á „vegferðarreisu" sinni árið 1926, skorti ekki hnútur og staðlausar dylgjur í garð kaupfjelaganna. Þá var ekki verið að meta starfsemi þeirra í þágu þjóðfjelagsins, en þau hafa unnið meira en nokkur annar fjelagsskapur að því að ala þjóðina upp, svo að hún geti orðið í raun og veru, ef það þá er unt vegna fæðar okkar, sjálfstæð í lýðveldi þjóðanna.

Það vill enginn taka af hv. þm. Dal. þá gleði, sem hann hefir af að skrifa og tala um sambandsmálið, en hann getur ekki neitað því, að eins og hann er orðinn einn í flokki, eftir að hafa verið fyrir nokkrum árum í stj. stærsta þingflokksins, eins er hann nú orðinn einangraður í umr. augnabliksins um sjálfstæðismálið eins og ormörg en áhrifalaus skrafskjóða. En þeir menn, sem eru að vinna að hinu raunverulega sjálfstæði landsins, gera ekki mikið úr þeirri þýðingu, sem skraf hans á að hafa, en munu gleðjast yfir að sjá hann koma til fyrirheitna landsins, eftir sínum einmanalegu leiðum, til hinna, sem báru raunverulega hita og þunga dagsins.

Þá var það líkingin um unga manninn, er yfirgaf heimili sitt. Hvað sem er að segja um æskileika þess að

skilja við Dani, þá er það nú svo, fyrir forgöngu góðra manna, að frá því að vera innlimaður sem amt í Danmörku erum við nú sjálfstæð þjóð og okkur ber að keppa að því að vaxa til þess að geta tekið mál okkar að öllu leyti í hendur okkar sjálfra og notað alla möguleika landsins, sem við byggjum. Og jeg hygg, að það sje stærri og víðtækari hugsjón en fólst í fyrirspurninni nafnkunnu, sem hv. þm. Dal. bar hjer fram á þinginu í fyrra. En setningarnar um sonartárin voru hvergi í samtalinu, svo að hv. þm. Dal. hlýtur að hafa skáldað það sjálfur inn í. Það er ekki hægt að segja, að hv. þm. Dal. geti sjálfur lifað eftir þessari endurbættu útgáfu hins grátna unglings. Hann lifir og nærist á dönskum brjóstum og hann hefir lagt sig sjálfur á þau. Þegar hann hætti að vera trúnaðarmaður þjóðar sinnar, kaus hann sjer framtíðarstöðu við fjármálastofnun hjer í bæ, sem er að eign til í höndum útlendinga, og sjerstaklega Dana. Hin brennandi Íslandsþrá hans virðist ekki hindra hann í að vinna undir handarjaðri þessara útlendu eigenda stofnunarinnar. Hann virðist ekki geta slitið sig frá þessu foreldri, ekki einu sinni með tárum.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Áður en jeg byrja ræðu mína, get jeg ekki látið hjá líða að geta þess, að jeg hefi tekið eftir nærgætni og venjulegri óhlutdrægni hæstv. forseta (BSv), sem hann hefir sýnt með því að hleypa fram fyrir mig í ræðuröðinni hv. þm. Borgf.

**Forseti (BSv):** Þetta eru hrein ósannindi hjá hv. þm. En viðvíkjandi því, að hv. þm. Borgf. tók til máls hjer í kvöld á undan hv. 2. Reykv., þá er það ekki mín sök, heldur þess, sem stjórnaði í fjarveru minni, því að mælendaröðin var merkt með tölum og punktum.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Það er enginn vafi á því, hver röðin var á nafnaskránni; jeg veit það eins vel og hæstv. forseti, en viðvíkjandi aðferðinni, þá er hún í samræmi við fyrri framkomu hæstv. forseta. Jeg vísa til nafnaskrárinnar og sömuleiðis til þingtíðindanna.

**Forseti (BSv):** Jeg tek ekki á móti neinum ávítum frá þessum hv. þm., sem hefir sýnt miklu meiri rosta af sjer hjer á þingi en nokkur annar þm. Jeg vísa einnig til hv. þingmanna um stjórn mína.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg vil aðeins leyfa mjer að svara því, ef jeg fæ að tala hjer fyrir hæstv. forseta, að það er ekki venja annara forseta en þessa að hafa slíkt orðbragð í frammi við þm. nje um þá. Mun hann vera einasti þingforsetinn í heimi, sem hagar sjer svo, og er það furðulegt, að slíkur maður skuli sitja í þessu virðingarsæti, sem ætlað er rjettsýnum, óhlutdrægum manni.

Þegar stjórnarskiftin urðu og Framsóknarflokkurinn komst til valda og stj. hans, mun óhætt að segja, að þá hafi yfirleitt, meðal alþýðu að minsta kosti, verið ánægja yfir því. Bændurnir bjuggust við því, að þarna væri stj. komin, sem myndi vinna fyrir þá, og verkamennirnir vissu, að þá fór sú stj. frá, sem hafði verið þeim harðdrægust

af öllum stj., sem hjer hafa setið, því að þótt sú stj. hafi setið stutt við völd, þá hafði hún þó orðið svo óvinsæl, að vafasamt er, hvort nokkur önnur stj. hefir orðið jafnóvinsæl hjer á landi fyr, eftir að stj. komst inn í landið.

Við þessi stjórnarskifti kom það fyrir á þingi, að þar voru þrír flokkar, en enginn einn í meiri hl., svo að Framsóknarflokkurinn gat því aðeins tekið við völdum, að Alþýðuflokkurinn lýsti yfir hlutleysi sínu, eins og líka sjálfsagt var, að láta Framsóknarflokkinn fá tækifæri til að sýna, hvað hann gæti og hvernig hann kæmi fram gagnvart íslenskum verkalýð. Það er að vísu ekki liðinn langur tími síðan þá, en þó mun óhætt að segja það, að að sumu leyti hefir Framsóknarflokkurinn gert það, sem búist var við af verkamönnum og fulltrúum þeirra.

Í fyrra var komið fram löggjöf, sem við jafnaðarmenn hefðum ekki getað komið fram nema með aðstoð Framsóknarflokksins. Á jeg þar við vökulögin, ennfremur lögin um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi, þar sem Hafnarfjörður var gerður að sjerstöku kjördæmi, og loks í fjárlögum 1929 ríkissjóðsábyrgðin fyrir Samvinnufjelag Ísfirðinga til þess að hjálpa Ísfirðingum eftir að íhaldsmenn höfðu gereyðilagt atvinnumöguleika þeirra, svo ekki var annað sýnt en að fólkið yrði mestmegnis að flæmast í burt þaðan. (**MJ**: Það er miklu fleira en þetta). Já, það er vitanlega ýmislegt smávegis annað, en þetta eru aðalmálin.

Jeg vil geta þess, að þótt Alþýðuflokkurinn meti það að verðugu við Framsóknarflokkinn að hafa komið þessu fram, þá er þetta ekki mikið í samanburði við það, sem Alþýðuflokkurinn mætti ætlast til, eftir því atkvæðamagni, sem bak við hann stendur, sem mun vera á milli ¼ og ⅕ hl. af öllum atkv. í landinu, þótt flokkurinn hafi ekki haft frambjóðendur nema í fáeinum kjördæmum. Það er alkunnugt, að það er enginn hreppur á landinu, þar sem Alþýðuflokkurinn hefir ekki nokkur atkv., svo að líklegt er, að hann hafi meira en fjórða hluta allra atkv. landsmanna, sennilega ⅓. Það væri því ekki undarlegt, þó að störf þingsins og löggjöf gengju nokkuð í þá átt að bæta hag verkalýðsins, þeirrar stjettar, sem aðallega fyllir Alþýðuflokkinn, og sjerstaklega þegar þess er gætt, að áður, um mörg undanfarin ár, hefir mjög lítið verið hugsað um verkalýð landsins, meðan hin svarta íhaldsstj. ríkti, er síðast vjek frá völdum. Það hafa verið aðrir og annara hagsmunir, sem hafa setið fyrir öllu.

Þess ber líka að gæta, að þau lög, sem jeg mintist á, hafa ekki kostað ríkið neitt. Ríkissjóðsábyrgðin fyrir Ísfirðinga getur auðvitað kostað eitthvað síðar meir, ef illa fer, en væntanlega kemur hún ekki til að kosta neitt. Leiti menn nú í fjárlögunum, eins og þau koma frá hæstv. stj., þá virðist heldur ekki, að það ráð sje upp tekið að veita mikið fje til umbóta fyrir verkalýðinn, enda þótt það muni fáir vera í öðrum flokkum, sem geti neitað því, að sú stjett, sem ætti mesta kröfu á, að henni væri lyft í áttina til sólar og kjör hennar bætt, er einmitt verkamannastjett þessa lands.

Þá vil jeg minnast á eitt mál, sem mjer skildist hv. 1. þm. Reykv. vilja telja flokksmál okkar jafnaðarmanna,

er framgang hefði fengið; það er síldareinkasalan. Það er auðvitað, að jafnaðarmenn fylgja slíkum málum, vegna þess að þeir álíta, að slíkt fyrirkomulag hafi sína yfirburði yfir frjálsa samkepni eða hringi einstakra manna. En það er ekki hægt að segja, að slík einkasala sje sjerstaklega fyrir jafnaðarmenn, þegar henni er þannig fyrir komið, að verkamenn hafa ekki neinn sjerstakan hag af henni, heldur þvert á móti útgerðarmennirnir. Ef um þjóðnýtt fyrirtæki væri að ræða, mundu bæði þeir, sem við fyrirtækið vinna, og hinir, sem við það skifta, eiga þátt í stjórn þess og hluttöku í arði. En hingað til hafa það verið útgerðarmennirnir, sem eingöngu hafa haft hag af síldareinkasölunni. **(MJ:** Það er ein tegund socialisma). Það er ríkisrekstur, en ekki socialistiskt fyrirtæki, þjóðnýtt stofnun.

Það var minst á það á þinginu í fyrra, að orðið hefði samkomulag um mjög mikilsvert atriði milli Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins um afgreiðslu fjármálanna. Það var þegar hinar mjög gálauslegu till. hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. komu fram, en þær gengu í þá átt að auka mjög verklegar framkvæmdir ríkissjóðs, án þess að afla honum aukinna tekna um leið. Þá var það, að bæði Framsóknar- og Alþýðuflokkurinn fjellust á að auka framkvæmdir ríkissjóðs, en aðeins með því að auka jafnframt tekjur hans. Út af þessu varð svo samkomulag milli flokkanna um öflun þess fjár, bæði með hækkun verðtolls, kola- og salttolls og fjórðungshækkun á tekjuskatti.

Nú skyldu menn halda það, að þetta samkomulag myndi standa, sjerstaklega þar sem ríkisstj. var kunnugt um það, að Alþýðuflokknum var það mjög nauðugt að ganga inn í nokkrar hækkanir tolla, og að það var eingöngu vegna þess ástands, sem jeg hefi þegar minst á, að yfirleitt var gengið inn á þessa braut, og vegna þess að hækkunin á verðtollinum, sem tekjuhækkunin bygðist að allmiklu leyti á, gilti aðeins til tveggja ára, eða fram yfir 1930. Hvernig eru efndirnar? Í ársbyrjun lítur að vísu svo út sem atvmrh., sem þá var jafnframt fjmrh., ætli að innkalla þessar tekjur, sem ráð var fyrir gert. En um sama leyti stóð yfir kaupdeila á milli sjómanna og útgerðarmanna, sem hæstv. forsrh. reyndi að jafna og lagði mjög mikla vinnu í, sem honum að því leyti skal þakkað fyrir.

Þegar hæstv. ráðh. tókst að leysa þessa kaupdeilu, þá var enginn af sjómönnum eða samningamönnum þeirra, sem vissu neitt um það, hver meðul hæstv. ráðh. hefði notað til þess; menn vissu ekki annað en að það hefði aðeins tekist fyrir hans milligöngu og báðir aðiljar hefðu á síðustu stundu heldur kosið friðinn en tvísýna baráttu. En næsta morgun eru allar götur fullar af hlakkandi íhaldsmönnum, sem syngja hósíanna yfir því, að nú sje búið að fella niður fjórðungshækkunina á tekju- og eignarskattinum.

Nú er það svo, að verkafólk, hvort sem það eru sjómenn, verkakonur eða verkamenn í landi, vilja náttúrlega gjarnan nota öll sæmileg ráð til þess að koma á viðunandi samkomulagi milli þeirra og atvinnurekenda um kaupgjald. En það er langt frá því, að verkalýður hjer á landi trúi ekki

á mátt sinn og megin í slíkum deilum, og að hann áliti leyfilegt og rjettmætt að nota almannafje, ríkissjóðinn, á þann hátt að ausa út fje til beggja handa til að kaupa sjer frið; það er einmitt þetta, sem hæstv. forsrh. hefir gert, því að það vita allir, að þeir, sem eingöngu höfðu hag af þessu, voru stór-atvinnurekendurnir hjer í bæ. Það mætti því segja í þessu máli, að hæstv. forsrh., sem er höfuð Framsóknarflokksins, hefði orðið að lúta í lægra haldi fyrir aðalandstæðingum sínum og að íhaldsmenn hefðu getað sagt, að þeir hefðu svínbeygt þann, er Svíanna var ríkastur, enda leyndu þeir ekki gleði sinni. Er leitt til þess að vita, þegar þess er gætt, að hæstv. forsrh. hefir lýst yfir því hjer í þinginu, að skoðun hans væri ekki á neinn hátt breytt í þessum skattamálum nje heldur að hann hafi nokkurntíma sagt, að hann teldi þessi lög órjettlát. En afleiðingin af þessu er sú, að það samkomulag, sem varð um öflun tekna, er algerlega svikið af Framsóknarflokknum! Það er haldið áfram að ná tekjum ríkissjóðs með tollum, en ekki lagðir tilsvarandi beinir skattar á gjaldendur. Ef hagur ríkissjóðs stæði með þeim blóma, að hægt væri að minka gjöld á þegnunum, þá hefði hæstv. forsrh. og flokkur hans átt að hallast á þá sveif að minka tollana, frekar en að fella niður þennan skatt.

En Framsóknarflokknum og stj. hans verður nú að nokkru leyti gefið tækifæri til þess að sýna hreinan lit í þessu máli, með frv. því, sem liggur fyrir þinginu um lækkun verðtolls, en sem af einhverjum óskiljanlegum ráðstöfunum hæstv. forseta (BSv) hefir ekki enn komið til umr., þótt það sje elsta frv. af þeim, sem nú liggja fyrir og ekki hafa enn komið til umr.

Jeg vil aðeins benda á þetta mál til þess að sýna það, að þó að Framsóknarstj. hafi að ýmsu leyti verið miklu betri en íhaldsstj., sem áður var, þá virðist þó sem nokkur veila sje á henni orðin á síðustu tímum. Jeg skal hjer nefna annað, máli mínu til frekari sönnunar; það er vegavinnukaupið. Það er alkunnugt, að á dögum íhaldsstj. var vegamálastjóri notaður sem einskonar verkstjóri atvinnurekenda til þess að þrýsta niður kaupi verkamanna um alt land. Aðferðir hans í þeim efnum voru svipaðar því sem notaðar voru hjá harðdrægustu verkstjórum íhaldsatvinnufyrirtækja, og hann átti því betri aðstöðu við þetta, sem flestir þessir menn, sem hjá honum unnu, voru ekki í verkalýðsfjelögum, heldur var mikið af því fólki skólafólk og fáækir bændur, auk þess sem nokkrir fjelagsbundnir verkamenn stunduðu þessa vinnu. En af því að flestalt þetta fólk hafði engan fjelagsskap með sjer, hafði það verri aðstöðu gagnvart vegamálastjóra. Menn hjeldu, að þegar íhaldsstj. slepti völdunum, þá mundi þetta breytast til batnaðar, því að frá almennu sjónarmiði er engin ástæða til fyrir ríkissjóð, þegar hann á við verkamenn, frekar en aðrar stjettir, að reyna að nota sjer aðstöðu sína, sem er sjerstaklega voldug, til að þrýsta niður kaupi þeirra. Þannig notar ríkið vald sitt til þess að gera vegagerðir og opinberar byggingar ódýrari fyrir ríkissjóð á kostnað verkamanna, með því að taka allmikinn hluta af kaupi þeirra til þessa. Þetta virðist þó halda

áfram að mestu leyti eins og áður, þannig, að hæstv. atvmrh. hefir, annaðhvort viljandi eða óviljandi, látið vegamálastjóra ráða í þessu efni og halda uppteknum hætti. Hann er því nú sem fyr einn helsti böðull verkalýðsins hjer á landi.

Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um það, hvert kaup hafi verið síðastliðið ár við vegavinnu; kemur þá í ljós, að tímakaupið hefir verið um vorið 55, 60 og hæst 75 aurar, utan Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem það var hæst og komst upp í kr. 1.10 um vorið, en yfir sumarið nær aldrei meira en 85 aurar um klukkustund.

Nú munu menn sjá það yfirleitt, að til móts við það, sem menn þurfa til að lifa af hjer á landi, þá er þetta freklega skorið við nögl, enda sjest það best, þegar miðað er við kaupgjald kaupafólks á sumum stöðum, og sjerstaklega, ef borið er saman við kauptaxta verkalýðsfjelaganna í nágrannasveitunum. Þessi samanburður verður þá þannig, að kaupgjaldið hjá verkalýðsfjelögunum er frá 90—140 aurar um klst., m. ö. o. um vorið er þriðjungur af kaupi þessa fólks tekinn og látinn ganga í ríkissjóð, og auk þess verulegur hluti af kaupinu yfir sumartímann.

Annað er það líka, sem jeg vildi gjarnan fá skýringu á hjá hæstv. atvmrh. Hvernig stendur á því, að kaupið er misjafnlega hátt í ýmsum sýslum landsins? Það er t. d. í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu 55 aurar um tímann, en t. d. í Árnessýslu 75 au., en þó hefir kaupið verið hærra í kauptúnunum en í sýslunum í kring, t. d. hærra á Blönduósi og Hvammstanga heldur en í sýslunni. Það mun vera um 600 þús. kr., sem ríkissjóður hefir greitt í vinnulaun, en sparað um 80—100 þús. kr. á kaupinu, svo að það er ekki svo ýkjamikið fje, sem sparast með þessu lága kaupi af 11—12 milj. kr. útgjöldum ríkissjóðs, þó að það sje allmikill hluti af kaupi þeirra, sem þarna vinna. En sjerstaklega finst mjer, að hæstv. atvmrh. ætti þó að athuga það, að langmestur hluti af þessum kaupmismun, sem dreginn er ríkissjóði, myndi lenda hjá fólki, sem hæstv. ráðh. vill láta Framsóknarflokkinn vinna sjerstaklega fyrir, nefnil. bændur og skólafólk úr sveitunum.

Með þessu öðru dæmi þykist jeg benda á það líka, að ekki sje algerlega skift um stefnu, þótt Framsóknarflokkurinn hafi tekið við stjórn. Það virðist svo, sem hæstv. stj. hafi ekki gengið miklu betur en íhaldsstj. að átta sig á því, að ekki eigi að nota ríkisvaldið til þess að níðast sjerstaklega á verkamönnum og þeim öðrum, sem vinna baki brotnu í þjónustu ríkisins.

Loks vil jeg beina einni fyrirspurn til hæstv. atvmrh. Hún er um lögin um takmörkun á innflutningi erlendra verkamanna hingað til lands. Jeg vil nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort lögreglustjórarnir hafi nokkrar fyrirskipanir frá ráðuneytinu um að hafa eftirlit með slíku. Jeg veit ekki annað en að hjer í Reykjavík — og sennilega víðar — komi menn frá útlöndum og stundi atvinnu sína hjer eins og engin lög væru til. Jeg segi ekki, að þetta sje í stórum stíl, en það virðist þó benda á, að þessum lögum

sje ekki hlýtt ennþá, og væri að minsta kosti mjög æskilegt, ef slíkt eftirlit hefir ekki verið framkvæmt, að það væri þá gert hjeðan í frá.

Þá vil jeg með fáeinum orðum snúa mjer að hæstv. dómsmrh. Það má segja eitthvað líkt um hæstv. dómsmrh. eins og hæstv. atvmrh., ýmislegt gott af hálfu verkamanna, en því miður virðist tíminn sanna það, að ekki sje eins þykkur skilveggur á milli hans og fyrirrennara hans í stj. eins og mætti halda eftir nöfnum flokkanna.

Jeg vil með fáum orðum minnast á Vífilsstaðahælið við hæstv. ráðh. Við skulum segja, að skilningur hæstv. ráðh. væri rjettur, að það hefði þurft að einhverju leyti að breyta um stjórn á hælinu, og t. d. að kona sú, sem hafði þar ráðskonustöðu, hefði átt að fara. Jeg skal engan dóm á þetta leggja, en hvaða ástæða getur verið til þess, að þótt svo væri, þá þyrfti endilega að segja upp öðru fólki, sem ekki er vitað um, að hafi rækt starf sitt illa að neinu leyti, t. d. skrifstofustúlku og hjúkrunarkonum, sem þar voru. Skrifstofustúlkan hefir vitnisburð allra, er til þekkja, að hún hafi gegnt starfi sínu óvenjulega vel, og virðist það eitt hafa til sakar unnið að vera skyld lækni hælisins. Og sjerstaklega er þetta undarlegt, þegar þess er gætt, að yfirhjúkrunarkonan, sem þar var, en var látin fara þaðan nauðug, hefir síðan verið ráðin að Kleppi, að jeg hygg fyrir tilstilli hæstv. dómsmrh. Nú vil jeg spyrja: Ef hún var óhæf til starfsins á Vífilsstöðum, hvers vegna var þá verið að ráða hana til samskonar starfa að Kleppi? Eða ef hún var hæf til starfsins, hvers vegna var þá verið að taka hana nauðuga þaðan, sem hún var áður? Og hvaða ástæða er til þess yfirleitt, að sagt var upp öllum hjúkrunarkonum við spítala ríkisins, og þeim sagt um leið, að það kaup, sem þær geti fengið, sje aðeins 100 krónur á mánuði, þegar á sama tíma er verið að samþykkja lög um hækkun á launum yfirsetukvenna, sem líkt er um og hjúkrunarkonurnar?

Ef því á annað borð var ástæða til að fara að lækka laun starfsmanna landsins, þá hefði hæstv. ráðh. átt að ráðast þar á garðinn, sem hann var hærri. Enn get jeg bætt því við, að nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á launakjörum embættismanna, og bar varla brýn nauðsyn til að taka þennan starfsmannaflokk út úr. Með þessari lækkun eru laun hjúkrunarkvenna hjer komin langt niður fyrir launakjör þeirra í nágrannalöndunum. Sjeu þau t. d. borin saman við kaupið í Noregi, þá er það nú fjórðungi lægra hjer. Auk þess vantar okkur hæfar hjúkrunarkonur hjer, og væri því ástæða til að launa þeim nokkuð betur til að hvetja stúlkur til að læra til þessa starfa.

Þá má t. d. benda á það tiltæki hæstv. dómsmrh., að takmarka tölu þeirra, er fái aðgang að mentaskólanum. Mun þar hafa vakað fyrir honum að takmarka tölu þeirra manna, er háskólanám stunduðu. Jeg er slíku algerlega mótfallinn. Ef menn vilja leggja á sig erfiði námsins, þrátt fyrir það, að þeir fái ekki embætti, þá eiga menn að fá að gera það, og það getur komið bæði manninum og þjóð okkar að jafnmiklu gagni. Það á ekki að skoða háskólann sem eingöngu em-

bættismannaskóla, þannig að þeir, sem útskrifast úr honum, komist allir í embætti og aðrir eigi ekki að taka próf. Háskólinn er og á að vera æðsta mentastofnun landsins, sem búi menn undir lífið yfirleitt og þroski, þótt menn stundi þar sjernámsgreinir. Þegar hæstv. ráðh. tók upp þessa tilbreytni, þá varð ekki vitað, að neinu öðru ætti að breyta í þessu efni, og var út frá því sjónarmiði þetta tiltæki hans mjög vítavert. En nú hefir hann lagt fram nýtt frv. í Ed., sem jeg vænti, að ráði að nokkru bót á þessu, og eins hitt, að sagt er, að hann ætli að leyfa utanskólamönnum að taka bekkjarpróf í vor.

Hjer hefir verið minst á Shell-málið í dag. Jeg álít, að það hafi verið rjett að láta þá rannsókn fara fram. Það mun mörgum vera kunnugt, að tveim árum áður en einkasalan hætti, þá fjekk þáverandi atvmrh., hv. 1. þm. Skagf., boð frá því steinolíufjelagi, er einkasalan skifti við, British Petroleum Co., að það skyldi lána nauðsynlegt fje til byggingar olíugeyma. Lánið átti aðeins að greiðast með gróða þeim, er af olíugeymum þessum yrði. Nú hefði mátt halda, að stj. hefði tekið þessu boði, eða ef hún hefði ekki viljað binda sig svo lengi til að versla við sama fjelagið, þá útvegað lán annarsstaðar til að koma geymunum upp. Flestum er kunnugt um þann mikla sparnað, er leiðir af notkun geyma í steinolíuverslun, að þá fyrst er slík verslun komin í nútímahorf. Þessu tilboði neitaði hv. þm. Skagf. gagngert. Hann ætlaði sjer að koma einkasölunni fyrir kattarnef, og stóð því eins og veggur á móti því, að ríkið bætti steinolíuverslunina og græddi sjálft á því. Fyrir þessu öllu eru til plögg í stjórnarráðinu.

Þegar svo var komið, að menn vissu, að einkasalan yrði lögð niður og steinolíusalan kæmist í hendur einstakra manna, þá var eðlilegt að búa svo um, að verslunin yrði innlend að sem mestu leyti. Það var vitað, að hjer á landi var enginn svo fjesterkur, að geta haft olíuverslun á hendi án erlends fjármagns. En þá var eðlilegt að búa svo um, að hið erlenda fjármagn yrði ekki drotnandi, heldur þjónandi. Hæstv. ríkisstj. var því skylt að fylgjast með í því, hvernig um þessi mál færi og hagsmuni landsmanna gagnvart útlendingum.

Þó jeg sje því sammála, að rjett væri að láta fram fara rannsókn á þessu, þá þóttist jeg samt vita, að Shell-fjelagið yrði ekki dæmt. Jeg þóttist vita, að alt væri svo umbúið, að fjelagið væri löglegt, enda góður lögfræðingur, sem sá um stofnun þess. En það, sem hægt var að fá upplýst, var það, hvort yfirráðin væru á höndum erlendra eða innlendra manna. Af skýrslu þeirri, sem hæstv. dómsmrh. las upp, virtist hlutafjeð skiftast þannig:

Björgúlfur Ólafsson kr. 244000, 4 aðrir Íslendingar kr. 8000, The Anglo Saxon Petr. Co. Ltd. kr. 150000 A. S. Debenham kr. 98000.

Eftir þessu er hlutafjelagalögunum fullnægt að því leyti, að helmingur hlutafjárins er ísl. eign. Jeg geng út frá því, að Bj. Ólafsson eigi það fje, er hann hefir sagst eiga í fjelaginu. En enda þótt hlutafjeð sje svona skift, þó meiri hluti þess sje í ísl. höndum,

þá er hlutafjelagalögunum samt svo fyrir komið, að í þessu tilfelli, hjá Shell-fjelaginu, ræður erl. hlutafjeð meiru en það íslenska. Skal jeg vitna í lögin til að sýna, hvernig þetta má verða. L. nr. 77 1921 31. gr. 2. mgr.:

„Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sje kveðið á í samþyktum. Enginn hluthafi getur þó farið með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða í fjelaginu".

Afleiðingin af þessu er sú, að B. Ó. fær ekki nema 100 atkv., eða 20% af atkvæðamagni fjelagsins. 144 atkv. hans falla ógild til jarðar. Íslendingar hafa því ekki nema 108 atkv. samtals. Anglo Saxon Petr. Co. fær aftur á móti 100 atkv. fyrir sínar 150000 kr. og Debenham 98 atkv. Erlendu atkvæðin verða því 198 móti 108 ísl. atkv., eða nær því 2 : 1. Þannig verður það, þó gengið sje út frá, að B. Ó. eigi hlutafje það, er hann leggur fram. Og þó er búið um fjelagið á löglegan hátt. Stjórn fjelagsins eiga að vísu Íslendingar að skipa, en á aðalfundi, sem öllu ræður í fjelaginu, ráða hinir erl. hluthafar. Þetta kemur til af hinum óheppilegu ákvæðum í hlutafjelagalögunum. Vænti jeg þess, að hæstv. stj. taki þetta mál til athugunar fyrir næsta þing og svo verði gengið frá lögunum, að slíkt geti ekki komið fyrir. Það er auðsjeð, að þetta er með ráði gert, að skifta erlendu hlutunum á tvö nöfn, en hlutafjelagalögin ná ekki tilgangi sínum fyr en þau eru svo úr garði gerð, að Íslendingar hljóti ávalt að hafa yfirráðin í íslenska hlutafjelaginu.

Hv. þm. Borgf. taldi upp marga jafnaðarmenn, er fengið hefðu bitlinga hjá stj. Virtist hann helst álíta, að það væri gert til þess, að stj. hjeldi hlutleysi jafnaðarmanna. Er rjett að athuga, í hverju bitlingarnir eru fólgnir. Hv. 4 landsk. er í bankaráði Landsbankans. Hv. þm. telur það starf líklega ekki mikið, úr því að hann kallar það bitling. En nú er hv. þm. Seyðf. í hinu sama bankaráði, og virðist hann því vera sömu fordæmingunni ofurseldur. Hvers vegna minnist hv. þm. Borgf. ekki á þennan flokksmann sinn nje aðra bankaráðsmenn? — Hv. þm. Ísaf. var í ríkisgjaldanefndinni og vann þar um þriggja mán. skeið. Upp úr því starfi mun þetta sífelda tal um bitlinga jafnaðarmanna hafa komið, því ríkisgjaldanefndin sýndi einmitt, hvernig íhaldsstjórnin hrúgaði bitlingum upp á gæðinga sína. Þessi hv. þm. hefir og annan „bitling"; hann er í milliþinganefnd í skattamálum. Í þessari sömu nefnd er sjálfur formaður Íhaldsflokksins. Eftir því ætti hann líka að vera keyptur til einhvers af stj. — Hv. þm. Ak. er í stjórn síldareinkasölunnar; í henni er líka fyrv. þm. Ak., íhaldsmaðurinn Björn Líndal, og ætti honum þá að ganga til þess einhverjar óhreinar hvatir. — Hv. 4. þm. Reykv. hefir undirbúið 2 lagafrv. með íhaldsmanninum formanni Fiskifjelagsins.

Það er einkennilegt, að hv. þm. Borgf. skuli ekki sjá þessa veiku bletti í röksemdaleiðslu sinni, að störf jafnaðarmanna skuli öll talin bitlingar eða einskonar mútur, en samskonar störf íhaldsmanna eru ótalin eða talin nauðsynleg og mikils virði. Sjálfur er jeg í yfirskattanefnd og stjórn Slysatryggingarinnar. Er jeg víst að reyna að græða fje með þeim 500 kr., sem jeg fæ fyrir að vera í yfirskattanefndinni!

Jeg get fullvissað hv. þm., að jeg vinn ekki að neinu eins illa launuðu starfi og mundi ekki vilja sinna því starfi, ef það væri ekki það, að jeg telji mig geta ínt þar af hendi alveg sjerstakt verk.

Annars er vel hægt að skilja þessa reiði íhaldsmanna yfir því, að jafnaðarmenn komist í opinberar stöður eða taki að sjer opinber störf. Íhaldsstjórnin sneiddi jafnan hjá jafnaðarmönnum til slíks og reyndi að flæma þá burt, þá sjaldan, er þeir fengu slík störf. Vil jeg beina þeim orðum til hv. 1. þm. Skagf. sjerstaklega, að þegar hann var atvmrh., reyndi hann að bola mjer burt frá landsverslun. Hann kallaði mig upp í stjórnarráð hvað eftir annað og hótaði mjer brottrekstri, ef jeg ekki ljeti af formensku „Dagsbrúnar", sem jeg vitanlega tók ekki í mál. Og loks er tóbakseinkasalan var niður lögð, tók hann þegar um vorið loforð af forstjóra hennar um, að mjer yrði sagt upp atvinnu minni, en jeg ekki látinn halda áfram við steinolíuverslunina, þar sem jeg hafði unnið mest og full þörf var á áframhaldandi skrifstofustjóra. Á sama hátt laut hv. þm., þá ráðh., svo lágt, að hann bolaði bílstjóra í burtu frá landsverslun fyrir það eitt að vera í stjórn Sjómannafjelags Reykjavíkur. Það er því skiljanlegt, að íhaldsmönnum svíði, að jafnaðarmenn nú komist í opinberar stöður sem aðrir menn. Jeg hygg, að hjá núv. stj. sje minstur munur gerður á, hvort maðurinn er jafnaðarmaður eða íhaldsmaður, þótt framsóknarmaður þyki geðfeldastur. Annars er hlægilegt að hugsa sjer það, að menn, sem eru þingmenn með mikið atkvæðamagn bak við sig, eigi ekki að geta unnið venjuleg verk í opinberum stöðum. En Íhaldinu svíður það fyrst og fremst, þegar jafnaðarmenn komast í opinberar stöður, að þá sjá þeir handatiltektir íhaldsins þar á undanförnum árum og ljósta upp um aðfarir þess.

Út af því, að hv. þm. Borgf. fór að nefna bitling minn við yfirskattanefnd, og að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Reykv., skal jeg skýra nokkru nánar frá starfi hennar. Hv. 1. þm. Reykv. gerði meinlausa fyrirspurn, eftir hvaða heimild skattstjórinn í Reykjavík grenslaðist nákvæmar eftir eignum manna og skuldum. Í 31. gr. tekjuskattslaganna (nr. 74 1921) segir svo: „En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, um kostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta, o. s. frv.".

Svo segir í 33. gr.:

„Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir".

Enn segir svo í 38. gr.:

„Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni, að ganga ríkt eftir rjettu tekju- og eignaframtali. Ef nefndinni virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitt-

hvað óljóst eða rangt í skattakránum, að einhver sje vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rjett vera".

Í öllum þessum gr. er heimild til slíkra hluta.

En tekjuskattslögunum hefir verið breytt, til verulegra óþæginda fyrir skattanefndir, með reglugerð, sem hv. 1. þm. Skagf. gaf út. Samkv. 32. gr. laganna getur skattanefnd krafist upplýsinga hjá bönkum og sparisjóðum um innieignir manna. En í reglugerðinni er, auðvitað án lagaheimildar, einu orði bætt inn í: „nafngreindra", — „nafngreindra manna". Geta því bankarnir neitað að gefa upplýsingar um sparisjóðsinnieignir alment. Nú er það algengt, að menn hafa sparisjóðsbækur sínar á ýmsum nöfnum, tölustöfum, blómanöfnum o. s. frv. Starfsmenn bankanna geta komist eftir, hverjir eigendurnir eru, með tiltölulega lítilli fyrirhöfn, og venjulega mun nafn þeirra vera skrifað með ritblýi á viðskiftareikning þeirra. En fyrir tilstilli hv. 1. þm. Skagf. getur skattstofan ekkert fengið að vita um slíkar innieignir, þar sem ekki eru nafngreindir menn, sem eru skrifaðir fyrir reikningunum.

Því miður hefir hæstv. atvmrh. er hann var fjmrh. ekki breytt þessu.

Það er rjett, að skattstjórinn, sem nú er hjer í Reykjavík, virðist ganga með dugnaði og festu að því, að menn telji rjett fram. Það er líka rjett, að allmikill kurr er í liði íhaldsmanna hjer út af þessu. Er það mjög eðlilegt, þar sem þeir eru margir, er hafa dregið allmikið undan í eigna- og tekjuframtölum sínum. Þetta stafar svo vitanlega af því, að fyrv. skattstjóri, Einar Arnórsson, hefir í embættistíð sinni ekki gengið nógu fast eftir því, að rjett væri talið fram. Skattstjórinn hefir heimild til þess að láta fara fram sjálfstæða rannsókn á reikningum og bókhaldi ýmsra stofnana. Þetta er mjög víða gert erlendis, því það er vitanlega skylda þeirra embættismanna, er fara með þessi mál, að líta eftir því, að menn telji rjett fram í skýrslum sínum til skattstofunnar. Og er síst ástæða til þess að freista manna til að draga undan framtali með því að vera of eftirlátssamur. Fyrv. skattstjóri ljet aldrei slíka sjálfstæða rannsókn fara fram. Það var í mesta lagi, að hann krafðist stundum smávægilegra skýringa á framtalinu, en bókhald manna og stofnana ljet hann aldrei rannsaka, og þá ekki heldur framtölin að öðru leyti. Eignaframtal manna ljet hann alveg afskiftalaust og gekk jafnvel svo langt í því, að mann stórfurðar á því, að slíkt skuli hafa getað átt sjer stað. T. d. ljet hann menn alveg sjálfráða um það, hvernig menn mátu eignir sínar, svo sem húseignir o. fl. Ennfremur tók hann gildar afskriftir af skuldum, ef aðeins fylgdi framtalinu listi yfir þær. Og í stað þess að rannsaka þetta alt sjálfur, gaf hann mönnum fullkomið sjálfdæmi í þessum efnum. Þar gilti sjálfsmat í stað rannsóknar. Sama máli var að skifta um tekjuliðina. Þó var það einn liður, sem hann gekk ríkt eftir, og mun það líklega vera orsök þess, að menn hjeldu alment, að hann væri duglegur og stæði vel í stöðu sinni. Þessi liður var fastar og lausar tekjur þeirra manna, sem voru í þjónustu annara, en ‚burgeisarnir' og sjálfstæðar stofn-

anir og atvinnufyrirtæki fengu að telja fram eftir eigin geðþótta.

Hjer í bæ er fjöldi manna, er eiga miklar húseignir, og sumir lifa beinlínis á þeim og eiga margar. Hvort framtaldar tekjur af þessum eignum væru rjettar, athugaði hann aldrei. Sjerstaklega var hann þó hirðulaus um framtalda leigu af eigin íbúð. Munu þess fá dæmi, að menn hafi reiknað sjálfum sjer sömu leigu af íbúð sinni og öðrum, er þeir leigðu. Jafnvel munu dæmi þess, að menn, sem búa í 100—150 þús. kr. húsum, hafi reiknað sjer í húsaleigu 1200 til 1500 kr.; verður það þá sama sem 12 til 15 þús. kr. tekjufrádráttur, eða 10 til 15% af verði hússins. Á þann hátt var hægt að minka skatttekjur sínar í stjórnartíð fyrv. skattstjóra.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að fylsta ástæða hafi verið til þess að skifta um skattstjóra. Og sannast að segja mun uppsögn hans ekki hvað síst stafa af því, að yfirskattanefnd tók eftir því, hvernig hann gegndi starfi sínu. Og þó mjer væru veittar 500 kr. árlega æfilangt í eftirlaun, þá væri það ekki nema lítið endurgjald fyrir þann hagnað, er ríkið mun hafa af því að koma Einari Arnórssyni úr skattstjórastöðunni.

Menn ættu auðveldlega að geta getið sjer til, hvernig á því stendur. Jú, þessi maður er gamall íhaldsmaður og er í innilegu sambandi við íhaldið, og ef starf hans í útsvarsmálunum er athugað, sjest þetta hvað best. Því er nú svo háttað, að niðurjöfnunarnefnd er skipuð íhaldsmönnum, og er skattstjóri formaður hennar. (**ÓTh**: Var ekki einn jafnaðarmaður í henni?). Jú, einn, sem brást skyldu sinni. (**HK**: Það var ljótt að heyra og leiðinlegt).

Samkv. 3. gr. útsvarslaganna frá 1926 á að jafna niður á gjaldþegna hverrar sveitar þeim gjöldum, sem sveitin þarf að greiða, að viðbættum 5—10%, sem á að vera fyrir vanhöldum. Á hverju fjárhagsári skal svo ákveða, hve hárri upphæð skuli jafnað niður, og skal það bókað. Þegar nú yfirskattanefndin fór að athuga, hve hárri upphæð hefði verið jafnað niður árlega hjer í bænum undanfarin ár, kom það í ljós, að ekkert sást um það í bókum niðurjöfnunarnefndar. Þegar svo sú nefnd er spurð að þessu, fást engin svör þar að lútandi. Varð því að fá sjerstaka menn til þess að athuga þetta. Kom þá í ljós, að ástæðan til þess, að nefndin vildi ekki gefa nein svör um þetta, stafaði af því, að hún hafði á 6 árum jafnað niður á borgara bæjarins *717 þús. kr. meira en lög stóðu til.* Hvernig stendur nú á þessu? Það sjest á tvennu: Hvernig þeir hafa notað peningana og hvernig þeir hafa jafnað niður. Þetta fje hefir verið notað til þess að greiða ýms óákveðin útgjöld, sem ekki hafa verið á fjárhagsáætlun bæjarins, og eftirgjafir útsvara ýmissa stórra gjaldenda. Hefir almenningi því ekki verið eins kunnugt um það, hvað gekk í súginn hjá borgarstjóra, og þess hefir verið auðveldara fyrir hann að berja sparnaðarbumbuna þegar ekki sjest, hvað lagt er á. (**ÓTh**: Bumbuna?!!) Já, sparnaðarbumbu sína.

Þá er rjett að taka ofurlítið til athugunar, hvernig niðurjöfnunin er framkvæmd hjer í þessu hreiðri íhaldsins. Það er alt annað en lítið vald, sem

niðurjöfnunarnefnd er gefið til þess að fara ofan í vasa almennings eftir peningum. Það er ekki svo með útsvörin sem eigna- og tekjuskattinn, að þau sjeu ákveðin eftir vissum „skala“. Niðurjöfnunarnefnd er alveg sjálfráð, hversu mikið hún leggur á hvern einstakan. Og hvernig hefir nú niðurjöfnunarnefndin rækt þetta starf sitt? Í framkvæmdinni er það svo, að hún notar 2 „skala“. Annar er fyrir almenning, sauðsvartan almúgann, en hinn er fyrir stóreignamennina og hátekjumennina. Fyrst er almenningsskalanum beitt og jafnað niður á allan almenning, en svo er því, sem þá er eftir ójafnað niður, og sem er tiltölulega lítið, jafnað niður á stóreignamennina. Afleiðingin af þessari aðferð er sú, að togarafjelögin, sem velta hundruðum þúsunda, hafa venjulega, að undanskildum tveimur, ekki greitt nema ca. 1000 kr. af togara. Þetta er vitanlega með ráði gert, svo að þessir máttarstólpar íhaldsins, er leggja fje í blöð þess og kosningar, sleppi hjá sem mestum útgjöldum til hins opinbera.

Það er því greinilegt, að niðurjöfnunarnefndin hjer hefir skráð sín eigin lög og að þau lög eru alveg gegn landslögum, því það er ekki lagt á menn „eftir efnum og ástæðum“, eins og skipað er fyrir í landslögunum. (**MJ**: Yfir hverjum er þm. að halda eldhúsdag?) Auk fyrv. ríkisstj., þar sem þetta þróaðist og óx, meðal annars yfir hv. 1. þm. Reykv., er ver þessa spillingu og gerist málsvari skattsvikaranna hjer á Alþingi.

Á þennan hátt munu það vera um 37 milj. af eignum íhaldsins, sem sloppið hafa undan útsvari árlega undanfarin ár. Menn geta því skilið, að með slíku háttalagi er það íhaldinu til lítillar gleði, þegar kemur nýr skattstjóri, er tekur föstum tökum á þessum málum, eða ný yfirskattanefnd, er beinir athygli manna að því. En skattstjóri getur ekki gert annað en að laga eigna- og tekjuframtalið. Hann getur ekki tekið fyrir ójöfnuð niðurjöfnunarnefndar. Við honum er ekkert ráð, nema það að setja lög, er skipa fyrir um það, hvernig jafnað skuli niður, svo íhaldinu hjer í bæ haldist það ekki lengur uppi að níðast á andstæðingum sínum, sem eru minni máttar í þessum efnum. (**ÓTh**: Jeg hefi nú líka orðið fyrir barðinu á niðurjöfnunarnefndinni). Jeg gæti sagt hv. þm. sögu um viðskifti hans við nefndina, og skal gera það utan þings, ef hann óskar eftir, sem sýnir þveröfugt. — Það mun rjett, að menn þeir, er framarlega standa í Alþýðu- og Framsóknarflokknum, muni hafa goldið alt að því 50% meira að tiltölu, miðað við aðra. (**ÓTh**: Annað sagði dómsmrh.).

Þá talaði hv. 1. þm. Reykv. mikið um það, hversu fordæmanlegt væri sambandið milli Framsóknar og socialista. Það ætti nú öllum að vera skiljanlegt, að jafnaðarmenn kæra sig ekki mikið um að vera í sambandi við íhaldsmenn, sem hafa svo óhreinan skjöld í hvívetna. Hinsvegar er alls ekki víst, að sambandið milli jafnaðarmanna og Framsóknar standi lengi. (**MJ**: Viljið þið vera með í vantrausti?). Auðvitað, undireins og við álítum þess þörf og við getum ekki komið þörfum og mikilsverðum málum fram. En við viljum ekki hleypa íhaldinu strax að. Það veitir ekki af

að kenna því dálítið að lifa áður en það kemst að aftur.

Það er hlægilegt að heyra hina vesölu kveinstafi hv. 1. þm. Reykv. yfir því, hve illa sje farið með íhaldið, og harmatölur hans um það, að ekki skuli farið illa með jafnaðarmenn líka. Og í ofurkappi sínu um það að koma stj. frá, þá gerist hann svo ósvífinn, að hann skorar á framsóknarmenn að vega að sinni eigin stj. Ekki er sigurvonin mikil við almennar kosningar, þegar eina vonin um að ríða stj. niður er að fá flokksmenn hennar til að reka rýtinginn í hana.

Annars væri gaman að vita, hvernig hv. þm. hugsar sjer þingræði, er hann segir, að jafnaðarmenn eigi ekki að vera hlutlausir við Framsókn. Nú á ekki íhaldið að vera hlutlaust heldur, og hvernig á þá flokkur, sem hefir meiri hl. þings á móti sjer, að mynda stjórn? Nei, meiningin með öllu þessu hjali er sú, að nú er íhaldið að bjóða Framsókn litla fingurinn og mælast til þess, hvort *það* megi ekki fá að vera hlutlaust. En ef svo fer, að samvinnan milli Íhalds og Framsóknar verður svo náin, að þar kemst ekki hnífurinn í milli, og að því er unnið nú af ýmsum mönnum í báðum flokkum, þá er víst, hvað við gerum, jafnaðarmennirnir. Jeg hygg, að við munum ekki eiga lengi samleið með íhaldinu.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú gert snarpan eldhúsdag að íhaldsmönnum, og er það ekki nema að vonum. En snemma í ræðu sinni vjek hann að nokkrum atriðum, er snerta mína stjórnardeild, og vildi jeg svara með nokkrum orðum.

Í upphafi ræðu sinnar, sem var aðallega almennar aths., gat hann þess, að mikil þörf væri á því að bæta kjör verkalýðsins, en að sjer fyndist, að fjárlfrv. það, er nú lægi fyrir, bæri þess lítt merki, að stj. væri umhugað um það. Jeg skal nú ekki fara út í það að ræða fjárl., enda þó þau sjeu nú mál það, er á dagskrá er, en hinsvegar get jeg tekið undir það með hv. þm., að það sje full þörf á því að bæta kjör verkalýðsins. Og jeg vil geta þess, með skírskotun til afstöðu Framsóknarflokksins til ýmsra mannúðar- og nauðsynjamála verkalýðsins, svo sem vökulaganna og samvinnufjelags Ísfirðinga, að þeir hv. þm., sem eru fulltrúar verkalýðsins, geta ávalt væntst stuðnings Framsóknar til þess að koma á löggjöf, er raunverulega miðar að því að bæta kjör verkalýðsins. En þrátt fyrir það, þó einhverju kunni að vera ábótavant í kjörum verkalýðsins ennþá, þá mun þó óhætt að segja, að engin stjett hjer á landi hefir fengið eins miklar rjettarbætur á ýmsu síðasta mannsaldurinn eins og verkamenn. Við erum nú ekki gamlir, hv. 2. þm. Reykv. og jeg, en við erum báðir uppaldir hjer í þessum bæ og höfum því nokkur skilyrði til þess að dæma um þetta. Og jeg veit, að ef hv. þm. lítur á þetta með sanngirni, muni hann kannast við það, að mikill munur er á því, hvað verkalýðnum líður betur nú en fyrir 30 árum síðan. Skal jeg svo ekki segja meira út af þessum alm. aths. hv. þm.

Þá skal jeg víkja lítið eitt að ýmsum atriðum, er mig snerta og mína

stjórnardeild og hv. þm. þóttu aðfinsluverð.

Það var þá fyrst, að hv þm. beindi til mín nokkrum ásökunum fyrir það, að jeg skyldi ekki innheimta tekju- og eignarskattinn með 25% viðaukanum, og spurði, hvernig á því stæði. Jeg ætla ekki að fara að rökræða þetta nú við hv. þm., því það eru ekki nema svo sem 2 vikur síðan mikið var rætt um þetta hjer í þessari hv. d. Get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði þá.

Hv. þm. sagði, að íhaldsmenn hefðu sungið mikið hósíanna út af þessu og svínbeygt stj., eða rjettara sagt mig, í þessu máli. Jeg er nú hræddur um, að það hafi verið nokkuð blandaður kór hjá íhaldsmönnum. Að vísu voru það 2 fulltrúar íhaldsins, sem litu með sanngirni á þetta mál. En jeg er hræddur um, að það hafi verið annað en hósíanna, sem sá hv. þm. syng, er nú stendur í fylkingarbrjósti hjá Íhaldinu. Annars er mjer alveg sama, hvort sagt er, að jafnaðarmenn eða íhaldsmenn hafi svínbeygt mig, fyrst skipin sigla um sjóinn og draga aflann á land.

Það næsta, er hann mintist á, var viðvíkjandi kaupi því, sem greitt er í vegavinnu. Annars vissi jeg varla, við hvað hann átti, því það er aðeins einu sinni, sem jeg hefi haft afskifti af þessu sem atvmrh., og veit jeg ekki til, að neitt hafi verið að athuga við framkomu mína í því máli. En í sambandi við það, er hann vjek að vegamálastjóra, vil jeg geta þess, að það er vitanlega atvmrh., sem ábyrgðina ber, og vil jeg á engan hátt reyna að setja mig bak við vegamálastjóra í þessu.

Hv. þm. átaldi það, að misjafnt kaup væri goldið við vinnu þessa, og býst jeg við, að honum sem foringja jafnaðarmanna virðist það óeðlilegt, en það er ekki ríkissjóður einn, sem sjer um verk þessi, heldur sýslur og sveitir landsins, sem ráða til sín menn og semja um kaup þeirra. Frá sjónarmiði stj. álít jeg ekkert eðlilegra en að hún hagi sjer líkt og láti þá menn, sem fyrir hana vinna, hafa sama kaup. Hinsvegar álít jeg það skyldu, að á þessu sviði sje reynt að ná sem bestum kjörum fyrir ríkissjóð, til þess að framkvæmdirnar geti orðið sem mestar. En nú vil jeg segja, svona meira í spaugi við hv. 2. þm. Reykv., að hann og hans flokkur vill hátt kaup og svo líka þjóðnýtingu, en nú vita allir, að enginn geldur jafnlágt kaup og ríkið, og þá hlýtur þetta að rekast á, nema þar, sem þeir hafa alla stj. með höndum.

Þá er ennþá einu ósvarað af því, sem hv. sami þm. mintist á, nefnilega viðvíkjandi innflutningi verkamanna. Jeg er nú aðeins búinn að sitja við stj. í rúml. eitt ár, og er því ekki ennþá kominn svo inn í það mál, þannig að jeg geti gefið ljósa úrlausn, en annars eiga lögreglustjórar að hafa umsjón með því. Nýlega hefir stjórnarráðið gert fyrirspurnir um suma útlendinga, sem hjer eru. Það hefir verið vilji stj. að fylgja þar anda laganna í þessu efni. Fleira var það ekki, sem hv. þm. beindi til mín.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Það eru aðallega tvö atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem snertu mig og sem jeg mun svara. Annað var „lokun" mentaskólans í fyrravor, sem mikið

var rætt um í blöðunum, en alþjóð mun nú hafa skilið, að það er ekki stórmál, en þó nauðsynjamál. Í fyrravetur var svo ástatt, að bekkir efri deildarinnar voru þrískiftir, en hinir neðri tvískiftir, og var svo komið málum, að sökum húsnæðisskorts varð að leigja eina stofu úti í bæ, sem rektor og kennarar gátu ekki haft fult eftirlit með, og voru sáróánægðir yfir að þurfa að hafa þetta svona. Þetta var líka mjög óheppilegt að öllu leyti, og þar sem stj. hafði hugsað sjer að bæta skólann á ýmsan hátt, sá hún, að það myndi ekki hægt, nema því aðeins, að fækkað væri í deildunum. Þess vegna takmarkaði hún inngöngu í fyrsta bekk, og mun gera það aftur í vor, til að fá meira húsrúm og skólann hollari og betri. Því fremur var þetta hægt, að Rvík fær mikinn aðgang að efri deildinni, þar sem hún ein fyllir að jafnaði heilan bekk í hinni neðri á ári hverju, en þá má gera ráð fyrir, að sveitirnar fylli annan þegar ofar kemur. Þetta hefir haft þau áhrif nú í vetur, að starf og heilsufar er mun betra, eftir því sem mjer er sagt.

Þá spurði hv. þm., hvort nú mættu menn fá inngöngu í hvaða bekk skólans er væri, en svo er nú að vísu ekki enn sem komið er. En þó vil jeg geta þess, að fyrir Ed. liggur nú frv., sem miðar að gagngerðum breyt. á skólanum, en þótt það verði nú máske ekki útrætt, má koma þessu í kring með einfaldri reglugerð. Markmið stj. er það, að búa svo um hnútana, að í mentaskólanum verði aldrei fleiri en svo, að nemendur og kennarar geti notið sín þar við starf sitt.

Þá mintist hv. þm. á annað mál, sem er lækkun á kaupi hjúkrunarkvenna á spítölunum. Hver landsstj. verður að reyna að lækka útgjöldin sem mest, og þess vegna hefi jeg gert tilraun til að stilla meira í hóf, en hún mistókst að sumu leyti. Það hefir komið í ljós, að fyrv. stj. hefir haldið kaup í nágrannalöndunum hærra en það er, og hefir því tekið upp það ráð að gjalda eins og Danir, en kaupið varð miklu hærra í raun og veru. Verkalaun við spítalana er einn af langstærstu útgjaldaliðunum, og það skiftir miklu máli, hvernig úr því er ráðið. Þess vegna hefi jeg sagt yfirhjúkrunarkonunum upp, eða fært kaup þeirra niður úr 250 í 150 kr. Síðar hefi jeg fært kaup annara niður í 100 kr. á mánuði hverjum. Nú standa yfir samningar milli fjelags hjúkrunarkvenna og landsstj., og hefi jeg sagt við þær, að það verði að gæta hófs, og því skyldi ekki neitað, að kaupið kynni að vera of lágt eins og sakir stæðu, en það væri þó spor í áttina til að ná sanngirni. Jeg hefi ennfremur minst á það við formann fjelags hjúkrunarkvenna, að þær kæmu á sjúkratryggingum og aldurstryggingum sín á meðal, en það mun hafa fengið frekar daufar undirtektir hjá þeim. Þótt svo hafi nú farið, er enginn efi á því, að nauðsynlegt var að taka kaup þeirra til athugunar, og það er einnig víst, að reynt mun verða að koma á sjúkra- og ellitryggingum meðal þeirra, og það verður einn af liðunum í þeirri umbótastarfsemi, sem þegar er hafin.

**Magnús Guðmundsson:** Mjer er sagt, að hæstv. dómsmrh. þurfi að

flýta sjer burt úr bænum, og þess vegna mun jeg nota tækifærið meðan hann enn er hjer, og sný jeg mjer því að honum. Á þinginu í fyrra flutti hann eða ljet flytja frv., sem gekk í þá átt, að bæjarfógetaembættið og lögreglustjóraembætið skyldu lögð niður og stofnuð þrjú embætti í staðinn. Í ástæðunum fyrir frv. var sagt, að af því mundi leiða 80000 kr. sparnað fyrir ríkissjóð. Jeg gat þess þá, að þetta gæti ekki stuðst við nein rök, og mæltist til þess, að hann gæfi á því frekari skýringu, en það neitaði hann að gera. Það hefir nú sýnt sig, að jeg hefi haft þá rjett fyrir mjer. Í fjárlögum í fyrra er kostnaðurinn við þessi embætti áætlaður svo: Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík 32340 kr. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík 69000 kr., eða samtals 101340 kr. Þetta var sú áætlun, sem núv. stj. gerði og átti að sýna kostnaðinn við þessi embætti, og svo kemur áætlun fyrir næsta ár, þegar hið nýja sparnaðarfyrirkomulag er komið á, og er það sem hjer segir:

Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík 28600 kr. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík 86000 kr. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík 25000 kr. Þetta verður samtals 139600 kr. eða að kostnaðurinn er áætlaður 38260 kr. hærri en gert var ráð fyrir, þegar gamla fyrirkomulagið var við lýði. En nú er aðgætandi, að þetta er aðeins sá kostnaður, sem leiðir af skrifstofuhaldi þessara embættismanna, en svo bætast við laun þeirra sjálfra og svo biðlaun bæjarfógeta, en þau laun, sem þessum mönnum eru greidd, verða hjer um bil 15000 kr. hærri heldur en launagreiðsla til þeirra var áður. Þetta sýnir, að við þessa breyt. hafa útgjöld ríkissjóðs aukist um 53260 kr. Þá ber að taka tillit til þess, sem vinst við stimpilgjöldin. Það hefi jeg nú að vísu ekki reiknað nákvæmlega út, en býst við, að það fari ekki yfir 20—25 þús. kr. Þá verður niðurstaðan sú, að aukinn kostnaður við þetta verður 30000 kr., í stað 80000 kr. sparnaðar. Þessi niðurstaða er töluvert verri en jeg bjóst við í fyrra, en orsökin til þess er sú, að skrifstofukostnaður tollstjóra er færður úr 69 þús. upp í 86 þús. kr.

Það er gaman að því að fletta upp í gömlum Tímablöðum og sjá, hvað sagt er þar um hina óþarfa kostnað af þessum embættum, og þó var kostnaður þessi miklu minni þá en hæstv. ráðh. áætlar hann nú. Þessi ummæli sanna, að hæstv. dómsmrh. getur ekki einu sinni talist til minni spámannanna, heldur hefir hann enga spádómsgáfu til að bera, en jeg efast ekki um, að hann sje stoltur af þeirri gáfu sinni; það væri honum líkt. Þessi áætlun hans í fyrra studdist ekki við nein rök, og áætlunin í frv. fyrir 1930 er of lág, bæði hjá lögmanni og tollstjóra. Hæstv. dómsmrh. hefir viljað skýra það svo, að þessi mikli aukni kostnaður leiði af stofnsetningu þessara embætta, en það er hin mesta blekking, því að sá kostnaður kemur fram á yfirstandandi ári, en ekki á því næsta. Þetta tek jeg fram til að sýna, að þegar hæstv. ráðh. kom fram með betta, fór hann vísvitandi með blekkingar og yfirvarp, en það er gaman fyrir mig að láta hann leggja sannanirnar upp í hendur mjer fyr-

ir því, sem jeg hjelt fram í fyrra gegn andmælum hans.

Næsta atriði, sem jeg vil benda á, er nefndafarganið. Síðan núverandi stj. settist á laggirnar, hefir rignt yfir nefndarskipunum meir en nokkru sinni fyr. Starfandi nefndir, sem hæstv. stj. hefir skipað, eða sem settar hafa verið að frumkvæði hennar, eru svo margar, að jeg verð að biðja velvirðingar á, ef jeg gleymi fleiri eða færri þeirra. Einn heili getur varla rúmað öll þau býsn. Þær nefndir, sem jeg man eftir frá stjórnartíð núv. stj., eru 14 og í þeim eiga sæti yfir 70 menn, en ekki nema ein stjórnskipuð kona, svo að ekki er hægt að brígsla hæstv. stj. um of mikla kvenhollustu.

Nefndirnar eru þessar:

| | | |
|---|---|---|
| Ríkisgjaldanefnd | 3 | menn |
| Landsbankanefnd | 15 | — |
| Þingvallafriðunarnefnd | 3 | — |
| Skattanefnd, að meðtöldum ritara | 4 | — |
| Kirkjumálanefnd | 5 | — |
| Samgöngumálanefnd | 5 | — |
| Siglingalaganefnd | 5 | — |
| Hegningarlaganefnd | 2 | — |
| Síldarnefnd, síldarstjórn og endurskoðendur | 10 | — |
| Utanríkismálanefnd | 7 | — |
| Nefnd til að rannsaka magn upptækra vína | 2 | — |
| Bókfærslunefnd sýslumanna | 3 | — |
| Landsspítalanefnd | 5 | — |
| Útgáfunefnd heilsufræðirits | 5 | — |

Þetta verða í alt 72 menn, sem vinna í þessum nefndum fyrir hæstv. stj. (**Forsrh.**: Guðmundur ríki hafði 100 húskarla. — **ÓTh**: Það sæmir ekki fátækri sócíalistastjórn). Hæstv. forsrh. viðurkennir þá, að hann skipi nefndir til þess að útvega sjer þjóna. Jeg hlýt að biðja velvirðingar á, ef jeg hefi ekki farið rjett með nöfn sumra nefndanna eða gleymt einhverjum þeirra, því að um sumar þeirra hefir verið pukrað svo, að enginn veit, hvað stj. hefir skírt þær. Sumar hafa líka breytt um nafn, eins og t. d. ríkisgjaldanefndin. Hún hjet í byrjun sparnaðarnefnd, og hefir líklega hlotið það nafn í skemmriskírn eða primsigningu. Sumar þessara nefnda starfa kauplaust og síldarstj. borga síldarframleiðendur, en að öðru leyti munu þær hvíla á ríkissjóði, og verð jeg að segja eins og er, að jeg get ekki sagt neitt ákveðið um, hvað þær muni kosta ríkið, en beinn útlagður kostnaður get jeg ímyndað mjer, að verði ekki undir 100000 kr. Ef jeg verð ofar moldu nokkra hríð, má vera, að jeg geti skýrt frá því síðar, og skal jeg þá ekki telja það eftir mjer. Jeg dreg það af því að sparnaðarnefnd hefir kostað um 12 þús. kr. og póstmálanefnd um 7 þús., skattamálanefnd er þegar búin að fá eitthvað um 8000 kr., en hún á eftir að fá miklu meira. Þá er ekki búið að borga kirkjumálanefnd, því að hún er tiltölulega ný.

Jeg ætla ekki að fara út í nauðsyn eða rjettara sagt nauðsynjaleysi þessara nefnda, en þó ætla jeg að segja fáein orð um sumar þeirra. Það er þá fyrst sparnaðarnefndin. Hún var með öllu óþörf, enda er nú búið að leggja hana niður og fela ríkisbókara að vinna hennar störf. Það var leiðinlegt, að stj. skyldi ekki sjá strax, að ekki þurfti annað en að fela þetta ríkisbókara; með því hefði hún sparað talsvert fje. Annars er það auðvitað, að sparnaðarnefndin var skipuð til þess

eins að snuðra um gerðir íhaldsmanna, í von um að finna eitthvað það í meðferð þeirra á fjármálum þjóðarinnar, sem hægt væri að hengja hatt sinn á. En það var erfitt að finna nokkurn snaga. Eitt atriði hefir þó ritstjóri Alþýðublaðsins fundið og óspart notað í blaði sínu, og það er aukaborgun til skrifstofustjóranna í stjórnarráðinu, sem þeir hafa fengið um langan aldur, og því er auðvitað ekki frekar hægt að kenna íhaldsstj. um það en öðrum stj. á undan henni. En ef eitthvað er athugavert við þetta, er það mjög merkilegt, að hæstv. núv. stj. heldur áfram að borga skrifstofustjórunum þetta, og hefir meira að segja bætt talsverðu við þá upphæð, sem ritstjóri Alþýðublaðsins hneykslaðist á. En þessi samviskusami ritstjóri gleymir alveg að hneykslast yfir því, af því að hans elskulega framsóknarstjórn á í hlut. Jeg segi þetta ekki af því að jeg öfundist yfir því, þó að kjör þessara manna sjeu bætt, heldur til þess að sýna fram á, að hæstv. stj. hefir hjer, eins og svo oft áður, gert það sama og hún hefir vítt fyrv. stj. fyrir að gera.

Jeg geri ráð fyrir, að það muni verða fróðlegt að athuga það síðar meir, þegar stjórnarskifti verða — því að einhverntíma verða stjórnarskifti —, hvernig samskonar skrá yfir meðferð fjárins hjá núv. hæstv. stj. lítur út. Jeg er nokkurn veginn viss um, að slík skrá verður búin til — hún skal verða búin til, — og þá kemur áreiðanlega í ljós mikill munur, sem ekki verður núv. stj. í hag.

Jeg get rjett nefnt Landsbankanefndina, þetta 15 manna stóra höfuð, en það er það einkennilega við þá margmennu nefnd, að hún hefir hreint ekkert að gera. Aðalstarf hennar er að hóa saman mönnunum. Það hefir gengið í stöðugu stríði að ná þeim saman nógu mörgum til þess að hægt yrði að koma á húmbugsfundi. Alt hefir verið eintómt vafstur, ekkert starf. Það er ekkert annað, sem nefndin á að gera, en að kjósa í bankaráðið og setja reglugerð og svo að samþ. reikningana, náttúrlega ósjeða, því að um annað er ekki að tala. Aðalformaður nefndarinnar er nú svo heppinn að vera búsettur austur á landi, varaformaður hefir lagt á sig mikil ómök við smalamenskuna, og 2. varaformaður hefir stundum hlaupið undir bagga, en þá tókst allra verst, því að fundurinn gleymdist.

Þá er Þingvallafriðunarnefndin, þar sem hæstv. dómsmrh. og jeg eigum báðir sæti. Sú nefnd er ólaunuð, en kostnaður af henni verður áreiðanlega nægur til þess að jeta upp eftirgjaldið eftir allar jarðirnar í Þingvallasveit, sem nú á að leggja í eyði; í gistingar, ferðalög, hesta og matarveislur fer eftirgjaldið. Sá reikningur verður ekkert betri en Óðinsreikningurinn. Í haust var til dæmis haldin mikil veisla, fyrir eina 15 menn, og ef það er rjett hjá hæstv. dómsmrh., að tveggja manna morgunverður hafi kostað 200 krónur, þá má nærri geta, hvað þessi 15 manna veisla hefir kostað. Annars er ekki hægt að segja, að Þingvallafriðunarnefndin sje kostalaus. Aðalkostur hennar er sá, að hún hefir ekkert unnið að sínu ætlunarstarfi, og það er höfuðkostur, því að hún átti að framfylgja þeim fáránlegustu lögum, sem samþ. hafa verið á þingi, að banna sauðfjárrækt

þar á landinu, sem er einna best fyrir sauðfje. Þó hefir nefndin gert eina mikla vitleysu. Hún hefir ákveðið að láta flytja af hentugum stað á óhentugan stað bæði gistihúsið og konungshúsið. Og til þess að það verði hægt, þarf að kosta ekki minna en 50—60 þús. kr. til flutnings á húsunum, til brúar yfir Öxará og vegagerðar að þeim stað, sem húsin eiga að standa.

Nei, þó að n. sjeu ekki launaðar, geta þær verið dýrar fyrir því. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að taka það fram, að jeg var gersamlega ósamþykkur þessum heimskulegu framkvæmdum n.

Kirkjumálanefndina þarf jeg varla að minnast á. Það hefir verið gert áður, en jeg vil undirstrika, að það er mjög undarlegt af hæstv. ráðh. að skipa nefndina um þingtímann upp á sitt eindæmi. Af hverju leitaði hæstv. ráðh. ekki til þingsins? Það er þetta alræmda einræðisbrölt hjá hæstv. ráðh. Hann virðir þingið svo lítils, að honum dettur ekki í hug að spyrja það ráða. Hann ætti þó ekki að vera hræddur um að geta ekki komið þessu í gegnum þingið.

Hæstv. ráðh. er sífelt að unga út nefndum. Nú er komin ný landsspítalanefnd og auk þess 5 manna n. til útgáfu heilsufræðirits. Af hverju spyr hæstv. ráðh. ekki þingið? Af hverju fær hann ekki lögmæta fjárveitingu til allra þessara nefnda? Af því að hann vill einn öllu ráða og skeytir ekki um nein lög.

Næst get jeg nefnt utanríkismálanefndina. Hún er meðal hinna ólaunuðu og á að vera stj. til ráðuneytis. Eina utanríkismálið, sem fyrir hæstv. dómsmrh. hefir komið í hans stjórnartíð, er hið margumtalaða Tervani-mál, en það hefir aldrei í utanríkismálanefndina komið. Þó er hans aðalvörn í því máli sú, að það sje utanríkismál. Hann heldur því fram, að það megi ekki dæma erlend mál á sama mælikvarða og innlend, en hefir þó ekki borið þetta mál undir n. Og af hverju? Af því að hann vill einn öllu ráða. Ef þetta mál hefði verið borið undir nefndina, er jeg viss um, að úrslitin hefðu orðið alt önnur en raun varð á. Annars ætla jeg ekki að fara frekar út í þetta mál að svo stöddu. Jeg býst við, að jeg komi að því síðar, þegar jeg fer að svara ýmsu, sem hæstv. ráðh. sagði í dag og í gær.

Samgöngumálanefndin sýnist nú hafa lokið starfi sínu, og hefir frv. frá henni verið lagt fyrir þingið og hefir hæstv. forsrh. gert það að sínu máli með því að fela n. í hv. Ed. að flytja það. Þar sem frv. þessu fylgir álit n. og búast má við, að bráðlega komi frv. í sömu átt, þykir mjer ástæða til að segja um þetta mál nokkur orð.

Álit þetta er miðað við þá meinlegu villu, að bygt skuli nýtt strandferðaskip í samræmi við heimild síðasta þings þar um, og jeg fæ ekki betur sjeð en að hjer skjóti upp kollinum angi af hinni sömu fáránlegu kenningunni, sem óneitanlega liggur til grundvallar fyrir þessari skipsbyggingu, sem sje þeirri, að meiri áherslu beri að leggja á samgöngur á sjó en landi. Það er vissulega sami þefurinn af þessari nýju kenningu, að hætt skuli að hafa reglubundnar póstferðir milli hjeraða landsins landleiðina. Við leggjum árlega með rjettu stórfje í það að leggja vegi milli hjeraða, t. d. um Holtavörðuheiði, Vatnsskarð,

Öxnadalsheiði, og þegar ekki eru nema fá ár eftir þangað til um þessi höft milli hjeraða og landshluta eru komnir akfærir vegir með brunandi bifreiðum, þá er stungið upp á að hætta að láta flytja póst að staðaldri um þessa vegi. Er nokkurt vit í þessu? Jeg get ekki skilið það. Er t. d. nokkurt vit í því að senda póst, sem á að fara norður í Húnaþing, með skipi fyrir alla Vestfjörðu, þegar ekkert kostar að koma honum á skipi til Borgarness og lítið að koma honum í bifreiðum þaðan norður. Og þetta kemst pósturinn á 1—2 dögum með þessari ferð, en ella er hann 4—5 daga að minsta kosti. Og þó að Holtavörðuheiði sje ekki bílfær, þá er sannarlega ekki mjög örðugt að flytja póstinn á hestum yfir hana. Og hvernig mun póstflutningur með skipum ganga þegar hafís er? Hann mundi geta gert slæmt strik í reikninginn. Jeg get hugsað, að sumir Húnvetningar og Skagfirðingar brosi í kampinn, þegar þeir sjá, að póstmálanefndin telur veginn yfir Hrútafjarðarháls fjallveg og að illfært sje á bifreið heim að Víðimýri. Þetta er kannske ekki mikilsvert, en það sýnir, að þessi n. hefir ekki lagst djúpt.

Það slær mig mjög, að í till. um þessar nýju póstgöngur er sagt, að ekki megi slíta póstsambandi landleiðina mili Akureyrar og Húsavíkur nje milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshjeraðs. Af hverju skyldi n. hafa komist að þessari niðurstöðu? Ætli það sje ekki af því, að einn nefndarmanna var Þingeyingur og annar Norðmýlingur! Þeir fundu því þörfina á þessum slóðum. En ætli hún sje ekki svipuð víðar. Jeg er ekki í neinum efa um, að svo er. Og jeg er sannfærður um, að verði þessi fáránlega aðferð tekin upp, rís þar af svo megn andúðaralda, að um verður breytt eftir fá ár.

Er nokkurt vit í því að hugsa sjer, að póstur, sem á til dæmis að fara frá Bólstaðahlíð til Víðimýrar, verði sendur niður allan Langadal og svo á skipi frá Blönduósi til Sauðárkróks og þaðan til Víðimýrar, í stað þess að senda hann yfir Vatnsskarð. Til þess að komast í skip, þarf að flytja hann mörgum sinnum lengri leið en leiðin er að ákvörðunarstaðnum.

Jeg ætla þá að snúa mjer að einu máli, sem snertir mitt eigið kjördæmi og sýnir mikla hlutdrægni af hálfu hæstv. dómsmrh. Svo er mál með vexti, að síðastliðið vor höfðu Sláturfjelag Skagfirðinga og Kaupfjelag Skagfirðinga ákveðið að reisa frystihús saman, og tilætlunin var að fá til þess lán úr viðlagasjóði. En þegar leitað var eftir láninu hjá hæstv. dómsmrh. — hann hafði með þetta að gera, af því að atvmrh. var ekki í bænum —, fjekk fjelagið það svar, að lán fáist ekki, ef sláturfjelagið yrði meðeigandi í fyrirtækinu, en kaupfjelagið eitt geti fengið lánið. Þegar þessi fregn barst norður, fyltust allir undrun, og jeg hefi það fyrir satt, að þetta hafi jafnt gilt um stjórnarstuðningsmenn og stjórnarandstæðinga. Þetta þótti því undarlegra, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hafði ákveðið með öllum atkv. á aðalfundi árið 1928, að ef ekki fengist samkomulag á milli þessara aðilja um bygginguna, skyldi sláturfjelagið fá ábyrgð sýslusjóðs. Með þessu sýndi sýslunefndin, að það var hennar vilji, að sláturfjelagið ætti að

fá þetta og ætti að ganga fyrir öllum öðrum um ábyrgð af hálfu sýslufjelagsins, enda var það eðlilegt, því að markmið fjelagsins er að starfa að slátrun og koma slátrunarafurðum í peninga. En hæstv. stj. var ekki beinlínis á því að láta hjeraðsbúa ráða þessu. Hún tók ráðin af skagfirskum bændum og sagði, að kaupfjelagið gæti fengið lán, en sláturfjelagið ekki. Hæstv. stj. tók það fjelagið fram yfir hitt, sem hafði það að markmiði að útvega erlendar vörur, en útilokar það fjelag, sem vinnur á því starfsviði, sem frystihúsin einmitt byggjast á. Bæði kaupfjelagið og sláturfjelagið eru í Sambandi ísl. samvinnufjelaga, en sá er hængurinn á með sláturfjelagið, að það hefir ekki viljað taka á sig hina ótakmörkuðu samábyrgð.

Árangurinn af þessari ákvörðun hæstv. stj. varð sá, að kaupfjelagið reisti frystihús á Sauðárkróki og sláturfjelagið hefir ákveðið að reisa annað. Ákvörðun hæstv. stj. veldur sem sje því, að sýslubúar þurfa að leggja á sig miklu meiri kostnað en annars hefði orðið. Hæstv. stj. hefir með hlutdrægni sinni bakað þeim aukin útgjöld, sem nemur kannske tugum þúsunda. Þetta er mjer skylt, sem þingmanni sýslunnar, að átelja harðlega. Stj. hefir þarna — jeg veit ekki með hvaða rjetti — blandað sjer eins og hjónadjöfull í mál þessara tveggja fjelaga, til þess, að því er virðist, að reyna að kúga bændur inn á aðrar brautir í fjelagsmálum en þeir hafa ætlað.

Stj. gat neitað sláturfjelaginu um lán til frystihúsbyggingarinnar í samlögum við kaupfjelagið, en hún gat þó ekki hindrað, að sláturfjelagið bygði sitt eigið frystihús, því að nú mun vera byrjað á að reisa það. Nú höfum við þm. Skagf. reynt að fara fram á það við hæstv. atvmrh., að hann veitti lán til þeirrar byggingar. Hæstv. ráðh. mun hafa ráðgast um þetta við S. Í. S., en er Sambandið kvaðst ekki vilja taka afstöðu til þessa máls, þóttist hæstv. ráðh. ekki heldur geta það. Er því ekki annað sýnna en að S. Í. S. sje orðið einhverskonar yfirráðherra.

Væri fróðlegt að heyra, hvernig stj. fer að rökstyðja þá aðferð, er hún hefir beitt í þessu máli, og hvers vegna hún lagðist á móti því, að sláturfjelagið yrði meðeigandi í frystihúsinu. Mjer virðist ekki vera til nema ein skýring á því, og hún er sú, að stj. vilji sláturfjelagið feigt og hafi ætlað að þröngva mönnum inn í kaupfjelagið. Það þarf auðvitað ekki að ítreka það, að þetta er röng aðferð og gagnstæð lögum og rjettarmeðvitund manna, því að hingað til hafa menn mátt vera í þeim löglega fjelagsskap, sem þeir vilja, og versla þar, sem þeir sæta bestum kjörum, en ekki þurft að spyrja stj. leyfis um slíkt. Og um þetta áttu menn að vera frjálsir hjer sem annarsstaðar. Það er því stórum ámælisvert, að landsstj. skuli reyna að kúga menn til að hætta við áhugamál sín og gera tilraun til að hefta frelsi þeirra og atvinnulíf.

Mjer er ekki kunnugt um, hvernig stj. hefir ráðstafað fje því, sem ætlað er til frystihúsa. Þó er mjer kunnugt um, að hún hefir lánað kaupmönnum á Akranesi fje í þessu skyni, að vísu fyrir milligöngu Sláturfjelags Suðurlands. Hæstv. stj. hefir látið svo, sem

hún væri ekki sjerlega vinveitt kaupmönnum, en þó virðist henni hlyrra til þeirra en hinna skagfirsku bænda, sem standa að Sláturfjelagi Skagfirðinga. Allir sjá því, að hjer er um óhæfilega hlutdrægni að ræða. Ef stj. hefir veitt kaupfjelaginu lánið af umhyggju fyrir landbúnaðinum, hvað gat þá verið á móti samvinnu þessara tveggja fjelaga, sem lengi hafa unnið saman í ágætri samvinnu, svo að sláturfjelagið hefir jafnvel lánað kaupfjelaginu hús sín? Fjelögin höfðu ætlað sjer að eiga frystihúsið saman. Nú vil jeg spyrja: Hvers vegna mátti þetta ekki vera svo? Hví skiftir stj. sjer af fjelagsskap, sem henni kemur ekki við? Hvers vegna reynir stj. að sá frækornum haturs og tvídrægni meðal bænda landsins og auka kostnað við framkvæmdir þeirra? Jú, skýringin er sú, að stj., og þá einkum hæstv. dómsmrh., hefir þótst þurfa að hefna sín á bændum í Skagafirði, af því að þeir hafa ekki reynst honum nógu þægir. (**Dómsmrh.**: Jeg læt það alveg vera). Jeg get ekki ímyndað mjer, að ástæðan sje önnur. En jeg get sagt honum það, að jeg þekki þessa bændur, og við þá dugir ekki þvílík aðferð Þeir láta ekki kúga sig. Jeg þekki þá svo vel, að jeg veit, að þeir láta ekki kúgast, og mjer er meðal annars vegna trygðar þeirrar, sem þeir hafa sýnt mjer, mjög ljúft að tala þeirra máli í þessu efni. Og jeg get glatt hæstv. dómsmrh. með því að segja honum það, að hið nýja frystihús sláturfjelagsins mun blasa við honum næst þegar hann kemur til Sauðárkróks.

Við tækifæri eins og þetta er ekki unt að ganga framhjá meðferð hæstv. dómsmrh. á dómsmálunum, því að í hans stjórnartíð hefir það skeð, sem ekki hefir komið fyrir hjer á landi og hvergi má eiga sjer stað, að dómsmál sjeu tekin í pólitíska þjónustu og notuð til að sverta andstæðinga. Það er bein óhæfa, að sakamál skuli vera tekin og notuð sem vopn í dægurdeilum, og það er fyrirlitlegt að reyna jafnvel að nota gömul og afgerð sakamál til þess að reyna að ófrægja andstæðinga.

Þessa aðferð hóf hæstv. ráðh. þegar eftir að hann tók við embætti sínu, því er hann nú gegnir, og byrjað var á Hnífsdalsmálinu. Það var reynt að sverta allan Íhaldsflokkinn með því máli, og svo langt var gengið, að hv. þm. N.-Ísf. var útilokaður frá þinginu um lengri tíma vegna þess mál, jafnvel þótt svæsnustu andstæðingar þyrðu ekki einu sinni að gefa það í skyn, að hann væri hið allra minsta við þetta mál riðinn. Hnefarjetturinn var gerður að hæstarjetti í sjálfu löggjafarþinginu, þótt ekki stæði það þá nema nokkra daga. Og það verður að segjast Framsóknarflokknum til lofs, að þegar hann sá, hvert stefndi, neitaði mikill hluti hans að fylgja þessum ráðh. út í ófæruna, og ef til vill var það mikið að þakka hinum látna fjármálaráðherra flokksins (MKr). Mun þess sjálfsagt lengi minst, er hann reis upp úr sæti sínu í þessum sal, snerist öndverður gegn embættisbróður sínum og lýsti því yfir, að hann mundi greiða atkv. á móti honum.

Hæstv. ráðh. hefir álasað mikið fyrv. stj. fyrir það, að hún hafði ekki leitt til lykta Hnífsdalsmálið á þeim 2—3 mánuðum, sem liðu frá því málið kom upp og til þess stjórnarskiftin urðu. En síðan hann tók við völdum

eru liðnir 19 mánuðir og dómur í málinu í undirrjetti er nýfallinn og áreiðanlega mjög langt þangað til málið er útkljáð fyrir hæstarjetti. Hjer er því bert, að ráðh. gerir hærri kröfur til annara en sjálfs sín. Ætti þetta að vera honum áminning um að gera fyrst og fremst kröfur til sjálfs sín, því að með því einu móti er honum heimilt að gera kröfur til annara.

Ástæða er til að minnast hjer á afsetningarmál sýslumanns Barðstrendinga. Á síðasta þingi raupaði hæstv. ráðh. mikið af dugnaði sínum í því máli. En hvernig er nú því máli komið? Því er þannig komið, að stj. hefir að allmiklu leyti tapað því máli, er hún höfðaði gegn honum. Og hún viðurkennir dóminn rjettan með því að áfrýja honum ekki, en í þess stað fer hún í sakamál við hinn afsetta mann, og enginn veit, hvenær það endar. Jeg get þess aðeins, af því að það mundi ekki þykja líklegt eftir aðferð ráðh. í öðru máli, *að stj. hefir ekki krafið hinn afsetta sýslumann um vexti af búafje, sem stóð inni hjá honum.*

Eftir öllu þessu sje jeg ekki, að hæstv. ráðh. hafi ástæðu til að gorta af aðgerðum sínum í þessu máli. Ef sjóðþurð hefir verið hjá þessum embættismanni, sem jeg efast ekki um eftir því, sem frá er skýrt, þá gerði ráðh. ekkert nema skyldu sína, er hann veik honum frá embætti, en ráðh. hefir farist þetta svo klaufalega, að aldrei hefir nokkrum starfsmanni verið vikið frá með slíkum harmkvælum og vetlingatökum vanþekkingar og klaufaskapar.

*Sjóðþurðarmálið í Brunabótafjelagi Íslands* verð jeg líka að nefna hjer, því að þessi sami ráðh. hefir í blaði sínu margoft gert það að umtalsefni. Þessi sjóðþurð var 60—70 þús. kr. Jeg hafði fyrirskipað rannsókn út af þessu áður en jeg fór úr stjórnarráðinu, og ennþá er þetta mál þó ekki á enda kljáð. Í byrjun var þó ekki meiri alvara í stj. um þetta mál en svo, *að hæstv. forsrh. samdi við umboðsmann hins seka um eftirgjöf sakarinnar gegn greiðslu, og er upplýst með vitnaleiðslu, sem nýlega hefir farið fram, að samningar voru komnir á milli hæstv. forsrh. og hins seka,* en þeim samningi var riftað af hæstv. dómsmrh.

En það er hjer sem oftar, að ráðh. vill nota sakamál til þess að ná sjer niðri á andstæðingum sínum. Í þessu tilfelli var það forstjóri Brunabótafjelags Íslands, sem hann vildi ná sjer niðri á, en það er næsta erfitt, því að *hann einmitt var það, sem kom þessari sjóðþurð upp,* og sýnist það frekar þakkarvert. *Og úr því að hæstv. stj. taldi hjer ekki um meira að ræða en það, að hún gæti um það samið, mundi heppilegast fyrir hana sjálfa að halda þessu máli sem minst á lofti.*

Það hlýtur nú að koma til álita fyrir hæstarjetti, hvort ekki hafi verið búið að gefa þessum manni upp sakir, og hvort hægt sje að heimta dóm yfir honum. Annars er hæpinn ávinningur að fá dóm yfir þessum manni, þar sem hann mun nú vera orðinn geðbilaður, og hefir reyndar verið það í mörg ár, þótt hann hafi ekki orðið óður fyr en nú nýlega. Mjer finst því álitamál, úr því að greiðsla var boðin að miklu leyti, hvort ekki hefði verið rjettara að taka henni heldur en að fá dóm yfir geðveikum aumingja.

Klukkan er nú nærri 6 fyrir hádegi og jeg fer fram á, að hæstv. forseti geri fundarhlje til kl. 6, svo að jeg og aðrir góðir menn getum fengið okkur morgunkaffi. [10 mín. fundarhlje].

Jeg mun hafa verið að tala um sjóðþurðarmálið í Brunabótafjelagi Íslands. Gjaldkerinn, sem sakfeldur var, er orðinn geðveikur, og er vafasamt, hvort hann verður ekki sýknaður, af því að svo verði litið á, að stj. hafi verið búin að gefa honum upp sakir. Jeg er þessu ekki persónulega kunnugur, en hefi heyrt um það talað á meðal lögfræðinga. Það virðist vera lítil svölun í því að vega að manni, sem kominn er á glæpamannabrautina vegna geðveiki. En jeg þykist vita, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki beinlínis ætlað að ná til hans. heldur notar hann þetta sakamál til þess að vega að stjórnmálaandstæðingum sínum. Jeg segi ekki, að hann hafi ætlað að særa með því veikan mann. En í þessu tilfelli var það pólitískur andstæðingur, þáverandi forstjóri Brunabótafjelagsins, sem hann vildi ná sjer niðri á. Og það verður næsta erfitt fyrir hæstv. dómsmrh. að verja framkomu stj. í þessu máli, því það var einmitt forstjórinn, sem kom þessari sjóðþurð upp, og sýnist það frekar þakkarvert. Þetta mál upplýsist bráðlega; jeg veit ekki, hvort það verður birt í „bláu bókinni", en ef það verður ekki, þá mun ef til vill hægt að koma skjölum þess á annan hátt til almennings, þó það verði kannske ekki í 6000 eintökum. — En út af eða í sambandi við þetta sjóðþurðarmál er ómögulegt annað en að nefna annað sjóðþurðarmál miklu stórkostlegra, hjá útibúi landsverslunarinnar á Seyðisfirði, sem jeg veit ekki betur en að um hafi verið samið, að minsta kosti að nokkru leyti. Hæstv. dómsmrh. hefir að sönnu sagt mjer fyrir nokkrum dögum, að þetta mál ætti að rannsakast, en hvað á að rannsaka, veit jeg ekki. Það liggur fyrir viðurkendur reikningur og landsreikningarnir sýna, hve há skuldin er. Hvað á að rannsaka? Útibússtjórinn er búinn að gefa veð fyrir skuldinni, og er álitið, að hann hafi þar með fengið fyrirgefningu.

Hjer er ekki um neina smáupphæð að ræða; sjóðþurðirnar í Brunabótafjelaginu og Barðastrandarsýslu eru báðar til samans víst ekki meiri en Seyðisfjarðarsjóðþurðin ein. Það mun því verða erfitt fyrir hæstv. ráðh. að flagga með rjettlætistilfinningu sinni í þessum málum, þegar henn hefir um langt skeið látið óátalið eitt stærsta sjóðþurðarmálið, sem jeg þekki hjer á landi, og ekkert gert til að rannsaka það.

Hætt er við, að hæstv. ráðh. verði fyrir óþægilegum spurningum, þegar hann ámælir stærsta stjórnmálaflokki landsins fyrir þær ávirðingar, sem hjer er um rætt. Það er hætt við, að hann verði spurður, í hvaða flokki útibússtjórinn á Seyðisfirði hafi verið. Og svarið verður, að hann sje í Framsóknarflokknum. Það þarf ekki nema lítið brot af illvilja hæstv. ráðh. til að halda því fram, að þessi maður hafi sloppið af því hann er samherji ráðh. Þetta er ekki nema brot af því, sem hæstv. ráðh. segir um okkur íhaldsmenn.

Jeg held, að þetta sje eitt stærsta sjóðþurðarmál hjer á landi. Hvað

halda menn nú, að hæstv. ráðh. mundi hafa sagt eða gert, ef íhaldsflokksritstjóri eða önnur persóna úr þeim flokki hefði átt hlut að máli? Mjer er sem jeg sjái stóru yfirskriftirnar og skammaryrðin í blaði hans.

Jeg sje heldur ekki ástæðu til annars en minnast hjer á mál, sem hæstv. dómsmrh. hefir látið höfða gegn mjer, hið svonefnda Shell-mál, en af því að jeg á þar sjálfur hlut að máli, mun jeg ekki fara langt inn á það. Þess er þó rjett að geta, að ráðh. þótti svo mikils um vert, að almenningur fengi að vita um þessa málsókn, að hann ljet blað sitt skýra frá því, að hann hefði höfðað opinbert sakamál gegn mjer, og ljet með því í veðri vaka, að það varðaði ærumissi, ef dómur fjelli ráðh. í vil.

Sem átylla til þessarar rannsóknar var það notað, að yfirlýsing, sem jeg hafði undirritað um innborgun hlutafjár í Shell-fjelagið, mundi ekki vera rjett. Hefði yfirlýsingin verið röng, gat það varðað sektum og lögreglumálsmeðferð, en til þess að gera þetta alt sögulegra, var það látið heita sakamál.

Jeg hefi fyrir satt, að hæstv. ráðh. hafi látið höfða þetta mál gegn mjer af því, að jeg er honum ekki fylgispakur nje þægur við hann í landsmálum, og að hann hafi viljað hefna sín á mjer sem stjórnarandstæðingi. Jeg hefi gaman af því, þegar jeg fæ að sjá „bláu bókina", að athuga, hvað í henni stendur. Mig grunar, að þar verði ekki alt birt, sem komið hefir fram við rannsókn þessa máls. — En það varð lítið úr hinu háttreidda höggi. Hæstirjettur sýknaði og ríkissjóður borgar flanið. Fjórum lögfræðingum var falið að rannsaka þetta mál, hverjum eftir annan, og er auðsjeð af þessu, að hæstv. ráðh. sparaði hvorki fje nje mannvit. Svo þegar dómur var fallinn í undirrjetti, var sóttur sýslumaður vestan úr Barðastrandarsýslu á varðskipi ríkisins, og var hann síðasti rannsóknardómarinn í málinu, en þá var jeg búinn að gera svo hreint fyrir mínum dyrum í málinu — orðinn svo engilhvítur í augum rannsóknardómarans —, að fyrir hann var jeg alls ekki kallaður, og mundi því þó tæplega hafa verið slept, ef einhver átylla hefði verið til þess.

Það muna víst allir eftir ærslunum í hæstv. dómsmrh. á eldhúsdaginn hjer í d. í fyrra. Það var svo sem við að búast, að allur sá vindur þyrfti að fá útrás, og það hefir nú orðið með þessari málsókn, en hvort hæstv. ráðh. sjálfum þykir betur farið en heima setið, að því skal jeg engum getum leiða. En það vil jeg segja hæstv. dómsmrh., að það er alls ekki víst, að jeg sje þagnaður um þetta mál. Jeg hefi þar ýmislegt í pokahorninu til þess að sýna hlutdrægni hans, ekki síst í framkomu hans gagnvart öðru steinolíufjelagi, British Petroleum, sem hjer verslar einnig. Í þetta skifti fer jeg þó ekki út í annað en það, að hæstv. ráðh. gerði mikið veður út af því, hversu mikil hætta stafaði af Shell-fjelaginu með ½ milj. kr. höfuðstól, en hann hefir ekki minst á það, að nokkur hætta stafaði af British Petroleum, þótt auglýst sje í Lögbirtingablaðinu, að höfuðstóll þess sje 3 milj. sterlingspunda, eða sem næst 66½ milj. kr. Öllu berari hlutdrægni en þetta held jeg að varla sje hægt að sýna, og það virðist fífldirfska að krefjast úrlausnar dómstól-

anna um mál, sem þannig er í pottinn búið. Jeg veit ekki, hvort jeg á að trúa hv. 2. þm. Reykv. (HV) um það, að hæstv. dómsmrh. hafi gert sjer vonir um að vinna þetta mál. Jeg hjelt, að hann væri ekki svo mikið barn í lögum.

Hæstv. dómsmrh. vildi ekki ræða bæjarfógetamálið svokallaða, svo að jeg ætla ekki að gera það heldur, enda á jeg nú að verja það fyrir hæstarjetti eftir nokkra daga. Tækifærin verða líka nóg síðar til þess að koma inn á það. Jeg vil þó geta þess, að jeg geng þess ekki dulinn, að þar er um pólitískt hatursmál að ræða, svo andstyggilegt, að jeg hefi engin orð til að lýsa því.

Ýmislegt fleira í dómsmálaferli ráðh. væri mikil ástæða til að nefna, en jeg verð að láta hjer staðar numið. Það hefir fyllilega komið fram, sem margir óttuðust, er þessum manni var falið dómsmálaráðherrastarfið, að hann væri ekki fær um að rækja það viðunanlega. Ekki óttuðust menn þetta einungis af því, að vitanlegt var, að hann var ákaflega ófróður um þessi mál, heldur einnig af því og meira að segja **sjerstaklega af því**, að oft hafði komið í ljós einræðishneigð hans og pólitísk hlutdrægni. Það verður að segja eins og er um það, að ókostir þessir hafa í ríkum mæli gert vart við sig hjá hæstv. ráðh., og nú er svo komið, að það er álit margra, að sakamálarannsóknum sje beitt í pólitíska þágu. Sum þeirra misgripa, sem hafa átt sjer stað, stafa ef til vill af vanþekkingu, en hið mesta stafar ekki af því. Það er jeg fyrir mitt leyti sannfærður um.

**Það er skylda hvers dómsmálaráðherra sem er, einhver skýlausasta skylda sem til er, að beita ekki sakamálsrannsókn nema full ástæða sje til.** Æra manna er þeim yfirleitt helgur dómur, er enginn hefir heimild til að rýra eða ræna án þess að full ástæða sje til. Fyr á tímum beittu harðstjórar lífláti eða útlegð gagnvart andstæðingum sínum, oft og tíðum gersamlega að ósekju. Nú er þetta víðast lagt niður, því menning nútímans bannar það. En er betra að reyna að ræna menn æru sinni? Jeg efast um það, og að minsta kosti er **sá þjófur allra þjófa verstur, sem stelur æru manna, en allra verst er þó, ef það er gert í nafni rjettvísinnar,** því að þá eru notaðir falskir lyklar til þess að ná því, sem dýrmætast er í eigu hvers óspilts manns.

Jeg hafði ætlað mjer að minnast á hið svonefnda **Árbæjarmál,** en af því að jeg mundi verða of langorður, ef jeg ræddi það nákvæmlega, þá mun jeg að mestu sleppa því. Jeg vil hjer aðeins minna á það, að hæstv. ráðh. ætlaði með skrifum sínum um það að sýna fram á, að jeg hefði sýnt hlutdrægni í því máli í vil hv. 3. þm. Reykv., jafnvel þótt skjöl málsins, sem ráðh. hafði í höndum, bæru þess ljósan vott, að jeg hefði ekki komið neitt nærri málinu. Svona aðferð er gersamlega ósamboðin hverjum góðum dreng.

Jeg sje, að hæstv. fjmrh. er ekki við, en mig hefði langað til að spyrja hann, hvernig gengur með þær lántökur, sem stj. hefir haft á prjónunum nú um alllangt skeið. Mjer skilst, að vegna byggingar- og landnámssjóðsins sje illfært að draga lántöku lengi, ef ekki á að draga á tálar

með fögrum loforðum fjölda manna um land alt. Lögin um sjóð þennan öðluðust gildi 1. jan., eða fyrir þrem mánuðum síðan, og ennþá veit enginn, hvenær hann muni taka til starfa. (**Forsrh.**: Sjóðurinn hefir fengið alla þá peninga, sem til var ætlast). Það er undarlegt. Forstjóri ræktunarsjóðsins hefir sagt mjer, að það dyngdust að lánbeiðnir úr öllum áttum, en að ekkert væri afgr., svo að jeg hjelt, að það stæði á peningunum. (**Forsrh.**: Hann er búinn að fá 50 þús.). Mjer dettur ekki í hug að rengja hæstv. forsrh., en hvað segja 50 þús. kr. til fullnægingar 100 lánbeiðnum? Þær eru eins og krækiber í ámu. Jeg minnist þess, hvílíkum gauragang hæstv. forsrh. kom af stað á sínum tíma út af því, að búnaðarlánadeildin tók ekki til starfa á tilteknum tíma, svo að jeg er hálfhissa á því, að hann skuli ekki segja forstjóranum að láta sjóðinn taka til starfa, úr því að ekki stendur á peningunum. (**Forsrh.**: Jeg er búinn að því. En jeg hygg, að það standi á teikningum frá húsameistara). Jeg fæ með engu móti skilið, að það sje svo mikið verk að gera þessar teikningar, að á því þurfi að standa mánuðum saman. Annars hafði jeg hugsað mjer að gefa hæstv. forsrh. dálítinn pistil út af þessu, en þar sem nógu er úr að moða öðru, læt jeg það bíða að sinni og saka stjórnina ekki um trassaskap fyrst um sinn.

Þá kem jeg loks að því öllu, sem jeg hefi skrifað upp eftir hæstv. dómsmrh. í dag og í gær. Er það þá fyrst Tervani-málið. Það var auðheyrt, þegar hæstv. ráðh. var að verja það, að það var mál, sem kom við hjartað í honum. Jeg var satt að segja undrandi yfir því, hve mikið hæstv. dómsmrh. lagði upp úr varnarskjölum Lárusar Jóhannessonar. Hingað til hefir Lárus Jóhannesson ekki vegið svo mikið í augum hæstv. ráðh. Mjer virtist jafnvel sem hæstv. ráðh. legði meira upp úr því, sem Lárus Jóhannesson segir í þessu máli, en sjálfum hæstarjetti. Hæstv. dómsmrh. eyddi löngum tíma í að sanna, að Júpiter væri sýkn. En ef svo er, er þá ekki sjálfsögð rjettlætiskrafa að borga sektarfjeð aftur, ekki síst þar sem annar sökudólgurinn slapp? Ef hæstv. dómsmrh. telur, að svo sje ekki, er rjettlætistilfinning hans ekki í lagi. Það hljóta allir að viðurkenna, að þegar tvö skip eru á veiðum á sama tíma hvort við hliðina á öðru, er rangt að refsa öðru skipinu, en láta hitt sleppa. Mjer skildist á hæstv. dómsmrh., að báðir þessir togarar væru sýknir, og er þá skilyrðislaus skylda hans að endurgreiða Júpiter þetta rangfengna fje.

Jeg vil leiðrjetta einn misskilning, sem komið hefir fram í umr. um þetta mál. Því hefir sem sje verið haldið fram, að vjelbáturinn „Trausti" hafi verið varðbátur ríkisstj., en það er með öllu rangt. Suðurnesjamenn fengu styrk úr ríkissjóði til að halda þessum báti úti, og þeir rjeðu sjálfir menn á hann, sem ekki höfðu neitt lögregluvald, en var ætlað að athuga, hvort togarar væru innan við landhelgislínuna á veiðum. Það er því langt frá því, að þessum mönnum hafi borið nokkur skylda til að hafa bækur eða ritföng um borð. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að það hafi ekkert sönnunargagn verið, þó að þessir menn, er á varðbátnum voru, hafi rispað eitthvað niður með nagla. Auðvitað var **það**

ekkert sönnunargagn, en **vitnisburður** þeirra var það. Jeg man ekki betur en að vitnisburður sjómannanna í Vík gegn togaranum „Maí", sem var á veiðum undan Dyrhólaey, hafi verið tekinn sem fult sönnunargagn. (**JJós**: Það eru margir útlendir togarar, sem hafa verið dæmdir á þessum grundvelli). Já, alveg rjett, enda eru mið sjómanna yfirleitt eins glögg og verið getur. (**SÁÓ**: Hvernig var það með Maí?). Það er gaman, ef þessi gamli skipstjóri, hv. 4. þm. Reykv., ætlar að fara að halda því fram, að ekki sje takandi mark á framburði sjómanna. Mið sjómanna eru mjög nákvæm. Og er það ekki full sönnun, ef þeir staðfesta mið sín með vitnaeiði? Það er gott slagorð þetta með naglann, en hann kemur þessu máli bara ekkert við. Það eina, sem hjer þurfti að ákveða, voru miðin, sem skipin voru á, og það gerði skipshöfnin á „Trausta" og staðfesti síðan með framburði sínum.

Hæstv. dómsmrh. leggur meira upp úr Lárusi Jóhannessyni í þessu máli en hæstarjetti og er búinn að prenta undirrjettarvörn hans í „bláu bókinni", en ef hæstv. ráðh. vill ekki gefa villandi skýrslu um Tervani-málið, á hann líka að birta það, sem upplýstist í hæstarjetti í þessu máli. Það er annars skrítið, að það skuli enginn mega sjá þessa „bláu bók", nema hann sjálfur, úr því að búið er að prenta hana. Hæstv. dómsmrh. vill hafa einkarjettindi til að nota hana í þessum umr., og minnir það á, þegar hv. þm. Ísaf. (HG) fjekk einn að nota skýrsluna um Shell-málið í fyrra. En það er svo með hæstv. dómsrh., að hann vill fá að sá ýmsu út sjálfur, áður en aðrir fá tækifæri til að leiðrjetta, svo að hann geti gefið hlutdrægni sinni lausan tauminn.

Þá fór hæstv. dómsmrh. að tala um það, að útlendi togarinn „Regulus" hefði verið sýknaður. En hvað kemur það þessu máli við? Er það svo sjálfsagt, að hjer hafi verið um samskonar hluti að ræða? Nei, því fer fjarri, enda er hægt að nefna óteljandi dæmi þess, að útlendur togari hafi verið sýknaður.

Hæstv. dómsmrh. færði það til, að útlendingar væru mjög óánægðir í þessum efnum, eins og mörg skjöl í stjórnarráðinu bæru vitni um. Mig undrar þetta ekki. Þeir eiga að vera óánægðir, og ef þeir eru það ekki, stafar það af því, að þeim er sýnd óhæfileg linkind. Þessir menn telja sjer skylt að segja, þegar þeir eru komnir heim, að þeir hafi verið utan við landhelgislínuna, en samt verið teknir og sektaðir. Og heldur hæstv. dómsmrh. virkilega, að það sje meðalið, að gefa þessum mönnum upp sakir? Nei, það á að refsa þeim og sýna þeim fram á, að þeir sjeu ekki of góðir til að hlíta okkar íslensku lögum, frekar en við sjálfir. Það er ekki nema vitleysa að vera að halda því fram, að nokkur þjóð leyfi sjer að hafa á móti þeim dómum, sem hjer eru feldir.

Kenning hæstv. dómsmrh. virðist vera þessi: Beygðu þig fyrir útlendingum og láttu togara þeirra sleppa. Hitt gerir ekkert til, þó að innlendir togarar sjeu sektaðir fyrir sama brot sem útlendum togurum er fyrirgefið.

Jeg fæ nú ekki skilið, að útlendingar eigi kröfu til annarar meðferðar í þessum málum en innlendir menn, og skora á hæstv. ráðh. að rökstyðja það, að rjett sje að gera þennan mun. Það

eru engin rök, þó að einhver þjóð verði reið, enda mun varla til að dreifa dæmum um slíkt. Og jeg man ekki betur en að utanríkisráðh. breski hafi lýst yfir því í parlamentinu, að gefnu tilefni út af þessum málum, að breska heimsveldið færi ekki að taka upp þykkjuna fyrir lögbrjóta. Englendingar segja sem svo: Passið ykkur, þið ensku menn, sem eruð á veiðum uppi við Ísland, að brjóta ekki íslensk lög. Þið megið vita, að þið fáið ekki hjálp hjá okkur til þess að komast hjá refsingu.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að sannanirnar, sem Júpiter hafi verið dæmdur eftir, hafi verið til skammar. Jeg hjelt nú satt að segja, að sannanir væru aldrei til skammar. Sannanir eru sannleikur. (**Dómsmrh.**: Jeg sagði, að það, sem kallað hafi verið sannanir í því máli, hafi verið til skammar). Hvað var það, sem kallað var sannanir? Það var vitnisburður sjómannanna, og jeg hefi aldrei heyrt annað en að vitnasannanir væru þær bestu sannanir, sem hægt væri að fá, enda eru þær notaðar af öllum þjóðum.

Hæstv. dómsmrh. gat ekki setið á sjer að grobba af þakkarbrjefinu, sem hann hefði fengið frá Englendingum. Jeg hefði heldur viljað vera laus við það. Hvað var að þakka, ef hjer hafði verið sýnt rjettlæti? Á að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það, þó að hann geri ekki það, sem rangt er? Brjef þetta er talandi vottur um, að þessir útlendingar telja sig í þakkarskuld við ráðh. Og það er rjett hjá þeim. En gaf ráðh. af eigin fje sínu? Ónei, hann gaf af fje ríkissjóðs að ófrjálsu. Ef rjettlæti rjeði hjer, ætti hann að endurborga þetta fje.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að Tervanimálið hefði verið íhaldsstjórninni að kenna. Þetta má máske til sanns vegar færa, því ef Júpiter hefði ekki verið dæmdur, þá hefði aldrei komið neitt til með Tervani. En jeg gat ekki varast það, að áfrýjun þess máls yrði til þess, að hæstv. dómsmrh. mundi lenda í þessum leirforarpytti út af Tervani-málinu. Mjer datt hreint ekki í hug, að þetta gæti haft jafnslæmar afleiðingar fyrir hæstv. ráðh. og raun er á orðin. En það vil jeg segja, að jeg hefði gert hið sama og jeg gerði í Júpiters-málinu, þótt jeg hefði fyrirfram vitað um angist og pínu hæstv. ráðh., því að jeg met meira að gera rjett en varðveita sálarró hans.

Þá var hæstv. dómsmrh. að breiða sig yfir það, að einn af togurum Kveldúlfsfjel. hefði verið sektaður. En nú vil jeg spyrja hæstv. ráðh. einnar samviskuspurningar: Finst honum það ekki bera vott um óhlutdrægni fyrv. stj. að áfrýja því máli? Og heldur hæstv. ráðh., að hann hefði sjálfur gert það? — Jeg held, að hann hefði ekki gert það. Jeg held, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki svo sterka rjettlætistilfinningu, að hann hefði talið fært að gera á hluta flokksmanns síns. (**Dómsmrh.**: Var gert á hluta Kveldúlfs með því að áfrýja dómnum?). Þetta var máske ekki sem heppilegast orðað, en þó rjett, því að afleiðingin varð áfellisdómur og sektin þótti sönnuð og rjetturinn gekk fram. Þá er það algert öfugmæli hjá hæstv. dómsmrh., að lögin gangi jafnt yfir alla. Þau gerðu það áður en þessi

stj. tók við völdum. En gera þau það nú? Fram á það hefi jeg nú sýnt.

Þá talaði hæstv. ráðh. um borgun til setudómara í Hnífsdalsmálinu og kom enn með það, að Steindóri Gunnlaugssyni hefðu verið greiddar 100 kr. á dag. Þetta er rjett, og mjer þótti þetta langt of mikið. Og jeg ávísaði því nauðugur. En hann setti þetta upp, og það hafði ekkert verið samið við hann fyrirfram. Jeg var ekki heima, er hann fór þessa ferð, og annar maður hafði ráðið hann til þess. En þess ber þó að gæta, að í þessari upphæð er innifalinn allur kostnaður, sem af ferðinni leiddi. En jeg vil spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort í þessu 30 kr. dagkaupi Halldórs Júlíussonar er innifalinn allur kostnaður. (**Dómsmrh.**: Jeg mun svara því á eftir!). Vill hæstv. dómsmrh. segja það strax — já eða nei! (**Dómsmrh.**: Jeg tala á eftir! — **Forseti (JörB)**: Ekki samtal!). Hæstv. ráðh. vill þá ekki svara því nú. En jeg áskil mjer þá rjett til að koma nánar að því síðar, þegar jeg hefi fengið vitneskju um það. Og þegar reikningarnir koma, ætti þetta að sjást. Það getur þá að minsta kosti komið til athugunar á næsta eldhúsdegi. Og verði jeg dauður þá, munu aðrir taka það upp. Jeg hefi skrifað hjer hjá mjer orðið „Skjaldbaka". En hæstv. forseti (JörB) er svo mikið við það mál riðinn, að jeg er í vanda staddur, því jeg hefði þurft að leiða hæstv. forseta fram sem vitni í því máli. Jeg sje nú, að hæstv. forseti víkur úr forsetastóli. Get jeg því vitnað undir hann, hvort „Skjaldbakan" var ekki góður hestur. Jeg býst nú raunar við, að vitnisburðurinn verði ekki tekinn gildur, nema hann sje krotaður niður með penna eða blýant — eða að minsta kosti nagla! Jeg hefi reynt núverandi hesta ríkissjóðs, og jeg verð að segja það, að argari tindabykkjum hefi jeg ekki komið á bak. Og jeg vildi engan þeirra eiga, þó að mjer væru gefnir þeir. Því miður er Spegillinn ekki hjer, en í honum mátti sjá einn þeirra. Var hann að sligast undir hv 4. landsk. En sá hv. þm. er nú máske fullþung byrði. Þeir hestar, sem ríkissjóður átti þegar stjórnarskiftin urðu, voru allgóðir og þægilegir hestar, en þeim var öllum fargað og þeir hestar fengnir í staðinn, sem jeg nú hefi lýst.

Þá var það veislukostnaður skipstjórans af Óðni meðan hann var í Kaupmannahöfn að líta eftir byggingu Óðins. Voru það 500—600 kr., sem fóru þar í veislukostnað. En jeg held, að hæstv. dómsmrh. hefði verið best að bíða með að minnast á þetta og sjá fyrst, hvort ekki verður einhver veislukostnaður í sambandi við bygginga hins nýja skips. Við skulum sjá til. Máske við lifum það líka.

Þá var það viðvíkjandi því, hver á að sjá um byggingu hins nýja skips í Kaupmannahöfn. Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri forstjóri Nielsen, sem hefði það á höndum af hálfu stj. En nú vita allir það, að hann er hjer heima. Og þegar svo er, hvernig getur hann þá haft eftirlit með smíði skipsins úti í Kaupmannahöfn? Og hví er hæstv. dómsmrh. að skrökva því, sem allir vita að er ósatt? En hæstv. ráðh. vildi dylja það, að sami maðurinn sæi um byggingu nýja skipsins sem var eftirlitsmaður um byggingu Óðins. En hvers vegna að skjóta sjer undir Nielsen? Þarf nú eitthvað að straffa

hann? — Og svo lætur hæstv. dómsmrh. sæma þennan danska mann heiðursmerki fyrir eftirlit sitt með byggingunni á Óðni!

Hæstv. dómsmrh. fór þá að tala um stjórnarbílana og hversu ódýrt sje að hafa þá. Jeg hafði nú ekkert átalið þetta. En jeg veit þó það, að til þess að starfrækja bíl þarf fleira en að kaupa bílinn. Það þarf að launa bílstjóra, eiga til hús fyrir bílinn, láta hreinsa og gera við hann o. fl. Hygg jeg, að eigi veiti af að ráða til hans fastan mann, — ekki er ferðast svo lítið á honum. Getur það orðið talsvert dýrt.

Þá talaði hæstv. sami ráðh. um launagreiðslur og talaði í því sambandi um launaupphæð þá, er Mogensen fjekk, og þótti hún há. Það er satt, að hann fjekk há laun. En hvað ætli hann hafi nú? Ætli hann hafi ekki eins há laun nú? Eða öllu heldur, ætli þau sjeu ekki tvisvar til þrisvar sinnum hærri? Munurinn er aðeins sá, að áður voru þau greidd úr ríkissjóði, en nú eru þau greidd af borgurum þessa bæjar. En hæstv. ráðh. álítur, að það skifti ekki máli, þegar talað er um laun Eggerts Claessens bankastjóra, hvort laun hans eru greidd úr ríkissjóði eða öðrum sjóðum. Og þá ætti að gilda sama um Mogensen.

Þá sagði sami hæstv. ráðh., að landsstj. hefði áður látið kunningja sína hafa endurskoðun vínverslunarinnar. Þetta er rangt. En hvernig er það nú? Eru það ekki kunningjar hans, sem nú hafa það starf? Jú, jeg held það. Ef hæstv. ráðh. neitar því, þá neitar hann því um leið, að hann og Jón Guðmundsson sjeu kunningjar. En það er nú hægt að sanna, að svo er.

Hæstv. ráðh. sagði, að bókhald vínverslunarinnar hefði verið í góðu lagi. Og jeg veit, að það er satt. Það var í afbragðs lagi. En hvernig launaði svo ráðh. bókhaldaranum? Með því að reka hann frá. En hann var ekki framsóknarmaður eða sócialisti. Því var hann rekinn. Jeg veit að vísu, að sá maður hafði orðið fyrir fjárhagslegum óhöppum og var þar af leiðandi eitthvað skuldugur. En var nokkurt vit í því að reka hann í burtu þess vegna? Var ekki einmitt meiri von um, að hann gæti greitt skuldir sínar, ef hann fengi að halda starfinu áfram? Jeg veit ekkert misjafnt hægt að segja um þann mann. Og flinkari mann er naumast hægt að fá, og reglumaður er hann.

Þá talaði hæstv. ráðh. um ágengni þá, sem heildsalar hefðu sýnt Mogensen. En ætli það verði þá ekki eitthvað svipað við hinn nýja forstjóra? Og það er spurning, meðan engin reynsla er fengin um það, hvort hann verður nokkuð harðari að hafa þá af sjer. Hinn nýi forstjóri sagði, að svo mikið hefði verið flutt inn af koníaki síðustu mánuðina áður en forstjóraskiftin urðu, að endast mundi til langs tíma. En þetta sýnir, að núv. stj. hefir haft slælegt eftirlit með þessu.

Þá talaði hann um töp á skuldum áfengisverslunarinnar, en þær voru 136 þús. kr. En jeg held nú, að jeg þyrði hiklaust að bjóða í þær 100 þús. kr., í von þó um sæmilegan ágóða. (**Dómsmrh.**: Það er búið að afskrifa mikið af þeim!). Þær voru þetta við síðustu áramót. En hvenær hafa þess-

ar skuldir, sem búið er að afskrifa, fyrnst? Hvenær fyrntist skuldin hjá Magnúsi Pjeturssyni lækni? Ekki þó hjá hæstv. núv. stj., vænti jeg? Það er engin ástæða til að leyna því, hjá hverjum skuldin var. Og jeg hygg, að hún hafi fyrnst í tíð hæstv. ráðh. sjálfs. (**Dómsmrh.**: Hvenær var skuldin stofnuð?). Já, hvenær var hún stofnuð! Skuldir fyrnast nú ekki á einum degi; þær fyrnast á 4 árum. Og sá dagur, sem skuldin fyrntist á, hygg jeg að hafi verið í stjórnartíð hæstv. ráðh. En þetta má rannsaka. Jeg vil ekki alveg fullyrða, að svo hafi verið. Ætli það væri ekki líka vissara að fara að líta eftir 4 þús. kr. skuld hjá öðrum lækni, flokksbróður hæstv. dómsmrh? Ætli sú skuld liggi ekki líka undir skemdum, rjett eins og hin?

Hæstv. dómsmrh. talaði um, hve ódýr endurskoðun vínverslunar væri orðin. En hjer er yfirlit yfir það, og þar stendur, að endurskoðun og eftirlit hafi kostað á tímabilinu 1. júlí til 31. des. 1928 kr. 6148.96. Á heilu ári hefði þetta þá átt að vera helmingi hærri upphæð, eða um 12300 kr. — Þetta kallar hæstv. ráðh. ódýrt; jeg kalla það dýrt. Ef skuldir áfengisverslunar eru ekki meiri en þetta, þá er ekki miklu tapað. Er þá vel hægt að bera þær saman við skuldir landsverslunarinnar. En jeg geri það ekki nú. Það má gera hvenær sem er, ef þetta verður notað sem vopn á fyrv. stj. eða á Íhaldsflokkinn.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, hvað drykkjuskapur færi nú minkandi í skipum, rjettum og alstaðar. En jeg hefi tvisvar síðan þessi hæstv. stj. tók við orðið samferða hæstv. dómsmrh. á sjó. Í annað skiftið til Akureyrar, en hitt skiftið upp í Borgarfjörð. Og í bæði skiftin voru fullir menn á skipunum. Jeg veit ekki, hvort hæstv. dómsmrh. hefir tekið eftir þeim, en jeg hygg þó, að hann hafi sjeð þá, ef hann hefir nokkuð viljað sjá. Um rjettir veit jeg ekki. Hefi ekki verið staddur í þeim. En á fundi, sem haldinn var á Eyrarbakka, var fullur maður með óspektir fyrir augunum á hæstv. dómsmrh. og lögreglustjóranum þar. En hvað var gert við hann? Honum var bara sagt að þegja og hafa hægt um sig. Og hann sat þar á eftir rólegur. En fullur var hann og refsað var honum ekki, og dreg jeg þar af þá ályktun, að hann hafi verið stjórnarsinni. — Nei, drykkjuskapurinn er ekki horfinn. Á gamlárskvöld var svo mikið fyllirí hjer á götum úti, að til þess var tekið og annað eins hafði naumast sjest hjer fyr. Þá fór hæstv. ráðh. að segja sögur eftir fullum sjómanni, að síðari stj. væri betri í sumu. (**Dómsmrh.**: Nema bara í sprúttmálunum!). En er hún þá ekki líka betri í þeim? Hefir hún ekki látið þá fá Brandar-blönduna, sem gerir þá blindfulla? (**Dómsmrh.**: Sá cocktail var líka til áður). Nei, alls ekki; það er bara Brandar-blandan, sem er svona góð.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um það, að einn hluthafi í Shell-fjelaginu hefði neitað að svara spurningum dómarans. Jeg tók þá fram í ræðu hæstv. ráðh. og sagði, að það hlyti að vera undarlegur dómari, sem ekki ljeti svara spurningum sínum. — En ætli spurningarnar hafi þá verið svo vaxnar, að nokkur skylda væri til að svara þeim? Það hlýtur svo að vera, að

dómarinn hefir sjeð, að vitnið var ekki skyldugt til að svara þessum spurningum; annars hefði hann þvingað það til að gera það. Og það er t. d. engin skylda að svara öllum spurningum um einkalíf manna. Þetta hlýtur dómarinn að hafa sjeð, þótt ráðh. viti það ekki.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að mjer hefði verið gefinn hlutur minn í Shell-fjelaginu og að jeg væri bara leppur fyrir fjelagið. Jeg vil nú skora á hæstv. dómsmrh. að endurtaka þessi orð sín utan þinghelginnar. Jeg skil varla í því, að hæstv. ráðh. sje sá heigull, að hann þori ekki að endurtaka þau utan þingsins. Jeg skora á hann að gera þetta, svo hann verði dæmdur fyrir þau. Hæstv. dómsmrh. er altaf með einhver leynirit eða flugrit á hverjum eldhúsdegi, sem hann les af kappi og ekki mega aðrir sjá en hann. Gaman að vita, hvað hann hefir næsta ár. Annars sagði hæstv. ráðh. svo margt um Shell-málið, að jeg nenni ekki að svara því öllu. Jeg hefi hæstarjettardóm fyrir lögmæti þess, sem enginn getur haggað. Það má ekki tala um Laugarvatnsskólann, vegna þess að það sje afgert mál með hann. Þetta getur verið rjett. En er það þá ekki líka um Shell-málið? Vill ekki hæstv. dómsmrh. nota regluna áfram? Eða á aðeins að nota hana þegar hún fellur í hans eigið kram? Jeg býst nú við, að þessi bók, sem hæstv. ráðh. er altaf að blaða í og sem hann ætlar að strá út um alt land, eigi að vera til þess að grafa undan áliti hæstarjettar. Það á því ekki að vera búið mál.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að ekki hefði verið skoðað hjá bæjarfógetanum hjer í 10 ár. — En í blaði stj. stóð þó nýverið, að það hefði verið gert 1926. Og það var rjett, þótt hætt væri við það að fullgera þá rannsókn, af ástæðum, sem mjer er ókunnugt um hverjar voru.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um skattsvikin og sagði, að heilar hrúgur af eignum hefðu ekki komið til skatts. Jeg skal ekki blanda mjer mikið í það mál. Jeg skaut þeirri spurningu fram, hvernig hæstv. ráðh. hefði fengið að vita þetta. En þá varð hann reiður. Hann fann, að hann hafði sagt frá því, sem einnver hefir trúað honum fyrir, satt eða logið. Annars er hjer ástæða til að benda á, að eyðublöðin, sem skattþegnar eiga að útfylla, eru svo ófullkomin, að ekki er hægt að útfylla þau nógu greinilega. Svo fær maður nýja framtalsskipun og svo þá þriðju, og verður því að telja fram þrisvar, í stað þess að það mætti gera í einu. Svona er það, þótt samviskusamlega sje talið fram í upphafi. Það ætti að vera sú minsta krafa, sem hægt er að gera til yfirvaldanna, að þau sjeu ekki að leika sjer að því að gera mönnum óþægindi að ástæðulausu. Það er lágmarkskrafa, sem verður að gera til stj., að eyðublöðin, sem skattþegnarnir eiga að fylla út, sjeu þannig, að þau beri með sjer, hvað um er spurt.

Þá var ráðh. enn að minna á grein þá, er Jón heit. Thoroddsen reit í Alþýðublaðið sumarið 1923, og sagði, að það stæði þar, að jeg veiddi svikarana og ræflana úr hópi bænda í sveitum, en að hann sjálfur tæki alla hina. Jeg man ekki, hvernig þetta var orðað í greininni, en held þó, að hjer sje hallað rjettu máli í frásögninni og

það eflaust gert vitandi vits. En það vil jeg segja hæstv. dómsmrh., að ættum við nú að skifta bændunum á milli okkar, þá er jeg þess fullviss, að jeg færi á engan hátt varhluta í þeim skiftum.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um slæman prest, að hans dómi, sem heima á norður í Þingeyjarsýslu. (**Dómsmrh.**: Jeg nefndi engan prest). Nei, að vísu ekki, hann var ekki nógu hreinskilinn til þess, heldur fór hann með dylgjur eins og hann er vanur, en allir skildu, að hæstv. ráðh. átti við síra Halldór Bjarnarson á Presthólum; hitt er bara óþarfa tepruskapur, að nefna ekki nafnið, úr því að búið er að draga prestinn inn í umr. Maður einhver norður þar hafði nefnt síra Halldór þjóf, manndrápara, skjalafalsara og fleiri illum nöfnum. En presti þótti, eins og von var, þetta nokkuð mikil gífuryrði og höfðaði meiðyrðamál á móti þessum manni. Og þá kemur það undarlega fyrir, að hæstv. dómsmrh. lætur þennan mann, sem kallað hafði prestinn öllum illum nöfnum, fá gjafvörn í málinu. Nú vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta sje satt, og óska að hann svari því nú þegar játandi eða neitandi. (**Dómsmrh.**: Jeg kem á eftir). Þá vildi jeg mælast til, að hann skrifaði þetta niður hjá sjer. Hæstv. ráðh. hefir svo mörgu að svara, að honum getur hæglega skotist yfir ýmislegt, ef hann hefir það ekki skrifað hjá sjer, ekki síst ef honum kæmi best að gleyma því.

Þá varð hæstv. dómsmrh. skrafdrjúgt um þessar 25 þús. kr., sem greiddar voru eitt sinn úr landhelgissjóði til Vestmannaeyja. Jeg veit ekki, til hvers hæstv. ráðh. er að reyna að gera sjer mat úr þessu. Það var upplýst í eldhúsdagsumr. í fyrra, að þessi upphæð hefði verið greidd fyrir raunverulegar skemdir á veiðarfærum Vestmannaeyinga á meðan „Þór", sem þá var eign eyjaskeggja, brá sjer austur með Söndum til þess að handsama landhelgisbrjóta. Sú för Þórs færði ríkissjóði 60 þús. kr. í tekjur, svo það gat ekki verið nema sanngjarnt, að Vestmannaeyingar fengju þessar 25 þús. kr. fyrir það tjón, er þeir biðu á veiðarfærum sínum vegna usla þess, er togarar gerðu á fiskimiðum þeirra á meðan „Þór" var hvergi nærri til þess að verja þau.

Í þessu sambandi var hæstv. ráðh. að tala um, að mikið fje hefði farið til ýmsra framkvæmda í Vestmannaeyjum. Það er satt, að allmikið fje hefir verið veitt úr ríkissjóði til hafnarbóta þar. En fyrir því hafa verið lög, og held jeg, að enginn hafi sjeð eftir því. En það er eins og hæstv. dómsmrh. viti ekki, að stj. er skyldug að borga þær upphæðir, sem Alþingi samþ., að því leyti sem fjárhagsafkoma ríkissjóðs leyfir.

Þá talaði hæstv. ráðh. mikið um, að reikningur landhelgissjóðs hefði orðið síðbúinn í tíð fyrv. stj. og hefði ekki verið tilbúinn er hann tók við stjórnartaumunum. En mjer skilst, að þetta hafi lítið batnað í tíð núv. stj., því að jeg sje ekki betur, eftir landsreikningnum að dæma, en að reikningur landhelgissjóðs fyrir árið 1927 hafi ekki verið tilbúinn fyr en nú 1929, og hafði þó hæstv. stj. sjerstakan mann til þess að gera reikninginn. Hann hefði eflaust talið það eftir, ef íhaldsstj. hefði fengið sjer-

stakan mann til þess að hafa reikningsfærsluna á hendi. En það er ekkert athugavert við það, og því síður ámælisvert, þó að hann eða stj., sem nú fer með völdin, geri það.

Þá hafði hann gaman af að segja söguna um, hvað umsjónarmaður varðskipanna í tíð fyrv. stj. fjekk í laun. Jeg vildi ekki bera fram frv. um hækkun þess fjár, sem veitt er til eftirlits með öryggi skipa, eins og hæstv. stj. hefir gert nú, heldur tók jeg það ráð, til þess að spara kostnað, að borga vissa upphæð, sem skoðast mætti sem laun til eftirlits með varðskipunum. En þetta var stór sparnaður fyrir ríkissjóð, sem jeg býst við að muni ekki minna en 10—15 þús. kr. á ári.

Þá vildi hann halda því fram, að fæðiskostnaður á skipunum hefði verið of hátt ákveðinn hjá mjer. Jeg man satt að segja ekki, hvað hár hann var í minni tíð, en hitt er ekki nema eðlilegt, að eftir því sem dýrtíðin minkar í landinu, þá lækki fæðiskostnaðurinn.

Þá vjek hæstv. dómsmrh. nokkrum orðum að útsölustöðum vínverslunarinnar og var þar að svara hv. þm. Borgf., sem spurt hafði um, hvers vegna stj. hefði ekki fækkað útsölustöðunum. Var á svari hæstv. ráðh. að skilja, að hann ætlaði íhaldsmönnum að gera það, og er það undarlegt, þar sem þeir eru sem stendur í minni hl. í þinginu. Jeg man svo langt, að hæstv. dómsmrh., þegar hann var í minni hl., lá íhaldsstj. á hálsi fyrir það að fækka ekki útsölustöðum vínverslunarinnar, og fór þá ekki dult með þá skoðun sína, að það væri sjálfsagt að gera það. Þess vegna verður mjer að spyrja: Hvers vegna gerir ekki hæstv. dómsmrh. þetta, að fækka vínsölustöðunum, úr því að hann hefir 25 manna meiri hl. að baki? (**Dómsmrh.**: Það er nú fullríflega talið). Jæja, eru að verða einhver vanhöld í söfnuðinum? En hvað um það, hitt er nú vitanlegt, að hæstv. dómsmrh. hefir aldrei ætlað sjer að gera þetta. Alt skraf hans og svigurmæli í þessu efni hafa verið blekkingar og ekkert annað. Hann vissi frá upphafi, að þessu var ekki hægt að breyta og mátti heldur ekki vegna samninganna við Spánverja. Og þegar hann, sem haldið hefir því fram, að sanngjarnast væri að dæma stjórnmálamenn eftir því hvernig þeir, eftir að hafa komist í meiri hl., hafi staðið við loforð þau, sem gefin voru áður, þá held jeg, að í þessu máli verði sá dómur hæstv. ráðh. til lítillar ánægju og enn minni sæmdar. Því að ef leggja ætti þennan mælikvarða á hæstv. dómsmrh., þá mundi dómurinn reynast slæmur, því sem stjórnmálamaður hefir hann breytt þveröfugt við það, sem loforðin voru gefin um að efna, þegar hann væri kominn í meiri hl.

Að lokum klykti hæstv. dómsmrh. út með lofsöng yfir víninu og ágæti þess, og verð jeg að segja það, að hjartnæmari orð hefi jeg aldrei heyrt falla Bakkusi til dýrðar. Þó að jeg smakki stundum vín, þá hefi jeg ekki eins mikið álit á því og hæstv. ráðh. Jeg held, að það spilli mönnum fremur en bæti og að þeir menn sjeu best farnir, sem smakka það ekki.

Jeg hafði ætlað mjer að víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Reykv. (HV), en hann er víst fallinn í valinn, eða a. m. k. sje jeg hann ekki hjer í nánd. (**ÓTh**: Hann er farinn heim að telja skattinn sinn). Jeg hafði ástæðu

til að svara nokkrum atriðum í ræðu hans, sem snertu mig sjerstaklega, en sje mjer ekki fært að gera það. En jeg vil að það sjáist í Alþt., hvers vegna jeg svara honum ekki, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að hann hefir sjeð sitt óvænna og flúið af hólmi. En líklega gefst tækifæri til þess síðar, og mun jeg þá ekki hlífa honum. Og þá ætla jeg að láta hjer staðar numið. Hæstv. dómsmrh. heldur kannske, að jeg hafi verið svona stuttorður af því að jeg sje orðinn þreyttur að vaka. Sjálfur talaði hann í 5—6 klst. til að byrja með. En jeg get fullvissað hann um, að jeg er óþreyttur með öllu og altilbúinn að svara honum, þegar hann hefir lokið máli sínu.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg býst við, að jeg geti verið talsvert stuttorðari en sá hv. ræðumaður, sem nú var að setjast niður, af því að jeg er búinn að rekja ítarlega mörg þau atriði, er hann mintist á.

Hv. 1. þm. Skagf. byrjaði ræðu sína með því að halda fram, að breyt. á bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættunum hjer í Reykjavík hefði haft mikinn aukakostnað í för með sjer. En með því að fletta upp landsreikningnum fyrir árið 1926 sjest, að það verður um 174 þúsund krónur, sem þessi embætti kosta ríkissjóð. Þegar nú þetta er athugað í sambandi við það, sem þessi embætti kosta nú, og svo hins gætt, að mikið af beinum tekjum fellur til ríkissjóðs, þá þarf ekki lengra að fara til að sjá, að staðhæfing hv. 1. þm. Skagf. er röng og að hjer er um mikinn sparnað að ræða. Fyrir utan þetta hefir tollgæslan verið aukin, og það þurfti að gera að allra dómi, svo að sá hluti kostnaðarins hefði altaf komið til útgjalda, þó að engin breyt. hefði verið gerð á embættunum. Enginn viðurkennir þá breyt. betur en sjálfur tollstjórinn, sem segir, að nú gangi langtum greiðara að ná inn tolltekjunum en áður, af því að öll aðstaða sje margfalt betri.

Þá taldi hv. þm. upp ýmsar nefndir, sem hann vildi saka stj. um að hafa skipað. En í þeirri upptalningu slæddust nokkrar nefndir með, sem skipaðar eru samkv. lögum og því ekki hægt að gefa stj. að sök, eins og t. d. landsbankanefnd, Þingvallafriðunarnefnd og skattanefnd, og í öllum þessum nefndum eru íhaldsmenn meðstarfandi og taka þar glaðir kaup. En auk þess eru flestar þessar nefndir ólaunaðar, svo að ekki verður betur sjeð en að rökin hafi eitthvað skolast í heilabúi þm., þegar hann vildi láta líta svo út, að t. d. landsspítalanefndin væri kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. Í stjtíð fyrirrennara míns, hv. 1. þm. Skagf., starfaði einnig nefnd, sem hafði eftirlit með byggingu landsspítalans og tók engin laun fyrir. Nú er byggingu spítalans það langt komið, að fara verður að ákveða nánar um starf hans og rekstur, og er það starf hinnar nýju nefndar að gera athuganir þar um.

Hann var líka að tala um tveggja manna nefnd, sem ætti að endurskoða hegningarlöggjöfina. Jeg hefi nú aldrei heyrt talað um tveggja manna nefnd, enda datt víst engum í hug að skoða þessa tvo lögfræðinga nefnd, þó að þeir í sameiningu væru til þess fengnir að athuga þessa sjerstöku löggjöf.

Og sama er um þá tvo menn að segja, sem fengnir voru til þess að telja upp og rannsaka vínbirgðirnar í „steininum". Óþarft tildur að vera að kalla þá nefnd. Þetta voru tveir heiðarlegir „goodtemplarar" og annar framarlega í flokki íhaldsmanna, svo að jeg býst ekki við, að hv. þm. telji eftir borgunina til hans. Þessi rannsókn tók eitthvað um vikutíma og getur hún aldrei hafa kostað mjög mikið.

Þá langaði mig að segja fáein orð um Þingvallanefndinu, en í henni eigum við sæti, hv. 1. þm. Skagf. og jeg, ásamt þriðja manni, sem er hv. 4. landsk. Jeg verð að segja það, að mjer þykir það næsta einkennilegt, að hv. 1. þm. Skagf. skuli hjer á þingi bera út sína eigin nefnd, og það áður en hún hefir starfað eitt ár. Hver einasti þjóðræknn maður í landinu hefir óskað eftir því, að Þingvöllum væri sómi sýndur og að helgi þessa merkisstaðar væri í heiðri höfð. Þessir sömu menn líta svo á, að það eigi að vera metnaður þjóðinni að vernda Þingvöll fyrir öllum spillandi áhrifum utan frá, svo að göfgi staðarins haldist. Um þetta atriði var deilt á síðasta þingi, og sigraði þá stefna hinna þjóðræknari manna; var þá samþ. að hefjast nú handa um að vernda og prýða Þingvöll, ekki aðeins þann litla hluta, sem talið er að þinghelgin forna nái yfir, heldur og umhverfið sjálft, hraunið milli gjánna, sem fróðir menn telja víst, að gróa mundi upp og fríkka, þegar skógurinn og nýgræðingurinn fengi að vaxa og þróast í friði. Þetta var þá stefna hinna þjóðræknari manna, sem rjeði á þinginu í fyrra, þrátt fyrir andstöðu þess hlutans, sem er minna þjóðlegur.

Á næsta ári kemur hingað fjöldi manna víðsvegar að úr álfunni, til þess aðallega að heiðra þennan helga stað og þá stofnun, sem starfaði þar í nærri 9 aldir, og það væru sannarlega kaldrifjaðir menn, sem vildu þá hafa Þingvöll í ófremdar ástandi. Og það mundi kasta á okkur rýrð í augum hinna erlendu og tignu gesta, er þeir sæju, að við hefðum ekkert það gert til þess að vernda og prýða Þingvöll, sem kalla mætti samboðið smekk þjóðræknna manna. Jeg held því, að hv. 1. þm. Skagf. hafi ekki aðra gleði af því að draga þetta mál inn í þessar umr. en að staðfesta betur það, sem menn raunar vissu áður, að hann skortir þann hærri smekk og tilfinningu, sem betri hluti þjóðarinnar hefir fyrir þessu, og fyrir þær sakir er hann ekki verðugur þess að vera fulltrúi nokkurs flokks í nefndinni, því að jafnvel innan íhaldsflokks finnast þó nokkrir, sem hafa rjettan skilning á þessu máli.

Þá mintist hv. þm. á kælihúsmálið á Sauðárkróki og segir, að jeg hafi neitað sjerstöku fjelagi þar um lán til þess að koma upp kælihúsi. En þó að hv. þm. leitaði með logandi ljósi um stjórnarráðið og blaðaði í öllum skjölum þess, þá mundi hann ekki finna eitt einasta brjef til mín nje tilmæli í þessa átt, og heldur ekkert skjal þessu viðvíkjandi nje skeyti. (MG: En símtalið við kaupfjelagsstjórann). Sláturfjelagið hefir ekki sent neitt um þetta í stjórnarráðið. (MG: Neitar ráðherrann þá þessu?). Það hefir engin beiðni eða umsókn um lán komið frá þessu

fjelagi til mín. (MG: Og ekki frá kaupfjelaginu heldur?). Það er alt annað mál, en sláturfjelagið hefir aldrei leitað til mín, svo að saga hv. 1. þm. Skagf. er ekkert annað en ein hringavitleysa. Enda kemur upp úr dúrnum, að einhver maður á Sauðárkróki hafi átt að eiga símtal við mig um þetta efni, og verð jeg því að segja að þm. hafi illa lært lögfræði sína, ef hann heldur, að það sje nóg í jafnstóru máli sem þessu, þar sem um stóra fjárhæð er að ræða, að segjast gera orð í símtali, með einhverjum manni, til landsstjórnarinnar um nokkra tugi þúsunda að láni. Annars vænti jeg, að hans góðu vinir og kjósendur leggi fram skilríki fyrir því, að jeg hafi neitað sláturfjelaginu um lán í þessu efni. (MG: Það skal líka verða gert). En nú skal jeg segja hv. 1. þm. Skagf. annað, sem jeg raunar veit, að honum er allra manna best kunnugt um: Að það var deila um það í Skagafirði, hvort kælihúsið ætti að vera eign samvinnufjelagsins eða fjandmanna þess. Hv. þm. veit, að það voru tvö fjelög, sem vildu fá þetta. Annað þeirra, kaupfjelagið, er samvinnufjelagið, en hitt veit þm. líka, að sláturfjelagið, sem að vísu telur sig vera samvinnufjelag, hefir í pukri notið stuðnings kaupmanna á staðnum og rekið erindi þeirra, og einn af kaupmönnum Sauðárkróks er í stjórn þess.

Það þarf því engan að furða, að þegar samvinnufjelagið á staðnum sækir um lán til stj. — ekki þó til dómsmálaráðuneytisins, heldur atvinnumála — að stj. vilji verða við ósk kaupfjelagsins í þessu máli. En svo kemur annað fjelag á eftir og vill þá fá annað lán, en í sama skyni, og keppa við kælihús kaupfjelagsins, sem landið er búið að styrkja, og sjá allir, hvílík óhugsandi fjarstæða það er að ætlast til, að landið styrki tvö kælihús á sama staðnum, af því að þessi tvö fjelög geta ekki komið sjer saman. Nú hefir kaupfjelagsstjórnin á Sauðárkróki boðið sláturfjelaginu fullan aðgang kælihússins hjá kaupfjelaginu. Sláturfjelaginu stóð altaf opin leið að ganga inn í samtökin um að byggja húsið. En þeir, sem að því stóðu, vildu sjálfir eiga húsið, að því er virðist með launmakki við kaupmenn á staðnum, en það gat vitanlega ekki komið til mála að sleppa umráðarjettinum við kaupmenn, og síst með þeim málavöxtum, sem þar voru kunnir og nú hefir verið frá skýrt. Á Hvammstanga á kaupfjelagið kælihúsið, en kaupmenn þar hafa lagt í það. Öll ræða hv. 1. þm. Skagf. er því órökstutt fálm út í loftið og ekki nokkur heil brú í henni. Á mörgum glapstigaferli íhaldsins hefir verið hált, en sjaldan eins ógætilega farið og í þessu máli. Og það er ekki nema rjett eftir ofurkappi fylgismannanna, að vilja ekki nota sjer þann rjett, sem þeim hefir verið trygður til þess að hafa aðgang að kælihúsinu. En vilji þeir ekki annað en byggja viðbótarkælihús á sama staðnum, þá þeir um það, en vitanlega verða þeir að gera það upp á eigin spýtur, stj. getur aldrei styrkt þá sundrungarstarfsemi í samvinnufjelagsskap bænda.

Þá mintist fyrirrennari minn, hv. 1. þm. Skagf., á afskifti mín af dómsmálunum, en alt skraf hans var þó ekki annað en varnarræða málfærslumanns fyrir sökudólgunum, er fyrirrennari minn fann nú svo mjög til með í neyð og þrengingu þeirra.

Hann hóf þennan kafla ræðu sinnar á því að segja, að jeg notaði dómsmálin í pólitískri þjónustu til ofsóknar á hendur andstæðingum mínum. Það er enginn vafi á því, að þjófur, sem tekinn er, eða íkveikjumaður geta sagt, að það sje um pólitíska ofsókn að ræða, þegar þeir eru sóttir til saka fyrir athæfi sitt. En þetta er ekki annað en framsláttur og afsökun, sem má hafa fyrir alla afbrotamenn.

Þessi sami hv. þm. kvartaði fyrir hönd flokks síns undan rekstri Hnífsdalsmálsins. En hann hefði þá um leið mátt minnast þeirrar frekju og þess ofbeldis, sem flokksmenn hans og blöð hans beittu undir rannsókn málsins með því að ráðast með illyrðum og ruddaskap að rannsóknardómaranum, er var að reyna að leiða sannleikann í ljós í þessu hneykslismáli íhaldsins. Allur almenningur vissi, að hjer var um stórfeld og ljót svik að ræða, og almenningi var sömuleiðis kunnug afstaða þessa hv. þm. til þeirra. Honum mun hafa komið það mjög illa, að upp komst um sökudólgana, sem og ekki er undarlegt, þegar atvik og eðli málsins eru athuguð nánar. Hinsvegar sýnir framkoma þm. nú brjóstheilindi þm. í þessu máli. Og það virðist ganga hneyksli næst, að maður, sem var dómsmrh. þegar svikin gerðust, skuli nú verða til þess að tala máli þeirra manna, eins eða fleiri, sem rjettvísin hefir neyðst til að leggja hendur á, og allar líkur benda til, að sjeu sekir um stórfelda glæpi. Jeg hygg slíkt einsdæmi í nokkru landi, auk þess sem þetta sannar átakanlega hina grunsamlegu afstöðu leiðtoga íhaldsins til kosningasvikanna í Hnífsdal.

Þó hv. fyrv. dómsmrh. geti illa afsakað Hnífsdalssvikin og afskifti hans af þeim málum, þá hygg jeg afstöðu hans til máls Einars Jónassonar öllu ljelegri og óafsakanlegri. Annars get jeg verið stuttorður um það mál að svo stöddu. Skal þó aðeins geta þess, að sjóðþurðin hjá honum hefir þróast alt frá þeim tíma, að honum var veitt embættið af íhaldsmanni þeim, sem það gerði. Á síðasta ári íhaldsstj. sendi hún mann til þess að líta eftir hjá honum, og þá var alt í stakasta lagi! Skömmu á eftir kom það í ljós, að í kassann vantaði hvorki meira nje minna en 140 þús. kr. af opinberu fje. Þannig var nú eftirlitið í tíð fyrv. dómsmrh., og ferst honum síst að vera dryldinn yfir og ásaka núv. stj. fyrir að henni gangi seint að hafa hendur í hári sökudólgsins. Stj. hefir gert alt til að hraða málinu, og nú stendur einungis á dóminum. Það hefir verið gert, sem hægt er; tryggingar hafa verið teknar í öllum finnanlegum eignum Einars Jónassonar og alt hefir verið gert til þess að hraða málinu.

Um sjóðþurðina í Brunabótafjelaginu ætti hv. þm. sem minst að tala. Afskifti og afstaða hans til þess máls er honum hvorki til sæmdar nje ánægju. Sjóðþurðin mun hafa numið 70 þús. kr. og helmingur þess hefir tapast hjá flokksbróður hv. þm., sem hann hafði sett til þessa starfa. Hinum helmingnum hefir ekki tekist að gera grein fyrir, og hefir verið látið svo, sem gjaldkerinn hafi verið geðveikur, nú og áður. Auk þess var hann drykkfeldur, svo að full ástæða hefði verið fyrir fyrv. stj. að trúa honum ekki fyrir starfi sínu. En yfirmaður

þessa drykkfelda gjaldkera var Árni í Múla, sem um leið og hann leit svo vel eftir fjármunum Brunabótafjelagsins var ritstjóri að málgagni Íhaldsflokksins. Sömuleiðis virðist úttektin milli forstjóranna hafa verið heldur bágborin, úr því ekki er hægt að gera nákvæmlega upp, hvað hafi tapast hjá hvorum þeirra. Svo kallar hv. þm. það ofsókn gegn þessum flokksbróður hans og núverandi ritstjóra íhaldsmálgagnsins, þótt rannsókn sje hafin á þessum ósóma. Honum finst slík rannsókn ætti að falla niður, vegna þess að einn íhaldsmaður á í hlut. Að hans dómi mun aðhald laganna, líka til verndar eignarrjettinum; ekki eiga að ná til íhaldsmanna. Þetta er í beinu samræmi við þann hugsunarhátt, sem virðist vera ríkjandi í herbúðum íhaldsins hjer á landi, að lögin nái ekki yfir þá, eða að minsta kosti ekki á sama hátt og yfir allan almúgann. Hv. þm. hafði marga mánuði til athugunar, en samt aðhafðist hann ekkert. (MG: Búinn að skipa rannsókn). Sá, sem brotlegur er, er sjálfur forstjórinn, því hann átti auðvitað að gefa gjaldkerann upp við bæjarfógeta og láta framfylgja kærunni. En hann ljet það ógert. Hann brást skyldu sinni. Hitt er satt, að strax eftir stjórnarskiftin fóru bæði forstjórinn og vinir hans að reyna að bjóða borgun og leita hófanna með sættir. Hv. þm. sagði mjög villandi frá þessu, því að það var óneitanlega skrítin borgun, sem boðin var, því það var eiginlega landið sjálft, sem átti að borga, að því leyti sem um nokkra endurborgun var að ræða. Það gat því tæplega komið til mála að taka hana til greina, auk þess sem sætt var öldungis óhugsandi frá rjettarfarslegu sjónarmiði. Þess vegna var ekki um annað að gera en að fyrirskipa ítarlega rannsókn. Og samt vonar hv. þm., að sakborningurinn verði sýknaður. Málið verður nú ítarlega rannsakað og ekki hylmað yfir neitt.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði hylmað yfir sjóðþurðarmál á Seyðisfirði, hjá útibúi landsverslunarinnar þar. Jeg hefi lesið um þetta í blöðum andstæðinga minna, en hvergi hefi jeg sjeð þess getið þar, sem þó mestu máli skiftir, sem sje, að sá, sem var skyldugur til að kæra slíkt atferli sem þetta, var enginn annar en hv. 1. þm. Skagf. Hann er skuldheimtumaður landsverslunarinnar og honum bar því ótvírætt skylda til að segja til, ef um óleyfilegt atferði var að ræða. Þar sem enginn hefir kært yfir þessu, þá veit hv. þm., að mjer ber ekki minsta skylda til þess að láta rannsaka málið. En með því að jeg leit svo á, að orðrómur þessi gæti verið á rökum bygður, hefi jeg þó falið bæjarfógetanum á Seyðisfirði að rannsaka málið, en þar sem hann er veikur, benti hann á lögfræðing einn á Seyðisfirði til þess að framkvæma verkið í sinn stað, og er sú rannsókn byrjuð fyrir nokkru. Hjer er því ekkert efni til árásar á stj., enda hefir hún gert miklu meira en henni bar. Hinsvegar ætti hv. 1. þm. Skagf. síst að vera hávær út af þessu máli, þar sem hann hefir brugðist skyldu sinni, ef nokkur hefir gert það, að kæra til dómsmálaráðuneytisins eða til bæjarfógetans á Seyðisfirði.

Þá heldur hv. 1. þm. Skagf. því fram, að rannsóknin gegn Shell-fjelaginu hafi verið gerð að ófyrirsynju. Færir hann þau rök helst til, að sannanirnar

hafi ekki reynst nægilega sterkar til þess að sanna, að fjelagið hafi verið útlend eign. En hv. þm. reyndi ekki að halda því fram, að fjelagið væri í raun og veru íslenskt, en vitnaði einungis í dóminn. En jeg vil benda honum á, og vitna í málsskjölin, að enginn vafi getur á því leikið, að fjelagið er ekki íslenskt. Fjármagn fjelagsins kemur nálega að öllu leyti frá útlöndum, auk þess sem það var útlent fjelag, sem bygði geymana. Engum lifandi manni, og ekki einusinni dómstólunum, getur blandast hugur um, að fjelagið er raunverulega útlent fjelag, og að einungis ófullkomleik laganna er um að kenna, að ekki er hægt að komast að kjarna málsins. Jeg sagði, að þetta sannaði, að breyta þyrfti löggjöfinni í það horf, að hún gæti á þessu sviði myndað verndarvegg um hið litla þjóðfjelag okkar. Hv. þm. hótaði málaferlum, og er hann auðvitað sjálfráður um það, en annars held jeg, að hann væri litlu bættari, þótt hann fengi svo sem 50 krónur sem sárabætur fyrir að vera kallaður það, sem hann er, auðmjúkur þjónn og undirtylla Shellfjelagsins erlenda. Jeg vil því ráðleggja hv. þm. að reyna að vera raunverulega saklaus, í stað þess að reyna að hylma yfir sekt sína með lagaflækjum. Slíkt er með öllu þýðingarlaust, því almenningur veit, að hann er sekur. Mjer þætti annars gaman að vita, hvort hv. þm. þyrði að skjóta máli þessu undir guðsdóm að fornum sið, og hvort hið alsjáandi auga liti svo á málstað hans, eins og hinn jarðneski dómstóll, að sannanirnar væru ekki nógu sterkar til að byggja á sektardóm. Það var gamall siður að skjóta máli sínu undir guðs dóm, þegar engin málalok voru fáanleg fyrir hinum jarðnesku yfirvöldum, eða ef menn þóttust beittir ranglæti af dómstólunum. Þá var trú manna, að málið myndi verða endanlega dæmt í hinum andlega heimi. Þetta var einskonar yfirhæstirjettur. Mjer þætti nú fróðlegt að vita, hvort hv. 1. þm. Skagf. þyrði að leggja mál sitt undir þennan dóm. Jeg leyfi mjer að efast stórlega um það, og ætti hv. þm. að gjalda nokkurs varhuga við að tala um sakleysi sitt í þessu máli, ef hann þorir ekki að treysta á dóm samtíðar sinnar, nje málalok í andans heimi.

Þá sagði hv. þm., að það væri dæmalaust, að British Petroleum skyldi ekki vera sett á sama bekk, en hv. þm. veit það ósköp vel, að hjer er um tvö ólík fjelög að ræða. British Petroleum er útlent fjelag og gefur sig ekki út fyrir annað, og það fjekk leyfi hjá honum sjálfum til þess að starfa. En sem erlent fjelag má það ekki færa kvíarnar út um eitt hænufet, nema með nýju leyfi. Öðru máli er að gegna um Shell-fjelagið. Það er útlent fjelag, en til þess að geta náð betri tökum og betri aðstöðu í viðskiftunum, er reynt að láta líta svo út, að hjer sje um íslenskt fjelag að ræða, og með lagaflækjum farið í kringum lögin um það atriði. Og nú getur Shell-fjelagið vaxið hjer og dafnað og orðið íslenska ríkisvaldinu ofjarl, en er þó aldrei annað en grímuklæddur útlendingur.

Þá vjek hv. þm. að „Tervani"-málinu og fór nokkrum orðum um það. Jeg ætla þá að skýra frá því, hvers vegna jeg álít þetta vitni, sem jeg leiddi í málinu, sjerstaklega mikils virði í þessu máli, enda þótt það sje

það ekki endranær. Í þessu máli átti vitnið að velja á milli hagsmuna skjólstæðings síns og hagsmuna íhaldsflokksins og blaðs þess, sem hann er aðaleigandi í. Vitnið er harðsnúinn flokksmaður og auk þess, eins og jeg hefi tekið fram, aðaleigandi Morgunblaðsins, svo að það er með öllu óhugsandi, að það hafi sýnt hlutdrægni, nema þá í öfuga átt við það, sem mótstöðumenn mínir vilja láta í veðri vaka. Blað vitnisins hefir gert sjer mjög far um að þyrla upp ryki í sambandi við þetta mál og áfelt mig fyrir afskifti mín af því. En ef það nú sannast, að vitnið hafi talað sannleikann í þessu máli, þá er allur elgur Morgunblaðsins um „Tervani"-málið vitleysa ein, og aðaleigandi blaðsins búinn að slá sig og flokksbræður sína í andlitið á hinn eftirminnilegasta hátt. Þetta eina vitni er nægilegt til þess að gera að engu allan róg og blekkingar um málið frá hálfu Mgbl. og undirdáta Lárusar Jóhannessonar, en þm. er einn sá aumasti meðal þeirra. Ef menn ekki vilja aðhyllast þessa skoðun, þá er það sama sem að segja, að vitnið sje ósannsögult, svikult og óáreiðanlegt og að það hafi unnið það fyrir peninga, að gerast flytjandi rangs máls, selt sannfæringu sína og rjettan málstað fyrir peninga eina. En enginn íhaldsmaður hefir enn, svo jeg viti, sagt þetta, enda væri slíkt til þess að gera þennan flokksbróður þeirra að hinu auðvirðilegasta úrþvætti og andstygð í augum allra góðra manna. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki leggja þennan skilning í málið, og hlýt því að telja vitnisburð Lárusar Jóhannessonar í Tervani-málinu fullgildan af áðurgreindum ástæðum.

(**JAJ**: Lögvit ráðh. veður ekki uppi). Jeg held, að hv. þm. N.-Ísf. ætti síst að tala um lög eða lögvit, eftir því sem vitnast hefir um framkomu hans á Vestfjörðum.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að „Trausti" hafi ekki verið varðbátur landsins, enda þótt ríkisstj. hafi ráðið mennina á hann og haft bátinn á leigu. Jeg vil benda hv. þm. á, að ekki var hans ágæti samherji á sama máli, þegar hann segir svo í rjettarskjölunum: „Þegar þess er gætt, að hann er kærður af varðbát ríkisstjórnarinnar" o. s. frv. Jeg er því ekki alveg einn um þessa skoðun, þar sem sjálfur aðaleigandi Morgunblaðsins er mjer samdóma. Jeg nota þetta vitni á íhaldið eins og hómópatar nota samveikismeðul handa sjúklingum sínum. Slíkar lækningaraðferðir hafa stundum gefist vel, og jeg vona, að það megi líka hafa góðar verkanir á íhaldið.

Þá sagði hv. þm., að það væri hið mesta glapræði af mjer að gera ráð fyrir, að hæstarjetti gæti skjátlast. Jeg vil þá benda þm. á það, að enginn framsóknarmaður hefir farið harðari orðum um þetta atriði en einmitt þessi „mikilsmetni íhaldsmaður", lögfræðingurinn Lárus Jóhannesson, því hann kemst svo að orði í niðurlagi skýrslu sinnar: „Ef dæma ætti kærðan í háa sekt og fangelsi á jafnljettvægum rökum og finnast í þessu máli, mætti með sanni segja, að með því væri kveðinn upp dauðadómur yfir öllu rjettarörygi í landinu". Þessi lögfræðingur kveður svo sterkt að orði að segja dóm hæstarjettar dauðadóm yfir rjettaröryggi í landinu. Nú reyndi hv. þm. að verja hæstarjettardóminn, og sagði það benti ekki á veilu í dómunum,

þótt ekki væri dæmt í bæði sekt og fangelsi. En jeg vil benda hv. þm. á það, að þótt þetta atriði sje ekki í sjálfu sjer stórvægilegt, þá hefir hæstirjettur hjer skapað fordæmi, þannig, að ef svipað mál verður lagt til aðgerða dómstólanna, og ef þeir eru á báðum áttum og hikandi, þá er þeim opinn vegur að taka einskonar millileið, eða bil beggja, án þess virkilega að komast að hinu rjetta í málinu. Nú geta menn og gert sjer í hugarlund, hvort þessu sjeratriði „Júpíter"-dómsins, auk alls þess hneykslanlega, sem við þetta mál er tengt, myndi ekki vera á lofti haldið erlendis, þegar blöðin, sjóliðsforingjarnir og lögfræðingarnir færu að gagnrýna dóminn. Persónulega met jeg þessa skýringu Lárusar að engu, því jeg var sjálfur kominn að sömu niðurstöðu áður en jeg sá plögg hans, og býst yfirleitt ekki við að þurfa að sækja til hans annað en þennan einstaka hrís á hrygg samherja hans, Mbl.-mannanna. En fyrir Mbl. er skoðun Lárusar reiðarslagur og hnefahögg í andlit þeirra manna, sem hæst hafa látið út af þessu máli. Úti um land eru allir gætnir og skynsamir menn á einu máli um, að jeg hafi breytt rjett í þessu máli og eigi beinlínis þakklæti skilið fyrir lausn þess. Sjerstaklega hafa margir skipstjórar landsins, sem vel eru kunnugir þessum málum, látið það eindregið í ljós, að skynsamlegasta og sjálfsagðasta lausn Tervanimálsins væri að láta saksóknina falla niður, eins og líka gert var. Jeg gæti nefnt marga reyndustu og bestu skipstjóra landsins, sem vel eru kunnugir skaplyndi Englendinga og afstöðu þeirra til strandgæslunnar hjer, sem eru eindregið á þessari skoðun.

Þá er ein spurning hv. þm., sem jeg vil svara með mikilli ánægju. Hann spurði, hvort jeg áliti það ekki sóma fyrir Jón heitinn Magnússon, að hann áfrýjaði dómi „Egils Skallagrímssonar" út af landhelgisbroti hjerna um árið. Mjer er ljúft að segja það, að jeg álít það verk vera Jóni Magnússyni til sóma lífs og liðnum. (**HK**: Margt gott um Jón Magnússon). Alveg rjett. En í orðum hv. þm. lá, að þurft hafi mikið átak til að koma áfrýjuninni í framkvæmd. Rjettartilfinning aðstandenda togarans var ekki á hærra stigi en svo, að þeir gerðu alt, sem þeir gátu, til þess að fá ráðh. ofan af þessu. (**ÓTh**: Margendurtekin ósannindi). Þetta er margsannað, en samviskan virðist nú hafa slegið hv. 2. þm. G.-K. við að heyra þessi orð mín, með því að hann tekur þau sem til sín töluð, enda vita allir, að þessi sami hv. þm. sama sem játaði sekt sína í blaðagrein, með því að gera skyn að dugnaði Jóns Magnússonar að áfrýja málinu.

Þá talaði hv. þm. um veisluhöld skipstjórans á Óðni og kostnaðinn við rannsókn Hnífsdalsmálsins, og átaldi þá ódæma eyðslu, sem þar hefði átt sjer stað. Væri þá rjettast að sýna honum, hvernig er um að litast í eldhúsi íhaldsins í þessum efnum, því að engin sakamálsrannsókn var eins ódýr í tíð íhaldsstj. eins og þessi rannsókn. Hvað Óðni viðvíkur, þá ætti hv. þm. sem minst að tala um hann, vegna sjálfs sín og Íhaldsflokksins í heild sinni. Það var sem sje íhaldsstj., sem gekk algerlega framhjá Nielsen framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags-

ins við smíði þessa skips. Aðrir og fávísari menn voru fengnir til að leiðbeina við smíði skipsins, og með aðstoð þeirra gerði íhaldsstj. Óðin að þessum trjekylli, sem hann var, þar til Nielsen rjeði því, að skipið var lengt um 13 fet. Jeg verð því að benda hv. þm. á það, að það er hans eigin stj. og engin önnur, sem á sökina á því, hversu hrapallega illa tókst til með þetta. Jeg hefi aftur á móti haldið mjer við Nielsen sem aðalráðunaut og er viss um, að það muni vel reynast.

Jeg kemst ekki til að rekja nema eitt atriði ennþá í ræðu hv. 1. þm. Skagf., því að nú er orðið mjög áliðið nætur. Þó get jeg ekki látið hjá líða að minnast á þann samanburð, sem hann leyfði sjer að gera á skuldum áfengisverslunarinnar annarsvegar og skuldum steinolíuverslunarinnar og landsverslunarinnar hinsvegar. Þar er mjög ólíku saman að jafna. Áfengisverslunin verslar með óhófs- og nautnavöru, sem aldrei var ætlast til að ýtt væri undir menn að kaupa með lánum, nema ef til vill ef um fátæka lækna væri að ræða, sem ekki gætu sjálfir staðið straum af öllum lyfjakaupum. Þó safnast skuldir við þessa verslun í tíð íhaldsstj. svo hundruðum þúsunda skifti. Þessa stofnun lætur hv. 1. þm. Skagf. sjer sæma að bera saman við bjargráðaverslun eins og steinolíuverslunina, verslun, sem á kreppuárunum varð svo að segja að standa undir öllum vjelbátaútvegi landsmanna og hjelt niðri verðinu þegar mest reið á. Þegar svo við þetta bætist, að Magnús heitinn Kristjánsson, sem jeg held að hafi altaf dálítið skjátlast með álitið á hv. 1. þm. Skagf., trúir honum fyrir að sjá um innheimtu fyrir þessa verslun, þá launar hv. þm. honum með því að bera þessar skuldir bjargráðafyrirtækisins saman við áfengisverslunina. Þetta er þakklætið, sem þessi látni heiðursmaður fær hjá hv. 1. þm. Skagf.

Jeg býst nú við að láta hjer staðar numið að sinni. Það stendur svo á, að jeg og 2 aðrir hv. þm. höfðum ákveðið fyrir hálfum mánuði að vera á fundi uppi í Borgarnesi, sem haldinn verður í kvöld. Við gátum ekki búist við, að umr. myndu teygjast svo lengi, og munum þess vegna athuga, hvort við getum haldið við áform okkar. Jeg hefi haft tækifæri til þess að svara öllum andstæðingum mínum, sem til máls hafa tekið, sumum einu sinni og sumum tvisvar, svo að nú hefi jeg gert hreint fyrir mínum dyrum. Jeg býst við, að það framfaramál í kjördæmi hv. þm. Borgf., sem til umr. á að verða á fundinum í Borgarnesi, hljóti að vera meira virði og merkilegra heldur en ræður þær, sem sá hv. þm. eða aðrir af hinum dauðþjökuðu samherjum hans eru líklegir til að halda næstu 5—6 klukkutímana, og getur því svo farið, að jeg meti skólamál Borgfirðinga meira þá stuttu stund heldur en að hlusta á róðrarkarla Mbl. þá stund.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 12. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Við höfum þráttað nú um hríð og finst mjer vera dálítið tilefni til að gefa hv. stjórnarandstæðingum

ofurlitla bendingu. Væri það ekki brotaminna fyrir stjórnarandstæðinga, og sjerstaklega íhaldsmenn, að klippa út dálka úr Stormi, Morgunblaðinu og Verði og láta svo prenta þá upp í þingtíðindunum? Það hefði alveg sömu áhrif, sama útkoma í þingtíðindunum, en það væri töluverður vinnusparnaður fyrir ýmsa af okkur, svo við gætum þá sofið rólega. Jeg segi þetta ekki af því að jeg sje að kvarta fyrir mig, því að jeg hefi sofið ágætlega, en jeg vildi aðeins benda á þetta, því að það væri sama útkoma fyrir prentsmiðjurnar og blöðin, en mikill vinnusparnaður.

Það, sem jeg ætlaði að minna á, var það, að þessa aðferð, sem hv. íhaldsmenn viðhafa nú, notuðum við framsóknarmenn ekki, þegar við vorum stjórnarandstæðingar. Við kusum venjulega einn mann til þess að tala af hálfu okkar flokks á eldhúsdegi. Jeg man eftir, að jeg varð oftar en einu sinni fyrir því að vera kosinn. Við gerðum þá nokkurn aðsúg að stj.; jeg man eftir, að jeg hafði þann sið að koma til stj. daginn áður og tilkynna henni, hvað jeg ætlaði að tala um, en mjer datt aldrei í hug að vera að draga það inn í eldhúsdagsumr., sem búið var að þrautræða í blöðunum. Eldhúsdagsumr. voru skemtilegar þann stutta tíma, sem þær stóðu yfir, og daglegar blaðaumr. ekki dregnar inn í þær.

Flokkslega sjeð er enginn vafi á því, að hv. íhaldsmenn spilla töluvert fyrir sínu máli með þessari aðferð, sem þeir nú beita. Hjer hafa átta íhaldsmenn talað, og undantekningarlítið tínt alt, sem þeir hafa sagt, upp úr blöðunum, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð; t. d. Tervani-málið, það kom ekkert fram í því, sem ekki hefir verið margsagt áður. (ÓTh: Jú, það kom fram ein fyrirspurn til hæstv. ráðh., sem hann hefir ekki svarað. Kannske ráðh. vilji gera það nú?). Það hefir þegar verið gert. En í þessum almennu ummælum vildi jeg láta það koma fram, að jeg er reiðubúinn til að vaka fram til kl. 8½ að morgni, ef með þarf. En þetta með að klippa út úr blöðunum var svona góðlátleg og hagkvæm bending til minna hv. andstæðinga, því að jeg er í svo góðu skapi eftir þennan hressandi svefn, sem jeg hefi fengið í dag. (MJ: En hvar er dómsmrh.? Er hann flúinn?). Jeg býst við, að það sje nokkuð vafasamt, hvor muni flýja fyr, en ráðh. er víst á næstu grösum.

Svo ætlaði jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. Skagf. Það voru ekki nema þrjú atriði, sem hann beindi til mín.

Eitt var viðvíkjandi frv., sem kom fram í hv. Ed., um síma- og póstmál. Jeg vil aðeins segja það, að ef frv. ekki kemur hingað, þá er óþarfi að vera að ræða það, en annars er nál. prentað með því sem fylgiskjal, svo að allir hv. þm. og landslýður allur geti fengið að sjá þessar till. og gert sínar aths. við þær, áður en til framkvæmda kemur. Það er einmitt tilætlunin, að menn fái tíma til að skoða málið dálítið greinilega, svo að allar till., bæði frá hv. 1. þm. Skagf. og öðrum, verði athugaðar.

En það málið, sem hv. þm. sjerstaklega beindi til mín og jeg þarf talsvert að svara, var það, sem hv. þm. bar á stj., að hún hefði beitt töluverðri

hlutdrægni viðvíkjandi lánveitingu til frystihúss norður í Skagafirði. Hv. þm. sagði málið vera þannig, að það hefði komið beiðni til stj. um lán til frystihússbyggingar norður á Sauðárkróki; það hefðu verið tvö samvinnufjelög, sem hefðu beðið um lánið, en stj. hefði sýnt hlutdrægni í málinu. En þessi frásögn hv. þm. er ekki rjett nema að litlu leyti. Jeg skal nú leyfa mjer að skýra frá þessu máli eins og skjöl stj. segja til, hvernig það hafi verið.

Það er þá upphaf þessa máls, að haustið 1927 gekk vel með sölu á frystu kjöti, en miður með saltað kjöt. Þetta kom miklu kappi í menn að koma sjer upp frystihúsum, og þess vegna var það, stuttu eftir stjórnarskiftin, að sú stofnun, sem hefir haft forgöngu um þessi mál, nefnil. Samband ísl. samvinnufjelaga, snjeri sjer til atvinnumálaráðuneytisins brjeflega og bar fram ósk um að veitt yrði lán til að setja á stofn frystihús á nokkrum stöðum á landinu, t. d. handa kaupfjelaginu á Kópaskeri, á Blönduósi og á Sauðárkróki. Það fyrsta, sem kemur til stj. í þessu máli, var því: umsókn vegna Kaupfjelags Skagfirðinga á Sauðárkróki.

Það næsta, sem kemur til þess ráðuneytis, sem þetta mál heyrir undir, er símskeyti, dags. 13. apríl 1928, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Getur Kaupfjelag Skagfirðinga fengið á eigin ábyrgð alt að áttatíu þúsund króna lán úr viðlagasjóði til frystihúsbyggingar á þessu eða næsta ári? Svar óskast í dag vegna yfirstandandi aðalfundar.

Sigfús Jónsson".

Jeg átti tal um þetta við S. Í. S. og var svo daginn eftir afgreitt símskeyti til Kaupfjelags Skagfirðinga, Sauðárkróki, svo hljóðandi:

„Hjer með staðfestist viðtal við Sigfús kaupfjelagsstjóra Jónsson, að Kaupfjelag Skagfirðinga mun geta fengið á eigin ábyrgð alt að 80 þúsund króna viðlagasjóðslán til frystihúsbyggingar á þessu ári eða næsta, að uppfyltum öðrum almennum skilyrðum.

Atvinnumálaráðherra".

Jeg skal geta þess, að jeg hafði haft fregnir af því, meira og minna ábyggilegar, sem gerst hafi norður í Skagafirði í sambandi við þetta mál, en skjöl um það höfðu þó ekki borist. Aftur á móti hafði komið til fjármálaráðuneytisins brjef, dags. 8. mars. — Þetta skeyti fer svo norður; í framhaldi af því er svo, að forstjóri Sambandsins snjeri sjer til ráðuneytisins með brjefi, dags. 20. okt. 1928. Er það svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðastliðnum vetri sótti Kf. Skagfirðinga um lán úr Viðlagasjóði til frystihúsbyggingar á Sauðárkróki. Á byggingu þessari var byrjað síðastl. vor, en ýmsra orsaka vegna var ekki hægt að fullgera húsið svo snemma, að hægt væri að taka það til notkunar í sláturtíð í haust. Var því frestað til næsta árs að kaupa frystivjelar. Byggingin er þó komin það langt, að húsið er nú komið undir þak. Er fjelagið búið að leggja í bygginguna um 25000 kr. og er húsið vátrygt fyrir þeirri upphæð.

Eftir ósk Kf. Skagfirðinga leyfum vjer oss hjer með fyrir fjelagsins hönd að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það veiti fjelaginu lán úr

Viðlagasjóði út á húsið til bráðabirgða, alt að kr. 16500,00.

Virðingarfylst,
pr. pr. Samband ísl. samvinnufjelaga
S. Kristinsson".

Þetta brjef var þannig afgr., að landsstj. útvegaði Kf. Skagfirðinga bráðabirgðalán, þar til alt er komið í kring með þetta hús og það getur fengið viðlagasjóðslán.

Svo gerist ekkert fyr en 7. mars 1929. Þá höfðu þm. Skagfirðinga talað við mig hjer í deildinni, og senda mjer brjef, sem jeg með leyfi hæstv. forseta vil lesa hjer upp. Brjefið er á þessa leið:

„Til atvinnumálaráðuneytisins.

Við undirritaðir þingmenn Skagfirðinga leyfum okkur hjer með, með tilvísun til munnlegs viðtals við hæstv. forsætisráðherra, að fara þess á leit, að Sláturfjelagi Skagfirðinga verði í vor veitt alt að 30000 kr. — þrjátíu þúsund króna — lán úr viðlagasjóði, til þess að reisa frystihús á Sauðárkróki. Í hinu áður nefnda munnlega viðtali höfum við skýrt frá öllum ástæðum til þessarar beiðni, og sjáum því ekki ástæðu til að endurtaka þær hjer. Aðeins skal það tekið fram, að það er fastákveðið að reisa frystihúsið og undirbúningur undir það þegar hafinn. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu mun verða í ábyrgð fyrir láninu, ef þurfa þykir.

Vegna þess að áríðandi er að fá svar sem fyrst, leyfum við okkur að minna á, að í áðurnefndu munnlegu viðtali lofaði forsætisráðherra okkur svari í síðasta lagi þriðjudaginn 12. þ. m.

Virðingarfylst,
M. Guðmundsson. Jón Sigurðsson".

Þetta brjef var svo sent til atvinnumálaráðuneytisins, og jeg tilkynti þm. Skagf., að farið yrði með þetta eins og önnur mál þessarar tegundar, ráðgast um það við stjórn S. Í. S., sem hafi forgöngu um slík mál. Sendi jeg svo brjefið til S. Í. S. og fjekk svar, sem jeg skal leyfa mjer að lesa upp:

„Út af brjefi hins háa ráðuneytis, dags. 11. þ. m., um lán til byggingar frystihúss á Sauðárkróki, viljum vjer taka fram:

Þegar Sambandsfjelögin hafa ráðist í frystihúsbyggingar, hafa þau jafnan leitað álits og umsagnar Sambandsins áður en þau afrjeðu um framkvæmdir og leituðu eftir lánum til frystihúsbygginga, og hafa farið mjög að ráðum þess um þessar framkvæmdir. Sláturfjelag Skagfirðinga hefir aldrei leitað álits eða umsagnar Sambandsins um þessa fyrirhuguðu frystihúsbyggingu, nje haft það að nokkru í ráðum um framkvæmd málsins. Leiðum vjer því hjá oss að gera tillögur um málið.

Virðingarfylst,
pr. pr. Samband ísl. samvinnufjelaga.
S. Kristinsson".

Daginn eftir svara jeg þingmönnum Skagfirðinga með svo hljóðandi brjefi — með leyfi hæstv. forseta:

Með brjefi, dags. 7. þ. m., hafa hv. þingmenn Skagfirðinga farið þess á leit, að Sláturfjelagi Skagfirðinga verði í vor veitt alt að 30000 kr. lán úr Viðlagasjóði til þess að reisa frystihús á Sauðárkróki.

Út af þessu hefir ráðuneytið leitað umsagnar Sambands íslenskra samvinnufjelaga, sem að öllu hefir haft forgöngu um þessi mál.

Svar S. Í. S., dagsett í gær, er svo hljóðandi: (Áðurritað brjef).

Með skírskotun til þessa brjefs telur ráðuneytið, að málið liggi þannig fyrir enn, að loforð um hið umbeðna lán verði ekki gefið að svo stöddu".

Þetta er alt það, er liggur fyrir í atvmrn. um þetta mál.

En í fjmrn. liggur fyrir brjef frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu, dags. 8. mars 1928, þar sem hann sendir útskrift úr gerðabók sýslunefndar. Átti jeg símtal við sýslumann daginn áður um málið, og gat hann þess þá, að skjöl viðvíkjandi því mundu hafa glatast. Eru það plögg þau, er hann sendir, eða útskrift úr gerðabók sýslunefndar, sem jeg tel vera umsókn um lánið. Skal jeg lesa upp kafla úr henni, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslunefndin ákveður að taka lán úr Viðlagasjóði, með þeim skilmálum, sem greinir í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1928, alt að 80 þús. kr., til þess að byggja frystihús á Sauðárkróki.

Lánsupphæðin skiftist á milli Frystifjelags Skagfirðinga og fjelags kaupmanna á Sauðárkróki í hlutfalli við þær upphæðir, sem þessir aðilar hafa sótt um að láni frá sýslunefnd, gegn eftirfarandi skilyrðum," o. s. frv.

Þetta er þá alt það, sem liggur fyrir í stjórnarráðinu um þetta mál. Kaupfjelagið sækir fyrst; það fer með umsókn sína um hendur þeirrar stofnunar, er frá því fyrsta hefir haft forgöngu í þessu máli, S. Í. S. Kaupfjelagið óskar síðan tryggingar fyrir að fá lánið. Og eftir að búið er að reisa húsið að nokkru, þá útvegar stj. því bráðabirgðalán. Þetta gerðist alt á árinu sem leið. En fyrst nú nýlega á þessu ári kemur beiðni frá sláturfjelaginu til atvmrn., er þetta mál heyrir undir. Fundargerð sýslunefndar var að vísu send til fjmrn., en það hefir ekkert með þessi mál að gera, svo hún kom aldrei til rjetts aðila. Enda veit jeg, að hv. 1. þm. Skagf. var ekki að vitna í þessa umsókn í ræðu sinni í gær. (MG: Nei, það er rjett). Hann var að vitna í einhverja sameiginlega lánbeiðni, er kaupfjelagið og sláturfjelagið höfðu sent. Slík lánbeiðni hefir alls ekki komið til mín fyr en sú, sem getið hefir verið um, sem þm. Skagf. báru fram nýlega. Og það, sem hv. 1. þm. Skagf. segir um afskifti dómsmrh. af þessu máli í fjarveru minni, það mun vera mjög úr lagi fært, svo sem hæstv. dómsmrh. mun segja frá.

Það er því ekki hægt að beina ásökunum til stj. út af þessu máli.

Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Skagf. í gær, að bændur í Skagafirði hefðu verið beittir hörðu af núv. stj. Mátti skilja, að hann teldi þá hafa verið beitta hlutdrægni. Jeg neita þessu algerlega. Umsókninni frá Kaupfjelagi Skagfirðinga var ágætlega tekið. Stj. greiddi meira að segja sjerstaklega fyrir, að fjelagið fengi bráðabirgðalán til að koma upp húsinu.

Jeg skal líka benda á annað dæmi. Í þessari sömu sýslufundargerð er lagt fram erindi frá Samvinnufjelagi Fljótamanna í Haganesvík og Kaupfjelagi Fellshrepps í Hofsósi, þar sem fjelögin beiðast ábyrgðar sýslusjóðs fyrir alt að 12000 kr. láni til byggingar sláturhúsi og kjötbúð á Siglufirði. Þetta er annað erindið, sem stj. hefir borist frá bændum í Skagafirði. S. Í. S. er fulltrúi þessara fjelaga, og fyrir atbeina þess hefir stj. útvegað

þeim hagkvæm lán. Umkvartanir yfir mjer viðvíkjandi viðskiftum mínum við bændur í Skagafirði eru því ekki á neinum rökum bygðar.

Þessi skjöl, er jeg hefi hjer farið með, getur hv. 1. þm. Skagf. fengið til afnota og athugunar, þegar hann vill.

Til viðbótar skal jeg taka hjer eitt atriði enn. Hv. þm. virtist vera því ósamþykkur, að stj. leitaði ráða hjá S. Í. S. viðkomandi þessum málum. Hann vildi ekki viðurkenna, að Sambandið væri neinn „yfirráðherra". Jeg er honum alveg sammála um það, að S. Í. S. á ekki að vera neinn yfirráðherra, en um hitt er jeg honum ósam mála. S. Í. S. er sjálfsagður ráðunautur landsstj. í þessum málum. Það hefir haft forgönguna frá því fyrsta og annast alla sölu frysta kjötsins. Og jeg mun, hjer eftir sem hingað til, ráðgast við S. Í. S. um stj. þessara mála.

Einu skal jeg bæta við enn, út af því, að hv. 1. þm. Skagf. bar mjer á brýn hlutdrægni í skiftum mínum við bændur beggja megin Hjeraðsvatna. Hv. þm. Borgf. kom til mín nýlega í erindum fjelags úr sínu kjördæmi, og býst jeg ekki við, að hann beri mjer á brýn pólitíska hlutdrægni vegna þeirra erindisloka, er hann fjekk. Væri þó ekki minni ástæða fyrir mig til að beita hlutdrægni þar en í Skagafirði.

Enn vjek hv. 1. þm. Skagf. að því, hvernig á því stæði, að byggingar- og landnámssjóður væri ekki farinn að starfa. Jeg skal geta þess, að forstjóra byggingar- og landnámssjóðs, sem jafnframt er forstjóri ræktunarsjóðs, voru um áramótin afhentar 50000 kr. til þess að koma starfsemi sjóðsins af stað. Jafnframt var honum tilkynt, að hann gæti fengið, hvenær sem hann óskaði, 400000 kr. til að hefja með starfsemina. Það, sem veldur drættinum, býst jeg við, að sjeu ýms „formalitet", er þurfi að útbúa áður en hann geti tekið til starfa. Það var afarmikil vinna, sem fór í það að semja reglugerð sjóðsins, og jeg býst við, að enn standi á einhverju slíku. Hinsvegar er þess að gæta, að lánin eiga að fara til húsa, sem á að byggja í sumar, og á þeim er ekki byrjað enn, og er því enn ekki farið að standa á neinu.

Það er sá munur á búnaðarlánadeildinni 1924 og byggingar- og landnámssjóði nú, að þá sagði stj., að peningarnir væru ekki til til þess að stofna deildina, en núv. stj. hefir tilkynt forstjóra sjóðsins, að 400000 kr. væru til, hvenær sem hann vildi rjetta út hendina eftir þeim, og þegar afhent honum 50000 kr.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg bað um orðið í fundarbyrjun í gær og hefi mátt þrauka síðan. Hefir það verið löng bið og leiðinleg. Fyrst vil jeg víkja nokkrum orðum til hæstv. forseta. Jeg hafði orð á því í nótt, að jeg kynni þessum vinnubrögðum illa. Jeg veit ekki, hvort það er tilgangur hæstv. forseta, með ráði stj., að neyða þm. til þess að fella niður eldhúsumræður. Jeg vil ekki beinlínis leggja þetta hæstv. stjórn út til bleyðiskapar. En þetta virðist vera bein tilraun til að fá þm. til að þegja, til að svifta þá málfrelsi. Verði slíkum tilraunum haldið áfram, verði þm. látnir vaka nótt eftir nótt og mælast við syfjaðir, úrillir og sljóir, þarf að setja „vökulög" fyrir Alþingi.

Jeg þarf líka að bera upp kveinstafi mína við hæstv. forseta út af öðru. Jeg hefi fyrir ærið löngu síðan flutt 3 frv., er ekki hafa komið hjer til umr. enn. Er þó búið að ræða mörg frv., sem síðar hafa komið fram, og hafa verið afbrigði viðhöfð til að flýta ýmsum þeirra. Vænti jeg, að þessar eldhúshugleiðingar mínar verki á hæstv. forseta.

Jeg minnist þess, að í gamanblaði einu hjer í bænum birtist í fyrravetur mynd af stórum manni og gervilegum; ætla jeg, að þar væri kominn oddamaður Framsóknarflokksins, hæstv. fors.- og atvmrh. Klæðnaður hans var með nokkuð undarlegum hætti. Var hann í röndóttum buxum og þóttust menn þar kenna flík af fyrirrennara hans, hv. 1. þm. Skagf. Fóru þær ekki sem best hinum stórvöxnu ganglimum framsóknarkempunnar. Leit út fyrir, að þær röndóttu ætluðu að rifna utan af þeim.

Þegar hv. 1. þm. Reykv. hjelt innreið sína hjer í eldhúsið með beinverkjum og kuldahrolli, eins og hann sjálfur sagði, þá kom mjer þessi mynd í hug. Hv. þm. fann það aðallega hæstv. stj. til foráttu, að hún beitti öðrum aðferðum en fyrv. stj. og hefði tekið upp aðra stjórnarhætti en áður voru tíðkaðir. Jeg verð að kalla þetta oflof um stj. Því er ekki að leyna, að þorri landsfólksins bjóst við, að teknir yrðu upp aðrir stjórnarhættir eftir stjórnarskiftin, að íhaldsaðferðirnar yrðu niður lagðar. Því miður hafa þessir menn orðið fyrir vonbrigðum. Um alt of margt er líkt með framsóknarstj. og íhaldsstj. sáluðu. En nokkur hluti þjóðarinnar hefir ekki orðið fyrir vonbrigðum. Íhaldsmenn hafa ekki orðið fyrir vonbrigðum. Þvert á móti. Stj. hefir reynst þeim geðfeldari en þeir þorðu að vona. Það sanna einmitt orð hv. 1. þm. Reykv., þau er hann síðar talaði. Hann sagði þá, að svo slæm sem stj. væri, þá væri hún þó betri nú en í fyrra. Það þýðir, að „þær röndóttu" væru farnar að fara betur á hæstv. forsrh. Mín von var sú, að hæstv. ráðh. smækkaði sig aldrei svo, að brækurnar af fyrirrennara hans yrðu við hans hæfi. Jeg hefi orðið fyrir vonbrigðum.

Hæstv. forsrh. er sögufróður maður; hann vitnar stundum í Sturlungu og fjáraukalögin miklu. Jeg ætla að fara hjer að dæmi hans.

Jeg minnist meðal annars tveggja mála, er „Tíminn", blað „framsóknar"-flokksins, hefir hraustlega barist fyrir. Það er einkasala á tóbaki og einkasala á steinolíu. Þegar Íhaldið hvarf að því óheillaráði að leggja niður tóbakseinkasöluna, stóð Framsóknarflokkurinn sem einn maður gegn því. Þetta er annað þingið, sem framsóknarstj. situr að völdum. En hún hefir enn ekki sýnt neina viðleitni á því að bæta úr afglöpum fyrirrennara sinna, er afnámu tóbakseinkasöluna. Þvert á móti rjeði hæstv. stj. því, að frv., sem við jafnaðarmenn fluttum í þessari hv. deild í fyrra, um að taka tóbakseinkasölu aftur upp, náði ekki fram að ganga. Það væri freistandi að rifja hjer upp nokkur ummæli „Tímans" áður fyr um steinolíueinkasöluna og bera saman við aðgerðaleysi stj. nú. Jeg skal þó að þessu sinni einungis minna á smágrein, sem stóð í blaðinu 1. des. síðastl., sjálfan fullveldisdaginn. Grein þessi er um olíuverslunina. Þar er skýrt frá því, hvernig ólukku

Íhaldið hafi „murkað" lífið úr olíueinkasölunni og að þá hafi það óspart hampað þeirri „falskenningu", að samkepnin mundi halda olíuverðinu niðri. Er ennfremur frá því skýrt, að þá fyrir nokkrum dögum hafi öll olíufjelögin þrjú hækkað verðið sama dag, auglyst sömu verðhækkun og sama verð samtímis, öll þrjú. Af því dregur „framsóknar"-blaðið þá ályktun, alveg rjettilega, að um enga samkepni sje að ræða. Þetta sýnir greinilega, að „Framsókn", blaði hennar og þingmönnum eru ljós falsrökin, er Ihaldið bar fram við afnám einkasölunnar. En hví í ósköpunum á þá ekki að bæta úr þessu? Ennþá er allur vjelbátaflotinn ofurseldur þessum 3 erlendu steinolíufjelögum. Framsóknarmenn hafa bæði í ræðu og riti, og það ekki að ófyrirsynju, haldið uppi harðri ádeilu á eitt fjelaganna. Þeir hafa bent á stórhættu, sem af því geti stafað. Hjer í hv. deild var í gær sýnt fram á það, að í þessu fjelagi hafa erlendir menn tvö atkv. móti hverju einu, sem Íslendingar hafa. Þetta hefir verið harðlega vítt og að maklegleikum. En hví kippir Framsókn þessu ekki í lag? Það er ofurauðvelt. Ef einkasala er upp tekin, þá er fjelagið úr sögunni. Er Framsókn snúinn hugur í þessu máli? Og ef svo er, hví ekki að skýra þá frá því? Á að leyna því fyrir þjóðinni? Það er áreiðanlegt, að kjósendur hafa væntst þess, að flokkurinn mundi verða samkvæmur fyrri framkomu sinni í þessum málum, myndi standa við loforð sín, bein og óbein.

Sama er að segja um tóbakseinkasöluna. Einn hv. íhaldsþm., hv. 2. þm. G.-K., hafði orð á því einhverntíma á fundi, að það væri rangt að taka brauðið frá börnunum, þ. e. a. s. tóbaksgróðann frá tóbakskaupmönnunum. Er Framsókn orðin sammála þessu? „Tíminn" hefir þó margt stórt orðið talað og atyrt að makleikum m. a. hv. 1. þm. Skagf. og sagt hann hafa drepið sitt eigið afkvæmi, og er það síst ofmælt. Hví sýnir stj. slíkt tómlæti í þessu? Er of mikið fje í ríkissjóði? Eða er það líka orðið glapræði í hennar augum að „taka brauðið frá börnunum": tóbakið frá tóbakskaupmönnum, þar á meðal hv. 2. þm. Reykv.? Það væri gott að fá að heyra eitthvað um þessa hluti. Þetta eru mál, er voru efst á baugi fyrir kosningarnar síðast. Um framkvæmdir þarf ekki að spyrja; þær eru engar. En hvað er um fyrirætlanir? Jeg flutti hjer í fyrra till. til þál. um einkasölu á steinolíu. Jeg fjekk henni komið á dagskrá síðasta klt. þingsins. Nú flyt jeg hana aftur. Í Ed. er komið fram frv. um einkasölu á tóbaki. Það verður því bráðlega hægt að sjá, hver alvara Framsóknarflokknum er í þessum málum, en stj. verður að svara fyrir sig hjer nú.

Jeg man það, að blöð Framsóknarflokksins og þingmenn hans hafa oftlega og að makleikum vítt framkvæmdastj. Íhaldsins. Það hefir verið flett ofan af margskonar sukki, fjárdrætti og sviksemi, er þróast hafði undir verndarvæng þess. Það hefir verið talsvert gert til þess að hreinsa til. Það hefir verið hreinsað til í Brunabótafjelaginu og áfengisversluninni, framin gagngerð rannsókn á embættisfærslunni á Patreksfirði og hjer í Reykjavík og yfirleitt skerpt eftirlit með embættismönnum og laga-

brjótum, t. d. bannlagabrjótum. Alt var þetta rjett og skylt og sjálfsagt að gera. Í þessu hefir stj. til þessa reynst stórum betri en fyrirrennari hennar. En einmitt af þessum sökum er það enn undarlegra, jeg vil segja hörmulegra, að á Seyðisfirði er maður starfsmaður landsverslunar, sem opinber sjóðþurð er hjá ár eftir ár. Í landsreikningunum árið 1927, aths. yfirskoðunarmanna, stendur þessi klausa:

„Sjóðþurð reikningshaldara á Seyðisfirði hefir aukist um kr. 35657,18, úr kr. 95404,06 upp í kr. 131061,24".

Þetta minnir á, hvernig sjóðþurðin í Brunabótafjelaginu magnaðist ár frá ári, og er leitt til þess að vita, að hæstv. stj. skuli ekki hafa sýnt sama skörungsskap þar austur frá sem annarsstaðar.

Hvað veldur? spyrja menn. Er stj. að gefast upp? Eða er þetta gæðingur hennar? Ætlar hún að fara að dæmi fyrirrennara sinna og hlífa sínum mönnum?

Þá minnist jeg þess og, að foringjar og blöð Framsóknarflokksins hafa, og það mjög að maklegleikum, veitst að foringjum Íhaldsflokksins fyrir þröngsýni þeirra og flokkshagsmunapólitík, fyrir það, að Íhaldsfl. hugsaði eingöngu um það, að koma fram hagsmunamálum fámennustu stjettarinnar í landinu, burgeisanna, máttarstólpanna í Íhaldinu. Þeir hafa og sýnt, hvernig t. d. ríkislögreglufrv. var bein tilraun til að tryggja aðstöðu stóratvinnurekendanna til þess að kúga alþýðuna í landinu í kaupdeilum. Ennfremur hafa þeir sýnt fram á, hvernig öll framkoma Íhaldsins í verslunarmálunum gekk út á það, að láta stórkaupmennina halda sem mestu af gróða sínum.

Það skal nú játað, að það hefir ekki borið verulega á því, a. m. k. ekki fyr en nú upp á síðkastið, að núv. stj. gengi erindi þessarar stjettar. En hún hefir komið fram og litið of einhliða á sig sem bændastj. Hún hefir illu heilli að því leyti fetað í fótspor fyrv. stj., að hún lítur aðallega á hag einnar stjettar. Ber fjárlagafrv. þess greinilegan vott, sem og önnur frv., sem hæstv. stj. hefir borið fram. Þar er eins og hún sjái ekkert fólk nema bændurna. Sjómenn og verkafólk yfirleitt virðist fyrir utan sjónderildarhring hæstv. stj.

Framsóknarflokkurinn hefir veitt Íhaldsfl. þungar ákúrur fyrir það, að hann virti ekki þingræði og lýðræði, og eru það mjög rjettlátar ásakanir. En það virðist samt svo í þessu efni, sem íhaldsbuxurnar fari skrambans laglega á framsóknarforingjunum, því enginn hefir fjandskapast eins gegn rjettlátri kjördæmaskipun og hæstv. forsrh. En það er mála sannast, að lýðræðið er hjer ekkert annað en skrípaleikur, meðan núv. kjördæmaskifting ekki er lagfærð.

Þm. Framsóknar og hæstv. stj. hafa oft og einatt vítt fjármálastj. Íhaldsins í atvinnumálum okkar og þá leynd, er hvílir yfir atvinnurekstri þeirra fáu manna, er sölsað hafa undir sig mikið af veltufje þjóðarinnar. Framsóknarforingjarnir hafa oft heimtað rannsókn á atvinnurekstri þessara manna og ráðsmensku þeirra; a. m. k. 2 ráðh. hafa lýst því yfir hjer í hv. deild, að töp bankanna, á þessum mönnum aðallega, mundu nema um 20

milj. kr. Ef nokkur alvara hefði fylgt þessum orðum framsóknarforingjanna, þá átti hæstv. ríkisstj., sem nú er hæstráðandi bankanna beggja, að láta það verða sitt fyrsta verk að gefa út skýrslu um töp og eftirgjafir bankanna, er sýndi, á hverjum hefði tapast og af hvaða orsökum. 20 milj. eru enginn smáskildingur fyrir þjóð, sem telur aðeins 100 þúsundir. Þetta hefir hæstv. stj. ekki gert, svo um þetta veit almenningur alls ekkert ennþá, og jeg efast meira að segja um, að fjhn. Alþingis viti nokkuð þar um. Ætlar nú hæstv. ríkisstjórn ennþá að nota íhaldsbrækurnar og halda hlífiskildi leyndarinnar yfir öllu því og öllum þeim, sem valdið hafa þessum tugmiljóna töpum af fje þjóðarinnar?

Jeg hefi nú drepið á nokkur atriði til þess að sanna orð hv. 1. þm. Reykv., að stj. hafi batnað frá hans sjónarmiði. Það hlýtur þá annaðhvort að vera, að ganglimir hæstv. forsrh. sjeu farnir að rýrna, eða þá að íhaldsbrækurnar hafa víkkað. Það síðara er áreiðanlega ekki tilfellið. Íhaldsbrækur eru ekki teygjanlegar. Því miður held jeg að það fyrra sje nær sanni. En það mundi stórlega gleðja mig, ef ganglimir hæstv. forsrh. færu nú að stælast aftur og hann gæti alveg losnað við þessa íhaldslarfa.

Af því, sem jeg hefi sagt, verður það skiljanlegt, að suðan á þessum eldhúsdegi er ekki sjerlega snörp, heldur sannkölluð moðsuða. Ágreiningurinn er svo nauðalítill. Það er nartað og nuddað um smáupphæðir, svo sem 500, 700 og 1000 kr. ferðastyrki eða starfslaun. En það, sem máli skiftir fyrir þjóðina í heild sinni, minnist enginn á. Alt þetta eldskraf íhaldsins er því innantóm orð, sum stór og ljót, en jafninnantóm fyrir því. Tómahljóðið stafar ekki af því, að syndir stj. sjeu ekki stórar og margar, heldur af hinu, að andstæðingar stj. eru fullkomlega ánægðir með vanrækslusyndir hennar. En vanrækslusyndirnar eru einmitt höfuðsyndir hennar. Þótt hún hafi ýmsar ásetningssyndir á samviskunni, eru þær smámunir í samanburði við vanrækslusyndirnar.

Það var trú ýmsra, er Framsókn tók við völdum, að bætt mundi úr mörgu því, er ábótavant var í opinberu lífi þjóðarinnar, og að tekið mundi verða með meiri festu á málunum yfirleitt. En þetta hefir ekki verið gert, og er það þung ásökun á núv. hæstv. stj. Hún hefir ekki viljað eða ekki þorað að fást við hin stærri málin og hefir virst hálffeimin við að tala um þau. Vil jeg í því sambandi benda á till. okkar jafnaðarmanna um rannsókn á hag og rekstri togaraútgerðarinnar og till. okkar um einkasölu á steinolíu. Það er eins og framsóknarmenn hafi beinlínis verið hræddir við að minnast á þessi mál. Og þó þeir geti ef til vill ekki verið mjer sammála um skipun þessara mála, þá skyldi jeg virða það við þá, ef þeir fengjust til þess að ræða þau og lýsa sinni skoðun á þeim, ef þeir þá hafa um þau nokkra skoðun. Sama er um hæstv. stj. Blöð þeirra eru þó það framsæknari, að þau þora þó að drepa á þessi mál einstaka sinnum.

Þetta eru nú hugleiðingar í sambandi við almennar vanrækslusyndir stj. En svo hefir hún ennfremur vanrækt að gera það, er Alþingi í fyrra

ætlaðist til að hún gerði og beinlínis lagði fyrir hana að gera.

Í fyrra, eftir að stjórnarskiftin urðu og Íhaldið hafði tapað við kosningarnar, var Alþingi stórhugaðra en áður. Það rjeðst í það að gera stórfeldar breyt. á síldarversluninni, þó það að vísu gengi þar allmjög skemra en við jafnaðarmenn hefðum kosið. Þá var og samþ. heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán til að ljúka við byggingu landsspítalans fyrir 1930. Ennfremur var samþ. að byggja útvarpsstöð og skorað á stj. að undirbúa frv. um almennar ellitryggingar. Þá voru og samþ. lög, er heimiluðu hæstv. stj. að taka lán til þess að tryggja sölu veðdeildarbrjefa. Enn var og samþ. að smíða strandferðaskip og byggja síldarbræðslustöð, og að lokum voru gerðar allmiklar breyt. á landsbankalögunum; til hans á að leggja 3 milj. kr. Hvað hefir nú stj. gert í þessum málum? Skal jeg nú víkja nokkuð að framkvæmdum hennar eða öllu heldur framkvæmdaleysi í þessum efnum, þar sem jeg ekki veit til fulls, mun jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stj.

Á fundi í Sþ. síðastl. ár var samþ. þál. þess efnis, að skora á ríkisstj. að nota lánsheimild þá, er hún hafði til þess að ljúka við byggingu landsspítalans fyrir 1930. Nú er þegar búið að leggja í þessa byggingu um 780 þús. kr. Þar af eru 480 þús. frá ríkinu, en 300 þús. úr landsspítalasjóði. En alls er gert ráð fyrir, að spítalinn kosti 1 milj. og 200 þús. kr. Nú eru í þessa árs fjárl. veittar til hans 100 þús. kr. og 60 þús. munu vera óeyddar af síðasta árs veitingu. Vantar þá ennþá 260 þús., svo að hann geti komist upp fyrir 1930. Jeg veit nú að vísu ekki, hvað byggingin er komin langt, en jeg hygg þó, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að verkinu verði lokið fyrir 1930, ef nægilegt fje er fyrir hendi. En jeg vil jafnframt taka það fram, að jeg álít óhjákvæmilegt að byggja jafnframt starfsmannabústað, því það tekur alt of mikið rúm frá sjúklingum, ef starfsfólkið á að búa í spítalanum. Jeg skal ekki tala um þá hagsýni, sem í því felst að láta þessa byggingu standa ónotaða og arðlausa í mörg ár. Hitt er öllum ljóst, enda meira um vert, að þörfin er mikil á því, að spítalinn taki til starfa, bæði vegna sjúklinganna og læknakenslunnar í landinu. Jeg veit ekki, hvort ríkisstj, er samkv. samningum sínum við landsspítalanefndina skylt að lögum að hafa reist hann fyrir 1930, en þó hygg jeg það; en svo mikið er víst, að það er vilji allrar þjóðarinnar, að hann verði kominn upp fyrir það ár. Vil jeg því óska andsvara um það frá hæstv. stj., hvort svo verði eða ekki, og jafnframt átelja, hve lítt þessu verki er hraðað nú, þegar stj. virðist hafa fullar hendur fjár.

Á fundi í Nd. í fyrra var samþ. þál. um að skora á stj. að láta rannsaka, hvað það mundi kosta að koma upp ríkisprentsmiðju. Hefi jeg heyrt hjer við þessar umr., að til þess hafi verið greiddar 1400 kr. Mun það hafa verið hv. þm. Borgf., er hneykslaðist mjög á þessu. En maðurinn, sem fjekk þetta, var reyndar bróðir minn, svo það getur verið, að það hafi valdið gremju og eftirtölum þessa hv. þm. Jeg hefi átt kost á að kynna mjer þá skýrslu, er maður þessi gaf stj., og till. hans. Án þess að jeg fari frekar út í efni hennar, skal jeg geta þess,

að með því að koma þessari prentsmiðju á fót mundi mega spara ríkinu árlega marga tugi þúsunda. Prentunarkostnaður ríkissjóðs mun nú vera í alt hátt á 3. hundr. þús. kr. árlega. Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja, mundi prentsmiðja með um 150 þús. kr. stofnkostnaði geta annað þessu. Það verður því að teljast hreinasta glapræði, ef stj. snýr sjer ekki að framkvæmdum í þessu máli, enda var það tilætlun d. í fyrra. Hvers vegna er skýrslan ekki lögð fyrir þingið?

Þá furðar mig á því, að stj. skuli ekki enn hafa sýnt einhvern árangur af undirbúningi þeim undir fullkomnar ellitryggingar, sem henni var í fyrra skipað að gera. Var þó tilskilið, að hún ljeti leggja frv. þessa efnis fyrir þetta þing. Að vísu hefir verið flutt í Ed. af einum þm. einhver lítilsháttar breyt. á ellistyrktarlögunum, en hún er aðeins kákbreyt. og ekki til hins minsta gagns. Furðar mig á því, að hæstv. stj. skuli ekki vilja stíga þetta spor í mannúðaráttina, skuli ekki einu sinni hlýðnast beinni fyrirskipun um að leggja frv. um þetta efni fyrir þingið. Vona jeg, að hún bæti nú nokkuð úr þessu með því að styðja till. mína um almannatryggingar.

Þá kem jeg að útvarpsstöðinni. Hefir áður komið fram fyrirspurn um þetta mál og hefir hæstv. forsrh. svarað því, að ekki væri hægt að byrja á þessu fyrirtæki vegna þess að ekki væri enn þá búið að ákveða, hvaða bylgjulengd stöðin skyldi hafa. Jeg vil nú ekki beinlínis bera brigður á þetta, en held þó, að það geti varla verið því til fyrirstöðu, að hægt sje að gera meira að undirbúningi málsins en gert hefir verið. Veit jeg fyrir víst, að öllum almenningi er það mikið áhugamál, að stöðin komist upp sem allra fyrst. Tómlæti hæstv. stj. í þessu menningarmáli gegnir hinni mestu furðu.

Og hvað er um lánið til kaupa á veðdeildarbrjefum? Mjer hefir helst skilist á þeim svörum, sem gefin hafa verið því viðvíkjandi, að ekki væri búið að útvega þetta fje enn þá. Stj. vill láta líta svo út, sem hún skilji vel þarfir bændanna fyrir bættum lánskjörum, en hún ætti líka að skilja þörf þeirra, er taka lán úr veðdeildinni. Ugglaust þekkir hún kjör eða rjettara sagt ókjör þau, er lántakendur þar verða að sætta sig við. En þau eru þessi: Veðdeildin lánar yfirleitt aðeins út á h. u. b. ⅓ af húsverðinu. Auk þess eru afföllin af lánum og varasjóðstillagið 12%, svo lántaki fær ekki útborgað nema 88 kr. af hverjum 100, er hann tekur að láni. Verða því raunverulegir vextir nærri 7% p. a. Eftir þessum dýru lánum verða menn að bíða missiri, ár eða jafnvel lengur, meðan sala brjefanna ekki er trygð.

Enn er það strandferðaskipið, sem jeg vildi minnast á. Hefi jeg ekki enn þá heyrt, að byrjað væri á byggingu þess. Er það svo, að hæstv. stj. sje hætt við að byggja það, þvert ofan í yfirlýstan vilja þingsins? Telur hún heppilegra, að erlend skip annist strandferðirnar? Um þetta alt vildi jeg gjarnan fá skýr svör.

Þá er það síldarbræðsluverksmiðjan, sem jeg vildi minnast örlítið á. Hefi

jeg ekki heyrt, að byrjað hafi verið á byggingu hennar ennþá, þrátt fyrir alldýran undirbúning. Mun það hafa verið Jón Þorláksson verkfræðingur, er rannsakaði þetta mál fyrst, gerði áætlun um stofn- og rekstrarkostnað, en eftir því, sem síðar upplýstist, mun hafa orðið hjá honum slysaleg reikningsskekkja, svo að jafnvel munaði 100% á rekstrarútkomunni. Jeg tók ekki eftir því, að hv. þm. Borgf. mintist á þá þóknun, er Jón fjekk fyrir þetta, þegar hann var að telja upp bitlingaaustur stj. Það hefir líkast til fallið niður hjá honum, og það af skiljanlegum ástæðum. En hvað sem þessu líður, þá er það víst, að verksmiðjan verður ekki komin upp fyrir næsta síldveiðitíma. Er það þó hin mesta nauðsyn, því eins og nú er, eru þeir, sem ekki geta saltað síld sína, ofurseldir þeim, er eiga bræðslustöðvarnar. Annaðhvort verða þeir að selja bræðslustöðvunum síldina fyrir það verð, er þær vilja gefa fyrir hana, eða fleygja henni að öðrum kosti. Og síldareinkasalan verður ekki trygð nema bræðslustöð sje stofnsett í sambandi við hana.

Hvað viðvíkur Landsbankanum, þá vil jeg spyrja hæstv. stj., hvort hann sje búinn að fá þær 3 milj., er honum ber samkv. lögunum frá í fyrra. Jeg hefi heyrt mjög ótrúlega sögu um þetta, sem jeg held, að jeg verði að segja hv. dm. En sagan er á þá leið, að ríkisstj. hafi að vísu greitt bankanum í orði kveðnu þessa upphæð, 3 miljónir, en hafi fengið hana að láni hjá bankanum sjálfum. Ef þetta er satt, þá er hjer fundin mjög auðveld leið til þess að útvega bankanum eins mikið fje og hann þarf á hverjum tíma; það er bara að láta bankann lána ríkinu eða sjálfum sjer fjeð. En jeg verð samt að leyfa mjer að efast um gildi þessarar *ágætu(!)* aðferðar.

Hvað veldur nú þessu, að svo miklu minna hefir verið gert í þessum efnum en þingið í fyrra ætlaðist til? Er ríkissjóðurinn tómur? Þó að svo væri, þá afsakar það ekki aðgerðaleysið, því ríkisstj. hefir haft nægar lántökuheimildir og lánstraust erlendis. En ríkissjóðurinn er ekki tómur; ekki er einu sinni sú afsökun fyrir hendi. Samkv. því, er hæstv. forsrh. sagði í fjárl.ræðu sinni fyrir nokkrum vikum, þá var 1½ milj. kr. tekjuafgangur síðastl. ár. Hefði nú tekju- og eignarskattsviðaukinn verið innheimtur í ár, en hann hefir verið áætlaður 400 þús., þá hefði stj. haft 1900 þús. kr. tekjur umfram gjöld til ráðstöfunar á þessu ári og líðnu ári. Með öðrum orðum, þá hefði verið hægt að byggja bæði strandferðaskip og síldarbræðslustöð og jafnvel að ljúka við landsspítalann líka án þess að taka nokkurn eyri að láni. Þá hefði ekki verið eftir nema útvarpsstöðin, og til hennar hefði mátt taka lán, ef ekki yrði afgangur á fjárlögum þessa árs, er nægði til að byggja hana.

Jeg hefi nú að mestu lokið við það, er jeg vildi hafa sagt til hæstv. stj. En jeg vil þó bæta því við, að allra hluta vegna væri best, að óskir þær og vonir, er hv. 1. þm. Reykv. bar fram í fyrradag um áframhaldandi „bata" hjá stj., verði tálvonir. Það yrði bæði Framsóknarflokknum og hæstv. stj. fyrir bestu, og jeg er ekki í vafa um, að það yrði meiri hl. landsmanna fyrir bestu. Stj. verður að láta sjer skiljast, að hún getur ekki verið

beggja vin og báðum trú, hún getur ekki þjónað tveimur herrum, bæði íhaldsherrunum og alþýðu allri. Batnandi stj. í íhaldsaugum er versnandi stj. í augum almúgans. Þjóðin hefir afþakkað íhaldsstjórnina. Hún mun afþakka hverja íhaldsstj., engu síður þótt hún kalli sig framsóknar-bændastjórn.

Hingað til hefi jeg setið hjá við eldhúsumr. En það hefir samt farið svo, að þegar ýmsir hv. þm. hafa verið að skeyta skapi sínu á hæstv. stj., þá hafa þeir jafnframt þurft að hnippa í mig. Sjerstaklega var það hv. 1. þm. Skagf. Hann tók svo til orða í gær, að ríkisgjaldanefndin hefði verið skipuð til þess eins að snuðra um gerðir Íhaldsins. (**MG:** Rjett). Þetta játar hann nú í einfeldni síns hjarta, og fer þá mönnum að skiljast, hvers vegna ríkisgjn. er ekki vel sjeð á ýmsum stöðum. Íhaldinu er ekki vel við, að uppvíst verði um gerðir þess og ráðstafanir ýmsar. En ef alt væri nú hreint hjá þeim hv. íhaldsherrum, hefðu þeir mátt verða fegnir að fá jafntrúverðuga menn og mig og Björn í Grafarholti til að athuga gerðir þeirra og skýra frá sparsemi þeirra og viturlegum ráðstöfunum. Enginn hefir mjer vitanlega borið brigður á það, að skýrsla okkar væri rjett í alla staði. (**JJós:** Jú, blaðið Tíminn). Ætli hv. þm. Vestm. lesi ekki Tímann líkt og ónefnd persóna biblíuna? Íhaldsblöðin, sem sí og æ hafa reynt að rægja og níða nefndina, hafa ekki getað bent á, að neitt væri rangt í skýrslu hennar. Þau hafa sagt, að störf n. væru hjegómi einn, að n. væri gagnslaus, skýrsla hennar væri marklaust hjal og með þessu væri verið að kasta fje ríkissjóðs í Harald Guðmundsson, til þess að hann hefði eitthvað að jeta, og þar fram eftir götunum. Jeg hefi auðvitað látið þetta sem vind um eyrun þjóta og ekki sint því hið minsta. En þetta sýnir, að íhaldið hefir orðið því sárreitt, að birtur var sannleikurinn um fjáraustur þess og bitlingabruðl. Sannleikur, sem það altaf hefir kappkostað að leyna fyrir landsfólkinu.

Jeg var svo óheppinn, að jeg heyrði ekki ræðu hv. þm. Borgf. í gær; hún var víst bæði skörulег og vel flutt, en jeg las útdrátt úr henni í Mbl., og hefi þar sjeð, að hann hefir gert að umtalsefni bitlinga þá, sem hann telur, að núv. stj. hafi úthlutað. Mjer dettur ekki í hug að bera blak af hæstv. stj., en í þessu sambandi tel jeg rjett að minnast lítið eitt á gerðir fyrv. stj. í þessu sambandi, til að sýna, hvernig íhaldsm. fer vandlætingarhjal í þessum efnum. Annars virðist mjer, að hjer hafi verið blandað saman tveim óskyldum hugtökum og að menn hafi ekki gert sjer grein fyrir, hvað það er, sem þeir kalla bitlinga. Jeg lít svo á, að það eitt sje bitlingur, er menn taka kaup án þess að vinna fyrir því. Þegar menn inna verkin vel og dyggilega af hendi, lít jeg svo á, að það fje, sem þeir fá fyrir það, sje kaup, en enginn bitlingur, enda sje þá kaupið í samræmi við vinnuna. Þeir bitlingar, sem blað mitt einkum hefir átalið, eru þess eðlis, að opinberir starfsmenn ríkisins, sem hafa ærið nóg að starfa, eru settir til að gegna allskonar aukaverkum, sem þeir sökum tímaskorts geta ekki leyst vel af hendi án þess að taka tíma frá sínu aðalstarfi í þágu ríkisins. Fá þeir

oft stórfje fyrir þessi aukaverk og halda auk þess óskertum launum. Þannig er því farið með ýmsa þá, sem fyrv. stj. hefir falið endurskoðun á reikningum hinna ýmsu stofnana ríkisins. Endurskoðunin hefir oft verið helbert kák eða alls engin. Mætti t. d. í þessu sambandi benda á endurskoðendurna við Brunabótafjelag Íslands, sem fóru ekki nákvæmlegar yfir reikninga en það, að hægt var að dylja þar sjóðþurð um margra ára skeið.

Skal jeg nú víkja aftur að skýrslu ríkisgjaldanefndar og taka þaðan örfá dæmi um örlæti íhaldsstj. við sína menn. Samkv. henni hefir Einar prófessor Arnórsson fengið greitt af opinberu fje árið 1926:

| | | |
|---|---|---|
| Embættislaun ..... | kr. | 9030,00 |
| og er þar með talin dýrtíðaruppbót. | | |
| Skattstjóralaun ..... | — | 4183,25 |
| Fyrir „Lög Íslands" .... | — | 1500,00 |
| — setu- og varadómarastörf ..... | — | 803,16 |
| — sambandslaganefnd | — | 500,00 |
| — málaflutning .... | — | 66,93 |
| — aukavinnu fyrir stjórnarráðið .... | — | 2575,00 |
| — utan þetta fjekk hann ..... | — | 2500,00 |

úr bæjarsjóði fyrir formensku í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur.

Þetta er gott sýnishorn af launagreiðslum íhaldsstjórnarinnar: Greiðslan fyrir aukavinnu langtum meiri en embættislaunin. Hv. 1. þm. Skagf. sagði m. a.. að hið eina, sem ríkisgjaldanefndin hefði getað fett fingur út í, væru þau „bein", sem skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu hefðu fengið. Rjett er það, að ýmsum greiðslum til þeirra er ekki hægt að gefa annað nafn. Hann (MG) mun einkum hafa átt við þau aukastörf, sem skrifstofustjórinn í dómsmrn. hefir haft með höndum, en líkt er um fleiri. Skal jeg nú gefa yfirlit yfir störf hans og laun, til þess að sýna, að það er ekki að ástæðulausu, sem blað mitt hefir gert þetta að umtalsefni. Launagreiðslur til hans eru þessar 1926:

| | |
|---|---|
| Embættislaun ..... | 9030 kr. |
| Fyrir aukavinnu í stjórnarr. | 2100 — |
| — endurskoðun við áfengisverslunina .... | 2400 — |
| — reikningshald kirkjugarðssjóðs ..... | 3000 — |
| — reikningshald landhelgissjóðs ..... | 4000 — |
| Samtals | 20530 kr. |

Aukabitarnir, sem þessi maður hafði, eru samtals 11500 kr., eða 2500 kr. hærri en embættislaun hans, sem þó eru hæstu embættislaun. Jeg álít, að slíkur embættismaður sem þessi, er hefir afarumfangsmikil og áríðandi störf í sínu embætti, geti ekki haft mörg og mikil aukastörf án þess að vanrækja að einhverju leyti embættisstörf sín, sem þó þola enga vanrækslu. Fjölda fleiri dæma mætti nefna, sem svipuð eru þessu, en þó ætla jeg ekki að gera það, heldur taka 2 smærri spámenn til athugunar, en það eru þeir hv. 1. þm. Skagf. og hv. 3. landsk. Einhver hv. þm. var að tala um það í gær í aðfinslutón, að forsrh. hefði tekið hálf laun fjmrh., en slíkt er ekki einsdæmi. Hv. 3. landsk. tók árið 1926 við þessu fje úr ríkissjóði:

Þingmannskaupi kr. 1987.92, ráðherralaunum auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í 3 mán. kr. 12500.00,

½ risnufje kr. 2000.00 og húsaleigu kr. 1050.00, eða samtals kr. 17537.92.

Hv. 1. þm. Skagf. tók á sama ári, auk ráðherralauna og þingfararkaups, ½ laun dómsmrh. fyrir 6 mánuði og svo kr. 756.50 fyrir embættiseftirlit.

Á þessu ári fekk íslenski sendiherrann í Kaupmannahöfn aftur starf sitt frá 1. júlí að telja, og var honum á því ári greitt úr ríkissjóði: Sendiherra laun í ½ ár kr. 22500.00 danskar, fyrir ráðunautsstörf kr. 3000.00, ferða kostnaður kr. 9561.58, uppbót fyrir húsakaupatjón kr. 10000.00 og fyrir grein í minningarrit Landsbankans kr 125.00, eða samtals 45186.58 kr. og þessar greiðslur eru svo að segja allar fyrir eina 6 mánuði. Ótal dæmi fleiri mætti nefna til að sýna launagreiðslur íhaldsins, en þó mun jeg ekki gera það að þessu sinni, heldur benda að síðustu á það, að 10 embættismenn ríkisins fengu 1926 kr. 240000.00 greiddar úr ríkissjóði, eða 24 þús. kr. hver að meðaltali, en um samin starfslaun þeirra námu ekki nema h. u. b. ⅓ af þessari upphæð. Jeg veit ekki, hvað betur getur sýnt og sannað fjárbruðl, óheilindi og spillingu ráðandi stj. en það, að greiða hálaunuðum embættismönnum sem svarar tvöföldum launum þeirra fyrir að inna af hendi aukastörf, sem þeir komast ekki yfir. Hver getur t. d. látið sjer detta í hug, að nokkur von sje á því, að skrifstofustjórinn í stjórnarráðinu geti leyst öll þessi verk af hendi og gegnt embættisskyldum sínum jafnframt? Og hvað segja menn um það, að hann tæki ríflega borgun fyrir aukastörf á eigin skrifstofu. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að núv. stj. hjeldi áfram uppteknum hætti í þessu efni, og ef það er satt, þá er það stórlega vítavert. Enginn skyldi ætla, að mjer þyki starfsmönnum ríkisins greidd of há laun. Því fer fjarri. Laun flestra þeirra eru mjög skorin við nögl. En það eru ekki láglaunamennirnir, sem fá beinin, heldur einkum þeir, sem sitja í best launuðu embættunum, og auk þess er það óhæf leið, að ætla að bæta launin upp með aukastörfum. Það verður til þess að mest er hugsað um að ná í þau, en minna hugsað um aðalstarfið. Hv. 1. þm. Skagf. drap á „nefndafarganið" hjá hæstv. núv. stj. og helti úr skálum reiði sinnar út af því; en nú skal jeg benda honum á, að flokksmenn hans og sjálfur hann hafa ótæpt skipað nefndir, hálaunaðar mjög. Skal jeg telja upp nokkrar, sem jeg man eftir nú í svipinn, en vil þó aðeins stikla á þeim stærstu, t. d. milliþingan. eins og fossan. og bankalagan., sem kostuðu báðar á 2. hundrað þús. kr., og úttektarn. Landsbankans. Þeir, sem í henni störfuðu, fengu 6000 kr. hver fyrir starf, sem áætlað var, að ljúka mætti af á ca. 2 mán. í mesta lagi, eða sem svarar 100 kr. á dag auk alls kostnaðar. Jeg drep nú á þetta aðeins til þess að rifja upp fortíð íhaldsins og benda á ástæðuna til sultarsöngs þeirra hjer í deildinni. Þeir þrá að hafa fjárhirslu ríkisins handa í millum til þess að gæða sjer og sínum gæðingum á fjenu eins og þeir áður svo óspart hafa gert. Söngur þeirra minnir mig á biblíuljóð eitt, Harmagrát Jeremíasar", söng hins útlæga Ísraelslýðs. Með lítilli breytingu hljóðar hann svo:

Í Babylon við vötnin ströng
við sitjum fullir sorgar,
oss finst hver stundin leið og löng,
langar til Síonsborgar.

Söngurinn er hinn sami og söm er þráin; þeir þrá að ná í valdasessinn og hafa ríkissjóð handa í millum. Þeir sjá ofsjónum yfir „bitum", sem ekki lenda hjá þeim.

Áður en jeg lýk máli mínu vil jeg minnast á það, að mjer virðist íhaldið hafa hálfeinkennilega verkaskiftingu á þessum eldhúsdegi. Hv. þm. Vestm. fann stj. ýmislegt til foráttu, en sneri sjer þó aðallega að áfengisversluninni og rekstri hennar og vítti slælega bannlagagæslu stj. Jeg hefi aldrei heyrt um hann talað sem bann- eða bindindismann, en hv. þm. Borgf., sem er kunnur fyrir hófsemi, bindindi, ó beit á áfengisnautn og sölu, er látinn þegja um þetta; hann er látinn vaða fjármálaelginn, og sjest að vonum yfir alt nema smáupphæðirnar, náms- og ferðastyrki o. þ. h.

Hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. N.-Ísf. eru aftur á móti látnir skammast út af landhelgisgæslunni, hve hún sje skemmilega vanrækt, eins og þeir beri hana sjerstaklega fyrir brjósti. Þetta kemur þeim mönnum einkennilega fyrir sjónir, sem til þekkja og vita, að annar þessara hv. þm. hefir leyft eða liðið skipstjóra sínum að skafa miðin innan landhelgi rjett framundan bæjardyrum núverandi kjósenda hans, og ekki látið skipstjórann fara, þótt dæmdur væri fyrir landhelgisbrot. En hinn hv. þm. kaupir upptæk veiðarfæri fyrir umboðsmann ensks togara, sem var sekur fundinn fyrir landhelgisbrot, svo að sökudólgurinn fjekk þau aftur eftir fáeina daga og gat haldið áfram fyrri iðju sinni á sömu slóðum. Jeg veit ekki, hvort jeg á að kalla það grátlegt eða hlægilegt, að íhaldið skuli hafa valið einmitt þessa menn til að ræða um landhelgisgæsluna og þýðingu hennar og nauðsyn. Það eitt nægir ekki, að tala fagurlega, ef breytnin er gagnstæð. Það er þó ef til vill ekki nema samboðið íhaldinu að láta þessa tvo menn hafa orð fyrir því í þessu máli. Það sýnir ef til vill heilindin. Jeg held, að það hafi verið hv. 1. þm. Reykv., sem skoraði á og bað Framsóknarflokkinn auðmjúklega að taka höndum saman við Íhaldið og ráða niðurlögum jafnaðarmanna, sem hann sagði vera óþjóðlega niðurrifsmenn. Þetta er nú gamli söngurinn, þegar hræðslan við vöxt og þroska jafnaðarmannaflokkanna ærir íhaldið, skorar það á alla, sem vilja „halda í eignarrjettinn", að sameinast gegn hinum „óþjóðlegu jafnaðarmönnum". Alþjóðlegur og óþjóðlegur er hið sama í augum hv. þm. Hann mætti þó vita það, ef hann þekkir nokkuð til alþjóðlegrar samvinnu, að hún byggist einmitt á því, að hver þjóð sje óháð og frjáls og fái notið sín til fulls, alveg eins og þjóðfjelagsheildin byggir á persónulegum þroska og frelsi einstaklinga sinna. Alþjóðleg samvinna er óhugsandi, nema þjóðirnar haldi sjálfstæði sínu óskertu, sjeu allar jafnrjettháir aðilar. Þá stafar þjóðerni þeirra engin hætta af alþjóðlegri samvinnu; þvert á móti, þá er hún þeim hin besta trygging.

Hv. 1. þm. Skagf. tók undir „óþjóðlegheita"-skrafið með nafna sínum. (**MG**: Jeg nefndi það ekki). Jeg þori ekki að fullyrða það, en mjer þykir það trúlegt, að hann hafi gert það. Slíkt er í fullu samræmi við það, að hv. þm. N.-Ísf. og hv. 2. þm. G.-K. tala um landhelgisgæsluna sem sitt hjartans mál. Þætti mjer því ekki ólík-

legt, að hv. 1. þm. Skagf. talaði um föðurlandssástina fyrir hönd síns flokks, því að hann er þjóðkunnur fyrir hana frá því er hann reið til Krossaness forðum. (**MG:** Jeg fór á bát). Förin var jafnfrækileg, hvort sem hann fluttist á skjaldböku eða víkingaskipi. Í öðru lagi sýnir það glögglega þjóðhollustu hans, að hann vann að því af alúð að koma „Shell"-fjelaginu hjer á laggirnar. Það er mitt álit, og þau orð mín skal jeg endurtaka utan þings, að íslenska „Shell" er leppfjelag fyrir enska „Shell" og sett á laggirnar til þess eins að útvega því hin sömu rjettindi og ef það væri íslenskt fjelag. Örugg sönnun þessa er m. a. sú, að það var sett sem beint skilyrði af enska auðfjelaginu fyrir fjárframlagi til stöðvarbyggingarinnar við Skerjafjörð, að stofnað yrði íslenskt fjelag, sem teldist eiga stöðina. Hinn þjóðholli maður, hv. 1. þm. Skagf., brá þá fljótt við til þess að fullnægja þessu skilyrði. Hann kom á laggirnar hlutafjelaginu „Shell á Íslandi", sem talið er að hafi meira en helming hlutafjárins frá íslenskum mönnum, og sem því hefir sama rjett og íslenskt fjelag hjer á landi, en sem jeg verð samt að efast um, að sje íslenskt fjelag í raun og veru.

Annars hefir hinn þjóðholli þm. Skagf. verið skrambi skammsýnn, þegar hann samdi við enska fjelagið, sje mark takandi á orðum hans í fyrra, þegar hann er að svara mjer í umr. um till. mína um einkasölu á steinolíu. Hann segir svo: „Hv. þm. þótti ilt, að Shell-fjelagið skyldi vera íslenskt fjelag og áleit það mjög hættulegt, að íslenskir menn skyldu stjórna því, en hinsvegar ágætt, ef það hefðu verið útlendingar". Þetta og annað eins hefir mjer vitanlega aldrei dottið í hug að segja. Hv. þm. hefir því lagt mjer þessi orð í munn til þess eins að svara þeim.

Svo bætir hann við frá eigin brjósti: „Jeg get ekki haldið, að það sje verra, að fyrirtækið sje undir stjórn íslenskra manna en útlendra, enda fer það, sem hann sagði um þetta, algerlega í bág við það, sem hann sagði að öðru leyti". Hv. þm. tekur svo sem ekki mikið upp í sig. Hann heldur, að það sje „ekki verra", þó að fjelagið sje undir íslenskri stjórn. Þetta mun jeg ekki hafa látið mjer nægja og inti hann því frekar eftir þessu, og þá svarar hann á þessa leið: „Þetta er mesti misskilningur. Útlendingar hafa að vísu lagt fram nokkuð af fje, *en þeir eru alveg útilokaðir frá stjórn fjelagsins*, því að meiri hl. hlutafjárins er íslenskur. Og jeg held því einmitt fram, *að Íslendingar hafi full yfirráð fjelagsins*". Eins og sýnt var fram á í gær, ræður atkvæðamagn úrslitum á fjelagsfundum. En nú hafa útlendingar 198 atkvæði, en Íslendingar aðeins 108. Það er því helber uppspuni hjá hv. þm., er hann segir, að Íslendingar hafi öll umráð yfir fjelaginu; þeir hafa nær helmingi færri atkvæði en útlendingarnir, ráða engu. Óefað hefir hv. þm., sem er lögfræðingur og fyrv. dómsmrh., vitað þetta, er hann ljet hafa sig til að stofna þetta leppfjelag fyrir enskan olíuhring, enda er það í fullu samræmi við þjóðhollustu og skörungsskap hv. 1. þm. Skagf. og þjóðhollustu flokks hans.

Jeg vil nú að lokum enda mál mitt

með þeirri ósk til handa hæstv. stj., að ganglimir hæstv. forsrh. mættu vaxa og stælast, svo að brækur þær, sem hann hefir fengið frá hv. 1. þm. Skagf., mættu rifna til fulls utan af honum. Jeg er fullviss þess, að ef hitt verður ofan á, að hann lagi sig eftir þessari íhaldsflík, haldi áfram að smækka sjálfan sig til þess að rífa ekki buxurnar, þá verður það til þess, að hann skapar flokki sínum, sjálfum sjer og stjórninni vansæmd, og áður en langt um líður fullan aldurtila.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Hv. þm. Ísaf., sem nú settist niður, hóf ræðu sína með hinu sama og hv. 1. þm. Reykv., á því að kvarta. Að vísu ekki um kuldahroll og beinverki eins og hv. 1. þm. Reykv., heldur yfir því, að hann hefði orðið að vaka of mikið. Þessi sami þrældómur hefir nú komið yfir okkur alla, og get jeg fyrir mitt leyti látið ánægju mína í ljós yfir honum, og jeg álít, að maður eins og hv. þm. Ísaf., sem er upp á sitt besta, megi vel við því að standa í dálitlu striti.

Þá kvartaði þessi hv. þm. yfir því, hve illa sjer hefði gengið að komast að til þess að láta í ljós það, sem honum lá mest á hjarta. Jeg get vel skilið þetta, því að það, sem hann þurfti að koma að, var fyndni út af teikningu, sem hv. þm. hafði einhverntíma sjeð í „Speglinum". Jeg get nú látið ánægju mína í ljós yfir því, að hann skuli vera orðinn ljettari að þessu leyti. En hvað snertir myndina í „Speglinum", þá get jeg verið ánægður með hana, því að mjer finst, að það hafi verið rjett hjá mjer að sprengja utan af mjer íhaldsspjarirnar. Það, sem hv. þm. vjek til stj., var um vanrækslusyndir hennar, en um verknaðarsyndir var engar að ræða. Hann byrjaði á að tala um tvær einkasölur, einkasölu á tóbaki og einkasölu á steinolíu. Umr. um steinolíueinkasöluna virðist mjer ekki viðeigandi að fara að innleiða hjer að þessu sinni, þar sem fyrir þinginu liggur þáltill. um hana, sem bráðlega verða greidd atkv. um. Læt jeg því frekari umr. um það mál bíða. En jeg vil minna hv. þm. á, að til þess að tala um ólag á steinolíuversluninni þarf hann ekki að fara svo langt sem alla leið yfir um til mín.

Þá skammaði hv. þm. stj. fyrir að hafa ekkert látið frá sjer heyra um tóbakseinkasöluna, Þessu er því að svara, að stj. hefir þegar gert sitt í því máli, því eins og kunnugt er, kaus síðasta þing, og Framsóknarflokkurinn því eins og aðrir, milliþinganefnd til þess að athuga tolla- og skattamál landsins. Var nefnd þessari meðal annars falið að athuga, hvort ekki megi afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á hátolluðum vörum, eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt. Nú vill einmitt svo vel til, að hv. þm. Ísaf. er sjálfur í þessari milliþingan. og á því að fjalla um þetta. Jeg vil því spyrja hann sjálfan: Hvað líður þessu starfi hans, og hvað segir hann um að taka upp einkasölu á tóbaki?

Þá talaði hv. þm. um, að stj. væri of einhliða bændastjórn. Þetta má vel vera rjett hjá hv. þm. En hann hlaut að vita það fyrirfram, að stj. myndi sjerstaklega styðja bændastjettina, þar sem líka hún sjálf styðst aðallega við

hana. Þetta vissi hv. þm. í fyrra, og hefir því í því efni ekkert nýtt komið fram. Annars býst jeg við, að kjósendur þessa þm. hafi rekið sig á það, að stj. líti á eitthvað fleira en hagsmuni bændanna í landinu, því að jeg veit ekki betur en að stofnað hafi verið til mjög myndarlegs atvinnurekstrar í kjördæmi hv. þm. einmitt fyrir till. frá mjer, og það með svo góðum árangri, að bæði hv. þm. og sjómenn þar vestra eru harðánægðir.

Svo áttum við að hafa spyrnt á móti breyt. á kjördæmaskipuninni. Jeg játa fúslega, að jeg er mjög andstæður miklum breyt. á henni, enda þótt hún að einhverju leyti kunni að vera orðin ranglát, þar sem það er vitanlegt, að hinn mikli fólksstraumur, sem orðið hefir til kaupstaðanna á síðari árum, er fyrir rangláta skiftingu á fjármagni milli atvinnuveganna. Það getur því ekki komið til neinna mála að fara að hlaupa til og breyta kjördæmaskipuninni nú, einmitt þegar sú stefna hefir orðið ofan á, að veita fjármagninu einnig til landbúnaðarins. Jeg álít því, að það sje sjálfsögð skylda þjóðfjelagsins að bíða við og sjá, hver ávöxtur verður af þessari stefnu. Og það er trú mín, að eftir fá ár sjái fólkið nýja þróun í sveitunum, sem sanni það, að þar eigi að vera áfram, eins og verið hefir, aðalþungamiðja hins pólitíska valds í landinu.

Þá talaði hv. þm. með sterkum rómi og lagði mikla áherslu á, að stj. hefði sýnt vanrækslu í því að framkvæma ekki ýmislegt, sem síðasta þing hefði lagt fyrir hana. Út af þessum mikla hávaða hv. þm. vil jeg minna hann á hið fornkveðna, að kýrin mjólkar ekki meira, enda þótt skjólan sje stór. Það, sem hv. þm. taldi stj. fyrst og fremst hafa vanrækt, var útvarpsmálið. Þessu er því að svara, að stj. hefir gert alt, sem frekast hefir verið unt, til þess að flýta fyrir því máli, eins og jeg þegar hefi tekið fram hjer í þinginu, þegar jeg svaraði fyrirspurn hv. 2. þm. Rang. um þetta mál. Málið er því á bestu leið. En það má hv. þm. vita, að slíkt stórmál sem þetta verður ekki leyst í einu vetfangi. Hvert víxlspor, sem stigið er í því í byrjun, getur orðið til þess að valda árekstri og jafnframt ótrú manna á málinu.

Um ellitryggingarnar er það að segja, að undirbúningur þeirra hefir verið falinn þeim manni, sem mesta sjerþekkingu hefir á slíkum hlutum hjer. En þar sem það er mjög mikið verk, og hann auk þess hefir orðið að inna af hendi mikið starf fyrir Landsbankann um leið, hefir honum ekki unnist tími til að fullgera þennan undirbúning. Annars sagði nú hv. þm., að hann myndi fyrirgefa þennan drátt, ef málið yrði tilbúið fyrir næsta þing.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um það, hvort stj. væri snúin í strandferðaskipsmálinu. Lesi hv. þm. frv. það, sem lagt hefir verið fyrir hv. Ed. um stjórn póst- og símamála, þá hlýtur hann að komast að raun um, að við höfum síst breytt skoðun í því máli. Þar er gert ráð fyrir í brjefi, sem stjórnarráðið skrifaði nefndinni, að ríkið starfræki tvö strandferðaskip. Eins og kunnugt er, hefir stj. heimild til þess að taka lán til byggingar á nýju strandferðaskipi, en hún hefir ekki notað þá heimild enn, og ætlar sjer ekki að

gera, nema þá því aðeins, að hægt verði að fá mjög hagkvæmt lán, því að hún er þeirrar skoðunar, að ekki beri að stofna til framkvæmda í landinu með ókjaralánum, eins og stundum hefir átt sjer stað áður. Hún telur slíkt ganga landráðum næst.

Hvað síldarbræðsluverksmiðjuna snertir, þá þarf jeg litlu við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt um það mál. Að undirbúningi þess er unnið af kappi. Það hefir þegar verið ráðinn mjög fær maður til þess að standa fyrir byggingu verksmiðjunnar, maður, sem áður hefir staðið fyrir byggingu slíkra fyrirtækja. Þá hefir og verið sendur út maður, til þess að kynna sjer verksmiðjur og vjelar, beinlínis með það fyrir augum að vinna svo við hina fyrirhuguðu verksmiðju.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar vanrækslusyndir, sem hv. þm. Ísaf. var að víta stj. fyrir. Jeg viðurkenni þær alls ekki.

Að síðustu vil jeg segja örfá orð út af ummælum hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. Reykv. um afstöðu okkar framsóknarmanna til hinna stjórnmálaflokkanna. Okkur er það ljóst, að við erum milliflokkur, höfum annan flokkinn til hægri, en hinn til vinstri. Nú er það hlutur, sem því oft kemur fyrir, að flokkarnir á víxl ýmist skamma okkur eða líta hýru auga til okkar. Við því eigum við að snúast í hvert sinn. Er það fastur ásetningur okkar, sem berum ábyrgð á stjórnarfari landsins, að stýra eftir þeim stefnum, sem við höfum markað og teljum að til mestrar hagsældar megi verða fyrir þjóðfjelagið í nútíð og framtíð, hvernig svo sem augnatillit þessara aðilja er, sem sitja oss til hægri og vinstri.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 13. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Forseti (BSv):** Jeg vil taka það fram, að oss er afmarkaður starfstími í dag, svo að eigi verður háður kvöldfundur. Á hinn bóginn er mjög æskilegt, að lúkast mættu sem flest þeirra mála, er á dagskrá standa. Vildi jeg því mega beina því til hv. deildarmanna, að þeir hefðu þetta í huga og væru bæði gagnorðir og góðorðir í ræðum sínum — það því fremur, sem þeim er á eftir mikill fögnuður búinn að tilhlutun hæstv. fors. Sþ., sem nú hefir aflað mikilla tilfanga, er verða mættu til að gleðja hv. þdm. og aðra.

**Magnús Jónsson:** Jeg kvaddi mjer hljóðs á fimtudaginn kl. 4½ síðdegis, og nú er kominn laugardagur. Jeg hefi nú síðan skrifað niður þó nokkuð marga punkta undir hita orustunnar, sem jeg ætlaði mjer að athuga nánar í ræðu minni. En nú eftir friðarræðu hæstv. forseta, þar sem hann óskaði eftir því, að menn væru bæði góðorðir og gagnorðir, þá verð jeg nú líklega að hverfa frá að halda, eins og jeg ætlaði, 2—3 tíma ræðu, og það hreint ekki með sem vægustum orðum. En jeg ætla nú að verða við tilmælum hæstv. forseta og hlaupa aðeins yfir örfáa punkta, og það með fáum og vægum orðum til þess þó að falla ekki algerlega frá orðinu.

Jeg ætla þá fyrst að víkja fáeinum orðum að hv. þm. Ísaf. Hv. þm. bæði byrjaði og endaði sína ræðu í skraddarafaginu, þar sem hann var að tala um brækur hæstv. forsrh. og hvernig þær færu honum. En brækur hv. þm. sjálfs eru nú alleinkennilegar; þar er sín skálmin úr hvoru efni og sín með hvorum lit. Hv. þm. var bæði með og móti hæstv. stj. Hann rjeðist að vísu af allmiklu forsi á stj., en hvarf brátt frá því og fór að skamma íhaldsflokkinn. Þetta var afareinkennileg ræða. Það var eins og hv. þm. gleymdi því fljótlega, sem hann hafði ætlað sjer, en það var að halda sjónleik með því að þykjast vera að skamma stj. En svo kom það, sem inni fyrir bjó, þegar hann fór að skamma hv. 1. þm. Skagf. og aðra íhaldsmenn. Þetta mun áreiðanlega þykja mjög einkennileg ræða, ef hún sýnir sig í Alþt. eins og hún var haldin. Hv. þm. talaði um það, að stj. væri mótfallin breyttri kjördæmaskipun, og Framsóknarflokkurinn yfirleitt. En þá er það því undarlegra, að þessi hv. þm. og jafnaðarmenn yfirleitt skuli vilja styðja þessa stj. Og það er því undarlegra, sem þetta er frá sjónarmiði hv. þm. undirstöðuatriði allra annara mála. Og þar sem þetta er svo mikilsvert atriði, þá ætti hv. þm. varla að geta verið með stj. vegna þess, hvað sem öðrum málum líður.

Jeg skal ekki mikið fara út í þann „móral", sem lýsti sjer í því, að hv. þm. sagði, að jeg hefði lofað hæstv. núv. stj. Jeg sýndi í ræðu minni, að stj. væri óspilunarsöm á fje ríkisins, ranglát og hlutdræg. Jeg skil ekki „móral" þessa hv. þm., ef þetta er lof.

Jeg skal svo ekki að sinni víkja meira að þessum hv. þm. En jeg geymi þá punkta, sem honum voru ætlaðir. Ef þessi hv. þm. kemst á fætur og lætur sjá sig hjer áður en jeg lýk máli mínu, má vera, að jeg komi að þeim síðar.

Þá var það ræða hv. 2. þm. Reykv. (HV), sem jeg þurfti nokkuð að athuga. En það er nú nokkuð erfitt, þar sem þessi hv. þm. er ekki heldur staddur hjer nú. Þessi hv. þm. er fjórði maðurinn, sem hefir komið fram með drjúgar dylgjur út af fyrirspurn, sem jeg gerði til hæstv. forsrh. út af framkvæmd á tekju- og eignarskattslögunum. En þessi hv. þm. gleymdi nú fljótlega stund og stað og kom með langan fyrirlestur um skattsvik o. fl. Af hlífð við þennan hv. þm. verð jeg helst að gera ráð fyrir því, að þennan hv. þm. hafi verið að dreyma, þar sem hann líka hjelt ræðu sína um hánótt, og haldið að hann væri staddur á bæjarstjórnarfundi eða niðri í Bíó og væri þar að hlusta á fyrirlestur Magnúsar V. Jóhannessonar. Annars þykir mjer betra að svara þessu í sambandi við það, sem jeg þarf að athuga í ræðu hæstv. forsrh. Þá sagði hv. þm., að það fyrsta, sem þyrfti að gera, væri að bæta kjör verkalýðsins. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að kjör verkalýðsins hefðu stórbatnað á síðustu áratugum, og miklu meira en kjör nokkurra annara stjetta. Og þetta er rjett. En það er mjög einkennilegt að heyra hv. jafnaðarmenn tala um bætur á kjörum verkalýðsins. Þær umbætur, sem þeir sjá, eru innifaldar í því einu, að byggja þurfi hús fyrir þá, koma upp ellitryggingum og þess háttar. En þeir sjá aldrei, að sú eina umbót, sem nokkru nemur og að haldi getur komið, er að styrkja svo og efla atvinnu-

vegina, að þeir verði færir um að borga meira kaup. Hitt er altsaman smávegis, sem vel þarf að gæta að og getur komið við hliðina á hinu. En bættur atvinnurekstur er og verður ávalt undirstaðan. Og á því, hvernig tekst að umbæta hann, velta kjör verkalýðsins. Það er því ljóst, hver mótsögn er í því fólgin hjá hv. jafnaðarmönnum, er þeir þykjast vilja bæta kjör verkalýðsins, en vilja hinsvegar koma atvinnuvegunum á knje með óbærilega háum sköttum og koma að öðru leyti fram sem kaldrifja fjendur í garð atvinnuveganna.

Hæstv. forsrh. virtist vera mjög glaður yfir ýmsu í minni ræðu. Það er nú viðurkent, að hæstv. forsrh. er ákaflega vel lyntur, svo vart er nokkuð það til, sem getur komið honum út úr hans góða skapi. Hann er ánægður með alt, og jafnvel það að vera í þessari dæmalausu stjórn. Hæstv. forsrh. var glaður yfir því í fyrra, að hv. 1. þm. Skagf. sagði þá, að hann hefði tvö andlit, og áleit, að þm. með því vildi líkja sjer við þann vitra rómverska guð, sem sá bæði fram og aftur. En hæstv. forsrh. játaði þó, að hv. 1. þm. Skagf. mundi vera farinn að ryðga í goðafræðinni. Skaut þar upp nokkurri sjálfsþekking hjá honum. Nú gladdist hæstv. forsrh. yfir því, að jeg hjelt í upphafi umr., að það væri ekki mikill eldsmatur í þetta sinn. Svo var það í raun og veru, að mjer virtist vera miklu minna um eldsneyti en í fyrra. En eftir að hafa heyrt og sjeð öll þau sprek, sem kastað hefir verið á glæður stj. af ýmsum hv. þm., þá verð jeg að taka það aftur, að minna sje á að taka en í fyrra. Jeg vildi í lengstu lög halda mjer við þá veiku von, að sú „kritik", sem hæstv. stj. fjekk á sig hjer í fyrra, hefði orðið til þess að bæta hana. Og jeg held, að snörp „kritik" frá stjórnarandstæðingunum geti heft hverja stj. frá að gera ýms afglöp. En þessar 30 klt. umr. hafa ákaflega mikið veikt þá trú mína, að stj. hefði farið heldur batnandi.

Jeg vil þá víkja nokkuð að framkvæmd skattalaganna í Rvík.

Það er hinn mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh., ef hann hefir haldið, að jeg væri með fyrirspurn minni að finna að skattstjóranum. Hann er víst mjög duglegur maður; hæstv. dómsmrh. lýsti ætt hans og eiginleikum. En með því er auðvitað lítið sagt. Jeg get vel trúað, að hann sje samviskusamur og skyldurækinn; en jeg leyfi mjer að efast mjög um, að hann sje fremri fyrv. skattstjóra, sem er einn af mestu dugnaðar- og skarpleikamönnum á landinu. Og það er vissulega ekkert last um hinn nýja skattstjóra, þó sagt sje, að hann muni ekki að svo komnu vera eins fær og Einar Arnórsson. Jeg spurði aðeins um lagaheimildir fyrir þessum skýrslukröfum skattstjórans; þær er ekki að finna í útsvarslögunum eða tekju- og eignarskattslögunum, og hvergi annarsstaðar. Ef þetta er eins nauðsynlegt og stj. segir, verður hún að skaffa sjer heimild til að láta gera það.

Mjer var sagt, að hinn nýi fjmrh. (EÁ) hefði svarað þessu atriði í ræðu minni. Jeg hefi fengið skrifaða punkta úr því, sem hann sagði, og skilst, að þó hann talaði ekki lengi, þá hafi hann verið að reyna að koma því inn hjá mönnum, að jeg væri að ganga erindi skattsvikara í Reykjavík hjer

á Alþingi, en mundi þó hafa annað þarfara að gera. En hæstv. fjmrh. hefir ekkert fyrir sjer í þessu. Jeg efa ekki, að í jafnstórum bæ eins og Reykjavík vilji menn ekki taka silkihönskum á skattsvikum. Hví skyldi jeg ekki vilja, að stóratvinnurekendur njer í Reykjavík fengju þann skatt, sem þeir eiga að bera lögum samkvæmt? Jeg vil, að allir fái þann skatt, sem þeim ber. Jeg spurði aðeins um heimildina og held, að stj. hafi látið skattstjórann gera þetta í heimildarleysi. Það er ekki leyfilegt að krefja skattþegna um frekari skýrslu, nema grunur sje um, að ekki hafi verið rjett fram talið. Þegar því allir eru krafðir um viðbótarskýrslu, þá er það sama og að segja, að allar framtalsskýrslur manna sjeu grunsamlegar. Og að strika út allar skuldir, sem ekki er gerð nánari grein fyrir, er sama sem að segja, að allar þær skuldir sjeu upplognar. Þetta kalla jeg ósæmilega framkvæmd laganna. Eftir útsvarslögunum er aftur á móti aðeins heimilt að krefja hvern mann upplýsinga um sinn eiginn fjárhag, en ekki annara manna, sem eiga hjá honum. Hæstv. fjmrh. hefði mátt spara sjer allar dylgjur um það, að jeg gengi hjer erindi skattsvikara í Reykjavík.

Eins er það með úrskurð stj. út af skattsvikum, ef upp komast; þá á að greiða hina sviknu skattupphæð margfaldaða með áratölunni. Þetta brýtur í bág við refsiákvæði tekjuskattslaganna. Samkv. þeim má leggja á þá menn, sem svíkjast undan skatti, alt að 10-faldri upphæð hans; en hjer er í úrskurðinum aðeins farið eftir árafjölda. Hæstv. ráðh. kvað hafa talið þetta vægan úrskurð. Jeg er ekkert glaður yfir því, þó að þessi úrskurður ráðh. sje vægur. Jeg bið ekki um neina vægð; bara um rjettan úrskurð. Þetta mildar ekkert minn hug gagnvart úrskurðinum. Jeg er á móti honum, af því jeg tel hann algerlega rangan. Ut af þessu atriði um tekjuskattinn komst jeg að því að svara ræðu hæstv. fjmrh., en nú sný jeg mjer aftur að hæstv. forsrh.

Hann sagði um nafnafalsanirnar í „Esju"-áætluninni, að það væri að vísu smámál, en þó væri rjett að breyta þeim staðarnöfnum, sem útlendir „kokkar" hefðu sett, til rjetts íslensks máls. En hjer er ekki um afbökuð nöfn að ræða. Ísafjörður er t. d. jafnrjett íslenskt nafn og Skutulsfjarðareyri. Það var miklu meiri ástæða fyrir Norðmenn, þegar þeir voru að koma af höndum sjer aldönskum bæjanöfnum; t. d. eins og ef Reykjavík hefði verið kölluð Kristjánsvík. En hjer hjá okkur er aðeins um að ræða alíslensk nöfn, sem ekki eru sett af dönskum skipskokkum, heldur íslenskum mönnum. Þetta er of mikið hjegómamál til þess að hæstv. ráðh. þurfi að vera að eyða kröftum sínum til þess. Þar sem hann hefir á þessu þingi borið fram frv. um það, að hlutaðeigandi íbúar bæjar- eða sveitarfjelags greiði atkv. um, hvort nafnaskifti skuli fram fara, þá álít jeg það rjetta leið, ef á annað borð er verið að skifta sjer af þessum hjegóma. En það á ekki að breyta staðanöfnum eftir óákveðnu fálmi ráðh., sem „Esju"-áætlunin ber vott um.

Hæstv. forsrh. taldi sjer það til lofs, að hann hefði einu sinni verið með í því að breyta nöfnum manna í fjárlagafrv. og afnema ættarnöfn, en jeg

verð nú að telja það eitt af leiðinlegri hneykslum, sem gerst hafa á Alþingi, að vera að uppnefna menn þannig. Má t. d. nefna Vilhelm Vilhelmsson fyrir V. Bernhöft, Jakob Jakobsson fyrir Jakob Thorarensen skáld, Jón Jónsson fyrir Jón Aðils, Bogi Jónsson fyrir Bogi Th. Melsted, o. s. frv. Jón Aðils hafði þó keypt sitt ættarnafn, og var þannig löglega að því kominn. En þrátt fyrir það þóknaðist hæstv. ráðh. að hafa það að engu og uppnefna hann Jón Jónsson.

Má með sanni segja, að hæstv. ráðh. sje í þessu mjög ólíkur sínum föður. Jeg man eftir því, að maður nokkur, sem var í nöp við hann, fann upp á því að nefna hann Þórhall Björnsson í grein, sem hann skrifaði á móti honum. Jeg minnist þess, að biskupinn sál. svaraði honum aftur með stuttri en skarplega skrifaðri grein, og hjelt því þar fram, að nöfn manna væru löghelguð. (**Forsrh.**: Þar var um breytingu á föðurnafninu að ræða). Já, það var fremur lítilsvert, aðeins munur á stafsetning, og finst mjer mikill munur á því og brjála nöfnum á mönnum og seilast svo í fornhelg staðanöfn í áætlun Esju; á bak við það er að nokkru leyti strákskapur, sem full ástæða er til að átelja.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði, sem jeg skaut fram í fyrri ræðu minni í hálfgerðu gamni, út af hlutdrægni stj. í embættaveitingum, en verð þó nú að athuga það nánar, vegna þess svars, sem hæstv. ráðh. gaf. Jeg gat þess, að jeg hefði heyrt, að það stæði til að veita presti símastjórastöðu. Hæstv. forsrh. svaraði því svo, að hann hefði sjálfur verið símastjóri og prestur í nokkur ár, og skildi jeg svar hans þannig, að þetta stæði til. Ef svo væri, þá er sannarlega ástæða til að minnast betur á það. Vitanlega nær það ekki nokkurri átt að skipa í símritarastöðu ólærðan mann í þeim efnum. Hæstv. forsrh. segist sjálfur hafa verið símastjóri, en gerir ekki greinarmun á því að annast 3. flokks talsímastöð eða símastjórastöðu á ritsímastöð. Starfsfólkið við símann er lakast launaða stjettin í landinu. Eina von símamannanna, sem heldur þeim við starfið, er sú, að þeir kunni að fá betri stöðu síðar. En ef svo á að svifta þá þeirri von og tíðka það, að einhverjir menn, sem aldrei hafa komið nærri símastörfum, fái veitingu fyrir bestu stöðunum við símann, þá er það skiljanlegt, þó að einhverjir verði óánægðir. Þetta nær engri átt, að menn úr öðrum embættum geti komist að slíkum störfum og gert þeim, sem þar hafa setið við lítil laun, erfiðara fyrir að vinna sig upp í þær stöður, sem betur eru launaðar. Jeg fer ekki langt út í samband stjórnarflokksins við sósíalista, sem hæstv. ráðh. kom að í ræðu sinni. Um það verður rætt á öðrum vettvangi, og vona jeg, að hæstv. stj. fái nóg um það að heyra, þegar hún fer að svara til ábyrgðar á gerðum sínum gagnvart kjósendum.

Hæstv. forsrh. er vel fróður í Sturlungu; Mjer dettur í hug það, sem þar er sagt um Böðvar Ásbjarnarson. Var svo talið, að hann rjeði meiru en hinn, sem fyrir var talinn. Var um það sagt í skopi, að hann sæti fyrir aftan hinn á hestinum, en hjelt þó um taumana. — Það er líkast því, sem einhver sitji fyrir aftan hæstv. stj. og haldi um stjórnartaumana.

Þá er jeg kominn að hæstv. dóms-

mrh. Jeg hefi skrifað margt niður hjá mjer honum til andsvara, en jeg ætla að verða við óskum hæstv. forseta og verð því að fella niður að mestu efni svars míns. Hæstv dómsmrh. flutti hjer afarlanga ræðu, — jeg held þá lengstu ræðu, sem haldin hefir verið á Alþingi síðan það var endurreist. Hitt vil jeg ekki um segja, hvort mannorðsþjófar fyrri alda, svo sem Hvamm-Sturla, hafi einhverntíma haldið lengri ræðu.

Hæstv. dómsmrh. hafði hina frægu bláu bók í höndunum. Það er þægilegt og veitir honum sterka aðstöðu að vera búinn að prenta fyrirfram þau gögn, sem hann hefir til varnar sínum málstað. En ekki er að tala um, að andstæðingarnir fái að lesa þennan leynipjesa, fyrri en að eldhúsdegi loknum. Jeg hefi þó sjeð nokkur skjöl viðkomandi ýmsum af þeim málum, sem um hefir verið rætt. En það eru einkum 2 mál, sem hæstv. ráðh. hefir lesið upp úr: „Tervani"-málið, sem ráðh. snjeri upp í „Júpiters"-mál, og svo Shell-málið. En jeg verð víst mjög að stytta ræðu mína, enda eru fáir þm. viðlátnir í d.

Í „Tervani"-málinu tók hæstv. dómsmrh. upp á þeirri einkennilegu aðferð, að í stað þess að sætta sig við dóm hæstarjettar í málinu og forsendur hans, las hann upp skjöl í öðru máli eftir málaflutningsmann, sem hann hefir oft reynt að svívirða, en þurfti nú á orðum hans að halda til varnar sínum málstað. En eins og hv. þm. Borgf. tók fram, þá væri gaman að vita, hvort hæstv. ráðh. vildi taka tillit til orða þessa sama málaflutningsmanns í öðru máli, sem nú er fyrir hæstarjetti. — Jeg hefi hjer útdrátt úr skjölum „Júpiters"-málsins, og sjest á þeim, hversu fráleitt það er að byggja á skjölum málaflutningsmanns í sókn málsins, sem dómurinn sjálfur tók ekki til greina. Það var annars dálítið einkennilegt, að hæstv. dómsmrh. skyldi taka upp vörn fyrir „Júpiter", af því að sjálfur hefir hann svo mikið talað um landhelgisbrot íslenskra togara. Og það var dálítið broslegt, að í þessari sömu ræðu var hann að núa hv. 2. þm. G.-K. því um nasir, að togari, sem hann á, hefði verið tekinn við ólöglegar veiðar í landhelgi í Garðsjó. En hjer stendur einmitt mjög líkt á; togari Kveldúlfs var sýknaður í undirrjetti, en dæmdur í hæstarjetti, eins og Júpiter. Það væri gaman að hafa varnarskjölin í málinu um „Egil Skallagrímsson" og vitna í þau á sama hátt og hæstv. dómsmrh. hefir hjer vitnað í málsskjöl Lárusar Jóhannessonar í Júpíters-málinu. Í máli Egils Skallagrímssonar var aðeins um líkur að ræða, þar sem ekki var fullvíst, hvort það var hann eða annar togari, sem sást í landhelgi; en um Júpiter var ekki að villast; hann þektu allir. Síðan þessir tveir menn fóru að starfa saman hjer á Alþingi, hæstv. dómsmrh. og hv. 2. þm. G.-K., hefir hæstv. ráðh. altaf verið að núa hv. þm. því um nasir, að hann væri einn af eigendum í því togarafjelagi, sem hefði átt þennan landhelgisbrjót. Afstaða hæstv. dómsmrh. gagnvart þessum tveimur málum o. fl. ber vott um þá dæmalausu rjettvísi, sem hann hefir innleitt hjer á landi. Svo langt er hann kominn í þessari iðju, að svo

má að orði kveða, að nú sje ekki til á Íslandi rjettvísi nema innan gæsalappa.

Þá vil jeg minnast lítillega á Shell-málið. Hæstv. dómsmrh. er nú horfinn frá því, sem hann byrjaði á í því máli, og vill nú, að það hverfi fyrir öðru. Hann byrjaði á ábyrgðarlausu hjali hjer á eldhúsdegi í fyrra um, að Englendingar stæðu á bak við þetta mál og að stærð olíugeymanna við Skerjafjörð væri miðuð við það, að veita aðstoð erlendum hernaðarþjóðum hjer við land. Nú er hann hættur að tjalda með þessari yfirvarpsástæðu. Nú reynir hann aðeins að halda því fram, að h/f Shell á Íslandi sje ólöglegt fjelag. Og hæstv. ráðh. vill ekki taka til greina dóm hæstarjettar fyrir því, að fjel. sje löglega stofnað. Síðan sá dómur fjell hefir hæstv. ráðh. farið að rifja upp öll gögn í málinu, til þess að kveða sjálfur upp dóm í því og reyna að ógilda dóm hæstarjettar. Hæstv. dómsmrh. hefir reynt að blása það upp í eitthvert stórmál, að Björgúlfur Ólafsson læknir hafi skorast undan að gefa svör í rjettinum, þegar hann var spurður. En hann þegir yfir því, að dómarinn leyfði honum að skorast undan, og sýndi með því, að spurningar þessar voru óþarfar og málinu óviðkomandi. En ef farið er yfir málið, kemur skýrt fram, hvernig það liggur fyrir. Hæstv. dómsmrh. lætur fyrst fara fram „eftirgrenslan" — líkt og njósnari sje sendur út af örkinni. — Slíkur maður gat varla komið fram nema sem njósnari „prívat". En til þess valdist góður maður, Hermann Jónasson núv. lögreglustjóri í Reykjavík. Hann gaf skýrslu um athuganir sínar, sem var í ýmsum atriðum hrakin með rjettarrannsókn á eftir. Þegar Hermann Jónasson var skipaður til að framkvæma þessa „eftirgrenslan", hefir hæstv. dómsmrh. sjerstaklega ætlað honum að finna eitthvað til þess að rjettlæta fleipur ráðherrans um afskifti erlends valds af Shell-málinu. Í erindisbrjefi því, sem stj. fær Hermanni Jónassyni, dags. 19. jan. 1928, stendur þetta:

„Að lokum er yður falið að rannsaka fjármagn þessara fjelaga og alt, sem bendir til þess, að fyrirtækin væru sniðin eftir þörfum erlendra þjóða, sem fyrir tilverknað þessara fjelaga eða aðstandenda þeirra kynnu að fá of mikil völd yfir atvinnulífi þjóðarinnar, jafnvel svo hættulegt væri fyrir sjálfstæði landsins".

Maðurinn, sem framdi þessa rannsókn, lenti sýnilega strax í vandræðum og komst brátt að raun um, að þetta var ein af hinum alþektu skýjaborgum hæstv. dómsmrh., en af því að honum var sjerstaklega falið að rannsaka þessa hlið málsins, gat hann ekki komist hjá því að minnast á þetta í skýrslu sinni. Hann segir: „Það er oftast talsvert erfitt að skera úr því, hvað menn ætla sjer; hin dýra reynsla verður oft að skera úr því. Svo er um fyrirtæki þessa fjelags; það er erfitt að segja um það með vissu, hvert það stefnir. Þó tel jeg, ef það sannast, að þær ástæður, sem stjórnendur fjelagsins færa fram fyrir stærð olíugeymanna og notkun „tanka"-skipsins, eru ekki á rökum reistar, þá sjeu talsvert miklar líkur fram komnar fyrir því, að eitthvað annað en ódýr rekstur og hagkvæm verslun, miðuð við þörf landsmanna,

búi á bak við stærð fyrirtækisins og fyrirkomulag, því að jeg geri tæpast ráð fyrir, að ætla þurfi, að allir forgöngumenn fyrirtækisins hafi stórlega misreiknað sig. En hvort ástæðurnar, er stjórnendur færa fram, eru á rökum reistar, það verða sjerfræðingarnir á því sviði að segja um".

Þetta er síðasta lífsmarkið með þessari uppfundningu hæstv. dómsmrh., og eftir þetta er allur krafturinn settur á það að sanna, að hlutafjeð væri ekki íslensk eign. Það vita nú allir, hvernig sá leikur fór. Dómur hæstarjettar var á þá leið, að fjeð væri löglega innborgað og hlutafjeð íslenskt.

Jeg vil víkja að því með nokkrum orðum, hvernig skýrsla þessa eftirgrenslunarmanns hæstv. dómsmrh. stóðst rjettarprófin. Þegar hann er leiddur fyrir dómarann til þess að staðfesta skýrslu sína, kemur meðal annars þetta fram í vitnisburði hans: „Vitnið tekur jafnframt fram, að við upplestur skýrslunnar hafi það ekki tekið eftir nokkru því atriði, sem það minnist, að rangt sje haft eftir. Þá tekur vitnið fram, að þar sem standi í skýrslu hans „jeg fjekk þegar þær upplýsingar af samtali mínu við hr. Hallgr. Tulinius, að hlutafjeð væri í raun og veru ekki innborgað" o. s. frv., beri ekki að skilja á þann veg, að hr. Tulinius hafi sagt, að hlutafjeð væri óinnborgað, heldur hafi vitnið dregið þessa ályktun af samtali þeirra, sjerstaklega af þeim upplýsingum, sem komi fram í næstu setningu: „Því hann skýrði mjer svo frá o. s. frv." — Nú er farið að slá úr og í og reyna að útskýra það á allra handa máta, að skakt hafi verið tekið eftir. Þó koma þessi vandræði eftirgrenslunarmannsins enn betur fram síðar í rjettarprófunum: „Vitnið kveður sig minni, að það sje rjett, að það hafi aldrei spurt Björgúlf lækni að því, hvort hlutafjárframlag hans væri innborgað, heldur hafi það annaðhvort spurt um það, hvar hann hafi fengið peningana til þess að leggja í fjelagið, eða hvað miklir þeir hafi verið. Þá minnir vitnið það fastlega, að Björgúlfur hafi sagt, að hann væri ekki farinn að leggja neina peninga fram enn, og þegar vitnið síðan bar það fram, að í tilkynningunni til hlutafjelagaskrár stæði, að hlutafjeð væri innborgað, þá minnir vitnið, að Björgúlfur hefði þau ummæli, að þetta væri bygt á misskilningi vitnisins, því í tilkynningunni myndi standa, að hlutafjeð ætti að greiðast inn, þegar stjórnin krefðist. Þegar þeir þar á eftir ræddu um það, hvar Björgúlfur fengi fjeð, minnir vitnið, að hann (Björgúlfur) hafi notað í samtalinu orðið „mundi" — sagt, að hann „mundi" fá fjeð lánað. Skildi vitnið það þannig, að lánið væri ófengið".

En það er ekki nóg með það, að eftirgrenslunarmaðurinn veiki skýrslu sína með þessum eilífu efasemdum sjálfs sín um, að hann hafi farið rjett með, heldur upplýsist það að lokum ofan á alt annað, að hann hefir **ekki skrifað neitt á staðnum**: „Skýrslu um samtal sitt við yfirh. kveðst vitnið eigi hafa bókað samtímis á staðnum nje skrifað neitt hjá sjer, en tekur fram, að í samtali sínu við hr. H. Tulinius hafi það skrifað nokkra punkta niður hjá sjer, einkum tölur. Skýrsluna um samtalið við yfirheyrða kveðst vitnið

hafa bókað einhvern næstu daga eða sama dag, en getur ekki ákveðið það núna. Vitnið kveðst ekki hafa borið skýrslu sína undir neinn hlutaðeigandi, áður en hann gekk frá henni".

Hæstv. dómsmrh. hefir látið svo mörg og stór orð falla um það, að vitnisburður sjómannanna á „Trausta" væri einskis virði, af því að þeir hefðu ekki skrifað neitt hjá sjer, að mann rekur í rogastans, þegar maður heyrir, að eftirgrenslunarmaður hans sjálfs hafi ekki skrifað neitt niður hjá sjer til að styðja minni sitt við.

Hæstv. dómsmrh. var að lesa upp úr skýrslu eftirgrenslunarmannsins, til þess að reyna að gera Björgúlf lækni tortryggilegan, og því las jeg þetta upp, svo að það sæist, að hlið hans sjálfs er engu síður tortryggileg eða, ef menn vilja það heldur, skýrsla Hermanns Jónassonar, því að hún sýnir greinilega, að hann hefir farið fullangt í því að gera skýrslu sína eftir því, sem hann vissi, að vilji hæstv. dómsmrh. var. Það er alt annað mál, þó að dómarinn neyddi Björgúlf ekki til að svara þeim spurningum, sem lögmaðurinn lagði fyrir hann, enda koma þessar spurningar ekkert málinu við, en sýna aðeins, hvernig harðvítugir málaflutningsmenn beita sjer til þess ýtrasta til þess að ná sjer niðri á þeim, sem yfirheyrður er. Þeir eru vanir að þaulspyrja vitnin, til þess að reyna að setja þau út af laginu og koma þeim í bobba. En dómarinn hefir hjer talið of langt gengið.

Dómur hæstarjettar sýnir, að þetta fjelag er löglegt. Íslenska ríkið setur ýms skilyrði, sem hvert fjelag verður að fullnægja, er hjer vill fá að starfa sem íslenskt fjelag, en hvaðan því koma peningar og hvort þeir eru vel eða illa fengnir, kemur málinu ekki við. Um það hafa engar reglur verið settar. Það hefir farið fyrir hæstv. dómsmrh. eins og veiðimanni, sem hefir mist lax úr neti. Hann ætti því sem minst um þetta mál að tala, því að það verður ekki til annars en að rifja upp ófarir hans sjálfs. Hann ætti að þegja um þessa mishepnuðu árás sína á hv. 1. þm. Skagf. og bíta hana í sig, á sinn hátt eins og hann hefir þagað í hel það, sem hann hafði ofsagt um fyrirætlanir Englendinga í sambandi við þetta fjelag.

Hæstv. dómsmrh. gat ekki setið á sjer að svara því, sem jeg hafði sagt út af gerðum skattstjórans hjer í Reykjavík, og kom honum það þó ekkert við. Það er annars leiðinlegt, að þessi hæstv. ráðh. skuli ekki hafa vit á við kýrnar, sem rata á sinn eiginn bás. Hæstv. forsrh. svarar því einu, sem að honum er beint, en hæstv. dómsmrh. svarar öllu, hvort sem það snertir hann nokkuð eða ekkert. Hann ratar aldrei á sinn bás, þessi hæstv. ráðh.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara að nenna því að tala um kirkjumálanefndina. Jeg held ekki. Hæstv. dómsmrh. fanst það ekki lýsa miklum trúarlegum áhuga hjá mjer, að vilja láta bæta launakjör prestanna. En jeg sný ekki aftur með það, að löggjafarvaldið getur ekkert betra gert fyrir kirkjuna en að bæta svo kjör prestanna, að þeir geti gefið sig alla að starfi sínu. Löggjafarvaldið skapar aldrei spámenn, heita trúmenn eða siðferðislega sterka menn. Sá kraftur verður að koma annarsstaðar að. Alþingi getur aðeins skapað ytri kjörin.

Þá fór hæstv. dómsmrh. að skýra frá afrekum kirkjumálanefndarinnar og gaf það í skyn, að hún hefði fundið upp púðrið á sínu sviði. Taldi hann það fyrst, að hún hefði fundið út, hvernig hægt væri að byggja ódýrt. Það verður gaman að sjá þær till. n., er þar að lúta, en jeg er hræddur um, að þetta reynist hjóm eins og fleira. Því er nú ver og miður. Hvað það snertir að gefa söfnuðunum tækifæri til að losna við þá presta, sem óánægja er með, skal jeg ræða síðar á sínum tíma. En það er tvíeggjað sverð. Það getur orðið til þess, að söfnuðirnir losi sig við óhæfa presta, eins og ætlast er til, en það getur líka orðið til þess, að þeir losi sig við bestu mennina, þá spámenn, sem kunna að vera í prestsþjónustu. Það er ekki víst, að þeir, sem eru djarfastir að reka guðs erindi á jörðunni, komi sjer altaf best hjá meiri hluta manna. Annars svaraði hv. 1. þm. Skagf. hæstv. dómsmrh. vel upp á þessa „skandala"-presta, sem hann var að tala um, og það var ilt, að hann skyldi flytja sína ágætu ræðu í fámenninu kl. 7—9 að morgni, því að hana hefðu sem flestir þurft að heyra.

Hæstv. dómsmrh. tók það sem dæmi upp á óhlutdrægni sína, að jeg ætti mína forfrömun honum að þakka. Um þetta rjettlætisverk hæstv. dómsmrh. er það að segja, að þetta var í fyrsta skiftið, sem ráðh. fór aðeins að hálfu leyti eftir till. viðkomandi deildar háskólans. En þetta er of persónulegt til þess að jeg geti farið að ræða það.

Það er átakanlegt, hversu hæstv. dómsmrh. er glaður, þegar hann fær að tala um fatasnagana í mentaskólanum. Það er alveg eins og hann sje búinn að setja sína eilífu sáluhjálp í veð fyrir þessum snögum. Hann heldur daglega ræður um þá, skrifar um þá hverja blaðagreinina á fætur annari, býður blaðamönnum upp í skóla til að horfa á þá, o. s. frv. Og nú boðar hann nýtt afrek. Hann ætlar sem sje að dubba upp á tugthúsið. Það er hvorki meira nje minna. Fyrst lýsir hann yfir þessu hjer í þinginu, svo ætlar hann að skrifa um það í „Tímann" og síðan væntanlega að bjóða næði blaðamönnum og þm. að koma og horfa á verk sín. En hann ætlar þó ekki að láta gera við alla klefana í tugthúsinu, heldur ætlar hann að láta 1—2 bíða, til þess að bera því vitni, hvernig þetta var í tíð íhaldsstj. Með þessu hefir hæstv. dómsmrh. gefið svo skarpa lýsingu á sjálfum sjer, að enginn getur betur gert. Hann getur ekki látið fara fram aðgerð á einu húsi án þess að setja upp auglýsingu um, hvað hann hefir gert. En nú vill svo vel til, að það er ekki frekar íhaldsstj., sem ber ábyrgð á því, hvernig tugthúsið er, heldur en framsóknarstj., sem á undan henni var. Og varla mun hæstv. dómsmrh. lúka öllu því, sem ógert er enn hjer á landi, meðan hann er við stj., þó að afkastamaður sje. Og ætli honum þætti því rjettmætt, að honum yrði kent um það, sem þá kynni að verða eftir? Jeg efast um það. En hæstv. ráðh. ætti bara að skilja þessa tvo klefa eftir sem dæmi upp á vinnubrögð sín. Hann getur hvort sem er ekkert gert án þess að vera altaf að auglýsa það og hæla sjer. Jeg man ekki betur en að íhaldsstj. hafi dubbað upp á gagnfræðaskólann á Akureyri á sínum tíma, en hins minnist jeg ekki, að hafa sjeð það nokkurs-

staðar auglýst, enda hefir engin stj. fundið upp á því fyrr en nú, að bjóða mörgum vitnum til að horfa á verk sín eða að skilja eftir af verkefnum sínum til auglýsingar.

Tíminn líður óðum, svo að jeg ætla að hlaupa yfir ýmsa punkta, sem jeg hefi skrifað hjá mjer. Aðeins ætla jeg að minnast að lokum á þau ummæli hæstv. dómsmrh., að jeg hafi verið að syngja hræsninni lof. Því fer fjarri, að jeg hafi gert nokkuð í þessa átt, því að jeg álít, að hræsnin sje einn andstyggilegasti eiginleiki, sem nokkur maður getur haft. En hitt er satt, að hæstv. dómsmrh. er svo lágt niðri, að hann nær ekki einu sinni upp í hræsnina. Hlutdrægni hans er svo mikil, að hann nær ekki upp í það að geta skreytt sig með skammaryrðinu hræsnari. (Forseti hringir). Var hæstv. forseti að hringja menn inn í deildina? (**Forseti BSv:** Nei, jeg var að víta síðustu orð þm.).

Rjettvísin hefir vanalega verið mynduð með sverð og vogarskálar. Hjá hæstv. dómsmrh., sem hefir komist svo langt að setja rjettvísina í gæsalappir og er á góðum vegi með að gera orðið dómsmálaráðherra að meiðyrði, hefir aldrei borið á öðru en sverðinu. Hann notar sverðið eitt, heggur og heggur, en hefir alveg gleymt vogarskálunum. Mjer kemur í hug það, sem einn fyndinn borgari sagði, þegar hann hafði heyrt fyrstu eldhúsdagsræðu hæstv. dómsmrh. Það var þetta: Frá Hriflu ertu kominn. Til Hriflu ættirðu aftur að hverfa.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg get lofað hæstv. forseta því að spara mál mitt, því að bæði eru umr. orðnar langar, eins og hæstv. forseti hefir lýst, og svo hafa flokksmenn mínir tekið sumt það fram, sem jeg hefði viljað minnast á.

Það er eðlilegt, að menn minnist á stjórnarfarið, þá einu sinni, sem þeim leyfist að leysa frá skjóðunni, hver frá sínu sjónarmiði. Jeg mun tala út frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna, að sjálfsögðu.

Því ber ekki að neita, að menn bjuggust við stjórnarfarslegum straumhvörfum við síðustu stjórnarskifti, einkum þær stjettir, sem áttu mest undir högg að sækja í tíð íhaldsstj., enda verður því ekki neitað, að að nokkru leyti hefir skift um til batnaðar. Sjerstaklega mega bændurnir hrósa happi yfir þeirri stj., sem nú situr að völdum, því að svo mörg og merkileg mál hefir hún borið fram og leyst til hagsbóta fyrir þá. En því hefir verið haldið fram, að verkamenn hafi ekki verið afskiftir, en jeg verð að segja það, að það eru smámunir einir, sem þeir hafa hlotið til umbóta á sínum kjörum. Fæst af áhugamálum verkamanna hafa verið leyst, eins og hv. þm. Ísaf. benti á. Og mjer virðist, sem nú sje ský á lofti og Íhaldsflokkurinn sje að fá of mikil tök á Framsóknarflokknum til hins verra. Þess hefir kent um of á þessu þingi, að áhrif Íhaldsflokksins eru að aukast í framsóknarherbúðunum og íhaldsmönnum farið að takast að draga úr framgangi þeirra mála, sem verkalýðinn snerta, og jafnvel að hefta framgang þeirra með öllu. Og það eru ekki eingöngu hans mál, sem tafin eru og dregin; það eru einnig mál, sem Framsóknarflokkurinn hefir gert að sínum málum, og við getum viðurkent, að fram gangi, alþýðleg viðreisnarmál,

Jeg þykist ekki þurfa að færa dæmi fyrir þessu, því að það er öllum kunnugt, hve við jafnaðarmenn eigum við þungan mótstraum að etja um mál okkar. En þó að jeg viðhafi þessi ummæli, játa jeg það fullkomlega, að hjá núv. stj. hefir kent meiri velvilja til verkamanna og meiri skilnings í þeim málum, sem verkalýðinn snerta, en hjá fyrirrennara hennar, íhaldsstjórninni. Þess var einnig vænst af öllum frjálslyndum og framfaramönnum í þessu landi. En þrátt fyrir góðan skilning, þykir mjer ljelega fylgt á eftir framgangi málanna. Það var minst á það í gær, að ef til vill væru vanrækslusyndir núv. stj. í garð verkalýðsins fleiri en ásetningssyndirnar, og hygg jeg, að það sje rjett að mestu leyti. Jeg vil í því sambandi minnast á eitt mál, sem verkalýðinn snertir. Í fyrra sótti forráðamaður verksmiðjunnar í Krossanesi um leyfi til þingsins til þess að fá að flytja inn erlenda verkamenn, og ef jeg man rjett, var umsögn þeirrar n., sem um það fjallaði, neikvæð. Nú hefir heyrst, að hæstv. forsrh. hafi leyft verksmiðjunni að flytja inn 20 menn í skjóli þess, að hjer væri um sjerfræðinga að ræða. Kunnugir menn fyrir norðan segja, að þessu sje alls ekki til að dreifa, að um sjerfræðinga sje að ræða, heldur muni þessir menn aðeins verða forstjóranum bægari í taumi og vinna fyrir lægra kaupi en íslenskir menn við slík störf mundu fást fyrir. Ef það er rjett, að enginn nauður reki til að láta verksmiðjuna fá þessa menn, verður að átelja, að hæstv. forsrh. skyldi hafa veitt þetta leyfi. Það er öllum mönnum vitanlegt, að þessi Krossanesherra, sem þar ræður ríkjum, er hinn versti harðstjóri við íslenska verkamenn, og í norðlenskum blöðum hefir því verið lýst yfir þráfaldlega, að hann fari ekki með verkamenn sína eins og mönnum er sæmandi. Mun þetta gert meðfram til þess að íslenskir verkamenn forðist að vinna við verksmiðjuna, og sennilega af meðfæddri harðstjóralund hans við þá, sem vinna, eða jafnvel af drotnunargirni gagnvart fátækum Íslendingum, sem hann auðsjáanlega lítur á sem þræla. Það er því einnig ástæða til að gefa gaum að þessu framferði hans.

Nú hefir þessi sami atvinnurekandi sótt um sömu undanþágu um innflutning á starfsmönnum. Nú vil jeg gera fyrirspurn til hæstv. fors.- og atvmrh. um það, hvort hann sæi sjer ekki fært að neita innflutningi erlendra manna vegna þessarar atvinnu, nema þeirra örfárra sjerfræðinga, sem nauðsynlegir mega teljast, og sem að áliti nefndarinnar eru 7 menn í hæsta lagi. Yfirleitt eru þessi störf ekki vandasöm. Er og rjett, að þessi atvinnurekandi lúti íslenskri löggjöf og kauptöxtum þeim, sem gilda í viðkomandi kaupstöðum.

Í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að gera aðra fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem telja má jafnþýðingarmikla. Eins og kunnugt er, þá hafa þessum norsku síldarbræðsluverksmiðjum verið veitt stórfríðindi með leyfi til að kaupa síld af útlendum skipum, án þess tillit hafi verið tekið til þarfar Íslendinga á sölu síldar til bræðslu. Leyfi þetta var veitt af fyrv. stj. í mjög ríkum mæli og svo að mönnum alment þótti hneyksli að. Nú er leyfistíminn útrunninn, og verða

því þessi fyrirtæki að sækja um leyfi til stj. um að fá leyfistímann framlengdan. Þetta ótakmarkaða leyfi, sem bræðslustöðvarnar höfðu, var mjög vítt á þinginu í fyrra. Þetta mál hefir nú verið lagt fyrir þingnefnd eða þingnefndir og álits þeirra leitað um hvað gera skyldi. Mun stefna þeirra hníga í þá átt, að leyfi verði ekki veitt. Nú hefir verið orðasveimur um það, að leyfið muni verða veitt, en í hvað víðtækum mæli, veit jeg ekki. Nú vil jeg spyrja hæstv. forsrh., hvað hæft er í því. Jeg trúi því þó varla, að þessi orðasveimur sje á rökum bygður, því það liggur í hlutarins eðli, að þar sem engin íslensk verksmiðja er til á öllu Norðurlandi, en útgerðin fer hraðvaxandi og söltun síldar til útflutnings er takmörkuð og góðærið nú gefur vonir um mikla veiði, eins og undanfarin tvö ár, þá er þörf að tryggja það, að hægt verði að selja aflann af innlendum skipum, og eina ráðið er að leyfa sem minst kaup af útlendingum og að landsmenn sitji fyrir sölunni. Þetta er þýðingarmikið atriði. Jeg vil ekki fullyrða það, að innlendu skipin geti í meðalári fullnægt þörfum verksmiðjanna, en þó mun láta nærri, að svo sje, og ef þeim er trygð forgangssala, þá hvetur það til meiri síldarútgerðar. Jeg veit heldur ekki til þess, að Íslendingum sje skylt að láta nein fríðindi til Norðmanna í þessum efnum.

Jeg býst að vísu við, að hæstv. forsrh. muni nefna kjöttollssamninginn. En jeg held, að ef nokkur ákvæði í honum sjeu þessu til fyrirstöðu, þá sjeu þau þó harla ónákvæm og erfitt að finna þau þar, og síst af öllu að þau gefi tilefni til, að slík hlunnindi sjeu látin Norðmönnum í tje og hjer um ræðir. Stj. mun nú hafa takmarkað þetta leyfi í fyrra svo sem unt var. Lengra gat hún ekki gengið þá, vegna þess leyfis, er verksmiðjurnar höfðu frá fyrri stj. Þetta mun hafa verið gert við Goos og dr. Paul á Siglufirði.

Má vera, að orðasveimur þessi sje ekki á rökum bygður og að ekkert sje að átelja, en jeg vænti að fá skýr svör við því.

Þá er eitt mál enn, sem snertir iðnaðarmennina hjer og ríkissjóðinn. Það er landssjóðsverkstæðið svonefnda. Saga þess er sú, að 1910 ljet þáv. stj. og landsverkfræðingur byrja þar að vinna að smíði brúa og skipa. Þessu var haldið áfram, þar til á stríðsárunum. Þá minkaði mjög um framkvæmdir ríkissjóðs við brúargerðir o. fl. En að stríði loknu hófust þær aftur og var þá fyrst í stað unnið þar nokkuð í sambandi við brúargerðir, vita og að einhverju leyti húsagerðir ríkissjóðs. En með árinu 1923 lagðist þessi landssjóðsverkstæðisvinna að mestu niður og var flutt inn á verkstæði einstakra manna hjer í bænum. 1927 var samþ. hjer í Nd. till. um, að hafist yrði handa um að efla þetta verkstæði, svo að ekki þyrfti að sækja til útlanda smíði á því, sem hægt væri að gera hjer á landi í sambandi við vita og brúarsmíði, en bólað hafði á því, að slíkt væri reynt. Nú hefir hæstv. atvmrh. gert nokkra tilraun um, að verkstæðið verði starfrækt í þessu skyni. En svo illa hefir til tekist, að ekki er þar hægt að sinna nema nokkru af þörfum ríkissjóðs, og aðeins til brúa, sem einfaldast má telja. Og um val á forstöðumanninum hefir einnig tekist svo, að hann er ekki lærður járnsmiður, heldur trjesmiður, en vinna þar er næst-

um eingöngu járnsmíði, og þó er nóg til af hæfum mönnum í þeirri iðngrein. Vegamálastjóri og vitamálastjóri kynoka sjer líka við að láta smíða á þessu verkstæði undir stj. manns, sem ekki er iðnlærður járnsmiður. Iðnaðarmenn hafa líka kvartað undan þessu við stj., en jeg veit ekki til, að hún hafi gert neitt til að laga þetta. Hjer getur verið um mikla vinnu að ræða, vegna hinna ýmsu framkvæmda ríkisins. Hefir því nú síðustu árin mestur hluti af smíði brúa, vita og húsagerða, sem ríkið lætur vinna árs árlega og sem skiftir miklum fjárhæðum, verið unnið á verkstæði hjer í bænum, sem íhaldsmenn eru eigendur að. Eru vitamálastjóri og vegamálastjóri báðir meðeigendur í því. Hafa þeir því persónulegan hag af því að láta vinna þetta á sínu eigin verkstæði. Er kunnugra manna mál, að ríkissjóði hafi mátt blæða drjúgum vegna þessa. Hefir heldur ekki verið sú regla að semja um þessa vinnu fyrirfram, og því verðlagt eftir á og eftir eigin geðþótta. Drjúgum mun lagt á þessa vinnu. Kunnugur maður hefir sagt mjer, að 1921 kostaði vinna á tonni af smíðuðu brúarjárni 400 kr. frá landssjóðsverkstæðinu. En nokkru síðar kostaði vinna miðað við sömu þyngd, unnin þá fyrir ríkissjóð hjá vjelaverkstæðinu „Hamri", 1200 kr. Hjer er um mikla starfrækslu og vinnu að ræða fyrir ríkissjóð, og mætti vafalaust spara mikið fje við smíði á öllu því, sem ríkissjóður lætur árlega vinna við verklegar framkvæmdir, með því að gera ríkissjóðsverkstæðið svo úr garði bæði hvað áhöld snertir og starfsmenn. Jeg verð að finna að því, að ekki hefir verið meira gert að umbótum í þessu skyni á þeim árum, sem liðin eru síðan till. var samþ. hjer í hv. deild. Óska jeg þess, að þetta verði athugað rækilega og kipt í betra horf, sem áfátt er í þessu efni, og ríkissjóður firtur þeim óþarfa útgjöldum, sem nú renna til nokkurra íhaldsmanna hjer í bænum í sambandi við smíði brúa og vita og smíði til þeirra húsa, sem húsameistari hefir umráð yfir, og að sjálfsögðu annarar starfrækslu, sem unnin er fyrir fje ríkissjóðs.

Þá er enn eitt mál, sem jeg vil minnast á og þar sem jeg tel, að hæstv. stj. hafi enga búhygni sýnt, en það er salan á e/s Willemoes. Vil jeg beina til hæstv. atvmrh. spurningu um, hvers vegna það var gert. Að vísu hefði verið rjettara að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. En skipið var selt í febr. 1928, og sá, sem þá var fjmrh., er látinn og því ekki til andsvara. Tel jeg því rjettast að beina spurningunni til hæstv. atvmrh. Skip þetta var keypt 1917; þá voru líka skipin Borg og Sterling keypt. Voru lög sett um kaup á skipum þessum. Er mjer því spurn um það, með hverri heimild skipið var selt. Jeg bjóst við, að til þess þyrfti lagaheimild, svo sem er með aðrar eignir ríkissjóðs. En jeg veit ekki til, að slík heimild hafi verið gefin. Hygg jeg, að þetta hafi verið gert án vitundar þingsins; að minsta kosti vissu Alþýðuflokksþingmennirnir ekkert um þá ráðstöfun þegar hún fór fram. Það er spurning, hversu mikill búhnykkur það hafi verið að selja 15 ára gamalt skip, vel lagað til að flytja þungavöru til

landsins og milli hafna. Og mests gróða gat verið að vænta af slíku skipi sem Willemoes var. Það skip skilaði í fyrra 70 þús. kr. í arð til Eimskipafjelags Íslands þá 10 eða 11 mánuði, sem það átti skipið og rak. — Þá er verðið. Það mun hafa verið gert útboð til útlanda, og hæsta boð mun hafa verið 150 þús. kr., hvort það hefir verið í útlendri eða innlendri mynt, veit jeg ekki. En segjum, að það hafi verið ísl. kr. En nú eru til lög, sem banna sölu á skipum út úr landinu, og tel jeg það rjettmæta ráðstöfun, að selja skipið ekki úr landi, úr því nauðsyn þótti bera til að selja það. Skipið er síðan selt hjer innanlands fyrir 140 þús. kr. (**Forsrh.**: Var rjettara að selja það út úr landinu?). Nei, en það hefði mátt selja það hjer fyrir það hæsta verð, sem í það var boðið. Og þetta er vitanlega mjög lágt verð, þegar tekið er tillit til, að á skipinu græddust 70 þús. kr. á einu ári. Og hefði það verið rekið í tvö ár áfram með sama árangri, þá hefði það verið búið að borga þetta verð með ágóðanum, því líkur eru til, að skipið skili ekki minni arði í ár en í fyrra samkv. skoðun framkv.stj. Eimskipafjelags Íslands. Er þá fjelagið búið að fá skipið greitt á 2 árum, en samkv. samningum við ríkissjóð á skipið að greiðast á 10 árum. Jeg vil bæta því við, að frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna á ríkið að eiga sem flest skip, og að minsta kosti að selja ekki þau skip, sem það hefir eignast og reka má með hagnaði. Enda hefir nauðsyn þess verið viðurkend í þinginu með samþykt um smíði nýja strandferðaskipsins. Skal jeg víkja nánar að því. Stj. var í fyrra, samkv. ósk hennar sjálfrar, gefin heimild til að byggja strandferðaskip. Var það gert með það fyrir augum, að sú heimild yrði framkvæmd. En af hverju hefir það ekki verið gert? Að vísu sagði hæstv. atvmrh., að stj. hefði ekki viljað taka til þess okurlán. Jeg skal ekki segja um, hvort hún hefir þurft þess. Hagur ríkissjóðs um áramótin benti þó ekki til slíks. En jeg veit, að þörfin fyrir skipið er brýn. Þannig fóru t. d. 300 smál. af vörum í einni ferð með Nova til Vestur- og Norðurlandsins frá Reykjavík nú fyrir stuttu, sökum þess, að öll íslensku skipin gátu ekki tekið þessar vörur. Er leitt að þurfa að verða að nota erlend skip til flutninga hjer á milli hafna.

Stj. fól Nielsen framkvæmdarstj. að gera teikningu af skipinu. Hefir hún legið í stjórnarráðinu síðan á síðastl. sumri án þess neitt hafi verið gert frekar í því máli. Alt var undirbúið til þess að bjóða verkið út. En nú hefir heyrst, að komin sje fram önnur hugmynd um gerð skipsins, bráðabirgðateikning gerð af einum starfsmanni Eimskipafjelagsins. Er sú teikning þannig, að sögn kunnugs manns, er hefir sjeð hana, að hún gerir gerð skipsins alt aðra en þá, sem fulltrúi stj., E. Nielsen, hefir látið gera teikningu að. Sú hin nýja teikning er sögð að vera 25 ár á eftir tímanum að ýmsu leyti. T. d. er gert ráð fyrir 8 mílna hraða á vöku o. s. frv. Jeg veit nú ekki, hvað fyrir hæstv. ráðh. vakir með þessu, Hvort hann ætlar nú að aðhyllast þessa nýju hugmynd með öllum hennar göllum, sem á henni kunna að vera, eða teikningu þá, sem fulltrúi stj., E. Nielsen, hefir lagt fram. En samkv. henni fengjum við að mörgu leyti dágott skip, þó sá galli

fylgi, að skipið myndi verða of lítið. Nú er það álit þeirra manna; er mesta reynslu og kunnugleik hafa, að þetta fyrirhugaða skip þurfi að vera stærra en Esja, vegna sívaxandi flutningsþarfa, og að það sje gert með það fyrir augum, að útlend skip taki ekki fólksflutninginn frá íslensku skipunum. Hvað kostnaðarhliðina snertir, þá myndi skipið kosta eftir teikningu Nielsens hverfandi lítið meira en það skip, sem nú er verið að hugsa um, þótt það sje hugsað nokkru minna. Mismunurinn sagður að vera 5 þús. danskar krónur. Fyrir það eitt tel jeg ekki gerlegt að breyta um og fá máske minna og á ýmsan hátt óhagkvæmara skip í staðinn.

Þá vil jeg minnast örlítið á það eftirlit, sem er á innflutningi verkafólks hingað til lands. Jeg skal þó ekki ávíta mjög hæstv. atvmrh. vegna þessa, því lítið mun hafa verið hugsað um þetta áður. Í nágrannalöndum okkar eru víða ströng ákvæði um þetta. Svo er það t. d. í Bretlandi og Noregi. En hingað getur hver sem vill komið og setst hjer að og stundað atvinnu, þótt enginn sjerfræðingur sje. Hvaða útlendingur sem er getur komist hjer í atvinnu, enda þótt atvinnuleysi ríki hjá íslenskum verkalýð. Þetta eru sjómenn og menn, sem gera allan þremilinn hjer og þar, án þess nokkuð sje við því sagt.

En það var að mig minnir í þinginu 1923 gert ráð fyrir að setja reglugerð um þetta efni, en hún er ókomin enn. Að vísu voru á þinginu 1927 sett lög um rjett erlendra manna til atvinnu hjer á landi, en með þeim er þó fullangt gengið um að veita erlendum mönnum vinnu. Með þessu, sem jeg hefi nú sagt, vildi jeg aðeins benda hæstv. atvmrh. á það, að ástæða sje til að hafa fyllra eftirlit með þessu en verið hefir.

Þá verður það og að telja vanrækslusynd hæstv. atvmrh., hve mjög hefir seinkað byggingu síldarverksmiðjunnar á Siglufirði. Jeg held, að þetta hefði þótt næsta hægfara, ef um einstaklingsframtak hefði verið að ræða, sem engin ástæða er til að lofa. Ef hæstv. stj. hefði gengið hjer skörulega að verki, þá hefði verksmiðjan átt að vera komin upp og taka til starfa í byrjun síldveiðitímans á sumri komanda. Og það er þessi dráttur um byggingu verksmiðjunnar, sem jeg sje ástæðu til að víta. Um fyrirkomulag þessa rekstrar ætla jeg ekki að ræða, en vil þó aðeins segja, að það er ekki í anda okkar jafnaðarmanna að hverfa frá því sjálfsagða takmarki, að ríkið hafi rekstur þessa fyrirtækis í sínum höndum. En sem sagt, út í það ætla jeg ekki að fara að þessu sinni. Jeg held, að að viðbættu því, sem flokksmenn mínir hafa talið hæstv. stj. til syndar, hafi jeg þá lítið eitt meira að segja að þessu sinni. Fleira væri þó hægt að tína til.

Jeg hefi viðurkent, að borið hefir meira á velvilja í garð hinnar vinnandi stjettar á landinu hjá þessari hæstv. stj. en menn hafa átt að venjast hjá undanförnum stj. En verkalýðurinn lítur líka svo á — og það með fullri sanngirni —, að sú stj., sem styðst við atkv. alþýðufulltrúanna á þingi, ætti að taka tillit til alþýðu og málum hennar vegna betur en nú eru horfur

á. Landbúnaðurinn, eða þeir, sem hann stunda, þurfa síst að kvarta, enda hefir hæstv. stj. sagt, að hann væri stóra barnið, sem ganga ætti á undan um alla hjálp og rjettarbætur, og það yrði smáa barnið að skilja og fyrirgefa. En nú hafa á þessu þingi verið stigin svo stór stökk til viðreisnar landbúnaðinum og til þess að rjetta hlut bænda, að verkalýðurinn, sem er fjölmennasta stjett landsins, á nú heimting á, að hæstv. stj. fari að vilja hans og fari að sinna málefnum hans meira en verið hefir. Og á því velta lífskjör verkalýðsins eins og nú stendur, hvernig hæstv. stj. snýst í þeim málum.

Hæstv. atvmrh. fórust orð eitthvað á þá leið, að engin stjett í landinu hefði fengið kjör sín jafnvel bætt eins og verkalýðurinn, og veit jeg satt að segja ekki, hvernig hann eða aðrir, sem sömu skoðun halda á lofti, fara að því að finna slíkum orðum stað. Það er vitanlegt, að samtök verkalýðsins hafa skapast síðasta mannsaldur, en eru þó harla skamt á veg komin, þegar borið er saman, hvað verkalýð nærliggjandi þjóða hefir orðið ágengt með sínum samtökum. Þar erum við langt á eftir, Íslendingar, eins og í svo mörgu öðru.

Og ef bera á saman þann rjett, sem verkalýður okkar hefir öðlast til þess að bjarga sjer, við sumar aðrar stjettir í landinu, þá þolir það engan samanburð. Í atvinnulífi þjóðarinnar hefir orðið sú bylting síðustu áratugina, að sumir atvinnurekendur eru, frá því að vera bjargálnamenn, orðnir stóreignamenn. Iðnaðarmannastjettin hefir líka komið svo vel ár sinni fyrir borð, að hún stendur fyllilega á sporði samskonar stjettum í nágrannalöndunum hvað efnahag og aðra vellíðan snertir. Og sama er um verslunarmannastjettina að segja, að hún hefir fengið kjör sín stórum bætt, samanborið við verkalýðinn.

Verkamenn verða að vinna nótt með degi. Skylduvinna er oftast 10 stundir í sólarhring, en oft verða þeir líka að vinna allan sólarhringinn samfleytt á þeim tíma árs, sem mest er að gera, sem að jafnaði er stuttur. Hinn tímann verða þeir að ganga heila og hálfa dagana leitandi eftir vinnu, fáandi ekki neitt oft og tíðum. Af þessu verður því sjeð, að rjettarbætur verkamönnum til handa eru skamt á veg komnar, og virðist mjer þá nokkuð mikið sagt, að kjör verkamanna sjeu orðin það góð, að ekki þurfi að bæta þau. Jeg gat ekki látið vera að minnast á þetta út af þeim orðum, sem fjellu frá hæstv. atvmrh. Geri jeg ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi mælt þetta af ókunnugleika á kjörum verkamanna og afkomu verkalýðsins yfirleitt.

Jeg fer nú að slá botninn í þessa ræðu, enda sje jeg, að hv. þdm. muni vera farnir að hugsa til matarins.

En þar sem reynslan hefir sýnt, að framsæknar og frjálslyndar stjórnir í öðrum löndum hafa jafnan tekið tillit til jafnaðarmanna og hafa ekki sjeð sjer annað fært á meðan þeir hafa ekki bolmagn til þess að mynda stjórn, þá verður að heimta það af framsóknarstjórn okkar, sem telur sig styðjast við frjálslynda menn, að hún vinni að umbótum verkalýðnum til handa og vilji ekki eingöngu ganga erindi þeirra, sem efnaðri eru. Og þó að sumt af þeim umbótamálum yrði að gerast á

kostnað efnamannanna, þá má hæstv. stj. ekki hika við að stíga það spor verkalýðnum til hjálpar, jafnvel þó að það ljetti eitthvað pyngju hinna, sem orðið hafa ríkir á kostnað verkalýðsins í landinu, sem þeir hafa getað skamtað lífskjör eftir eigin geðþótta, á kostnað þess þjóðskipulags, sem við lifum undir. Með því móti getur hún væntst að fá hlutleysi verkalýðsins framvegis í stjórnarsessinum.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. Hann var eiginlega sjerstaklega hógvær og beindi ekki öðru til mín en smáaðfinslum út af frv. um nöfn bæja og kaupstaða og nafnabreytingunum í Esjuáætluninni. Jeg verð að segja, að jeg taldi mig vera þarna í mjög góðum fjelagsskap, þar sem jeg hafði heimspekideild háskólans mjer við hlið, og hún var öll samþykk þessu „nafnafalsi", sem hv. þm. kallar. Hvað því viðvíkur, að jeg hefði átt að halda trygð við guðfræðideildina og leita heldur umsagnar hennar, þá hafði jeg nú í þessu tilfelli meiri trú á heimspekideildinni og hjelt mig því við hana.

Hv. 4. þm. Reykv. þarf jeg fáu að svara. Hann sagði, að núv. stj. hefði gert meira fyrir bændur en verkamenn, og kann það rjett að vera. Núv. stj. hefir það hlutverk fyrst og fremst að reisa við landbúnaðinn, en hefir jafnframt sýnt verkamönnum fulla sanngirni, og mun áreiðanlega halda því áfram. Stj. hafa borist tvenskonar umsóknir frá verksmiðjunni í Krossanesi, önnur um innflutning verkamanna og hin um kaup á síld. Hvað innflutningi verkamannanna viðvíkur, þá hefir stj. ekki gert þar neitt nema í góðu samkomulagi við menn, sem standa mjög nærri hv. 4. þm. Reykv., og ætti honum því að vera vel kunnugt um þetta atriði. Hin umsóknin, um það að leyfa verksmiðjunni að kaupa síld, um hana er það að segja, að málið var lagt fyrir hv. sjútvn. og hún svaraði með brjefi, sem endaði með svofeldum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti telur nefndin, að hjer sje um mál að ræða, sem öllu fremur heyri undir utanríkismálanefnd en sjávarútvegsnefnd".

Þetta gat stj. fallist á, að væri rjett, og átti því tal um þetta við utanríkismálanefnd, eins og sjálfsagt var. Hv. 4. þm. Reykv. hefir sjálfur undirritað brjefið sem ritari hv. sjútvn., og ætti honum því að vera mætavel kunnugt um allan gang málsins.

Um landssjóðsvinnustofuna er það að segja, að stj. hefir látið smíða þar margt eða alt af þeim brúm, sem nú er verið að gera. En annars hefir stj. á þessu sviði á prjónunum víðtækar breyt., sem síðar munu verða kunnar.

Um söluna á Willemoes þarf jeg ekki margt að segja. Jeg býst við, að ekki verði vjefengt, að full heimild hafi verið til þess að gera þetta, og á þá að átelja þingið sjálft fyrir söluna, en ekki stj. Skipið var í olíuflutningum, sem nú eru lagðir niður af stj. hálfu, og auk þess er nú orðin sú breyt. á þeim flutningum, að skipið er orðið með öllu óhæft til þeirra hluta, vegna tankanna. Það er gamalt og ekki sniðið eftir kröfum nútímans í þessum efnum. Þó að ef til vill hefði mátt fá hærra verð fyrir það erlendis, þá var

það skoðun stj., að ekki gæti komið til mála að selja það út úr landinu, ef nokkur möguleiki væri á því að láta það sigla áfram undir íslenskum fána sem íslenskt skip með íslenskri skipshöfn. Var mjög vel við eigandi, að Eimskipafjelagið tæki þetta skip, og var öll stj. samþykk þessari ákvörðun og einnig því, að láta fjelagið fá góð kjör. Nú siglir skipið áfram undir íslenskum fána og íslenskir menn vinna á því, og mun öllum það vel líka, enda kom það fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að hann vildi alls ekki láta selja skipið út úr landinu.

Hv. þm. spurðist fyrir um strandferðaskipið nýja. Þar er því til að svara, að ein teikning hefir legið í stjórnarráðinu síðan í sumar, en í október í haust kom uppástunga um aðra teikningu, og það er sú teikning, sem hv. þm. segir, að sje 25 ár á eftir tímanum. Nielsen framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins hefir látið uppi álit sitt um þær, og leggur hann mjög mikið á móti annari þeirra, þeirri, sem síðar kom.

Hvað innflutningi á erlendum mönnum viðvíkur, þá hefir stj. tekið upp þann sið, að snúa sjer til þeirra manna og fjelaga, sem eiga hagsmuna að gæta á því sviði, og leita umsagnar þeirra. Ef um iðnaðarmenn er að ræða, og það er það algengasta, þá er farið til iðnfjelaganna, en ef það eru algengir verkamenn, þá til Alþýðusambands Íslands. Þurfi að endurskoða löggjöfina um þetta mál, þá er jeg reiðubúinn til samvinnu við hv. 4. þm. Reykv. og aðra um það.

Við síldarbræðsluverksmiðjuna vill stj. hafa sem bestan undirbúning. Kostnaðurinn verður sennilega kringum 1 milj. kr. til þess að byrja með, en ennþá er ekki búið að ganga frá þeim lánum, sem til þarf. Stj. er samt búin að ráða menn til þess að standa fyrir verksmiðjunni, og er það gert í þeirri fullu vissu, að úr þessu geti orðið.

Núv. stj. er það fullkomlega ljóst, á hvern hátt og eftir hvaða mælikvarða fulltrúar verkamanna dæma verk hennar og framkvæmdir. Út af aðstöðu þessara manna er það auðsjeð, að leiðirnar hljóta að skiftast að meira eða minna leyti fyr eða síðar og hvor flokkur fari sína leið, og við sjáum til, hvenær það verður.

**Jóhann Jósefsson:** Hæstv. forseti (BSv) mælti hjer í þessari deild nokkur orð til hv. þdm. í morgun um það, að best væri að menn lengdu ræður sínar ekki um of, svo að hægt væri að hraða eldhúsverkunum sem mest, og er auðvitað sjálfsagt að taka tillit til þessara orða hans. Þar sem hæstv. forseti nú er í stjórnarflokknum, og hann talar eflaust fyrir munn hans, þá finst mjer rjett að benda á það, að af hálfu hæstv. stj. og hennar fylgismanna hefir ekkert verið reynt til þess að stytta umr., nema síður sje. Hv. 1. þm. Reykv. bar t. d. fram fyrirspurn til hæstv. forsrh., og hæstv. forsrh. svaraði henni mjög skýrt og greinilega, en svo halda báðir hinir ráðh. langar ræður um þetta efni, og síðan kemur heill fyrirlestur um sama efni frá hv. 2. þm. Reykv., sem jeg að sjálfsögðu tel til fylgismanna hæstv. stj. Jeg vildi benda á þetta til þess að sýna, að það eru ekki einasta við stjórnarandstæðingarnir, sem höldum hjer uppi umr., heldur hinir ekki síður, og er þá sökin beggja. Svar hæstv. for-

srh. var alveg fullnægjandi, svo að þetta var alveg óþarfi.

Síðan jeg hjelt mína fyrri ræðu hjer á þessum eldhúsdegi, hafa þrír jafnaðarmenn tekið til máls. Það virðist svo, að þeir vilji að nokkru leyti átelja hæstv. stj., en um leið skora þeir á hana að fylgja nú enn betur fram stefnu jafnaðarmanna en áður. Sá fyrsti þeirra, hv. 2. þm. Reykv., byrjaði á því að þakka hæstv. stj. fyrir að koma málum jafnaðarmanna í gott horf. Síðan taldi hann upp síldareinkasöluna, vökulögin, samvinnufjelag Ísfirðinga og skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í 2 kjördæmi. Þetta tók hv. þm. sjerstaklega fram, að hún hefði gert fyrir jafnaðarmenn. Jeg minnist þess núna, að þegar skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu var hjer til umr. í fyrra, þá ljet hæstv. forsrh. uppi þá skoðun, að skifting kjördæmisins snerti hag bænda, væri hagsmunamál þeirra og fyrir þá gerð, og að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi væri líka gert fyrir bændur í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Nú stendur hv. 2. þm. Reykv. upp og þakkar fyrir þessa lagasetningu og segir, að hún sje gerð til þess að þóknast jafnaðarmönnum. Þetta finst mjer benda á það, að hæstv. stj. hafi slegið hjer tvær flugur í einu höggi, þar sem hún gerir bændum í Gullbringu- og Kjósarsýslu þennan mikla greiða, og fær svo þakkir frá jafnaðarmannaforingjanum, hv. 2. þm. Reykv., hjer í deildinni fyrir vikið. (**LH:** Hann vanþakkar um leið). Já, hann vanþakkar sumt og gleymir sumu. Þar sem hv. þm. V.-Sk. segir, að hann vanþakki um leið, þá á hann sennilega við þá ótalmörgu bitlinga, sem jafnaðarmenn hafa fengið í tíð núv. stj. bæði innan þings og utan. Hv. þm. hefir þótt það vanta, og jeg tek undir það með honum. Þetta er einmitt tækifæri til þess að þakka. Nú verða jafnaðarmenn að þakka fyrir öll þau bein, sem þeim hafa fallið í skaut. Hv. 2. þm. Reykv. þakkaði fyrir Hafnarfjarðarkjördæmið og sagði, að jafnaðarmenn hefðu þegið það frá framsóknarmönnum, en hann gleymir öllu hinu. Nú býst jeg við, þegar bæði jeg og hv. þm. V.-Sk. höfum bent honum á þetta, að hann bæti úr þessu næst. Um þessa bitlinga er það að segja, að einum flokksbróðurr hv. 2. þm. Reykv. í mínu kjördæmi var farið að ofbjóða þetta svo mjög, að hann kom fram með till. á þingmálafundi þar austur frá um það, að þm. væri bannað að taka við bitlingum af hæstv. stj. Hv. þm. Ísaf. er sannkallaður bitlingafræðingur þingsins. Hann hefir haft laun fyrir að athuga bitlinga og samið skýrslu um þetta starf sitt, sem svo hefir verið notuð til árása á fyrv. stj. Í þessari skýrslu sinni telur hann upp ýmislegt, og þar á meðal borgun til afgreiðslumanna Eimskipafjelagsins. Hann reynir svo að telja hinum óþroskaðri hluta flokksbræðra sinna trú um, að þetta sjeu ríkisgjöld, og afgreiðslumennirnir hafi þegið bitling. Þetta hefir haft þau áhrif, að einn flokksbróðir hv. þm. Ísaf. hefir haldið því fram í blaði, að jeg og annar maður til í Vestmannaeyjum höfum þegið bitling, þar sem við erum afgreiðslumenn Eimskipafjelagsins þar. Þetta nær vitanlega engri átt.

Hæstv. dómsmrh. kemur ekki enn í deildina, en nú er ekki hægt að teygja tímann lengur með að bíða

eftir honum, og verð jeg því að svara nokkrum atriðum í ræðu hans út af áfengisversluninni.

Jeg verð að minna hæstv. ráðh. á, að í ádeilu minni út af afskiftum hans af áfengisversluninni var jeg ekki að bera hönd fyrir höfuð þeirra starfsmanna verslunarinnar, sem til brottrekstrar höfðu unnið, heldur hinna, sem saklausir voru sviftir atvinnu sinni. Þá vil jeg sömuleiðis minna hæstv. ráðh. á, að jeg var ekki að bera í bætifláka fyrir hinar miklu útistandandi skuldir eða aðra óreiðu, sem kann að hafa verið á versluninni, heldur var jeg að benda á, hversu mjög hæstv. ráðh. var hlutdrægur í öllum sínum afskiftum af versluninni, þegar hann þóttist vera að hreinsa þar til, þar sem hann ljet þá sitja í stöðum sínum, sem mest höfðu gert sig brotlega. Hæstv. ráðh. mintist á, að fyrir nokkru hefði komið fram frv. í Ed. um skifti á forstjóra við áfengisverslunina, en að frv. þetta hafi verið felt. Þetta mun rjett vera, og jeg minnist þess, hve mikla áherslu hæstv. ráðh. lagði á það, meðan hann var aðeins þm., að koma Mogensen fyrv. forstjóra áfengisverslunarinnar frá stöðu sinni. Aftan í frv. þetta var hnýtt tollhækkun á vínanda til meðala, og átti sú hækkun víst að ginna bindindismenn þingsins til fylgis við það, en eigi að síður var frv. felt, og hin fyrirhugaða tollhækkun komst ekki á. Hinu takmarkinu, að koma Mogensen frá áfengisversluninni, hefir hæstv. ráðh. nú náð, en þó með því móti að kaupa hann frá stöðunni með því að veita honum lyfsalaleyfi hjer í Reykjavík. Þegar hæstv. dómsmrh. og sumir flokksmenn hans hafa stundum verið að tala um eyðslu, hafa þeir haldið því fram, að á sama stæði, hvort ríkissjóður borgaði þetta og þetta beint, eða að það lenti á einstaklingum þjóðfjelagsins; eyðslan væri hin sama. Út frá þeirri röksemdaleiðslu hygg jeg, að sá pappírssparnaður, sem náðst hefir með því að koma Mogensen frá áfengisversluninni, muni verða dýrkeyptur, því að landsmenn verða að margborga hann fyrir fjölgun apótekanna hjer, því að frá viðskiftalegu sjónarmiði liggur það í hlutarins eðli, að það er síst hvöt til þess að hafa lyfin ódýrari, þótt lyfjabúðunum fjölgi. Er því með fjölgun lyfjabúðanna beinlínis ýtt undir það, að lyfin hækki í verði. Verður því niðurstaðan sú, að fólkið fær að borga brúsann, hinn hugsaða sparnað við forstjóraskifti áfengisverslunarinnar.

Jeg sje nú enga ástæðu til að eltast við upptalningu hæstv. dómsmrh. um ýmislegt snertandi hina bættu stj. á áfengisversluninni, eins og t. d. skiftin á endurskoðendunum og slíka smámuni, þar sem líka hv. 1. þm. Skagf. hefir gert allmiklar aths. við þann kafla ræðu hans.

Hæstv. dómsmrh. gat þess, eins og líka sjá má í ritgerð hins nýja forstjóra, að hinar miklu birgðir verslunarinnar muni hafa stafað af því meðal annars, hve talhlýðinn hinn fyrri forstjóri hafi verið við hjerlenda umboðssala. Þetta getur vel verið rjett, því að það vita allir, sem til verslunarrekstrar þekkja, að einmitt talhlýðni getur komið manni til þess að kaupa inn meira af vörum en skyldi. Annars þykist jeg vita, að þessi andúð hæstv. ráðh. gegn umboðssölunum stafi meðal annars af því, að þeir sjeu ekki neitt sjerstaklega vel sjeðir hjá hæstv.

stj., enda þótt innlendir sjeu. Hinn nýi forstjóri áfengisverslunarinnar mun nú farinn utan í verslunarerindum fyrir fyrirtækið, og má vel vera, að honum verði margt og mikið ágengt í þeirri ferð. En þó geri jeg ekki ráð fyrir, að hægt verði fyrir hann að komast af án millilliða, og verði svo, eins og jeg fastlega geri ráð fyrir, þá fæ jeg ekki sjeð, að á nokkurn hátt sje betra að nota erlenda milliliði heldur en millilliði, sem eru búsettir í landinu sjálfu. Að minsta kosti virðist það frá hagfræðilegu sjónarmiði ekki geta verið álitamál, að nota heri þá innlendu, til þess fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að fje það, sem til þeirra gengur, fari út úr landinu, og ennfremur til þess að hægt sje að láta greiða af því tolla og skatta til ríkissjóðsins.

Þá talaði hæstv. ráðh. töluvert um afstöðu sína til áfengismálsins og gerði grein fyrir því, hvers vegna stj. gerði nú engar kröfur til þess, að fækkað væri útsölustöðum Spánarvínanna. Eins og hv. dm. eflaust muna, benti jeg á það í fyrri ræðu minni, að kröfurnar um fækkun útsölustaðanna hefðu alveg þagnað við það, að núv. stj. komst í meiri hl. Hefir því farið um þær eins og svo mörg önnur „prógram"-mál hæstv. stj., að þeim hefir verið stungið svefnþorn.

Í sambandi við afstöðu sína til áfengismálsins gat hæstv. ráðh. þess, að til þess að fullnægja samningunum við Spánverja yrði að hafa vínin í sómasamlegu ásigkomulagi vegna neytendanna. En það var einmitt þetta, sem jeg var að átelja við hæstv. ráðh., þar sem hann hafði látið það viðgangast að hafa vínin svikin. Hjer vildi nú hæstv. ráðh. fara að dæmi hins nýja forstjóra, að eigna hinum fráfarandi forstjóra dálítið af blöndunarheiðrinum. Það má nú vel vera, að þetta „kjótl" hafi byrjað hjá honum, en það var víst, að það var þá ekki nema í mjög smáum stíl. Annars ber þess að gæta, hvort blöndunin hafi verið í þeim stíl, að hið eiginlega „kvalitet" vörunnar hafi breytst eða ekki. Nú er það víst, að sú blöndun, sem átt hefir sjer stað síðan núv. forstjóri tók við versluninni, hefir verið pannig, að blandað hefir verið saman: Madeira, Portvíni, Wermouth og einhverri dýrari tegund til viðbótar. Hafa hin upphaflegu gæði þessara víntegunda því alveg breytst. Er því hjer um *hreina svik og vörufölsun að ræða.*

Þá vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að umbætur þær, sem hann hefði gert á áfengislöggjöfinni, hefðu dregið mjög úr áfengisnautn í landinu. Um þetta skal jeg ekkert deila við hæstv. ráðh., en þó er mjer næst að halda, að setja megi spurningarmerki aftan við það, hve árangurinn af öllu þessu brambolti hans hefir verið mikill.

Í þessu sambandi fanst hæstv. ráðh. viðeigandi að tala um mikinn drykkjuskap í Vestmannaeyjum. Var slíks ekki nema von úr þeirri átt, úr því að jeg sem þm. Vestm. fór að tala um þessi áfengismál. Jeg tek mjer það nú alls ekki nærri, þó að hæstv. ráðh. hafi gert Vestmanneyinga að umtalsefni hvað þetta snertir, því að jeg er þess fullviss, að bindindisstarfsemi er þar síst lakari en víða annarsstaðar á landinu. Enda munu þeir á engan hátt vera drykkfeldari en aðrir landsmenn.

Þá sagði hæstv. ráðh.; að Vestmannaeyingar færu öðrum frekar út í skip, sem kæmu frá útlöndum, til þess að fá sjer áfengi, og væru þar oft drukknir og settu með því blett á landið í augum útlendinga. Jeg hugsa nú að hæstv. ráðh., sem svo mjög er vanur ferðalögum, viti það ofurvel, að oft er glatt á hjalla seinasta daginn áður en skipin koma til Reykjavíkur. Af landfræðilegum ástæðum verður það því á leiðinni milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, sem menn halda kveðjusamsætið.

„Blett á landið í augum útlendinga", sagði hæstv. ráðh. Sá ætti nú að tala um, að menn settu blett á landið í augum útlendinga. Jeg veit ekki, hver hefir sett meiri blett á það í augum útlendinga á millilandaskipunum en útsendari einn, sem hæstv. ráðh. sendi fyrst til Vestmannaeyja, og átti víst að heita löggæslumaður, en var ekkert annað en njósnari um inngang og útgang Vestmannaeyinga. Þessi maður gerði sjer og landi sínu þann sóma, eitt sinn þegar Lyra kom til Vestmannaeyja, að slá mannaumingja, sem hann hitti um borð í skipinu, svo að hann var alblóðugur eftir. Þennan sóma gerði þessi ágæti löggæslumaður hæstv. ráðh. landi sínu þá í augum útlendinga. Jeg held því, að það sje best fyrir hæstv. ráðh. að tala sem minst um, að menn setji blett á landið í augum útlendinga, þegar útsendarar hans, sem eiga að gæta laga og siðferðis í landinu, haga sjer svona. Annars skal jeg geta þess, að tollþjónn þessi er nú farinn úr stöðu sinni og að því er sagt er kominn til útlanda á vegum hæstv. ráðh. En í stað hans er kominn annar maður, sem að öllu leyti er mjög kurteis maður í framgöngu og verður þar af leiðandi miklu meira ágengt í starfi sínu en hinum. En svona var sá fyrsti, að við Vestmannaeyingar urðum að bera kinnroða fyrir framkomu hans.

Í sambandi við skyldur þær, sem hæstv. ráðh. sagði, að stj. hefði gagnvart Spánverjum um ágæti vínanna, sagði hann, að nú væri unnið að því að kaupa inn góð og ósvikin vín, en í sömu andránni sagði hann, að hann fengi ekki sjeð, hvers vegna ekki mætti brugga og blanda vín hjer eins og erlendis, og hann bætti því við, að hið útlenda firma, sem átti vörumerki það, sem sett var á hina nafnfrægu Guðbrandarblöndu, mætti þakka fyrir að fá svo góða auglýsingu. Þvílík röksemdafærsla! Annars gæti jeg vel trúað, að næsta ráðstöfun hæstv. dómsmrh. til þess að minka rekstrarkostnað áfengisverslunarinnar verði sú, að hann láni sinn mikla bruggara suður á Spán eða Portugal. Má þá vera, að verslunarhúsið fái ástæðu til þess að njóta góðs af bruggunarhæfileikum hans. En hvað það snertir, að verslunarhúsið eigi að vera þakklátt fyrir auglýsinguna, þá virðist mjer, ef í alvöru á að tala, að nær hefði verið að ná sáttum við það með því að láta það vita, að svikin hefðu verið gerð af fáfræði, en ekki af löngun til þess að svíkja.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefðu aðallega verið íhaldsmenn, flokksbræður mínir, sem neytt hefðu þessa drykkjar, og virtist mjer það skína í gegn hjá honum, að þess vegna hefði lítið gert til, þó að drykkurinn væri svikinn. Og sje nú þetta svo, þá vil jeg *átelja þennan óþóma ennþá meir*, því

að það þykir altaf hin mesta varmenska að svíkja menn í drykk, og það er gamalla manna mál, að sá, sem svíkur mann í drykk, muni svíkja fleira. En haldi nú hæstv. ráðh., að hinn svikni drykkur komi eingöngu niður á íhaldsmönnum, þá er jeg hræddur um, að hann sje nokkuð nærsýnn, því að jeg er ekki grunlaus um, að einhverjir flokksbræður hans slæðist með í hópinn.

Jeg fer nú að láta útrætt um þetta mál, svo fremi, sem hæstv. ráðh. gefur ekki tilefni til meiri umr. um það. Jeg hefi talið mjer skylt að benda á og átelja það mikla ranglæti, sem haft hefir verið í frammi gagnvart þeim mönnum, sem starfað hafa við áfengisverslunina og ekkert hafa til sakar unnið. Enda hefir enginn hv. dm. orðið til þess að mæla ranglætinu bót nema hv. þm. Ísaf., sem þakkaði ráðh. fyrir óhæfuverkin, og jeg er hissa, ef þessi hv. þm. getur talið, að það hafi verið rjett að hrekja frá starfi sínu saklausa menn; menn sem stóðu alveg lýtalaust í stöðum sínum og áttu því fullan rjett á að vera óáreittir, eins og hverjir aðrir heiðarlegir þegnar þjóðfjelagsins.

Þessir menn voru með öllu klandurlausir og áttu heimtingu á því, eins og aðrir borgarar, að vera eigi ofsóttir og sviftir stöðum sínum, meðan þeir höfðu ekkert það fyrir sjer gert, sem kom í bága við skyldur þeirra og lög landsins.

Það er svo að heyra, sem hæstv. dómsmrh. viti ekkert um reglugerð þá, er hann braut, er hann rak þessa menn úr stöðum sínum. Þessi reglugerð um sölu og veitingar vína er frá 18. júlí 1922 samkv. tilskipun 31. maí 1922. Þar segir í 5. gr. um útsölu vínanna:

„Rjettur til slíkrar forstöðu skal veittur fyrir þann tíma, sem tilskipunin 31. maí gildir, og fellur burt, ef forstöðumaðurinn fer ekki nákvæmlega eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og gildandi laga um söluna".

Sú eina ástæða, sem gat verið fyrir rjettmæti frávikningar þessara manna, hlaut því að vera sú, að þeir hefðu ekki farið eftir gefnum reglum. En því er ekki til að dreifa. Frávikningin er af bláberri hlutdrægni sprottin og engu öðru. Það sjest best á því, hverjir tóku við.

Jeg vil geta þess um útsölumanninn í Vestmannaeyjum, að þegar Alþingi vildi ekki sinna þeim tilmælum bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum að leggja útsöluna þar niður, þá stytti hann útsölutímann að mun, eftir ósk bæjarstjórnar, án þess að honum bæri nokkur skylda til. Þegar hann fór frá versluninni, var ekki nóg með, að hann skuldaði engan eyri, heldur átti hann inni, eftir því sem fyrv. forstjóri áfengisverslunar segir. Þessi maður, sem hafði staðið svo prýðilega í stöðu sinni, var rekinn, en vildarvinur og flokksbróðir hæstv. dómsmrh. tekinn í staðinn. Engin kæra hefir nokkru sinni komið yfir því, að hinn fyrv. útsölumaður, Sæmundur Jónsson, hafi nokkru sinni brotið settar reglur. En þó að eftirmaður hans sje reglumaður, sem jeg efast ekki um, að menn þeir, er hæstv. dómsmrh. hefir sett í þessar stöður, sjeu allir, þá hefir honum þó orðið sú ávirðing á í starfinu, að hæstv. dómsmrh. þyrfti ekki svo mikils við til að

reka manninn, ef hann væri pólitískur andstæðingur hans.

Hæstv. dómsmrh. hafði engar varnir fram að bera í vínfölsunarmálinu, sem heldur var ekki að vænta. Hann sagði að fölsunin væri „positivur galli". Jeg vil nú þýða þetta á íslensku og segja, að hún hafi verið stórfeld *vörusvik*, og ekkert annað.

Jeg hefi nú eytt lengri tíma en jeg hafði ætlað mjer til að lýsa undrunum „undir hinni nýju stjórn", vegna þess, að hæstv. dómsmrh. fór að draga ýms óskyld atriði inn í umr., eins og er hann fór meðal annars að tala um drykkjuskap í Vestmannaeyjum o. fl. En í fám orðum sagt eru ráðstafanir hans í þessum málum svo hlutdrægnisfullar, að úr hófi keyrir.

Jeg mintist á hið svokallaða „Ohm" mál og spurði hæstv. ráðh., hvaða reglur væru lagðar til grundvallar um upphæð bjarglauna, þegar varðskip ríkisins björguðu skipum. Jeg benti á þann mismun, er mótorbát, 16—18 smálesta, sem bjargað var norður á Siglufirði, var gert að greiða 2000 kr. í bjarglaun, en belgiskur togari, er „Þór" bjargaði, slapp með 3000 kr. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg telji, að bjarglaunin fyrir vjelbátinn hafi verið of há, því að jeg álít rjett að greiða bjarglaun sanngirnislega Hæstv. ráðh. sagði, að vera mætti, að jeg vildi taka laun fyrir björgun mannslífa, en hann vildi ekki gera það. En vitanlega kemur ekki til mála að blanda því saman, hvort hið opinbera sendir skip til að bjarga mannslífum eða hvort varðskipin draga skip af grunni þar, sem lífum manna er engin hætta búin. Þannig sendi Jón heitinn Magnússon „Þór" norður í höf í langt ferðalag til að leita að enskum togara, samkv. tilmælum enska ræðismannsins, og datt engum í hug að taka peninga fyrir þann leiðangur. Nú segir hæstv. dómsmrh., að varðskip ríkisins megi ekki taka fje fyrir að bjarga erlendum skipum. Nú er svo til ætlast, að nýja varðskipið verði útbúið með björgunartækjum. Er það þá meining hæstv. ráðh., að þótt þetta varðskip verði að fara langar leiðir um strandvarnartímann til að draga erlent skip af grunni, að eigi megi taka neitt eða sama sem ekki neitt fyrir það? Jeg kalla 3000 kr. sama sem ekki neitt fyrir að bjarga togara frá fyrirsjáanlegri tortímingu. Stundum getur verið að ræða um björgun á lífi manna og skipinu sjálfu, en oftast aðeins um björgun á dauðum verðmætum, sem útlend vátryggingarfjelög bera ábyrgð á. Ætlar hæstv. dómsmrh. að gefa þessum útlendu vátryggingarfjelögum allan björgunarkostnaðinn, að undanteknum einhverjum vasapeningum handa skipshöfnunum? Þetta vildi jeg fá upplýsingar um, ekki vegna þess, sem hefir gerst, heldur vegna þess, sem getur gerst.

Hæstv. dómsmrh. vildi ekki, að varðskipin tækju björgunarlaun, vegna þess að þau væru eign hins opinbera. Það er rjett, að sú venja gildir um herskip. En nú eru íslensku varðskipin engin herskip. Vátryggingarfjelögin erlendu geta verið glöð yfir þessari stefnu hæstv. dómsmrh., en jeg held satt að segja, að landhelgissjóður megi ekki við því að missa af sanngjörnum bjarglaunum. Og þó að þakklæti vátryggingarfjelaganna sje mikilsvert, held jeg, að við myndum halda sóma

okkar óskertum, þó að við tækjum sanngjörn bjarglaun fyrir að bjarga erlendum skipum úr strandi.

Ástandið er í þessu efni ólíkt hjá oss og öðrum þjóðum. Íslendingar leggja tiltölulega mikið í kostnað við byggingu og úthald varðskipa sinna. Sá kostnaður hlýtur að verða þungbær í framtíðinni, eins og hæstv. dómsmrh. hefir líka lagt áherslu á. Hinsvegar eru hjer erlend skip svo hundruðum skiftir við strendur landsins. Ef einhverju þessara skipa hlekkist á, getur svo farið, að varðskipin verði að láta af nauðsynlegum störfum til að liðsinna þeim, og það tjón, sem af slíkum frátöfum varðskipanna getur hlotist, getur verið óútreiknanlegt. Jeg sje því ekki, að það geti orðið þjóðarálitinu til hnekkis, þótt varðskip ríkisins taki sanngjörn bjarglaun.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um þyngdarpunktinn í „Óðni". Jeg spurði hæstv. ráðh. vegna árása hans á fyrv. stj. út af þessu atriði, hvort það væri rjett, að sami verkfræðingurinn, er stóð fyrir smíði „Óðins", væri ráðinn til að standa fyrir byggingu hins nýja strandvarnarskips, og hvort satt væri, að hann hefði verið sæmdur fálkaorðunni 1. des. síðastl. fyrir unnin afrek. Þessu reyndi hæstv. ráðh. að snúa sig út úr með því að segja, að hjer myndi vera átt við Nielsen framkvæmdarstjóra. Jeg hjelt nú, að hæstv. ráðh. ættu að vera í minni orðaskifti út af þessu máli, bæði hjer og í hv. Ed. Hæstv. ráðh. hefir sjálfur margsinnis látið fyrv. stj. sæta ákúrum fyrir það, að hún hafi ekki ráðið direktör Nielsen til að standa fyrir smíðinni á „Óðni". Svo þegar jeg spyr um manninn, sem stóð fyrir þeirri smíði, þá segir hæstv. ráðh., að það hafi verið Nielsen! Auðvitað veit jeg, að hæstv. ráðh. hefir skilið, við hvern jeg átti, enda þótt honum hafi þótt betra að látast misskilja mig. Hann veit það vel, enda þótt hann kynoki sjer við að kannast við það, að það var direktör Brorsen, sem stóð fyrir byggingu „Óðins" og ráðinn hefir verið til að standa fyrir smíði hins nýja varðskips og hlotið hefir þá viðurkenningu, er jeg gat um áður. Jeg er hvorugt að átelja. En jeg spyr: Hvað verður nú úr öllu moldviðrinu, sem þyrlað var upp gegn fyrv. stj. og útgerðarmönnum út af smíði „Óðins", þegar hæstv. ráðh. ræður sama mann til að standa fyrir smíði hins nýja skips, og sæmir hann heiðursmerki?

Þegar hæstv. ráðh. var að svara mjer og hv. þm. Borgf. út af fjáraustri stj., sem allir vita að er mikill, þótt menn viti ekki enn, hve mikill hann er, nefndi hann nafn eins málaflutningsmanns hjer í bænum, Jóns Ásbjörnssonar, er hann sagði, að tekið hefði 5000 kr. fyrir að flytja mál fyrir undirrjetti, og hefði stj. blöskrað svo, að hún hefði ráðið fastan málaflutningsmann, Stefán Jóh. Stefánsson, til annars málaflutnings fyrir sig. Jeg tel skylt að upplýsa þetta mál nokkru nánar, þar sem upphæðin, sem tilgreind er, er allhá, en engin skýring fylgir frá hálfu hæstv. ráðh., heldur varpaði hann þessu fram til að sýna, hve íhaldsmenn væru gráðugir í landsfje; jeg vil því gefa nokkrar skýringar á þessu máli. Upphæðin, sem hæstv. ráðh. nefndi, er að vísu rjett, en þótt um undirrjettarmál sje að ræða, er valdast hvernig á stendur.

Það mál, sem hjer um ræðir, var

hafið af Íslandsbanka á hendur landsstj., og á rót sína að rekja til ágreinings vegna gengis á gulli því, sem bankinn er skyldur að afhenda ríkinu samkv. lögum nr. 6, 31. maí 1921. Þar segir svo í 3. gr. laganna, að bankinn skuli vera skyldur til að selja ríkissjóði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, með nafnverði. Nú hefir ástandið breytst og risið upp deila um það, hvað nafnverð sje. Ríkið hefir þegar tekið við allmiklu af gullforða þessum. Varð það að samkomulagi, að stj. greiddi það, sem hún teldi sjer skylt, en bankinn áskildi sjer hinsvegar rjett til að leita til dómstólanna, til þess að fá mismuninn greiddan. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp 3. gr. laganna í heilu lagi:

„Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkv. þeim reglum, sem um það hafa gilt".

Þetta er sú lagagrein, sem hjer ræðir um, og eftir henni þóttist bankinn eiga hjá ríkinu 200 þús. kr. Út af þeirri upphæð var stefnt. Jón Ásbjörnsson varði málið fyrir ríkisstj. Eins og hv. þdm. sjá, var þetta óvenju stórt mál og snerist í raun og veru um miklu meira en þær 200 þús. kr., sem bankinn krafðist sjer til handa. Það var í rauninni hreint „princip"-mál. Landið á enn eftir að veita viðtöku miklu gulli frá bankanum, og úrslit málsins eru því stórt fjárhagsatriði einnig í framtíðinni. Ríkið hefir nú unnið málið fyrir undirrjetti, en kemur nú til úrskurðar hæstarjettar, hver sem úrslitin kunna að verða. Hefir það verið falið sama málafærslumanni, eða málafærslufirma, og áður.

Fyrir þessar 200 þús. kr. er gjaldið 5 þús. kr., sem hæstv. dómsmrh. nefndi, alveg samkv. taxta málafærslumannafjelagsins. Og jeg skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. getur ætlast til, að farið væri undir taxta. Það er varla hægt að ámæla málafærslumönnum, þó að þeir vilji fá kaup sitt greitt eftir taxta eins og aðrar stjettir þjóðfjelagsins.

Nú hefir hæstv. stj. ráðið nýjan málaflutningsmann, sem jeg ætla, að hæstv. dómsmrh. nefndi Stefán Jóhann Stefánsson. Hvernig hefir það gefist? Jeg skal ekki fara langt út í þá sálma, en þó vil jeg minna á mál ríkisstj. gegn fyrv. sýslumanni í Barðastrandarsýslu. Af þeim 138 þús. kr., sem stj. gerði kröfu til fyrir hönd ríkissjóðs, hefir hún ekki fengið sjer tildæmdar nema 65 þús. kr. Af undirrjettardóminum er svo að sjá, sem þetta stafi af ófullkomnum undirbúningi málsins. Skal jeg ekkert fullyrða um það, hvort þau missmíði eru stj. að kenna eða viðkomandi málafærslumanni. Eitt er víst, að vegna ófullkomins málatilbúnaðar fást aðeins 65 þús. kr. í stað 138 þús. kr.

Þá vil jeg spyrja hæstv. dómsmrh., hvort umræddur málafærslumaður sje

ráðinn fyrir fast kaup, eða fái vinnu sína greidda eftir taxta. Vænti jeg að hæstv. ráðh. svari þessu.

En þessa skýringu tel jeg nægilega til að sýna, að stj. hafi ekki breytt til batnaðar með því að ganga framhjá Jóni Ásbjörnssyni, þó að hæstv. ráðh. hafi þótt greiðslur til hans nokkuð háar.

Það er mála sannast, að hver maður lærir svo lengi sem hann lifir; það heyrði jeg síðast á ræðu hæstv. ráðh. um landhelgismálin. Jeg hefi áður rætt þau mál við hann. Nú finn jeg, að skilningur hans hefir þroskast, síðan honum óx þekking og reynsla í þessum efnum, og er það að vonum.

Hæstv. ráðh. var að hrósa sjer af því, að hann hefði verið mildur við skipstjórana á varðskipunum. Jeg vil ekki draga af honum þann heiður, sem hann á skilinn, en ekki fanst mjer aðstaða hans gagnvart kaupgreiðslum til skipstjóranna í fyrra o. fl. bera vott um sjerstaka velvild í þeirra garð. En það er gott, ef hæstv. ráðh. hefir líka breytt aðstöðu í þessu efni, því að skipstjórarnir hafa unnið til góðs eins. En ekki kalla jeg það neina sjerstaka dánumensku, þó að hæstv. ráðh. ljeti vera að hrekja þá út í málaferli við einstaka menn. Jeg sje ekki, að skipstjórunum komi það nokkurn skapaðan hlut við, þó að einhverjum manni einhversstaðar á landinu verði það á að móðga hæstv. dómsmrh. Í stuttu máli: Jeg efast um, að hæstv. ráðh. sje þessum mönnum eins góður og hann lætur í veðri vaka. En það gleður mig, ef svo er.

Jeg tók það fram, að kvnning hæstv. dómsmrh. af landhelgisvörnunum myndi hafa aflað honum nokkurs þroska, enda hlaut svo að fara um svo skynsaman mann sem hæstv. ráðh. er, þegar hann gætir sín. Hann talaði um „rómantík" í landhelgisvörnunum. Það er að vísu nokkuð óvanalegt orð í þessu sambandi, en jeg skil samt, hvað hæstv. ráðh. átti við. Hann sagði, að það „ideella" í strandvarnamálinu væri, að togararnir hættu að fara inn fyrir landhelgislínuna, og að eftir því sem gæslan batnaði, myndu færri togarar verða teknir. Jeg er sömu skoðunar, en hæstv. ráðh. hafði áður annað álit í þessu efni. Þá vildi hann meta skipstjórana eftir því einvörðungu, hve marga togara þeir tækju. En hitt er alveg rjett, sem hann sagði nú, að tilviljun getur ráðið miklu um það, hve margir togarar eru teknir.

Í svari sínu til hv. þm. Dal. talaði hæstv. ráðh. um dönsku landhelgisgæsluna og vildi bera blak af henni. Hann vildi láta taka tillit til ástæðna og sagði, að dönsku skipin væru illa fallin til landhelgisgæslunnar. Í sambandi við þetta get jeg vitnað í þau orð, sem jeg ljet falla í Ed. 1925, þegar rætt var um, að landhelgissjóður tæki til starfa. Jeg gat þess þá, að landhelgisgæsla dönsku varðskipanna væri oft vanþökkuð. Hún hefir oft verið leyst af hendi eftir bestu föngum, þó að hinu beri síst að neita, að hún hafi stundum verið rjettilega átalin.

Að lokum vil jeg taka undir það með hv. þm. Dal., að mier virðist framkoma hæstv. stj.. eftir að yfirlýsingarnar komu fram á síðasta Alþingi ekki hafa verið nærri svo skýlaus gagnvart Dönum sem æskilegt hefði verið. En söguna má rekja lengra aftur í tímann um óhreinlega framkomu

hæstv. dómsmrh. gagnvart þeirri sömu þjóð. — Vil jeg því minna á þau ummæli, sem hæstv. ráðh. ljet dönsk blöð hafa eftir sjer eftir kosningarnar 1927. Hæstv. ráðh. er spurður, hverjir muni mynda stj. á Íslandi. Og hann gefur í skyn, að íhaldsmenn og jafnaðarmenn muni helst renna saman og mynda stj. Þetta vildi hann láta Dani ímynda sjer. Og þó eru gildar ástæður til að ætla, að hann hafi þá vitað til fulls, hversu fara myndi. Það er nokkurnveginn víst, að honum hefir þá verið sambandið við jafnaðarmenn jafnvakandi í huga og þegar hann var gerður út af þeim fyrst árið 1923 til að vinna atkvæði bændanna.

Af viðtölum þeim, er hæstv. dómsmrh. hefir átt við danska blaðamenn síðastliðið sumar, og hv. þm. Dal. hefir skýrt frá, virðist mega ætla, að hann hafi naumast gefið rjetta mynd af viðhorfinu hjer á landi til sambandsmálsins. Ummælin verða tæplega skilin svo, að hæstv. ráðh. vilji láta Dani álíta, að mikill sjálfstæðisandi sje nú í íslensku þjóðinni. Hæstv. ráðh. sagði, að viðhorfið til Dana væri breytt og gamli andinn væri horfinn. Og sá gamli andi sagði hann, að hefði verið sá, að hata þessa frændþjóð okkar. Jeg held, að þetta sje ekki rjett. Um það get jeg vel borið sem gamall sjálfstæðismaður. Um hæstv. ráðh. hefi jeg að vísu heyrt, að hann hafi verið mikill Danahatari fyr á árum. Og því get jeg trúað. En sjálfstæðismennirnir gömlu munu yfirleitt ekki hafa hatað Dani, þó að þeir vildu heimta rjett okkar allan úr höndum þeirra.

Um það verður eigi deilt, að hæstv. dómsmrh. hefir reynt að varpa á fyrirspurn hv. þm. Dal. kátlegum blæ. Hann gefur dönskum blaðamönnum ranga hugmynd um íslenskt stjórnmálalíf og aðra en honum var skylt að gera.

Jeg ætla ekki að fara að svara þeim ásökunum, sem hæstv. dómsmrh. bar fram á hendur hv. þm. Dal. um afstöðu hans til sjálfstæðismálanna. Hv. þm. Dal. getur svarað fyrir sig. En heldur þykir mjer kynlegt að telja t. d. einokun á áburði meðal mestu sjálfstæðismála þjóðarinnar. Hæstv. ráðh. sagði, að þjóðin hefði ekkert til hv. þm. Dal. að sækja í sjálfstæðismálunum. Þetta eru óverðug ummæli. Hv. þm. Dal. hefir ávalt staðið framarlega í þeim málum og komið fram með fullri einurð gagnvart Dönum.

Þá skal jeg minnast á það, sem gerðist í lögjafnaðarnefndinni. Borgbjerg fulltrúi danskra jafnaðarmanna — jeg vil undirstrika það, að hann er fulltrúi jafnaðarmanna — ber fram fyrirspurn út af 6. gr. sambandslaganna. Hæstv. dómsmrh. svarar. Og hverju svarar hann? Hann segir, að þetta mál sje ekki ofarlega á baugi með þjóðinni. Hann er að reyna að ýta málinu til hliðar og láta hinn danska fyrirspyrjanda fá ranga mynd af afstöðunni hjer. Og þó var alveg sjerstök ástæða til að gefa skýr svör, af því að það var fulltrúi danskra jafnaðarmanna, sem spurði. Danskir jafnaðarmenn hafa, eins og kunnugt er, lagt fram fje til þess að hafa bein áhrif á íslenskar kosningar og íslenska stjórn. Slíkum mönnum á íslensk stj. fyrst og fremst að gefa skýr svör.

Við eigum ekki að hata Dani. En við eigum að halda fast á skýlausum rjetti okkar og draga enga dul á það. Og það er ekki rjett af hæstv. dóms-

mrh. að gera lítið úr þeim meðal þjóðarinnar, sem vilja halda fast við fullveldismál vor. Um engan sjálfstæðismann má segja, að við höfum ekkert til hans að sækja í þeirri baráttu. — Í þeirri baráttu er engum góðum Íslendingi ofaukið.

**Dómsmrh.** (**Jónas Jónsson**): Jeg var svo óheppinn að heyra ekki fyrstu orð hv. þm. Vestm., en jeg hefi frjett, að hann hafi byrjað á áfengisverslun-inni.

Þessi hv. þm. er ekki ennþá búinn að skilja, að afstaða íhaldsmanna til þessa máls er alveg óverjandi. Það er sannað, að meðferð íhaldsins á áfengisversluninni var niður fyrir allar hellur. Þar var alt í óreiðu, þegar frátekin eru bein svik í bókfærslu. Launagreiðslur voru alt of háar, skuldatöp á versluninni stórkostleg, verslunin keypti illa inn, birgðir sumpart skemdar og hrúgað var upp skuldum hjá útsölumönnum. Sumstaðar var selt á nóttunni og á einum stað var einn mesti óreglumaður og skuldaþrjótur þorpsins útsölumaður.

Það er svo hörð húðin á hv. þm., að hann skilur ekki, að hann er dæmdur af þessu máli, að það er honum og hans flokki til skammar á alla lund. Og svo leyfir þessi hv. þm. sjer að halda ræðu á annan klukkutíma til þess að verja slíkar aðfarir. Hví reyndi hann ekki að afsaka það, að hann og aðrir íhaldsmenn í Ed., þegar hv. þm. átti sæti í þeirri deild, feldu frv., sem átti að laga vínverslunina svolítið? En íhaldið vildi bjarga forstöðumanninum með 18 þús. krónurnar, sem þeir gátu svo pínt á allan hátt. Þetta atvik í Ed., sem hv. þm. er riðinn við, sýnir, að íhaldsmönnum hefir verið kunnugt um þessa rotnun, sem er einhver sú argasta, sem hjer hefir sjest. Þá sagði hv. þm., að hjer væri aðeins um pappirssparnað að ræða. Það hefir ekki verið talað um, að tekið væri brauðið frá börnunum, þegar um tóbakskaupmenn var að ræða, en það er dálítið annað með lyfsalana; þeir eiga að vera fáir.

Annars hefði jeg gaman af því að spyrja hv. þm. Vestm. að því, hvort honum fyndist það aðeins pappírssparnaður, ef þurkaðar væru út allar verslanir í Vestmannaeyjum nema tvær, — og hans verslun væri t. d. ekki önnur þessara tveggja. Annars væri kannske ekki vanþörf á að setja þar einhver takmörk, því að sumar verslanirnar selja nokkuð dýrt. (**J-Jós**: Óskar hæstv. ráðh. eftir því að ræða verslanirnar í Vestmannaeyjum?). Ef þess er óskað; jeg get ekki álitið það hættulegt fyrir mig, en það gæti ef til vill verið hættulegt fyrir einhvern annan. Í sambandi við þessa hræsni í áfengismálum, og að hv. 1. þm. Reykv. var að syngja hræsninni lof og dýrð, vil jeg minna á það, að blöð íhaldsflokksins hafa gert alt, sem þau hafa getað, til þess að auka á drykkjuskapinn í landinu. (**JJós**: En samkvæmisgreinin í Tímanum, hver áhrif hefir hún haft?). Hefir Tíminn stutt drykkjuskapinn í landinu? (**ÓTh**: Á samkvæmisgreininni fjell jeg). Maður, sem hefir aðra eins fortíð og hv. 2. þm. G.-K. í þessum efnum, ætti sem minst að tala um ofdrykkju. Öllum er kunn frammistaða Íhaldsflokksins í baráttunni við Spánverja.

Þá sögðu öll blöð íhaldsins, að sjálfsagt væri að opna landið fyrir spönsku vínunum og lögðust marflöt fyrir Spánverjum. Það sást líka fljótlega, hvað íhaldsmenn voru glaðir yfir úrslitunum, á því, hve mikið þeir skiftu við áfengisverslunina.

Ennþá eitt atriði sýnir þennan argvítuga spillingaranda. Eftir að Alþingi samþ. í fyrra að hafa skarpara eftirlit með drykkjuskapnum, t. d. með því að setja löggæslumenn, kemur í hverju íhaldsblaðinu á fætur öðru uppnefning á þessum mönnum og þeir taldir vörgunum verri fyrir að gera skyldu sína. Þetta sýnir hug íhaldsmanna og þá um leið hv. þm. gagnvart áfengislöggjöfinni og yfirleitt gagnvart lögreglumálum landsins.

Enda kom það og í ljós, þegar farið var að taka menn fasta fyrir ofdrykkju á mannamótum, að þeir, sem teknir voru, voru allflestir íhaldsmenn. (**Ó-Th:** Var þá gengið fram hjá hinum?). Nei, það fundust ekki aðrir fullir en flokksbræður þessa hv. þm. Tíminn hefir barist á móti ofdrykkjunni, en íhaldsblöðin gert hið gagnstæða. Það er því ekki að undra, þótt nokkuð ráðist í flokkana eftir þessu máli. Og Morgunblaðið er ekki andbanningablað fyrir ekki neitt. Jeg minnist þess ekki að hafa sjeð neina leiðrjettingu frá hv. þm. Vestm., þegar löggæslumenn þjóðarinnar voru uppnefndir í íhaldsblöðunum fyrir að gera skyldu sína. Þá sagði hann ekki: Lögin í gildi! Og jeg býst við því, að hann hafi borgað Morgunblaðið sitt með jafnmikilli ánægju og hann er vanur. þótt það hafi svívirt þá menn, er lögskipaðir eru til að halda ofdrykkjunni í skefjum.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um samsteypu gamalla vína í áfengisversluninni. Forstjórinn með 18 þús. krónurnar, sem íhaldið hafði sett, byrjaði á því að blanda gömlu víni frá Garðari og öðrum prýðilegum Mbl.-eigendum saman, og líka að líma miða á flöskurnar með ákveðnu firmanafni, og voru þessir miðar til, þegar hinn forstjórinn tók við. Á þessu hvorutveggja hafði forstjórinn byrjað, sem hv. þm. Vestm. og hans flokkur vildu ekki missa, og það er því á ábyrgð hv. þm. og annara íhaldsmanna, að þessi vínblöndun hófst, þar sem það var þeirra trúnaðarmaður, sem hóf venju þessa. Þetta var svo auðvitað lagað, eins og svo margt annað, nokkru eftir að nýi forstjórinn tók við, en það er hart, að þeir, sem bera ábyrgð á 100% af göllunum, skuli gera sig að dómurum, þótt eitthvað af þeim kunni að loða við fyrst í stað hjá þeim, sem við taka, og sem eru að þvo burt merki gamallar spillingar. (**JJós:** Hver bjó til keraldið?).

Hv. þm. er í áfengismálinu í sama keri og flokkur hans. Í því keri er öll áfengisspilling landsins saman komin, og svo sú hræsni með, sem nú bólar á í fariseaframkomu drykkjuflokksins.

Annars vildi jeg segja fáein orð við þennan hv. þm. í gamni og alvöru út af „vörusvikum" yfirleitt. Jeg verð að segja, að mjer finst harla merkilegt, að hann, sem er líklega eini kaupmaðurinn í þessari hv. deild, skuli fjölyrða svo mjög um „vörusvik" í áfengisversluninni. Kannast hv. þm. við skemdu kartöflurnar, fóðurkartöflurnar, sem mokað er upp af ökrunum í Danmörku, en seldar eru hjer sem

mannafæða? Veit hann, hvaða stjett hefir þau vörusvik á samviskunni? Er það ekki stjett hv. þm. — kaupmannastjettin? Hvaðan er svissneski osturinn, sem seldur er hjer í verslununum? Er hann frá Svisslandi? Nei, mikill hluti hans er frá Noregi og Danmörku, eða þá löndum, sem liggja enn fjær Svisslandi.

Hv. þm. klökknar ekki yfir þessum vörusvikum stjettarbræðra sinna; þá er ekki talað mikið um vörusvik, þegar þau koma til góða brallstjettinni í landinu.

Hjer á landi hefir lítið verið gert til þess að rannsaka vörusvik efnafræðilega, eins og tíðkast í nágrannalöndunum. Hitt er vitað, að sumar verslanir í landinu hafa flutt inn skemdar og ljelegar vörur. Hvaða stjett er það, sem ber þessa sekt á bakinu? Þorir hv. þm. að þvo kaupmannastjettina hreina af þessum vörusvikum? Hann gæti það ekki, þótt hann vildi; almannavitundin hefir dæmt ormakornið og fleira af líku tægi, sem íslenska þjóðin þekkir fyrir löngu.

Þá gat hv. þm. þess, að það sæist ekki mikið, að reynt væri að halda niðri ofdrykkjunni í landinu. — Þessa dagana hafa verið dæmdir 16 bílstjórar fyrir óleyfilega vínsölu. Sýnir þetta enga viðleitni? (**ÓTh**: Það sýnir, hvað drykkjuskapurinn er mikill). Og maður þarf ekki annað en þekkja hv. 2. þm. G.-K. til þess að komast að raun um, hve óhóf manna í vínnautn geti verið mikið. (**ÓTh**: Jeg skora á hæstv. ráðh. að staðfesta þessi orð sín). Vill hv. þm. að það sje rifjuð upp framkoma hans á einu strandferðaskipi fyrir norðan land fyrir nokkrum árum? Og hv. þm. gekk þá með lífið í lúkunum og skalf í sínum litlu buxum af ótta við, að lýsingin á honum myndi koma í Templar á eftir.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að það væri „blettur" á landinu og stjórninni — en þó einkum á hinum grænu og fögru Vestmannaeyjum, að því er mjer skildist —, hvernig framkoma eins tollgæslumanns hafði verið í Vestmannaeyjum í sumar. Hv. þm. ber ekki einungis fram þessa ásökun, enda þótt hann viti, að maður sá, sem um er að ræða, er nú í öðru landi, en þó lætur hann það ekkert á sig fá, heldur gerir það svart, sem er hvítt. En úr því að farið er að draga þennan atburð inn í umr., tel jeg rjett að geta þess, hvernig hann var í raun og veru.

Þegar þessi ungi löggæslumaður, sem er gáfaður, duglegur og reglusamur, kom til Vestmannaeyja, sneri hann sjer þegar að starfi sínu með alúð og árvekni. Hann fór út í skipin, skoðaði vörurnar, innsiglaði vínin og sló yfirleitt fast á lófa þeirra, er tollsvik höfðu í frammi, og eftir að hann kom til Vestmannaeyja var erfitt mjög að svíkja vörur undan tolli, þar eð slíkur maður hafði eftirlit með höndum. Þetta var ekki vinsælt hjá öllum kaupmönnum Vestmannaeyja. Þeir áttu óhægara með að sleppa með svik en áður. Jeg skil þess vegna ekkert í því, hvers vegna hv. þm. Vestm. er svo illa við hinn efnilega tollgæslumann, því að jeg hefi ætíð haft ástæðu til þess að halda, að hann vildi heldur framgang þess heiðarlega en hins óheiðarlega, þar til nú. En áður en jeg segi nánar frá þessu atviki í Vestmannaeyjum, ætla jeg að segja aðra sögu.

Á meðan íhaldsstj. sat að völdum, vildi það eitt sinn til, að lögregluþjónn hjer í Reykjavík fór inn á verstu knæpu bæjarins, til þess að líta eftir. Það eru ryskingar og áflog inni á knæpunni og lögregluþjónninn reynir að stilla til friðar. En hvað skeður? Það er hrækt á hann, hann er barinn og loks er hann hrakinn út af bullunum, sem þarna voru inni. Nú skyldi maður ætla, að lögreglulið bæjarins hefði þegar verið sent á vettvang og knæpan hreinsuð. Nei, það var ekki gert og það var ekki hreyft hár á höfði þeirra manna, er þannig höfðu komið fram við löggæslumann landsins. Stjórnin þagði og dómari bæjarins, hv. þm. Seyðf., þagði líka. Lögregluþjónninn neyddist til þess að fara í einkamál til þess að fá rjett sinn viðurkendan, og jeg veit ekki betur en að hann sitji ennþá í skuldum fyrir þann málskostnað, er af því hlautst. Því að þáv. yfirvöld virtust líta þannig á, að þau ættu að standa með ofbeldismönnunum og vildu þannig draga úr því að þessir fáu löggæslumenn landsins gerðu skyldu sína.

Atvikið, sem fyrir kom í Vestmannaeyjum var nokkuð svipað, nema um aðstöðu landsstj. Tollgæslumaðurinn, sem hjer er um að ræða, lenti í mikilli ónáð hjá erlendu skipunum fyrir dugnað sinn, sjerstaklega hjá Norðmönnunum á Lyru, en það var á almenna vitorði, að þeir höfðu grætt mest á því, bæði hjer og í Vestmannaeyjum, að flytja inn vín á óleyfilegan hátt. Þessi markaður þeirra þvarr mjög eftir að tollgæslumaður þessi kom til Vestmannaeyja, og því lögðu skipsmenn á hann hatur mikið. Og nú kem jeg að því, sem jeg hafði ekki búist við að þurfa að segja frá hjer á hinu háa Alþingi, því að það er sannarlega hart að þurfa að segja frá slíku menningarástandi. Með Lyru er eitt sinn einhver versti smyglari Reykjavíkur, sem er að nokkru leyti Færeyingur og að nokkru leyti Íslendingur. Þegar þessi maður sjer tollgæslumanninn í bátnum á leið út að skipinu, þykist hann þar sjá óvin sinn og fer að kalla til hans ókvæðisorðum og hrakyrðum. Þegar upp á skipið kemur og tollgæslumaðurinn er þar við vinnu sína, fer eins og í tíð íhaldsblómans; þessi bulla ræðst aftan að tollmanninum og ber hann. Nú var það skylda hans sem manns að verja sig og hann hrindir frá sjer þessari hálfdruknu skepnu. Þegar farið var að gera eitthvað í þessu máli, höfðu Norðmennirnir ekkert sjeð og vissu ekkert um þetta, þóttust ekki vera vitnisbærir. Það er ef til vill ekki svo undarlegt, þar sem Norðmennirnir skoðuðu þennan mann sem óvin sinn, en hitt var merkilegra, að menn þeir, sem komið höfðu úr landi, kjósendur hv. þm. Vestm., þóttust einskis hafa orðið vísari. Nú veit jeg ekki, hvort það er firma hv. þm., sem hefir afgreiðslu þessa skips á hendi, en fyrir hlutdrægni manna í Vestmannaeyjum var ekki hægt að koma lögum og rjetti yfir skálk þann, sem barði löggæslumanninn í Vestmannaeyjum.

Þarna kemur fram sami andinn og þegar lögregluþjónninn var óvirtur og hrakinn á drykkjukránni í Reykjavík. Og það fer svo að lokum, enda þótt hver einasti almennilegur maður viti, að tollgæslumaðurinn var þarna að löglegu starfi sínu, og að hann er maður vel mentaður, kurteis og drengur góður, að hann er svikinn af lönd-

um sínum, aðstandendum hv. þm. Vestm. Það furðar mig mest, að hv. þm. skuli ennþá bera gremju í brjósti til þessa manns, og það er blátt áfram andstyggilegt, að ofsóknarandi hv. þm. er svo rótgróinn, að þessi maður á ekki að fá að halda áfram námi sínu erlendis fyrir fje sitt og föður síns fyrir rógi þm., sem ekki hefir heiðarlegri aðstöðu til þessa svívirðingarmáls hans kjördæmis en raun ber vitni um.

Fyrst eftir að farið var að hafa þessa tollgæslu neitaði skipstjórinn á þessu norska skipi að flytja tollþjóna ókeypis milli hafna, og svo mikill var ofsinn í þessum mönnum yfir því að missa af sprúttgróðanum, að það varð að fara diplomatisku leiðina til þess að neyða þá til að hlýða alþjóðalögum.

Jeg vil þakka hv. þm. það, að hann las hjer upp grein úr gamalli reglugerð, er sýndi að íhaldsstj. hafði brotið af sjer í þessum efnum sem öðrum. — Í tíð íhaldsstj. var komin svo mikil óreiða á verslunina í Reykjavík, að Jón Magnússon tók það ráð að breyta þessu þvert ofan í fyrirmæli reglugerðarinnar og ljet einstakling hafa þessa sölu á hendi. Þessi reglugerð er nú úr gildi numin, en ef hv. þm. vill tala um lagabrot, verður hann að áfella sína eigin stj. Ef Hafnarfjarðarkaupstaður vill greiða landinu töpin á versluninni, gæti verið, að jeg talaði um það, hvort reglugerðin hafi verið í gildi. (**JJós:** Reglugerðin var í gildi, þegar hæstv. stj. rak mennina frá). Hún var í gildi, þegar Jón Magnússon braut hana, en er nú fyrir löngu úr gildi fallin.

Þá taldi hv. þm. upp nokkra af útsölumönnum áfengisverslunarinnar. Meðal þessara manna, sem hv. þm. nefndi, er a. m. k. einn, sem ekki hefir getað borgað skuld sína við verslunina, og hv. þm. getur verið alveg viss um það, að hann og hans flokkur getur aldrei fengið nema meiri og meiri skömm og skaða af öllu umtali um áfengisverslunina eins og hún var á þeirra tíð. En minn flokkur getur ekki fengið annað en frægð og heiður fyrir að hafa tekið þetta fjós eftir fyrirrennara og mokað út úr því.

Þá kem jeg að skipamálslulutanum í ræðu hv. þm. Hv. þm. áfellir mig fyrir það að vilja ekki selja náðarmeðulin í þessu efni, en bendir á það, að fyrir nokkrum árum bárum við hv. 1. þm. S.-M. fram þáltill. um það, að landið skyldi byggja strandvarnaskip, sem væri um leið björgunarskip. Jeg hjelt þá fram þeirri skoðun, að það væri eðlilegt að reyna þetta, en þá reis enginn harðara í gegn mjer en hv. þm. Borgf., flokksbróðir og sessunautur hv. þm. Vestm. Þau rök, sem hv. þm. (PO) bar fram, voru þau, að skipið yrði aðallega björgunarskip og yrði skyldugt til að koma þegar einhver kallaði eftir því, og yrði þannig lengi frá störfum við landhelgisgæslu og dveldi á stöðum, sem mönnum væri kunnugt um, líka landhelgisbrjótum, sem ekki væri heppilegt. Þetta er það síðasta, sem jeg held að gengið hafi um þetta mál hjer. Íhaldið drap þá hugmynd að láta gæsluskipin hafa tekjur af björgun. Þar við bættust svo þeir erfiðleikar, sem mjer var ekki kunnugt um áður, að alþjóðavenjur gera mjög erfitt að hafa þetta fyrirkomulag, sem jeg hafði haldið árið 1923, að mætti nota.

Að því er snertir innihaldshliðina á fyrirspurn hv. þm., þá get jeg upplýst

það, að nýja skipið hefir nokkru meira af tækjum til björgunar heldur en Óðinn, en þó er fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að það geti á auðveldari hátt int varðstörf af hendi. Jeg vil í þessu sambandi benda á það, að engir hafa fengið meiri hjálp en Vestmannaeyingar, og því situr síst á fulltrúa þeirra hjer að vera með ónot út af þessu starfi, því að sannarlega hefir Vestmannaeyingum oft verið gerður stórgreiði, jafnvel Þór og Óðinn látnir fara langar ferðir norður með landi til að draga bilaða vjelbáta áleiðis til Vestmannaeyja. Jeg er ekki að telja þetta eftir, en skýri aðeins frá því, að þetta hefir verið gert fyrir menn, sem ekki hafa verið látnir borga neitt eða sama sem ekki fyrir það, vegna þess að það hefir verið álitið, að eigendur bátanna stæðu sig ekki við að borga þetta, þó að það hafi verið mjög dýrt fyrir ríkið. En jeg vil segja það, að ef nýja skipið reynist eitthvað betur fallið til að bjarga skipum heldur en Óðinn, þá hlýtur Alþingi, en ekki stj., að ákveða, hvernig borgunin verði innanlands. En jeg vil taka það fram hjer, að stj. hefir gætt þess að koma ekki óorði á landið fyrir okur, þar sem það er venja annara þjóða að gefa vinnu sinna varðskipa í þessu. Jeg get vel ímyndað mjer, að það mætti gera fyrirframsamning um björgun, og það er alt annað, ef fyrv. stj. hefði sagt við fulltrúa „Ohm's" hjer: Við höfum ekki björgunarskip, en ef þið viljið gera ákveðinn fyrirframsamning um það, þá skulum við reyna að láta bjarga skipinu. Þetta myndi líta öðruvísi út heldur en þegar skip, sem ekki má selja björgun, kemur að og bjargar og verður svo að gera bakreikning. Jeg segi ekki, að þetta hefði átt að vera svona, en það er að minsta kosti um annað að ræða, ef vátryggingarfjelögin biðja um samningsbundna vinnu við björgun. Jeg þykist vita, að þau rök, sem hv. þm. Borgf. flutti á þingi 1923, sjeu enn í gildi, og því ekki von, að nein stj. vilji binda sig til þess, að hver og einn geti kallað á varðskipin til bjargar öðrum skipum, því það grípur inn í strandgæsluna; en það getur vel verið, að Alþingi finni einhverja millileið, svo að það geti framkvæmt björgun fyrir fje. Það mætti líklega gera samning fyrirfram, svo að sá, sem á að borga, geti ekki síðar skotið sjer inn undir alþjóðareglurnar..

Þá er það þyngdarpunktur Óðins enn einu sinni. Hv. þm. Vestm. og hans fjelagar spyrja mig um það, hví jeg hefði ráðið sama mann til að sjá um smíði nýja skipsins, sem íhaldsstjórnin hafði til að líta eftir Óðni. Nú er mjer kunnugt um það, við hvaða mann jeg hefi samið, en jeg hefi ekki vitað, við hvaða mann íhaldsstjórnin hefir samið, en hitt hygg jeg, að íhaldsmenn viti, að jeg hefi samið við Nielsen framkvæmdarstjóra, og því get jeg ekki talað um annan, af því að hann er minn eini umboðsmaður. En að því er snertir heiðursmerkið, þá er það að segja, að Nielsen framkvæmdarstjóri hefir haft vjelfræðing einn sjer til aðstoðar um eftirlit með skipum fjelagsins, þegar þau voru í smíðum, og mun Nielsen hafa farið þess á leit við stj., að þessi vjelfræðingur, sem hann hefir haft sjer til aðstoðar, fengi heiðursmerki, og mun hann hafa fengið það að tilmælum Nielsens. En hitt er alkunna, að íhaldsstj. leitaði ekki

til Nielsens fyr en þurfti að fara að laga Óðin, en jeg hefi svo lengið Nielsen til að vera minn raðunaut ira byrjun; í því liggur munurinn. Nu finst mjer, að hv. þm. Vestm. þurfi ekki að vera svo mjög hreykinn yfir smíði Óðins, því að jeg man ekki betur en að hann hafi hvert haust þurft að fara í dýra og langa viðgerð til Danmerkur fyrir það, hvert ómeti hann var upphaflega. Þegar það var ekki lengdin, þá var það vjelin, og þegar það var ekki vjelin, þá voru það katlarnir, og svona gekk það fram á síðasta haust, að þessi vansmíði hafa hrjáð þetta skip. En þótt jeg þekki ekkert þennan Brorsen vjelfræðing, þá vil jeg fullyrða, að það er beinlínis ósatt, að hann hafi ráðið íhaldsstjórninni til að hafa Óðin eins og hann var, og það sannar það best, að þegar minst var á skipið, þá hjelt sá, sem átti að sjá um alt, því fram, að skipið ætti að vera á lengd við venjulegan íslenskan togara, því að þá var ekkert himnaríki hærra til en Kveldúlfs-togararnir, en ¼ hraðskreiðara, og þegar Nielsen framkvæmdarstjóri bendir á, að það er ómögulegt að sameina þetta tvent, þá er hætt að tala við hann. En eins og jeg hefi altaf sagt um missmíði Óðins, og eins og allir vita, þá er þetta tvent höfuðmein við Óðin, að hann var ekki lengri en togari, en átti að vera fjórðungi hraðskreiðari. Það er ekki hægt að láta skipið ganga svona hratt og vera svona stutt, nema með því að hafa skipið svo þunt í botninn, að vjelin kemst ekki eins nærri kjölnum og átti að vera, en af því leiddi aftur, að „þyngdarpunkturinn" varð á skökkum stað í skipinu og að það valt svo mikið. Þess vegna er það beinlínis ófyrirgefanlegt að vera að reyna að koma skömminni af þessu vansmíði á mann í öðru landi, sem honum hefði ekki getað dottið í hug, af því að hann hefir sennilega miklu betra vit á því, og í öðru lagi var þessi kenning komin upp áður á heimili íhaldsins, og gallarnir þess vegna heimilismal íhaldsflokksins. Það var meira að segja reynt að klína vansæmdinni af þessari vansmíði á Nielsen framkvæmdarstjóra, en jeg hefi hvað eftir annað sagt frá því, að hann reyndi að leiðrjetta, eftir því sem hægt var að leiðrjetta, annan höfuðgallann á Óðni, eftir að honum hafði nær því hvolft á Siglufjarðarhöfn, og að síðustu var það Nielsen, sem lagði til að lengja Óðin um 13 fet, og sú aðgerð hefir bjargað skipinu. Þess vegna er alt þetta skraf um krossinn, Brorsen og Nielsen alt saman óviðkomandi skömminni fyrir ólagið á Óðni, sem er einkamál Íhaldsins. Um aðrar bilanir á skipinu, svo sem ketilskemdir, er það að segja, að það hefði eins getað komið fyrir, þótt meiri þekking hefði verið til staðar um það, hvernig skipsskrokkurinn átti að vera.

Ekki finst mjer, að hv. þm. hafi heldur aukið hróður síns flokks fyrir sparsemi með því að fara að tala svo mikið um þann 5 þús. kr. reikning, sem Jón Ásbjörnsson málaflutningsmaður gerði stj. Jeg hefi ekki sagt annað en það, sem hv. þm. Vestm. varð að viðurkenna, að 5 þús. kr. væri nokkuð mikið fyrir eitt undirrjettarmál, en hv. þm. er ómögulegt að skilja annað en að vinnulaunin eigi að vera tekin með hundraðstölu, en það er sjálfsagt af því, að hv. þm. er kaupmaður, að honum finst að hundraðstölur eigi að ráða

öllu. En það sýnist svo, sem ekki þyrfti að taka háa hundraðstölu fyrir að útskýra lögin frá 1921, því að það er öllum ljóst, að það er sá banki, sem ber ábyrgðina á því, að krónan okkar fjell, og því er það óhæfilegt, ef sá banki ætlar svo að fara að setja „kurs" á gullið, þegar hann fer að selja okkur það. En það dettur engum annað í hug en að Íslandsbanki muni tapa þessu máli, enda er það afleiðing af gerðum hans. Jeg get þess vegna ekki annað en kallað þetta mikla viðleitni hjá þessum flokksbróður hv. þm. til að vera dýrseldur; hvort þetta er „taxti" málaflutningsmannafjelagsins, veit jeg ekki, en það sýnir þá ekki annað en það, að „taxtinn" er nokkuð frekur, og ennfremur sýnir það, að það eru ekki mikil hyggindi hjá íhaldsstj., þegar hún samdi við manninn, því að hún hefði getað samið við hann um að taka málið eftir öðru verðlagi en þessum málaflutningsmanna-„taxta". En hv. þm viðurkennir það, sem ekki verður um deilt, að þessi maður tók 5 þús. kr. fyrir handarvikið. Fyrv. fjmrh. þótti þetta ákaflega dýrt, en vildi þó ekki taka málið af firmanu, svo það hefir það til hæstarjettar, svo það verður sennilega mjög ánægjulegur reikningur, sem fyrir það kemur að lokum Annars virtist mjer hv. þm. sjá ofsjónum yfir því, ef íhaldsmenn hefðu ekki öll mál fyrir landsstj. Nú er það vitanlegt, að þeir hafa það stundum en jeg býst við, að það hafi verið meining hv. þm. að reyna að fella einhvern blett á þann málaflutningsmann, sem nú er ráðinn til starfa fyrir stj. jafnvel fyrir það, að hann myndi verða of ódýr, en jeg held, að það sje best að bíða, þar til þeir reikningar koma.

Að því er snertir það, að lítið hafi áunnist í Einars Jónassonar málinu, þa held jeg, að það sje á engan hátt þessum málaflutningsmanni að kenna, heldur vil jeg benda hv. þm. á það, að orðið hefir uppvís ýmiskonar óregla í starfrækslu þess embættis, þar sem þetta mál var dæmt fyrir undirrjetti, og mjer þykir ekkert ólíklegt, að þar hafi getað verið missmíði á einhverju fleiru, t. d. var það hjá þeim sama undirrjettardómara, sem gekk svo illa að afgreiða mál Einars Jónassonar, að einum kaupmanni voru dæmdar 25 þús. kr. skaðabætur, þar sem annar rjettur dæmdi ekki nema lítinn hluta af þeirri sekt, og þar sem almannarómur mun segja, að engin sekt hefði átt að vera. Það getur þess vegna verið ástæða til að athuga fleira en málafærslumenn stj. En jeg get ekki láð hv. þm. Vestm. það, fyrst hv. þm. hefir ekkert fundið til þess, að blöð flokks hans væru að uppnefna starfsmenn ríkisins, þá er ekki að undrast yfir því, þótt hv. þm. finnist það ekkert óeðlilegt, þótt undirmenn stj. verði berir að því að blanda sjer í stjórnmálaerjur, eða með frekjufullum orðum ásasi sínum yfirmönnum. En ef trúa má hv. 2. þm. G.-K., þá hefir hann sjálfur lýst yfir því, og þótt menn gangi inn á skýringu hv. þm. (ÓTh), sem er röng, að þessir starfsmenn hafi viljað fella stj., þá er það starfsemi, sem ekki á að koma til greina. Það á vitanlega ekki að heimta það, að þeir sjeu með stj., þeir geta kosið eins og þeir vilja, en það er óhæfilegt, ef það er satt, sem hv. 2. þm. G.-K. ber á þá, að þeir

hafi verið með undirróður gagnvart stj. (JJós: Er það ekki sagt?). Jú, en þá hefir hv. þm. annaðhvort logið upp á skipstjórana, eða þeir eru brotlegir við almennar siðareglur. En jeg hefi sýnt það, að jeg halladist meira að því, að þetta væri ekki tilfellið, eða að minsta kosti látið eins og jeg hefði meiri trú á myndarskap skipstjóranna heldur en á sannsögli hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), því að jeg hefi ekkert gert til að skapa þeim óþægindi, sem þó hefði verið fullkomlega rjettmætt, annaðhvort að sannaðist á þá sektin, eða þá að gera hv. 2. þm. G.-K. ósannindamann. En þetta er mildí frá minni hendi, sem ekki myndi nokkursstaðar annarsstaðar sýnd, og það er of mikið, því sje það rjett, að hv. 2. þm. G.-K. hafi ranglega borið svona sakir á þessa menn, þá hefði hv. þm. (ÓTh) sannarlega átt það skilið, að þeir fyndu hann í fjöru. En mjer finst, að jeg hefði kunnað betur við, að þeir hefðu opinberlega lýst þetta ósannindi þegar þeir sáu þetta í blöðunum. En jeg get annars vel ímyndað mjer, að þeir hafi álitið, að það myndi verða lagt svo mikið hatur á sig hjá Íhaldinu, ef þeir ljetu þennan „dáta" þess bera ábyrgð á sínum götudrengshætti.

Þá var hv. þm. (JJós) eitthvað óánægður með þann skipstjóra, sem stýrði danska varðskipinu síðustu tvö árin, sem Íhaldið sat við völd. Sennilega hefir það verið út af einhverjum dómum um ódugnað skipsins. Mig minnir, að þessi maður hafi, eftir að hann kom heim, látið orð falla nokkuð á sömu lund og Ágúst Flygenring alþm. gerði hjer, og jeg ætla ekki að nefna suma af mínum kærustu vinum hjer í deildinni, sem hafa sagt, að sumir íslensku togararnir væru mjög slæmir með það að vera að brjóta landhelgislögin, en maðurinn mun hafa tekið það fram, að þetta væru góð skip, sem hefðu gott samband við land og sín á milli til að fá leiðbeiningar. Maðurinn segir sem sagt ekkert annað en það, sem allir vita, og er hart að áfella hann fyrir að segja satt.

Þá kom hv. þm. að því, að jeg væri ekki nógu skýr í máli, þegar einhverjir úlendir blaðamenn hittu mig að máli, og sjerstaklega virtist hv. þm. vera argur út af því, að jeg hefði gert hann flokk of hátt undir höfði í viðtali við blaðamenn árið 1927.

Danskur blaðamaður spurði mig um stjórnarmyndunina hjer skömmu eftir kosningarnar 1927. Jeg sagði, að enginn flokkur hefði meiri hluta. En jeg benti á þann möguleika, að bæjaflokkarnir, Íhaldsflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, mynduðu stj. um gengismálið. Það var ekki hægt að segja neitt um það fyrirfram, en þó var sennilegt, að íhaldsstjórnin myndi sitja áfram til næsta þings. Ef íhaldsmenn og sócialistar hefðu komið sjer saman um að hækka krónuna, þá höfðu þeir með hv. þm. Dal. viðunandi afl til að taka að sjer stj. Þegar jeg fer svona varlega í viðtali við erlenda menn — en þess þekkjast dæmin, að það er eitthvað annað hjá sumum íhaldsmönnum, þegar þeir eru að fræða erl. þjóðir um bannmálið —, þá er það sannarlega langt gengið, þegar hv. þm. Vestm. fer að finna að því, hvernig jeg tali um andstæðinga mína erlendis. Er jeg gerði ráð fyrir, að stj. myndi

sitja áfram, þá gaf jeg vissulega keisaranum, hvað keisarans var. Að Íhaldsflokkurinn bar ekki gæfu til að halda meirhlutaaðstöðu í þinginu með gengismálið sem brú milli þeirra og sócíalista, það er þeirra eigin sök, en ekki mín. Það hefði mátt viðhafa slíkar aðfinslur, ef jeg hefði sagt, að Íhaldið hefði komið svo illa fram og ódrengilega við verkalýðinn, að til slíks sambands væri ekki að hugsa.

Um hinn einkennilega hluta ræðu hv. þm. Vestm., sem fjallaði um fulltrúa Dalamanna, ætla jeg ekki að segja nema litla gamansögu. Við stofnun eina hjer í Reykjavík störfuðu tvær skapstórar konur, er allur bærinn vissi um, að höfðu munninn fyrir neðan nefið. (**HK**: Það hafa allir). Ekki eins vel og vinur minn hv. þm. Barð. Dag nokkurn kom önnur þeirra til yfirmanns stofnunarinnar með miklum bægslagangi og skýrði frá því, að hin hefði beitt hana voða-meðferð og ódæma-skömmum. Forstjóranum, sem var maður rólyndur, varð þá að orði: „Jeg þykist vita, að þjer hafið ekkert getað sagt". Þetta þótti merkilegt svar, því konan gekk þegjandi burt. Hún skildi sneiðina. Á sama hátt ætla jeg ekki að svara þessum barnapíuþvotti hv. þm. Vestm. viðvíkjandi hv. þm. Dal. Hann er maður til að svara fyrir sig sjálfur.

Annars er það ekki beinlínis þörf að slá svo mjög á þjóðernisstórtrumbuna fyrir sinn flokk. Það er kunnugt, að í flokknum eru allir þeir stór-Danir, sem á Íslandi búa. Allir slíkir menn ganga til kosninga með Íhaldsflokknum. Enda er það ekkert óeðlilegt; mikið af þeim er fjesýslulýður, er hefir sameiginlega hagsmuni mönnum þeim, er skipa Íhaldsflokkinn. Þeir skilja ekki frekar en skarnið og bleytan.

En úr því að hv. þm. fór að finna að því, að jeg væri linur í máli í nefndinni, þá væri ekkert á móti að athuga, hvernig fulltrúi Íhaldsflokksins hefir komið þar fram. Hann er þar sannarlega ekki sá kröfuharðasti. Ef menn vilja á annað borð fara út í þessa sálma, þá er jeg sannarlega ekki á móti því, að það verði rannsakað, og þá athugað líka, hversu mikil sjálfstæðishetja fulltrúi Íhaldsins reynist þar.

Það getur margt breytst á skömmum tíma. Nú hefir hv. þm. Vestm. haldið lofræðu um hinn eina fulltrúa frjálslynda flokksins á þingi. Það söng öðruvísi í flokknum haustið 1926; þá átti Íhaldið kost á að fá hann inn á þing í Dalasýslu. En þá þótti svo mikils við þurfa, að sjálfur formaður Íhaldsflokksins ásamt núv. hæstv. forsrh. gerðu sjer báðir ferð vestur í Dali og gerðu hvað þeir gátu til að vinna á móti honum. Það fór nú svo þá, að þeim tókst að leggja kappann að velli, og mun það sannast, að ákafinn hafi engu minni verið hjá formanni Íhaldsins en Framsókn við að fá hann feldan. Formaður Íhaldsflokksins var þá í svipuðum hug til hv. þm. Dal. eins og Gissur Þorvaldsson, er hann kom að Sturlu Sighvatssyni hálfdauðum og föllnum á Örlygsstöðum. Þá hoppaði Gissur upp, svo að sást undir iljar honum, um leið og hann reiddi vopnið til höggs og mælti: „Hjer skal jeg að vinna!"

**Ólafur Thors**: Jeg ætla að byrja með að taka í sama streng og hv. þm. Dal. og lýsa óánægju minni út af

framkomu hæstv. stj. í sjálfstæðismálunum. Það getur að vísu orkað tvímælis, hvort ástæða hafi verið til að síðasta Alþingi tilkynti Dönum hátíðlega, að við ætluðum að nota okkur uppsagnarákvæði sambandslagasamningsins og segja samningunum upp 1943. Jeg fyrir mitt leyti tel, að það hafi verið rjett. En hitt orkar ekki tvímælis, að úr því að það var gert, þá er það háðung að renna frá þeirri yfirlýsingu undir eins og menn sjá framan í Dani. Okkur ber skylda til að sýna þeim fulla hreinskilni. Það er enginn illvilji í garð Dana, þó við sýnum fulla einurð og festu í sjálfstæðismálinu. Mjer finst eins og hæstv. stj. hafi verið að sæta færis til að afsaka við Dani einurð okkar í sjálfstæðismálinu, og jeg get ekki neitað því, að mjer fellur stórum miður hvernig hæstv. stj. hefir haldið á þessu máli, einkum hæstv. dómsmrh., því hæstv. forsrh. hefir nú gefið allskýr svör um, að sín afstaða væri óbreytt frá því í fyrra, og skildi jeg hann svo, að blöðin hefðu ranglega eftir honum haft a. m. k. sumt af umræddum ummælum.

Jeg sje, að hæstv. dómsmrh. hefir gengið út rjett í því að jeg byrjaði að tala. Hann hefir sennilega ekki skapsmuni til að hlýða á rökstuddar árásir á stjórnargerðir sínar. En jeg læt ekki fjarveru hans hefta mál mitt.

Hæstv. ráðh. var að verja þefarana. Jeg skal ekki ræða alment um þann veglega hóp, er spratt upp undan verndarvæng hans. En hitt er víst, að annaðhvort hefir sú stjett lagst niður með öllu eða breytt algerlega um starfshætti. Alþjóð manna reis á móti þeim ófögnuði. Hæstv. ráðh. hefir oft talað um hinn algilda dóm almenningsálitsins. Hjer var dómur almennings svo skýr sem á varð kosið. Starfsaðferð þessara manna hefir nú verið gerbreytt. Það er þyngsti áfellisdómurinn um starf þefaranna.

Jeg skal ekki fjölyrða um vínfölsunina. Hv. þm. Vestm. hefir farið ítarlega út í það mál. En það er spaugilegt, þegar hæstv. ráðh. er að halda því fram, að það sje hin eina ávirðing hins nýja forstjóra, að honum hafi ekki strax tekist að losna við alla vanhirðuna, sem fyrv. forstjóri skildi við. Sjálfur segir þó forstjórinn, að fyrv. forstjóri hafi aðeins verið að kjótla með vínin í kútum, en sjálfur hafi hann strax fengið sjer ámu til að blanda í, er tók 5 uxahöfuð. Hæstv. ráðh. þarf brjóstheilindi til að halda því fram, að hinn nýi forstjóri sje sprengmóður á umbótasprettinum!! Hjer sem oftar eru rök ráðh. ótvíræður vottur um óvenju óskýra hugsun og einsdæma vanþroskað siðferði. Ráðh. treysti sjer að vísu ekki til að neita vínblönduninni og vörufölsuninni, „en" segir ráðh., ‚það gerir ekkert til, þó vín sje blandað, því það er sannanlegt, að fluttar hafa verið sviknar kartöflur inn í landið. Það gerir ekkert til, þó jeg hafi brotið reglugerðina, því það gerði Jón heitinn Magnússon líka!" — Það er ávalt þessi vörnin hjá hæstv. ráðh.; þessi sjúklegi hugsunarháttur og dómgreindarleysi.

Hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni drykkjuskap íhaldsmanna. Hann er stöðugt að stagast á drykkjuskap andstæðinganna, en meinlætalifnaði framsóknarmanna. En það er þjóðkunnugt,

að í fari hæstv. ráðh. sjálfs eru óteljandi lestir ólíkt andstyggilegri en drykkjuskapur.

Hæstv. ráðh. hefir æðioft minst á drykkjuskap minn. Í tilefni af því vil jeg segja það, að á þeim 4 þingum, er jeg hefi setið, mun hann aldrei hafa sjeð vín á mjer nje nein merki þess, að jeg bragði vín, nema í þingveislum. Þar fáum við þm., sem margir hverjir eru kunningjar og jafnvel vinir, þótt við sjeum á öndverðum meiði í stjórnmálunum, tækifæri til að setjast við sáttaborðið og láta niður falla daglegar erjur. En því miður hvílir nærvera hæstv. ráðh. og Grýlusöguburður hans eins og skuggi yfir þingveislunum. Þessi tilhneiging hans að lepja út alt það, er verða má til að níða andstæðinga sína, er hörmuð og fyrirlitin jafnt af flokksbræðrum sem andstæðingum.

Eftir að jeg hafði flutt fyrri ræðu mína, stóð ráðh. upp og hjelt 5 klt. ræðu. Jeg skal ekki svara öðru úr henni en því, sem hann vjek að mjer. Hann taldi mig götustrák og ómentaðan ræfil, úrþvætti og fleira því um líkt. (**Dómsmrh.**: Tók þm. það til sín að óþörfu?). Hæstv. ráðh. beindi þessu til mín, og hefir raunar fyr látið slíkt nægja í stað raka. Það er auðheyrt, að jeg hefi komið við kaunin; til þess hafði jeg líka besta vilja og það er gleðilegt að heyra, að jeg hefi einnig haft til þess getu.

Það er broslegt að heyra hæstv. ráðh. bregða öðrum um mentunarskort. Einmitt það, að hann hefir farið á mis við mentun, er orsök að því, hve illa notast kraftar hans. Kraftar, sem þó eru ekki einskis virði á vissu sviði, sviði ímyndunaraflsins. Jeg tel víst, að hefði ráðh. notið mentunar á æskuárunum, mundi eitthvað hafa lagast jafnvægisleysið milli ímyndunarafls og dómgreindar hans, en þessi jafnvægisskortur veldur mestu um afglöp ráðh. Jeg tel mig ekki mentamann — (**Dómsmrh.**: Alveg rjett.), já rjett, — alveg rjett, eins og alt, sem jeg fer með, —, en jeg hefi átt betri aðstöðu en hæstv. ráðh. og hlotið skárri mentun, þrátt fyrir lítið lofsverða leti við lesturinn á æskuárunum, leti, sem jeg hefi orðið að greiða með fyrirhöfn á fullorðinsárunum. Jeg kann því því illa, að vita-mentunarlaus maður skuli vera að núa öðrum mentunarleysi um nasir. En það eru þessir mentunarerfiðleikar hæstv. ráðh., er fylt hafa skapgerð hans beiskju, einkum í garð andstæðinganna.

Jeg skal ekki fara langt út í Tervani-málið. Það er sagt, að hæstv. ráðh. tali oft eins og vitlaus maður. Það gerði hann ekki í þetta sinn; hann flutti ræðu sína venju fremur rólega. En vörn hans var þó ekki vörn hins vitra manns. Hæstv. ráðh. ætlaði sjer að sanna, að Tervani væri saklaus. Og hvernig fór hann að því? Jú, með því að sanna, að Júpíter væri saklaus. Þetta var að því leyti merkileg vörn, að hingað til hefir hann gert sitt besta til að láta líta svo út, sem hann væri ekki að svívirða hæstarjett með framkomu sinni í Tervani-málinu. En nú er þá grímunni kastað. Nú ver ráðh. Tervani með því að reyna að sanna sakleysi Júpíters, eða með skýrari orðum: með því að staðhæfa, að hæstirjettur hafi kveðið upp rangan dóm yfir Júpíter. Það er að vísu alveg rjett, að það er ekki hægt að aðskilja mál þeirra skipstjóranna á Júpíter og Ter-

vani. En á hverju byggir ráðh. sakleysi Júpíters? Jú, hann rekur varnarskjölin! Hann vitnar í Lárus Jóhannesson, verjanda Júpíters. Hann notar *verjanda* Júpíters sem *vitni* og jafnvel *dómara* í máli Júpíters. Nú vita allir og skilja, að verjandi á auðvitað að verja skjólstæðing sinn og tíunda alt, sem honum mætti verða til málsbóta. En það er dómstólanna að greina kjarnann frá hisminu. Hæstv. ráðh. gerir hjer verjanda málsins að dómara. Lengra er ekki hægt að komast. Að nokkur dómsmrh. skuli leyfa sjer að bera fram slík rök, það er minkun. Þetta ber vott um sljóa hugsun, því hann mundi ekki tefla slíkum rökum fram, ef honum væri ljóst, hve óframbærileg þau eru.

„Nú verður að gera sjer grein fyrir, hvort Júpíter hefir verið sekur", segir hæstv. ráðh. „Skipstjórinn er þaulkunnugur maður, hann er á veiðum um hábjartan dag og hefir hvorki breitt yfir nafn nje númer eins og togarar Ólafs Thors. Því hlýtur hann að hafa verið saklaus!" — Menn sjá, hver er tilgangurinn með slíkri röksemdafærslu. Hæstv. ráðh. er að færa líkur fyrir, að hæstirjettur hafi dæmt Júpíter ranglega. Síðan heldur hann áfram: „Það var nú sök sjer með Þórarinn Olgeirsson; það vita allir, að þetta er gamall sökudólgur, og þess vegna skifti minna, þótt hann hafi ekki verið brotlegur í þetta skifti".

Jeg vil nú upplýsa, að skipstjórinn á Tervani er alþektur landhelgislögbrjótur, en fortíð þessara skipstjóra beggja kemur málinu í sjálfu sjer ekkert við og er hreint aukaatriði, að öðru leyti en því að ef fyrri brot eru *sönnuð*, valda þau þyngri refsingu fyrir þetta umrædda afbrot. En það sýnir best hugsunarhátt hæstv. dómsmrh., að hann skuli ætlast til þess, að hæstirjettur dæmi eftir almenningsálitinu. Honum finst aukaatriði, hvort sakborningur er sekur um það afbrot, sem hann er kærður fyrir og sem hæstirjettur á að dæma um. Hitt sýnist ráðh. skifta meiru, hvort „allir vita" eitt eða annað um fortíð sakbornings. Þó að hæstv. ráðh. álíti, að sönnunargögn þau, er lágu fyrir í Tervani-málinu, væru til skammar fyrir þjóðina, sem vitaskuld er helber vitleysa, þá hefði það þó verið afsakanlegri leið fyrir hann, að láta fyrst dóm ganga um málið í hæstarjetti og náða svo skipstjórann á eftir. Vitanlega hefði mjer, ef jeg hefði verið dómsmrh., aldrei til hugar komið að fara náðunarleiðina, því jeg álít, að til þess hafi engin ástæða verið. En sú leið hefði þó verið miskaminni og betri en sú, er farin var.

Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., er hann heldur því fram, að hann hafi unnið landinu gagn með því að sleppa Tervani, vegna þess að málsskjölunum hefði þurft að leyna og hafi þetta því verið eina leiðin. Þetta er algerlega rangt. Hið óvænta er ávalt víðfrægast. Allir bjuggust við því, að Tervani yrði dæmdur, og varð því saga þessa máls miklu víðfrægari vegna þess, hve úrslit málsins komu mönnum á óvart. Og hafi eitthvað það verið í þessu máli, er leyna þurfti, hefir hæstv. dómsmrh. unnið landinu hið mesta ógagn með framkomu sinni. Þetta mun þó ekki stafa af illum hvötum hæstv. dómsmrh., heldur miklu

fremur af dómgreindarskorti hans, sem ávalt skýtur upp höfðinu í hvaða máli sem er.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri ekki nema úrþvætti, er vildu halda vondum málum til streitu. Þetta má vel vera rjett, en jeg vil í þessu sambandi orða þetta svo, að það sjeu ekki nema úrþvætti, er ekki vilja halda góðum málum til streitu. Og hvor okkar er nú úrþvættið í þessu máli? Það veltur á því, hvort meira er virði, keypt hól um ráðh. eða rjettlæti og virðing hæstarjettar.

Jeg hafði þá farið nærri um það, að Englendingar mundu þakka fyrir þessa rausnarlegu gjöf, því hæstv. ráðh. las upp brjef, sem hann sagði, að væri frá Chamberlain utanríkisráðh. Breta, þar sem honum eru færðar þakkir fyrir þessa tugi þúsunda, er hann gaf hinum breska sökudólg. Hæstv. ráðh. ætti nú vitanlega eins vel og hver annar að vita, að þetta brjef er ekki frá Chamberlain. Gangur málsins hefir vitanlega verið sá, að skipstjóri hefir snúið sjer til útgerðarmanns síns og beðið hann að sjá um, að gjöfin væri þökkuð. Svo hefir útgerðarmaðurinn aftur snúið sjer til einhverrar undirtyllu eða skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, og til hans mun útgerðarmaðurinn þó varla hafa náð. En hæstv. ráðh. má ómögulega halda, að sjálfur Chamberlain hafi skrifað þetta brjef. Hann hefir alt annað að gera en að skifta sjer af svona smávægilegum atriðum. En það er formið, sem Bretar eru svo nákvæmir með að fylgja. sem veldur því, að brjefið hljóðar ef til vill svo: Mjer er fyrirskipað af utanríkisráðherranum að tilkynna yður — þetta og þetta. Það ber vott um óvenjumikinn og broslegan barnaskap hjá hæstv. ráðh., er hann heldur, að Chamberlain hafi sjálfur skrifað brjefið. Aðalatriði þessa er það, að hjer á hlut að máli kurteis þjóð, sem þakkar þær gjafir, er henni eru gefnar, og það því frekar, því óverðskuldaðri sem gjöfin er.

Allir hljóta að skilja það, að virðing og álit erlendra þjóða á okkur byggist ekki á því, að ráðh. sá, er með völd fer í hvert skifti, taki fram fyrir hendurnar á hæstarjetti, því enginn ráðh. er óskeikull, en festa í rjettarfari og dómum er grundvöllur undir trausti og áliti á dómstólunum. Jeg geri nú ráð fyrir, að Bretar skilji þetta manna best og geri því þá kröfu, að slík mál og hjer um ræðir sjeu komin undir dómsvaldinu, en ekki framkvæmdarvaldinu. Það væri því ekki nema eðlilegt, að þeir mistu traust á þeirri þjóð, er ljeti það viðgangast, að ráðh. tæki svo fram fyrir hendur dómsvaldsins og hjer hefir átt sjer stað. Ofan á þetta bætist svo, að hæstv. ráðh. reynir að svívirða hæstarjett með því að leitast við að sanna, að hann hafi kveðið upp rangan dóm í Jupiter-málinu.

Jeg bar það á hæstv. ráðh. í minni fyrri ræðu, að hann sýndi óviðeigandi auðmýkt í garð útlendinga. Það hefir nú komið í ljós, að þetta var ekki að ástæðulausu sagt. Kom það berlega í ljós hjá hæstv. ráðh., er hann svaraði mjer og sagði, að það væri best fyrir *ísl. músina* að hafa hægt um sig, ef *breska ljónið* hristi sig. Þetta er aumur og ámátlegur sónn úr ráðherrabarka. Því meðan við höfum í öllu rjett fyrir okkur, fullyrði jeg, að íslenski drekinn þurfi ekki að vera

smeykur við breska ljónið. En auðmýktarhugsunarháttur ráðh. kemur best í ljós af þessu dæmi, er hann tók um íslensku músina — jeg undirstrika að ráðherra sagði *íslensku* músina — og breska ljónið.

Jeg hafði borið upp fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hann liti svo á, að Tervani-málið væri utanríkismál. Hæstv. forsrh. hefir ekki enn, því miður, svarað þessari fyrirspurn minni, en hæstv. dómsmrh. hefir svarað henni á þá leið, að Tervani-málið væri ekki utanríkismál. En ef svo er, hvernig í ósköpunum gat málið þá verið hættulegt fyrir sjálfstæði landsins *út á við*. Mjer hefir nú reyndar skilist, að öll rök hæstv. dómsmrh. í þessu máli hafi miðað að því að sanna, að þetta væri utanríkismál. Jeg endurtek því fyrirspurn mína til hæstv. forsrh., hvernig hann líti á þetta mál og hvort hann hafi tekið ákvörðun um það, og ef svo er, hvers vegna það hafi ekki verið borið undir utanríkismálanefndina. Ef svör hæstv. forsrh. verða samhlj. áliti dómsmrh., þá vil jeg ennfremur leyfa mjer að spyrja hann að því, hvort hann ætli þá ekki líka að gefa Júpíter upp sakir og endurgreiða sektarfje hans. (**Dómsmrh.**: Íhaldið verður sjálft að grafa sína dauðu). Íhaldið er nú því miður ekki við völd í bili, og auk þess er það ráðh. en ekki Íhaldið, sem telur Júpíter saklausan.

Varnir hæstv. dómsmrh. umfram það, er jeg hefi nú talið, voru hvorki margar nje veigamiklar. Hann var að tala um það, að jeg væri á móti „ömmufrv." svokallaða. Með því hugðist ráðh. sanna, að jeg væri óheill í landvarnarmálinu, og því væri ekki mark takandi á ummælum mínum um Tervani. En jeg sje ekki, að það komi neitt þessu máli við, er hjer um ræðir. Hjer er að ræða um afstöðu hæstv. dómsmrh. til hæstarjettar. Hitt er svo aukaatriði og aðeins hending, að það er landhelgisbrot en ekki morð eða þjófnaður, sem skipstjórinn á Tervani var kærður fyrir. En fyrst minst er á hitt málið, skal jeg geta þess, að jeg gerði á þinginu í fyrra tilraun til þess að draga úr því frv., er þá lá fyrir, nokkrar helstu firrurnar og benti á, hve vanhugsað það væri og hve erfitt væri að klæða það holdi, svo að gagni mætti verða. Jeg benti á, að ekki dygði að láta það verða til þess að draga úr öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að bæta landhelgisgæsluna, og átti jeg þar við frv. um byggingu nýs strandvarnarskips, er hv. þm. Snæf. (HSteins) bar fram. En það sýnir best hin ljelegu rök hæstv. dómsmrh., að hann dregur algerlega óviðkomandi mál inn í umr., til þess að draga athyglina frá Tervani-málinu.

Jeg heyrði líka önnur rök hjá hæstv. ráðh., sem mig undrar, að hann skuli ekki hafa skilið, að eru gersamlega óframbærileg. En það er sagan um togarann, sem var að veiðum við Eldey og var kærður fyrir að hafa verið að veiðum í landhelgi, en sýknaður af fyrv. bæjarfógeta, Jóh. Jóhannessyni. Jeg fæ ekki skilið, hvernig hann ætlar að fara að líkja þessum tveim málum, Regulusar og Tervani, saman. Í Regulus-málinu er það svo, að íslenska rjettvísin telur það ekki nægilega upplýst, að skipstjórinn sje sekur, en í Tervani-málinu er hæstirjettur í raun og veru búinn að kveða upp sektardóm. Er það bæði til smánar fyrir hæstv. ráðh. sjálfan og Alþingi, að

slík rök sem þessi skuli vera borin fram af ráðh.

Þá ætla jeg að víkja örfáum orðum að öðrum þeim atriðum í ræðu hæstv. dómsmrh., er snerta hina fyrri ræðu mína. Jeg hafði bent á það, að þegar gengið var til kosninga síðast, var hæstv. dómsmrh. óspar á loforð. En jeg benti líka á það, að minna hefði orðið um efndir. Nefndi jeg meðal annars sendiherraembættið í Kaupmannahöfn. Því svaraði hæstv. ráðh. svo, að mjer sætti að vera það vitanlegt, að eins og Alþingi væri nú skipað, væri ekki hægt að leggja þetta embætti niður. Þetta átti að vera fullkomin syndakvittun fyrir hringsnúning hans í þessu máli. En jeg fæ ekki sjeð, að stj. hafi neina afsökun í þessu. Hún á vitanlega að fylgja sínum málum fram. Og geti hún það ekki, á hún að fara frá. En sje það aðaltilgangur hennar að hanga við völdin, en „stefnumálin" algert aukaatriði, þá er þetta auðvitað nægileg afsökun fyrir hana.

Hæstv. dómsmrh. hefir einhverntíma sagt, að stjórnmálamenn bæri að dæma eftir því, hvernig þeir stæðu við loforð sín, er þeir væru komnir til valda. Þetta er rjett. En hvernig hagar hann sjer sjálfur? Jeg er hræddur um, að hann fengi ekki góðan dóm sem stjórnmálamaður, ef það ætti að dæma hann eftir þessum mælikvarða. Við skulum taka t. d. Spánarlegátann margumtalaða. Þar er því ekki til að dreifa, að vilji Alþingis sje á móti stj. En hvað skeður? Strax og staðan losnar, er skipað í hana aftur, og það með sömu launum og hæstv. dómsmrh. taldi áður svo óhæfilega há. Með hverju ætlar hann að afsaka sig í þessu?

Einnig hafði jeg sagt í minni fyrri ræðu, að hæstv. ráðh. hefði sýnt ómannúðlega framkomu gagnvart veikum mönnum. Átti jeg þar við afskifti hans af berklasjúklingum. Út af því sagði hæstv. ráðh., að jeg myndi þar meira tala af umhyggju fyrir læknunum en sjúklingunum. Mundi jeg vera að launa þeim fyrir einhver lyf, er þeir hjálpuðu mjer stundum um. Það getur vel verið, að vinátta hans til læknanna standi í sambandi við einhver róandi lyf; mín er af öðrum toga spunnin, enda hefi *jeg* ekki þurft að leita á náðir þeirra um hjálp í viðlögum. En það var ekki umhyggja mín fyrir læknunum, er lá til grundvallar því, að jeg taldi það óviðeigandi af hæstv. ráðh. að skipa þeim, sem eru svo óhamingjusamir að þurfa að leita sjer lækninga við berklaveiki, að leita til ákveðins læknis eða lækna, ef þeir vilji halda þeim styrk, er ríkið veitir til þessara sjúklinga. Rök mín í þessu eru þau, að hver sjúklingur leitar ávalt til þess læknis, er hann ber mest traust til. En það er oft svo, að mest veltur á því um lækningu sjúkdómsins, hvaða *traust* sjúklingurinn hefir á þeim lækni, er stundar hann. — En eins og allir vita, gaf hæstv. ráðh. út þá skipun, að allir berklaveikir sjúklingar, er ætluðu sjer að fá styrk úr ríkissjóði, yrðu að leita til ákveðinna lækna. Var hinn sjálfsagði rjettur sjúklinganna að kjósa sjer sjálfir lækni skertur með þessu. Sparnaðurinn af því fyrir ríkið var hinsvegar sama og enginn. Í mesta lagi 1500 kr. af þeim 700 þús., er greiddar eru af ríkisins hálfu í þessu skyni. Það er því broslegt, að nokkur skuli halda því fram, að þetta sje af sparnaðarástæð-

um gert, en væri þó afsakanlegt, ef ekki væri einmitt ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur.

Þá þarf jeg að fara nokkrum orðum um ummæli hæstv. dómsmrh. í sambandi við tilvitnun sína í grein, er hann hefir sjálfur skrifað í Tímann 15. jan. síðastl. Á þessum fundi, er haldinn var á Akranesi í haust, voru um 500 manns, er heyrðu það, sem fram fór. Jeg var þar að ræða um árás hæstv. ráðh. á skipherrana á varðskipunum. Greip þá hæstv. ráðh. fram í fyrir mjer og sagði, að besta samkomulag væri milli sín og skipherranna. En jeg mótmælti því og sagði, að þeir mundu vera í hópi þeirra manna, er vildu hann pólitískt feigan. Þetta er sannanlegt, og jeg treysti mjer til þess að koma með hundruð vitna til þess að staðfesta, að þetta sje rjett. Það er meira en lítil óskammfeilni af hæstv. ráðh. að halda því fram, þvert ofan í vitund allra þeirra, er þarna voru viðstaddir, að jeg hafi sagt, að skipherrarnir væru í tölu þeirra manna, er vildu að hann væri drepinn. Þessu trúir vitanlega enginn heilvita maður. Að hæstv. ráðh. skuli halda þessu fram, ber þess greinilegan vott, að tilhneiging hæstv. ráðh. til að ófrægja aðra er blátt áfram sjúkdómur á honum. Og svo hælist hann um það, að hann skuli ekki hafa skipað skipherrunum að fara í mál við mig!! Mjer væri það sönn ánægja, ef hann vildi skipa þeim það, því þá mundi það sannast, hver hefði á rjettu að standa. En sannleikurinn er sá, að hæstv. ráðh. kærir sig ekkert um, að hið sanna í þessu máli upplýsist. Hann veit, að með því að endurtaka þetta hvað eftir annað getur vel verið, að honum takist að telja einhverjum auðtrúa auðnuleysingjum trú um, að jeg hafi sagt þetta. En hvað sem því líður, ætla jeg að sjá um, að þetta festist ekki við mig mótmælalaust. Jeg endurtek svo áskorun mína til hæstv. ráðh. um að taka þessi orð sín aftur, eða þá að fá það vottfest, að jeg hafi sagt þetta. Að vísu er eðlilegt, að menn þori ekki að fullyrða, hvernig orðalag jeg viðhafði, en allir mundu hafa munað það, ef jeg hefði sagt, að skipherrarnir vildu láta drepa hæstv. dómsmrh. Slík orð eru sem betur fer svo sjaldgæf, að þau mundu öllum áheyrendum minnisstæð. Hjer í deildinni sitja ýmsir þeirra, er voru á Akranesfundinum, þar á meðal nokkrir flokksbræður ráðh. Skora jeg á ráðh. að færa fram eitt, aðeins eitt vitni fyrir þessum áburði hans. Geti hann það ekki, — og jeg veit að hann getur það ekki —, er ekki ofmælt, að framkoma hæstv. ráðh. í þessu máli er gersamlega ósæmileg og honum til mikillar minkunar.

Um leið og jeg skil við hæstv. ráðh. skal jeg játa, að jeg var nokkuð hvassyrtur við hann í minni fyrri ræðu, en jeg hefi gaman af að segja frá því, að jeg hefi ekki orðið var við neina andúð frá einum einasta framsóknarmanni fyrir það, heldur aðeins frá sócíalistum. Þeir voru þeir einu, er reiddust fyrir hans hönd, er jeg kvað upp hinn harða en rjettláta dóm yfir honum.

Það skal játað, að jeg álít, að menn eigi frekar að gæta sín fyrir því að ráðast hart að hæstv. dómsmrh. En það er ekki vegna þess, að hann eigi

það ekki skilið, heldur vegna hins, að hann ver sig svo aumlega, að hann vekur meðaumkvun fólks á sjer. Áður fyrri var það venja, að hann óð fram fyrir skjöldu, hamaðist og beit í skjaldarrendurnar. En nú er hann orðinn eins og gamalt, karlægt og tannlaust kerlingarhró, er ekki getur bitið lengur.

Þá þarf jeg að víkja nokkrum orðum að hv. þm. Ísaf. (HG) út af því, er hann sagði í gær. Hafði hann tekið sjer það fyrir hendur að mæla fyrir minni hreinskilninnar. En honum fórst það líkt og regluboða, sem snýr sjer undan og „snapsar" sig, þegar hann er að prjedika bindindi. Hann talaði mjög fagurt um hreinskilnina, en var um leið að blóta hræsnina á laun. Meðal annars var hann að víta það, að jeg hefði talað með miklum fjálgleik um landhelgisgæsluna. Þetta hefi jeg nú reyndar ekki gert, en þó svo hefði verið, fæ jeg ekki sjeð, að það hefði verið nein dauðasök, þar sem jeg er umboðsmaður þeirra manna, er mest allra landsbúa eiga undir góðri landhelgisgæslu. Einnig kom það fram hjá hv. þm., og enda óbeinlínis hjá hæstv. dómsmrh., að mjer væri algerlega óheimilt að tala um þessi mál. Jeg ætti bara að skammast mín og þegja, ef þau væru nefnd. Ástæðan til þess var sú, að fyrir 5 eða 6 árum var einn af togurum Kveldúlfs staðinn að landhelgisveiðum og dæmdur fyrir brotið. Jeg gæti nú að vísu auðveldlega sannað sakleysi hans, ef jeg vildi beita sömu aðferð og hæstv. dómsmrh. notar og lesa upp vörn verjanda í málinu. En jeg sætti mig við dóminn og segi: skipstjórinn er sekur, úr því að hæstirjettur dæmdi hann. En jeg get ekki skilið, að þetta geti sett nokkurn blett á mig. Eins og mörgum mun kunnugt, er alger verkaskifting milli forstjóra stærri fjelaga eins og t. d. S. Í. S., og svo hefir það verið í Kveldúlfi. Jeg hefi ekki komið nálægt stjórn togaranna undanfarin ár; það hafa aðrir gert. Jeg ætla þó ekki með *þessu* að fara að skjóta mjer undan áfellisdómi hæstv. dómsmrh., en vildi hinsvegar spyrja hann: Álítur hæstv. dómsmrh., að jeg sje samsekur eða hafi sannað samúð mína með landhelgisbrjótum með því að halda skipstjóranum áfram í stöðunni, og bæta þannig ekki atvinnumissi við 10 eða 12 þús. kr. sekt þessa manns, sem í áratug hafði unnið dyggilega í minni þjónustu, — unnið sig frá því að vera duglegur háseti upp í að vera duglegur skipstjóri? Álítur ráðh., að jeg hefði verið drengur að meiri, ef jeg við dóm hæstarjettar hefði bætt brottrekstri? (**Dómsmrh.**: Því mun jeg svara þegar hv. þm. er hættur við þennan reiðilestur sinn). Jeg veit það, að hæstv. dómsmrh. vill hafa næði til að svívirða mig, og því helst ekki svara fyr en jeg er „dauður". Jeg vil því spyrja hann aftur að því sama. (Þögn). Vill hæstv. dómsmrh. ekki svara þessu? (**Dómsmrh.**: Jeg hefi svo mörgu að svara og mun gera því öllu skil á eftir). Úr því að hæstv. dómsmrh. vill ekki svara þessu, verð jeg að sætta mig við það, en þó skal jeg skýra málið dálítið fyrir honum.

Einn af mannkostum ráðh. er sá, að hann reynist sínum mönnum vel, það er að segja þeim, sem eru honum nógu undirgefnir. Sem dæmi þess gæti jeg skýrt frá því, að hann hefir keypt einn slíkan fylgifisk sinn undan lög-

unum og hossað honum síðan upp í vegtyllur. Nafn þessa manns vil jeg ekki nefna hjer í deildinni, en jeg gæti sagt það einhverjum flokksbróður ráðh., sem er þagmælskari en hæstv. dómsmrh. Jeg veit það, að hæstv. dómsmrh. er ekki svo gleyminn maður, að hann muni ekki eftir þessu, og þar sem hann breytir svo, er engin ástæða til fyrir hann að ásaka mig fyrir, að jeg skuli ekki hafa rekið skipstjórann, sem gerði sig sekan í þessu broti, eftir að hann var búinn að fá 10000—12000 kr. sekt. Þetta sýnir aðeins, að jeg læt mjer ekki farast illa við þá menn, sem hafa unnið hjá mjer. Jeg geri þeim ekki þau óhöpp þungbærari, er þeir verða fyrir, með því að hrekja þá burtu og svifta þá atvinnu. Þetta er það eina sinn, sem jeg hefi eytt tíma í að verja mig fyrir ásökunum hæstv. dómsmrh. í þessu máli, og hefir hann þó oft notað það mjer til vanvirðu. Jeg hefi ekki kært mig um að tína til mörg lögbrot skjólstæðinga hans, heldur hefi jeg aðeins nefnt eitt dæmi af mörgum, til að sýna fram á, að það er eins órjettmætt að núa mjer um nasir lögbroti skipstjórans á „Agli Skallagrímssyni“ og því, að jeg ljet þess óhefnt, eins og að ásaka hæstv. dómsmrh. fyrir gerðir þessa skjólstæðings hans, sem hann keypti undan hegningu.

Hv. þm. Ísaf. vildi líka gera sjer mat úr þessu, en honum hefi jeg svarað um leið og hæstv. dómsmrh., en mun nú taka ræðu hans til frekari athugunar. Það var enginn efi á því, að hjá honum fylgdi hugur máli, er hann talaði um íhaldið, og braut þá í engu í bág við lögmál hreinskilninnar; en þegar hann sneri máli sínu að hæstv. stj., fylgdi hann dyggilega vegum hræsninnar. Hann fann henni það helst til foráttu, að þegar hún horfðist í augu við stærri mál, gerðist hún undirleit og hopaði af hólmi, og nefndi þar sjerstaklega kjördæmaskipunina. Það er þó vitanlegt, að jafnaðarmenn vilja ekki breyta kjördæmaskipuninni; þar fylgir hugur ekki máli. Þeir vilja fara að eins og í fyrra og hrifsa kjördæmin af íhaldsbændum og fá sósialistum þau í hendur. Þeir vilja, að Framsókn og sosialistar til samans myndi meiri hl. og að sá maður, sem nú fyllir stöðu dómsmrh., geri það áfram. Þeir eru ánægðir og æskja einskis frekara en að þessir menn sitji áfram við völd, til þess að þeir geti haft þá að skálkaskjóli og haft foringja sinn, Jónas Jónsson, í fararbroddi.

Þá spurði hv. þm. Ísaf. hæstv. dómsmrh. að því, hvernig á því stæði, að hann væri ekki ennþá farinn að skipa sakamálsrannsókn á útsölumann olíuverslunarinnar á Seyðisfirði. En hann spurði til þess að ráðh. gæti svarað: Jeg hefi gert það. Þetta er hreinasti skrípaleikur, það sjá allir. Mjer er sem jeg sjái hv. þm. Ísaf., ef hv. 1. þm. Skagf. hefði verið dómsmrh. og t. d. jeg forstjóri áfengisverslunarinnar. Mjer er sem jeg heyri þrumurödd hans á eldhúsdegi, er hann helti sjer út yfir þessa svívirðingu, sem átt hefir sjer stað í vínversluninni. Það eitt væri ekki nóg, mundi þm. segja, að svíkja drykkjarföngin, heldur svikjum við líka peninga frá fátækum mæðrum og svöngum börnum. Jeg veit ekki, hve lengi jeg ætti að halda

áfram, en við getum allir ímyndað okkur reiði hans og hávaða. En nú minnist þessi bindindisfrömuður ekki einu orði á vínfölsunina, sem þó var gerð beinlínis til þess að lokka vínhneigða menn með gómsætum drykk. Þetta sýnir best, hversu nátengd og einlæg er vináttan milli þessara tveggja manna og hvílíkur fyrirmyndar hræsnari hv. þm. Ísaf. er. Það orkar ekki tvímælis, að árásir þessa hv. þm. eru gerðar aðeins til þess að sýnast. Jeg hafði líka gaman að því að sjá hæstv. forsrh. standa upp og segja með blíðu brosi við þennan hv. þm.: „Já, það er nú svona; mjólkin verður ekki meiri úr kúnni, þótt skjólan sje stærri". Þrumuródd en engin alvara. Reiðisvipur til að leyna gleðinni. Árás, ekki til að svala hefndarþorsta, heldur til að gjalda þakklætisskuld fyrir þegnar velgerðir. Það er þetta, sem hæstv. forsrh. meinti, og það var líka alveg viðeigandi svar og hæstv. forsrh. til sóma, þótt það væri máske nokkuð fljótfærnislegt. Það sýndi, að hv. þm. Ísaf. bar á sjer yfirskin hreinskilninnar, en blótaði hræsnina, og hinn góðlátlegi forsrh. skildi þetta til fulls. Hann veit vel — já, manna best —, að fylgi sósialista hefir kostað mikið, og hann veit eins vel, að aðstaða þeirra getur ekki verið betri. Er það ekki skemtilegt að fá það af munni hæstv. forsrh., að árásir þessa manns sjeu ekki nema látalæti *og geti ekki verið annað en látalæti?* Vei yður, þjer hræsnarar.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg býst við, að hv. 2. þm. G.-K. hafi fengið áminningu hjá sínum mönnum eftir ræðu sína í gær, því að nú stilti hann skap sitt mun betur og viðhafði munnsöfnuð, sem nærri því var samboðinn manni, sem ekki þurfti að vera götudrengur. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi fengið svipaðar þakkir í sínum herbúðum eins og Mbl. fær fyrir meðferðina á móðurmálinu. Fyrst vil jeg snúa mjer að því, er hv. þm. reyndi til að niðra löggæslumönnunum og svívirða þá. Sú framkoma er í fullu samræmi við framkomu íhaldsins gagnvart þessum mönnum. Blöð þeirra hafa ekki lint látum með að uppnefna þá og hrakyrða á allan hátt fyrir að gera skyldu sína. Í þessu sambandi vil jeg minnast á sögu eina, sem borist hefir út um bæinn, og menn, sem munu vera nákomnir hv. þm., hafa borið út. Það var sagt, að einn þessara löggæslumanna hafi verið við skyldustörf á þjóðvegi hjer í nærsveitunum og hafi þá bulla nokkur ráðist á hann og misþyrmt honum. Um leið og jeg get þess, að þetta er alveg tilefnislaust, vil jeg geta þess, að yfir þessu máli skemtu íhaldsmenn sjer vel, og var það líka í fullu samræmi við þeirra sómatilfinningu, en þjóðin hefir andstygð á slíku siðferði. Alment er talið, að þessi lygasaga hafi komið upp í Kveldúlfi og að menn nákomnir hv. 2. þm. G.-K. hafi hælst um, að einn af starfsmönnum þessa fyrirtækis hafi ráðist á löggæslumanninn. Þetta bendir á, að ofstopamenn af þessu tægi hafi viljað beita ofbeldi við löggæslumennina, en ekki þorað það. En þessi mótþrói hv. 2. þm. G.-K. og hans flokksbræðra orsakast af því, að þeir þola ekki, að lögin nái til þeirra, sökum þess að þeir hafa getað sveigt lögin nokkurnveginn eftir eigin vild meðan íhaldið fór með völd. Það vita allir,

að þessir menn vilja grafa undan lögum og rjetti í landinu og gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til að forða fyllibyttum frá sektum; en þeir verða nú að þola, að lögin nái til þessara fylgismanna sinna. Jeg býst líka við, að hv. þm. verði ekki sigurreifur, þegar hann heyrir, að í dag og í gær voru 16 bílstjórar sektaðir, þótt hann og hans menn hafi verið að reyna að draga þá undan vendi laganna. Hv. þm. er reiður yfir því, að jeg hafi sent honum sneiðar fyrir drykkjuskap, en þegar hann og hans líkar taka málstað ofdrykkjumannanna og uppnefna löggæslumennina og svívirða, þá sanna þeir þar með, að ekki eru þeir svo hreinir sem skyldi. Hv. þm. mintist á, að jeg hafi talað um ölæði í þingveislum, en jeg hefi oft verið þar og sýnt það, að jeg kann að gleðjast í hófi með glöðum, og meira að segja hefi jeg oft fylgt góðglöðum andstæðingum heim úr slíkum veislum. Annars verð jeg að játa það, að mjer þykir það mikill ljóður á ráði hv. þm. að geta ekki haldið veislu án þess að fara yfir það stig, sem sæmilegt er; eins og t. d. í samkvæmi, sem haldið var í fyrra. — Þá mintist hv. þm. á Tervani-málið, en það er nú dautt mál, því að menn hafa þegar sjeð, hver hafði þar á rjettu að standa. Annars verð jeg að geta þess, að þessi „homopathia", sem jeg tók upp, að láta íhaldið berjast við sjálft sig, hefir gefist vel, því að varla geri jeg ráð fyrir, að þessi íhaldslögfræðingur hafi tekið upp á því að flytja rangt mál fyrir peninga. Mjer hefði þó ekki dottið í hug að leiða þetta vitni í neinu máli öðru en þessu, sem íhaldið hefir gert að æsingarmáli. Þegar jeg hefi lesið upp álit þessa íhaldslögfræðings, verður flokkur hans annaðhvort að játa, að hann sje ómerkur orða sinna eða að flokkurinn fari með rangt mál.

Jeg tek því skýrt fram, að þetta vitni er ætlað íhaldsmönnum einum, það er að segja, þeim æstustu. Aðrir þurfa þess ekki við. Jeg ætla þá að segja frá þessu aftur í sem stystu máli.

Fyrst er það, að undirrjetturinn í Hafnarfirði slær því föstu, að málið sje rangt eins og íhaldsmenn hafi flutt það. Hæstirjettur er í mikium vafa, en dæmir þó Júpiter í sekt, og þetta hafa þeir hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. reynt að afsaka sjer í vil. Þeir finna, að það er hættulegt að leggja annað mál á líkum grundvelli undir dóm almenningsvitundarinnar, þegar á bak við stendur annarsvegar sýkna og hinsvegar hikandi dómur. Þar við bætist, að sá maður, sem á aðalblað Íhaldsins, hefir, eins og jeg las upp, leitt rök að því í fyrsta lagi, að báturinn var svo hörmulega illa útbuinn, að það út af fyrir sig var til minkunar, í öðru lagi, að mennirnir voru bæði heimskir og ósannsöglir, og í þriðja lagi staðfestir þessi íhaldsmaður það, sem öllum var kunnugt, að frágangurinn á sönnunum þessa manns var þess eðlis, að því fleiri sem hefðu vitað um þetta, því ákveðnari var dómurinn um hv. 1. þm. Skagf.

Því er ekki að neita, að landhelgisgæsla okkar gengur hart að nágrannaþjóðunum að því leyti, að sektir eru háar, enda er sterk tilhneiging hjá nágrannaþjóðunum til þess að rökmeta alla dóma í þessu efni og dómarnir eru krufðir til mergjar af hinum hæfustu mönnum. Þegar hefði verið farið að

meta slíkan dóm um Tervani-málið, þá hefði naglamenningin komið fram í sinni fullu nekt, og afleiðingin orðið sú, að okkar tiltölulega góðu, uppvaxandi strandgæslu hefði verið blandað saman við hinn óheyrilega naglaskap skipshafnarinnar á varðbátnum Trausta.

Allir menn, sem eitthvað þekkja utan Íslands, geta verið samdóma um, að ekki hefði staðið sterk almannavitund á bak við dóm eins og Tervani hefði fengið, þegar rök málsins hefðu verið rædd í sjerfræðiritum stórþjóðanna og í enska og þýska þinginu.

Það kom mjög illa við hv. þm., að jeg hafði lesið upp brjef, ekki frá enska utanríkismálaráðh., heldur frá enska ræðismanninum í Reykjavík. Jeg býst ekki við, að það verði tekið alvarlega, sem hv. þm. vildi láta þingheim trúa, að brjefið væri falsað. Það lítur út fyrir, að hv. 2. þm. G.-K. sje ekki kunnugur nema glæpamannabókfærslu, ef hann álítur, að slík skeyti frá ensku stj. sjeu fölsuð. Það sannar skoðun mína um gáfnafar og mentunarástand þessa hv. þm.

Hv. þm. hefir tekið út úr rjettu samhengi það, sem jeg sagði um músaholuna, sem hv. þm. Borgf. liti á veröldina úr, og bæði misheyrt og misskilið. Annars gat hann ekki annað en dreymt setningar sínar. Hitt er annað mál, að jeg álít ekki álitlegt fyrir jafnlitla þjóð og við Íslendingar erum að gera Bretum rangt til. Þó að Bretar sjeu nógu miklir drengir til að vernda smáþjóð, sem kemur vel fram, er hitt ekki víst, að þeir sýni samúð þjóð, sem kemur bersýnilega illa fram. En það er auðvitað öðru máli að gegna, ef við erum meiri en Bretar. Annars held jeg, að hugtökin í heimspólitíkinni sjeu nokkuð óljós fyrir ýmsum flokksbræðrum hv. þm. Einn þeirra fór fyrir skömmu til Englands til þess að semja um kaup á nýjum togara, og hann undraðist það, að allir skyldu ekki drúpa höfði, þegar hann gekk framhjá, bara af því hann væri einn af eigendum Kveldúlfs. Hann bjóst við, að frægð sín hefði flogið til Englands og að honum yrði tekið eins og fyrirbrigði, ef hann lyti svo lágt að koma þangað.

Hv. þm. spurði mig, hvort jeg vildi gefa Júpiter upp sakir. Mjer skildist hv. þm. fyrst og fremst fallast á, að Júpiter hefði verið ranglega dæmdur, og í öðru lagi virtist hann ekki vera í minsta vafa um mátt minn og vilja til þess að taka á mig allra manna syndir. Það er nú oflof, því að jeg get til dæmis ekki tekið á mig neitt af syndum íhaldsmanna. Ef Júpiter hefir verið ranglega stefnt til dóms og hann ranglega dæmdur, verða íhaldsmenn sjálfir að bæta fyrir það. Það er bara einn maður í sögu heimsins, sem hefir tekið allra manna syndir á sínar herðar, og það er of mikið lof, ef hv. þm. gerir ráð fyrir, að jeg taki á mig þennan litla part af syndabyrði heimsins, sem þó er svo óttalega stór.

Þegar hv. þm. ætlaði að sanna, að hann ætti að hafa leyfi til að tala um landhelgismál, var hann mjög hikandi, enda gleymdi hann alveg einu atriði, sem skiftir miklu máli, nefnilega sinni eigin aðstöðu til landhelgisgæslunnar. Jeg skal fyrst nefna ömmufrv. Því verður ekki neitað, að frammistaða hv. þm. í því máli færði okkur heim sanninn um, að hv. þm.

vill opna íslenskum togurum leið til að geta fiskað í landhelgi. Jeg vil í þessu sambandi minna á hv. þm. Snæf. Ef íhaldsmenn hefðu heimspekilegar flokksástæður fram að færa til að vera á móti því máli, ættu þær astæður líka að ná til hv. þm. Snæf. En hann var með frv., af því að hans eigið kjördæmi, einkum þorpin, bíða allra þorpa mest tjón af ágangi landhelgisþjófanna. Þess vegna sannar framkoma hv. þm. Snæf., að þeir, sem vilja, að landhelgisgæsla sje góð, eru með frv.; hinir eru á móti því. Þetta er svo viðurkendur sannleikur, að það dettur engum skynsömum Reykvíking í hug að álíta annað en að hv. 2. þm. G.-K. vilji, að togarar hans sópi fiskinum, hvar sem hann er að fá. Hinsvegar býst jeg við, að hv. þm. vilji heldur, að öðru jöfnu, taka fiskinn utan landhelgi en innan. Jeg geri ráð fyrir, að hv. d. fái innan skamms tækifæri til að sjá, hvort hv. þm. hefir sjeð að sjer síðan í fyrra, og jeg trúi ekki öðru en að hv. d., sem hefir sýnt svo mikla fórnfýsi að vilja leggja til nýtt skip til að verja landhelgina betur, sinni slíku frv.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði svikið mínar hugsjónir, þar sem jeg hefi ekki reynt að koma fram afnámi sendiherraembættisins í Kaupmannahöfn. Jeg álít hægt að komast af án sendiherra í Kaupmannahöfn. En er þetta mál svo mikið stórmál, að það sje gerandi að „Kabinet"-spursmáli? Því hefi jeg aldrei gert ráð fyrir, þar sem allir vita, að meir en helmingur Alþingis vill hafa sendiherra í Kaupmannahöfn. Spánarsendiherrann hefi jeg ekkert með að gera. En fyrst hv. þm. álítur, að mjer beri að setja himin og jörð á hreyfingu til þess að leggja niður sendiherraembættið í Kaupmannahöfn, vil jeg benda honum á, hvað fyrv. ráðh., hv. 3. landsk. (JÞ), var gleyminn í 4 ár um stærsta samgöngumálið, járnbrautarmálið. Það kvað svo ramt að, að hann gerði hreint ekkert fyrir það öll þessi ár, þrátt fyrir fyrri afskifti.

Mjer þykir að vissu leyti vænt um, að hv. 2. þm. G.-K. skuli vera orðinn mannúðarmaður. Þó að það tilefni, sem hann velur sjer, sje ekki þýðingarmikið, er það þó nokkurs virði, ef um almennan umbótamann væri að ræða. En það er ekki til meira mannúðarleysi en fiskimönnunum á togaraflotanum er sýnt. Það er hvergi, sem menn eru píndir jafnlengi svefnlausir og úrvinda af þreytu, og hvergi, sem mönnum er jafngrimmilega kastað frá vinnunni, þegar þeir eru orðnir gamlir. Hv. 2. þm. G.-K. hugsar ekki um annað en að útníða mönnunum, meðan þeir eru í fullu fjöri. Þegar þeir biðja um svefntíma, sem þó er styttri en vísindin krefjast, neitar hv. þm. Auk þess er vart hægt að hugsa sjer ömurlegra líf en þessir menn eiga, meðan þeir njóta þeirrar dásemdar að hafa vinnu. (ÓTh: Hvernig stendur á því, að allir ungir menn sækjast eftir þessari atvinnu?). Það er gott, að hv. þm. reynir ekki að bera á móti mannúðarleysinu. Það eru til námur svo neðarlega, að innri hiti jarðarinnar er þar svo mikill, að mennirnir geta ekki unnið nema fjórðung stundar á dag. En kaup er borgað svo hátt, að menn vinna það til að vera í þessu jarðneska helvíti. Það er ekki ósennilegt, að menn vegna fátæktar og neyðar fari í vinnu til hv. 2. þm. G.-K.,

þá vinnu, sem er langómannúðarlegust á Íslandi. Mennirnir fá kaup, sem þeir geta dregið fram lífið fyrir, en svo er þeim kastað burtu strax og þeir fara að slitna. Í þessu efni er rjett að gera eina litla undantekningu. Það fjelag, sem einn af þm. Reykjavíkurbæjar er forstjóri fyrir, hefir látið reisa 2—3 hús fyrir sína verkamenn. Hann hefir þar sýnt eftirbreytnisvert mannúðarmerki, bara í of litlum stíl. En það er dæmalaust, að maður, sem ekur í mörgum einkabílum og kaupir reiðhesta og lifir í vellystingum praktuglega (ÓTh: Er ráðh. að lýsa sínum eigin lifnaðarháttum?) fyrir sveitadropa útþrælkaðra verkamanna, að hann skuli vera að tala um mannúð! Það orð ætti hv. 2. þm. G.-K. að strika út úr sinni orðabók. Nei, það er ekki jeg, sem níðist á verkamönnum. Það er hv. 2. þm. G.-K. og hans stjettarbræður.

Þá skal jeg víkja að þeim mikla glæp, að stj. skyldi semja við 2 bestu læknana, sem við eigum, í sambandi við berklavarnirnar. Það átti að tryggja berklasjúklingum sem besta hjálp, sem um leið yrði hin ódýrasta fyrir landið. Og þetta segir mannúðarpostulinn að sje kúgun! Hann gætir þess ekki, að það er landið sem borgar. Það er engin höfuðsynd, þó að sá, sem borgar, fái að velja lækninn. Hv. þm. ætti engan að láta heyra þessa endemis fjarstæðu. Svona er alstaðar farið að á spítölum og í sjúkrasamlögum. Heldur hv. þm. til dæmis, að þegar landsspítalinn er kominn á stofn, fái hver og einn að krukka í sjúklingana? Eða hvernig færi, ef berklasjúklingur frá Ólafsvík ætti að fara á Vífilsstaðahælið? Ætti þá læknirinn í Ólafsvík að fara með honum? Þetta er jafnheimskulegt hjá hv. þm. og það er mikil hræsni.

Mjer finst það bera vott um svolitla sómatilfinningu hjá hv. þm., að hann reynir að draga í land af ummælunum, sem hann hafði uppi á Akranesi. Hann segist hafa viljað hnekkja því, þegar jeg sagði, að samkomulagið væri gott á milli mín og skipstjóra á varðskipunum. Jeg, sem er annar aðilinn, veit vel, hvernig samkomulagið er. Og jeg hefi fengið ákúrur fyrir að vera of góður við skipstjórana, að bjóða þeim upp í Norðtungu. En hlið hv. þm. er þá hlið skipstjóranna og þetta er sagt í hópi þeirra, sem hann segir, að vilji mig pólitískt feigan, en annars sagði þm. blátt áfram, að þeir vildu drepa mig. (ÓTh: Þarna voru ýmsir þingmenn viðstaddir. Getur hæstv. ráðh. fengið einn einasta þeirra til að votta með sjer?). Jeg þarf engin vottorð. Jeg veit nógu mikið um þetta mál. Jeg hefi ekki reynt að pína skipstjórana á þeim grundvelli, að orð þeirra væru sönn. Ef jeg hefði trúað þessum hv. þm., þá hefði jeg látið mennina hreinsa sig af þessum ummælum. En jeg ber of litla virðingu fyrir 2. þm. G.-K. til þess. Hinsvegar hefði jeg kunnað vel við, ef skipstjórarnir hefðu frábeðið sjer alt sáluhjálparsamlag við þennan mann, sem ber þeim slíkar svívirðingar á brýn. Ef jeg fyrirlít hv. þm. út í ystu æsar, get jeg tortrygt þessi ummæli, en hafi jeg snefil af tiltrú til hans, get jeg búist við, að einhver neisti sje sannur í þeim.

Að síðustu vildi hv. 2. þm. G.-K. sanna mannúð sína á því, að hann hefði ekki rekið burt brotlega skip-

stjórann. En þm. hefir játað í blaðagrein alt annað um málið, nefnil. að skipstjórinn sje aflakló og þess vegna hafi hann haldið stöðunni. En svo var hv. þm. að dylgja um það, að jeg hefði keypt brotlegan mann undan hegningu. Jeg vil skora á hv. þm. að kæra mig fyrir þetta. Ef hv. þm. kærir mig nú þegar í dag ekki fyrir lögreglustjóranum hjer í Reykjavík, hr. Hermanni Jónassyni, þá lýsi jeg því yfir, að háttv. 2. þm. G.-K. er opinber ósannindamaður að þessu. Þá virtist það koma illa við háttv. 2. þm. G.-K., að jeg hafði fyrirskipað í vetur rannsókn á rekstri steinolíuútibús landsverslunarinnar á Seyðisfirði. Stjórninni hefir nú verið legið mjög á hálsi fyrir það að hafa ekki fyrirskipað slíka rannsókn. En hið sanna er, að jeg hafði enga kæru fengið um rekstur þessa útibús. Um það vissi jeg ekkert annað en að jeg hafði sjeð blaðaskammir út af því. Og endurskoðendur landsverslunarinnar, sem eru tveir íhaldsmenn hjer í bænum og eru báðir prýðilega skylduræknir menn, höfðu enga umkvörtun gert nje bendingu vefið til mín um, að þörf væri rannsóknar. Hefði slíkt þó verið bein skylda þeirra, ef nauðsynlegt var að rannsaka eitthvað.

Mjer skilst nú, sem þessum ræðum muni vera lokið í bili. Stendur nú fyrir dyrum þingveisla sú, sem hv. þm. G.-K. lýsti svo fagurlega. Óska [illegible] öllum góðs fagnaðar þar, þótt jeg [illegible]i ekki nauðsynlegt, að þm. skili [illegible] í þann himneska fögnuð, sem hv. [illegible]m. talaði um. Jeg býst við að verða forfallaður að sækja þessa veislu. (ÓTh: Heyr!). Jeg trúi því vel, að hv. þm. álíti sjer auðveldara að þjóna lund sinni í þingveislunni, ef jeg verð þá staddur í öðrum landsfjórðungi.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 15. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg mun hafa þessa ræðu mun styttri en jeg hafði ætlað mjer og hefði haft ástæðu til, því að enda þótt umr. þessar hafi verið sjálfsagðar og nauðsynlegar, þá hafa þær ekki haft þær verkanir, sem heimili að hafa þær miklu lengri. Mjer eru það mikil vonbrigði, að hæstv. atvmrh. skuli ekki hafa fallist á þá bendingu, sem jeg gaf honum um skipun formanns bankaráðs Landsbankans, því að jeg fór ekki fram á annað en það, að stj. tæki tillit til hagsmuna bankans, þannig að stærsti skuldari bankans væri ekki um leið forstjóri hans. Þetta er fyllilega rjettmæt bending, og jeg er þess fullviss, að þótt hæstv. ráðh. taki þessu nú fjarri, þá muni hann, þegar hann hugsar betur um þetta, fallast á, að hjer er um sjálfsagða kröfu að ræða. Að öðru leyti hefi jeg ekki fleira að segja við þennan hæstv. ráðh. að sinni, en til hæstv. dómsmrh. er jeg neyddur til að beina nokkrum orðum.

Eitt var gleðilegt við andsvar hæstv. dómsmrh. til mín, það, að hann leitaðist ekki við að jafna framkomu sinni og ráðsmensku með varðskip ríkisins við framkomu og ráðsmensku fyrv. stj. Þetta er sjálfsagt hyggilegt, því að áður voru skipin einungis notuð til aukaferða, ef brýnasta nauðsyn

krafði, svo sem ef þurfti að flytja sjúka menn eða þvílíkt. Það er ekki að undra, þótt vörn ráðh. hafi verið í ljelegra lagi, enda á hann erfitt að koma við nokkrum verulegum vörnum í þessu máli. Það er alkunnugt, að varðskipin hafa af núv. dómsmrh. verið notuð í algerlega óþarfar snattferðir hvað eftir annað, svo að þráfalt hafa þau beinlínis orðið að vanrækja starf sitt af þeim sökum. Hæstv. ráðh. mintist á þrjár ferðir, sem hann taldi þarfar og sjálfsagðar, og hefir sennilega ímyndað sjer, að þar með væri hann búinn að hreinsa sig af því ámæli, sem hann rjettilega hefir hlotið af þessari ráðsmensku. En mikill óskapa barnaskapur! Þessar þrjár ferðir eru minstur hluti allra þeirra ótölulegu snattferða, sem ráðh. hefir notað varðskipin til, svo að þótt þessar þrjár ferðir hafi verið rjettmætar, þá er það lítil afsökun. En nú voru þessar ferðir lítt nauðsynlegar, a. m. k. sumar þeirra. T. d. hefði Þórarinn á Hjaltabakka sjálfsagt komist áleiðis, þótt hann hefði farið landveg, svo að sú ferð verður að teljast með öllu óþörf, og enda þótt togari hafi verið tekinn í þeirri ferð, þá sannar það heldur ekkert, því annars hefði varðskipið sennilega tekið fleiri en einn togara og landhelgin verið betur varin án þessarar ferðar, og það er aðalatriðið. Sama er að segja um ferðina eftir póstmálanefndarmönnunum; hún var alóþörf. Önnur ferðin, sem ráðh. mintist á, þegar sóttur var sjúklingur vestur á Ísafjörð og fluttur hingað suður, getur vel verið afsakanleg, því vel má vera, að svo hafi staðið á, að engin skipsferð hafi fallið um það leyti. En þetta er svo lítið brot af öllum þeim ferðum, sem varðskipin hafa verið látin fara að nauðsynjalausu, að þessi vörn ráðh. verður hinn aumlegasti kisuþvottur.

Þá gat ráðh. um ferð, sem farin var vegna uppreisnar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þessi ferð var alóþörf, vegna þess að ekki var um neina uppreisn að ræða. Þó nú svo hefði verið, að rannsóknardómaranum hefði þótt útlitið uggvænlegt eftir að hann var búinn að æsa hugi manna með hlutdrægri rannsóknaraðferð, þá gat ekki komið til mála að senda herskip þangað, einungis vegna hræðslu dómarans. Hræðslustingur sendisveina dómsmrh. á ekki að gefa tilefni til snattferða varðskipanna.

Þá vildi ráðh. afsaka framferði sitt út af Borgarnesförinni í sumar með því að segja, að hann hafi með því viljað leyfa skipverjunum að taka út sumarfrí. Þessi vörn ráðh. er frámunalega ljeleg, því ef þetta hefði nú verið tilgangurinn, þá hefði verið lítið vit í því að láta háseta allra skipanna hafa frí samtímis, því þar með var landhelgisgæslan lögð niður þann tíma. Mjer hefði fundist, að það hefði verið nægilegt að taka „Fyllu" eina til Borgarnesferðarinnar. Þar var nóg farrými fyrir alla gestina og öllum þörfum þeirra fullnægt. En ráðh. hefir sennilega ekki þótt sín mikilmenska nóg, að hafa ekki nema eitt skip. Jeg hjelt, að varðskipin hefðu nóg að starfa um þetta leyti árs, því einmitt júní og júlí er mest þörf góðrar landhelgisgæslu. Þá veður fiskurinn grunn í Faxaflóa og togarar halda sjer við landhelgina, tilbúnir að skjótast inn, ef færi gefst og þeir halda sig óhulta. Sama sagan gerist á mið-

unum fyrir Vestfjörðum. Ráðh. getur alls ekki varið sig með því, að skipin nái ekkert að gera á þessum tíma; slíkt eru fjarrur einar. Nei, ráðh. getur með engu móti afsakað það reginhneyksli, sem hann framdi með þessari nafntoguðu Borgarnesför. Sama er að segja um Norðurlandsferðina 1927 og fjölmargar aðrar snattferðir skipanna á síðastliðnum árum, svo sem Vestfjarðaferðina á síðastliðnu hausti o. fl. o. fl.

Til þess að leiða athygli hv. þdm. frá kjarna málsins og til þess að sýna lit á vörn, þá lagði hæstv. dómsmrh. fyrir mig þrjár spurningar. Í fyrsta lagi: Hvort jeg sem forstjóri togarafjelags vissi mig saklausan af því að láta skip það, sem jeg veiti forstöðu, fiska í landhelgi. Jeg svara þessu skýlaust og skilyrðislaust játandi, og jeg skora á hæstv. dómsmrh. að spyrja skipstjóra mína og skipshafnir um það, hvort svo sje ekki. Og jeg veit ekki til, að skip mitt hafi nokkurn tíma veitt í landhelgi. Við höfum fiskað minna en mörg önnur fjelög á ísfiskveiðum, að því er sumir telja vegna þess að við ekki fiskum í landhelgi; okkur er raun að vita önnur skip veiða miklu betur með því að þeim helst uppi að veiða í landhelgi. Því meiri raun er okkur að því, þegar við, ofan á þetta, erum settir á bekk með landhelgisbrjótum og veiðiþjófum.

Önnur spurningin var sú, hvort jeg vildi fylgja „ömmufrumvarpinu" svonefnda. Það er undir því komið, hvort jeg álít það til bóta og hvort það sje líklegt til að draga úr landhelgisveiðum íslenskra togara. Ef það yrði til þess að jafna aðstöðu þeirra togaraskipstjóra, sem lögum landsins vilja hlýða, og hinna, sem virða þau að vettugi, þá alit jeg mikið við það unnið. En besta ráðið til að fyrirbyggja landhelgisveiðar er aukin og vel starfrækt gæsla. Jeg hygg, að fáir þm., utan ef til vill hv. þm. Snæf., hafi sent forstjóra skipanna jafnmörg skeyti um að togarar væru að fiska í landhelgi og jeg. Jeg hefi eytt ekki alltfáum símtölum um þetta efni til ráðuneytisins. Um þetta getur hæstv. ráðherra fengið upplýsingar í ráðuneytinu eða hjá skrifstofustjóra þar.

Þriðja fyrirspurnin var um það, hvort jeg hefði selt erlendum sökudólg botnvörpu. Til þess að svara þessari spurningu, verð jeg að gefa skýrslu um gang málsins alt frá upphafi, til þess að mál þetta verði að fullu upplýst.

Haustið 1927 var enskur togari sektaður fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra innan landhelgi. Ekki var um ólöglegar veiðar að ræða, en þar sem sami skipstjóri hafði áður verið dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, þá voru nú dæmd af honum afli og veiðarfæri. Aflinn var síðan seldur daginn eftir að dómur fjell, en veiðarfæri voru seld 7—8 dögum síðar, á auglýstu uppboði. Morguninn, sem veiðarfærin áttu að seljast, kom ræðismaður Englendinga til mín og bað mig að bjóða í veiðarfærin fyrir Axel Ketilsson, sem ekki gat verið viðstaddur við uppboðið. Jeg lofaði honum að gera þetta og bauð í veiðarfærin. Áður en uppboðinu lauk kom Axel Ketilsson, og ljet jeg að sjálfsögðu skrifa hann fyrir boðinu, eins og um hafði verið talað, og var hann skráður sem

hæstbjóðandi að veiðarfærunum í uppboðsbókinni. Önnur eða meiri afskifti hafði jeg ekki af þessu uppboði. Menn gera oft hver öðrum þann greiða að bjóða í á uppboði, en láta þá jafnaðarlega skrifa þá fyrir boðunum, sem kaupa. Þennan sjálfsagða greiða munu flestir veita hver öðrum. Nú getur hæstv. dómsmrh. sjálfur dæmt um, hvort jeg hefi selt erlendum sökudólg veiðarfæri. Jeg vil neita því harðlega og vísa því heim til föðurhúsanna. Jeg hefi ekki gert annað í þessu máli en það, sem hver góður borgari telur ekki eftir sjer að gera fyrir samborgara sína, ef kringumstæður heimta.

Jeg hefi nokkrum sinnum gert kunningjum mínum þennan greiða, og álíka oft þegið hann af öðrum. Þetta var auðvitað blásið upp af pólitískum andstæðingum mínum þar á staðnum, og sumir sögðu meira að segja, að jeg hefði grætt 1—2 þús. kr. á sölunni, sem vitanlega voru helber ósannindi. Þetta skip kom svo inn aftur eftir 3—4 daga, og þá seldi Axel Ketilsson því veiðarfærin. Jeg get svo bætt því við, að hjer í Reykjavík og víðast hvar annarsstaðar á landinu er venjan sú, að uppboð á veiðarfærum sekra botnvörpunga fer fram um leið og á aflanum, og veiðarfærin fara þá jafnskjótt um borð í hinn sektaða togara. Á Ísafirði er það venja hjá núv. bæjarfógeta, og var einnig í tíð hv. 2. þm. Árn., að bjóða ekki upp veiðarfærin fyr en eftir viku frá dómsuppkvaðningu, en hin aðferðin hefir þrifist hjer í Reykjavík undir handarjaðrinum á hæstv. dómsmrh., og ætti hann því ekki að finna ástæðu til að víta sölu á veiðarfærum annarsstaðar, þegar þessi linkind er sýnd hinum seku undir hans handleiðslu.

Væru veiðarfærin ekki seld, þá mundi ríkissjóður missa miklar tekjur. Ef landhelgisbrjótarnir fá þau ekki aftur, þá verður ekkert úr þeim og þeir mundu setja hjer upp veiðarfæralager, sem þeir gætu altaf gripið til. Veiðarfærin af þýskum togurum eru þannig gerð, að við Íslendingar getum alls ekki notað þau og kaupum þau aldrei til þess að nota þau sjálfir, og enskir togarar hafa líka þannig löguð veiðarfæri, að þau eru lítils virði fyrir okkur.

Hv. þm. Ísaf. mintist einnig á þetta mál, og hefi jeg þá svarað honum nú um leið. Hitt undraði mig alls ekki, þó að hann og hans flokkur vilji styðja hæstv. stj. og sje henni altaf innan handar, því að þar kemur altaf greiði greiða mót.

Hæstv. dómsmrh. talaði um vinnuna á togurunum og sagði, að það væri þrælavinna og að veran þar væri jarðneskt helvíti, en það hlýtur að vera af ókunnugleika, að hann viðhefir þessi orð. Mjer er vel kunnugt um það, að það er miklu ljettari og reglubundnari vinna á togurunum heldur en á línuveiðurum, og menn á togurunum hafa betri aðbúnað og reglulegri svefn heldur en á lóðaskipum. Sjómönnum er það vitanlegt, að langerfiðast er að vera á línuveiðurum og vjelbátum, því að þar er oft ekki hægt að láta menn hafa nema 2—3 tíma svefn á sólarhring viku eftir viku. Þess vegna er alt umtal um þessa óskaplegu vinnu á togurunum ekkert nema gaspur hins ókunnuga en fljótfærna manns.

Jeg vil vænta þess, að hæstv. dómsmrh. láti niður falla þessar snattferðir varðskipanna, því að hann hlýtur að hafa orðið var við það, að þær mælast illa fyrir úti um land og er altaf illa tekið, og nú þegar við fáum tvö fullkomin landhelgisgæsluskip, þá vil jeg óska þess, að þau verði ekki notuð til annars en að verja landhelgina.

Jeg vil að síðustu benda hæstv. dómsmrh. á það, hvað það getur verið hættulegt að viðhafa slíkar getsakir og sögur eins og hann gerir oft. Jeg varaði hann við því hjer í minni fyrri ræðu, og vil endurtaka það. Þá var áheyrandi hjer á pöllunum sá maður, sem hafði átt tal við mig um skipin, sem voru í landhelgi við Öndverðanes, og þær getsakir, sem menn gerðu út af því í sambandi við kaupdeiluna síðustu, þær getsakir eiga rót sína að rekja til gróusagna og getsaka hæstv. dómsmrh. á þinginu 1926. Áheyrandinn viðurkendi, að jeg hefði rjett eftir. Jeg finn enn á ný ástæðu til að benda hæstv. dómsmrh. á það, að hann verður að vanda sínar gróusögur betur, ef ekki á að hljótast verra af, en helst leggja þær niður.

**Dómsmrh.** (**Jónas Jónsson**): Jeg skildi hv. þm. N.-Ísf. svo, að hann teldi það ekki forsvaranlega eyðslu að senda varðskipin á milli hafna með menn, sem eru veikir eða í almennum erindum, og að nú væri gert miklu meira að þessu heldur en í tíð íhaldsstj. Jeg vil þá benda hv. þm. á það, að hv. 1. þm. Skagf. fór einu sinni með einn velmetinn flokksbróður sinn í pólitískan leiðangur norður í Skagafjörð og tók þá varðskipið Fyllu til þeirra ferðar. Jeg ætla þó alls ekki að áfella hv. 1. þm. Skagf. fyrir þetta. Það getur vel verið, að Fylla hafi átt erindi þangað, og þá var ekkert við það að athuga, þó að þessi hv. þm., sem þá var ráðh., og annar maður til tækju sjer far með henni. Jeg tek aðeins þetta dæmi, en get ekki verið að fara í neina lúsaleit í dagbókum skipanna til þess að tína upp svona ferðir, en þá gæti vel verið, að töluvert kæmi í leitirnar. Það er þó sennilega rjett, að meira sje farið af svona ferðum nú en áður, en það stafar þá af því, að núv. stj. lætur framkvæma miklu meira af þjóðfjelagslegum athöfnum. T. d. varð annað varðskipið að fara 2—3 ferðir vestur á Patreksfjörð vegna sjóðþurðar Einars Jónassonar og endurskoðunarinnar á embættisfærslu hans. Hæstv. fyrv. stj. hafði áður sent mann til þess að rannsaka hjá þessum sýslumanni, og varð sú rannsókn víst talsvert ódýrari. Maðurinn, sem var einn ungur lögfræðingur í bænum, kostaði sig sjálfur að hálfu leyti, en fjekk svo leyfi til að gera „spekulationir" fyrir sjálfan sig um leið í fjelagi við Einar Jónasson. Árangurinn af endurskoðuninni varð enginn og sýslan sat eftir með sinn ófæra starfsmann. Það er auðvitað ekki vandi að eyða litlu í eftirlit, þegar það er ekki neitt, eða jafnvel verra en ekki neitt. Sparsemi fyrv. stj. kom aðallega fram í því, að láta ekki endurskoða hjá sýslumönnum landsins í meira en 10 ár, en hún tók það ekki með í reikninginn, hvað þjóðin hefir liðið við þetta. Hv. þm. N.-Ísf. virðist ekki enn hafa áttað sig á því, að með auknum framkvæmdum verður maður að leggja á sig meira erfiði og meiri kostnað. Núv. stj. er að láta fara fram

endurskoðun hjá öllum sýslumönnum, og henni miðar svo vel áfram, að eftir 2—3 mánuði verður búið að endurskoða hjá þeim öllum, og tvisvar hjá þeim, sem byrjað var á. Það getur auðvitað vel verið, að hv. þm. N.-Ísf. skilji ekki þörfina, sem er á þessu, en þjóðin krefst þess, að þessir starfsmenn hennar fái þetta naucsynlega og sjálfsagða aðhald, en það kostar auðvitað talsvert fje og fyrirhöfn.

Jeg skal taka annað dæmi. Nú er verið að vinna að 4 stórbyggingum í Árnessýslu, sem eru vinnuhælið, 2 smjörbú og Laugarvatnsskólinn. Hv. þm. ætti að geta gert sjer í hugarlund, að þegar verið er að koma upp þessum stofnunum, þá verður að fá sjerfróða menn í hverri grein til þess að koma þangað að líta eftir og hafa yfirstjórn þessara verka. Það voru farnar margar ferðir austur með ýmsa búnaðarforkólfa frá Búnaðarfjel. Ísl., húsameistara ríkisins, landlækni og marga fleiri. Benedikt Gröndal hitaleiðslufræðingur varð að fara margar ferðir austur að Laugarvatni, þegar verið var að hagnýta jarðhitann þar, og varð það auðvitað nokkuð kostnaðarsamt. Það er eflaust rjett, að núv. stj. eyðir töluvert meiru fje í slík ferðalög heldur en áður var gert, en það stafar þá af hinum miklu og þarflegu framkvæmdum, sem hún hefir ráðist í. En einmitt af því að vegamálastjóri og aðrir sjerfræðingar í þjónustu landsins hafa aðgang að bifreiðum, sem landið á, þá verður þetta eftirlit svo ódýrt sem unt er. Aftur á móti var íhaldsstjórnin alveg athafnalaus í þessum efnum og sá aldrei ástæðu til þess að hreyfa sig, og ættu flokksmenn hennar því ekki að gorta af sparseminni, því að í þessu efni var hún afleiðing ódugnaðarins.

Af því að hjer er um fjármál að ræða, þá er rjett að benda á það, að hv. þm. N.-Ísf. er gamall fjármálamaður. Hann stóð fyrir útibúi Landsbankans á Ísafirði og fór það svo laglega úr hendi, að það varð að gefa eftir 1 milj. kr. á einu ári af því fje, sem hann hafði lánað út, og meira síðar. Þetta fje lánaði hann ekki einungis í óviturlegar framkvæmdir, heldur jós hann því líka alveg hóflaust í pólitíska samherja sína, og með þessari ógætni sinni og illu stjórn hefir hann stofnað þessum landshluta í beinan fjárhagslegan voða. Ef þessi hv. þm. hefði haft nokkra sómatilfinningu og borið skyn á alment velsæmi, þá hefði hann átt að grafa sig niður og fela sig í sínum eigin skugga eftir þetta alt saman og aldrei að bjóða sig fram til þess framar að taka að sjer umboð fyrir það opinbera. En það er svo fjarri því, að hann hafi skilið þetta. Honum finst það eins og ekki neitt, þó að meira en tvær milj. hafi farið þarna í súginn. Hann skoðar sig eflaust sem afarmikinn fjármálamann og eina af helstu máttarstoðum þjóðfjelagsins. Jeg ætla alls ekki að halda því fram, að hann hafi gert þetta beinlínis viljandi, en hann skorti bæði fjármálavitið og dómgreindina, sem slíkur maður þarf að hafa, en þegar hann fer nú eigi að síður fram á vígvöllinn, þá er það auðsjeð, að hann vantar fleira af því, sem dugandi menn þurfa að hafa.

Þá talaði hv. þm. um landhelgisgæsluna. Þá er rjett að benda á það, að eftir því sem jeg hefi frjett, þá

komst hans eigið skip í eitthvert klandur út af því, að það stóð í óleyfilegu loftskeytasambandi við mann á Ísafirði. Hvaða meining var með þessu sambandi við skipið, veit jeg ekki, en svo mikið kvað að því, að símstjórinn sá sjer ekki annað fært en að taka í lurginn á þeim, sem að stóðu, og það bar þann árangur, að nú er það aðeins rekið sem launpukur, ef því er þá ekki alveg hætt. Mjer þætti gaman, ef hv. þm. vildi skýra frá því, hverskonar launpukur þetta var og í hvaða tilgangi það var gert. Hv. þm. vill ef til vill halda því fram, að það hafi verið gert til þess að efla landhelgisgæsluna.

Það gladdi mig stórlega, þegar hv. þm. sagði, að sitt eigið skip væri ákaflega frómt og færi aldrei inn fyrir landhelgislínuna, en hann gaf heldur leiðinlega lýsingu á sjálfum sjer, þegar hann fór að tala um tilfinningar sínar þegar hinir syndaselirnir væru að koma inn við og við með ólöglegan afla og mikinn gróða af því. Þá sagði hann að færi nú að fara um sig. Jeg get ekki sagt, að jeg geti dáð það siðgæði, sem þá kom fram í orðum hv. þm. Hann var ákaflega hryggur yfir þessu og fann til söknuðar yfir því, að hans útgerð skyldi ekki fá þetta verðmæti. Það er alveg eins og ef nábúi hans væri búinn að stela 3 sauðum og hann fyndi þá ekki til meðaumkunar, heldur gremju yfir því að hafa ekki sjálfur þetta stolna ket í sinni tunnu. Þetta er ekki einungis hlægilegt, heldur hreint og beint andstyggilegt og getur gefið hugmynd um það, hverskonar húsmunir eru í sálarherbergium hv. þm. Það virðist einmitt vera vald freistinganna, sem grípur hv. þm., þegar keppinautarnir koma inn með illa fenginn afla, og þetta vald grípur hann þeim heljartökum, að hann fær naumast viðnám veitt og játar eymd sína og spillingu hjer í þinginu.

Þá vildi hv. þm. þvo sig alveg hvítan af því að hafa hjálpað sekum togurum til þess að ná aftur í upptæk veiðarfæri. Honum fórst þetta samt ekki betur en svo, að hann játaði hreinskilnislega, að hann hefði gert þetta. Hann sagðist að vísu hafa gert þetta fyrir kunningja sinn, en þessi kunningi hans var einmitt að ganga erindi hinna erlendu veiðiþjófa og hann gat ekki valið sjer prýðilegri aðstoðarmann til þessara starfa en hv. þm. N.-Ísf. Hv. þm. hefir ef til vill haldið, að þessi maður ætlaði að nota vörpuna fyrir teppi á gólfið hjá sjer, því að ekki var hægt að nota hana til þess að veiða með henni, eftir því sem hv. þm. hefir haldið fram. Sú varð nú samt raunin á, að þessi erlendi veiðiþjófur kom aftur eftir 3—4 daga og fjekk þá upptæku veiðarfærin að nýju með aðstoð hv. þm. N.-Ísf. og vina hans. Hefði þetta verið einhver óvalinn dóni, þá var ekkert hægt við því að segja, en þegar það er einn hv. þm., sem lætst vera mjög vandlátur með alla landhelgisgæslu, þá er alt öðru máli að gegna. Þetta framferði hans verður ekki varið og er honum í alla staði til skammar, og kjósendur hans kunna honum eflaust litlar þakkir fyrir.

Þá hafði einhver skáldmæltur náungi skotið því að hv. þm., að jeg hafi sagt eftir skipstjórunum á varðskipunum, að minst væri að gera við landhelgis-

gæsluna í júlí. Jeg sagði, að minst væri að gera í júní, en júlí nefndi jeg ekki á nafn.

Þá treysti hv. þm. sjer ekki til að svara því, sem jeg sagði um starfsmennina á varðskipunum, enda held jeg nánast sagt, að það væri naglaskapur eða naglamenning að vera að telja eftir þeim þennan eina frídag og þá litlu skemtun, sem þeir fengu í þessari oft nefndu Borgarnesför, þar sem þeir líka vinna nærfelt alla helgidaga ársins án þess að nokkurt tillit sje tekið til þess. Jeg fyrir mitt leyti tel þá því vel að þessu komna, og það gladdi mig, að þeir höfðu ánægju af ferðinni. Mun jeg því sjá svo til, að skipshafnir beggja varðskipanna fái tilsvarandi frídag næsta sumar, og mun yfirleitt sjá svo til, ef jeg hefi framvegis yfir skipunum að segja, að skipverjarnir fái síst minni frí hjer eftir en hingað til, og mun jeg í því efni ekkert skifta mjer af því, hvað slíkir menn sem hv. þm. N.-Ísf. segja, því að jeg hefi aldrei orðið var við annað en að dómgreind hans væri mjög ljeleg í öllum siðferðislegum málum. Að jeg legg mig niður við að svara honum, er ekki fyrir það, að jeg í raun og veru telji hann svara verðan, heldur af því, að hann bergmálar margt af því, sem honum færari menn hafa komið með áður og ekki verið leiðrjett þá.

Þá fór hv. þm. með vísvitandi ósannindi, þegar hann var að dylgja um það, að hæstv. forsrh. hefði samið við íslenska togara um það, að þeir mættu vera í landhelgi, þegar hann leysti kaupdeiluna í vetur. Er slíkt þakklæti lítil uppörvun fyrir ráðh. eða eftirmenn hans til þess að hjálpa útgerðarmönnum út úr ógöngunum, þegar þeir lenda í þeim næst, eins og hann gerði í vetur, þegar launin eru ekkert annað en upplognar dylgjur og rógur. Sýnir slíkt þakklæti, hve ómögulegir þeir menn eru, sem hæstv. forsrh. hefir með framkvæmd sinni skorið niður úr hengingarólinni.

**Sigurður Eggerz:** Jeg hefi talað einu sinni áður við þessar eldhúsdagsumr. og varpaði þá engum hnútum að hæstv. stj. Jeg spurði aðeins um alvarlega hluti og bað um alvarleg svör.

Sumir líta svo á, að eldhúsdagurinn, sem svo er kallaður, sje aðeins dagur hnútukastsins, en þar er jeg á annari skoðun. Jeg lít þvert á móti svo á, að þá eigi þm. að fá upplýsingar um ýmsa hluti, sem stj. hefir framkvæmt, án þess að farið sje út í persónulegar deilur.

Þegar hæstv. dómsmrh. svaraði ræðu minni, þá virtist mjer hann sjerstaklega láta sjer ant um hnútukastið, og sjerstaklega virtist hann njóta þeirra ummæla sinna, að jeg hvíldi á hinum dönsku brjóstum Íslandsbanka. Hv. þm. er nú auðvitað ljóst, að jeg er skipaður af íslenskri stj. í bankann til þess að gæta íslenskra hagsmuna gegn erlendum hagsmunum. Eða með öðrum orðum, það er þveröfugt við það, sem ráðh. heldur fram. Eins og hv. þm. mun kunnugt, er jeg skipaður af ríkisstj. til þess að gæta íslenskra hagsmuna í bankanum. (**Dómsmrh.**: Hver skipaði bankastjórann?). Eru því ummæli þessa hæstv. ráðh. um, að jeg sje danskur þjónn í bankanum, svo mikil fjarstæða, að furða er, að maður í ráðherrastöðu skuli hafa þau um hönd. Auk þess vita nú allir, að

bankastjórarnir eru allir íslenskir menn, og hinna erlendu áhrifa gætir þar því raunverulega að engu. Auðvitað veit hæstv. ráðh. þetta alt saman, en hitt er annað mál, að honum þykir þetta fara vel í hnútukastinu. Læt jeg svo útrætt um þetta atriði, enda er jeg sannfærður um, að það eru ekki hnúturnar, sem lifa lengst í stjórnmálalífinu, og þó þær sjeu eitraðar með köflum, þá eru þær oft verri fyrir þann, sem sendir þær, en fyrir þann, sem þær skella á.

Mun jeg þá snúa mjer að ræðu hæstv. ráðh. að öðru leyti. Í síðustu ræðu mintist jeg á erlendu landhelgisgæsluna og sýndi að gefnu tilefni fram á, að hún væri slælega rekin. Ráðh. tókst ekki að hrekja þetta. Jeg gat þess, að hið danska strandvarnarskip hefði legið inni hjer á Reykjavíkurhöfn 1926 68 daga og árið 1927 yfir 80 daga. Þessir landlegudagar skipsins eru teknir upp eftir „Ægi“, tímariti, sem gefið er út af einum af opinberum starfsmönnum stj. Svo ekki er ástæða til að ætla, að hjer sje farið með rangt mál. Sömuleiðis gat jeg þess í síðustu ræðu minni til samanburðar, hve marga togara varðskipin hefðu tekið á árinu 1927, og er rjett að minna á það enn, þar sem svo langt er orðið síðan jeg talaði síðast. Óðinn tók 36, Þór 4 en Fylla 1. Bendir þetta mjög alvarlega á, hve lítils virði hin danska landhelgisgæsla er, samanborið við þá íslensku, og ætti þetta einmitt að vera nægilegt til þess að sýna hæstv. ráðh. það ljóslega, hve nauðsynlegt það er, að við drögum öll okkar mál frá Dönum í okkar hendur. Af þessum samanburði á dönsku og íslensku landhelgisgæslunni getum við nokkurn veginn gert okkur í hugarlund, hve mikinn skaða við munum búnir að bíða við það, að landhelgisgæslan var áður eingöngu á danskri hendi. Þetta sýnir ljóslega, að ekkert hefir verið eins holt fyrir vora þjóð eins og sjálfstæðisbaráttan, sem hæstv. dómsmrh. hefir altaf gert mjög lítið úr, enda aldrei tekið neinn þátt í henni sjálfur.

Þá sagði hæstv. ráðh., að við ættum ekki að varpa áhyggjum okkar í landhelgisvörnunum upp á erlend skip. Þetta er alveg rjett hjá hæstv. ráðh, en mjer skilst, að við eigum heimtingu á, að hinar dönsku landhelgisvarnir hjá okkur sjeu í lagi, þar sem við greiðum svo mikið fyrir þær. Má hæstv. ráðh. því ekki gefa yfirlýsingu um það í sambandslaganefndinni, að hinir leiðandi menn í landinu sjeu ánægðir með landhelgisvörnina, enda þótt varðskipið liggi fulla 80 daga á einu ári inni á Reykjavíkurhöfn. En ef hinir leiðandi menn í landinu eru orðnir svo sljóir, að þeir í raun og veru telji slíka gæslu sem þessa fullnægjandi af hendi Dana, þá eru þeir ekki lengur í samræmi við vilja þjóðarinnar í þessum efnum, og verður þá að fá nýja leiðandi menn. Menn, sem skilja hvað þjóðin vill og fara eftir vilja hennar.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um hina gömlu dönsku auðmýkt í þessu sambandi, en jeg verð nú að segja, að eftir ummælum hæstv. ráðh. við dönsku fulltrúana í sambandslaganefndinni, þá virðist mjer ekki laust við, að þar bóli ekki svo lítið á hinni nýju íslensku auðmýkt í garð Dana.

Jeg er að sjálfsögðu sammála hæstv. dómsmrh. um það, að við eigum að leitast við að lifa í friði við sambandsþjóð okkar, Dani, eins og við hverja aðra þjóð, enda hef jeg ekki í einu orði hallmælt dönsku þjóðinni hjer á Alþingi eða annarsstaðar. Það, sem jeg hefi risið gegn og jafnan mun rísa gegn, er hinn gamli danski yfirráðaandi, sem svo oft virðist vera að reka upp höfuðið. Annars er það næsta merkilegt, hve geysimikla virðingu hæstv. ráðh. virðist bera fyrir þessum litla kanónubát, „Fyllu", að ekki skuli mega gagnrýna starf hans hjer án þess að ráðh. hlaupi upp til handa og fóta til varnar. Það kemur ekki eins við hjarta hæstv. ráðh., þegar erlend blöð eru að draga dár að oss og landi voru og kalla það „danska hjálendu" o. fl. því um líkt. Viðkvæmnin er meiri, þegar verið er að gagnrýna landhelgisvarnir „Fyllu". Jeg er þess nú fullviss, að hæstv. ráðh. mætti eiga von á meira fylgi í landinu, þó að hann væri einarðari við kanónubátinn, en bæri hönd fyrir höfuð þjóðarinnar þegar verið er að óvirða hana erlendis.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um „rómantiska" stefnu í landhelgisgæslunni. Jeg veit hreint og beint ekki, hvað hæstv. ráðh.. meinar með þessu. Líklega á hann þó við það, að togararnir fari ekki inn í landhelgina, heldur sje þeim haldið fyrir utan hana. En ráðið til þess er fyrst og fremst það, að skipin sjeu tekin þegar þau eru að ólöglegum veiðum í landhelgi. Því að þá láta hin sjer annars víti að varnaði verða. En ef til vill ætlar hæstv. ráðh. að halda því fram, að „Fylla" hafi unnið undir hinni „rómantisku" stefnu í landhelgisgæslunni, þegar hún tók aðeins einn togara á meðan „Óðinn" tók 36. Annars held jeg, hvað sem þessari „rómantisku" stefnu hæstv. ráðh. líður, að þá verði sú stefna altaf ofan á, að best sje, að sem flestir landhelgisbrjótar sjeu teknir, því af engu hafa þeir eins mikinn beyg og því, og það yrði þá einnig væntanlega þrautaráðið til þess að halda sem flestum fyrir utan landhelgina, þegar fram í sækir.

Þá sagði hæstv. ráðh., að „Fylla" væri sjaldan hjer inni á Reykjavíkurhöfn nú. En af hverju ætli það sje? Það er áreiðanlega ekki vegna ummæla hæstv. dómsmrh., heldur er það sökum þess, að hún hefir fengið skipun frá dönskum stjórnarvöldum um að halda sjer betur að landhelgisgæslunni en hún hefir gert undanfarið, vegna gagnrýni þeirrar, sem gæsla hennar hefir fengið í blöðunum. Þetta hefst upp úr því að vera einarður og segja rjett til um það, sem aðfinsluvert er.

Þó að jeg hafi hjer að framan minst á hinar erlendu landhelgisvarnir, þá var það engan veginn svo, að það ætti að vera aðalefni ræðu minnar. Vil jeg þá fyrst víkja nokkrum orðum að hæstv. dómsmrh. út af ummælum hans um sambandslögin. Eins og kunnugt er, lofaði stj. í fyrra, undir umræðum um sambandsmálið, að vinna að því að skapa fylgi hjá þjóðinni fyrir uppsögn sambandslaganna 1943. Fyrir því spurði jeg hæstv. stj.. og þá sjerstaklega hæstv. dómsmrh., því að hann mun aðallega hafa mætt á þingmálafundum í sumar af stj. hálfu, hvers vegna stjórnin hefði ekki á þessum fundum skýrt hv. kjós-

endum frá því, sem gerst hefði í málinu á þinginu 1927. Þetta átti stj. að gera samkv. loforði sínu um að vinna fyrir málið hjá þjóðinni. Og því meiri nauðsyn var að skýra þjóðinni frá þessu, þar sem síðustu úrslit málsins heyra beint undir kjósendurna, og ¾ hlutar allra atkvæðisbærra manna í landinu þurfa að greiða atkvæði með málinu, og ¾ af hinum greiddu atkvæðum þurfa að vera með sambandsslitum. Það, sem því fyrir mjer vakti, var að fá hæstv. stj. til þess að beita áhrifum sínum í málinu. En hverju svarar svo hæstv. dómsmrh.? Hann svarar einungis því, að menn tali ekki um þetta mál, af því að allir viti, hvað þeir vilji í því. En jeg vil nú spyrja: Er óhætt að reiða sig á, hvað menn vilja í þessu máli? Jeg er mjög efinn í því, af þeirri einföldu ástæðu, að jeg geri alveg eins ráð fyrir, að sumum mönnum sje ekki fyllilega ljóst, hvað þeir vilja í þessum efnum. Enda væri slíkt ekkert undarlegt, þegar sjálft stjórnarblaðið veit hvorki upp nje niður í málinu. Í síðasta blaði „Tímans" er grein, sem heitir Endurskoðun. Þar segir svo: — — — „Þótti honum orðið „endurskoðun" óviðeigandi og taldi of vægilega til orða tekið. En fyrir sjónum ótruflaðra manna verður slíkt aðeins togdráttur um orð. Það segir sig sjálft, að „uppsögn" verður að fara á undan endurskoðun". Í blaðinu kemur fram svo lítill skilningur á málinu, að það heldur, að fyrst verði að segja samningnum upp og endurskoða hann svo á eftir. Það veit því ekki minstu vitund, hvað hjer er um að ræða. Þar sem það er vitanlegt, að stjórnarblaðið er innblásið af hæstv. dómsmrh., er vitanlega miklu hættulegra, að það skuli vera orðið svona ruglað í málinu. Annars virðist auðvitað alt benda í þá átt, að hæstv. ráðh. viti hvorki til nje frá í þessu máli, þar sem hann gat farið að tala um tóbakseinokun, síldareinokun og einkasölu á tilbúnum áburði í sambandi við það og kallaði þessi mál sjerstakleg sjálfstæðismál. Hvað þessi einokunarmál hæstv. ráðh. snertir, þá er jeg fyllilega þeirrar skoðunar, að grasið myndi gróa alveg eins þó að áburðurinn væri seldur í frjálsri samkepni. Um síldareinkasöluna ætla jeg ekki að fara að tala nú. Jeg gerði það allítarlega í fyrra og benti þá á, að með því fyrirkomulagi, sem á henni væri, næði hún alls ekki þeim tilgangi, sem henni væri ætlað að ná, nefnilega þeim tilgangi að takmarka vöruna, sem á markaðinn færi, af þeirri einföldu ástæðu, að vjer ráðum ekkert við það, sem fiskað er fyrir utan línuna. Annars vísa jeg til þess, sem jeg hefi áður sagt um einokunina. Jeg sje ekki, að hæstv. dómsmrh. hafi rjettlætt í þessum umr. ummæli sín í sambandslaganefnd, síst þau, að málið væri ekki ofarlega á dagskrá hjá þjóðinni. Jeg tel slík ummæli óheppileg bæði út á við og inn á við, svo að jeg ekki taki dýpra í árinni.

Mjer virtist hinn leiðandi þráður í ræðu hæstv. dómsmrh. vera þessi: Skiftu þjer ekki af þessu máli; það kemur þjer ekki við. Jeg mun sjálfur sjá fyrir því. En eftir framkomu hans hingað til þarf hann að sýna betri skil en hann hefir gert, ef jeg á að treysta honum í þessu efni.

Sannleikurinn er sá, að við fram-

komu hæstv. dómsmrh. í þessu máli finst mjer hin ríka tilhneiging hans til að stinga þessu máli svefnþorn hættulegust. Stj. lofar í fyrra að vinna að uppsögn samningsins, en á fundum úti um landið á eftir forðast hæstv. stj. að minnast á málið. Þetta er ákaflega óheppilegt og hættulegt. Þetta er mál, sem allur landslýður verður að fylgjast með og á heimtingu á að verða fræddur um, og því er það skylda hæstv. stj. að útbreiða þekkingu á því og undirbúa menn til rjettrar afstöðu áður en til úrslita kemur. Það væri fullkomin þörf á að stofna fjelög í þessu skyni í hverjum hreppi á landinu.

Jeg hefi neyðst hjer til að fara inn á ýms atriði vegna ræðu hæstv. dómsmrh. En sjerstaklega beindi jeg þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvernig á því stæði, að haft væri eftir honum í erlendum blöðum, að gert væri aðeins ráð fyrir *endurskoðun* sambandslaganna. Sama kemur fram í „Tímanum" 1. des. og víðar.

Hæstv. forsrh. sagði, að um þetta mál ætti ekki að ræða á eldhúsdegi. Jeg get ekki sjeð, að sá dagur eða dagar sjeu það vanhelgari en aðrir dagar, að ekki megi ræða þetta mál. Hæstv. stj. hefir sjálf í þessum umr. talað um ýms mál, sem hafa þýðingu út á við. Og árangurinn af þessum umr. hefir orðið sá, er mjer þykir mestu máli skifta, að hæstv. forsrh. hefir lýst yfir því, að hann haldi fast við yfirlýsingu flokks síns í fyrra. Þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. var mjer mikið gleðiefni. Jeg skil hana svo, að hæstv. forsrh. vilji vinna að uppsögn sambandslaganna 1943. Er ekki svo? **(Forsrh.:** Jú). Það gleður mig, að hin erlendu blöð skuli hafa farið rangt með í þessu efni. En þá kemur önnur spurning: Hvers vegna flytja dönsk blöð slíkar frjettir? Það hlýtur að stafa af því, að blöðin vilji fela fyrir heiminum, hvaða skoðanir eru hjer uppi um þetta mál. Þetta er þá aðalkjarni þess, sem komið hefir fram í umr. þeim, er spunnist hafa út af þessu máli. Ummæli hinna dönsku blaða eru röng og hæstv. forsrh. vill standa við yfirlýsingu sína í fyrra um að segja sambandslögunum upp 1943.

Jeg vil enda þessi orð mín á því að ítreka það, að nauðsynlegt er, að þjóðin verði frædd sem mest og best um málið, og jeg vil mælast til þess, að sjálft stjórnarblaðið flytji eigi eftirleiðis svo rammskakkar fregnir um málið eins og 1. des. og nú síðast. En yfirlýsing hæstv. forsrh. sýnir, að Tíminn er í algerðri andstöðu við stj. um þetta mál.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Hv. þm. Dal. byrjaði á því að geta skýrslu um viðskifti sín við Dani út af íslenskum stjórnmálum, en var þó svo varkár, sjálfs sín vegna, að fara ekki ítarlega út í þau mál.

Hv. þm. hjelt því fram, að Íslandsbanki væri íslensk stofnun, vegna þess að tveir af bankastjórunum væru skipaðir af íslenskum stjórnarvöldum. En hann forðaðist að minnast á það, að meginhluti hlutafjárins er eign útlendinga og að hluthafafundur og þar með æðstu yfirráð yfir bankanum eru háð erlendu valdi. Þetta fyrirtæki er því danskrekið og dansksinnað að sama skapi. **(SE:** Kemur það þessu máli við?). Jú, af því að það lýsir kynlegu ósamræmi hjá hv. þm. sem

yfirlýstri sjálfstæðishetju, að hann skuli jafnfúslega hafa gengið á hönd þessu stærsta danska fyrirtæki á landi hjer. (SE: Jeg er skipaður af ísl. stjórninni til að gæta íslenskra hagsmuna). Það er gott, að hv. þm. skuli játa með þessu, að Íslandsbanki sje danskur, því ekki hefði þurft að setja menn til þess sjerstaklega að gæta hagsmuna Íslands í íslenskum banka. En þá verður það bæði broslegt og furðulegt, að hv. þm. Dal., sem hefir jafnan verið örlátur á yfirlýsingar um óbeit sína gegn dönskum áhrifum, skuli einmitt hafa valið sjer það hlutskiftið, að efla hjer með starfskröftum sínum dönsk yfirráð á fjármálasviðinu. Hv. þm. Dal. getur skemt sjer við að tala um það, að hann sje skipaður til að gæta íslenskra hagsmuna í bankanum, því stjórn bankans og ráðstafanir hluthafafundanna á undanförnum árum sýna, að hagsmuna erl. hluthafanna hefir verið gætt, en fríðindin og ívilnanir bankanum til handa sóttar til ísl. ríkisins.

Hv. þm. Dal. getur því ekki borið það af sjer, að einmitt þegar hann, vegna fylgisleysis meðal kjósendanna í landinu, þurfti að gera varanlegar ráðstafanir um framtíð sína, valdi hann sjer þessi dönsku móðurbrjóst, og að hann dró á sig mikið ámæli fyrir þá aðferð, sem hann beitti til þess að geta sjálfur skipað sig þar á spenann. Auðvitað má líta á það, hv. þm. Dal. til afsökunar, að hann mun hafa vonað, að þessi brjóst yrðu dropasæl, á meðan þau ekki yrðu þursogin.

Hv. þm. Dal. talaði mikið um hnútukast frá mjer og setti upp vandlætingarsvip og kveinstafi yfir því, að stj. skuli drepa fingri á eitt af kaunum hans um leið og hún ber af sjer lögin hjer á Alþingi. Er það venja hans, þegar honum er svarað í viðeigandi tón, að kveinka sjer yfir óbilgirni veraldarinnar og vonsku mannanna. En þessi píslarvættistónn er illa viðeigandi fyrir þá menn, sem þykjast eiga erindi í eldhúsið. Þeir hv. þm., sem gera hjer aðsúg að stj. og leitast við að bera á hana sakir, geta tæplega búist við því, að hún taki á þeim með sjerstakri umhyggju fyrir því, að þeir komist hvergi við í þeirri almennu viðureign.

Þá talaði hv. þm. Dal. enn langt mál um strandgæslu hins danska varðskips og endurtók með nokkurri viðbót öll fyrri ummæli sín, án þess að taka að neinu leyti til greina þær ástæður, sem liggja fyrir til skýringar á málinu. Jeg hefi í fyrri svarræðu minni til hv. þm. sýnt fram á, að enda þótt strandgæslu skipsins sje hagað nokkuð á annan veg en margir telja æskilegt, þarf það ekki að vera brot á þeim samningi, sem um þetta gildir á milli þjóðanna. Hv. þm. Dal. hefir alveg hliðrað sjer hjá að svara tveimur spurningum viðkomandi honum sjálfum í sambandi við þetta mál. En þær voru þess efnis, hvers vegna hann hafði ekki gengið fram í því í sambandslaganefndinni, að í sambandslögin frá 1918 yrðu sett skýr ákvæði um það, hversu marga daga danska varðskipið mætti liggja á höfnum til ketilhreinsunar og annara nauðsynja, og yfir höfuð um það, hversu strandgæslunni skyldi haga, svo að ekki orkaði tvímælis. Og í öðru lagi spurði jeg hv. þm., hversu marga daga varðskipið hefði legið inni á höfn og hversu það hefði gætt landhelginnar,

þegar hann var sjálfur dómsmrh. En hv. þm. láðist að svara þessum spurningum. Og hvers vegna hefir hv. þm. ekki svarað þeim? Af því að hann er í raun og veru að gera sig hlægilegan, þegar hann er að deila á sambandsþjóð okkar fyrir strandgæsluna án þess að geta sýnt, að hún sje í ósamræmi við þau samningsákvæði, sem hann á sínum tíma var með í að setja og tók þá góð og gild fyrir hönd þjóðarinnar. Og um strandgæsluna í sinni stjórnartíð vill hann vitanlega heldur ekkert segja, enda hafði hann þá sjálfur skapað sjer aðstöðuna og bar þá ábyrgð á því að koma sæmilega fram fyrir hönd þjóðarinnar gagnvart jafnrjetthárri sambandsþjóð.

Jeg hefi þegar bent á ýmsar ástæður, sem fyrir liggja til skýringar í þessu máli, en sem hv. þm. Dal. forðast að taka til greina. Fylla er ekki hentugt skip til strandvarnanna. Samt getur ísl. stj. ekki, samkv. þeim samningi, er hv. þm. var á sínum tíma með í að setja um þetta efni, krafist þess, að Danir leggi til hentugra skip. Auk þess nota Danir skipið til æfinga fyrir sjóliðsmenn jafnframt því að inna af höndum strandvörnina, og getum við heldur ekki sagt neitt við því. Jeg hefi bent á það, að árið 1926 tók Fylla marga togara og eins það, að þótt hún hafi tekið fáa togara síðastl. ár, þarf það ekki að vera sönnun fyrir mjög ljelegri strandgæslu, heldur getur það hafa stafað af því, að skipið hafði til gæslu þann hluta landhelginnar, þar sem yfirleitt er örðugt að taka togara, á svæðinu kringum Snæfellsnes. Það mætti í raun og veru alveg eins segja, að það væri sönnun fyrir mjög góðri strandgæslu, því hið „ideella“ takmark strandgæslunnar er það, að landhelgin sje algerlega varin. Enda sýndu dagbækur skipsins, að það hafði þá siglt um 15 þús. sjómílur á tiltölulega stuttum tíma.

Hv. þm. Dal. taldi, að munurinn á tölu þeirra togara, sem íslensku varðskipin hefðu tekið, og svo aftur hið danska væri sönnun fyrir því, hversu göfugt hlutverk hann sjálfur hefði int af höndum í sjálfstæðisbaráttunni, en taldi aftur á móti, að jeg hefði staðið mig illa í því efni og að nýja leiðandi menn þyrfti í landinu, ef núv. stj. teldi þessa strandgæslu fullnægjandi af hálfu Dana. Jeg hefi nú sýnt fram á, að íslenska stj. hefir ekki aðstöðu til þess að krefjast breyt. í þessu efni, og mjer virðist það ekki lýsa sjerlegum hetjuskap hv. þm. Dal. í sjálfstæðisbaráttunni, að hafa með fúsu geði gengið að þessum samningum fyrir okkar hönd, hafa sjálfur orðið sem dómsmrh. að taka afleiðingum þeirra með þögn og þolinmæði, en rísa nú upp með mikilli vandlætingu í garð núv. stj. yfir því, að hún standi sig ekki betur en hann sjálfur og verði yfirleitt að búa við afleiðingar handaverka hans sjálfs í þessu efni.

Þá vill hv. þm. telja, að ástæða sje til að skifta um stj. til þess að krefjast betri strandgæslu af Dönum. En reynslan sýnir, að hvorki hann nje aðrir fyrv. ráðh. hafa tekið núv. stj. fram í þessu efni. Og þessi skoðun hv. þm. er mjer sönnun fyrir því, hversu gamaldags hv. þm. er í hugsunarhætti. Hann vill kasta sem mestri áhyggju upp á Dani, jafnframt því sem hann þykist berjast fyrir því, að við tökum öll okkar mál í eigin hendur. Hann heldur hjer úti blaði og kostar

mann til þess að lesa hinar fornfálegu hugsanir sínar og halda uppi ovinsamlegum umr. um sambandsþjóð okkar um leið og í sál hans þroast einskonar undirlægjunugsunarháttur og þjónustugatilhneiging gagnvart Dönum. Þetta sýnir þetur en nokkuð annað, að hv. þm. hefir stansað á þróunarbrautinni og að hann er einskonar ettirlegukind frá tímum Danahatursins, þegar Íslendingar köstuðu áhyggju sinni upp á umhyggju þeirrar þjóðar, sem þeir þó af gildum sögulegum ástæðum báru mjög þungan hug til.

Enda þótt hv. þm. Dal. hafi ekki tekist vel að ganga frá samningnum milli Íslendinga og Dana, svo að hann er nú síóánægður yfir ákvæðum hans, virðist þó þessi hv. þm. jafnan líta svo á, að helstu sjálfstæðisúrræði okkar sjeu fólgin í pappírsgögnum og málæði. Aftur á móti er hann ekki viðlátinn, ef þörf er á atkv. hans hjer á þingi til þess að bjarga nauðsynjavöru landbúnaðarins eins og áburðinum úr fjárgróðataki útlends kaupmanns eða vinna bug á leppunum og erlendum yfirráðum í síldarverslununinni. Hv. þm. virðist í stuttu máli vera mjög náinn vinur flestrar þeirrar erlendu ásælni hjer á landi, sem í eðli sínu stríðir á móti hugsjón þjóðarinnar og ætlunarverki um fullkomið sjálfstæði þjóðarinnar, ekki einungis í orði, heldur og á borði. Hv. þm. þarf því ekki að búast við, að hann verði tekinn mjög hátíðlega, hvorki hjer á Alþingi nje í blaði sínu, meðan hugmyndir hans í sjálfstæðismálunum eru svo gamaldags og langt á eftir skilningi flestra nútíðarmanna á Íslandi.

**Jón Sigurðsson:** Þótt jeg standi upp, er það ekki ætlun mín að taka þátt í almennum eldhúsdagsumr., enda eru þær nú orðnar svo langar, að varla er á þær bætandi. En það er skýrsla næstv. atvmrn. um afskifti stj. af frystihúsmálum Skagfirðinga, sem knýr mig til þess að taka til máls.

Hv. 1. þm. Skagf. mun hafa gert að umræðuefni framkomu stj. í þessum efnum og lagt henni mjög til ámælis. Jeg var þá veikur, er það gerðist. — Til þess að hnekkja þessum ummælum hv. þm. (MG) las næstv. forsrh. upp bréf og símskeyti, og mun það alt hafa verið rjett, það sem það náði, en af því ýmsu var slept, varpaði þetta röngu ljósi yfir þetta mál. Til þess að mönnum skiljist, hve ósæmilega hefir verið að farið í þessu máli, vil jeg rekja gang þess nokkuð ger, því að hann er að mörgu leyti merkilegur og lærdómsríkur.

Haustið 1926 mun sr. Sigfús Jónsson, formaður Kaupfjelags Skagfirðinga, hafa hreyft því við S. Í. S., að Skagf. ljeki hugur á að koma sjer upp frystihúsi. Jafnframt mun því hafa verið hreyft af stjórn Sláturfjelags Skagfirðinga, hvort ekki mundi tiltækilegt, að fjelögin rjeðust í frystihúsbyggingu fyrir Skagfirðinga. Stjórnir beggja þessara fjelaga höfðu þá með sjer fund og var kosin 5 manna nefnd til þess að undirbúa frystihúsmál Skagfirðinga.

Þessi nefnd bar svo fram sínar till. og var á einu máli um það, að þessi tvö fjelög mynduðu með sjer fjelagsskap, Frystihúsfjelag Skagfirðinga. Þessar till. eru svo lagðar fyrir fulltrúafund beggja fjelaga og samþ. af

hvorum fyrir sig, og síðan fyrir sameiginlegan fund, sem bæði fjelögin hjeldu í fyrri hluta des. 1927.

Daginn eftir var haldinn aukafundur í sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Var oddvita þar heimilað að taka 60 þús. kr. viðlagasjóðslán handa Sláturfjelaginu og Kaupfjelaginu, og ennfremur heimilað að taka 20 þús. kr. lán handa kaupmönnum þar á staðnum, ef þeir rjeðust í byggingu frystihúss, en það hafði komið í ljós, að þeir gátu ekki orðið með fjelögunum.

Þetta frystihúsbyggingarmál virtist hafa fengið allan þann undirbúning heima í hjeraði, sem hægt var, bæði til þess að lánin fengjust og sömuleiðis báðum fjelögunum trygð umráð frystihússins.

Svo er það 5. jan. 1928, þá ritar sýslumaður Skagafjarðarsýslu brjef, þar sem hann sækir um viðlagasjóðslán og sendir útdrátt úr aukafundargerð sýslunefndar. Þetta brjef hverfur, og hefir ekki hafst upp á því í stjórnarráðinu; en þetta vitnaðist ekki fyr en í marsmánuði, og þá sendir sýslumaður ennþá afrit af samþykt sýslunefndar. En þá vill svo slysalega til, að það er skrifað utan á brjefið til fjármálaráðherra, í staðinn fyrir til atvinnumálaráðherra, og mun jeg víkja að því síðar, hvaða afleiðingar þetta hefir haft. Auk þess mun bæði sýslumaður Skagafjarðarsýslu og síra Sigfús Jónsson hafa átt tal við ráðherrana um málið; sýslumaður mun hafa átt tal við fjmrh., en síra Sigfús Jónsson tjáði mjer, að hann hefði talað um þetta erindi við atvmrh. Svo er ekki að orðlengja þetta; þetta líður og bíður, þar til komið er fram í apríl, og ekkert svar kemur frá stjórnarráðinu. Þegar svo Sigfús Jónsson sjer, að ekkert gengur, þá mun hann hafa slegið upp á því, hvort kaupfjelag Skagfirðinga geti þá ekki fengið lánið sjerstaklega. Hann sendi, 13. apríl, skeyti til atvmrh., þar sem hann spyrst fyrir um það, hvort kaupfjelagið geti fengið lánið. Jú, það er ekkert til fyrirstöðu með það, stjórnin tilkynnir kaupfjelaginu svo að segja um hæl, að það geti fengið lánið. Þar með er vitanlega Sláturfjelaginu bægt frá. En svo voru ýmsir hinna gætnari manna í Kaupfjelaginu, sem þótti það nokkur áhætta, að það væri eitt um lántökuna, og þess vegna skrifaði Sigfús Jónsson stjórn Sláturfjelags Skagfirðinga og óskaði samvinnu um frystihúsbyggingarnar. Erindi Sigfúsar Jónssonar var lagt fyrir aðalfund Sláturfjelags Skagfirðinga 30. apríl, sem kýs nefnd í málið, og sú nefnd leggur einróma til, að Sláturfjelagið verði með Kaupfjelaginu um frystihúsið, með því skilyrði, að Sláturfjelagið eigi sem svarar ⅓ af húsinu, fengi ⅓ af viðlagasjóðsláninu og ennfremur leggi til einn mann af þremur í stjórn frystihússins. Þessu tjáði Sigfús Jónsson sig fúsan að ganga að fyrir Kaupfjelagsins hönd. Fyrir varúðar sakir símar þó Sigfús Jónsson til stjórnarinnar seinni fundardaginn, 1. maí, og spyr, hvort nokkuð sje í veginum fyrir því, að Sláturfjelag Skagfirðinga verði meðeigandi í frystihúsinu. Atvmrh. er ekki heima, en dómsmrh. svarar á þessa leið: Kaupfjelagið fær ekki frystihúslánið, ef Sláturfjelagið verður meðeigandi. — Þegar þessi tilkynning kom, þá þótti fullsýnt, að ríkisstj. ætlaði sjer að gera það, sem í hennar valdi stæði, til þess að þessi tvö bænda-

fjelög gætu ekki komið upp frystihúsi í sameiningu, sem hefði orðið hjeraðinu stórkostlegur hagnaður. Öllum samningum var þess vegna slitið, enda er svo komið, að annað húsið er svo að segja fullgert, en hitt komið vel á veg.

Þegar litið er yfir sögu þessa máls, hlýtur öllum að vera það ljóst, að bændum hefir yfirleitt verið hugleikið, að samvinna tækist milli fjelaganna, bæði um byggingu, eign og umráð frystihússins. En því verður ekki heldur neitað, að það er eins og bæði sýnileg og ósýnileg öfl sjeu að verki til að hindra þetta fyrirtæki. Fyrst byrjar með því, að lánbeiðnin hverfur og hefir ekki til hennar spurst, hvernig sem leitað er. Svo er það, að næsta lánbeiðni fer til fjmrn., og lítur helst út fyrir að þar hafi enginn verið, sem hafi haft framtak til að beina erindinu til rjetts viðtakanda, atvmrh. Annars verð jeg að segja það, að það fer að verða nokkuð örðugt fyrir almúgamenn að fá málefni sín afgr. í stjórnarráðinu, ef slíkur sljóleiki verður ráðandi sem þarna sýnist vera, því að það er svo um flesta alþýðumenn, að þeim er ekki kunnugt um verkaskiftingu í ráðuneytunum. Það er líka svo, að hvorki atvmrh. nje fjmrh virðast rumska við það, þótt við þá sje talað í síma og þeir spurðir um málið. En strax og Kaupfjelagið eitt út af fyrir sig biður um lán, þá vaknar hæstv. stj. og þá er lánsloforð á reiðum höndum.

En þetta, að lánbeiðnin skyldi send fjmrh., voru einu rökin, sem jeg heyrði hæstv. atvmrh. færa fyrir því, að hann hefði ekki tekið til greina beiðni sýslufjelagsins um lán, og mjer er satt að segja spurn: Heldur hæstv. atvmrh., að nokkur maður trúi því, sem kynnir sjer gang þessa máls, að þetta sje ástæðan? Nei, jeg trúi því ekki. Ástæðurnar eru virkilega alt aðrar, og jeg hefi sterka ástæðu til að ætla, að ástæðurnar væru þær, að sláturfjelagsmennirnir eru yfirleitt viðurkendir andstæðingar hæstv. stj., og mun vera litið svo á, að slíkum fjelagsskap þurfi að koma fyrir. Þó verð jeg að játa það, að hæstv. dómsmrh. gengur töluvert ákveðnara að verki í þessu efni, því að það liggur við að segja, að það sjeu hrein og bein þrælatök, sem þar eru notuð. Hann segir: Nei, þið fáið ekki lánið, ef Sláturfjelagið er með. Jeg get hugsað mjer, að hæstv. ráðh. álíti, að hann með þessu gangi á milli bols og höfuðs á Sláturfjelaginu, því að frystihúslaust geti fjelagið ekki verið, og þá geti Kaupfjelagið haft líf þess í hendi sjer. Ákafi stj. í þessu máli virðist vera svo mikill, að það er ekkert tillit tekið til þess, að Sláturfjelagið hefir um langt skeið verið meðlimur í S. Í. S., ennfremur að Sláturfjelagið er hreint sölufjelag, sem hefir haft það verkefni í milli 20—30 ár að selja afurðir bænda, og hefir borgað árlega svo skiftir hundruðum þúsunda í beinhörðum peningum til viðskiftamannanna, og loks má benda á það, að það er heldur ekki tekið tillit til þess, að bændafjelögin óska yfirleitt eftir samvinnu í þessu efni, vegna þess að það er hjeraðsbúum miklu hagkvæmara. En með þessari tvískiftingu baka fjelögin sjer stórkostleg útgjöld, og loks má minna á það, að þegar Sláturfjelagið er ekki

lengur með, þá verður afleiðingin sú, að það er lakari trygging, sem í boði er fyrir láninu; það liggur í hlutarins eðli.

Hæstv. forsrh. hefir raunar látið þess getið, að hæstv. dómsmrh. væri ekki rjettur aðili í þessu máli, sagði, að það hefði ekki heyrt undir hann; það hefði frekar átt að snúa sjer í fjarveru sinni til fjmrh. En jeg verð að segja það því viðvíkjandi, að þá hefði hæstv. dómsmrh. átt að láta þess getið í viðtali við síra Sigfús Jónsson. Annars er þess varla að vænta, að óhrekkvísir menn vari sig á því, að maður í stj. landsins gefi yfirlýsingar fyrir stj. hönd í máli, sem ekki heyrir undir hann. Mjer er raunar sagt, að hæstv. dómsmrh. hafi verið að reyna að hlaupa frá því, að hann hafi gefið slíka yfirlýsingu. Jeg get ekki neitað því, að mjer væri forvitni á að heyra hans eigin yfirlýsingu í þá átt, að hann hafi ekki haft áður greind ummæli við síra Sigfús Jónsson á Sauðárkróki þann 1. maí. Það er að minsta kosti svo, að það munu vera nóg vitni að skýrslu síra Sigfúsar Jónssonar, og þá hlýtur annarhvor þeirra að hafa sagt ekki rjett frá; jeg hygg að minsta kosti, að það verði örðugt að fá Skagfirðinga til að trúa því, að síra Sigfús Jónsson sje sá seki. Annars get jeg sagt hæstv. stj. það, að þessi tilraun hennar til að drepa Sláturfjelag Skagfirðinga hefir haft alveg gagnstæð áhrif; það hefir orðið til þess að þjappa bændum fastar saman. Fulltrúaráðið samþykti í haust, að fjelagið rjeðist í að byggja frystihús, en lokaþátturinn í viðskiftum Sláturfjelagsins og ríkisstj. er ennþá ótalinn. Stj. Sláturfjelagsins taldi rjett að gefa hæstv. atvmrh. tækifæri til þess að bæta fyrir nokkuð af því ranglæti, sem fjelagið hafði orðið að þola, og fól þess vegna ennþá okkur þm. Skagf. að sækja um 30 þús. kr. lán, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Svar hæstv. atvmrh. var neitandi; lánið fæst ekki. Ástæðan, sem tilfærð er fyrir þessari neitun, hún er sú, að S. I. S., sem beiðnin var send til umsagnar, neitar að segja nokkuð um málið, af því að undirbúningurinn hafi ekki farið fram í samráði við það — S. Í. S. Allir geta nú sjeð af þessu, að það er engin ástæða til að neita um lánið, þótt Sambandið leiði hjá sjer að dæma um málið. Jeg vil líka spyrja: Hvernig fer hæstv. stj. að því að ráða fram úr lánveitingum handa fjelögum, sem ekki eru í Sambandinu? Ekki fara þau að leita til S. Í. S. um undirbúning eða fyrirsagnir um það, hvernig þau eigi að búa sig undir sín fyrirtæki. En þrátt fyrir það, þó að þetta svar segi ekki nokkurn skapaðan hlut annað en það, að Sambandið vill ekki skifta sjer af málinu, þá notar þó hæstv. atvmrh. þetta sem ástæðu til þess að synja fjelaginu um lánið. Annars verð jeg algerlega að mótmæla því, að Sambandið sje nokkur yfirstjórn í þessum málum. Í skilyrðunum fyrir lánveitingum til frystihúsa er Sambandið ekki nefnt á nafn, og það getur þess vegna ekki haft neina úrslitaþýðingu hvað þetta snertir. Það er líka hægt að hugsa sjer það, að Sambandið notaði sjer þessa aðstöðu til að útiloka keppinauta, en það er með öllu óþolandi, þegar um það er að ræða að veita fje af hinu opinbera.

Jeg vil nú ekki gera ráð fyrir, að

Sambandið sje þátttakandi í þeirri ofsókn gegn Sláturfjelagi Skagfirðinga, sem jeg hefi hjer gert að umtalsefni. Sú skýrsla, sem jeg hefi hjer með gefið um málið, veit jeg ekki betur en að sje rjett í alla staði. Framkoma hæstv. stj. í þessu máli er alveg óþolandi; það er, svo að segja, stungið undir stól sameiginlegu erindi frá þessum tveimur fjelögum, sem er í þágu þeirra beggja. Erindinu er ekki sint. En þegar kemur fram erindi frá öðru fjelaginu, þá er því lofað láni, og svo þegar þessi tvö fjelög eru komin á góðan rekspöl með að bræða sig saman og stjórnir beggja fjelaganna eru komnar niður á ákveðinn samkomulagsgrundvöll, kemur hæstv. stj. og segir: Nei, þið getið ekki fengið að vera saman. — Ef þetta eru ekki ósvífin, ranglát og óþolandi afskifti af málum hjeraðsbúa, þá veit jeg ekki, hvað á að nefna það. Því er ekki að neita, að það hafa heyrst talsvert háværar raddir bæði innan þings og utan um ofsóknir hæstv. stj. gagnvart pólitískum andstæðingum, — en hjer er stj., sem telur sjer það til gildis að vera bændastj., en hefir þó reynt að kúga fjölmennan hóp bænda, og meira að segja samvinnufjelag, og neitar því um stuðning frá hinu opinbera, — það er ómögulegt annað en að telja slíkt mjög vítaverða framkomu.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg verð að segja það út af ræðu hv. 2. þm. Skagf., að hún haggar ekki á nokkurn hátt þeirri skýrslu, sem jeg hefi gefið í þessu máli, og hún rökstyður ekki á nokkurn hátt þau ummæli, sem hv. þm. hefir haft um það, að stj. hafi sýnt ranglæti og ofsókn gagnvart þessu fjelagi.

Hið fyrsta, sem hv. þm. bendir á að sje tortryggilegt, er þetta með brjefið frá sýslumanninum með fundargerðinni. Þetta leggur hv. þm. áherslu á, að sje tortryggilegt. Jeg benti á, að það hefði engin áhrif haft, hvort brjefið hefði komið til stj. í janúar eða mars, og báðir hv. þm. Skagf. hafa lýst yfir því, að þessi umsókn kemur í rauninni málinu alls ekkert við, því að það, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) var að finna að, var ekki það, að þessi umsókn hefði ekki verið uppfylt. Hv. þm. (JS og MG) eru að tala um, að það hafi komið einhver sameiginleg umsókn, en hún var frá Frystihúsfjelagi Skagfirðinga, þar sem kaupmenn á Sauðárkróki voru aðilar. (**JS:** Þeir voru engir aðilar). Það eru, eins og sjest af sýslufundargerðinni, tvö lán, sem sýslunefndin fer fram á, enda eru það líka tvær umsóknir, sem hv. þm. (JS) segir, að hafi komið; en úr því að hv. þm. segir, að þetta komi málinu ekkert við, hvað er þá tortryggilegt við það, þótt umsóknin hverfi? En svo segja báðir hv. þm. Skagf., að það komi einhver önnur umsókn, á alt öðrum grundvelli, m. ö. o. alt tal hv. 2. þm. Skagf. viðvíkjandi þessari umsókn frá sýslumanni er alveg út í loftið, og jeg tel ekki, að hægt hafi verið að leggja neitt upp úr málinu, eins og afgreiðsla þess var að norðan. Og hvað er eiginlega tortryggilegt í málinu, ef ekki það, að þeir vita ekki, hvert á að snúa sjer? Og þessi alþýðumaður, sem ekki veit, hvert á að snúa sjer, er enginn annar

en sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu. Já, það er sem sagt þessi maður, sem í mörg ár hefir verið starfsmaður í stjórnarráðinu. Það var ekki svo lítið um það skrifað hjerna um árið, þegar núv. sýslumaður Skagfirðinga fór í stjórnarráðið. En það, sem hv. 2. þm. Skagf. gengur alveg framhjá, er það, að fyrst haustið 1927 kemur umsókn frá Kaupfjelagi Skagfirðinga, og síðar um veturinn, í febrúar, kemur símskeyti frá fjelaginu. En frá samvinnufjelögunum, sem hv. þm. hefir nefnt, hefir ekkert komið, og hvað snertir þetta lauslega viðtal, sem vitnað hefir verið í, þá segir dómsmrh., að ekkert ábyggilegt viðtal hafi verið átt við sig um þetta mál. Og þegar svona stórmenni vilja fá lán, sem skiftir tugum þúsunda króna, geta þeir þá ekki látið svo lítið að senda þótt ekki væri nema símskeyti um það? En að það hafi verið beint einhverjum ásökunum að sira Sigfúsi Jónssyni, þá er það nokkuð, sem ekki fer vel í munni hv. 2. þm. Skagf.

Hv. þm. er að tala um, að það hafi verið reynt að sundra bændum þar fyrir norðan, en það er sannast að segja, að það hefir enginn gengið betur fram í því en hv. þm. sjálfur.

Jeg verð að kalla það sorglegt, hvernig komið er fyrir hv. 2. þm. Skagf. Það er ekki langt síðan við riðum saman um hjeruð til að *tryggja samtök* bænda. Nú er svo komið, að einhver illur andi hefir náð tökum á honum, svo nú ríður hann um hjeraðið til að *sundra* bændum.

Sláturfjelagið hefir ekki rætt þetta mál við Sambandið. Sambandið annast þó söluna fyrir fjelagið. Kaupfjelagið er langstærsta bændafjelagið í hjeraðinu. Það hefir á síðustu árum annast sölu á ⅔ hlutum af öllu kjöti skagfirskra bænda móts við Sláturfjelagið. Það var því eðlilegt að veita því lánið. Það hafði líka fyrst sótt um það, og eitt sótt formlega. — Það var sett að skilyrði fyrir lánveitingunni, að allir bændur hefðu aðgang að frystihúsinu og gætu lagt þar inn kjöt sitt.

Svo var hv. þm. að tala um tilraun til að drepa Sláturfjelagið. Það er hlutur, sem jeg tek ekki til mín. Og að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar til að sundra bændum! Nei, það er hv. 2. þm. Skagf., sem hefir heiðurinn af því. Hann var fullur af reiði til Sambandsins og vildi ekki, að það væri haft með í ráðum um þessar lánveitingar. Jeg er alveg á gagnstæðri skoðun. Jeg álít það sjálfsagt, að stj. fari eftir bendingum þess.

Stj. hefir beint allmiklu fje í þessum tilgangi til Skagfirðinga. Kaupfjelagið hefir komið upp frystihúsi, og að því eiga allir aðgang. Sje það satt, að það hafi verið einlægur vilji Sláturfjelagsins að fá að vera með, þá verður ekki annað sagt en að því hafi farist mjög óhönduglega.

Hv. þm. vildi bera mjer á brýn pólitíska hlutdrægni í þessum afskiftum. Andstæðingar mínir í pólitík skipi stjórn Sláturfjelagsins. Jeg er að vísu ekki persónulega kunnugur því, en þó veit jeg ekki betur en einn af stjórnendum Sláturfjelagsins sje eindreginn framsóknarmaður. Og mótmæli jeg algerlega og afdráttarlaust öllum ásökunum um, að jeg hafi beitt hlutdrægni í þessu máli.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skal byrja á því að svara hæstv. forsrh. að

því leyti, sem ræða hans snertir mig. Hv. samþm. minn mun vera maður til að svara þeim hnútum, er til hans var beint.

Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. geti flækt málið fyrir mönnum hjer, þar sem menn eru því ókunnir. En Skagfirðingar munu ekki gleyma svörum stj. Þeir muna það, að kaupfjelagsstjórinn var látinn tala við stj. í síma, og þeir muna svarið, sem hann kom með. Norður þar leikur enginn efi á, hverju var svarað. Skagfirðingar munu trúa því, að síra Sigfús hafi sagt satt frá samtali sínu. Jeg hefði gaman af að sjá hæstv. ráðh. sannfæra Skagfirðinga um, að síra Sigfús hafi farið með ósannindi á fundinum. — Það skiftir ekki máli, þó umsókn hafi komið fyrst frá Kaupfjelaginu. Það, sem máli skiftir, er það, hvernig málið lá fyrir þegar það átti að afgerast, 1. maí. Jeg ætla ekki að fara að karpa um þetta hjer, en nyrðra mun jeg ekki gleyma því, að hvorugur hæstv. ráðh. vill kannast við sitt svar.

Það er hlægilegt að halda því fram, að það hafi eitthvað að þýða, hvort heldur brjefið kom í atvmrn. eða fjmrn. Það er ekki eins og það hafi farið í skakka heimsálfu, þó það hafi borist til fjmrn. Það var þó aldrei nema niður einn stiga að fara til að komast á rjettan stað. Jeg hefi starfað í 14 ár í stjórnarráðinu. Þá var það siður, að strax og brjefin voru opnuð og það kom í ljós, að utanáskriftin var ekki rjett, þá var þeim strax komið til rjetts viðtakanda. Það er spánnýr siður, ef þeim er nú ekki komið til skila.

Hæstv. ráðh. var að guma af, að hann hefði verið að reyna að tryggja samvinnu bænda í Skagafirði. Það er nú helst. Hann hefir ekkert gert til þess. Hann hefði þá átt að bæta fyrir brot embættisbróður síns, hæstv. dómsmrh., er hann fjekk upplýsingar um svör hans, og veita lánið. En af því hefir ekki orðið. S. Í. S. á ekki að vera neinn yfirráðherra, og hæstv. ráðh. verður að taka afstöðu til málsins, þó S. Í. S. neiti að svara. Hann getur ekki látið svo, sem hann geti ekkert afgert í málinu af því að Sambandið neitar að taka afstöðu til þess. Jeg sje ekki ástæðu til að eyða frekari orðum að þessu máli. Það liggur áreiðanlega ljóst fyrir mönnum norður þar.

Um yfirreiðir hv. samþm. míns skal jeg ekki tala; þar mun hann svara fyrir sig sjálfur. En mjer hefir samt skilist, að hann hafi fulla heimild til að ríða sínum eigin hestum um sitt eigið hjerað. (**Forsrh.**: Sú heimild hefir ekki verið vjefengd). En hún hefir verið gerð að umtalsefni, og veit jeg ekki í hvaða skyni.

Um svar hæstv. forsrh. við fyrri ræðu minni get jeg verið stuttorður. Hefi jeg litlu að svara. Þegar hann talaði um póstgöngurnar, þá vildi hann láta till. einungis standa á ábyrgð nefndarinnar, er hann þyrfti ekki að svara fyrir. En þegar hann svaraði hv. þm. Ísaf., þá mintist hann á þessar till. sem framtíðarlausn þessa máls. — Hann staðfesti það, er jeg hafði sagt um byggingar- og landnámssjóð. Hann er ekki tekinn til starfa ennþá og hefir ekki fengið nema 50 þús. kr. Hinsvegar veit jeg, að 100 umsóknir um lán úr sjóðnum liggja fyrir.

Þá verð jeg að svara hv. 2. þm. Reykv., þó hann sje ekki viðstaddur. Jeg hætti við það í fyrri ræðu minni, af því hann var þá heldur ekki við,

en nú get jeg ekki dregið svarið lengur, því að eftir þessa ræðu er jeg dauður. Hann var í illu skapi þessa nótt, og má segja, að hann atyrti alt og alla, jafnvel sína eigin flokksbræður. Hann byrjaði með því að vaða upp á hæstv. forseta á mjög óviðurkvæmilegan hátt. Út af því vil jeg taka það fram fyrir mitt leyti, og býst jeg þar við að tala fyrir munn allra stjórnarandstæðinga, að hæstv. forseti hefir reynst mjög rjettsýnn og óhlutdrægur. Hann er kunnur að beita valdi sínu með kurteisi. — Hv. þm. hjelt því fram, að vegna kröfu hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. um aukin framlög til samgöngubóta á landi, hafi orðið að hækka skattana. Með því viðurkennir hann, að það hafi hafst fram fyrir forgöngu íhaldsmanna. Afstaða okkar í fyrra til stj. var sú, að við vildum fá henni næga skatta, til þess að ríkisbúskapurinn gæti orðið hallalaus. En til þess þurfti ekki jafnmiklar álögur og lagðar voru á þjóðina í fyrra. Það hefir reynslan þegar sýnt. Hv. þm. var að tala um, að stj. hefði svikið það samkomulag, er orðið hefði með henni og jafnaðarmönnum í fyrra um skattamálin. Það verður að vera þeirra eigin fjölskyldumál, en jeg tók eftir því, að hæstv. forsrh. svaraði þessu ekki. Jeg veit ekki, hvort það er rjett, að það hafi verið samningsrof hjá hæstv. stj. að innheimta ekki skattaukann, en þar sem hv. þm. er ekki reiðari en hann er út úr þessu, þá gæti jeg best trúað, að hann hefði sjálfur svikið sína eigin skattastefnu.

En úr því hv. þm. óð svo upp á sína eigin stj. og eigin flokksmenn, þá var ekki að furða, að hann fyndi sig knúðan til að ráðast á okkur íhaldsmenn. Jeg skal ekki fara eins langt út í það og jeg hefði gert, ef hann hefði verið viðstaddur. Hann fór m. a. mjög hörðum orðum um fyrv. skattstjóra. Var það mjög óviðeigandi, þar sem hann getur á engan hátt borið hönd fyrir höfuð sjer. Annars er óþarfi að fara út í það. Það er öllum kunnugt, að hann er svo merkur maður, að hv. þm. sjálfur kemst þar ekki með tærnar, er hann hefir hælana.

Hv. þm. mintist á Shell-fjelagið. Það má kalla okkur, mig og hv. þm., olíukóngana hjer í deildinni. En jeg verð þó að játa, að hans konungsríki er ólíkt stærra en mitt. Hann er umboðsmaður fyrir fjelag með undir 70 milj. kr. höfuðstól, en mitt fjelag hefir einungis ½ milj. kr. höfuðstól. Það væri því ef til vill rjettara að nefna hann olíukeisara, olíupáfa eða olíusoldán. Jeg hjó eftir því, að hv. þm. sagðist altaf hafa vitað, að það væri ekki til neins fyrir hæstv. dómsmrh. að fara með lögsókn á hendur fjelaginu. Hann byggði það á því, að jeg hefði undirbúið stofnun fjelagsins og væri svo góður lögfræðingur, að þar hlyti alt að vera rjett gert. (**Dómsmrh.**: Þetta hlýtur að vera misskilningur hjá hv. þm.). Þetta er ekki misskilningur. En hitt verð jeg að segja, að jeg á ekki heiðurinn af því að hafa undirbúið fjelagsstofnunina. Það hefir verið sagt, að hv. þm. hafi einmitt staðið á bak við árásina á Shell-fjelagið. Þar er þá einungis um samkepni að ræða, því hann mun gjarnan vilja vera einn um hituna.

Hv. þm. vildi leiða það út úr 31. gr. h/f-laganna, að erlendir menn hefðu töglin og hagldirnar í Shell-fjelaginu. Jeg er ekki viss um, að skilningur

hans á lögunum sje rjettur, en hitt er jeg viss um, að Íslendingarnir hafa altaf nægileg vopn í höndum til að ráða fjelaginu. Þeir geta neitað að taka sæti í stj. fjelagsins. Afleiðingin af því verður sú, að fjelagið verður að leysa upp, því ísl. menn verða að vera í stj. þess samkv. lögum. Nei, þetta er bara blekking; hún kemur að engu haldi, en sýnir þó innræti þessa hv. þm. Honum finst ekki nóg að ráða yfir fjelagi, sem er 140 sinnum stærra en Shell, en græðgi hans er svo takmarkalaus, að hann vill gleypa alt með húð og hári.

Þá var hv. þm. að tala um, að jeg hefði hafnað, þegar jeg var ráðh., boði frá B. P. um að byggja olíugeyma. Hann mun þar eiga við það, að jeg vildi ekki leggja út í að byggja olíugeyma fyrir ríkisreikning. Það var heldur engin fjárveiting í þessu skyni í fjárlögum, enda ekki fje fyrir hendi. Það var að vísu hægt að fá lán, en skuldirnar sýndust þá nægar fyrir.

Þá var hv. þm. að tala um það, að tekjuskattslögunum hefði verið breytt með reglugerð. En jeg vil bara segja það, að ekki er unt að breyta lögum með reglugerð. Fari reglugerð í bága við lögin, verður hún að víkja fyrir lögunum. Þá var og hv. þm. að tala um skattinnheimtuna hjer í Reykjavík og hve regla sú, er útsvörunum er skift niður eftir, væri slæm. Þetta kemur okkur hjer ekkert við. Það eina, sem jeg hefi talað um viðvíkjandi þessu, og sem jeg stend við, er það, að jeg álít, að strax eigi að prenta á eyðublöðin allar þær spurningar, sem svara ber, í stað þess að þurfa að vera að krefja fólk svars síðar.

Þá þarf jeg að víkja nokkrum orðum að hæstv. dómsmrh. Síðast er hann svaraði mjer, hafði fundur staðið svo lengi, að hann var fremur stuttorður, svo jeg get einnig verið það. Meðal annars var hann að tala um það, að mig vantaði þann hærri skilning á friðun Þingvalla. Jeg verð að játa það, að mig vantar það að geta skilið, hvers vegna þarf endilega að banna sauðfjárrækt í því hjeraði, sem er allra hjeraða best til slíkrar ræktunar fallið. Og mjer þykir leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera svo góður kennari, að hafa getað kent mjer að skilja þetta, hvorki þegar það var til umr. í fyrra hjer í þinginu nje í starfi okkar í Þingvallanefnd.

Hæstv. ráðh. hefir, eins og jeg hefi áður tekið fram, neitað því, að við sig hafi verið talað frá Sauðárkróki um frystihúsmálið, og hann hefir ennfremur neitað því, að sjera Sigfús hafi talað við sig og spurt um það, hvort Sláturfjelag Skagfirðinga gæti verið með í frystihúsbyggingunni sem eigandi. Einnig hefir hæstv. ráðh. neitað því, að hann hafi synjað þessa. Mjer fanst nú samt þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. nokkuð dræm, rjett eins og hann væri ekki alveg öruggur. Hann sagði, að ekkert skriflegt væri til um þetta og ekki heldur neitt símskeyti. En hæstv. ráðh. verður að gæta að því, að aðalatriði þessa máls er það, hvort hann hafi í raun og veru neitað, og í sambandi við þetta skiftir því miklu máli, hvort símtal hefir átt sjer stað.

Um Hnífsdalsmálið skal jeg ekki ræða mikið. Vil aðeins endurtaka það, er jeg sagði í minni fyrri ræðu, og það er ekki sanngjarnt að heimta, að fyrv.

stj. lyki við málið á 2—3 mán., þegar núv. stj. hefir þurft til þess 17 mán. Hæstv. ráðh. sagði ennfremur, að jeg hefði gert mig að verjanda í málinu. Þetta er ekki rjett. Það var öðru nær. Það var sjálfur rannsóknardómarinn, er skipaði mig verjanda. Hæstv. ráðh. getur því ekki áfelt mig fyrir það, að jeg varð við því.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jeg hefði verið að afsaka Einar Jónasson fyrv. sýslumann Barðstrendinga. Þetta er ekki rjett. Það eina, sem jeg sagði, var það, að stj. gengi merkilega illa að fá dóm fyrir því, er þessi maður skuldaði ríkissjóði. Hæstv. ráðh. sagði svo, að þetta væri fyrv. bæjarfógeta, Jóhannesi Jóhannessyni, að kenna. En hvernig stendur þá á því, að stj. áfrýjaði ekki, því það var Einar sjálfur, sem áfrýjaði? Og fyrst stj. áfrýjaði ekki sjálf, þá getur hún ekkert frekar unnið í þessu máli. En nýtt mál getur hún höfðað.

Um Brunabótafjelagssjóðþurðina sagði hæstv. ráðh. sitthvað. En hann nefndi þó ekki aðalatriðið, sem er sá samningur, er gerður hafði verið milli hæstv. forsrh. og umboðsmanns hins seka manns, en sem hæstv. dómsmrh. gerði svo að engu.

Hvað Seyðisfjarðarútibúið snertir, sagðist hæstv. dómsmrh. að vísu hafa heyrt talað um, að þar mundi vera einhver sjóðþurð, en hann hefði aldrei fengið neina kæru því viðvíkjandi. Það er undarlegt, að hann skuli leyfa sjer að halda slíku fram, eftir að skýrsla um þessa sjóðþurð hefir legið fyrir þinginu í landsreikningunum í 2 undanfarin ár. Hinsvegar vita allir, að hæstv. ráðh. fylgir ekki þeirri reglu að taka ekki fyrir nema þau mál, sem eru sjerstaklega kærð fyrir honum. Tilgangur minn var að sýna fram á það, að hæstv. ráðh. ljeti lögin ekki ganga jafnt yfir alla, og það er nú staðfest með skýrslu ráðh. sjálfs.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hæstirjettur hefði litið svo á í Shell-málinu, að sannanir þess, að fjelagið væri útlent, hefðu ekki verið nógu sterkar, og því hefði það verið sýknað. Hjer snýr hæstv. ráðh. alveg við sannleikanum, því það er ávalt venja að taka svo til orða í dómum sem þessum eins og hæstirjettur gerir í þessum dómi. Nei, það hefir verið fullkomlega sannað, að fjelagið er fyllilega löglegt. Hæstv. ráðh. sagði, að af þessum málsúrslitum væri það ljóst, að breyta þyrfti hlutafjelagalögunum, svo að þau næðu tilgangi sínum. Það var leitt, að hæstv. ráðh. skyldi ekki sjá þetta fyr. Og hvers vegna ber hann þá ekki fram frv. um að breyta þeim? Að lokum var hæstv. ráðh. kominn í slík vandræði í röksemdaleiðslu sinni, að hann gat ekki svarað neinu, en sagði, að það mundi rjettast að skjóta málinu fyrir guðsdóm. Jeg get vel skilið það, að hæstv. ráðh. vilji fresta þessu sem lengst og að hann vildi gjarnan losna við að fást við mig í þessu máli. (**Dómsmrh.**: Heldur hv. þm. máske, að hann komist aldrei til himnaríkis?). Það er nú sagt, að það sjeu margar vistarverur hinumegin, en eftir nýjustu kenningu býst jeg samt við því, að við hittumst þar. En bæði er það, að jeg get búist við, að hann hafi mörgu að sinna, er þangað kemur, og svo er jeg ófús til þess að veita honum áfrýjunarfrest þangað til við erum dauðir. Jeg efast um, að hæstv. ráðh. hafi þá mikið til að borga með eða eigi

innstæður hinumegin. Gæti jeg best trúað, að hann yrði gjaldþrota þar og að ekkert verði af honum að hafa til að greiða fyrir það, er hann hefir hjer ilt gert. En geti hann sett tryggingu fyrir því, má vera, að jeg veiti honum gjaldfrest.

Hæstv. ráðh. sagði, að jeg hefði gefið B. P. leyfi til þess að starfa hjer. Þetta er rjett, og jeg get ekki talið það neina goðgá, enda hugsa jeg, að hæstv. ráðh. sje alveg á sama máli. Jeg hefi heyrt, að hann sje mjög mikill vinur aðalforstjóra B. P. og hafi jafnvel gist hjá honum í ½ mánuð í einni utanferð sinni. Hann sagði, að B. P. gæti ekki stækkað nema það fengi til þess sjerstakt leyfi. En jeg er ekki viss um, að það verði svo erfitt að fá þau hjá hæstv. stj. Því bæði er nú þessi vinskapur milli forstjórans og hæstv. dómsmrh., og auk þess er aðalmaður fjelagsins hjer, hv. 2. þm. Reykv., ekki neitt sjerstaklega illa sjeður hjá stj. Mjer er sem jeg sjái hæstv. ráðh. neita honum um frekari leyfi, er hann kemur með makt og miklu veldi, hafandi líf stj. í hendi sjer.

Viðvíkjandi því, er hæstv. ráðh. sagði um vitnisburð Lárusar Jóhannessonar í Tervani-málinu, skal jeg geta þess, að hann hefir engan vitnisburð gefið í því máli, en hann hefir varið svipað mál. En eins og hæstv. ráðh. veit, gerir málafærslumaðurinn ekki annað í slíkum tilfellum en að telja alt það upp, er getur verið skjólstæðingi hans til málsbóta. En hæstv. ráðh. má ekki gleyma því, að meðan málið var fyrir hæstarjetti, fór fram ný rannsókn í því, og hefði hann því viljað vera óhlutdrægur í þessu máli, var það skylda hans að geta þess, er þá kom í ljós.

Þá talaði hæstv. ráðh. mikið um þessa hómópataaðferð sína. Hómópatar munu vera sömu mennirnir, sem stundum eru kallaðir skottulæknar, en það þýðir lítt lærður læknir. Það verður því að skilja orð hæstv. ráðh. svo, að hann telji sig fara að í þessu máli eins og lítt lærður læknir, og get jeg með ánægju tekið undir það. Hvað snertir það, að hæstirjettur dæmdi Júpiter í sekt, en ekki fangelsi, þá stafar það af því, að hann skilur bókstaf laganna svo, að honum sje það heimilt. En hæstv. ráðh. virðist skilja lögin öðruvísi. En hann verður að gæta að því, að það er dómstólanna að skýra lögin, en ekki dómsmrh. Þess vegna hefir hæstv. ráðh. enga heimild til þess að segja, að þetta sje röng lögskýring hjá hæstarjetti. Hann getur vitanlega haft sína skoðun á þessu, en það hefir enga þýðingu.

Það, sem hæstv. ráðh. sagði út af veislum í sambandi við byggingu Óðins, mun hafa átt að vera endurgjald gagnvart því, er hv. þm. Borgf. sagði í ræðu sinni. (**Dómsmrh.**: Jeg hefði ekki minst á það nema að gefnu tilefni). Jeg held því fast fram, og veit það reyndar alveg, að það sje sami maðurinn, sem á að sjá um byggingu hins nýja strandvarnaskips, og sá, er sá um byggingu Óðins. Er það maður, sem heitir Brorsen. Hefði því hæstv. ráðh. verið sæmra að hafa hægt um sig í því máli.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri rangt að bera saman skuldir landsverslunarinnar og skuldir áfengisversl-

unarinnar. En jeg var ekkert að bera þær saman, heldur sagði jeg aðeins, að það mætti bera það saman, hvorar virtust meiri. Og jeg get sagt ráðh. það, að þegar fyrv. fjmrh. (MK) fól mjer að innheimta þessar skuldir, setti hann engin skilyrði fyrir því, að það mætti ekki sjást, hvaða skuldir þetta væru.

Jeg verð að þakka hæstv. ráðh. fyrir það, er hann sagði, að íhaldsstj. hefði verið sparsöm. (**Dómsmrh.**: Já, á eftirlit). Sagði hann, að þetta sæist best á því, hve lítið hefði verið gert. En jeg þarf ekki annað en að vísa til þeirra framkvæmda, er áttu sjer stað 1926, til þess að sýna, að þá var meira gert en nokkru sinni áður.

Þá á jeg ekki eftir að svara öðrum en hv. þm. Ísaf. (HG). Hann var að tala um þjóðrækni mína og virtist ekki telja hana á marga fiska. En jeg verð að segja það, að mjer finst það fara heldur illa í munni aðalnjótanda danska gullsins að bregða öðrum um óþjóðrækni. Hefi jeg heyrt, að þessi hv. þm. hafi farið víða um lönd til þess að fá meira. Jeg veit nú ekki, hvort það er rjett, en þetta virðist þó benda til þess, að hann sje ekkert á móti því að lifa af erlendu fje. Hv. þm. var eitthvað að minnast á gamla mynd í Speglinum, sem jeg man vel eftir. En jeg man líka eftir annari, og undir henni stóðu þessi orð: „Alt á að seljast". Og undir myndinni af honum stóð minnir mig: „Fem Kroner", og átti víst að sýna, hvað hann kostaði í dönskum peningum. Annars var þessi hugmynd, er hann dró út af þessari Spegilmynd, svo klúr, að það er ósæmilegt að nota hana. En hún minti mig á aðra sögu, nefnilega sögu um samfarir Hrúts og Unnar. Virtist mjer mega skilja hv. þm. svo, sem hann vildi líkja samförum sínum við stj. við hjónaband þeirra. En allir vita, hvernig því lauk.

Annars var hv. þm. mjög hortugur og heimtufrekur við hæstv. stj. En hæstv. forsrh. svaraði honum, að hann skyldi ekki vera með þennan rembing, því hann meinti ekkert með því. Til skýringar þessu kom hæstv. forsrh. með dæmisöguna um kúna og skjóluna. Virtist stj. vera kýrin í sögunni, en hv. þm. maðurinn með skjóluna. Þetta á því eflaust að þýða það, að hæstv. ráðh. segir við hv. þm.: Þú mátt koma með þína venjulegu skjólu, jeg skal reyna að fylla hana, en farir þú að koma með heilt uxahöfuð, get jeg ekki fylt það. Eða með öðrum orðum: Þú skalt fá mjólk eins og jeg get frekast látið þig fá, en þú mátt ekki heimta meira. Er gott að vita það, að hæstv. forsrh. skoðar sig sem mjólkurkú jafnaðarmanna og lofar að vera þeim dropsæll. Með þessu er sambandinu rjett lýst.

Þá var hv. þm. Ísaf. að skamma fyrv. skattstjóra, en jeg greip þá fram í fyrir honum og sagði, að það væri óviðeigandi að vera að ráðast á fjarverandi menn. Annars finst mjer það ekkert undarlegt, þó hann vinni sjer meira inn heldur en hv. þm., því að jeg veit, að hann vinnur meira á morgnana, áður hv. þm. kemur á fætur, en þm. vinnur allan daginn. (**HG**: Veit hv. þm. nokkuð um mína fótaferð?). Já, því það sýnir sig stundum, að ekki er hægt að halda fundi snemma, vegna þess að hv. þm. er þá ekki kominn á fætur. Það er því ekki nema eðlilegt, að Einar Arnórsson hafi

hærri laun en hv. þm., því verður er verkamaðurinn launanna.

Einnig talaði sami hv. þm. um bein skrifstofustjóranna og vildi kenna íhaldsstj. um það. En jeg vil í þessu máli upplýsa hv. þm. um það, sem jeg þó hygg, að hann viti, að flestir þeirra hafa haft þessi störf með höndum í mörg ár, og hafa gegnt sumum þessum aukastörfum í alt að 20 ár. Svo segir hv. þm., að íhaldsstj. eigi sök á þessu. Það virtist þó heldur draga niður í honum, þegar honum var sagt, að núv. stj. hjeldi þessu áfram, en sagði þó eitthvað á þá leið, að eiginlega væri það ámælisvert.

Meðal þeirra tekna, er hann tilfærði mjer, taldi hann ferðakostnað við embættiseftirlit. Þetta er algerlega rangt: Það er ómögulegt að færa slíkt til tekna. Það er því fyllilega rjettmætt, er stjórnarblaðið Tíminn segir, að ríkisgjaldanefndin fari með falskar tölur. (**HG:** Það er tekið fram í skýrslunni, hvað eru laun og hvað er kostnaður). Þegar hv. þm. las þetta upp, taldi hann þennan ferðakostnað með launanum, svo það lítur helst út fyrir, að hann viti ekki, hvað hann hefir sjálfur skrifað. En til hvers er verið að skrifa þetta svona, ef það á ekki að vera til þess að villa? Jeg fæ ekki skilið, til hvers annars það ætti að vera.

Annars virtist það ekki vaka fyrir hv. þm. að standa upp til að ávíta hæstv. stj., heldur til hins, að reyna að svala sjer á Íhaldsflokknum og beina árásum gegn honum. Það var eins og hv. þm. hjeldi, að þessi flokkur sæti ennþá við stj., og hann óttaðist mjög, hversu voldugur hann er. Þessi flokkur er svo fjölmennur, að það er full von, að hv. þm. sje smeykur og reyni því að ráðast á gerðir hans í tíma og ótíma.

Jeg þykist nú hafa svarað hv. þm. Ísaf. nægilega.

**Benedikt Sveinsson:** Hv. þm. Dal. hefir að nýju vakið máls á hinu mikilvægasta málefni vor Íslendinga, sambandsmálinu, um afskifti stj. af því og afstöðu hennar til þess nú. Hefir hann borið fram fyrirspurn, sem hæstv. ráðh. hefir þegar svarað. Þessi fyrirspurn er nokkurskonar árjetting eða endurnýjun þeirrar fyrirspurnar, er hv. þm. Dal. bar fram á sjerstöku þskj. á síðasta þingi um stefnu stj. gagnvart sambandslagasamningnum frá 1918. Hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurninni þá út í æsar, skýrt og drengilega og með öllu afdráttarlaust. Galt allur þingheimur svörum hans jákvæði sitt, á þann hátt, að formenn flokkanna svöruðu hver fyrir sinn flokk. Hv. þm. Dal. mátti vera fullkomlega ánægður með svörin, ekki síst svar hæstv. forsrh. Var það af öllum viðurkent, að hann hefði svarað „af sinni hálfu og allra flokksmanna sinna" afdráttarlaust, skýrt og drengilega, — einmitt á þann hátt, sem sjerhver góður Íslendingur hlaut að óska.

Hæstv. ráðh. (TrÞ) hefir nú svarað enn á ný með því að lýsa yfir því, að engin breyt. hafi orðið í huga hans til þessa máls. Væri það og undarlegt, ef hæstv. ráðh. hefði hvarflað nokkuð í þessu máli, sem allir viðurkenna, að hann hafi tekið svo drengilega, allra helst þar sem Alþingi hafði og goldið

því jákvæði sitt, og allir Íslendingar stóðu að baki.

Jeg hefi ekki heyrt allar umr., er nú hafa farið á milli hv. þm. Dal. og hæstv. dómsmrh., en þó hefi jeg orðið þess áskynja, að þeim hefir orðið allmjög sundurorða um afskifti þeirra af sjálfstæðismálinu. Hinsvegar þekki jeg hæstv. dómsmrh. svo vel, að jeg veit, að hann bregst ekki í þessu máli. Að vísu hefi jeg sjeð í blöðum orðatiltæki, höfð eftir hæstv. dómsmrh., sem ekki væru geðfeld. ef sönn gætu talist, en það er alkunna, að heldur lítið mark er á takandi, hvað blaðanegrar í öðrum löndum fleipra um sjálfstæðismál Íslendinga eða hafa eftir þeim mönnum, er þeir hafa snöggvast hitt að máli. Er það og alkunna, að allflestir þeirra bera eigi fremur skyn á frelsismál Íslands en skelfiskur. Jeg hygg jafnvel, að stundum hafi verið haft rangt eftir hv. þm. Dal. í útlenðum blöðum. — Á hinn bóginn er jeg allskostar ósamþykkur hæstv. dómsmrh. um það, að ekkert lið sje í þm. Dal. í þessu máli. Jeg skoða þau ummæli reyndar sem nokkurskonar kerskiyrði á milli þessara gömlu kunningja, en þeim fylgi lítil alvara, því að allir vita, að fáir hafa gengið betur fram í sjálfstæðismálinu en einmitt hv. þm. Dal. Eru ekki aðrir fremri í flokki Íslendinga nú á dögum í þeirri baráttu en hann. Hitt er alveg rjett, að berjast þarf fyrir mörgu öðru, sem sjálfstæðismálinu er samfara, svo sem öllum atvinnumálum landsmanna og margháttaðri menningu þeirra. En ekki verður úr því dregið, að hv. þm. Dal. hefir staðið í brjóstfylking þeirri, sem barist hefir fyrir sjálfstæðismálinu. Það var hann, fyrstur af nútíðarmönnum, sem kom Dönum í skilning um það, að Íslendingum væri *alvara* um kröfur sínar að losna úr „ríkiseiningunni". „Frelsishjal" okkar — sem Dönum virtist vera — var aldrei borið svo djarflega fram suður við Eyrarsund, að þeir „tækju það alvarlega", fyr en hv. þm. Dal. lagði málið fyrir konung 1914 og sagði: „Þetta vil jeg hafa fram, eða jeg fer frá völdum". Hv. þm. Dal. hefir gert Íslendingum ómetanlegt gagn með þeirri einurð sinni, og það er skylt, að hann fái að njóta sannmælis.

**Hákon Kristóferssou:** Án þess að vilja gera lítið úr tilmælum hæstv. forseta, vil jeg taka það fram, að jeg þarf engrar afsökunar að biðja á mælgi minni við þessar eldhúsdagsumr. Jeg þarf því ekki þess vegna að takmarka mál mitt. Hinsvegar er engin furða, þó að farið hafi langur tími í þessar umr., því að hjer hefir verið tvöfaldur eldhúsdagur. Það hefir verið ráðist á tvær stjórnir. Fyrv. stj. hefir verið blandað inn í umr. og hefir það lengt þær að mun. Jeg mun reyna að stilla ummælum mínum svo í hóf, að ekki gefist tilefni til neinnar harðvítugrar deilu, svo framarlega sem andstæðingar mínir eru ekki haldnir af óviðráðanlegum geðofsa.

Það, sem jeg vildi sjerstaklega vekja máls á, er um gjafafje Herdísar sál. Benediktsen. Það kemur fram í aths. við fjárlagafrv. um 14. gr. XV., að styrkveiting til húsmæðraskólans á Staðarfelli er látin falla niður, þar eð ákveðið er, að Herdísarsjóður taki hann að sjer. Jeg ætla nú að leyfa mjer að bera fram fyrirspurnir til hæstv. dómsmrh. og vona,

að jeg fái greið og góð svör. Í fyrsta lagi vil jeg spyrja hæstv. ráðh., hver hefir ákveðið þetta, og í öðru lagi, með hvaða heimildum það er gert. Það er ekki fyrir það að synja, að þegar hinum svokallaða húsmæðraskóla á Staðarfelli var komið á laggirnar, var talsverður uggur í mjer og öðrum um það, að þegar búið væri að smeygja inn litla fingrinum, mundi öll höndin koma á eftir. Það kom sem sje greinilega í ljós hjá ónefndum mönnum, að þarna væri möguleiki til að láta sjóð Herdísar sál. taka til starfa og blanda honum inn í Staðarfellsgjöfina, eða öllu heldur söluna. Sá, sem mest barðist á móti þessu, var hv. 2. landsk. (IHB) og ýmsir fleiri, og það leiddi til þess, að stofnað var til harðvítugra mótmæla gegn því, að þetta kæmi fyrir í framtíðinni. Jeg hefi einhverntíma sagt — og það er í samræmi við skoðanir fjölda manna, —, að þetta gæti ekki orðið, nema því aðeins, að ekki yrði farið eftir ákvæðum þeim, sem felast í arfleiðslubrjefi Herdísar. Jeg hefði aldrei gert ráð fyrir því, að nokkur stj. treysti sjer til þess að ganga á svig við síðasta vilja þessa eða annara gefenda. Til þess að skýra þetta nánar, skal jeg lesa nokkur atriði úr brjefinu, með leyfi hæstv. forseta. 3. liður hljóðar svo: „Að lokum ákveð jeg, Herdís Benediktsen, sem minn síðasta vilja, að þegar útfararkostnaður minn hefir verið heiðarlega greiddur ásamt kostn aði þeim, er skiftin eftir mig hafa í för með sjer, og þegar framanskrifuðu hefir verið nákvæmlega fullnægt, þá skulu allar þær eignir, sem eftir mig verða skuldlausar, eður þrír fjórðu partar allra skuldlausra eigna minna, aðeins með þeim takmörkunum, sem jeg hefi ákveðið í 2. lið, ganga til stofnunar kvennaskóla á Vesturlandi, og er sú ráðstöfun mín gerð, bæði af einlægum vilja mínum og samkvæmt þeirri ósk, sem einkadóttir mín elskuleg, Ingileif Sólborg Charlotta Benediktsen, ljet fleirum sinnum í ljós við mig sem sinn hjartans vilja".

Í 4. lið stendur ennfremur:

„Þessi gjöf mín til kvennaskólastofnunar á Vesturlandi óska jeg að beri nafn okkar mæðgna og heiti „minning Herdísar og Ingileifar Benediktsen". Gjöfin skal vera undir stjórn og umsjón landshöfðingjans yfir Íslandi, og er það vilji minn, að henni verði komið í konungleg ríkisskuldabrjef og renturnar lagðar upp í 10 ár og þeim bætt við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða, heldur aðeins verja vöxtum hans til áminstrar skólastofnunar. Að umgetnum 10 árum liðnum skal enn leggja upp renturnar af öllum höfuðstólnum, eins og hann þá er orðinn, þangað til svo mikið fje er fyrir hendi, að landshöfðinginn, eftir samráði við amtsráðið í Vesturamtinu, álítur það nægilegt til þess að setja kvennaskólann á stofn, svo að hann geti tekið til starfa án þess að höfuðstóllinn sje skertur".

Jeg þarf ekki að lýsa hinum rauða þræði þessa brjefs, sem er sá, að skólinn skuli ekki settur á stofn fyr en hann er orðinn svo efnaður, að hann geti sjeð fyrir sjer sjálfur. Þetta byggi jeg bæði á brjefinu og eins á umsögn manna, sem voru þessu kunnugir og þekt höfðu þessa merkiskonu. Viðvíkjandi því atriði, að í brjefinu er talað um landshöfðingja, þá segir sig sjálft, að í þess stað er nú um við-

komandi ráðh. að ræða. En um amtsráðin er það að segja, að aðrir aðilar hafa komið í stað amtsráðs Vesturamtsins. Get jeg í því efni vísað til kgl. tilsk. frá 2. mars 1908, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er til þess kemur að stofna kvennaskóla í hinu fyrverandi Vesturamti af sjóði „Minning Herdísar og Ingileifar Benediktsen", skal leita álita sýslunefndanna í nefndu amti um þau atriði, er amtsráði Vesturamtsins var ætlað að hafa afskifti af samkvæmt gjafabrjefi frú Herdísar Benediktsen".

Jeg vona nú, að hæstv. dómsmrh. lái mjer það ekki, þótt jeg furði mig á, ef þessari ákvörðun hefir verið slegið fastri án þess að viðkomandi sýslunefndum hafi verið gefinn kostur á að segja álit sitt um það. En mjer er kunnugt um, að það hefir ekki verið gert. Þess hefði þó mátt vænta, því hæstv. stj. var vel kunnugt um öll þau andmæli, sem fram hafa komið gegn því, að þessi sjóður tæki til starfa fyr en hann væri þess megnugur að sjá um skólann að öllu leyti, og að honum yrði ekki slegið saman við annað gjafafje. Jeg get ekki fallist á þá afsökun, sem jeg býst við, að hæstv. stj. muni koma með, að þessu hafi verið slegið föstu þegar tekið var við Staðarfellsgjöfinni. Enda á að kenna þá gjöf við þá fóstbræðurna, Gest heit. Magnússon og Magnús heit. Guðmundsson. Og enda þótt sá skilningur sje í það lagður, að Alþ. hafi tekið við gjöfinni með því skilyrði, að Herdísarsjóðnum yrði slegið saman við hann, þá getur það ekki skoðast bindandi, því slíkt var ómögulegt að gera, nema með því að ganga á svig við síðasta vilja stofnanda sjóðsins. Um það, hvert fyrirkomulag yrði haft á skólanum, legg jeg ekki eins mikið upp úr; þótt miðað væri við Ytri-eyjarskólann, þá hafa breyttir tímar gefið rjett til hagkvæmara fyrirkomulags. Hitt er aðalatriðið, að sjóðurinn sje ekki látinn byrja fyr að starfa en hann er fær um að bera uppi allan kostnað af skólahaldi. Sjóðurinn var í árslok 1927 kr. 141736.04, og við það hafa svo bætst 5% vextir á árinu 1928; nemur það nokkrum þús. kr. Jeg hafði ekki búist við því að sjá þetta í aths. við fjárlagafrv. Jeg verð að líta svo á, að þetta sje gert án hæfilegrar heimildar. Jeg veit það, að jeg tala hjer fullkomlega í samræmi við vilja þeirra aðila, sem um þetta eiga að fjalla og sem jeg nefndi áðan. Það er nú máske barnalegur skilningur hjá mjer, en jeg leit nú samt svo á, að Alþ. kæmi þetta ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það eru ráðh. og sýslunefndirnar, sem hafa umráða- og ákvörðunarrjett um þennan sjóð. Og standi sá skilningur minn óhaggaður, þá sje jeg ekki, að Alþ. hafi neitt með þetta að gera. Og þá er því líka óheimilt að taka móti gjöf, sem setur það skilyrði, að þessi sjóður sameinist henni og að þar verði skóli frú Herdísar settur. Og jafnvel þótt Alþ. hafi gert eitthvað í þessu máli, sem því bar enginn rjettur til, þá heimilar það nú stj. engan veginn að gera þetta. Ef hún hefir gengið framhjá rjettum aðilum, þá hefir hún að mínu viti enga heimild haft til að stofna þennan skóla nú. Ef sú regla yrði upp tekin að ganga framhjá skilmálum gjafabrjefa, þá mundi enginn sjá sjer fært að gefa slíkar gjafir. Þeir geta þá

ávalt átt á hættu, að ákvæði þeirra yrðu síðar að engu höfð.

Jeg skal viðurkenna, að þetta stendur í gjafabrjefi Magnúsar Friðrikssonar, og má því máske segja, að Alþingi hafi lofað þessu. En jeg tel það nú samt ekkert samþykki Alþ., þótt þetta hafi verið borið undir einhverja n. í þinginu, ef það hefir ekki verið samþ. af Sþ. eða annarihvorri d. þingsins. Jeg hefi áður leyft mjer að bera fram mótmæli gegn þessu, og jeg hefi sömu skoðun enn.

Mjer þykir nú að sinni ekki ástæða til að fara frekar inn á þetta mál. Jeg býst við, að hæstv. dómsmrh. muni gefa góð og gegn svör, eins og vænta má af honum. Skyldi það gleðja mig mjög, ef þau sýndu það, að ótti minn væri með öllu ástæðulaus og að enginn líkræningjaháttur væri framinn í þessu máli. En því nafni kalla jeg það, ef stj. ekki framkvæmir síðasta vilja látinna manna.

Jeg skal nú ekki verulega blanda mjer inn í hinar miklu umr., sem orðið hafa hjer um ýms mál. En jeg verð að átelja ummæli, sem hæstv. dómsmrh. viðhafði í deilu sinni við hv. þm. Vestm. Hæstv. ráðh. vildi dæma hann og Íhaldsflokkinn fyrir ólag það, sem átt hafði sjer stað á áfengisversluninni. Jeg vona, að ekki verði tekið hart á mjer, þótt jeg spyrji um, hver mín afskifti hafa verið í því máli. Það kann að vera, að beina megi ásökun til einstakra manna. En að beina slíkum ásökunum til flokksins yfirleitt nær ekki nokkurri átt.

Þá þótti mjer leitt að heyra af vörum jafnágæts manns og hæstv. dómsmrh. er, að Íhaldsflokkurinn hefði lagst flatur fyrir Spánarsamningunum. Þetta kalla jeg ódrengskap. (Forseti hringir). Vill hæstv. forseti segja mjer, hvers vegna hann hringir? (**Forseti BSv:** Jeg vítti það, að hv. þm. viðhafði orðið ‚ódrengskapur'). Já, hvað á að segja? Kallar hæstv. forseti það ekki ódrengskap að bregða öðrum mönnum um það, sem þeir hafa ekki gert? (**Forseti BSv:** Jú, að vísu. En hv. þm. er svo orðhagur, að hann getur vel viðhaft þinglegra orð um þetta). Jeg man nú ekki til, að hæstv. forseti hringdi, þegar hæstv. ráðh. sagði, að Íhaldsflokkurinn hefði verið dæmdur fyrir afglöp sín við áfengisverslunina. Jeg held, að það sje að minsta kosti jafnóþinglegt og það, sem jeg sagði. En hæstv. forseti var ekkert að fást um það. Það er vitanlega hæstv. forseta til sóma að halda uppi reglu, en það er rjett, að allir sjeu jafnir fyrir lögunum. Þótt jeg sje nú staddur í þinghúsinu og mæli þar í þeirri helgi, sem veitt er þar, þá er jeg reiðubúinn, ef jeg hefi mælt eitthvað ósæmilegt, að endurtaka það utan þessara veggja. (**ÓTh:** Jeg skal vera ábyrgðarmaður á þeim víxli!). Jeg verð að lýsa undrun minni yfir því, að hæstv. forseti, eftir alt, sem hjer hefir verið sagt, skuli finna ástæðu til þess að víta það, þótt jeg tali um drengskap. Jeg talaði þó sannarlega kurteislega, eins og við var að búast af mjer. Jeg get ekki álitið það, að hæstv. forseti álíti, að jeg sje einn af þremur mestu orðhákum deildarinnar, sem bent hefir verið til að vera mundu.

Jeg ætla ekki að draga fram nein ný árásarefni. Eins og vant er að vera hefir nú verið deilt mjög á hæstv. stj. Verður hver stj. að sætta sig við, að slíkt sje gert. En á eitt mál verð jeg

þó að minnast, og það er Tervani-málið. Það vildi svo einkennilega til, að jeg hafði minst á það mál annarsstaðar, en þó með allri hógværð og sanngirni, sem mjer er lagið. Mjer var nú álasað fyrir þetta, svo jeg hjelt máske, að jeg hefði þarna hlaupið eitthvað á mig og átalið það ómaklega, að stj. hefði þarna gert eitthvað, sem ekki hefði verið rjett. Nú hefir þetta mál verið vítt hjer og hæstv. stj. hefir fært fram sínar varnir. En jeg verð að lýsa því yfir, að þær hafa ekki verið eins mikilsverðar og vænta hefði mátt. Aðalvörnin hefir verið bygð á ummælum hins stóra og merka lögfræðings, Lárusar Jóhannessonar, sem var verjandi í Júpiter-málinu. En jeg get nú samt ekki sjeð, að þetta rjettlæti aðgerðir stj. í þessu máli. En þótt jeg leggi annan skilning í þetta en hæstv. stj., þá er það ekki af neinum illvilja gert. Og þau ummæli hæstv. dómsmrh., að á móti þessu væru ekki aðrir en skrælingjar og úrþvætti þjóðarinnar, þykja mjer alveg óviðurkvæmileg.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að ýmsir skipstjórar væru á sama máli og hann um þetta. Það getur verið satt. En það haggar þó ekki minni skoðun á málinu, eftir að hafa heyrt þær umr., sem hjer hafa fram farið. Sannanir þær, sem hafa fest álit mitt, eru eiðfestir framburðir vitnanna og mælingar þær, sem fram fóru. Það er aðalatriðið í þessu máli. Fortíð bátsins kemur heldur ekkert þessu máli við. Þótt hann hafi verið notaður áður til að smygla inn áfengi og í góðu vinfengi við hv. 2. þm. G.-K., þá haggar það ekkert grundvelli dómsins. Annaðhvort hafa bæði skipin verið sýkn eða sek. En nú hafði hæstirjettur tekið vitnin gild og dæmt Júpiter sekan eftir því. Mjer er það ekkert launungarmál, að einhver hefir borið þá sögu til hæstv. dómsmrh., að jeg hafi viljað koma fram vantrausti á stj. á fundum fyrir vestan út af þessu máli. En það var nú síður en svo. Jeg hreyfði þessu máli og bygði ummæli mín á rökum, sem jeg veit, að eru rjett. Jeg vildi aðeins láta það fram koma, hvort menn væru stj. sammála eða ósammála um þetta. Á einum fundi vildu menn enga ákvörðun taka um þetta, en annarsstaðar var það gert. Þetta var það, sem gaf mjer sjerstaka ástæðu til að minnast á þetta mál. Og verð jeg að segja, að jeg álít það miður farið, sem gert hefir verið í því, þótt jeg hinsvegar vilji álíta, að hæstv. dómsmrh. hafi gert það eftir bestu sannfæringu. Skal jeg svo ekki fara frekar út í þetta að sinni.

Jeg vil vona, að hæstv. dómsmrh. gefi mjer ákveðin svör við spurningu minni viðvíkjandi Herdísarsjóðnum og Staðarfellsskólanum.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg ætla, að það hafi verið hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Skagf., sem í þessum umr. mintust á sjerstakt atriði viðkomandi fjármálaráðuneytinu. Og það voru málaferlin milli ráðuneytisins og Einars Jónassonar fyrv. sýslumanns í Barðastrandarsýslu. Þessir hv. þm. vildu gefa í skyn, að einhver mistök hefðu orðið á þessu máli frá hálfu stj. og orðið því að falli. Þeir reyndu og að gera málaflutningsmann stj. tortryggilegan. En af því að þessir hv. þm. fóru rangt með, sem ef til vill hefir stafað af því, að þeir eru

ekki kunnugir gangi þessa máls, vil jeg nota tækifærið til þess að gefa hv. d. stutta skýrslu um málið, hvernig það hefir gengið og hvernig það stendur nú.

Mjer skildist á hv. þm. Vestm., að ríkissjóður hefði ekki fengið sjer tildæmt nema 65 þús. kr., eða helming þeirrar kröfu, er hann hafði á hendur sýslumanninum. En gangur málsins er á þessa leið:

Með dómi, uppkveðnum í gestarjetti Reykjavíkur 15. ágúst síðastl., var Einar M. Jónasson dæmdur til að greiða fjmrh. f. h. ríkissjóðs krónur 65112.02 með 5% ársvöxtum frá 16. apríl 1928 til greiðsludags, og var þessi upphæð fje sýslusjóðs, sjúkrasjóðs og ýmsra dánar- og þrotabúa. Í þessu máli var ekki tekin til greina krafa ríkissjóðs (vangreiddar ríkissjóðstekjur) og krafa út af einu dánarbúi. Í þessu sama máli höfðaði E. M. J. gagnsök og krafðist rúmra 90 þús. kr. af ríkissjóði. Gagnkrafan var ekki að neinu leyti tekin til greina, en E. M. J. dæmdur til að greiða 500 kr. í málskostnað. Þessu máli hefir nú E. M. J. skotið til hæstarjettar, og er það nú undir dómi rjettarins.

Með öðrum dómi gestarjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 27. mars síðastl., var E. M. J. svo einnig dæmdur til þess að greiða fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs kr. 59457,50 með 5% ársvöxtum frá 20. mars 1928 til greiðsludags, og auk þess kr. 2000.00 í málskostnað. Voru það kröfur þær, er ekki voru teknar til greina í fyrra málinu, sem dæmt var 15. ág. síðastl. Af rjettinum var tekinn til greina *hver einn einasti eyrir* af ríkissjóðstekjum þeim, sem talið er, að E. M. J. skuldi, og auk þess varakrafa út af dánarbúi einu. Hefir ríkissjóður þannig fengið tildæmt fyrir undirrjetti nákvæmlega alt það, er hann gerði kröfur um út af beinum ríkissjóðstekjum, en dálítið hafa verið lækkaðar kröfurnar út af dánar- og þrotabúum, og er það sumpart gert með samþykki ríkisstj., að fengnum nýjum upplýsingum, og er það aðeins ríkissjóði hagnaður, ef dómstólarnir líta svo á, að E. M. J. ber ekki ábyrgð á öllu því búafje, er upprunalega var talið, að hann ætti að standa skil á, því að þá eru þeim mun meiri líkur til þess, að ríkissjóður fái dómana að fullu greidda af andvirði eigna þeirra, sem lagt hefir verið lögbald á hjá E. M. J.

Þannig eru nú fengnir dómar í undirrjetti fyrir samtals kr. 124569,54 á hendur E. M. J., og má óhætt fullyrða, að mörg mál hafi lengur dregist, sem þó hafa ekki verið eins flókin eins og mál þau, er hjer um ræðir, og úrslit málanna, það sem komið er, á þann veg, að ríkissjóður má mjög vel við una, þar sem alt bendir til þess, að hann fái alt greitt af fje því, sem honum ber frá E. M. J.

Jeg vil geta þess út af orðum hv. þm. Vestm. um borgun til málaflm. stj., Steláns Jóh. Stefánssonar, sem hefir haft þetta mál, að hann hefir ekki enn fengið einn einasta eyri fyrir þessi mál greiddan úr ríkissjóði; og allar líkur eru til þess, að mestur hluti þess málskostnaðar, sem leiðir af þessum málum, verði greiddur af eignum E. M. J., en ekki af fje ríkissjóðs. E. M. J. hefir verið dæmdur til að greiða allan málskostnað, og líklegt

er, að þær eignir, sem löghald hefir verið lagt á, hrökkvi einnig fyrir honum.

Út af því, hvort málaflm. ríkisstj. fylgi ekki taxta málaflutningsmannafjelagsins, má geta þess, að heimild er samkv. þeim taxta að fara niður fyrir hann allverulega, ef ríkisstj. ræður sjer fastan málaflutningsmann og greiðir honum einhverja smáa ársþóknun. Stj. hefir nú samið við málaflutningsmanninn um að greiða honum 300 kr. þóknun á ári, og mun varla vera unt að komast að betri kjörum um það, enda flytur hann málin fyrir miklu lægra gjald en taxtinn ákveður. Hinsvegar má geta þess, að málaflm. fyrv. stj. mun altaf hafa farið eftir ýtrasta taxta, og íhaldsstj. virðist ekki hafa hirt um að leita betri kjara, þó að hún notaði altaf sama málaflm., og ber það ekki vott um sjerstaka sparnaðarhneigð hjá henni.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara mikið út í gullmál ríkisins við Íslandsbanka, sem leitt hefir verið inn í þessar umr. Allra síst vil jeg gera málaflm. fyrv. stj. á nokkurn hátt tortryggilegan. Það mun vera rjett, að hann krafðist að fá 5000,00 kr. fyrir undirrjetti í því máli, er hann hafði fyrir ríkisstj. gegn Íslandsbanka. Jeg vil ekkert áfella Jón Ásbjörnsson fyrir það og geri ráð fyrir, að þetta hafi verið nákvæmlega eftir taxta, en þó miðað við þær ýtrustu kröfur, sem Íslandsbanki gerði í málinu. En óneitanlega hefði það staðið nær fyrir fyrv. stj. að gera samning við þennan málaflm. sinn um þetta mál heldur en að koma hjer fram nú og reyna að gera málaflm. núv. stj., St. Jóh. Stef., tortryggilegan.

Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir sagt um þessi málaferli, að stj. hafi hætt við að áfrýja þeim til hæstarjettar, er það að segja, að um það gat ekki verið að ræða; eins og skýrt hefir verið frá, þá er stj. búin að fá dóm í báðum málunum fyrir undirrjetti, á þann hátt, sem hún má mjög vel við una. Annað þessara mála er undir dómi hæstarjettar, en hinu hefir verið þangað stefnt af E. M. J., og verður sennilega þar flutt í maí eða byrjun júní næstk. Er umsögn hv. 1. þm. Skagf. og annara stjórnarandstæðinga um þessi mál mjög villandi í aðalatriðum, og gefa algerlega ranga hugmynd um, hvernig málin hafa gengið upp á síðkastið.

**Dómsmrh.** (**Jónas Jónsson**): Út af ræðu hv. þm. Barð. vil jeg segja örfá orð. Jeg sje ekki ástæðu til að tala mikið við hann um Tervani-málið, því fremur sem ýmsir af kjósendum hans eyddu því máli fyrir honum á þingmálafundum í hjeraðinu og fundu ekki ástæðu til að deila um það. Og þessir menn búa við einn af þeim fjörðum hjer við land, sem eiga mest í húfi í strandvarnarmálunum. En þrátt fyrir það hafa þeir tekið gætilega og skynsamlega á þessu máli, eins og aðrir góðir borgarar og almenningur yfirleitt, eftir að farið var að ræða málið í hófi og athuga það. Jeg hefi ástæðu til að þakka vini mínum, hv. þm. Barð., fyrir þær upplýsingar um varðbátinn „Trausta“, sem hann gaf, og samband hans áður við einn hv. þm. Íhaldsflokksins, sem jeg hefi ekki ástæðu til að rengja. (**HK**: Jeg tók það eftir hæstv. ráðh.). Jeg held, að hv. þd. hafi skilið þm. eins og jeg, að viss maður, sem að vísu var ekki búsettur

þar í kjördæminu, hafi átt mikil sambönd og kunnugleik við bátinn. En vilji hv. þm. skýra þessar upplýsingar sínar á annan hátt, þá skal jeg taka því.

Að því er kemur til þess máls, sem hv. þm. Barð. gerði að aðalumtalsefni í ræðu sinni, þá virðist kenning hans sú, að ekki hafi mátt blanda öðru fje inn í gjafasjóð frú Herdísar Benediktsen en hinu upprunalega, og að ekki megi snerta þann sjóð fyrri en hann einn er þess megnugur að bera uppi kvennaskóla á Vesturlandi. Í þessu máli hefir nú gerst sá atburður, sem hv. þm. vill ekki viðurkenna gildan, en sem jeg álít fullkomlega bindandi bæði fyrir þing og stj., og einkum fyrir íhaldsmenn. Hv. þm. mun líta svo á, að stj. eigi að ógilda þann samning, sem gerður var á milli Jóns heit. Magnússonar og Magnúsar Friðrikssonar á Staðarfelli. Með því eina móti að ónýta þennan samning er hægt að fallast á kenningu hv. þm. Ef aftur á móti er gengið inn á það, að Jón Magnússon hafi haft rjett til þess að taka á móti gjafafje í sjóðinn, og ef játað er, að Alþingi 1921 hafi gegn ákvörðun um árlegan lífeyri til hjónanna á Staðarfelli haft rjett til að taka við gjöf þeirra, þá er ekki hægt að breyta því nú á þann hátt, sem hv. þm. vill. Það er fullkominn samningur á milli ríkisins og hins nýja gefanda, sem er bindandi fyrir alla framtíð. Eina vafaatriði þessa máls er það, hvenær skóli eigi að taka til starfa á Vesturlandi, sem nýtur styrks úr sjóðnum. Í nýja samningnum er ákveðið, hvar hann á að vera, en um þetta getur verið meiningamunur. Jeg vil ekki þreyta hv. d. á því að fara ítarlega út í þetta mál nú, en aðeins benda hv. þm. Barð. á þær umr., sem fram fóru á Alþingi, þegar tekið var við Staðarfellsgjöfinni 1921. Þá þoldi hv. þm. sinni stj. mótmælalítið að gera þennan samning og brá ekki stuðningi sínum og fylgi við Jón Magnússon, meðan honum entist líf til stjórnarstarfa. Það rýrir möguleikana fyrir hv. þm. að mótmæla nú. Hann átti að koma fram með þau 1921. Jeg ætla ekki að fara út í það efni, hvort jeg álít, að rjett hafi verið af stj. og þingi að taka við gjöfinni og bæta henni við gjöf Herdísarsjóðsins, en jeg er nú sem stendur arftaki Jóns Magnússonar í stj. bundinn við gjöfina og þann samning, sem hann hefir gert. Vil jeg svo, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr gjafabrjefinu 1. lið, sem áskilinn er af gefanda: „Að á Staðarfelli verði reistur á sínum tíma hinn fyrirhugaði skóli frú Herdísar sálugu Benediktsen".

Þetta er fyrsta skilyrði fyrir gjöfinni, sem stj. og þing hefir veitt móttöku, um leið og gengið var að öðru skilyrði um árlegan lífeyri úr ríkissjóði til hjónanna á Staðarfelli. Ennfremur er svo að orði kveðið í samningnum:

„Þar sem ríkisstjórn og Alþingi hafa lofað, að það skuli gert verða, er jeg hefi áskilið, þá lýsi jeg hið íslenska ríki löglegan eiganda hinnar ofangreindu eignar frá næstu fardögum að telja, með þeim rjettindum, er jeg hefi eignina átt".

Þar sem þetta brjef er eigi aðeins ómótmælt af fyrv. stj., sem við því tók, heldur og viðurkent, þá er enginn

vafi á því, að aðalkenning hv. þm. Barð. er alveg röng. Jeg segi ekkert um, hvort rjett hafi verið af J. M. að þiggja gjöfina með þessum skilyrðum; en samninginn má ekki brjóta.

Annað atriði í ræðu hv. þm. Barð. var spurningin um það, hvort kominn sje tími til þess, að Herdísar-sjóðurinn geti starfað á þann sjálfstæða hátt, sem frumgjafabrjefið getur um, og með þeirri viðbót, sem hann hefir fengið, góðri jörð, sem metin hefir verið á 70 þús. kr. Eign sjóðsins er nú alls c. 200 þús. kr. virði. Það er að vísu altaf hægt að segja, að sjóðurinn sje ekki orðinn nógu stór til að taka til starfa, og það má líka segja, að hann sje nógu stór til þess. Það fer alt eftir því, hvaða kröfur eru gerðar. Í gjafabrjefinu er ekkert, sem getur hindrað stj. í að ákveða, að skólinn skuli taka til starfa hvenær sem henni þóknast. Ef hv. þm. Barð. hefði verið í stj. í mínum sporum, þá hefði hann að sjálfsögðu dregið málið á langinn. En jeg álít, að sjóðurinn geti nú þegar tekið til starfa. Hann hefir til umráða stóra jörð og verðmikla. Gefandinn (Magnús Friðriksson) var búinn að reisa þar steinhús, eitt með þeim stærstu á landinu; og síðastl. ár var reist þar viðbótarbygging, báðum sjóðunum að heita má að kostnaðarlausu. Húsið rúmar 15—20 skólastúlkur, sem dvelja þar nálega alt árið, að frátöknum slættinum. Að vísu mætti segja, að skólinn ætti að vera fyrir 20—30 stúlkur, en um það er ekkert sagt í gjafabrjefinu, og kenslukonur þær, sem vit hafa á, álíta, að húsmæðraskólar í sveitum eigi ekki að vera stærri en þetta.

Eins og hv. þm. Barð. mun vera kunnugt, þá hefir skólinn á Staðarfelli starfað undir þröngum skilyrðum og við erfiðan fjárhag. Fyrsta árið fjekk hann 3000 kr. styrk úr ríkissjóði, og forstöðukona skólans þurfti þá að greiða landskuld af jörðinni. Er það augljóst, að þegar lagður er til skólans sá arður, sem jörðin og sjóðurinn gefa af sjer, þá verða það fyllilega helmingi meiri tekjur en skólinn fær nú til rekstrar. Skólinn hefir getið sjer gott orð og aðsókn er svo mikil, að á komandi hausti verður að vísa frá $^2/_3$ af þeim, sem sótt hafa um skólavist. Þetta sýnir, að það er ekki ótímabært að láta vilja gefendanna njóta sín hið fyrsta, og aðsóknin sýnir, að með skólanum er bætt úr brýnni þörf, sem vert er, að sjóðirnir styðji.

Önnur ástæða hans gegn því, að veita mætti skólanum styrk úr sjóðnum á þessu ári, var einskis virði. Hv. þm. taldi, að í tilskipun stj. um Herdísarsjóðinn, frá 1908, væri gert ráð fyrir, hvernig meðferð sjóðsins skyldi háttað. Þar væri svo fyrir mælt, að þegar Herdísarskólinn yrði stofnaður, skyldi leita um það álits sýslunefnda á Vesturlandi. Þetta var náttúrlega hyggilegt af stj. sjóðsins, að ákveða að leggja þetta undir úrskurð sýslunefndanna. Meðan amtsráðið var við lýði, þá var það allsherjarþing fyrir Vesturland; þar gat myndast meiri hluti og orðið samþyktar ályktanir, sem voru bindandi fyrir sýslurnar. En þegar amtsráðið var lagt niður og till. um þetta mál skotið undir sýslunefndir á Vesturlandi, sem aldrei geta haft sameiginlegan fund og vitanlega aldrei komið á samkomulagi um þetta mál, þá var útilokað, að nokkur úrlausn gæti á því fengist eftir þeirri

leið. Þar, sem um minni fjarlægðir er að ræða, hefir reynst erfitt og jafnvel ómögulegt að fá aðila til þess að sameina sig um skólasetur.

Jeg vil benda hv. þm. Barð. á það, að 4 ár voru liðin frá því að amtsráðið var lagt niður og þangað til þessi tilsk. var gerð, þannig að ef reisa hefði átt Herdísarskólann á þessum tíma, var ekkert til að fara eftir og styðjast við, auk þess sem ekkert var upp úr því að hafa að spyrja sýslunefndirnar. Úr því að landsstj. 1908 gat gefið út tilsk. um, hvernig þessu skyldi haga, getur hver stj. sem er breytt þessu, eftir því sem hún vill, og til að gleðja hv. þm. Barð. vil jeg segja honum það, að komið getur til mála að breyta tilsk. nú bráðlega. Jeg vona, að hv. þm. Barð. sjái, að það er staðreynd, að Alþingi og stj. hafa tekið við gjöf Magnúsar Friðrikssonar með þessum skilmálum, er jeg nú lýsti.

Þessi skýring verður að duga frá minni hálfu, sjerstaklega þar sem þetta var gert á þingi, sem hv. þm. Barð. átti sæti á, og þar sem það var flokksforingi hans, sem samningana gerði. Það kemur sem sje í ljós, að hv. þm. Barð. á aðgang að sínum eigin dána foringja og samherjum á þingi 1921 um þetta mál.

Hv. þm. Skagf. hafa báðir farið mörgum orðum um sláturhúsmálið í Skagafirði og vikið ýmsu að mjer í því sambandi. Til þess að gera þetta mál einfalt fyrir þá, sem lítið eru því kunnugir, vil jeg skýra frá, hvernig það er vaxið. Fyrir forgöngu Jóns Árnasonar og hæstv. forsrh. gekk Alþingi inn á að styðja að því, að reist yrðu kælihús á vissum höfnum úti um land, og sem áframhald af því máli lagði ríkið í kæliskip Eimskipafjelagsins. Það er að flytja kol til Newcastle, þegar þeir, sem ekkert hafa gert í þessum málum og enga þekkingu hafa á þeim, eins og þessir tveir hv. þm., ætla sjer að fara að kenna Jóni Árnasyni og hæstv. forsrh., hvernig eigi að leysa þessi mál. Það er broslegt, þegar eftirsnakkararnir ætla sjer að fara að kenna forgöngumönnunum, en einkum er það þó broslegt, og ekki samboðið mönnum með fullu viti, að láta sjer detta í hug, að stj. leggi fram fje í tvö kælihús á sama staðnum. Annaðhvort eru hv. þm. Skagf. blindaðir af þeim ofsa og hjeraðsríg, sem ríkt hefir í þessu máli, eða þeir eru ekki með sjálfum sjer. Þetta eru þau almennu rök, munurinn á forgöngumönnunum og eftirsnökkurunum. Það er algerlega dæmalaus ráðleysa og vitleysa, að viss hluti manna í einu hjeraði skuli ætlast til að fá ríkisstyrk til þess að byggja annað kælihús í viðbót við það, sem fyrir er á staðnum. Og ofan á svona grundvöll, sem er með öllu heimskulegur og þessir hv. þm. láta sjá í sem undirstöðu framkomu sinnar, bætist svo það, að maður norður í Skagafirði, sem mjer er kunnugur, á að hafa spurt mig um álit mitt á þessu og það að hafa orðið bindandi fyrir alt annan fjelagsskap en þessi maður stendur fyrir. Til þess að gera það ennþá ljósara, hvílík vitleysa þetta er, ætla jeg að segja nánar frá, hvernig þessi fyrirhugaða grautur er tilbúinn. Í Skagafirði er stórt kaupfjelag, sem altaf er að vaxa, en til skamms tíma hefir það ekki slátrað, heldur verslað eingöngu með óunnar vörur og tekið ull af bændum. Í seinni tíð er fjelagið þó farið að slátra

og hefir tekið langmest fje til slátrunar í Skagafirði á síðasta hausti. Fyrir þessu fjelagi stendur sjera Sigfús Jónsson, ágætur maður, sem fyrrum var prestur á Mælifelli. Er hann eindreginn andstæðingur hv. þm. Skagf. í pólitík. Að því er snertir hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem var í þessu kaupfjelagi, þó að hann sje genginn úr því nú, og gerði þá alt, sem hann gat, til að spilla fyrir starfi framkvæmdarstjórans og hafði meira að segja í hótunum við hann, ef hann byði sig fram til þings. (JS: Hefir sjera Sigfús skýrt frá þessu?). Þetta vita allir í Skagafirði, en ef hv. þm. vill jeta þetta ofan í sig og þurka það út, þá hann um það. En hv. 2. þm. Skagf. þýðir ekkert að ætla sjer að reyna að telja Skagfirðingum trú um slíkt, vegna framkomu sinnar í þessum málum. Hún er vissulega of ill til þess að því verði trúað. Það vita allir þar nyrðra, hversu hann hefir reynt að troða skóinn niður af sjera Sigfúsi. Kælihúsmálið var rannsakað af tveim aðalmönnum Sambandsins og Framsóknarflokksins, og allar aðgerðir í því hafa verið hornar upp af kaupfjelögunum og Sambandinu, en ekki af sláturfjelögunum, hvorki hjer í Reykjavík, í Borgarnesi nje á Sauðárkróki. Sláturfjelagið á Sauðárkróki hefir auk þess verið til skams tíma utanvelta við Sambandið og átti mjög erfitt með að koma lögum sínum í rjett horf. Það er hreinasta fjarstæða, að það fjelag hafi átt nokkra forgöngu í þessu máli, heldur var það kaupfjelagið, sem hana átti. Og jeg get lýst yfir því, að ef jeg hefði haft afskifti af þessu máli, mundi mjer ekki hafa blandast hugur um, að kaupfjelagið hlaut að hafa forgangsrjettinn. Það var bæði sterkari aðili og heilbrigðara. Eins og Húnvetningar gengu inn á, að kaupfjelagið ætti kælihúsið, en leyfði kjötframleiðendunum að njóta fulls jafnrjettis, eins og er á Reyðarfirði, Akureyri og Kópaskeri, eins átti þetta líka að vera á Sauðárkróki og hefði orðið, ef ekki hefði sprottið upp þessi hjeraðskritur, sem hv. 2. þm. Skagf. stendur fyrir. Þess ber að gæta, að kaupfjelagið á Sauðárkróki er aðal-samvinnufjelag hjeraðsins, en sláturfjelagið, sem hjarði lengi vel utan Sambandsins og seint og síðar meir tókst að verða fjelagi í því, hlaut eftir reglunni á Hvammstanga að njóta sama rjettar sem aðrir framleiðendur í hjeraðinu yfirleitt. En svo kom það upp úr kafinu, að hv. 2. þm. Skagf. fanst, eftir því sem hann gróf sig fastara í íhaldsflokkinn, að kaupfjelagið á Sauðárkróki stæði of fjarri þeim flokki, enda var það ekki ólíklegt, þar sem allir kaupmenn og spekúlantar eru flokksmenn þessa hv. þm., en þeir eru verstu fjandmenn kaupfjelaganna. Má þar t. d. nefna hv. 1. þm. G.-K. (BK). En þá gerist það, sem sýnir, að hv. 2. þm. Skagf. átti skilið að fá að vera stund úr æfi sinni í kaupfjelagsskapnum, því að hann sýndi þá hreinskilni að segja sig úr fjelaginu, ásamt nokkrum öðrum, þeim er æstastir voru, og myndaði nýtt fjelag, sem jeg man ekki, hvað heitir, en í daglegu tali er það kallað „verslunarólagið". Jeg efast ekki um, að hv. 2. þm. Skagf. sje í stjórn þessa hjáleigufjelags og muni helga því krafta sína, og að því lýtur það, þegar hæstv. forsrh. var að tala um, að þessi hv. þm. hefði riðið um hjeraðið til þess að mynda nýja deild og tekist að ná í

2—3 menn í hverjum hreppi. Kaupmönnunum á Sauðárkróki hefir altaf verið meinilla við kaupfjelagið þar, og þeir rjeru undir með þetta og æstu menn gegn því, að kaupfjelagið hefði forgöngu í þessu máli. Látum vera, þó að skagfirskir spekulantar leggi sitt eigið fje í annað kælihús, en að þeim skuli geta dottið í hug, að landið fari að styrkja þá til þess, er svo mikil fjarstæða og barnaskapur, að orðum er ekki um það eyðandi. Þegar menn athuga, hve alt er holgrafið á Sauðárkróki í herbúðum Íhaldsins af pólitískum ofsa og sundurlyndi, ættu menn að geta skilið, hvernig á því stendur, að slík vitleysa sem þetta skuli reka upp höfuðið.

Ásökunin í minn garð er sú, að formaður kaupfjelagsins á Sauðárkróki, sem báðir þessir hv. þm. eru á móti, hafi, þegar hæstv. forsrh. var í siglingu, símað til mín til þess að fá að vita, hvort stj. ætlaði að veita þetta lán. Það sjá nú allir, að hjer er eitthvað óeðlilegt á ferðinni, því að hjer er ekki farin sú venjulega, formlega leið. Í stað þess að senda símskeyti sjálfir til stjórnarráðsins, biðja þessir menn leiðtoga annars fjelags, sem þeir vilja ekki vera í, að símtala við mann í öðrum landsfjórðungi, sem ekki hafði neinn ákvörðunarrjett um málið. Það kom aldrei til mála, að sti. leysti málið á þennan hátt, heldur átti stvrkumsóknin að koma skjalfest frá Sláturfjelaginu og sömuleiðis svar sti. Auk þess var það ekki jeg, heldur Magnús sál. Kristjánsson og hæstv. forsrh., sem hafði með þetta að gera, svo að þetta var svo óformlegt og heimskulegt, að þess munu engin dæmi. Samt er hv. þm. Skagf. að áfella mig fyrir það, sem jeg á að hafa sagt og gert í þessu máli. Þeir vita þó, að aldrei kom neitt skeyti eða brjef frá þessum skjólstæðing þeirra til stj. Við þetta bætist svo, að fjelag sjera Sigfúsar Jónssonar biður um lán til að byggja kælihús. Því var vel tekið. Sambandið mælir með því, að það fái lánið, enda var gert ráð fyrir, að húsið stæði opið til afnota fyrir alla hjeraðsbúa jafnt. Það gat því engum óvitlausum manni dottið í hug, að það fengist eyrir af opinberu fje í keppandi stofnun.

Mjer þykir leiðinlegt, þegar þessar umr. eru búnar að standa í viku, að það skuli bætast ofan á, að farið væri að nefna þessa vitleysu. Hv. 1. þm. Skagf. er leyfilegt að rógbera mig í Skagafirði, en vita má hann, að það mun lítið þýða, ef einhver er við til að reka ofan í hann rangfærslurnar. Jeg ætla ekki að fara að minnast á alla hina sundurlausu punkta þessa hv. þm., þegar hann var að hreyfa hjer óánægju, sem fram átti að hafa komið í n., sem við eigum báðir sæti í, en aldrei bar þó á. (**MG:** Á-á, mig minnir þó ekki betur en að þetta komi fram í gerðabókinni). Það er ekkert rógsyrði bókað í gerðabókinni, og tel jeg henni það til sóma. En jeg vil í þessu sambandi minnast á annað mál, Arnarhólsmálið, af því að það bregður skýru ljósi yfir afstöðu mína og hv. 1. þm. Skagf., og þeirra flokka, sem við hvortveggja erum í. Það er víst, að fyrsti landnámsmaðurinn, Ingólfur Arnarson, nam land hjer í Reykjavík, og tún hjer í bænum ber nafn hans. Á því hefir verið reist táknmynd íslensku þjóðarinnar, gerð af frægasta listamanni landsins, Einari Jónssyni, og búið um hana eftir hans

fyrirsögn. Eitt af því, sem hv. 1. þm. Skagf. átti að annast um, meðan hann var dómsmrh., var viðhald þessa minnismerkis og umhverfis þess. En aldrei hefir verið farið andstyggilegar með nokkurn grænan blett á jörðunni en þennan, sem hver mentaþjóð hefði talið sjer helgan, þar sem fyrsti landnámsmaðurinn hafði reist fyrstu bygð landsins. Utan um þennan blett var höfð ómerkileg girðing, hann var troðinn og traðkaður af hestum og stórgripum, upp að minnismerkinu lágu sligaðar tröppur, sem hver útlendingur gekk upp, og í sliguðu, fúnu trjehliðinu, sem alt var af sjer gengið, var svokallaður „draugur" — hefir það sennilega verið íhaldsdraugurinn, eða ímynd flokksins. Öll hin auðvirðilega meðferð Íhaldsins á þessum alhelgasta stað þjóðarinnar sýnir mentunarleysi flokksins og óþjóðrækni. Síðasta afrek íhaldsmanna um niðurlægingu Arnarhóls er það, að kvenfulltrúi flokksins á þingi hefir hafið illvígar deilur fyrir það eitt að fá ekki að halda þarna fjölmenna samkomu í gróandanum og gera túnið þar með að algerðu flagi. (MG: Jeg er nú dauður!). Hv. þm. hefir nóga dáta til að verja sig. Og það er í raun og veru hagur fyrir hv. þm. að hafa ástæðu til að geta verið laus við að verja hina óhæfilegu meðferð sína á þessum fagra bletti. En þegar jeg hefi verið sakaður fyrir að hafa ekki veitt þetta leyfi, þá hefir það gleymst, að jeg bauð kvenfólkinu annan blett, sem ekki var þeginn. Á þeim bletti var samkoma haldin nokkru síðar og gafst vel. Þegar stjórnarskiftin urðu síðast, lágu 16 moldargötur frá Ingólfslíkneskinu niður hólinn og að draugnum í hliðinu og víðar. Jeg segi frá þessu sem vott um þjóðrækni þessa hv. þm. (MG). Sama er að segja um Þingvelli. Og andstaða flokksins gegn því að friða þann stað byggist á hinni sömu óþjóðrækni.

Hv. 1. þm. Skagf. talar um það sem einhvern þjóðarvoða, að banna á sauðfjáreign í sambandi við Þingvallafriðunina. En hver er þá þessi voði? Hann er sá, að banna á sauðfjáreign á tveimur kotum: Hrauntúni og Skógarkoti. Með því að þetta svæði sje girt og sauðfjáreign bönnuð innan þess svæðis, þá verður þarna kominn samfeldur skógur eftir 40—50 ár. Eins og kunnugt er, þá voru það kolagrafirnar og sauðfjárbeitin, sem eyðilögðu skóginn mest áður. En nú segir hv. þm., að það sje eitthvert afskaplegt glapræði að banna sauðfjárbeit á þessum helgasta stað landsins. En var þá ekki líka glapræði að leggja Svartagil í eyði? Eftir sögn biskups var það gert eftir beiðni Jóns heit. Magnússonar. Nú má telja rjett að byggja jörðina aftur, og þá fer nú að minka um það, að jörðum sje fækkað í Þingvallasveitinni. Spurningin er þá aðeins sú: Á að verja þennan blett eða verja hann ekki? Hv. þm. Skagf. hefir nú sagt það í Þingvallanefndinni, að honum þætti fallegra að láta Valhöll standa þarna áfram í miðri þinghelginni. Jeg býst helst við, að hann vilji láta timburskúrana standa líka óáreitta. — Til Þingvalla á nú að leggja veg, sem kostar 300 þús. kr. Íhaldsmenn sögðu það nú á fundum í vor, að það væri Framsóknarflokknum að kenna, að sá vegur er lagður. En jeg vil minna þá á það, að formaður undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar, hv. þm. Seyðf., mælti svo fast fram með þessari veg-

argerð, að hann kvaðst mundu segja af sjer nefndarstörfum, ef vegurinn væri ekki lagður. Það er áætlað, að vorið 1930 muni um 20 þús. manns fara þennan veg fram og aftur í bílum. Og hv. þm. Seyðf. sagðist ekki vilja bera ábyrgð á þeim slysum, sem fyrir gætu komið, ef svo margir bílar og menn ættu að ferðast eftir gamla veginum einum á 2—3 dögum. Íhaldsmenn verða því að beina skeytum sínum á þennan hv. þm. og flokksbróður sinn. Annars var nú þessi vegargerð ákveðin hvort sem var. Henni er bara flýtt vegna alþingishátíðarinnar. En vill nú hv. 1. þm. Skagf., þegar búið er að kosta svona miklu til að flytja 20 þús. manns, og margt af því fólki tignir útlendingar, að þegar á sjálfan Þingvöll kemur, þá sje alt þar í óhirðu og niðurníðslu? Er ekki sóma landsins betur borgið með því að láta þennan fornhelga stað líta eins vel út og hægt er? Jeg býst við, að öllum þjóðræknum mönnum finnist svo vera.

Jeg býst nú ekki við, að þessi ádrepa nægi til þess að gera upp á milli hinna andstæðu afla í Þingvallanefndinni. Hv. 1. þm. Skagf. getur nú látið sig dreyma um það, að þann ómenningarvott, sem nú verður tekinn burtu af Þingvöllum, megi setja þangað síðar, þegar hann og hans skoðanabræður hafa aftur tekið við völdum. En jeg hygg þó, að þeim verði aldrei liðið það, að svívirða Þingvöll aftur með því að íklæða helgistaðinn sama ræfilshjúpnum, sem nú er verið að færa hinn forna þingstað úr.

Þá talaði hv. 1. þm. Skagf. um Hnífsdalsmálið og taldi, að það væri búið að vera nokkuð lengi á leiðinni. Það er nú mikil spurning, hvort svo er, þegar alls er gætt. Þá sagði hv. þm., að setudómarinn hefði skipað sjer að verja einn sökudólginn. Þetta er nú bara vitleysa. Þeir rjeðu sjer vitanlega verjendur sjálfir. (**MG:** Jeg hefi í höndum símskeyti, sem skipar mig verjanda eins mannsins). Það er aðeins vegna hinnar formlegu hliðar. Skipunin var gefin út sem venja er til, eftir beiðni ákærða og að undangengnum samningi við hv. þm., þar sem hann lofaði að taka að sjer málið. En fyrst hv. 1. þm. Skagf. fór að tala um símskeyti, þá má geta þess, að til eru önnur skeyti, sem eru til orðin vegna ósvífinna spurninga, er hv. þm. beindi til setudómarans. Annars ætti hv. þm. sem minst að tala um rannsókn þessa máls. Því alt, sem hann gerði í því meðan hann var dómsmrh., miðaði í þá átt að gera alt málið erfiðara og ómögulegra viðfangs. Þótt hann sendi rannsóknardómara vestur, sem kostaði 100 kr. á dag, þá varð sú aðgerð til þess eins, að málið var nærri fallið. Hvað sem flýti á málinu líður, þá er þó það víst, að að því hefir verið unnið með miklum dugnaði. Og málið er nú þegar orðið svo vel afgreitt, að dómur alls almennings er fallinn í því, hvernig svo sem hv. 1. þm. Skagf. reynir að flækja það. Hæstirjettur getur aukið eða minkað refsinguna, en dómi almennings á málinu breytir hann aldrei. Um þetta eru nóg dæmi frá öðrum löndum. Svo var það um Dreyfus-málið í Frakklandi. Þar var það almenningsálitið, sem sigraði, þvert á móti niðurstöðu dómstólanna. Svo var það og í Danmörku. Danir vildu ekki beygja sig fyrir þeim dómi, sem

uppkveðinn var um Berg og sem eyðilagði heilsu hans. Þar var almenningsálitið ekki í neinum vafa. Eins er um þetta moldviðri, sem þyrlað hefir verið upp af íhaldsblöðunum og öðrum í sambandi við Hnífsdalsmálið. Það trúir því enginn.

Eins er það um Shell. Enginn trúir því, að hjer sje um íslenskt fyrirtæki að ræða. Þótt hv. 1. þm. Skagf. hafi, og 3 menn aðrir, lagt fram 2000 kr. hver og fimti maðurinn 244 þús. kr., þá trúir enginn því, að hjer sje um íslenskt fyrirtæki að ræða eða að hv. 1. þm. Skagf. sje hreinn í því máli. Hitt er alt annað, að nógu sterkar sannanir vantar til þess að kveða upp áfellisdóm í málinu, eftir því sem hæstirjettur segir. En það hefir engin áhrif á skoðanir manna á málinu. Það er því algerlega óþarft af hv. 1. þm. Skagf. að fara að slá um sig sem nokkurskonar þjóðhetja. Af almenningi verður hann talinn bandamaður, eða öllu heldur bandingi erlends auðvalds. Á forsögu málsins er auðsjeð, að hann hefir ætlað að hleypa því hingað inn, meðan hann var ráðh. Og hann verður svo formaður þessa fjelags um leið og hann lætur af stjórn. Við þennan dóm almennings verður hann að sitja meðan hann lifir.

Hv. 1. þm. Skagf. og fleiri hv. þm. hafa haldið því fram, að ekkert væri að marka vörn Lárusar Jóhannessonar í Júpiters-málinu, af því að honum hefði verið borgað fyrir að semja hana. Fyrir mig sjálfan hefir þetta ekkert að segja. því jeg þurfti ekki þessa varnarskjals Lárusar Jóhannessonar við til þess að mynda mjer rökfasta skoðun á málinu. En það fjarlægði mig heldur ekki frá hinni sönnu niðurstöðu. Að L. J. hafi fengið peninga fyrir að semja vörnina, sje jeg ekki að skifti neinu máli. Þessi maður er nú fjelagi og yfirmaður hv. 1. þm. Skagf. í lögfræðiskrifstofu hjer í bænum. Og mjer finst satt að segja dálítið undarlegt, ef hv. 1. þm. Skagf. heldur því fram, að það sje tóm vitleysa, sem yfirmaður hans segir, og sem ekkert mark megi á taka, af því hann hafi verið keyptur með fjemútu til að hafa þar ákveðna skoðun.

Jeg vil nú í einu lagi taka fram þær röksemdir, sem fram hafa komið áður og sem sýna, hve hörmulegt ástand þessa varðbáts hefir verið. Á bátnum voru engin nauðsynleg áhöld til mælinga. Engin skriffæri til að rita niður hjá sjer athuganirnar. Og eftir því var skipshöfnin. Eftir umsögn L. J. voru vitnin bæði ósannsögul og heimsk. Þau höfðu ekkert til að skrifa með á skipinu. Og þau skrifuðu heldur ekkert hjá sjer, er þau komu í land. Og það líður heill mánuður áður en þeim dettur í hug að kæra. Það er fyrst þegar varðskipið kemur þarna suður eftir af tilviljun, að þeir fara að segja frá því, að þarna hafi nú tvö skip verið að veiðum fyrir mánuði síðan, og sem, að því er þeir hjeldu, voru fyrir innan landhelgislínuna. Menn skulu bara gæta þess, að það er mánuður þangað til þeir kæra. Og það er jafnlangur tími þangað til þeir skjalfesta miðin. Á meðan geymast þau í hinum sljóa heila þessara manna, sem að dómi L. J. skortir líka hæfileika til að segja satt. Eftir mánuð er fyrst farið að draga upp úr þeim, hvar miðin voru. Og þetta alt á að leggja undir dóm færustu manna í Berlin og London, og eftir þeim rannsóknum á

að mynda í stóru löndunum skoðun um lögreglumál og rjettarfar á Íslandi. Það er ekki hægt annað að segja en að það var hreinasta hepni og tilviljun, að þessu fjekst afstýrt.

Hv. 1. þm. Skagf. var ekki ánægður með þá samveikislækningu mína, að láta L. Jóh. tala. Jeg notaði þetta aðeins sem sönnunargagn fyrir Morgunblaðsmennina. Og jeg hygg, að hv. 1. þm. Skagf. hafi aldrei nema gott af því, að yfirmaður í skrifstofunni hans segir honum þarna til syndanna.

Þá hefir það einnig verið vítt, að jeg hafi ekki komið fram með hin önnur skjöl í Júpíter-málinu. Að jeg hefi ekki gert það, er af þeirri einföldu ástæðu, að fleiri skjöl voru ekki lögð fram fyrir undirrjetti. Og í hæstarjetti er málfærslan munnleg. Önnur gögn eru því ekki til í málinu. Og þetta gagn var að vísu líka óþarft til annars en að hirta heimska íhaldsmenn með því. Allir aðrir vita það, að stj. gerði rjett í þessu máli, og fjölda margir íhaldsmenn, sem vit hafa á málinu, viðurkenna það líka. En öðrum íhaldsmönnum var gott að fá álit flokksbróður síns, enda þótt þá hafi sviðið nokkuð undan því. En það er eins og danskurinn segir: „Der skal skarp Lud til skurvede Hoveder". Jeg hjelt, að þetta væri góður pískur á þá íhaldsmenn, sem ekki gátu á annan hátt lært það í þessu máli, sem þeim bar að læra.

**Sigurður Eggerz:** Mjer eru aðeins leyfðar 5 mínútur, og var þó mörgu að svara. Jeg vil fyrst leyfa mjer að þakka hæstv. forseta (BSv) fyrir hina sterku sjálfstæðisrödd hans, nú eins og jafnan áður í þessu máli. Hann vildi slá því föstu, að engin breyting gæti verið orðin á þingviljanum síðan í fyrra í þessu máli. En jeg hefi einmitt viljað fá fram yfirlýsingu um þetta efni. Og hve mikil nauðsyn var ekki á því. Dönsk blöð fluttu ummæli eftir forsrh. um, að hjer væri aðeins um endurskoðun að ræða, og þessum ummælum hefir ekki verið mótmælt af hans hálfu fyr en nú. Stjórnarblaðið Tíminn sagði, að aðeins væri um endurskoðun að ræða. Zahle dómsmálaráðherra sagði, að hjer heima væri einn maður með því að segja samningnum upp. Í sambandslaganefndinni segir okkar eiginn dómsmrh., að þetta mál sje ekki ofarlega á dagskrá. Þegar öll þessi ósköp dundu yfir oss, hve mikil nauðsyn var þá ekki að fá yfirlýsingu þingsins að nýju til þess að slá niður þessum villukenningum?

Og jeg lít svo á, að nú sje búið að dauðrota þessar villukenningar. Og nú með þessum yfirlýsingum hjer er alt þetta slegið niður. Eitt af stórblöðum heimsins hefir beðið mig um upplýsingar um þetta mál, og er nú gott að geta náð í ýmislegt af því, sem hjer er fram komið. Sjálfur forsrh. hefir sagt, að hann hjeldi fast við yfirlýsingu sína frá í fyrra, svo dönsku blöðin hafa þá farið algerlega rangt með mál hans. Gott er að geta skýrt frá þessu. En mikil hrygðarmynd fanst mjer að sjá hæstv. dómsmrh., er jeg ræddi í djúpri alvöru þetta helgasta mál þjóðarinnar, að hann þá sjerstaklega skyldi nota þetta tækifæri til þess að hleypa á stað öllum fúkyrðum sínum.

Ummæli hæstv. dómsmrh. um það,

að bankastjórar, sem skipaðir eru af íslenskri stj., sjeu danskir þjónar, eru í raun og veru ekki svara verð. Það mætti þá með sama rjetti segja, að hæstv. forsrh. sje danskur þjónn, af því að hann er formaður í bankaráði þessa sama banka. Annars virðist mjer lítið samræmi í orðum hæstv. dómsmrh., þegar hann annarsvegar víkur því að mjer, að jeg sje dansklundaður, en ákærir mig hinsvegar fyrir það að vera með árásir í garð Dana.

Í ummælum hans út af því, sem jeg sagði um „Fylla", bólar á auðmýkt fyrir Dönum, sem lítið prýðir æðsta mann landsins. Sama lýsti sjer og í ummælum hans um sambandsmálið, er hann vildi halda því fram, að það væri ekki ofarlega í huga þjóðarinnar að segja upp samningnum.

Jeg þarf ekki að verà óánægður yfir því, hvernig þjóðin hefir litið á mína stefnu í stjórnmálum og læt mjer nægja að vísa til þess, að við síðustu kosningar sigraði jeg gegn tveimur stærstu flokkum í því kjördæmi, þar sem sjálfstæðiseldurinn hefir jafnan brunnið bjartastur. Um framkomu mína 1914 skal jeg ekki ræða hjer, en nokkuð leit hæstv. forseti (BSv) á hana öðruvísi en hæstv. dómsmrh., og læt jeg mjer það vel líka. Má vera, að þjóðin líti einnig nokkuð öðruvísi á hana en hæstv. dómsmrh.

Um „Fylla" þarf jeg ekkert að segja frekar. Það hefir ekki verið hrakið, að hún lá hjer í höfn 87 daga. Þjóðin mun dæma um, hvort rögg komi fram í slíkri landhelgisvörn.

Hæstv. dómsmrh. endaði ræðu sína með því að tala um dýrlinga og bjóst við, að jeg yrði einskonar íhaldsdýrlingur. Hann má spá í friði fyrir mjer. En hitt er sannfæring mín, að haldi hæstv. dómsmrh. áfram á sömu braut, þá verði hann aldrei pólitískur dýrlingur í þessu landi. En það bendir margt til þess, að hann geti orðið dýrlingur annarsstaðar. Auðmýkt hæstv. ráðh. út á við, sbr. „Fylla", og hrós það, sem danskir afturhaldsmenn bera á hann, bendir til, að hæstv. ráðh. sje á góðri leið til þess að verða danskur dýrlingur.

En hinu vildi jeg þó mega skjóta til hans, að það hefir farið svo um þá Íslendinga, sem orðið hafa danskir dýrlingar, að þeir hafa stundum orðið hjer heima að pólitískum *skuggasveinum!*

**Jón Sigurðsson:** Af því að jeg þurfti að svara hæstv. atvmrh., hefði mjer þótt skemtilegra, að hann væri nærstaddur. En úr því svo er ekki, mun jeg ekki fara mikið út í ræðu hans.

Hæstv. atvmrh. neitaði því, að komið hefði umsókn til stj. frá Sláturfjelagi Skagfirðinga um lán til kælihúsbyggingar á Sauðárkróki. Þetta veit jeg með vissu, að hann segir gegn betri vitund, því að í skjölum, sem legið hafa í atvinnumálaráðuneytinu, hefi jeg sjeð umsókn vegna Frystifjelagsins, þ. e. Kaupfjelag og Sláturfjelag Skagfirðinga. Þess vegna fór jeg með rjett mál í fyrri ræðu minni, er jeg fullyrti, að legið hefði fyrir umsókn um lánið frá báðum þessum fjelögum, en frá hinu skýrði jeg líka, sem ekki er heldur neitt launungarmál, að hæstv. stj. sinti ekki að neinu leyti þessari umsókn fjelaganna.

Þá gerði hæstv. forsrh. og sömuleiðis embættisbróðir hans, hæstv.

dómsmrh., að umtalsefni afskifti mín af samvinnu- og fjelagsmálum nyrðra.

Ræða hæstv. dómsmrh. um þetta efni var, eins og við mátti búast, samsafn af rangfærslum og beinum ósannindum, og skal jeg svo ekki rekja hana frekar að sinni.

Jeg get vel skilið heift hæstv. ráðh. og stjórnarblaðanna í minn garð út af afskiftum mínum af þessum málum. Í mörg ár hefir hæstv. dómsmrh. og leiguritarar hans hlaðið níði og svívirðingum á þá samvinnumenn, er staðið hafa utan sósíalista- eða Framsóknarflokksins og sem starfað hafa að samvinnumálum. Hæstv. dómsmrh. hefir á allan hátt reynt að telja mönnum trú um, að íhaldsmennirnir í samvinnufjelögunum væru vargar í vjeum eða úlfar í sauðahjörð.

Árangur þessarar iðju hæstv. dómsmrh. hefir án efa orðið sá, að margir góðir drengir hafa dregið sig í hlje eða fjarlægst samvinnufjelögin og að samvinnumenn utan núverandi stjórnarflokks hafa vaknað til umhugsunar um, hvort ekki væri ástæða til að stofna og starfrækja eigið samvinnufjelag. Skagfirðingar hafa ekki látið sitja við hugsunina eina saman, heldur stofnað sitt eigið kaupfjelag á Sauðárkróki. En þegar svona er komið, þykir stjórnarráðinu málið ætla að snúast á aðra sveif en það hefði kosið, því að íhaldsmenn mátti nota til þess að bera byrðarnar með öðrum, þó að þeir væru ekki til annars nýtandi. Það var því ekki æskilegt, að þeir færu að stofna sitt eigið kaupfjelag.

Af því, sem á undan var gengið, hefði mátt vænta þess, að stjórnarblöðin og hæstv. dómsmrh. syngju lofsöngva, þegar jeg og mínir líkar vikju úr þeim samvinnufjelögum, er hann hefir mest dálæti á, svo að hjörðin yrði hreinræktuð sósialistaframsóknarhjörð. En það var eitthvað annað; í stað gleðisöngva hefir hljómað heiftarsöngur um svik, flokkssvikara og annað því líkt. Við vorum skammaðir og okkur úthúðað fyrir að vera í þessum fjelagsskap, en við vorum líka skammaðir fyrir það að fara úr fjelaginu. Af þessu má sjá, að það er örðugt fyrir íhaldsmenn að gera svo stjórnarliðinu líki. Jeg er þó ekki að kvarta, hvorki fyrir mig eða fjelaga mína. Þessar kveðjusendingar frá hæstv. dómsmrh. og hans verkfærum hafa glatt mig innilega, því að þær hafa verið mjer bending um, að jeg hafi gert rjett.

Ef hæstv. dómsmrh. væri jafnant um vöxt samvinnustefnunnar hjer í landi eins og hann lætur, þá mundi hann gleðjast yfir því, að þeim mönnum fjölgaði, er þá stefnu aðhyllast. Hitt er aukaatriði, hvort fjelögin, t. d. í Skagafirði, eru 4 eða 5, ef stuðningsmönnum stefnunnar fjölgar að mun við breytinguna. En ekki einu sinni á þessu sviði er hann heill og sannur.

Sannleikurinn er sá, að hæstv. dómsmrh. er ánægður með vöxt og þroska samvinnuhreyfingarinnar á meðan þau nýju fjelög skríða undir hans pólitíska verndarvæng. En þegar svo verður ekki, þá umhverfist þessi samvinnufrömuður.

Hæstv. forsrh. sagði, að jeg hefði sundrað bændunum í Skagafirði. Þetta er ekki rjett. Það er hann, og þó sjerstaklega samherji hans, hæstv. dómsmrh., er hafa unnið það verk og með því meðal annars að varna Sláturfje-

lagi og Kaupfjelagi Skagfirðinga að starfa saman að frystihúsbyggingunni, og ennfremur með hlutdrægni sinni og ofsóknum á hendur Sláturfjelagi Skagfirðinga. Og til þess að verja Sláturfjelagið falli, voru þar um sýsluna stofnuð víðtækari verslunarsamtök en áður þektust. Og þó að hæstv. dómsmrh. færi lítilsvirðandi orðum um þessi verslunarsamtök og segði, að það mundu vera 2—3 menn í hverjum hreppi, sem að þeim stæðu, þá get jeg sagt honum það, að undirtektirnar hafa verið það góðar, að jeg er vel ánægður með minn hlut.

Þessi verslunarsamtök eru nauðvörn Skagfirðinga til þess að bjarga fjelagsmálum sínum úr því öngþveiti, er hæstv. stj. hafði með afskiftum sínum leitt þau út í.

Fyrir 80 árum sýndu Skagfirðingar — með norðurreiðinni —, að þeir nálega einir bænda höfðu manndóm til að mótmæla ákveðið kúgunartilraunum þáv. stj. Síðastliðið haust sýndu skagfirskir bændur enn, að þeir beygja sig heldur ekki fyrir ofsóknum eða kúgunartilraunum núv. stj.

Annars var öll sú skýrsla, er hæstv. dómsmrh. þóttist vera að gefa um fjelagsmál Skagfirðinga, í einu orði sagt tómur ósannindavefur og til þess eins að sneiða hjá öllum sannleika. Og á þau atriði, sem máli skifta, forðaðist hann beinlínis að minnast. Hann gengur t. d. alveg framhjá því höfuðatriði, sem jeg gat um í fyrri ræðu minni, að fyrir mánaðamótin apríl og maí kom brjef frá Sigfúsi Jónssyni kaupfjelagsstj. með tilmælum til Sláturfjel. um samvinnu milli fjelaganna. Þetta erindi var lagt fyrir aðalfund Sláturfjel. 30 apríl og 1. maí 1928. Og á þeim aðalfundi kaus Sláturfjel. aukanefnd, sem lagði í einu hlj. til, að Sláturfjel. yrði með í byggingunni með þeim skilyrðum meðal annars, að Sláturfjelagið fengi ⅓ af byggingarláninu frá viðlagasjóði með Kaupfjelaginu, eins og hugsað hafði verið frá öndverðu. Þessu tjáði Sigfús Jónsson sig samþykkan. En þessa góðu samvinnu fyrirbyggir svo hæstv. dómsmrh. með svari sínu til síra Sigfúsar, er jeg gat um í fyrri ræðu minni. Að vísu reyndi hæstv. dómsmrh. í ræðu sinni í kvöld, mjer til mikillar undrunar, að neita því, að hann hefði átt tal við síra Sigfús Jónsson kaupfjelagsstjóra þ. 1. maí síðastl. um væntanlegt frystihúslán Kaupfjelagsins og samvinnu fjelagsins við Sláturfjelagið. En þegar hann var þannig að reyna að bjarga sjer út úr þessu, gætti hann ekki þess, að hann um leið stimplaði síra Sigfús Jónsson sem ósannindamann, en jeg er sannfærður um, að það er ekki síra Sigfús Jónsson, heldur dómsmrh. sjálfur, sem fer hjer með ósannindi, og meira að segja vísvitandi ósannindi. Enda skautst það fram í ræðu hans, að samtal þetta hefði átt sjer stað, því að hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri óvenjuleg aðferð, sem hjer hefði verið höfð, að láta duga, að síra Sigfús talaði í síma um jafnstórt mál, í stað þess að senda símskeyti. En við sveitamennirnir eigum því að venjast, að menn standi við töluð orð engu síður en skrifuð, og jafnvel þó að þeir standi ekki augliti til auglitis á meðan samtalið fer fram. En að því er hæstv. dómsmrh. viðkemur, þá virðist vissara hjer eftir að fá svör hans skrifleg,

svo að þeir, sem þurfa að leita til hans, eigi ekki á hættu að vera gerðir að ósannindamönnum.

Jeg ætla þá að láta máli mínu hjer með lokið. Og þó að hæstv. dómsmrh. bæti einni klukkustund enn við ræðulengd sína í þessum umr. til þess eins að endurtaka þær svívirðingar, sem hann hefir haft um mig og aðra íhaldsmenn, er stutt höfum samvinnustefnuna, þá mun jeg láta mjer það í ljettu rúmi liggja og hirði ekki um að svara því frekar en jeg hefi nú gert, enda er jeg nú dauður.

**Hákon Kristófersson:** Hæstv. dómsmrh. hefir nú svarað þeim fyrirspurnum, er jeg beindi til hans viðkomandi gjöf Herdísar Benediktsen. En áður en jeg fer frekar út í svar hæstv. ráðh., verð jeg að leiðrjetta dálítinn misskilning, sem kom fram hjá honum viðvíkjandi ummælum, er hann vildi láta mig hafa haft um hv. 2. þm. G.-K. Hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út, að jeg hefði verið að bendla hv. 2. þm. G.-K. við vínsmyglun í sambandi við varðbátinn „Trausta". En það var eitt af vörnum hæstv. ráðh. í Tervani-málinu, að af því að bátur þessi hefði áður orðið uppvís að því að smygla víni inn í landið, þá væri ekki hægt að taka eins mikið mark á honum við landhelgisgæslu. Jeg sagði aðeins, að þó að góð vinátta hefði verið á milli „Trausta" og hv. 2. þm. G.-K., eins og hæstv. ráðh. vildi halda fram, þá væri það engin sönnun fyrir því, að neitt óheiðarlegt samband hefði verið þar á milli. Sú tilraun hæstv. ráðh., að láta það líta svo út, að jeg hefði viljað sneiða að vini mínum hv. 2. þm. G.-K. í því sambandi, er því algerlega mislukkuð og verður að engu, að öðru leyti en því, að sýna viðleitni hæstv. dómsmrh. í því að leggja miður sæmandi meiningu í mín orð á þann hátt, að reyna til að láta líta svo út, að jeg hefði kastað ásökunum til hv. þm. (ÓTh), sem jeg vitaskuld hefði ekki getað gert nema ljúgandi. En þó að fordæmi sjeu fyrir slíkri framkomu, og jafnvel á hærri stöðum, tel jeg mjer þau ósæmileg.

Þetta var nú aðeins lítilsháttar útúrdúr, sem jeg var knúinn til þess að gera af þeim ástæðum, er jeg hefi nefnt, og kem jeg þá að því máli, sem jeg gerði aðallega að umtalsefni í fyrri ræðu minni, og hæstv. dómsmrh. hefir svarað. Hæstv. ráðh. sagði, að þeir atburðir hefðu gerst viðvíkjandi gjöf Herdísar Benediktsen, sem hefðu gert það að verkum, að rjettlætti hans aðstöðu til málsins. Með því vildi hann gefa í skyn, að ef brugðið hefði verið á annað ráð um framkvæmd málsins en hann hefði nú upp tekið, þá hefði verið gert ógilt það samkomulag, sem orðið hefði á milli Jóns heitins Magnússonar og Magnúsar Friðrikssonar á Staðarfelli. Um þetta atriði er það að segja, að erfitt er að ganga langt inn á það, þar sem um látinn mann er að ræða. Og með skírskotun til þess, er þá hefði gerst, sagði hæstv. ráðh., að komist hefðu á samningar milli þáverandi stj. og Magnúsar Friðrikssonar.

Það má nú vel vera, að þetta sje rjett fram tekið, en jeg lít þá svo á, að ef um samning sje að ræða, þá sje hann ekki grundvallaður á þeirri föstu undirstöðu, sem þó var nauðsynlegt með tilliti til þeirra óska, sem teknar eru fram í gjafabrjefi frú Herdísar Benediktsen.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jeg hefði verið á Alþingi, þegar samningar þessir fóru fram, og því hefði jeg átt að vita um þá. Það er að vísu satt, að jeg átti sæti þá á Alþingi, en hinsvegar hafði jeg enga hugmynd um samninginn, og því síður á hverju hann væri bygður, enda vissi jeg ekkert um hann fyr en tveimur árum síðar. Það mun mála sannast, að ekkert hafi um þetta legið fyrir þinginu þá, a. m. k. ekki opinberlega, en að stj. og fjvn. hafi fjallað um málið og bundið enda á það. Því er það ekki rjettilega að orði kveðið, að jeg hafi þá þegar þolað þetta, þar sem jeg hafði enga hugmynd um, hvað var að gerast.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um gjöf Magnúsar Friðrikssonar og taldi sig bundinn við þann samning, sem þáv. stj. hefði gert henni viðvíkjandi. Um þá gjöf er það að segja, að jeg tel hana verið hafa hagkvæmustu sölu, sem fram gat farið, og gæti jeg því búist við, að seinni tíminn liti svo á, að hann teldi engan við þann samning bundinn. Annars er ekki nema gott að heyra, að hæstv. dómsmrh telur sig bundinn við þá samninga, sem fyrv. stj. hafa gert. (**Dómsmrh.**: Ekki við það, sem aðrar stj. hafa ilt og rangt gert). En mjer er ekki kunnugt um, að fyrv. stj. hafi gert neitt það, er kallast geti ilt eða rangt, og gæti því hæstv. dómsmrh. með góðri samvisku tekið þær sjer til fyrirmyndar.

En eins og jeg hefi áður tekið fram, þá hefi jeg litið svo á, að úrskurður þessa máls hafi ekki legið undir Alþingi, heldur eingöngu þá aðila, sem nefndir eru í gjafabrjefi frú Herdísar Benediktsen.

Þó að talað sje um, að Herdísarsjóðurinn hafi eignast jörð, sem er 70 þús. kr. virði, þá efast jeg um, að rjett sje að komast svo að orði, enda þykist jeg mega fullyrða, að ekki nokkur lifandi maður hefði viljað gefa svo mikið fyrir jörðina.

Að arðurinn af sjóðnum væri einn of lítill til þess að bera skólann uppi, skal jeg ósagt láta. En hitt var ógerlegt, að ætla að bjarga málinu með því að slá saman þessum tveim hlutum. Nú var kominn tími til þess að láta vilja gefandans njóta sín með því að láta skólann taka til starfa, en þá áttu líka rjettir aðilar að hafa þar hönd í bagga, en það eru sýslunefndirnar í Vesturamtinu (sem komu í staðinn fyrir amtsráðið áður) og stjórnarráðið. Því eins og hæstv. dómsmrh. hlýtur að vera kunnugt um, þá er konungleg tilskipun um það, að störf amtsráðsins leggist undir sýslunefndirnar.

Að aldrei hefði fengist samkomulag á milli sýslunefndanna um að láta skólann fara að starfa, þykir mjer nokkuð djúpt tekið í árinni. Því hefði verið óhætt að treysta, að samkomulag hefði fengist um það, hvenær skólinn skyldi stofnaður. En hitt er satt, að ágreiningur hefir verið um það. hvar í sveit skólinn skyldi standa. En rjettir aðilar, sýslunefndirnar, voru um hvorugt spurðar. Þess vegna er það aukaatriði, þó að hver aðili hafi haft sjerstaklega augastað á þessari eða hinni jörðinni sem mjög vænlegri til skólaseturs. Það er vitanlegt, að í kringum Breiðafjörð eru margar góðar jarðir og höfuðból, sem henta mundu ágætlega sem skólasetur, og má því vel vera, að einhver reipdráttur hefði orðið um staðinn. En úr því að aldrei

kom undir rjetta aðila að úrskurða neitt í því efni, þá er ekkert hægt að fullyrða þar um.

Að líklegt sje, að gera hafi þurft breyt. á tilsk., skal jeg ekki leiða neinum getum að. En þá breyt. tel jeg óhagkvæma, ef hún kemur á eftir því, sem þegar er búið að gera og ákveða. (**Dómsmrh.**: Það er nóg, ef hún kemur á undan framkvæmdunum). Já, það má kannske segja, ef það verður þá gert. En hvernig hugsar hæstv. dómsmrh. sjer að koma því vel fyrir, þegar verið er að slá saman hlutum með óskyldum nöfnum? Jeg fullyrði að minsta kosti, að það verður ekki hægt að gera á annan hátt en í beinu ósamræmi við gjafabrjef frú Herdísar Benediktsen.

Jeg býst nú við, að hæstv. dómsmrh. hafi bundið sig svo fast við sínar fyrri ákvarðanir, að ekki verði um þokað. En jeg vildi einungis láta mitt fylsta ósamþykki í ljós, og jeg er ekki í neinum efa um, að jeg mæli þar fyrir hönd hinna rjettu aðila gjafabrjefsins. Jeg hefi aldrei efast um, að hæstv. dómsmrh. sje hugaður maður og hefði þor til framkvæmda, en jeg hefði ekki trúað þeim ódrengskap og þeirri bíræfni að ganga á snið við síðasta vilja deyjandi manns. (**Dómsmrh.**: Þetta var síðasti vilji Jóns heitins Magnússonar). Við skulum nú ekki gera okkur þau börn að ætla, að hæstv. dómsmrh. sje að leitast við að gera síðasta vilja Jóns heitins Magnússonar, þess ágæta manns. (**Dómsmrh.**: Jeg breytti eftir boðum skyldunnar). Já, gott er nú að heyra slík orð af munni þessa manns. En jeg vil minna hann á, að í hitteðfyrra samþ. Alþingi lög, sem síðan hlutu hina allrahæstu konunglegu staðfesting, og jeg veit ekki betur en ráðh. hafi algerlega brugðist þeim boðum skyldunnar að láta framfylgja þessum lögum. (**Dómsmrh.**: Jeg fylgdi fordæmi íhaldsins). Þetta er ekki rjett, því íhaldið braut alls ekki þessi lög, en maður getur sagt, að þau hafi þá ekki verið komin í kraft, þegar íhaldsstj. fór frá völdum. Annars býst jeg við, að það beri lítinn árangur, þótt við sjeum að þrátta um þetta, en jeg er sannfærður um, að það, sem gert verður, verður ekki gert samkv. því, sem það ætti að vera. Jeg held þetta sje helst til mikið einræði af hæstv. dómsmrh., og jafnvel óvænt einræði, því það er nokkur munur á, hvort menn sýna ófyrirleitni í smámálum, ellegar að ganga algerlega á snið við skjallegar ákvarðanir deyjandi manns. Jeg hafði satt að segja alls ekki búist við slíku af hæstv. stj. (**Dómsmrh.**: Stj. 1921 tók þessa ákvörðun, og þm. studdi þá stj.). Jeg geri ráð fyrir, að örðugt veitist að komast á það hreina í þessu máli, því sá merki aðili, sem hjer ræðir um, er nú dáinn, en hinsvegar get jeg varla trúað því, að stj. 1921 hafi tekið við jörðinni með þessum skilmálum. En jeg vil slá því föstu, að ákvarðanir hæstv. dómsmrh. grundvallast ekki af loforðum eða vilja Jóns heitins Magnússonar. Ráðh. má alls ekki taka þetta illa upp, vitandi það, að aldrei hefir verið sagður helgari sannleikur. Það eru áreiðanlega aðrar hvatir, sem liggja til grundvallar, enda þó svo væri, að fyrirrennari ráðh. hafi gert rangt í þessu, þá er ráðh. hvorki rjett eða skylt að framfylgja því.

Sem sagt býst jeg ekki við, að það þýði nokkuð að tala um þetta úr því sem komið er, en jeg vildi aðeins vekja máls á því til þess að sýna, að þetta alt of mikla einræði hæstv. dómsmrh. hafi ekki farið svo framhjá mjer, að jeg hreyfi ekki andmælum.

**Haraldur Guðmundsson:** Við eldhúsumr. fyrir helgina vjek jeg nokkrum fyrirspurnum til hæstv. stj., og sjerstaklega til hæstv. forsrh. Jeg sje enga ástæðu til að þakka svörin; þau voru bæði fá og ófullnægjandi. Hæstv. ráðh. láðist líka algerlega að svara þremur af fyrirspurnunum. Jeg spurði meðal annars um það, hvort stj. hefði orðið við áskorun Sþ. í þál. frá í fyrra um að nota heimild til lántöku til þess að fullgera landsspítalann fyrir 1930. Hæstv. ráðh. svaraði þessu engu. Sömuleiðis upplýsti hann ekkert um það, hvað bygging spítalans liði. Í öðru lagi spurði jeg, hvort stj. ætlaði eigi að láta birta skrá yfir töp og eftirgjafir bankanna. Hefði verið full ástæða til, að eigi þyrfti að inna hæstv. stj. eftir þessu. Þetta er svo sjálfsögð krafa og í samræmi við fyrri orð hæstv. ráðh. Hjer er um gífurlegar fjárhæðir að ræða og ráðsmensku, sem þjóðin öll hefir fengið að súpa seyðið af. Ráðherrar hafa upplýst, að eftirgjafir og töp bankanna nemi um 20 milj. króna, og er vant að sjá hvað stj. getur gengið til að hindra, að skýrsla þar um komi fram í dagsins ljós. Við þessu galt hæstv. stj. engin svör. Vill hún halda þessu öllu leyndu fyrir þjóðinni, sem brúsann borgar? Í þriðja lagi spurði jeg, hvort það væri satt, að stj. hefði greitt Landsbankanum þriggja milj. kr. framlag, á þann hátt, að sömu þrjár milj. hafi verið teknar að láni hjá bankanum sjálfum. Hæstv. forsrh. gaf engar upplýsingar um, hvort hviksaga þessi væri sönn eða ekki. Jeg bið hv. þm. að festa þessar svaraleysur ráðh. í minni.

Þá sýndi hæstv. forsrh. nokkurn lit á því að svara þrem öðrum atriðum. Jeg spurðist fyrir um það, hvort ríkisstj. hefði í hyggju að taka upp einkasölu á steinolíu, eða gera ráðstafanir í þá átt. Í fyrra bar jeg fram áskorun í þáltill.-formi þessa efnis, en fyrir einhverja óskiljanlega ráðsmensku hæstv. forseta komst hún ekki á dagskrá fyr en á síðasta degi þingsins, og náði því eigi afgreiðslu. Máttu menn þó skilja það, að hjer var að ræða um stórmál, sem varðar að ákaflega miklu leyti vjelbátaútveg alls landsins, og er því slíkt tómlæti um þetta mál með öllu óverjandi. Hæstv. forsrh. svaraði einhvað á þá leið, að óviðeigandi væri að tala um þetta nú, þar sem nú væri komin fram þáltill. um þetta efni. Jeg veit ekki, hvað hæstv. forsrh. kallar almennar kurteisisreglur í þessari hv. deild, en jeg skil varla, að það brjóti í bág við almenna kurteisi og velsæmi, þótt rifjaðar sjeu upp athafnir eða öllu heldur athafnaleysi hæstv. stj. í þessu máli sem öðrum. Hvað þáltill. snertir, þá er jeg fyrsti flm. hennar, svo að ef það er óviðeigandi að tala um hana, kemur sú óviðeigandi háttsemi fram við sjálfan mig fyrst og fremst. Þingið og þjóðin eiga heimting á því að fá að vita ger um ráðsmensku stj.

Viðvíkjandi tóbakseinkasölunni sagði hæstv. ráðh., að jeg ætti síst að spyrja um það mál, með því að jeg ætti sæti í milliþingan. í skattamálum, sem hefði

átt að athuga það mál og flytja frv., ef nefndin teldi það ráðlegt. Hæstv. ráðh. veit þó vel, að það varð að samkomulagi milli meiri hl. n. og fyrv. fjmrh., að n. skyldi ekki flytja frv. um einkasölu á tóbaki, með því að stj. ætlaði að gera það. Mun það hafa vakað fyrir ráðh., að n. yrði klofin í málinu. Það gegnir því furðu, að hæstv. stj. skuli ekki hafa flutt frv. um þetta á þinginu nú, heldur skuli Alþýðuflokksmaður verða að taka það upp. Ennþá furðulegra verður þetta, þegar litið er til fyrri afstöðu Framsóknarfl. og hæstv. stj. til þessa máls.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala meira um þessi atriði og get snúið mjer að öðru.

Jeg get ekki komist hjá að taka lítillega til athugunar tvær staðhæfingar hæstv. forsrh. Hann sagði, að það væri skoðun sín, að þungamiðja hins pólitíska valds hjer á landi ætti að vera í sveitunum. Hæstv. ráðh. ljet ekki svo lítið að færa rök að þessu, heldur ljet nægja að tilkynna deildinni hátíðlega, að þetta væri skoðun sín. En mjer er nú spurn: Hvers vegna á þungamiðjan að vera í sveitunum? Eru sveitamenn betur færir til að hafa forystu í stjórnmálum landsins á hendi? Hví skyldu bændur sjálfkjörnir til að skipa öndvegi hins pólitíska valds? Nú býr þó vel helmingur þjóðarinnar við sjó og í kaupstöðum, og fæ jeg ekki sjeð, að sá hluti þjóðarinnar sje nokkru miður þroskaður eða áhugasamur um stjórnmál en hinn, sem í sveitunum býr. Mjer þykir það því gegna hinni mestu furðu, að nokkur ráðh. skuli leyfa sjer að viðhafa slík orð. Þau eru firra ein. Og það er ósamboðið hæstv. ráðh., að bera slíkt fram fyrir hv. deild. Skilyrði lýðveldis er jafn rjettur allra manna.

Að lokum fór hæstv. ráðh. nokkrum orðum um stefnu Framsóknarflokksins í þjóðmálum. Efa jeg ekki, að ráðh. hefir þar skýrt nokkurn veginn rjett frá. Hann ljet svo um mælt, að hin pólitíska köllun flokksins væri sú, að vera milliflokkur milli þess, sem hann kallar öfgaflokkana til beggja handa. Pólitík flokksins sje sú ein, að stýra „á milli öfganna", fara einskonar bil beggja. Jeg býst við, að þetta sje mjög nærri því, sem hæstv. ráðh. hugsar. Mjer hefir fundist upp á síðkastið, sem þessi skoðun hafi ráðið mestu um stefnu og aðgerðir ráðh. En það er auðfundin lausn vandamála, ef vandinn er sá einn, að vera altaf mitt á milli; það er álíka þrekvirki og að helminga beina línu. En hvort þessi aðferð er líkleg til að finna sannleikann, rjetta úrlausn málanna; það er alt annað mál. Reynslan sýnir og hefir sýnt, að slíkt er afarsjaldgæft. Það er einungis slembilukka, ef menn rata á það rjetta með þvílíku hátterni. Jeg sje svo ekki ástæðu til að víkja fleiri orðum að hæstv. stj.

Það lítur út fyrir, að ýmsir hv. þm. hafi notað eldhústækifærið til að gera einskonar eldhúsdag að mjer. Mjer er næstum óskiljanlegt þetta hátterni mannanna, svo hógvær, blíður og ljúfur sem jeg hefi verið, nema ef vera skyldi það, að þeir þurfi að þjóna lund sinni. Hv. þm. Vestm. sló því fram, að það sæti síst á mjer eða öðrum jafnaðarmönnum að láta mikið, því það væri alkunnugt, að við lifðum mestmegnis á dönsku gulli. Í sama

streng tóku hv. 2. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Skagf., ef jeg man rjett. Jeg sje nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar ásakanir, en skal þó taka það fram, að við jafnaðarmenn, hjer sem annarsstaðar, erum í nánu samstarfi við flokksmenn okkar, jafnaðarmenn um allan heim. Þeir hafa styrkt fjelagsskap okkar með fjárframlögum, alveg eins og við höfum lagt fje til starfseminnar í öðrum löndum. En hver maður veit, að í sambandi við þessi fjárframlög er ekki um hinar minstu kvaðir eða kröfur að ræða. Enda segir það sig sjálft, þar sem flokkar jafnaðarmanna berjast hvarvetna gegn drotnunarstefnu, hernaðarbrölti og valdagræðgi stærri þjóða. Berjast fyrir rjetti smáþjóðanna gegn stórþjóðunum. Annars situr það síst á íhaldsmönnum hjer að tala um erlent fje í sambandi við kosningar. Allir vita, að meðal íhaldsmanna eru margir, sem draga fram lífið sem leiguleppar erlends peningavalds, auðmjúkir þjónar erlendra ágengra fjepúka. Sömuleiðis er það alkunnugt, að stórkostlegt erlent fjármagn er falið undir nöfnum íslenskra manna, og sumra ekki lágt settra í Íhaldsflokknum. Það er og alkunnugt, að margir íhaldsmenn á þingi eru illu heilli þangað komnir fyrir tilstilli og tilhjálp þessa erlenda peningavalds, sem umbun fyrir þjónkun þeirra.

Þá vjek hv. 2. þm. G.-K. að mjer nokkrum orðum og brigslaði mjer um yfirdrepskap og hræsni. Jeg vil svara honum því, að það þarf ærið blygðunarleysi til þess að slíkur maður sem hann skuli dirfast að bera öðrum þdm. slíkt á brýn. Það er meira blygðunarleysi og ósvífni en hægt er að þola þeim hv. þm. ofan á alt annað. Þessi háttv. þm. hefir talað manna hæst um nauðsyn fullkominnar landhelgisgæslu, bæði á fundum úti um land og nú síðast við eldhúsdagsumræðurnar, þar sem hann hefir reynt að gera hv. þdm. skiljanlegan hinn brennandi áhuga sinn fyrir landhelgisvörnunum. Það þarf meira en meðalbrjóstheilindi til þess að haga sjer þannig. Í fyrsta lagi er það sannað, að þessi hv. þm. hefir annaðhvort beinlínis leyft eða í öllu falli liðið skipstjóra sínum að veiða með botnvörpu í landhelgi, á miðum þeirra manna, sem síðan, illu heilli, hafa kosið hann á þing. En þetta er ekki nóg. Þessi hv. þm., sem hefir þennan brennandi(!) áhuga fyrir landhelgisvörnunum, hann hefir sjálfur allra manna besta aðstöðu til þess að stuðla að því, að þær komi að haldi og gæslan komist í það horf, sem fullnægjandi má teljast. Jeg hefi bent hv. þm. á það, hvernig þetta megi verða. Hann er forstjóri eins stærsta togarafjelags landsins og auk þess formaður í fjelagi botnvörpuskipaeigenda hjer í bæ. Ekkert væri nú auðveldara fyrir hann en að leggja blátt bann fyrir, að skipstjórar hans veiddu í landhelgi nokkru sinni. Í öðru lagi ætti hann sem formaður í fjelagi útgerðarmanna að fá aðra útgerðarmenn til hins sama. Mjer þætti ekki ólíklegt, að það mætti takast, ef hv. þm. beitti sjer öfluglega fyrir því. Og hann gæti gert meira. Hann gæti lagt fyrir skipstjóra og skipshafnir sínar að kæra tafarlaust hvern þann útlendan eða innlendan togara, sem sæist að ólöglegum veiðum. Ef þetta væri gert og togaraflotinn íslenski sýndi þann drengskap að hjálpa til að verja mið

smábátaútvegsins, þá væri landhelgin fyrst varin til fulls. En hvers vegna hefir hv. þm. ekki viljað reyna þetta? Hví hefir hann, með þennan „brennandi áhuga", ekki gert alt, sem í hans valdi stóð, til þess að leggja máli þessu lið. Hann hefir svarað því einu til, að ógerlegt væri að svíkjast þannig aftan að erlendum stjettarbræðrum sínum; það væri meiri ódrengskapur en ætla mætti íslenskum sjómönnum og útgerðarmönnum. En einkennilegt mætti það heita, ef íslenskum togaraeigendum og skipstjórum ætti fremur að renna blóðið til skyldunnar við erlenda veiðiþjófa heldur en íslenskan smábátaútveg og íslenskt rjettarfar. Jeg vil nú spyrja: Getur deildin lengur lagt mikið upp úr þessum „brennandi áhuga" hv. 2. þm. G.-K.?

Mjer finst það bæði grátlegt og skoplegt í senn, að Íhaldsflokkurinn skuli ekki hafa fundið annan heppilegri talsmann landhelgisgæslunnar hjer við eldhúsdagsumr.

Þá viðurkendi hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að hann hefði boðið í veiðarfæri ensks landhelgisbrjóts á Ísafirði, til þess að útvega honum þau aftur. Þetta kallaði hann einungis greiða, sem engir góðir borgarar teldu eftir sjer að gera hver öðrum. Jeg verð nú að telja þetta í mesta máta viðsjárverða greiðasemi, að hjálpa útlendum veiðiþjófum til þess að brjóta landslög hjer. Slík greiðasemi verður aldrei virt honum til sæmdar, hvorki af þingi nje þjóð. Hún er honum og flokki hans til hinnar mestu vansæmdar, og fer því ekki illa á því, að flokkurinn hefir teflt þessum þm. fram með hv. 2. þm. G.-K. til þess að tala máli landhelgisvarnanna í þessari hv. deild.

Þá vil jeg snúa mjer að hv. 1. þm. Skagf. Ef mark skyldi taka á orðum hans, þá hefir hv. 2. þm. Reykv. verið heppinn að vera ekki viðstaddur, þegar þm. Skagf. flutti ræðu sína á eldhúsnótt. Gaf hann ótvírætt í skyn, að hann mundi verða mjög vondur við þennan hv. þm. (2. þm. Reykv). En jeg er nú ekki viss um, að þessum hv. þm. hefði brugðið stórum, þótt hv. 1. þm. Skagf. hefði brýnt eitthvað raust sína.

Þá vil jeg biðja hv. þdm. að leggja sjer vel á minni ummæli hv. 1. þm. Skagf. út af orðum mínum og hv. 2. þm. Reykv. um Shell-fjelagið, sem kallað er íslenskt. Við höfðum upplýst, að hlutafjenu væri skift svo haglega niður, haglega fyrir útlendingana, að hinir erlendu hluthafar hefðu h. u. b. 2 atkv. á móti 1 atkv. Íslendinga. Þessu svaraði hv. 1. þm. Skagf. á þá leið, að hann væri ekki viss um, að þetta væri rjett, að útlendingar hafi þennan meiri hluta atkv. í fjelaginu. Einhverntíma hefði nú þessi hv. þm. tekið djarflegar til orða, enda þýðir þetta orðalag einungis það, að rjett sje sagt frá atkvæðafjölda útlendinganna í fjelaginu, að útlendir hluthafar hafi þar gífurlegan meiri hluta. Auðvitað dettur engum skynbærum manni í hug að efast um þetta, en það er þó nokkurs virði að fá slíka viðurkenningu frá fyrrverandi fjelaginu. Ummæli hans eru bein sönnun þess, að hann hefir lánað erlendu stórgróðafjelagi nafn sitt til þess að stofna og starfrækja gróðafyrirtæki hjer á landi, sem íslenskt kallaðist, til þess að geta notið sömu rjettinda og íslenskt væri. Hvað samanburðinn á British Petroleum Co. og Shell snertir, þá sýnir það að

vera öllum ljóst, að hjer er um tvent ólíkt að ræða. Annað fjelagið, B. P., hefir engin rjettindi hjer nema til að leigja stöðina, sem það nú hefir. Ef það vill auka við sig, þarf það að fá nýtt leyfi og nýjan lóðarsamning. Hitt fjelagið, Shell, hefir rjettindi hjer sem íslenskt fjelag og stendur því ólíkt betur að vígi. Af þessu getur sýnilega stafað stórkostleg hætta fyrir þjóðfjelagið, auk þess sem útlendum gróðafjelögum er opnuð leið hjer á landi í framtíðinni til að kaupa sjer leppa, því að óefað verða ýmsir íhaldsmenn til að feta í fótspor dómsmálaráðherra flokksins, ef einhver vill bjóða í þá.

Þá fyltist hv. þm. heilagri vandlætingu yfir því, hve klúr jeg hefði verið í samlíkingum mínum í síðustu ræðu minni. Hv. þm. orðaði það þannig, að jeg hefði verið að tala um vissa flík o. s. frv. Sannleikurinn var sá, að jeg talaði um röndóttar buxur og íturvaxna ganglimi hæstv. forsrh. Jeg get ekki skilið, hvað er klúrt við þetta. Það finst víst engum, nema ef til vill hv. þm. Í sambandi við þetta dettur mjer í hug talsháttur, sem er gagnstæður við, að alt sje hreinum hreint, sem sje, að alt sje óhreinum óhreint. Þeir, sem hafa sjálfir saurugan þankagang, geta af öllu fundið tilefni til klúrra og klámkendra hugsana. Jeg hefði alls ekki látið mjer sæma að tala um samfarir Hrúts og Unnar hjer í hv. deild, og engum hefir getað flogið sú saga í hug af tilefni ræðu minnar, nema þeim, sem hafa samskonar hugarfar og hv. 1. þm. Skagf. virðist hafa.

Hv. þm. sagði ennfremur, að jeg hefði verið að skamma Einar Arnórsson fyrv. skattstjóra í minni fyrri ræðu. Það gerði jeg alls ekki; jeg tilgreindi aðeins þær tekjur, sem hann hafði fengið úr ríkissjóði árið 1926. Jeg veit ekki, hvar er rjettur vettvangur til þess að tala um útgjöld ríkissjóðs, ef ekki hjer, og væri undarlegt, ef menn mættu óátalið bruðla fje ríkissjóðs svo hóflaust eins og þessi hv. þm. gerði í sinni ráðherratíð. Jeg talaði um það eitt, hvort nokkurt vit væri í því að hlaða svona miklum störfum á einn mann, en jeg vjek ekki að því með einu orði, að Einari Arnórssyni væri vansæmd að því að taka við þessu fje, eða að hann hafi fengið það á óheiðarlegan hátt. Jeg tel víst, að ekkert sje við það að athuga frá laganna hlið.

Hv. þm. fór svo að tala um mína fótaferð í þessu sambandi og gerði samanburð á dugnaði mínum og fyrv. skattstjóra. Jeg verð einu sinni enn að segja honum það, að jeg mun hjer eftir sem hingað til telja öðrum það algerlega óviðkomandi, hvenær jeg fer á fætur og á hvaða tíma dagsins jeg vinn mín störf. Það mun sannast, að þegar verk manna verða dæmd, þá verður litið á störfin, en ekki á hitt, á hvaða tíma dags þau eru unnin. Jeg er heldur ekki í efa um það, að þegar dæmt verður um mig og hv. 1. þm. Skagf., þá verður litið á störfin, en ekki fótaferðina. Og aumt er að geta af engu hælt sjer nema fótaferðinni, þegar morguninn er notaður í þjónustu erlendra auðhringa.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg þyrfti aðeins að svara hæstv. dómsmrh. fáeinum orðum. Hann talaði um það, að við þm. Skagf. hefðum viljað hafa tvö frystihúsin á Sauðárkróki, en það er ekki rjett. Við vildum hafa einungis

eitt frystihús og láta tvö fjelög vera í samvinnu um það og veita báðum fjelögunum styrk, en þegar búið var að veita öðru fjelaginu styrkinn, þá fórum við fram á styrk til hins. Aðaldeilan er um, hvað fór milli hæstv. ráðh. og sjera Sigfúsar. Ráðh. hefir neitað að hafa talað um þetta mál við sjera Sigfús. Á því má sjá, að það er annaðhvort hæstv. dómsmrh. eða sjera Sigfús, sem hefir rangt fyrir sjer í þessu. (**Dómsmrh.**: Eða hv. þm. sjálfur). Það getur ekki verið, því að jeg fer eftir sögusögn manna, sem á fundinum voru.

Hæstv. dómsmrh. notaði heilan klukkutíma til þess að svara minni stuttu ræðu áðan, og skákaði þar í því hróksvaldi, að jeg er dauður. Hann var svo ónærgætinn að blanda þar inn alveg nýju máli, um Arnarhólstúnið, og hefi jeg þar of lítinn tíma til andsvara. Jeg hefi ekki betur sjeð en að hestum sje beitt á túnið á haustin núna í stjórnartíð hæstv. dómsmrh., og verð jeg að telja það meiri saurgun á þeim helga stað heldur en að leyfa fólki að koma þar saman í júnímánuði, þegar búið er að slá. Það var landsspítalasjóðsnefndin, sem fjekk túnið lánað, svo að þetta var eingöngu í landsins þjónustu og ríkissjóður græddi á þessu 6—7 þús. kr. á ári. Þykir mjer það góð leiga fyrir einn dag.

Hæstv. ráðh. sagði, að Hnífsdalsmálið hefði verið lagt á hilluna nokkru fyrir stjórnarskiftin síðustu, en það er með öllu rangt. Svo talaði hann um þennan dómstól almenningsálitsins, sem sje hafinn yfir alla aðra dómstóla og hann hefir svo miklar mætur á. Jeg vil þá benda honum á það, að það er skift verkum í stjórnarskránni, og svo lengi sem hann vill vera ráðh. og lifa í landinu, þá verður hann skilyrðislaust að beygja sig undir dóma dómstólanna. Hann talaði svo um franskt hneykslismál í þessu sambandi, og veit jeg ekki, hvað það átti að þýða, nema ef hann vill líkja sínum eigin málum við það.

Það hafa nú orðið æðilangar umr. á þessum eldhúsdegi, og er það að vonum, því margt er áfellisvert í fari hæstv. stj. Hæstv. dómsmrh. hefir líka gert sitt til þess að lengja umr., og hefir hann sjerstaklega dregið tímann með því að standa upp eftir hverja ræðu okkar stjórnarandstæðinganna og blanda óskyldum málum inn í umr., og notar svo miklu lengri tíma til andsvaranna heldur en ræður okkar tóku. Þegar þessar umr. verða gerðar upp, þá geri jeg ráð fyrir, að tiltölulega langmesti hlutinn falli á hans bak.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson)**: Hv. þm. Dal. mælti hjer fáein orð áðan og var ákaflega glaður í sínu hjarta yfir því, að hafa fengið einskonar ferðapassa frá tveim íhaldsmönnum og hæstv. forseta þessarar deildar, sem voru honum sammála og vildu ekki yfirgefa hann á neyðarstund. Það mun hv. þm. Dal. sanna, að þegar honum verður litið úr þessari pólitísku einveru sinni, þá nýtur hann hjartagæsku og vorkunnsemi, þegar hann getur rofið hana með því að biðja vini sína og velgerðamenn að leggja sjer liðsyrði á hátíðlegum augnablikum. Þegar þessi hv. þm. er nú kominn í þetta niðurlægingarástand, þá er hann búinn að vera. Hann fjell við landskjörið, var hryggbrotinn í Gullbringu- og

Kjósarsýslu, fjell einu sinni í Dölunum og var rjett fallinn þar aftur, er fallinn í áliti, og svo eru þessi dauðans vandræði með blessað blaðið hans, sem sýgur brjóstamjólk dönsku mömmu og er gefið út fyrir hana. Honum ætti að skiljast það nú, þessum hv. þm., þegar hann lítur yfir landið sitt og þjóðina sína, að hann á sjer ekki framar viðreisnar von og er altaf að falla dýpra og dýpra. Þessi hrakti og hrjáði maður gæti eflaust samið heila bók um sinn raunalega æfiferil, einskonar pólitíska „Glæsimensku". Hann hefir til þess efnið, hvað sem líður ritsnildinni.

Þá hafa báðir þm. Skagf. reynt að berja í brestina fyrir framkomu sína í frystihúsmálinu. En ekki hefi jeg gert mig sekan í því sama og sá yngri þeirra, sem sje að draga fjelagsmenn frá Kaupfjelagi Skagfirðinga, en það gerði hann.

Mjer þótti það satt að segja merkilegt, að málfærslumaður og skuldainnheimtumaður eins og hv. 1. þm. Skagf. skuli ekki vera betur að sjer en svo í formum viðskiftalífsins, að hann lætur fylgismenn sína í Skagafirði, sem voru nú að möndla með þessa vitlausu viðbót við kælihúsið, ekki senda skeyti til stjórnarráðsins, heldur bara gera orð. Þeir gerðu orð með manni, sem þeim var í rauninni bölvanlega við, til annars manns, sem engin afskifti gat haft af málinu og sem þeim kumpánum var enn ver við, og ætluðust svo til þess, eftir að þeir voru búnir að rífast aftur og fram heima í hjeraði, að landið færi að lána Sláturfjelaginu í óþarft hús. Nú er það vitað, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu ætlaði að kúga bændur í sýslunni til þess að ganga undir ok braskara á Sauðárkróki, en síðasta Alþingi breytti skilyrðum fyrir lánveitingum, svo að vjelráðum kaupmannasinna varð ekki fram komið. Kjörin eru nú orðin svo góð, að það ætti ekki að vera neinn vandi fyrir hv. 1. þm. Skagf. að ná í þessa aura, sem á vantar, með láni, t. d. hjá Shell. Ef íslenska Shell gæti það ekki, þá ætti enska Shell að hafa einhver ráð með það. Formaðurinn, sem að vísu gat ekki lagt fram nema 2 þús. kr. í hlutafje, en drotnar þó yfir öllu fjelaginu, ætti nú að vera sínum elskulegu kjósendum innan handar í þessu máli.

Hv. 2. þm. Skagf. fór að lýsa þessu margbrotna fjelagslífi í Skagafirðinum. Verslunarfjelögin eru þar eiginlega 4, Kaupfjelag Skagfirðinga, Sláturfjelagið, Frystihúsfjelagið og svo „Verslunarólagið". Hv. þm. segir svo, að það geri ekkert til, þó að fjelögin sjeu 4; það sje bara betra. En hvernig er það í Eyjafirðinum? Þar er þetta öfluga samvinnufjelag, Kaupfjelag Eyfirðinga, sem er bjargvættur bænda í verslunarmálum, enda standa þeir alveg óskiftir að því. Annars er dálítið gaman að hv. 2. þm. Skagf., þegar hann var að lýsa því, hvernig íhaldsmenn í Skagafirði væru hraktir og hrjáðir í kaupfjelaginu þar. Meðan þeir voru í fjelaginu, þá voru menn alls ekki góðir við þá, segir hv. þm., og svo þegar þeir taka sig saman og stofna nýtt fjelag, Verslunarólagið, þá voru menn ekki góðir við þá heldur. Jeg vil þá segja honum það, að menn, sem haga sjer eins og hann og flokksbræður hans í Skagafirðinum, eiga það alls ekki skilið, að menn sjeu neitt góðir við þá, og það er alls ekki við

því að búast. Þeir hafa leitt þetta yfir sig með sinni eigin framkomu. Þeir gátu ekki verið í Kaupfjelaginu og settu svo Verslunarólagið á stofn, en þá tók ekki betra við. Því gátu þeir þá ekki verslað við kaupmennina? Það eru víst einir 4—5 kaupmenn á Sauðárkróki, sem eru allir vinir og stuðningsmenn beggja þingmannanna, en vantraustið á þeim er víst svo mikið, að flokksbræður þeirra geta ekki notað þá. Flokkurinn ætti nú held jeg að sýna þeim meiri sóma og taka upp viðskifti við þessa úrvalsvini sína.

Vini mínum hv. þm. Barð. þarf jeg ekki mörgu að svara, því að hann tók sjálfur eftir veika punktinum í sinni röksemdafærslu. Hann hlaut líka að sjá það, að sá samningur, sem Jón heitinn Magnússon gerði árið 1921 við Magnús á Staðarfelli, hefir altaf sitt gildi. Þessi samningur sker alveg úr öllum vafa viðvíkjandi Herdísarsjóðnum, hvort hann eigi að byrja að starfa nú eða síðar. Það mundi alls ekki skifta máli, þó að Jón heitinn Magnússon sæti hjer á meðal okkar núna, hann gæti ekki upplýst þetta neitt nánar. Gerðir hans í þessu máli eru lagalega bindandi fyrir allar stjórnir hjer eftir sem hingað til. Ef samningurinn er rofinn, þá fellur jörðin aftur til baka til eigendanna, en nú er búið að borga talsverða upphæð í lífeyri til Staðarfellshjónanna úr ríkissjóði, sem þá væri alveg tapað fje. Jeg var að hugsa, að það kæmi hljóð úr horni frá hv. þm. Borgf., ef núv. stj. riftaði samningnum og ljeti þessa jörð ganga sjer úr greipum, sem einu sinni var metin á 70 þús. kr.

Hv. þm. Ísaf. beindi til mín fyrirspurn út af landsspítalanum. Jeg ætla nú að svara henni, og það því fremur, sem hjer eru staddir þeir menn úr hv. Ed., sem hafa líka óskað eftir að fá vitneskju um þetta, en sýndu þó það áhugaleysi um þessi mál, að þeir töldu það ekki ómaksins vert að fara inn að Kleppi þegar nýi spítalinn var vígður. Mjer hefði þó fundist, að þessir menn, sem þykjast hafa áhuga fyrir sjúkrahúsmálunum, hefðu gjarnan mátt líta á þetta hús, en þeim hefir víst alveg staðið á sama um, hvernig því fje var varið, sem lagt var í þann spítala.

Jeg get svarað þessari fyrirspurn á þá leið, að núv. stj. ætlast til, eins og Magnús heitinn Kristjánsson sagði hjer á þinginu í fyrra, að aðalbyggingin verði tilbúin eftir 1 ár. Alþingishátíðanefndin hefir lagt það til, að Vestur-Íslendingar fái spítalann til íbúðar á meðan þeir dvelja hjer við hátíðahöldin, og verður því nokkur hluti byggingarinnar að vera fullgerður næsta vor. Það, sem þá er eftir, en með þarf til að geta hafið einhverja starfrækslu, verður þá fullgert um sumarið eða haustið, og eftir öllu útliti að dæma ætti spítalinn að geta tekið til starfa haustið 1930. Hitt er annað mál, að landsspítalinn verður lengi að stækka, honum er ætluð geysistór lóð og gert ráð fyrir mörgum viðaukabyggingum, en þær verða sennilega ekki allar komnar upp fyr en eftir 30—50 ár.

Hv. 1. þm. Skagf. ber kvenfólkið mjög fyrir brjósti og var gramur út af því, að því var ekki leyft að vera á þeim bletti Arnarhólstúnsins, sem sjerstaklega er verndaður. Konurnar, sem að þessu stóðu, neituðu öðrum bletti á

Arnarhólstúninu, sem þeim var boðinn, en fóru til bæjarstjórnarinnar og föluðust eftir að fá túnblett, sem hún hafði til umráða. En hvað gerði íhaldsmeirihlutinn í bæjarstjórninni? Hann neitaði kvenfólkinu algerlega um þennan greiða. Hv. þm. vildi reyna að afsaka umhyggjuleysi fyrir Arnarhólstúninu, en fórst það heldur óhönduglega. Hann sagði, að ennþá væri ekki búið að koma því í gott lag, og það er alveg rjett. Tíminn er svo stuttur síðan stjórnarskiftin urðu, að það hefir ekki verið ráðrúm til þess að bæta fyrir alla vanrækslu íhaldsins, en sú litla breyt., sem orðin er á Arnarhólstúninu, er gott sýnishorn af mismuninum á störfum þeirra flokka, sem með völdin hafa farið.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi þvo Íhaldsflokkinn hreinan af þeim löngu umr., sem hjer hafa orðið. Þetta verður dálítið broslegt, þegar litið er á það, að næstum allir þm. flokksins eru dauðir, og þessi hv. þm. hjelt sjálfur 4 tíma ræðu öllum til lítillar uppbyggingar. Flokkurinn hafði auðsjáanlega skift með sjer verkum, og eyðir svo tímanum í þetta tilgangslausa skraf, sem ekki ber annan árangur en þann, að alt er jafnóðum hrakið og rekið til baka. Eftir að hafa gert þetta, þá vilja þm. Íhaldsflokksins fá einskonar dýrð fyrir það, hvað umr. sjeu stuttar, núna þegar búið er að reka alt ofan í þá og þeir standa uppi eins og þvörur.

**Ólafur Thors.** Já, „stutta athugasemd", segir hæstv. forseti. Hann skilur vel, að nú væri ærið efni í langa ræðu.

Jeg vil þá fyrst víkja örfáum orðum að hv. þm. Ísaf. Hann taldi mig hafa talað um ýmislegt, sem jeg hafði aldrei minst á undir þessum umr. Jeg hefi t. d. hvergi minst á danska gullið. En það eltir hann eins og draugur, honum heyrist alstaðar vera verið að tala um það. Og er það ekki nema eðlilegt, því að hann mun mest hafa unnið að þeim sníkjum og líka vita best, hvað af gullinu hefir orðið. Eins var um landhelgisveiðarnar. Jeg talaði alls ekkert um þær. En það er um þær eins og danska gullið, að þær eiga sjer ónotalega sögu fyrir þennan hv. þm. frá því er við keptum um þingsetu í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1926. Þá ætlaði hann að vinna sjer kjörfylgi meðal kjósenda þar syðra með álíka rógi um mig eins og hann fór með nú, en það mistókst algerlega, því eins og menn muna, varð þessi hv. þm. að lúta í lægra haldi, en sýnilega eru sárin enn ógróin.

Jeg ætla alls ekki að fara að gera að umtalsefni í þetta sinn brigsl hæstv. dómsmrh. um mig út af sekt skipstjórans á einum Kveldúlfstogaranna. Því hefi jeg svarað fyllilega áður. En það vil jeg benda hæstv. ráðh. á, að hann hefir unnið mörg miklu verri verk en þessi togaraskipstjóri Kveldúlfs.

Þeirri fyrirspurn hæstv. ráðh., hvort jeg vilji að íslenskir togarar gerist ákærendur erlendra stjettarbræðra sinna, svara jeg hiklaust neitandi. Jeg vil ekki beita mjer fyrir slíku, heldur þvert á móti. Jeg teldi slíkt starf ósamboðið íslenskum sjómönnum, og jeg verð að segja það, að mjer finst nógu mikill ódaunn af þeim furunum í landi, þó ekki verði farið að koma upp slíkri stjett meðal sjómanna líka.

Vegna þess hve mjög mjer er takmarkaður tíminn, hefi jeg ekki tækifæri til þess að svara ræðu hæstv. dómsmrh. frá því á laugardaginn. En þó vil jeg taka upp þrjú orð úr henni. Þessi orð ráðh. voru þau, að togaraútgerðin væri „helvíti á jörðu". Jeg ætla svo ekki að ræða frekar við hæstv. ráðh. um þessi orð. Jeg vildi aðeins taka þau upp eins og ráðh. sagði þau, til þess að hann gæti ekki brjálað þau í þingtíðindunum.

Þá ætla jeg heldur ekki að tala um þær fullyrðingar ráðh., að jeg hafi sagt á Akranesfundinum, að skipherrar varðskipanna vildu drepa hann. Jeg skora á hæstv. ráðh. að sanna þetta, því að slíkur áburður er með öllu ósæmilegur.

Að endingu leiði jeg athygli að því, að þótt hæstv. ráðh. hafi verið lýst vel af mörgum, þá hefir þó engum tekist þar betur en honum sjálfum. Skýrasta vitnið í þessu máli eru fylgismenn hans hjer í hv. deild. Undantekningarlítið hafa þeir allir flúið deildina jafnskjótt og ráðh. hóf mál sitt. Sannar það í senn manngildi ráðh. og hitt, að enn vakir sómatilfinning flokksmanna hans.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú dregið í land sinn litla bát eftir mikinn bægslagang í deildinni. Hann byrjaði fyrstu ræðu sína við þessa umr. með svo slorugu orðbragði, að jafnvel ljelegustu flokksbræður hans fyrirurðu sig hans vegna og neyddust til þess að gefa honum tilhlýðilega áminningu. Þegar hann því kom upp í annað sinn, hagaði hann sjer nokkru betur. Enda var hann þess þá meðvitandi, að hann hefði gert flokki sínum til stórskammar, og auk þess hafði hann í millitíð fengið ítarlega hirtingu hjá mjer, ekki með stóryrðum, heldur með þungum rökum. Í þessari stuttu ræðu, sem hann flutti nú síðast, tókst honum að segja margt, sem lýsir honum ennþá betur en margt, sem hann hefir sagt áður. Hann byrjaði á því að segja, að hann vildi ekki láta skipstjóra sína koma upp um erlenda sökudólga, af því að hann vildi ekki hafa þefara á sjónum. En ef það er rjett, sem Ág. Flygenring sagði hjer fyrir nokkrum árum, er það alt annað en umhyggja fyrir öðrum, sem kemur hjer fram hjá hv. þm. Það er beinlínis meðvitundin um eigin sekt.

Annars var það gleðilegt, að hv. þm. skyldi minnast á „þefarana", sem íhaldsmenn nefna svo, því að það gaf tilefni til þess að geta þess hjer, að enginn maður hefir uppnefnt löggæslumennina og kallað þá þefara eins og hann og það pólitíska hyski, sem að honum stendur. Og það mun hafa verið aðalbílstjóri þessa hv. þm., sem síðastliðið sumar dreifði út lygasögu um einn löggæslumanninn og sjálfan sig. Þóttist þessi vikapiltur Kveldúlfs hafa ráðist á einn löggæslumanninn á förnum vegi með ofbeldi. Sem betur fór fyrir hv. 2. þm. G.-K. var þetta ein fróm ósk hjá þessari undirtyllu hans, máske öllu heldur ósk sjálfs þm. Því að ef athöfnin hefði verið framkvæmd, mundi þm. nú bílstjóralaus, því að piltur sá myndi, ef hann hefði framkvæmt hin umgortuðu fólskuverk, sitja nú undir lás og loku uppi á Skólavörðustíg.

Þá var hv. þm. að kvarta um það, að jeg hefði sneitt að sjer fyrir óleyfilega meðferð á víni. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Jeg hefi ekki beint neinu slíku að honum. En annars hefir enginn kastað meiri skugga á hann í þessum efnum en einmitt hann sjálfur. Eins og t. d. þegar hann sagði á fundi í Borgarnesi í sumar þessi frægu orð um sjálfan sig: „Fullur í dag og fullur í gær, og fullur líklega á morgun". Að vísu gat hv. þm. fengið dálítinn hóp af strákaskríl til þess að klappa fyrir þessari yfirlýsingu. En allir almennilegir menn fengu megnustu óbeit á þessum strákskap. En hv. þm. var mjög hreykinn yfir þessu, því að hann hefir alls enga tilfinningu fyrir því, sem honum er til skammar.

Á þingmálafundi einum síðastl. haust var það sagt um þennan hv. þm., að það eina, sem hann virtist vera fallinn til, væri að vera skopleikari í ljelegu hlutverki við hið væntanlega þjóðleikhús. Jeg hefi enga lýsingu heyrt af honum, sem hefir hitt hann betur, því að hann er alvörulaus í hverju máli og gersneyddur öllum hugsjónum, eins og sjá má á því, að í þau ár, sem hann hefir átt sæti á þingi, hefir hann ekki borið fram eitt einasta frv., sem hann hefir hugsað sjálfur. Þegar hann kemur á fundi, byrjar hann strax að blaðra innihaldslaust bull og er ekkert nema montið, yfirlætið og strákskapurinn, þegar hann er sem hann sje liðamótalaus um hnjen, enda hjeldu Akurnesingar í haust, að hann hefði trjefætur, og skoðuðu hann eins og annað skrípi, jafnt í ræðumensku sem annari framkomu.

Þegar hv. þm. vjek að mjer í síðustu ræðu sinni, sagðist hann ætla að nota tækifærið til þess að skjalfesta nokkur orð, sem hann taldi mig hafa sagt, en sem jeg vitanlega aldrei sagði. Það, sem jeg átti að hafa sagt, var það, að togaraatvinnureksturinn væri „helvíti á jörðu". En það, sem jeg sagði, var á þá leið, að jeg teldi líf sjómannanna á togurunum líkast „helvíti á jörðu", þegar þeir yrðu að þræla hvíldarlaust nær allan sólarhringinn dag eftir dag og gætu ekki fengið að þvo sjer eins og siðaðir menn, hvað þá meira, aldrei komið úr óhreinu görmunum á sjónum, varla hugsanlegt að opna nokkurntíma bók, og sjá ekki sína nánustu nema á flugferð nokkrum sinnum á ári. Og svo þegar búið er að útslíta þessum mönnum með óskaplegum þrældómi, þá er þeim kastað út á gaddinn.

Þegar jeg nú að síðustu skil við þennan hv. þm. undir þessum umr., dettur mjer í hug dálítið atvik. (EJ: Enga sögu nú). Það er alls ekki saga um hv. 1. þm. Rang., enda þótt enginn maður hafi jafnmikið af hlægilegheitum hangandi við sig eins og hann og enginn maður þurfi að vera eins hræddur við fortíð sína eins og hann.

Merkiskona ein hjer í bænum var að tala um það svo jeg heyrði, hve undarlegur maður hv. 2. þm. G.-K. væri, og hallaði töluvert á hann, og verð jeg að segja, að mjer kom það dálítið undarlega fyrir, þar sem kona þessi var mjög rjetttrúuð íhaldskona. Fór jeg því dálítið að berja í brestina fyrir þm. En þá segir konan: „Hvernig stendur þá á því, að ekkert gott liggur eftir þennan mann?". Jeg hafði reynt

að halda uppi veikri vörn fyrir þennan hv. samþm., en við þessi orð varð jeg að þagna, því að þau voru óhrekjanleg.

**Lárus Helgason:** Umr. þessar hafa nú staðið hartnær í viku; er því tæplega rjett að bæta miklu við þær, enda þótt við framsóknarmenn höfum ekki gert mikið að því að lengja þær. Við höfum látið ráðh. eina standa fyrir svörum, og hefir þeim síst veitst það erfitt. Að vera svo að brigsla þessum tveimur mönnum um það, að þeir hafi verið óhæfilega langorðir, er hreint og beint hlægilegt, þar sem þeir tveir einir hafa orðið að standa á móti öllum íhaldsmönnum deildarinnar, þangað til þeir hafa verið búnir að tala sig „dauða". Ef hv. íhaldsmönnum hefði verið ant um, að umr. þessar drægjust ekki úr hófi fram, hefði þeim verið innan handar að koma sjer saman um vissa menn til þess að ganga fram fyrir skjöldu. Hefði slíkt fyrirkomulag verið ólíkt eðlilegra, því að allir vita, hve óhemju mikið slíkar umr. sem þessar kosta. Að nokkuð hafi komið nýtt fram í þessum umr. af hálfu stjórnarandstæðinga, er fjarri öllu lagi. Hafa ræður þeirra nær eingöngu verið margföld upptugga úr blöðum, og hefir því þurft stökustu þolinmæði til þess að sitja undir þeim. Af andstæðingum stj. hefir meðal annars verið talað um fjáreyðslu og bitlinga, og það vill svo til, að þetta hvorttveggja snertir mig persónulega að dálitlu leyti. Hv. þm. Borgf. sagði, að Helga syni mínum hefðu verið veittar 1000 kr. til utanfarar og taldi það með óþarfa eyðslu stj.

Það mun nú ekki leika á tveim tungum, a. m. k. meðal þeirra, sem vel þekkja til rekstrar áfengisverslunarinnar, að þar hafi verið margt, sem ekki hafi verið óþarfi að bæta úr, enda hafa starfshættir þar allmjög verið færðir til betra horfs síðan skift var um forstjóra verslunarinnar. Og eitt af því, sem gert hefir verið til þess að koma betra skipulagi á rekstur verslunarinnar, var það, að senda son minn til Noregs til þess að kynna sjer rekstur slíkra verslana þar, og þori jeg hiklaust að fullyrða, að sú för hefir borið góðan árangur. Því til sönnunar vil jeg t. d. benda á eitt atriði, víngeymsluna. Áður voru vínin geymd í mjög vondum geymslum, þar sem þau hlutu að skemmast að meira og minna leyti. Þannig voru t. d. vín, sem ekki þola nema 8 st. hita, geymd við 20 til 30 st. hita.

Þessu var þegar breytt, eftir að Helgi kom utan, eftir því sem frekast var unt, sem var í júlímán. síðastl. sumar. Auk þessa var ýmsum starfshögunum breytt, svo að nákunnugir menn telja, að þær breyt. einar spari einn starfsmann við afgreiðslu vínanna, eða 300—400 kr. á mánuði í útgjöld. Hvað laun Helga snertir, þá hefir hann fengið 150 kr. minna á mánuði en fyrirrennari hans, enda þótt hann hafi síst minna verk á hendi. Mismunurinn verður því 1800 kr. á ári á launum þessara tveggja manna. Sje svo þeirri upphæð bætt við laun eins manns, sem sparast á starfsmannahaldi verslunarinnar fyrir bættar starfsaðferðir, er sýnilegt, að ríkissjóður fær vel borgaðar þúsund krónurnar þegar á fyrsta ári, án þess þó að tekið sje tillit til þess, hve mikið græðist á því, að vínin halda ekki

áfram að skemmast, fyrir bætta geymslu.

Jeg vænti nú, að þessi fáu orð nægi til þess að sýna fram á það, að það hefir síst orðið til óhagnaðar fyrir ríkissjóð, þó að syni mínum væri veittur þessi umræddi utanfararstyrkur, þar sem þegar hefir sparast fyrir ríkissjóð margfalt meiri upphæð.

Þá hefir mikið verið gert að því að telja upp bitlingamenn stj., og sá jeg í blöðunum, að jeg er talinn einn af þeim, og mun þar líka vera átt við son minn. Vil jeg því benda á, að áður en hann komst að starfi sínu sem bókhaldari við áfengisverslunina, var hann í heimkynnum sínum austur á Síðu og hafði þar síðustu árin um 3000 kr. á ári, en það voru fyllilega eins góð laun eins og hann hefir hjer nú, sje tekið tillit til þess, hve miklu dýrara er að lifa hjer en þar eystra. Mjer var því síst greiði gerður með því, að hann færi úr plássinu, þegar líka þar við bættist, að maður sá frá S. Í. S., sem var við endurskoðun Kaupfjelags Skaftfellinga, lagði það mjög eindregið til, að Helgi væri fenginn til þess að taka við forstöðu fjelagsins, og voru honum þá boðnar 6000 kr. í árslaun, auk ókeypis húsnæðis, en hann þáði ekki það boð. Að hann ekki gekk að þessu tilboði, gat jeg ekkert við ráðið, því að það er ekki nema eðlilegt, að hann rjeði sjer sjálfur, þar sem hann er nú orðinn fullra 27 ára að aldri. Hjá honum mun mestu hafa um ráðið það mikla aðdráttarafl, sem Reykjavík hefir.

Það hljóta nú allir að sjá, að mjer hefir síst verið þægð í því, að hann tók það hlutskiftið að setjast að hjer í Reykjavík, en þó er þetta kallað bitlingur til mín. Þessu líkar býst jeg við, að flestar aðfinningar Íhaldsflokksins sjeu, þótt til þeirra hafi gengið nær því vika af þeim tíma, sem liðinn er af þessu þingi.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það var alveg rjett hjá þeim hv. þm., sem nú settist niður, að stjórnarandstæðingar hafa beitt málfrelsi sínu til hins ýtrasta, svo að þeir mega allir heita dauðir — með einni undantekningu þó. Þessi undantekning er hv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Hann hefir ekki tekið til máls við þessar umr. Það vill svo til, að þetta er sá sami hv. þm., sem braut á bak aftur mótstöðu Íhaldsins gegn byggingar- og landnámssjóðnum. Jeg vil nota tækifærið til að votta þessum hv. þm. þakklæti mitt, bæði fyrir framkomu hans í því máli og nú við þessar umr. Hann hefir í bæði skiftin sýnt, hvernig hann stendur gagnvart flokksbræðrum sínum.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg mundi ekki hafa notað mjer þá aths., sem mjer er enn heimil hjer, ef hæstv. forsrh. hefði ekki gefið tilefni til þess, að jeg segði nokkur orð.

Það er með öllu rangt hjá hæstv. forsrh., að hv. 3. þm. Reykv. hafi orðið til þess að brjóta á bak aftur andstöðu íhaldsmanna gegn byggingar- og landnámssjóðnum. Engin slík andstaða hefir nokkru sinni verið í flokknum, en hann átti ásamt öðrum íhaldsmanni og Framsóknarfl. þátt í að endurbæta svo þetta frv., að hægt var að senda það frá þinginu sem lög. Hæstv. ráðh. segist vilja votta þessum hv. þm. þakkir sínar. Heyr á

endemi! Hvaða blað var það nema „Tíminn", blað hæstv. forsrh. sjálfs, sem á allar lundir hefir reynt að sverta og svívirða þennan hv. þm. með því að reyna að klína á hann ávirðingum fólks, sem honum var vandabundið? Hæstv. forsrh. hefði verið sæmilegra að taka í taumana þá. Þessi falsmæli hæstv. ráðh. eru enn viðbjóðslegri eftir það, sem á undan er gengið.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. dómsmrh. út af ummælum hans um misnotkun loftskeytatækja á þeim togara, sem jeg er framkvæmdarstjóri fyrir. Það er rjett, að leyfið var tekið af loftskeytamanni nokkra mánuði fyrir það að hann hafði sent skeyti til manns í landi. En þetta skeyti kom alls ekki útgerðinni við. Blaðið „Skutull" bar á mig, að jeg ætti sök á þessu. Út af þeim ummælum blaðsins hefir því verið stefnt, bæði af mjer, formanni fjelagsstjórnarinnar og stöðvarstjóra B. Magnússyni. Dómur er fallinn í þessum málum og ummæli blaðsins dæmd dauð og ómerk og blaðið dæmt í sekt og greiðslu málskostnaðar. Það var á allra vitorði, að hvorki jeg nje fjelagsstjórnin var hið minsta við þessa skeytasendingu riðin.

Jeg nenni ekki að vera að eltast við þau ummæli hæstv. forsrh., að „Fylla" hafi verið búin að ákveða að fara í Borgarnes mörgum mánuðum áður en hún fór þangað með hæstv. dómsmrh. og gesti hans. Var þá ekki „Óðinn" búinn að ákveða þetta ferðalag líka? Það virðist svo, sem eitt skip hefði getað nægt, og sennilega er hæstv. dómsmrh. ekki svo illa kyntur hjá skipstjóranum á „Fyllu", að hann hefði ekki fengið að fljóta með.

Út af ummælum hæstv. dómsmrh. um „hengingarólina" og bókun þá, er jeg ljet bóka hjá rannsóknardómara í Hnífsdalsmálinu, skal jeg geta þess, að jeg mun gefa fullar ástæður fyrir þeirri bókun, þegar endanlegur dómur er fallinn í málinu.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vildi aðeins taka það fram, að auðsjeð er, að sökin hefir bitið hv. þm. N.-Ísf., þar sem hann þolir ekki, að hv. 3. þm. Reykv. sje unnað sannmælis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu **já:** ÓTh, PO, SE, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, EJ, HStef, HJ, JAJ, JörB, LH, MG, BSv.

Þrettán þm. (ÁÁ, BSt, GunnS, HG, HK, HV, IngB, JJós, JÓl, JS, MJ, MT, SvÓ) fjarstaddir.

---

Á 47. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 292, 293, 345, 355).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 355. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Starf fjvn. hlýtur að verða mun ánægjulegra en ella, þegar svo stendur á sem nú, að rekstur ríkisbúskaparins hefir verið mjög góður síðastl. ár, árferðið sem stendur ágætt og góðar horfur framundan.

En góðærinu fylgir að sjálfsögðu bjartsýni og djarfhugur um að hrinda

til framkvæmda ýmsu því, sem talið er, að til nytsemda horfi. Þetta kemur glögt í ljós nú, bæði hjá hv. stj., að því leyti, að tekjur og gjöld í frv. því, sem fyrir liggur, eru ætluð hvort fyrir sig nær 700 þús. kr. hærri en hæst hefir verið áður, 1928, og eins í þeim mikla aragrúa af erindum, sem fyrir liggja um styrk og fjárframlög til margvíslegra hluta. Er upphæðin, sem farið er fram á í þessu skyni, samtals óhemju mikil.

Þegar svona er ástatt, hlýtur það að verða hlutverk fjvn. að halda aftur af og stilla í hóf útgjöldum ríkissjóðs. Því fyrst og fremst eru ríkistekjurnar ærið takmarkaðar, þótt vel ári, en hinu er þó örðugra við að gera, hversu fljótlega skipast oft veður í lofti um árferði, og því óvarlegt að byggja mjög á útliti líðandi stundar.

Þegar nú svo fer, að fjvn. þarf að fara að draga úr eða mæla móti mörgum þeim fjárbeiðnum, sem fyrir liggja, vill oft fara svo, að starf hennar verður ekki eins þakklátt og ella mundi. Og oftast mun n. fá þann dóm víða frá, að hún sje fremur lítt sanngjörn eða víðsýn í till. sínum. Býst jeg við, að svo fari enn, því að hún hefir að minstu leyti getað mælt með þeim fjárbeiðnum, sem fyrir liggja.

Nú er frv. lagt þannig fram, að gjöldin eru áætluð 11126000 kr. og tekjurnar ámóta, eða h. u. b. 50 þús. kr. hærri. Er hvor hliðin fyrir sig um 700 þús. kr. hærri en nokkru sinni fyr, eins og jeg tók fram áður. Enda fara tekjur yfirleitt vaxandi síðasta tímabil frá ári til árs, að óbreyttri tekjulöggjöfinni.

Það er nógu fróðlegt að bera saman nokkrar útgjaldagreinar fjárlagafrv. 1926 og 1930, sem sýna nokkuð, hvar breytingarnar koma helst fram á þessu 5 ára tímabili.

Sá samanburður verður þannig:

| Gjöld | 1926 | 1930 | Mism. h.u.b. |
|---|---|---|---|
| Skv. 7. gr. (Vextir og afborganir) | Kr. 2030000 | Kr. 1295000 | ÷ 740000 |
| — 10. gr. (Ráðun., rikisfjeh., hagstofa, utanríkismál o. fl.) | — 270000 | — 369000 | + 100000 |
| — 11. gr. (Dómgæsla, lögreglustjórn o.fl.) | — 668000 | — 854000 | + 190000 |
| — 12. gr. (Heilbrigðismál) | — 591000 | — 689000 | + 100000 |
| — 13. gr. (Samgöngumál) | — 2233000 | — 3617000 | + 1380000 |
| — 14. gr. (Kirkju- og kenslumál) | — 1254000 | — 1467000 | + 213000 |
| — 15. gr. (Vísindi og listir) | — 200000 | — 282000 | + 82000 |
| — 16. gr. (Verklegar framkv.) | — 493000 | — 1299000 | + 800000 |
| — 17. gr. (Alm. styrktarstarfsemi) | — 458000 | — 674000 | + 216000 |
| — 18. gr. (Eftirlaun og styrktarfje) | — 158000 | — 204000 | + 46000 |

Fleiri greinir nefni jeg ekki, enda má nokkuð sjá á þessu yfirliti, hvert stefnir. Þó vil jeg taka það fram, að þetta yfirlit er bygt á frv., sem lögð eru fyrir, og gefur því ekki nákvæma mynd, hvorki af fjárlögum nje ríkisreikningi þessara ára, en þessar tölur sýna þó ljóslega stefnu Alþingis í fjármálunum. Stærstu breyt. hafa orðið á þrem greinum. Vextir og afborganir lækka um nær ¾ milj. kr., en til samgangna og verklegra framkvæmda

hefir framlagið vaxið á þessu tímabili um nær 2 milj. 200 þús kr. Og í fyrirliggjandi fjárlagafrv. eru upphæðir þessara tveggja gr. ætlaðar fullum 700 þús. kr. hærri en nokkru sinni fyr. Er í raun rjettri ánægjulegt að vita það, að meginhlutinn af útgjaldahækkuninni lendir á þeim tveim greinum, sem varið er til samgangna og verklegra framkvæmda. Veit jeg, að allir munu sammála um það, að það sje hin mesta nauðsyn að hækka framlög til þessara hluta, eftir því sem föng eru á.

Skal jeg þá víkja nokkru nánar að starfi n. Í nál. er gerð grein fyrir skoðun og stefnu hennar um áætlun teknanna, þeirri, að henni beri að haga þannig, að hún verði mjög varleg. Skal jeg ekki endurtaka það, sem í nál. segir, en vitna aðeins til þess, sem þar er sagt. Nú komst n. að þeirri niðurstöðu, að tekjur mætti telja mjög gætilega áætlaðar, þótt hækkaðar væru í heild um 650 þús. kr., eins og hún leggur til. Hinsvegar kom það í ljós við nánari athugun, og sumpart að fengnum nýrri upplýsingum en fyrir lágu er fjárlagafrv. var samið, að ýmsa gjaldliði varð einnig að hækka, og suma stórlega, ef áætlunin átti að geta talist sennileg. Nema þær útgjaldahækkanir nærfelt 400 þús. kr., sem n. þannig leggur til, en í raun og veru eru þær hækkanir ekki annað en leiðrjettingar í þá átt, sem sýnilegt er, að útgjöldin muni reynast. Er þá samt eftir að ætla fyrir útgjöldum þeim, er sjálfsögð mega teljast í sambandi við alþingishátíðina 1930. Vil jeg um það efni vísa til þess, er n. segir í áliti sínu, en aðeins vekja athygli hv. þdm. á því, að fyrir þessari útgjaldahækkun er engin upphæð tiltekin.

Þegar það er athugað, að óhjákvæmilegar útgjaldaleiðrjettingar námu 400 þús. kr. auk þess, sem þyrfti að ætla fyrir ótilteknum kostnaði við alþingishátíðina, er það bersýnilegt, að n. hafði engan veginn rúmar hendur, og varð því að takmarka mjög till. sínar um aukin útgjöld. Enda varð aðalniðurstaðan af starfi n. sú, að eftir hennar till. mundi verða um 155 þús. kr. tekjuafgangur á frv., sem að hennar áliti mundi síst of mikill til þess að mæta þeim sjálfsögðu útgjöldum, sem ekki er ætlað fyrir í fjárlagafrv. og sem jeg hefi áður minst á. Vænti jeg þess, að hv. d. geti fallist á þá nauðsyn, er n. virðist á því að sýna sem mesta varúð í því að hækka útgjöldin, þótt eðlilega hljóti skoðanir manna nokkuð að skiftast um þær einstöku till., er fyrir liggja, bæði frá n. og einstökum þm.

Þá ætla jeg að víkja að einstökum brtt. n., og er þá fyrst tekjuhliðin.

1. brtt. n. er að hækka fasteignaskattinn úr 240 þús. kr. í 250 þús. kr. Þetta er nokkurnveginn fastur skattur, sem breytist ekki að öðru en því, sem fasteignaverð hækkar árlega við nýbyggingar og umbætur ýmsar á fasteignum. Fara þær umbætur altaf vaxandi og hefir hækkun skattsins undanfarið numið um 10 þús. árlega. Skattur þessi var sl. ár 260 þús. kr., og má því telja sæmilega varlegt að áætla hann 250 þús. kr. fyrir árið 1930, eins og n. leggur til.

2. brtt. n. lýtur að því að hækka tekju- og eignarskatt úr 1050000 kr. í 1100000 kr. Það er ekki ljett að

áætla þennan tekjulið svo að ekki geti skeikað allmiklu, því að hann er ætíð mjög bundinn við árferði og afkomu landsmanna. Þannig reyndist þessi tekjuliður árið 1925 nærfelt 2½ milj. kr., en árið 1927 varð hann ekki nema rúmar 800 þús. kr., svo að það er altaf nokkuð óvíst að ákveða hann löngu fyrirfram. En með hliðsjón af því, að nú er útlit fyrir mikið góðæri, aflabrögð það sem af er árinu alveg óvenjulega mikil, og tekju- og eignarskatturinn 1930 byggist á afkomu þessa árs, taldi n. ekki óvarlegt, þótt skatturinn væri áætlaður 1100000 kr.

Þá er 3. brtt. um hækkun á bifreiðaskatti, og er hún gerð að till. vegamálastjóra. Skattur þessi fer árlega hækkandi, þótt það hafi ekki verið tekið til greina við áætlanir um þennan tekjulið undanfarið. Eftir skýrslum vegamálastjóra voru 1. júlí síðastliðið 820 bifreiðar á skattskrá, og hafði bifreiðum þá fjölgað um 200 frá því árið áður. Síðan hefir bifreiðum fjölgað hlutfallslega meira, og eru ekki horfur á öðru en að sú fjölgun verði áframhaldandi. Af þeim ástæðum þótti n. varlegt að áætla bifreiðaskattinn 60 þús. kr. fyrir árið 1930, þar sem bifreiðaskattur síðastliðið ár nam 58 þús. kr.

4. brtt. n. er sú, að hækka útflutningsgjaldið um 75 þús. kr., eða úr 1000000 kr. upp í 1075000 kr. Jeg vil geta þess, að meðaltal 4 síðustu ára nemur 1150000 kr., og með það fyrir augum telur n. mjög varlegt að ætla útflutningsgjaldið 1075000 kr.

Þá kem jeg að 5. brtt., að hækka tóbakstollinn um 100 þús. kr. Þessi tekjuliður hefir verið nokkuð breytilegur, enda hefir sölufyrirkomulag tóbaksins einnig breytst, og því ekki rjett að gera samanburð á liðnum yfir langan tíma. En síðustu tvö árin hefir þessi tekjuliður numið meira en 1 milj. kr., eða 1020000 kr., og hefir farið hækkandi á undanförnum árum. N. áleit þennan tekjustofn því mjög öruggan og telur till. varlega, að hækka tóbakstollinn um 100 þús. kr., eða úr 850 þús. upp í 950 þús. kr.

Þá er 6. brtt. n., að aðflutningsgjald hækki úr 160000 kr. í 200000 kr. N. álítur þetta mjög örugt, þar eð meðaltal síðari ára hefir numið 230000 kr. og engar líkur eru fyrir því, að þessi tekjuliður rýrni, heldur fari hækkandi, eins og hann hefir gert undanfarin ár.

Kem jeg þá að 7. brtt., um hækkun vörutolls, að fyrir 1250000 kr. komi 1350000 kr. Jeg vil aðeins taka það fram, að meðaltal þriggja síðustu ára nam 1400000 kr. og síðastliðið ár var vörutollurinn 1635000 kr. Að vísu varð nokkur breyt. á vörutollslöggjöfinni síðastl. ár, en hún gengur í þá átt, að telja verður till. n. öruggari en ella mundi.

Þá er 8. brtt. n. um að verðtollurinn hækki úr 1325000 kr. upp í 1500000 kr. Þar hefir breyt. orðið á löggjöfinni, svo að ekki er gott að gera samanburð við undangengin ár, en síðastliðið ár nam verðtollurinn 1669000 kr. Eins og menn muna, var verðtollurinn hækkaður á síðasta þingi, en sú hækkun kom ekki fram nema á nokkrum hluta síðastl. árs. Með það fyrir augum verður till. n. að teljast mjög gætileg. Síðasta ár var mjög gott, og hefir það vitanlega mikil áhrif á verðtollinn. En þá má gera ráð fyrir því, að innflutningur á verðtollsvör-

um verði mikill 1930 í sambandi við alþingishátíðina. Vona jeg, að hv. þdm. geti fallist á þessa till.

Þá er 9. brtt., að hækka tekjuáætlun víneinkasölunnar um 75 þús. kr., eða upp í 450 þús. kr. Það má vel vera, að hv. þdm. þyki þessi till. n. óvarleg, ef miðað er við meðaltal þriggja síðustu ára, sem ekki er nema 350 þús. kr. En n. leit svo á, að örugt væri að ætla, að umsetning verslunarinnar yrði mikil 1930, vegna þess, að þá yrði mikið um gesti og ýmsan mannfagnað. Ennfremur má taka tillit til þess, að enda þótt meðaltal síðari ára á tekjum einkasölunnar hafi verið lágt, stafaði það að nokkru leyti af því, að sum árin voru birgðir einkasölunnar auknar að miklum mun, en önnur stefna mun þar nú upp tekin í því efni. Að þessu athuguðu áleit n., að þessi till. væri síst of há.

Þá hefi jeg lauslega minst á till. n. til tekjuauka, en vísa að öðru leyti í álit n., sem jeg býst við, að hv. þdm. hafi kynt sjer, og sje jeg því ekki þörf á því að endurtaka það, sem þar stendur.

Hið sama get jeg tekið fram um till. n. til aukinna gjalda, að jeg mun aðeins fara um þær fáum orðum, en vísa í nál. til frekari skýringar á einstökum atriðum.

10. brtt. n. lýtur að því, að alþingiskostnaður hækki um 25 þús. kr. Telja má víst, að Alþingi verði stefnt saman til aukaþings á Þingvöllum sumarið 1930, og er því óhjákvæmilegt að hækka þennan kostnað. En þar eð þetta aukaþing mun varla standa lengur en 2—3 daga, áleit n. að 25 þús. kr. hækkun yrði nægileg.

Þá er 11. brtt. um að hækka gjaldaliðinn til skattvirðinga um 40000 kr. Fyrir árslok 1930 á að fara fram endurmat á öllum fasteignum í landinu, og þar sem það hlýtur að leiða af sjer mikinn kostnað fyrir ríkið, var sýnilegt, að þennan lið varð að hækka til mikilla muna. Hinsvegar er vitanlegt, að mikill hluti starfskostnaðar við fasteignamatið hlýtur að falla á yfirstandandi ár, og taldi n. því, að sennilega yrði nóg að hækka þennan lið um 40 þús. kr.

Tvær næstu brtt. n., 12.—13. brtt., eru bundnar við að hækka styrki til læknisvitjana. Fyrir þessum hækkunum eru allgreinileg rök í nál., og tel jeg nægilegt að vísa til þess. Þó get jeg aðeins minst á það, að Borgarfjarðarhreppur hafði áður þennan styrk, 300 kr., en síðar fluttist læknissetrið í hreppinn og fjell hann þá niður. Nú er læknirinn aftur fluttur upp á Hjerað, og virðist því sanngjarnt, að hreppurinn fái þennan styrk.

Þá kemur að 14. brtt. n., að setja inn aftur aths. um það, hvaða sveði augnlæknar þeir, er styrks njóta til ferðalaga, eigi að ferðast um. Aths. hafði fallið niður í frv. stj., en n. þótti rjettara að láta aths. haldast, til þess að tryggja, að læknarnir hefðu viðdvöl a. m. k. á einum eða tveim stöðum í hverri sýslu, svo að almenningur hefði kost á að færa sjer ferðalög augnlækna í nyt.

Þá er næsta brtt. um styrk til Jóns Kristjánssonar nuddlæknis í Reykjavík. Um þetta er allgreinileg skýrsla í nál. Leggur n. til, að þessum lækni sje veittur 1200 kr. árlegur styrkur,

en hann sje þá bundinn sömu skilyrðum og styrkur til tveggja annara sjerfræðilækna hjer, að lækni þessum sje skylt að kenna læknanemum við háskólann og hinsvegar að veita fátæku fólki læknishjálp ókeypis á tilteknum stað, ekki sjaldnar en tvisvar á viku. Ennfremur er þess getið í nál., að þessi styrkur skuli ganga til greiðslu á vöxtum og afborgunum af láni, sem viðkomandi læknir hefir úr viðlagasjóði; eru þau skilyrði tekin upp eftir bendingu frá lækninum sjálfum.

Þá er 17. brtt. um aukinn styrk til geðveikrahælisins á Kleppi. Vil jeg geta þess, að n. hefir komið saman um að taka þá till. aftur til 3. umr., eftir ósk hæstv. stj. Ætla jeg þá ekki að fara fleiri orðum um hana.

Þá er 18. brtt. n. Er hún um að veita heilsuhælinu í Kristnesi 7500 kr. styrk til ýmsra umbóta þar. Stjórnarnefnd hælisins sendi langt og ítarlegt erindi, þar sem hún gerir grein fyrir því, að það vanti sitthvað, sem til nauðsynlegra umbóta horfi, og hún fer fram á 21 þús. kr. fjárveitingu samtals til að bæta úr þeim göllum, sem taldir eru í erindinu. Fjvn. sendi þetta erindi til landlæknis, og samkv. ákveðnum till. frá honum, þá varð það niðurstaða n. að veita hælinu 7500 kr. til ýmsra endurbóta við hælið, og það er, held jeg, tekið nokkuð skýrt fram í nál., hvað það er, sem n. telur rjett að bæta þar úr, og jeg ætla líka rjett að lesa hjer upp, með leyfi hæstv. forseta. Það er:

1. Til útbúnaðar 2—3 herbergja á efsta lofti .. 1300 kr.
2. Til að byggja hænsna- og svínahús ..... 1500 —
3. Til að kaupa vatnsdælu (til vara) ..... 700 —
4. Til að kaupa háspennuketil ..... 2000 —
5. Til lagfæringar á umhverfi hælisins ..... 2000 —

Alls 7500 kr.

Það sjest á þessu að vísu, að n. hefir ekki treyst sjer til að veita alla hina umbeðnu upphæð. Það er ekki nema fullur þriðjungur þess, sem farið var fram á, en það er í fullu samræmi við till. og skoðanir landlæknis, sem n. ber þetta fram, og hún væntir, að þessi styrkur bæti úr bráðustu þörfum, sem þarna eru.

Þá er 19. brtt. Það er hækkun á liðnum, sem veittur er samkv. launalögum á kostnaði við vegalagningar, og er ekkert um það að segja; það er aðeins leiðrjetting og því alveg sjálfsögð breyting. Hafði dýrtíðaruppbótin af vangá fallið úr upphæðinni.

Sama er að segja um næstu tvær brtt., 20. og 21., það er aðeins leiðrjetting á skekkju, sem kom fram á launum vegamálastjóra og aðstoðarmanns, sem sjálfsagt er að setja rjett í frv.

Þá er 22. brtt. Hún lýtur að því að hækka liðinn til aðstoðarmanna og mælinga um 4000 kr. Er þar aðeins um leiðrjettingu að ræða, því að það er auðsjeð, að ekki verður komist af með minni greiðslu en n. leggur til, því að það er vitanlegt, að fyrirhuguð störf eru með langmesta móti, og nægir því ekki að hafa lægri upphæð en áður hefir þurft að greiða, því af þessum lið eru greidd laun tveggja aðstoðarmanna meðal annars, og síð-

ustu tvö árin hefir þessi kostnaður numið fullum 20 þús., svo að sýnilegt er, að þessi liður verður heldur of lágur en of hár, þótt samþ. verði till. n., sem jeg tel sjálfsagt.

Þá kem jeg að 23. brtt. Það er kostnaður, sem ætlaður er til slitlags á akvegum. Er liður þessi hækkaður jafnt og tilsvarandi tekjuliður, sem jeg gat um áðan. En n. vildi í sambandi við það benda á, að hún telur sanngjarnt og rjett, að þessum skatti sje varið til slitlags á þjóðvegum í þeim hjeruðum, þar sem skatturinn fellur til, en hitt sje ekki rjett, að nær öllum skattinum sje varið til þess að leggja slitlag á vegina næst Reykjavík, heldur komi það jöfnum höndum um hjeruðin, þar sem skatturinn fellur til.

Þá er 24. brtt. n., um að tillög til akfærra sýsluvega hækki um 5 þús. kr. Þessi till. kom frá vegamálastjóra, en mjer skilst, að fyrir vangá hafi hún ekki verið tekin í stjfrv., og held jeg, að ekki þurfi að fjölyrða mjög um hana; bæði er gerð allítarleg grein fyrir henni í nál., og hinsvegar er víst hv. þdm. mjög vel kunnugt um þær miklu kröfur, sem gerðar eru frá sýslunum um að fá aukin framlög af þessum lið, og þykir n. ástæða til að hækka hann lítils háttar. Og þar sem hjeruðin verða að leggja fram helming á móti, lítur n. svo á, að tiltölulega mikill hagnaður verði að þessu fjárframlagi. Hefi jeg svo ekkert frekar um þetta að segja, en vonast eftir, að hv. þdm. fallist á þessa brtt. n.

Þá er næst 25. brtt., sem lýtur að því að hækka tillagið til sýsluvegasjóða upp í 65 þús. kr. Þar er aðeins um leiðrjettingu að ræða, því að það er auðsjeð af þeim skýrslum, sem lágu fyrir n. frá vegamálastjóra, að það verður ekki komist af með minni upphæð, því að þessi framlög eru lögbundin og miðuð við framlög hjeraðanna, og eftir fyrirliggjandi skýrslum er sýnilegt, að þessi upphæð verður það minsta, sem í reyndinni þarf óhjákvæmilega að greiða til þessara vegagerða.

Þá er 26. brtt. n. Hún er um að „gististyrkur" sje lækkaður úr 4 þús. kr. niður í 3 þús. kr. Eins og menn vita, þá hefir um alllangt skeið verið veittur styrkur ábúendum á afskektum stöðum við þjóðvegi, og hefir sá styrkur síðustu árin numið 3 þús. kr. og skiftingin farið fram eftir ákveðnum reglum. En í gildandi fjárlögum var þessi liður hækkaður um 1 þús. kr., en það var með sjerstöku tilliti til þess, að 1 þús. kr. átti að verja til að hjálpa ábúandanum á Bakkaseli í Öxnadal til að gera þar eitthvað byggilegra. En nú hefir ríkissjóður keypt þessa jörð, og þar verður að sjálfsögðu, eftir því sem n. hefir kynt sjer, bygt upp á kostnað ríkisins nú í sumar, og þá verða að sjálfsögðu hvorki borgaðar út þessar 1 þús. kr., sem ætlaðar voru ábúandanum í gildandi fjárlögum, nje heldur er ástæða til að setja þennan styrk í það fjárlagafrv., sem hjer er um að ræða, svo að þess vegna leggur n. til, að styrkurinn sje lækkaður um 1 þús. kr., en ætlast hinsvegar til, að styrkurinn sje greiddur til sömu staða og áður, og hefði máske verið rjettara að taka það fram í nál., en n. hefir þó ekki gert það, en hún ætlast sem sagt til, að það verði

á sama grundvelli og undanfarið, að öðru leyti en því, að þessi 1 þús. kr. byggingarstyrkur fellur niður.

Þá kemur 27. brtt. n., um hækkun til nýrra símalagninga. Í nál. er gerð allítarleg grein fyrir þeim till. n., og vil jeg þess vegna að mestu leyti vísa til þess, sem þar er sagt, án þess að vera að endurtaka það hjer nema lítillega. Vil jeg aðeins drepa á það, að eins og nál. ber með sjer, hefir landssímastjóri lagt til, að upp í fjárlög sjeu teknar 537 þús. kr. til að byggja nýjar símalínur fyrir, en þar sem stj. þó ekki hefir treyst sjer til að ganga lengra en að veita 300 þús. kr., þá sá n. það, að ef ekki yrði hægt að leggja meira en 300 þús. kr. til símalagninga, en þó hinsvegar farið eftir till. landssímastjóra, þá mundi þessi upphæð, sem veitt er, ganga öll til einnar símalínu, sem sje Suðurlandslínunnar. Það er svo, eins og sjá má, að fyrstu þrjár till. frá landssímastjóra ganga allar til hennar; þær eru til samans 300 þús. kr. Þetta þótti n. dálítið harðir kostir gagnvart öðrum hjeruðum, sem mikla þörf hafa fyrir nýjar símalínur, að þetta lenti alt þarna á einn stað, ekki síst vegna þess, að á undanfarandi árum, 1928 og '29, fer ekki óverulegur hluti af símalagningafje einmitt til þessarar sömu línu. Þess vegna var það, að n. fór fram á það við landssímastjóra, hvort ekki mætti minka þetta tillag að þessu sinni, svo að nokkuð yrði notað í öðrum hjeruðum, en hann hjelt fast við þá till., að nauðsynlegt væri að ljúka við þessa línu og til þess þyrfti þessar 300 þús. kr., enda kæmi þessi lína ekki að fullu gagni fyr, og því rjett að leggja áherslu á að ljúka við hana. En hinsvegar kvað hann sjer kært, ef n. vildi leggja til, að hækkað yrði tillagið til símalagninga, svo að hægt væri að leggja símalínur víðar, og benti þar t. d. á línuspottann frá Dalvík til Siglufjarðar, og að óhjákvæmilegt væri að tvöfalda þá línu. Það varð því niðurstaðan hjá n., að hún treysti sjer ekki að breyta till. landssímastjóra gegn hans ákveðnu mótmælum. En til þess að hægt sje að bæta úr brýnustu þörf annarsstaðar, leggur hún til að hækka tillagið til símalagninga yfir höfuð um 50 þús. kr., og vil jeg vísa til þess, sem um þetta mál er sagt í nál., sem er nokkuð greinilegt, og geri jeg ráð fyrir, að hv. þdm. hafi þegar kynt sjer það.

Þá er 28. brtt. aðeins um það, að aths. er flutt úr 13. gr. í 23. gr., og verður gerð nokkur grein fyrir því síðar.

29. brtt. n., um það að hækka um 5 þús. kr. framlög til símaeftirlitsstöðva, er aðeins leiðrjetting, bygð á því, að n. sá það af skýrslum, sem fyrir lágu, að sá liður mundi verða hærri í reyndinni en áætlað er, og það byggist á því, að þessum stöðvum fjölgar árlega úti um land; t. d. bættust við 24 nýjar stöðvar árið sem leið, og því sjálfsagt, að rekstrarkostnaðurinn hækkar við fjölgun stöðvanna. Það þýðir þess vegna ekkert annað en að áætla kostnaðinn nokkurn veginn eins og sjáanlegt er, að útgjöldin hljóta að reynast.

Þá kemur 30. brtt., sem er dálítil fyrirkomulagsbreyting. Vitamálaskrifstofan hefir að undanförnu haft með höndum ýmsan undirbúning um hafnarmannvirki; hún hefir gert mælingar, samið kostnaðaráætlanir og gert upp-

drætti, og þessi störf hafa árlega farið vaxandi, vegna þess að meira og meira er að þessum framkvæmdum unnið. Þessi undirbúningsstarfsemi í vitamálaskrifstofunni kostar vitanlega mikla vinnu og allmikið fje, en þetta er alt fært á grein, sem nefnd er vitamál. Nú hefir vitamálastjóri stungið upp á, að þessari fyrirsögn sje breytt, og hefir n. fallist á, að það sje rjett, og leggur til, að hún verði: Vitamál og hafnargerðir —, en leggur þá jafnframt til, að ýmsar fjárveitingar til bryggju- og hafnarbóta sjeu færðar af 16. gr. yfir í 13. gr. í sambandi við þetta, og þessar þrjár smátill. n. lúta að þessu formsatriði, sem jeg vona, að hv. d. geti fallist á, að sje eðlilegt.

Þá er 33. brtt. n. Hún er um það að hækka tillagið til að reisa nýja vita um 20 þús. kr., upp í 80 þús. kr. Það hefir á undanförnum þingum legið fyrir till. um það, að nauðsynlegt væri að koma upp vita nálægt Horni á Hornströndum og sýnt fram á þá nauðsyn, sem á því væri vegna allra siglinga milli Norðurlands og Vesturlands. Áætlaður kostnaður við að byggja þennan vita við Horn er eitthvað fullar 80 þús. kr., en þar í er að vísu kaup á eyðijörð, sem þarf að byggja upp, en sú eyðijörð hlýtur að vera lítils virði og er svo talið af vitamálastjóra, að hún muni fást fyrir lítið verð. Þetta vitastæði hefir verið rannsakað, bæði að því er snertir staðinn og kostnaðinn. Það er ætlast til, að það verði nokkuð sterkur viti — 50000 kerta —, sem standi þarna skamt austan við Hornbjarg, í svonefndri Látravík. N. hefir fyrir sitt leyti fallist á þá skoðun, að þann vita ætti að reisa næst, en þá þarf að hækka tillagið til vitabygginga, og gerir hún það því að till. sinni, að tillagið verði fært upp í 80 þús. kr. og væntir, að sú upphæð muni nægja, þótt raunar áætlað sje, að vitinn muni með öllu kosta 83 þús.

Þá er 34. brtt. n., sem er um það, að liðurinn „Ýmislegt" verði hækkaður um 10 þús. kr. Fer n. fram á þá hækkun vegna þess, að vitamálastjóri hefir óskað eftir því og sýnt fram á, að það væri nauðsynlegt, að ríkið keypti ýmisleg áhöld, sem notuð yrðu bæði við bryggjugerðir og framkvæmdir á ýmsum hafnarmannvirkjum, sem, eins og jeg tók fram áðan, færast mjög í vöxt. Hefir hann sjerstaklega nefnt kafarabúning, fallhamar, lyftivjel, hrærivjel o. fl. og farið fram á, að 20 þús. kr. væru veittar til að útvega þessi nauðsynlegu tæki. N. viðurkennir, að það væri rjett og æskilegt að kaupa smám saman þessi áhöld og tæki, eftir því sem þörf væri á, en hún treystir sjer þó ekki til að þessu sinni að mæla með hærri upphæð í þessu skyni en 10 þús. kr., og leggur því til, að þessi liður sje hækkaður um þá upphæð, með það fyrir augum, að verja megi 10 þús. kr. til kaupa á allra nauðsynlegustu tækjum.

Þá kem jeg að 35. brtt., sem er í fleiri liðum, og vil jeg geta þess, að það er að vissu leyti ekki alveg rjett, sem stendur hjer fyrir ofan, að þetta sjeu alt nýir liðir, sem hjer er farið fram á. Þeir eru nýir í þessari grein, en það eru ýmsir þeirra, sem áður hafa staðið í 16. gr., en eru nú færðir í 13. gr. Ætla jeg fyrst að víkja að a-liðnum, um að veitt sje til bryggjugerða og lendingarbóta alt að ⅓ kostnað-

ar, gegn ⅔ annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun, 25500 kr. Þar leggur n. til, að sá liður, sem í fjárlagafrv. stendur, 12 þús. kr., sje hækkaður upp í 25500 kr., og er í nál. gerð grein fyrir því, hvernig n. hugsar sjer, að þessu fje sje varið; ætla jeg lítilsháttar að drepa á það.

Það er þá fyrst, að fyrir n. lá erindi um bryggjugerð í Ólafsfirði, og fylgdi því erindi kostnaðaráætlun og uppdráttur af verkinu. Þar er um endurbyggingu á bryggju að ræða, sem hefir skemst og að nokkru leyti eyðilagst, en sem óhjákvæmilegt er að byggja upp aftur. Þessi kostnaðaráætlun, sem er glögg og skýr, mun nema um 25 þús. kr., og fanst n. óhjákvæmilegt að mæla með því, að ríkið greiddi ⅓ af þessum áætlaða kostnaði, eða 8 þús. kr.

Næst er till. um að veita til bryggjugerðar í Flatey á Skjálfanda ⅓ kostnaðar. Það er endurveiting, sem stendur í þessa árs fjárlögum, og fer jeg því ekki frekari orðum um hana.

Þá er till. n. um styrk til bryggjugerðar á Hofsósi, 5500 kr. Fyrir n. lá beiðni um þennan styrk ásamt lýsingu og kostnaðaráætlun vitamálastjóra um þetta mannvirki, er sýnir, að verkið muni kosta á 17. þús. kr. Er það till. n., að til þessa verks verði veittur ⅓ kostnaðar, eða 5500 kr.

Enn lá fyrir n. erindi frá hreppsnefnd Akraneshrepps um að ríkið styrkti umbætur á bátalegunni í Lambhúsasundi. Eins og menn vita, þá er afarmikið um bátaútveg á Akranesi, og hefir hann farið stórvaxandi hin síðustu árin. Hinsvegar er höfnin þar mjög ótrygg, og er stór nauðsyn að bæta þar um. Eru hafnarbæturnar hugsaðar svo, að leggja 4 botnstrengi úr járnkeðju um þvert sundið, sem bátarnir gætu legið við. N. var að sjálfsögðu ekki fær um að dæma, hversu tryggilegt þetta fyrirkomulag mundi reynast. En það hefir verið reynt í Vestmannaeyjum undanfarið, með besta árangri. Taldi n. því sjálfsagt, að ríkið styrki þessa öryggisviðleitni. Málaleitun þessari fylgdi greinileg lýsing á mannvirkinu, og er kostnaður áætlaður 51 þús. kr. Telur n. rjett að styrkja þetta að ⅓ kostnaðar, en leggur til, að styrknum verði skift á 2 ár, 8500 kr. hvort árið. Samtals nema þessar upphæðir til bryggjugerða og lendingarbóta 25500 kr., og er það 13500 kr. hærra en gert var ráð fyrir í frv.

B-liður till., til lendingarbóta í Gerðum í Garði, er ekki nýr liður, heldur er hann fluttur frá 16. gr. og í 13. gr. Þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um það.

C-liður er aftur á móti nýr, 3500 kr. til að dýpka Snepilrás, lokaveiting. Þetta er kunnugt mál hjer á þingi og hefir verið veitt til þess áður. Er nú svo komið, að hægt er að ljúka verkinu, ef till. verður samþ. Leggjum við til, að veittur verði helmingur kostnaðar, í samræmi við það, sem áður hefir verið veitt, og með það fyrir augum, að hjer er um óvenjulega erfitt verk að ræða, en kraftlitlir menn, er að því standa.

Þá held jeg, að ekki sjeu fleiri brtt. frá n. hendi við þennan kafla fjárlagafrv., og læt jeg því staðar numið að sinni, því um brtt. einstakra þm. mun jeg ekki tala fyrir n. hönd fyr en flm. hafa gert grein fyrir þeim.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg vil þakka hv. fjvn. fyrir starf hennar, því þrátt fyrir það, þó að jeg hefði kosið, að það hefði gengið greiðara, þá verð jeg að játa, að þar var mikið verk að vinna. Ýmiskonar fjárbeiðnum og umsóknum fer fjölgandi með ári hverju og það verður æ erfiðara fyrir fjvn. að pæla í gegnum alla þá skjalabunka og taka ákvörðun um, hvað gera skuli. Jeg verð að líta svo á, að yfirleitt beri till. n. vott um, að hún vilji fara gætilega. Það eru tiltölulega fáar till. hennar, sem hægt er að segja um, að sjeu gersamlega óþarfar. Jeg játa fúslega, að ekki varð hjá því komist að hækka gjaldahlið fjárl., og yfirleitt get jeg fallist á flestar þær hækkanir, er n. flytur. Þá hefir n. hinsvegar til að jafna hallann tekið það ráð að hækka tekjubálkinn. Nú er það svo, að sá tími, er fjárlögin eiga að gilda um, er svo langt framundan, að engu er hægt um það að spá, hvernig árið muni reynast, og það þýðir ekki mikið að deila um, hvort þessi eða hinn liðurinn sje of hátt eða lágt áætlaður. En jeg geri ráð fyrir, að verði slæmt árferði 1930, þá sje hæpið, að áætlunin fái staðist. En hinsvegar vil jeg ekki halda því fram, að hún sje sjerstaklega óvarleg.

Jeg skal að öðru leyti ekki fara út í einstakar brtt. Jeg vil mega vænta góðrar samvinnu við hv. fjvn. og vona, að hún haldi þeirri stefnu, er hún hefir tekið upp, að veita ekki aðgang að fjárlögunum óþörfum útgjöldum. Eins vænti jeg góðrar samvinnu við hv. deild, að hún afgreiði frv. greiðlega og vinni að því, að því verði skilað tekjuhallalausu. Í frv. er óvenjumikið fje ætlað til ýmiskonar verklegra framkvæmda og þarfra fyrirtækja, og ættu hv. þm. því fremur að geta neitað sjer um að knýja fast á með fjárbeiðnir, er beðið geta eða eru að meira eða minna leyti óþarfar.

**Sveinn Ólafsson:** Það verður einhver að rjúfa þá miklu þögn, sem hjer ríkir, og skal jeg þá ríða á vaðið. Reyndar eiga ýmsir aðrir bæði fleiri og umfangsmeiri till. en jeg að tala fyrir.

Jeg á einungis eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna, XI. brtt. á þskj. 345, um 12000 kr. fjárveitingu til að byggja loftskeytastöð í Papey með miðunaráhaldi. Jeg býst við, að flestum þdm. sje lítið kunnugt um það, sem gerst hefir undanfarið um viðbúnað til byggingar loftskeytastöðvar í Papey. Því hefir oft verið hreyft heima í hjeraði og nú síðast leitað til sjerfróðra manna, fyrst og fremst til vitamálastjóra og landssímastjóra, en einnig til annara, er skyn bera á þá hluti. Landssímastjóri hefir gert áætlun í tvennu lagi um byggingu stöðvarinnar, og er till. þessi miðuð við lægri upphæðina. Taldist honum svo til, að fullkomin loftskeytastöð, er næði á hverjum tíma til Reykjavíkur, mundi kosta um 20 þús. kr. En minni stöð, er oftast á að ná til Reykjavíkur, en er þó ekki örugg, á að kosta 7500—8000 kr. Hefir það orðið að samkomulagi við vitamálastjóra að haga till. svo, að ef lítil stöð verður reist í Papey, þá verði sett þar upp miðunartæki í sambandi við stöðina, svo úr því verði skorið, hvort unt er að gefa miðanir og leiðbeina skipum í dimmviðri frá

þessari litlu stöð og þannig fullnægja ætlunarverki radiovita, sem bráðlega hlýtur að verða reistur á einhverju andnesinu eystra. Að hjer er farið fram á 12 þús. kr. í stað 7500 kr., sem áætlun landssímastjóra hljóðar um, stafar af því, að vitamálastjóri leggur áherslu á það, að miðunartæki verði reynd þarna um leið og loftskeytastöð verður reist, en verð sjálfvirkra miðunartækja er áætlað 4—5 þús. kr. Út af fyrir sig eru þau ekki nauðsynleg, er radioviti kemur nærlendis, og mætti þá flytja þau burt og nota þau annarsstaðar.

Að nauðsynlegt sje að koma eynni í hraðfrjettasamband við land, mun enginn efast um, sem staðhætti þekkir. Jeg vil aðeins benda á það, að í sveitunum og verstöðvum milli Austurhorns og Dalatanga eru fleiri smábátar undir 12 smálesta stærð en í nokkru öðru hjeraði landsins. Samkv. fiskiveiðaskýrslum fyrir árið 1927 voru þarna í förum 180—200 slíkir bátar á því ári, auk nokkurra stærri. Siglingaleið er þarna hæpin og hættuleg vegna grunnsævis kringum eyna. Það, sem hjer er farið fram á, er öryggisráðstöfun sjómannanna vegna. Þeir mörgu menn, sem þarna eiga leið um með dýr farartæki, eiga sanngirniskröfu á, að eitthvað sje þeim til öryggis gert. Sjómenn leita oft til Papeyjar undan veðri, en þaðan geta þeir ekki gert vart við sig eða kallað á hjálp úr landi. Eru því oft gerðar umfangsmiklar og dýrar ráðstafanir til að leita þeirra, er ekki hafa náð til hafnar og haldnir eru týndir, en reynast þá að liggja undir eynni.

Hin hlið þessa máls veit að veðurstofunni. Það er álit veðurstofustjóra, að Papey sje hinn ákjósanlegasti staður til veðurathugana. En veðurathuganir þar koma ekki að notum meðan eyjan er ekki í hraðfrjettasambandi við umheiminn. Upphæðin, sem um er beðið, er ekki há, þar sem horfið hefir verið að því að taka litlu stöðina, og síst þegar miðað er við það margháttaða verkefni, sem henni er ætlað. En það er hægt að sætta sig við þessa úrlausn, því að jafnvel með litlu stöðinni verður aðaltilganginum náð. Það verður altaf hægt að koma veðurskeytum annaðhvort til Reykjavíkur eða Seyðisfjarðar, en þaðan eru þau daglega símuð til veðurstofunnar eða til útlanda, þegar landssíminn er slitinn, og koma þá loftleiðina hingað frá útlöndum.

Að lokum skal jeg bæta því við, að eftir því sem jeg held, þá mundi önnur sú stöð, sem ætlað er að leggja niður á Suðurströndinni á næsta sumri, er landssímalínan kemur austur um, ef til vill nægja þarna, og gæti þá kostnaðurinn við að reisa stöð í Papey horfið að meira eða minna leyti, ef niðurlagða stöðin önnur yrði flutt til eyjarinnar.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg hefði gjarnan viljað tala nokkuð um frv. alment, því eins og venja er til, þá er fremur lítið gert að því við 1. umr. En jeg býst þó við að sleppa því að mestu. Þó að jeg hafi ritað undir nál. fyrirvaralaust, þá eru það þó allmörg atriði, sem jeg ekki er samþykkur og hefi óbundnar hendur um, þegar til atkvgr. kemur. Skal jeg að sinni aðeins minnast á tvær till. n.

Í frv. áætlar stj. tekju- og eignarskatt 1050000 kr. Þetta færir n. upp

í 1100000 kr. Þessa hækkun byggir n. á niðurstöðu 3 síðustu ára og horfum um gott árferði. En hvorki í frv. eða í till. er gert ráð fyrir, að stj. neyti heimildarinnar til að heimta inn tekjuskattsviðaukann. Þessu er jeg gersamlega ósamþykkur. Jeg lít svo á, að skattinn beri að áætla með það fyrir augum, að þeirrar heimildar verði neytt.

Í frv. er gert ráð fyrir tekjum af skólagjöldum, 15000 kr. Jeg er einnig andvígur þessum lið og mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 348, frá hv. 2. þm. Reykv., um að fella hann niður, og þá líka aths. við 14. gr. B. VII.

Það eru að sjálfsögðu margir aðrir liðir, sem mjer þætti ástæða til að tala nokkuð um, en sem jeg mun þó ekki gera að sinni.

Undir þennan kafla fjárl. falla nokkrar brtt., sem jeg er aðalflm. að eða meðflm. Er það þá fyrst brtt. á þskj. 345, II., sem jeg og hv. þm. Borgf. flytjum. Ef hv. þdm. líta í fjárlfrv. stj. og bera það saman við fjárlfrv. fyrri ára, þá munu þeir sjá, að aftan við 3. lið 10. gr. er bætt nýjum málslið, sem er gengismunur á upphæðunum í 8. gr. og 10. gr. III. 1—3, samtals 25 þús. kr. Jeg verð nú að álíta, að sjálfsagt sje, að allar þær upphæðir, sem greindar eru í fjárlögunum, sjeu taldar í ísl. kr., því niðurstaða fjárl. verður þó altaf að sjást í ísl. krónum. Í frv. stj. fyrir 1930 er brugðið út af þessu. Þar eru laun sendiherra og kostnaður við meðferð utanríkismála og ríkisráðskostnaður færður eins og það væri ísl. kr., en 5. liðurinn upplýsir, að þar er átt við danskar kr. Till. okkar hv. þm. Borgf. er því sú, að þessu verði breytt og að sú raunverulega upphæð verði talin í hverjum lið í ísl. krónum og 5. liður feldur niður. Þetta breytir 10. gr. ekkert að efni til, en veldur aftur á móti efnisbreyt. á 8. gr. hvað snertir borðfje konungs. Það er að upphæð 60 þús. kr. og er þar að sjálfsögðu átt við ísl. krónur, en sú venja hefir verið upp tekin í fullu heimildarleysi að greiða þetta í dönskum krónum. Þessu ætlast hæstv. stj. og fjvn. til, að enn sje fylgt, eins og sjá má af 5. lið 10. gr. III. Nú erum við hv. þm. Borgf. og jeg sömu skoðunar um þetta og í fyrra og leggjum til, að þessu verði breytt, svo að allar greiðslur fjárl. sjeu taldar í ísl. kr. og gengisuppbót af borðfje konungs þar með feld niður.

Þá á jeg aðra brtt. á þskj. 345, IV. ásamt hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf., um að veita Ólafi Stefánssyni á Ísafirði 3000 kr. upp í kostnað við að leita sjer lækninga í París við krabbameini í vjelinda. Vil jeg leyfa mjer að skýra hv. þdm. frá tilefni þessarar till. Jeg og meðflm. mínir lítum svo á, að hjer standi alveg sjerstaklega á. Saga málsins er sú, að þessi maður fjekk í fyrra sumar meinsemd í hálsinn og leitaði þá til læknis á Ísafirði. Mun læknirinn hafa litið svo á, að ef ekki væri aðeins um lítilfjörlega hálsveiki að ræða, þá væri krabbi í vjelindanu. En slík meinsemd hefir verið talin alls ólæknandi til þessa, og alls engin tök eru á að lækna hana hjer á landi. Áleit læknirinn rjettast að gera ekki manninn óttasleginn eða vonlausan, meðan ekki væri alveg fullvíst, að um krabbamein væri að ræða; ráðlagði hann því mann-

inum að skola hálsinn, fara vel með sig og vera vongóður. Leið svo sumarið og batnaði manninum ekkert. Fór hann þá hingað suður og hittir hjer lækni, sem segir honum afdráttarlaust, að hann hafi krabbamein í vjelindanu, og hafi það hingað til verið talið ólæknandi. Spurði Ólafur þá lækninn að því, hvort það væri fullvíst, að ekki fengist lækning á þessu. Gaf læknirinn honum þau svör, að það væri talið nær ólæknandi og hjer væru engin tök á að lækna það, en þó væri í París læknir nokkur, er tekist hefði að hjálpa mönnum í þessu. Maðurinn sá, að ekki var nema um tvent að gera, að halda að sjer höndum og bíða dauðans hjer heima, eða reyna að ná til þessa læknis. Með hjálp góðra manna tókst honum að komast til París. Kostnaðurinn við þessa ferð varð mikill. Mun hann hafa greitt lækninum ca. 40 þús. frakkneska franka. Alls mun kostnaðurinn hafa verið um 10 þús. ísl. kr. Þegar maðurinn kemur heim aftur, líður honum nokkru betur. En svo versnar honum aftur í vetur, og var að lokum komið svo, að hann kom engum mat niður. Var hann þá fluttur hingað suður og tókst að víkka vjelindað nokkuð. Líður honum nú nokkuð betur, en þó er alveg óvíst um bata. Maður þessi er efnalaus, svo að það er víst, að ef hann verður ekki styrktur neitt, verður hann að leita á náðir hins opinbera.

En það, sem jeg vildi sjerstaklega benda á í þessu sambandi og álít að styðji það, að þessi maður fái styrk, er það, að hjer stendur alveg sjerstaklega á. Maðurinn hefir enga von um að fá bata hjer á landi, en nokkra, ef hann getur komist til þessa erlenda læknis. Það er ekki nema um tvent fyrir hann að ræða: Annaðhvort að bíða dauðans eða komast til útlanda. Hvort ferð á læknisfund mundi bera tilætlaðan árangur, er ekki gott að segja um. Jeg vil leyfa mjer að benda hv. þdm. á það, að flestir þeirra, er lækningu fá hjer heima, eru meira og minna styrktir af opinberu fje; ríkið leggur stórfje til lækna og sjúkrahúsa. Er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að styrkja þá eitthvað til utanferða, er ekki geta fengið lækningu hjer heima. Jeg skal geta þess, að umsókn þessi var send landlækni til umsagnar og staðfesti hann það, sem jeg hjer hefi sagt, í öllum greinum og gerði það að till. sinni til fjvn., að þessum manni væru veittar 3000 kr. Er það sú upphæð, er jeg hefi tekið hjer upp í till. mína.

**Einar Jónsson:** Jeg vildi aðeins taka það fram, að jeg og hv. meðflm. minn að brtt. á þskj. 345, X, um að veita fje til dragferju á Hólsá í Rangárvallasýslu, tökum hana aftur til 3. umr., vegna sjerstakra upplýsinga, er við þurfum að gefa hv. fjvn. henni viðvíkjandi.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg vildi aðeins mæla örfá orð með þeirri brtt. á þskj. 345, er jeg flyt þar ásamt hv. þm. Ísaf. Það er alt rjett, sem hann hefir þegar sagt um þennan Ólaf Stefánsson. Aðeins vil jeg bæta því við, að þessi maður var einn af bestu handiðnamönnum vestur þar. Hann er algerlega eignalaus. Mundi honum falla það mjög þungt, ef hann þyrfti að gefast upp vegna þessa sjúkdómskostnaðar. En eins og hv. þm. Ísaf.

sagði, er það sanngjarnt, að þeir, sem verða að leita sjer lækninga til annara landa vegna þess að hún fæst ekki á sjúkrahúsum hjer, fái nokkra hjálp frá ríkinu. Það hefir verið svo um ýmsa starfsmenn ríkisins og embættismenn, sem leitað hafa sjer lækninga erlendis, að þeim hefir verið veittur sjúkrastyrkur. Og þar sem svo sjerstaklega stendur á eins og í þessu tilfelli, þá finst mjer það blátt áfram skylda fjárveitingavaldsins að hlaupa undir bagga. Jeg skal taka það fram, að jeg talaði við Ólaf nú fyrir nokkrum dögum. Hafði hann þá betri von um það, að heilsa sín mundi batna. En það, sem lá honum þyngst á hjarta, var það, að ef hann fengi enga hjálp, þá neyddist hann til þess að leita á náðir hins opinbera. Vænti jeg þess, að hv. þdm. sjái nauðsyn þessa máls og hjálpi þessum manni með því að greiða atkv. með þessari brtt.

Þá vildi jeg mæla örfá orð um lendingarbætur í Hnífsdal. Fyrir hv. fjvn. lá beiðni frá Hnífsdælingum um að styrkja þá til þess að koma upp hjá sjer bátabryggju. Hv. n. hefir ekki sjeð sjer fært að taka þetta upp í till. sínar, og má vera, að það sje af því, að þeir fóru fram á nokkuð hærri styrk en venjulegt er, eða alt að helmingi kostnaðar. Gert er ráð fyrir, að þessi bryggja kosti um 80 þús. kr., svo það yrðu þá samkv. umsókninni 40 þús. úr ríkissjóði. En þess er rjett að geta, að þessi upphæð gæti skiftst niður á nokkur ár. Því samkv. því, sem verkfræðingur sá, er hefir athugað þetta, segir, þarf ekki að ljúka verkinu öllu í einu.

Það eru óvenjulegir örðugleikar, sem þessir duglegu sjómenn þarna í Hnífsdal hafa við að stríða. T. d. verða þeir að flytja bátana til Ísafjarðar að enduðum róðri. Í Hnífsdal er engin bryggja, og verða þeir að skipa fiskinum upp á smábátum, og tekur það oftast 3—5 tíma að flytja fiskinn í land. Má nærri geta, hvað það tefur tilfinnanlega mikið fyrir, þegar mikið aflast, eins og t. d. nú í vetur. Jeg mun við 3. umr. flytja brtt. í þá átt, að þessir menn verði styrktir, en jeg veit ekki ennþá, hve há hún verður. Þarf jeg fyrst að fá ýmsar upplýsingar. En jeg vildi aðeins benda á nauðsyn þessa máls nú við þessa umr.

Þá er jeg mjög þakklátur hv. fjvn. fyrir það, að hún skyldi hækka framlögin til símalagninga um 50 þús. kr. Vildi jeg mega vænta þess, að af þeim lið verði varið um 30 þús. kr. til þess að leggja símalínu frá Ögri um Æðey til Snæfjallastrandar. Þessi lína hefir verið í símalögunum síðan 1913. Um nauðsyn þessarar línu hefir áður verið talað hjer. Hitt vita máske ekki allir, að aldrei hefir verið eins greinileg nauðsyn fyrir þessa línu og nú. Kom það best í ljós í vetur. Þá vildi svo til, að Djúpið fyltist af fiski og rjeru allir að vestanverðu og fiskuðu ágætlega. En vegna þess að ekkert símasamband var, vissu þeir norðanmegin Djúpsins ekkert um þetta, því þá voru engar samgöngur í marga daga. Meðalafli manna vestanmegin mun hafa verið 150 kr. hlutur þá 10 daga, sem fiskgangan stóð við. Hefðu nú menn norðanmegin Djúpsins vitað um þetta, hefðu þeir fengið sama afla. Hafa þeir því beinlínis tapað 8—10 þús. kr. á því að hafa ekki síma. Auk þess er það svo með beitu, að hún aflast ein-

göngu vestanmegin, og vita þeir norðanmegin ekkert um það, hvenær beita atlast, fyr en þeir komast í símasamband. Á þetta vildi jeg benda og þætti vænt um að heyra álit hv. frsm. fjvn., hvort n. ætlast ekki til, að af því fje, sem fara á til símalagninga 1930, fari um 30 þús. kr. í þessa símalínu.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Jeg flyt hjer eina brtt. á þskj. 345 VI., ásamt hv. þm. N.-Þ., þess efnis, að Unni Vilhjálmsdóttur verði veittur sjúkrastyrkur að upphæð 1500 kr., og til vara 1200 kr. Síðasta þing veitti henni nokkurn styrk til dvalar erlendis. Í sumar átti jeg þess kost að hitta hana og tala við lækni hennar. Upplýstist þá, að hún þyrfti að dvelja 1—2 árum lengur en gert hafði verið ráð fyrir, ef nokkur batavon ætti að vera. Læknir hennar ráðlagði henni mjög að dvelja áfram, og í einkasamtali við mig sagði hann, að ef sú breyt. yrði á högum hennar, að hún þyrfti bráðlega að hverfa frá sjer, þá teldi hann fullvíst, að hún fengi engan bata, því taugaveiklun hennar væri á háu stigi. Vona jeg, að hv. þdm. taki vel undir þessa beiðni, með því líka að það er skilyrði þess, að sá styrkur, er hún fjekk í fyrra, komi að nokkrum notum. Hinsvegar býst jeg við, að þetta verði síðasta eða næstsíðasta veiting, því dugi ekki eins eða tveggja ára styrkur í viðbót, þá mun sennilega lítil batavon, og því ekki hætta á því, að aftur verði leitað á náðir Alþingis.

**Jóhann Jósefsson:** Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárl. Er hún á þskj. 347, VII., um að veita Þorgils Þorgilssyni nokkurn utanfararstyrk til heilsubótar. Þessi maður varð fyrir því slysi 1911 að detta af nestbaki. Hlaut hann slík meiðsli af því, að hann varð máttlaus í vinstra handlegg. Síðan hefir hann oft haft miklar kvalir í honum og oft svo, að hann má heita friðlaus. Hann hefir að vísu verið svo heppinn að fá atvinnu við skriftir, en er vitanlega alls ekki liðgengur til vinnu, ef út í það væri farið.

Þessi maður hefir hvað eftir annað leitað læknisráða bæði hjá Ólafi Lárussyni og Guðmundi Thoroddsen. Ráðlagði hinn síðarnefndi honum að fara til útlanda og vita, hvort hann gæti ekki fengið einhverja bót meina sinna, a. m. k. við kvölunum. Væri ekki óhugsandi, að einhver sjerfræðingur gæti ef til vill hjálpað honum, svo að handleggurinn yrði honum einhvers virði.

Jeg þarf ekki að lýsa því, að hjer er um mjög fátækan mann að ræða, sem hefir fyrir fjölskyldu að sjá og getur því ekki komist þetta án einhverrar hjálpar. Leitaði hann því til hv. fjvn., en hún hefir ekki sjeð sjer fært að verða við beiðni hans. Hefi jeg því flutt þessa brtt., til þess að geta komið tilmælum þessa manns að á þeim vettvangi, er hv. fjvn. er ekki einráð um það, hversu fer með slíkar beiðnir. Jeg þarf svo ekki að fjölyrða um þetta, en vil aðeins bæta því við, að allir hljóta að skilja, hvílík kvöl það hlýtur að vera fyrir mann að verða fyrir svona slysi á besta aldri. Það eru ekki aðeins líkamskvalir, sem hann verður að líða, heldur bætast þar við þær hugarkvalir, sem maðurinn hlýtur að líða. Það er vitanlega vandi að velja á milli allra þeirra,

sem hjálpar þurfa. En það sýnist þó ekki hvað síst ástæða til þess að hjálpa fjölskyldumönnum, sem berjast í bökkum og eru að reyna að komast hjá því að leita á náðir hins opinbera. Að lokum vil jeg vekja athygli hv. þdm. á því, að jeg hefi líka borið fram varatill., ef aðaltill. skyldi ekki ná fram að ganga. Því þó að sú upphæð sje að vísu ekki nægileg, þá hygg jeg, að góðir menn mundu fást til þess að ljetta undir með Þorgils, svo að hann gæti komist utan.

**Bernharð Stefánsson:** Hv. frsm. n. og hæstv. fjmrh. hafa báðir hvatt til varfærni í afgreiðslu fjárlaganna, og vil jeg síst af öllu draga úr því. Samt hefir það nú farið svo, að jeg hefi leyft mjer að bera nokkrar brtt. fram á þskj. 345, sem vitanlega hafa nokkra hækkun á gjaldaliðnum í för með sjer, en til þess þykist jeg hafa sjerstakar ástæður og þykist geta afsakað það fyllilega. Þessar till. mínar eru að mestu leyti fjárbeiðni fyrir Siglufjarðarkaupstað. Þessi kaupstaður er ungur, eins og menn vita, en í hröðum vexti, og þess vegna er þörf á miklum umbótum til þess að fullnægja vaxandi fólksfjölda. Bæjarfjelagið hefir sjálft gert miklar umbætur nú á síðari árum, en notið lítils styrks frá ríkissjóði, í samanburði við önnur bæjarfjelög, en þessi bær gefur þó ríkissjóði mjög miklar tekjur beint og óbeint. Ennfremur vil jeg benda á það, að þegar fje er veitt til umbóta á Siglufirði, þá kemur það fleirum að notum en bæjarbúum einum, því að ekkert bæjarfjelag á landinu veitir utanbæjarmönnum meiri hlunnindi.

Brtt. mína er að finna í III. lið á þskj. 345. Fer hún fram á fjárframlög til sjúkrahússins á Siglufirði. Síðan jeg skrifaði þessa till. hefi jeg fengið upplýsingar um það, að þegar er ákveðið að veita sjúkrahúsinu 8000 kr. viðbótarstyrk af fje því, sem í núgildandi fjárl. er veitt til sjúkrahúsa. Ennfremur hefir landlæknir lýst yfir því við mig, að hann muni á sínum tíma leggja til, að veittur verði hlutfallslegur styrkur til viðbótarbygginga og röntgentækja. Treysti jeg því, að hv. stj. muni fallast á till. hans í þessu efni og skoða það sem loforð, ef mótmæli koma ekki fram. Tek jeg því þessa till. aftur.

IX. liður á þessu sama þskj. fer fram á, að tillagið til Öxnadalsvegar verði hækkað um 5000 kr. Að jeg get ekki látið mjer nægja 10000 kr., sem ætlaðar eru á fjárlfrv., er af sjerstökum ástæðum, sem jeg vona, að hv. deild geti tekið til greina. Í fyrsta lagi var því fje eytt í fyrra haust, sem ætlað var í núgildandi fjárl. til þessarar vegagerðar, og því býst jeg við, að ekki verði hægt að vinna mikið að verki þessu þetta ár, nema brtt. verði samþ., en þá mundi mega taka t. d. þessa 5000 kr. hækkun og vinna fyrir hana á þessu ári. Orsökin til þess, að fjeð var greitt fyrirfram, var sú, að öll áhersla var lögð á það síðastl. ár að koma veginum að brú einni, sem verið var að byggja. Önnur ástæðan er alveg sjerstök að mínum dómi, og hún er sú, að bifreiðaferðir hófust síðastl. sumar milli Borgarness og Akureyrar, en það gat aðeins skeð sökum þurkanna, sem þá voru, en ef vætutíð kemur, er það enginn vegur. Jeg hefi fyrir mjer orð bifreiðastjóranna um það, að slíkar ferðir geti ekki haldið

áfram nema því aðeins, að áhersla verði lögð á að gera veginn sæmilegan, og öllum ber saman um það, að hvergi á þessari leið sjeu eins miklar hindranir og í Öxnadal, ef eitthvað ber út af með tíð. Þess vegna verður að leggja áherslu á þennan veg, ef bifreiðaferðir milli Akureyrar og Borgarness eiga að geta haldið áfram, en þess held jeg allir óski.

Þá hefi jeg farið fram á, að 7000 kr. verði veittar til byggingar vita á Selvíkurnefi við Siglufjörð, gegn jafnmiklu framlagi frá Siglufjarðarkaupstað. Um þennan vita er það að segja, að vitamálastjóri hefir lagt til, að hann verði bygður, en álítur, að ríkinu beri ekki að leggja honum styrk, heldur telur, að hann sje hafnarviti, sem Siglufjarðarkaupstaður eigi einn að kosta. En þessi skoðun vitamálastj. finst mjer ekki hafa við full rök að styðjast. Má benda á, að skip, sem fara inn á Eyjafjörð án þess að koma við á Siglufirði, mundu hafa full not af vita þessum, og þess vegna verð jeg að líta svo á, að hann sje ekki einungis hafnarviti. Alþ. hefir líka veitt fje til vita, sem jeg álít, að líkt sje ástatt um, til dæmis á Hjalteyri og Svalbarðseyri. Það má vel vera, að hv. fjvn. leggist á móti þessari till., en jeg verð þó að álíta, að hjer sje aðeins um sanngirniskröfu að ræða, og vænti því, að hún nái samþ. hv. deildar.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg hefi hjer aðeins eina brtt. við þennan hluta fjárlaganna og hún miðar að því, að skólagjöld verði látin falla niður. Þessa brtt. flutti jeg líka í þinginu í fyrra, en hún náði þá ekki fram að ganga, og nú býst jeg líka við, að ovíst verði um afdrif hennar. Mjer virðist þetta svo mikið órjettlæti, að jeg vildi bera hana fram að nýju til þess að þeir þm., sem það vilja, geti greitt henni atkv. Það er sannarlega nokkuð langt gengið, að ríkisstj. skuli gera skólann að fjeþúfu og tolla mentalöngun manna. Tollur þessi lendir líka á bæjarbúum án tillits til, hvort þeir eru ríkir eða fátækir, en slíkt er hróplegt ranglæti. Þar sem liður þessi fer nú ekki fram úr 15000 kr., finst mjer, að hæglega mætti sleppa honum án þess að stofna hag ríkissjóðs í voða.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Jeg hefi ekki mörg orð að segja til þess að lýsa afstöðu fjvn. til hinna ýmsu brtt. Þær eru ekki margar og sumar þeirra hafa verið teknar aftur. Jeg sje líka, að sumir hv. flm. eru ekki viðstaddir, og því minni ástæða að fjölyrða um till. þeirra.

Fyrsta till. er um skólagjöldin, að þau falli niður. Það er nú búið að flytja þetta mál á mörgum þingum, svo að það er engin ný bóla. Það hefir verið rætt áður, og sje jeg ekki ástæðu til að taka upp þær umr., en afstaða fjvn. er sú, að meiri hl. hennar vildi ekki fallast á brtt. En fyrir þinginu liggur nú frv., sem mundi breyta þessu atriði, ef það yrði samþ., og finst n. ástæða til að bíða og sjá, hvernig því reiðir af.

Næsta till. er þess efnis, að breyta III. lið 10. gr. Hv. flm. láta svo um mælt, að till. þeirra orsaki ekki efnisbreyt. á 10. gr.; upphæðin breytist ekki, heldur sje rjettara að hafa þetta í íslenskum krónum. N. játar að vísu, að brtt. skifti ekki miklu máli fyrir

niðurstöðu 10. gr., en þó má hugsa sjer, að þetta *geti* haft veruleg áhrif. Eins og allir vita, eru peningar okkar ekki fastir, og ef svo færi, að krónan hækkaði, sem er vilji ýmissa þingmanna, mundi þetta hafa þau áhrif, að hækka útgjöldin. Jeg er ekki að spá neinu, en bendi aðeins á, að þessi möguleiki er hugsanlegur, einkum frá sjónarmiði þeirra hv. þm., sem halda fast fram hækkun krónu okkar, svo sem er um hv. flm. Niðurstaðan í n. varð sú, að meiri hl. hennar leggur á móti brtt. Jeg skal þó taka fram, að þetta er ekkert höfuðatriði fyrir n. Hinsvegar gat hv. aðalflm. um það, að till. breytti að nokkru 8. gr., því að ef hún yrði samþ., þá fjelli niður gengismunur af konungsmötu. Jeg held, að ekki sje annað sjáanlegt en að sú gengisupphæð sje veitt í fullri heimild þingsins, þar sem hún hefir verið samþ. á hverju ári, enda er ekki nema eðlilegt, að gengismunurinn sje greiddur sem einskonar dýrtíðaruppbót, eins og gerist hjá öðrum embættismönnum ríkisins.

Þriðja till. er tekin aftur, en 4., 5., 6. og 7. till. hníga allar að því sama. Þær fara sem sje fram á, að ríkið veiti sjúkrastyrk nokkrum mönnum, sem þurfa að fara utan til þess að leita sjer læknishjálpar. N. sjer ekki annað en að eitt verði yfir þessar till. að ganga. Það er ekki auðgert að gera upp á milli þessara sjúkdómstilfella, og meiri hl. n. komst að þeirri niðurstöðu, að samþykt þeirra mundi draga óþægilegan dilk á eftir sjer, og því ekki rjett að gefa fordæmi í þessa átt. Það er að vísu erfitt að mæla á móti slíkum styrkjum til manna, sem eru hjálparþurfar, en n. gat þó ekki sjeð sjer fært að verða við þessu, af því að sjáanlegt er, að mikill fjöldi manna mundi þurfa líka hjálp og ríkið mundi ekki geta hjálpað þeim öllum. Enda álít jeg, að ef fært er að hjálpa þeim, þá sje óheppilegur dómstóll fyrir það hjer á Alþingi, því að gögn í einstökum tilfellum gætu aldrei verið lögð svo fyrir þingið, að víst væri, að úrskurður þess yrði rjettlátur. Það væri þá miklu rjettara að taka til einhverja upphæð í þessu skyni og fá svo sjerstaka menn, læknisfróða, til að fjalla um styrkveitingarnar. Jeg vil benda á, að þetta segi jeg frá mínu eigin brjósti, en ekki fyrir hönd n.

Fyrir 8. till. hefir ekki verið mælt, og mun jeg bíða eftir, að hv. flm. tali fyrir henni.

9. till. fer fram á, að hækkað verði framlag til Öxnadalsvegarins um 5000 kr. Meiri hl. n. leit svo á, að nú væri veitt svo mikið fje til vegagerða yfirleitt, að hann treysti sjer ekki til að mæla með þessu. Er það tillaga vegamálastjóra, að unnið verði þarna fyrir 10 þúsund krónur. Verður upphæðinni varið til viðgerðar á verstu köflunum frá Bægisá fram Öxnadalinn. Er von um, að leiðin öll geti orðið fær til bráðabirgða. Og nú í sumar komanda verður bygð brú yfir Öxnadalsána. Jeg dreg það ekki í efa, að gott væri að geta veitt meira fje til þessa vegar. En þess ber að gæta, að þörfin er víða fyrir hendi, og enda brýnni. En nú verður sem sagt bygð þarna brú og vegakaflar lagaðir, og verður þá allmikil vinna framkvæmd þarna. (BSt: Það er ekki farið fram á þetta vegna atvinnunnar). En það

er nú gott að haga svo framkvæmdum ríkisins, að vinnukrafturinn notist sem best. N. leggur þó ekki á móti þessu af því, að það sje ekki þarfur hlutur að gera þetta, heldur af því, að ekki er hægt að gera alt í einu, en þörf á framkvæmdum víða brýnni en hjer.

Þá er það 12. till. á sama þskj., nýr liður til byggingar vita á Selvíkurnefi við Siglufjörð. Um þetta hefir ekkert legið fyrir fjvn. Er henni því ókunnugt um þetta. En eftir því, sem hv. flm. till. hefir upplýst, þá hefir vitamálastjóri lagt á móti þessum vita og telur, að hann verði að skoðast sem hafnarviti eingöngu, en ekki nauðsynlegur vegna almenningsþarfa. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er hjer aðeins um innsiglingarvita á höfnina að ræða. Jeg er nú ekki svo kunnugur, að jeg viti fyrir víst, hvar Selvík er, en eftir till. vitamálastjóra leggur n. á móti því, að upphæð þessi verði veitt.

Þá á jeg eftir að minnast á 11. till. á sama þskj. Hún er frá hv. 1. þm. S.-M. og er að upphæð 12 þús. kr. Á hún að vera til loftskeytastöðvar í Papey, með miðunartækjum, að því tilskildu, að samningar takist við búanda þar um hóflegt starfrækslugjald. N. hafði þetta til athugunar og boðaði landssímastjóra á sinn fund til þess að fá álit hans. Áleit hann, að stöð þessi yrði svo dýr í starfrækslu, að hann treysti sjer ekki til að mæla með því að hún yrði bygð nú, enda þótt hann viðurkendi, að þarft gæti verið að hafa stöð þarna. Síðan hefir þessu verið breytt og farið fram á ódýrari stöð. Hefir þetta ekki verið borið undir landssímastjórann að nýju. En afstaða fjvn. er sú, að hún treystir sjer ekki til að mæla með 12 þús. kr. fjárveitingu til þessa, enda lítur hún svo á, að ef landssímastjóri álítur það nauðsynlegt, að þessi stöð gangi fyrir öðrum, þá er heimilt fyrir hann að láta reisa hana af því fje, sem gengur til nýrra símalagninga. — Hefi jeg svo ekki fleira að segja fyrir hönd n. að sinni.

**Halldór Stefánsson:** Jeg vil leyfa mjer að gera nokkra grein fyrir þeirri einu brtt., er jeg á við fjárl. og sem er á þskj. 355, 1. brtt. á því þskj., að í 13. gr. sje bætt inn nýjum lið til Vopnafjarðarvegar, 10 þús. kr. Síðastl. ár, 1928, var í fyrsta sinn veitt fje í fjárl. til vegagerðar í þessu hjeraði. Og í þessa árs fjárl. er líka dálítil upphæð, sem unnið verður fyrir í sumar. En svo undarlega bregður nú við, að í fjárlfrv. stj. er ekkert ætlað til þessa vegar. Þetta hjerað er illa vegað, sem skiljanlegt er. Er því óviðunandi, að framkvæmdir til vegabóta sjeu algerlega látnar niður falla nú, þegar loks er byrjað á þeim. Ekki síst þegar þess er gætt, að fje er ætlað í ríflegra lagi til annara vega, og hagur ríkissjóðs má teljast fremur góður. Hjer er aðeins farið fram á smátt. En þó er það til hugnunar og nokkurra bóta, ef veitt verður. Jeg get sætt mig við lítið, en ekki algerða stöðvun. Jeg hefði vitanlega getað gert aðrar brtt. til lækkunar á öðrum liðum, svo heildarupphæð hækkaði ekki, þótt þetta væri veitt. En jeg veit, að þörfin er alstaðar og að mönnum er sárt, að úr þeirri upphæð sje dregið, sem stungið hefir verið upp á og komið er inn í frv. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Vona jeg, að hv. fjvn. taki vel í mál mitt, einkum þar

sem þetta er sú eina till. til hækkunar á fjárl., sem jeg hefi borið fram.

**Benedikt Sveinsson:** Hv. frsm. fjvn. hefir nú gert grein fyrir því, hvers vegna sú n. vill hækka styrk til akfærra sýsluvega úr 40 upp í 45 þús. kr. Hitt er aftur á móti ekki ljóst, hvar hún ætlast til, að sú hækkun komi niður. Það er engin skýrsla gefin um það, hverjar sýslur eigi að njóta þeirrar hækkunar. Með því að mitt kjördæmi hefir farið mjög varhluta af styrk til sýsluvega, en þörf er mikil fyrir hann þar, þá vil jeg beina því til hv. samgmn. og vegamálastjórnarinnar, að allríflegum styrk verði varið af fje þessu til þess að leggja akfæran veg frá Kópaskeri um Sljettu til Raufarhafnar. Norður-Þingeyingar hafa bæði lagt fje og fyrirhöfn í það að gera þennan veg. Hafa þeir nú lagt og rutt hálfa leið, eða út undir Sigurðarstaði á Sljettu, svo að fara má á bifreiðum besta hluta ársins. Er þá eftir að leggja veg þaðan yfir Raufarhafnarheiði til Raufarhafnar. Leggja hjeraðsmenn nú mikinn hug á að koma fram vegagerð þessari, enda er þeim hin mesta nauðsyn að fá veg þennan sem allra fyrst, því að um þennan kafla hjeraðsins er nú veglaust með öllu. En fátæku sýslufjelagi er það ofvaxið að koma þessu verki fram styrklaust, og mæli jeg því eindregið fram með þeim óskum hjeraðsmanna, að vegamálastjórnin veiti þeim sem ríflegastan styrk af sýsluvegafjenu. Og í því trausti greiði jeg atkv. með fyrnefndri hækkun á þessum lið.

Þá vildi jeg minnast á 26. brtt. hv. fjvn., um það, að lækka þann lið, gististyrk, úr 4 þús. niður í 3 þús. kr. Þessi styrkur er veittur bændum, sem búa á afskektustu býlum við erfiða og hættulega fjallvegi eða óbygðir. En hv. frsm. fjvn. upplýsti, að þessi lækkun stafaði af því, að bygt hefði verið upp í Bakkaseli og bóndinn þar verði því ekki framvegis styrktur. Ljet hann í ljós, að þetta væri ekki gert til þess að draga úr styrk til annara þeirra bænda, sem búa á þessum afskektu stöðum. En nú vil jeg upplýsa það, að dregið hefir verið mjög úr styrk þeim, er bóndinn á Hrauntanga hefir haft. Hrauntangi er á Axarfjarðarheiði miðri. Og svo örðugt er að búa þar, að það má teljast ógerlegt án styrks, enda hefir jörð þessi legið í eyði öðru hverju og stundum mörg ár samfleytt. Bær þessi er á einhverjum lengsta fjallvegi landsins og þörfin því brýn, að hann fari ekki í auðn. Ábúandinn er fátækur maður, sem haldist hefir við í þessu harðindabæli vegna styrks þess, er hann fjekk, sem var fyrir 2—3 árum 600 kr. En nú hefi jeg fengið brjef frá þessum bónda og tjáir hann mjer í því, að 1927 hafi styrkurinn verið lækkaður niður í 350 kr., og síðastl. ár hefir hann enn verið lækkaður niður í 250 kr. Skilur bóndinn, sem vonlegt er, ekkert í, hverju þetta sætir. Býst hann við að verða að hætta búskap þarna, ef leiðrjetting fæst ekki á þessu. Sýnir það best, hvernig þarna er að búa, því nú er þó einmuna góðæri. Hvernig mun það þá vera, þegar veðrátta harðnar, svo að jafnvel ægir bændum í lágsveitum, eins og mörg dæmi eru til hjer á landi. Jeg hefi reynt að ná tali af vegamálastjóra til þess að fá að vita,

hvernig á þessari lækkun stendur, en mjer hefir ekki tekist það. Skora jeg því á hv. form. samgmn., að hann sjái um, að rjettur verði hlutur þessa manns og að þetta verði leiðrjett. Vænti jeg og, þegar skýring er fengin á þessu, að bóndanum verði bættur upp styrkur undanfarandi ára tveggja.

Þá er jeg meðflm. að 8. brtt. á þskj. 345, um það, að uppbót verði veitt Friðriki pósti Jónssyni vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu í póstferðum, 3000 kr. Samskonar till. hefi jeg flutt áður, fyrir tveimur árum. Flaug hún þá í gegnum Nd., en var feld í Ed. Hygg jeg, að það hafi stafað af ókunnugleika, því að hjer í deildinni, þar sem nóg var kunnugra manna til að gefa þær upplýsingar, er nauðsynlegar voru, vanst henni ærið fylgi. Jeg býst nú enn við, að þessi till. muni ganga greiðlega gegnum þessa hv. deild og þurfi því ekki að mæla langt mál fyrir henni. Friðrik hefir gegnt póstferðum frá 1903 til 1928. Hann hefir annast póstflutning frá Grenjaðarstöðum að Víkingavatni. Er þá yfir Tunguheiði að fara, sem er ein af erfiðustu fjallvegum þessa lands, sökum snjóþyngsla, brekkna, gljúfra, þvergilja og margvíslegrar mannhættu. Er henni helst að líkja við Seyðisfjarðarheiði, Heljardalsheiði eða aðrar slíkar, sem illræmdar eru. Þegar jeg flutti till. mína í fyrra skiftið, hafði jeg og lagði fram vottorð frá fjórum læknum, sem vottuðu, að heilsuleysi Friðriks pósts stafaði af langvarandi áreynslu, vosbúð og þreytu. Lá hann í 8 vikur eftir eina slíka ofraun í póstferð. Munu vottorð þessi enn vera geymd hjer meðal skjala Alþingis, þótt jeg hafi þau nú eigi handa í milli, en jeg veit, að margir hv. þm. muna eftir þeim.

Um leið og jeg skírskota til áðurgreindra vottorða frá læknunum, óska jeg, að hv. þd. endurveiti nú þessar 3000 kr., sem fram á er farið. Pósturinn hefir að vísu sótt um hærri fjárhæð, en þótt jeg telji hann maklegan þess, er hann fer fram á, þá hefi jeg þó eigi talið þá umsókn hans vænlega til framgangs. En hjer er stilt svo í hóf um fjárhæðina, að hún ætti greiðlega fram að ganga.

**Haraldur Guðmundsson:** Mjer þykir snúast kynlega sparnaðurinn hjá hv. frsm., þar sem hann vill telja hv. deild trú um, að sparnaðartill. mín og hv. þm. Borgf. sje fjáreyðslutill. Verði hún samþ., lækka gjöldin í fjárlögunum um 10 þús. kr., og í raun og veru um 12 þús. kr., því að stj. hefir áætlað gengismuninn 2000 kr. of lítinn.

Mjer skildist, að hv. frsm. óttist, að krónan mundi nú alt í einu rjúka upp í gullgildi. Það skyldi gleðja mig, ef svo færi. En undarleg þykja mjer þessi ummæli eftir þær umr., sem hjer hafa farið fram í þessari hv. deild um það mál. Af þeim mætti ráða, að munur sá, sem nú er á danskri og íslenskri krónu, mundi haldast nokkurnveginn óbreyttur fyrst um sinn. En til þess að ljetta öllum ugg af hv. frsm. um þessi efni, skal jeg lofa honum því, ef hann æskir þess, að bera fram brtt. við 3. umr. um það, að þessi breyting á krónutölu til sendiherra og utanríkismála komi því aðeins til framkvæmda, að gengismunur sá, sem nú er, haldist óbreyttur. Hitt er alveg sjálfsagt, að telja upphæðina í ísl.

krónum, en ekki erlendum gjaldeyri, t. d. dönskum. Í íslenskum lögum er borðfje konungs ákveðið 60 þúsund ísl. krónur. Núv. stj. hefir laumað gengismuninum inn í fjárl.frv.; en áður var hann ólöglega greiddur af fyrv. stj.

Þó að mjer þyki það leitt, verð jeg að álíta, að hv. frsm. hafi naumast sagt satt, er hann ljetst vera þeirrar skoðunar, að till. okkar færi fram á aukna fjárveitingu, heldur hafi hitt verið ástæðan, að hann vilji ekki, að niður falli þessi uppbót til konungs; væri þó einhverjum öðrum embættismanni fremur þörf uppbótar, og enginn hefir unnið minna til hennar. Þessi till. okkar horfir til sparnaðar á landsfje, en ef ekki þarf að spara, þá mætti áreiðanlega margt þarfara með þetta fje gera.

Þá skal jeg víkja örfáum orðum að brtt. minni og tveggja annara hv. þm., undir tölul. IV. á þskj. 345, um 3000 kr. lækningastyrk til Ólafs Stefánssonar á Ísafirði. Hv. frsm. tók það fram fyrir hönd fjvn., að umsókn þessa manns væri alveg hliðstæð öðrum umsóknum, sem ekki hefði verið sint, og því gæti hann ekki mælt með, að hún væri tekin til greina. Jeg get ekki viðurkent, að þetta sje rjett. Mjer er eigi kunnugt um, að svo standi á fyrir öðrum þeim, er sótt hafa um sjúkrastyrk, að vonlaust sje um, að þeir geti fengið lækningu hjer á landi. Eftir læknisráði leitaði hann til þess eina staðar, þar sem von var um að fá bata við þessum sjúkleika. Það var eina vonin. Annars var dauðinn vís. Til viðbótar því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, ættu þessar upplýsingar að nægja til að sýna, að ekki stendur eins á fyrir þessum manni og öðrum þeim, sem sótt hafa um slíka styrki.

**Sveinn Ólafsson:** Jeg veit ekki, hvort jeg hefi heyrt rjett það, sem hv. frsm. sagði, en jeg held þó, að hann hafi lagt á móti brtt. minni, nr. XI. á þskj. 345 við þennan kafla fjárl. Fjárveitingin er til loftskeytastöðvar í Papey með miðunartækjum. Satt að segja kom mjer það á óvart að fá slík mótmæli, en hitt furðar mig þó meira, að hv. frsm. byggir mótmæli sín einkum á því, að landssímastjóri hafi ekki treyst sjer til að mæla með þessari till. Jeg hefði frekar getað búist við því, að hv. fjvn. hefði snúið sjer til forstjóra veðurstofunnar, fyrst hún fór að leita annara ráða. En forstjóri veðurstofunnar og vitamálastjórinn hafa lagt með þessari fjárveitingu, og landssímastjórinn einnig að vissu leyti, þótt ekki leggi hann kapp á þessar framkvæmdir. Það er skiljanlegt, þó hann leggi ekkert kapp á þetta. Það verður ekki sjerstaklega til tekjuauka fyrir landssímann, sem ekki er vonlegt. Þessi till. er ekki flutt í þeim tilgangi, heldur vegna þeirra mörgu manna, sem lengi hafa eftir þessu beðið með þögn og þolinmæði og þráfaldlega þurfa að leita til eyjarinnar í sjávarháska og aðvara um þarfir sínar. Jeg verð að minna á það, að hjer er farið fram á lítilfjörlega almenningshjálp í einu af tekjuauðugustu hjeruðum landsins fyrir ríkissjóð, í hjeraði, sem engar fjárveitingar fær til hafnarvirkja, lendingarbóta, vita eða annars, sem sjómenn varðar. Hafnirnar góðu og lendingarnar hefir náttúran lagt til og vitabyggingar þarna eru látnar bíða meðan aðrir

landshlutar fá sína vita. Til þessa hjeraðs er ekkert fje heldur lagt til vega og samgöngubóta á landi, svo teljandi sje, þó að önnur hjeruð fái tugi eða jafnvel hundruð þúsunda kr. til slíkra framkvæmda, enda þótt þau greiði 10 sinnum minna fje í ríkissjóð en Suður-Múlasýsla, og gætir lítillar sanngirni í þvílíkri úthlutun fjárins.

Um þessar slóðir, við Papey, fer nálega 1/6 hluti af þeim fiskibátum, sem til eru á landinu. Í Suður-Múlasýslu einni voru 1927 179 bátar neðan við 12 smálestir, auk nokkurra stærri skipa, og er það meiri bátafjöldi en í nokkru öðru hjeraði. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Ísafjarðarsýslur báðar koma næstar með bátatölu, og eru þó mun lægri. Fyrir útgerðarmenn á þeim slóðum, sem till. mín ræðir um, er ekkert gert í fjárlfrv. því, sem fyrir liggur; þess vegna bjóst jeg við, að till. yrði sýnd sú nærgætni, að lofa henni mótspyrnulaust að koma undir atkv.

Þessi fjárveiting, sem till. mín fer fram á, er því skilyrði bundin, að samningar takist milli ráðh. og búanda í Papey um hóflegt starfrækslugjald við loftskeytastöðina, og mun það vafalaust takast með góðu móti. Í öðru lagi má benda á það, að tæpur helmingur upphæðarinnar, sem um er beðið, eða 4500 kr., er viðbót við áætlun landssímastjóra, eftir ósk vitamálastjóra, til þess að fá úr því skorið, hvort hægt sje að nota miðunartækin í sambandi við svona litla loftskeytastöð. Í þessum efnum vantar reynslu, sem mikilsvert er að fá, og þarna er best afstaða til þess, þar sem fjölfarin leið er fyrir millilandaskip. Hjer er um að ræða sjálfvirkt miðunartæki, sem unnið getur um nætur og sett verður í samband við loftskeytastöðina um stundarsakir. Að lokinni reynslu þarna má flytja það á annan stað, ef reglulegur miðunarviti kemur nærlendis, svo þess þurfi ekki.

Jeg ætla ekki að tefja tímann á því að tala um aðrar brtt., sem fyrir liggja; þær eru misjafnlega rjettmætar, eins og venja er til, og mun jeg við atkvgr. sýna skoðun mína á þeim. Jeg vil þó taka það fram, að jeg álít, að beðið hv. frsm. um fjárveitingu af símafje í sambandi við Suðurlandslínuna, til símalagningar í Suður-Múlasýslu, er enginn fengur fyrir hjeraðið. Hjeraðsbúar hafa aldrei beðið um símalínu frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar. Sú lína gerir aðstöðuna auðvitað hagkvæmari fyrir landssímann, en hefir sáralitla þýðingu fyrir hjeraðsbúa, og síst af öllu getur sú símalína jafngilt loftskeytastöðinni. Það hafa verið reistar loftskeytastöðvar hjer og þar annarsstaðar á landi hjer, þar sem minna tilefni var til en í Papey; má því til sönnunar nefna Fagurhólsmýri í Öræfum og fleiri staði. Þó að jeg sje ekki kunnugur staðháttum á hverri stöð fyrir sig, þá þori jeg að fullyrða, að þörfin fyrir loftskeytastöð er hvergi meiri hjer á landi utan Reykjavíkur en í Papey. Aðiljarnir þrír hafa mælt með byggingu stöðvarinnar: Vitamálastjóri, veðurstofustjóri og landssímastjóri, eins og jeg hefi áður skýrt frá. En þyngstar á metunum eru þó og eiga að vera óskir þeirra mörgu manna, sem ósífeldlega eiga leið um hættulegt siglingasvæði suðaustan lands, manna, sem lítið eða ekkert er

gert fyrir af hálfu hins opinbera, þrátt fyrir það, þó að þeir sjeu meðal stærstu gjaldþegna ríkissjóðs.

**Hannes Jónsson:** Jeg á enga brtt. við þennan kafla fjárl. Stafar það af því, að jeg hefi verið að bíða eftir upplýsingum frá vegamálastjóra um, hvort þær 35 þús. kr. muni nægja, sem í þessa árs fjárl. eru ætlaðar til þess að gera bílfæran þjóðveginn um Vestur-Húnavatnssýslu, einkum vegarkaflann frá Miðfjarðará vestur á Hrútafjarðarháls. Jeg hafði ekki fengið fullvissu um þetta, en vegamálastjóri sagði mjer áðan í símtali, að þessi upphæð mundi nægja til þess að fullgera veginn vestur í Hrútafjörð. Þar er ekki um annað fje að ræða, því að í þessu fjárl.frv. er engin króna ætluð til vegagerða í Vestur-Húnavatnssýslu. Annars er ýmislegt undarlegt um stj. vegamálanna í Húnavatnssýslu. Þeir, sem farið hafa yfir Holtavörðuheiði, hafa vafalaust tekið eftir því, hvað vegirnir fyrir norðan hana eru ljelegir. Þeir eru á köflum svo illa bygðir, að eftir hálft missiri mega þeir heita ófærir fyrir bíla. Malarlagið er haft svo þunt, til þess að geta teygt vegina sem lengst fyrir sem minst fje, og stundum er ekki unnið upp það fje, sem ætlað er til þessara vega, og er því þá varið til vega á öðrum stöðum. Jeg sje ekki, að það sje nokkurt vit í slíkum frágangi á vegunum og álít, að þessi stj. á vegamálunum sje með öllu óhæf. Jeg býst við að flytja við 3. umr. brtt. við 13. gr. fjárl., því að jeg get ekki sjeð, að það þurfi að leggja svo mikið kapp á vegagerð á Holtavörðuheiði, að ætla til þess 70 þús. kr., þegar vegurinn er ófær fyrir norðan heiðina. Það er ekkert gagn í því fyrir menn að fara upp á heiðina á bílum, ef þeir komast ekki lengra.

Jeg hefi heyrt, að þær 10 þús. kr., sem standa í fjárlagafrv. til Hrútafjarðarvegar, væru ætlaðar til vegarins frá Holtavörðuheiði að Hrútafjarðará, og þaðan austanmegin fjarðarins. En vegamálastjóri telur nauðsynlegt að koma veginum til Borðeyrar og mun ætla þá upphæð til þess. Já, afskaplega er það víst nauðsynlegt! Á svo að láta ferðamennina synda þaðan austur yfir fjörðinn? Það væri fremur þægilegur vegur fyrir bílana! Því jeg geri ráð fyrir, að það muni þykja dýrt að leggja brú yfir fjörðinn. Jeg held, að það sje miklu nauðsynlegra að fá veginn fullgerðan sem fyrst austur um Húnavatnssýslu; þá leið fer aðalferðamannastraumurinn, enda er ætlast til þess, að póstur verði fluttur með bílum úr Borgarfirði norður um Húnavatnssýslu. Þó að oft sje vel fært fyrir bíla um sýsluna, þá eru víða kaflar á veginum, sem ómögulegt er að koma bílum yfir, ef nokkuð ber út af. Jeg álít sjálfsagt að láta það sitja fyrir að gera samfeldan, akfæran veg yfir sýsluna, og yfirleitt um sveitirnar, og taka svo heiðarnar á eftir. En að byrja á vegalagningu á miðri Holtavörðuheiði og halda þaðan bæði suður og norður af, það er fjarri öllu viti. — Nei, hjer er farið alveg öfugt að. Og akvegirnir í Húnavatnssýslu eru ekki svo góðir, að þeir megi við því, að ekkert sje að þeim unnið í heilt ár. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinu framlagi þangað. En jeg býst við, að í sumar þurfi talsvert mikið fje þeim til viðhalds.

Jeg hefi álitið, að það væri stefna

þingsins og kappsmál að koma akveginum sem fyrst úr Borgarfirði um Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, alla leið til Akureyrar eins og aðalsímalínunni, áður en farið væri að hugsa um aukaálmur frá þeim vegi. En ef það á að hlaupa yfir heilar sýslur að miklu leyti, þá verður lítið gagn meðal annars að þeim 70 þús. kr., sem fleygt er í veginn á Holtavörðuheiði. Þær koma a. m. k. seinna að notum heldur en ef þær væru notaðar til þess að fullgera fyrst akveginn í sýslunum. Jeg fjölyrði ekki meira um þetta nú, en rökstyð það betur um leið og jeg ber fram brtt. mína.

Þá langar mig til að minnast á 12. gr. Við hana eru komnar fram allmargar brtt. um sjúkrastyrki til einstakra manna. Jeg álít, að það sje ekki fært að taka upp þá stefnu, að ríkissjóður styrki menn til lækninga. Jeg hefi verið beðinn að flytja till. um einn slíkan styrk, handa ungum manni, sem er að missa sjónina. Hann hefir enga bót getað fengið, en verið ráðlagt að sigla til að leita sjer lækninga, þó að engin vissa sje fyrir, að það beri árangur. Jeg hefi ekki ráðist í að bera fram slíka till., af því jeg lít svo á, að ríkissjóður geti ekki fullnægt slíkum kröfum. Það er ekkert vit í að leyfa einstökum mönnum að ryðja sjer til rúms með slíkar styrkbeiðnir og fá þeim framgengt alveg án tillits til rjettlætis. Það minsta, sem þingið getur gert, er að gæta samræmis í þessum efnum. En það gengur nú svo, að þeir, sem frekastir eru til fjárins, fá sínum kröfum framgengt. Hv. þdm. verða að gera sjer grein fyrir því, að þegar fyrsta sporið er stigið á þessari hálu braut, þá kemur annað á eftir. Og hlutdrægni í þessum efnum er þinginu ekki til sóma. Jeg verð því að þessu leyti sjálfum mjer samkvæmur og greiði atkv. á móti þessum styrkbeiðnum. En ef þær verða samþ. á ríkissjóðinn, þá getur skeð, að jeg komi með brtt. við 3. umr., sem hefir fullkomlega eins mikinn rjett á sjer eins og þessar til að komast að.

**Bernharð Stefánsson:** Þó að hv. fjvn. hafi ekki viljað fallast á mínar brtt., sje jeg ekki ástæðu til að deila um þær við hv. frsm. Hann sagði, að það væri till. vegamálastjóra, að unnið yrði á þessu ári að Öxnadalsveginum fyrir 10 þús. kr. Ef þetta er rjett, þá fer n. ekki eftir þessari till., því eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, var greitt fyrirfram allmikið af þessu fje síðastl. haust. Það eru því engar 10 þús. kr. til til þess að vinna að Öxnadalsveginum á þessu ári. En með því að samþ. till. mína mætti bæta úr því. Hv. frsm. talaði um, að það mætti laga verstu kaflana fyrir afganginn. Þetta er misskilningur, eins og jeg hefi sýnt fram á. En ef til vill mætti taka til þess upphæð af því fje, sem ætlað er til viðhalds vega, og er það annað mál.

Það er rjett hjá hv. frsm., að vitamálastj. leggur á móti fjárveitingu til vitans á Selvíkurnefi, en hann mælir þó með, að þessi viti verði bygður. Að öðru leyti hrakti hv. frsm. ekki það, sem jeg sagði um þetta mál.

Út af XXIV. brtt. n. á þskj. 293 vil jeg segja það, að jeg hygg, að enn sje svo mikil óvissa um byggingu í Bakkaseli, að ef till. er bygð á fyrirhuguðum ráðstöfunum í þá átt, þá muni vera varhugavert að samþ. hana nú, og vil jeg ráða hv. deild frá því.

Býst jeg við því, að hæstv. forsrh. sje mjer sammála um þetta.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Jeg vil aðeins með fáum orðum víkja að ummælum nokkurra hv. þm. Hv. þm. N.-Þ. vjek að því, að n. hefir lagt til að auka framlag ríkissjóðs til sýsluvega, og spurði, hvar sú aukning ætti að koma niður. N. hefir enga aðstöðu til þess að gera nokkrar ákvarðanir um það. Jeg hygg, að sýslurnar sendi sínar beiðnir um fje til sýsluveganna á móti því framlagi, er þær treystast sjálfar til að inna af hendi. Ef ekki eru meiri umsóknir úr sýslunum en fjárveiting er fyrir í fjárlagafrv., er hægt að fullnægja öllum slíkum óskum skilmálalaust. Verði umsóknirnar hinsvegar hærri en upphæð sú, sem veitt er í þessum fjárlagalið, skilst mjer að verði að draga hlutfallslega jafnmikið af hverjum umsækjanda, til þess að öllum sje gert jafnhátt undir höfði. Því hærri sem fjárveitingin er í fjárlögunum, því meiri líkur eru til þess, að viðkomandi sýslur fái óskir sínar uppfyltar.

Þá mintist sami hv. þm. á gistingastyrkina og einnig hv. 2. þm. Eyf. Vil jeg fyrst taka fram út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að n. gat ekki annað sjeð en að þær 1000 kr., sem veittar voru ábúandanum í Bakkaseli í núgildandi fjárl. sem byggingastyrkur, hlytu að falla niður þegar ríkið byggir þar upp. Hinsvegar hefi jeg talað við vegamálastjóraskrifstofuna um útbýting þessara árlegu styrkja undanfarið, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa skýrslu, er jeg hefi fengið hjá henni því viðvíkjandi. Hafa styrkirnir skiftst þannig:

| | |
|---|---|
| Kleppustaðir ..... | 200 kr. |
| Tvísker ..... | 600 — |
| Hrauntangi ..... | 600 — |
| Bakkasel ..... | 700 — |
| Ytrikot ..... | 500 — |
| Arngerðareyri ..... | 200 — |
| Samt. | 2800 kr. |

Þá eru eftir af veitingunni 200 kr., sem gengið hafa til þess að greiða brunabótagjald af gistihúsinu í Fornahvammi og smáviðgerðir þar, málning o. fl. (**Forsrh.:** Það er til sjerstakur reikningur fyrir því). Við þessa skiftingu er það að athuga, að tillagið til Ytrikota er ekki fastur styrkur að öllu leyti og er hærra en venjulega. Sumt af tillaginu er styrkur til lítilfjörlegrar lagfæringar á húsinu það ár, en árlegur styrkur mun annars vera 300 kr.

Þá þótti hv. þm. N.-Þ. ábúandinn á Hrauntanga vera fyrir borð borinn í þessu efni undanfarið. Jeg vænti, að þetta hafi stafað af misskilningi hjá hv. þm., þar sem nú er upplýst, samkv. skýrslu frá vegamálaskrifstofunni, að manni þessum hafa verið greiddar 600 kr. árlega. Enda skildist mjer á hv. þm., að honum þykja sú upphæð nægileg. Aðeins vafi fyrir honum, hvort ábúandinn hafi fengið þá upphæð greidda. En það tel jeg nú upplýst. Eins og jeg áður tók fram er árlegi styrkurinn til Bakkasels ekki 1000 kr., heldur 700 kr. Eru þessar 1000 kr. veittar sem byggingarstyrkur auk hins árlega styrks, í eitt skifti. Áleit n., að sjálfsagt væri að fella þann styrk niður, er þessi breyt. hefir

á orðið með jörðina, en árlegi styrkurinn, 700 kr., helst eigi að síður, þó líklegt sje, að önnur skipun verði þar á ger við það, að ríkissjóður byggir upp á jörðinni. Hygg jeg nú, að þetta sje upplýst.

Þá kem jeg að VIII. brtt., um uppbót til Friðriks pósts Jónssonar á Helgastöðum, vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu í póstferðum, og er flm. hv. þm. N.-Þ. Er jeg ekki búinn að lýsa afstöðu n. til þeirrar till. Talaði hv. flm. mikið um það, að þessi maður hafi mist heilsuna fyrir áfall og erfiði, er hann hefir orðið fyrir í póstferðum, og nefndi sjerstaklega Tunguheiði í því sambandi. Í umsókninni, sem þinginu barst frá þessum manni, var að mestu talað um áfall, er hann hafði orðið fyrir á svo nefndum Hallbjarnarstaðakambi. En það skiftir í sjálfu sjer minstu máli. En jeg ætla sjerstaklega að taka það fram um þessa uppbót, að jeg veit ekki betur en að þegar manni þessum voru ákveðin eftirlaun fyrir póststörf, væru þau einmitt ákveðin nokkru hærri en venjulega vegna þessarar heilsubilunar, og það gert samkv. ósk hv. þm. N.-Þ. Hann hefir nú 450 kr. eftirlaun, sem að viðbættri dýrtíðaruppbót nema 630 kr., og eru það hæstu eftirlaun, miðað við aðra pósta, þó þau sjeu að vísu ekki mikil. Jeg býst við, að þetta hafi fallið úr minni hv. flm., en með þetta fyrir augum gat meiri hl. n. ekki mælt með því, að brtt. yrði samþ.

Þá á hv. þm. Ísaf. brtt. við 10 gr. III. lið, og furðaði hv. þm. sig á því, að jeg skyldi telja þetta hækkunartill. Jeg sagði nú ekki, að till. *væri* hækkunartill., en benti á, að með breyttu skipulagi peningamálanna, sem meðal annars hv. þm. Ísaf. vill koma fram, *gæti* hún orðið til hækkunar. Hv. flm. gat þess, að það myndi vaka fyrir mjer, að jeg vildi ekki fella niður gengisuppbót á konungsmötunni. Er það rjett, að mjer finst slíkt ekki geta komið til mála, enda er engin trygging fengin fyrir því, að það verði gert, þótt till. hv. þm. Ísaf. verði samþ., heldur yrði gengisuppbótin þá að sjálfsögðu færð á óviss útgjöld, eins og hingað til.

Þá ámælti hv. 1. þm. S.-M. n. fyrir það, hvaða afstöðu hún hafði tekið til till. hans um loftskeytastöð í Papey. Það kann að vera, að n. eigi það ámæli að einhverju leyti skilið, en jeg held, að hv. flm. hafi tekið þar heldur djúpt í árinni. Hann gekk meira að segja svo langt að segja, að það, sem gengi til símans, t. d. frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar, kæmi Austfjörðum ekki að neinum notum. Jeg veit þá ekki, hvað fyrir vakir um að veita nær 600 þús. kr. til Suðurlandslínunnar, ef ekki til þess fyrst og fremst að tryggja sambandið við Austfirði. N. gat ekki fallist á, að þessi till. væri svo rjettmæt, að hún ætti að ganga fyrir öðru. Eins og bar n. till. undir landssímastjóra, en hann lagði síður en svo kapp á, að hún næði fram að ganga. Forstjóri veðurstofunnar mælti að vísu með því, að þetta yrði gert, ef tök væru á, en ekki gat mjer skilist á honum, að um sjerstaka þörf vegna veðurathugananna væri þarna að ræða.

Hv. þm. V.-Húnv. þarf jeg litlu að svara fyrir n. hönd, en mjer fanst hv. þm. beina nokkuð hörðum ákúrum til vegamálastjóra fyrir framkomu hans

og afskifti af vegamálum í Húnavatnssýslu, og finnast mjer þær ekki rjettmætar, því að hvergi hafa orðið eins miklar breyt. á vegum og einmitt í Húnavatnssýslu hin síðustu árin, þar sem jeg hefi farið um. Allar ár eru þar brúaðar og má komast á bíl um hjeraðið endilangt. Held jeg, að verið hafi fastar bílferðir milli Borgarness og Blönduóss alt síðastl. sumar, þótt þennan veg eftir sýslunni þurfi að sjálfsögðu að bæta, til þess að hann geti talist tryggur. Ef litið er til annara hjeraða að þessu leyti, er síst ástæða fyrir Húnvetninga að kvarta yfir því, að þeir sjeu afskiftir hvað vegi snertir, og fanst mjer þessi ásökun í garð vegamálastjóra því ekki sem rjettmætust.

ATKVGR. um 1.—13. gr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 293,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 293,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 345,I. feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MJ, ÓTh, SE, ÁÁ, HG, HK, HV, JÓl, JörB, BSv.

**nei:** LH, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JS.

Þrír þm. (GunnS, MG, SÁÓ) fjarstaddir.

Brtt. 293,3 samþ. með 16:1 atkv.

— 293,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 293,5 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 293,6 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 293,7 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 293,8 samþ. með 22:2 atkv.

— 293,9 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

6.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 293,10 samþ. með 24 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 345,II.1—4 feld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PO, EJ, HStef, HG, HK, HV, BSv.

**nei:** JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MJ, MT, ÓTh, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, IngB, JJós.

Tveir þm. (MG, SÁÓ) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 293,11 samþ. með 21 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 293,12 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 293,13 samþ. án atkvgr.

— 293,14 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 293,15 samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HG, HV, IngB, JAJ, JÓl, JS, LH, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, BSv.

**nei:** EJ, HStef, HJ, HK, JJós, JörB, MJ, PO, SvÓ, TrÞ.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 293,16—17 teknar aftur.

— 293,18 samþ. með 16:1 atkv.

— 345,III.1—3 teknar aftur.

— 345,IV. samþ. með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SE, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, EJ, GunnS, HStef, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MJ, MT, ÓTh, BSv.

**nei:** TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HJ, IngB, JS, PO.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 345,V. tekin aftur.

— 345,VI. (aðaltill.) tekin aftur.

Brtt. 345,VI. (varatill.) samþ. með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, GunnS, HStef, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BSv.

nei: BÁ, EJ, HJ, IngB, JS, PO, TrÞ, ÞorlJ.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 345,VII. (aðaltill.) tekin aftur.

— 345,VII. (varatill.) samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MJ, SE, SÁÓ, ÁÁ, EJ, GunnS, HK, HV, BSv.

nei: JS, MT, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, IngB.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

12. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 293,19 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 345,VIII. feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HK, HV, JJós, JAJ, JörB, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, BSv.

nei: IngB, JÓl, JS, LH, MT, PO, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 293,20 samþ. án atkvgr.

— 293,21 samþ. án atkvgr.

— 293,22 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 345,IX. samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, HV, JJós, JAJ, JS, JörB, LH, MT.

nei: PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, HG, HK, IngB, JÓl, MJ, ÓTh, BSv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 355,I. samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, BSv.

nei: JS, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, ÁÁ, BÁ, HG, HK, HV, JÓl.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 345,X. tekin aftur.

— 293,23 samþ. án atkvgr.

— 293,24 samþ. með 19:1 atkv.

— 293,25 samþ. með 15:3 atkv.

— 293,26 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 345,XI. feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, HK, HV, JJós, BSv.

nei: MJ, ÓTh, PO, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HJ, HG, IngB, JAJ, JÓl, JS.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 293,27 samþ. með 18:1 atkv.

— 293,28 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 293,29 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 293,30—32 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 293,33 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 345,XII. feld með 16:9 atkv.

— 293,34 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 293,35.a samþ. með 17 shlj. atkv.

— 293,35.b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 293,35.c samþ. með 22 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. frestað.

**Á 48. fundi í Nd., næsta dag,** var

fram haldið 2. umr. um frv. (A. 16, n. 292, 293, 345, 355).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Jeg skal ekki eyða mörgum orðum í að skýra till. n., enda gerist þess varla þörf, þar sem allnákvæm grein er gerð fyrir þeim í nál.

Fyrsta brtt. n. er við 14. gr. B. I. c. og fer fram á, að 1000 kr. sjeu veittar til kenslu í söng. Þessi liður er í yfirstandandi fjárl., en hefir verið feldur niður í frv. stj. Fje þessu hefir verið varið til að kenna prestaefnum söng og tón. Lá fyrir n. till. frá rektor háskólans um það, að þessi fjárveiting fengi að standa áfram, og beiðni um hið sama frá öllum nemendum guðfræðideildar. Allir þeir, sem sækja kirkju að ráði, munu hafa tekið eftir því, hve mikill liður tónið er í guðsþjónustunni og hve mikið vantar í þann prest, sem ekki getur tónað vel. Jeg býst því við, að hv. þm. skilji, hve mikla þýðingu það hefir, að styrkur sje veittur í þessu skyni og geti því fallist á till. n. Jeg get bætt því við, að þessi kensla hefir farið fram í vetur og verið vel sótt.

Önnur brtt. n. er við 14. gr. B. I. k. Þetta er samfærsla á launum dyravarðar og ritara háskólans, og einnig gerð samkv. till. háskólarektors. Núv. dyravörður háskólans er orðinn aldraður maður, og er því gert ráð fyrir, að hann láti bráðlega af starfi, og telur háskólaráðið þá hentugra að sameina þessi störf og fela þau einum manni. Hefir háskólaráðið auga á ungum og efnilegum manni til þessa starfa. Launin verða þó því nær hin sömu og nú eru, eða 4000 kr., auk þeirra hlunninda, sem dyravörður hefir áður notið.

Þriðja brtt. n. er við 14. gr. B. II. c. og fer fram á, að þær 4000 kr., sem stj. leggur til að veittar verði í námsstyrki eftir till. Mentamálaráðs, verði hækkaðar upp í 8000 kr. Þetta er nýr liður í fjárl. og kemur í stað hinna ýmsu persónustyrkja. N. álítur þetta rjetta stefnu, að nema burt hina persónulegu nafnastyrki, en leggja til eina upphæð í þessu skyni, sem Mentamálaráðið úthluti. Þessir námsstyrkir hafa verið mesta vandræðamál og ilt við þá að eiga. Er ekki of fast að orði kveðið, þó að sagt sje, að þeir hafi verið eitthvert mesta bitbein þingsins. Þm. eru óánægðir með þá, þjóðin er óánægð yfir að sjá þessa nafnarunu í fjárl. og stúdentarnir sjálfir eru óánægðir með þá, vegna þess hve þeim er úthlutað af miklu handahófi, því að það er mest komið undir lagni og dugnaði einstakra þm., hvaða styrkir ganga fram. Þingið hefir engin tök á að afla sjer nægra upplýsinga í þessu og n. ekki heldur, og þó að hún gæti það, kemur það að litlu gagni, því að hún ræður ekki yfir atkv. þm. N. taldi því sjálfsagt að fara þessa leið, sem hæstv. stj. hefir tekið upp, en hinsvegar var n. sammála um, að 4000 kr. væri of lítið í þessu skyni og myndi því frekar leiða til þess, að persónustyrkirnir kæmust inn í fjárl. en ef upphæðin væri hærri. Leggur n. því til, að þessi liður verði hækkaður upp í 8000 kr.

Jeg verð að geta þess, að það var nokkur ágreiningur í n. um það, hvernig skilja bæri orðið „námsstyrkur“. Meiri hl. n. leit svo á, að

þetta væri viðbót við 24000 kr., sem ætlaðar eru stúdentum til sjernams erlendis í þeim fögum, sem hjer eru ekki kend, en nokkur hl. n. álítur, að ekki megi binda þetta eingöngu við stúdentastyrkina, heldur beri einnig að ætla þetta til styrktar kandidötum við framhaldsnám erlendis. Af þessu leiddi það, að meiri hl. n. leggur til, að tekinn sje upp nýr liður í 14. gr., um 1000 kr. styrk til Kristins Björnssonar læknis til framhaldsnáms í París. Vildi n. þar með sýna, að hún lítur svo á, að öðru máli gegni með þá stúdenta, sem orðnir eru fullnuma hjer í einhverri grein. Kemur þessi liður næstur á eftir námsstyrkjunum, undir B. II. e.

Þá kem jeg að bændakenslunni. Stj. hefir felt niður þá aths., sem er við þennan lið í yfirstandandi fjárl., en n. leggur til, að aths. verði tekin upp aftur, með því að hún lítur svo á, að verknámsstyrknum eigi eingöngu að verja til nemendanna sjálfra. Ætlast n. til, að skólastjórinn veiti piltum ókeypis fæði, húsnæði og kenslu. Er það í fullu samræmi við reglur þær, sem teknar hafa verið upp af B. F. Í. um verklegt nám, sem fram fer víðsvegar um landið hjá ýmsum bændum. Þeir verða að veita piltum hin sömu fríðindi, en auk þess mun piltum víðast greitt dálítið kaupgjald, og þegar þessi styrkur bætist við, mun það nálgast það kaup, sem greitt er í viðkomandi sveit. Þó að þetta mál verði tekið til meðferðar í milliþinganefnd, sá n. ekki ástæðu til að breyta um þetta að svo komnu.

Þá kemur 14. gr. B. XV. 3, til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal. Þessi liður er í núgildandi fjárl., en stj. hefir felt hann niður úr frv. Leggur n. til, að liðurinn verði tekinn upp aftur. Þetta fjelag, sem hjer á hlut að máli, fer fram á hærri styrk, en þótt n. viðurkenni fullkomlega, að starfsemi þess sje alls góðs makleg, sá hún sjer ekki fært að leggja til, að hærri upphæð yrði veitt, enda má gera margt gott fyrir 1500 kr.

Þá kemur nýr (rómv.) liður: Ýmsar íþróttir. N. áleit, að þetta ætti síður heima í 15. gr. innan um listir og vísindi, eins og nú er, og leggur því til, að það sje sett inn hjer, þar sem óneitanlega fer betur á því. Liðir þessir eru mest tilfærsla af 15. gr. Þannig haldast styrkirnir til Íþróttasambands Íslands og Björns Jakobssonar óbreyttir. En við bætast þó, eftir till. n., tveir nýir liðir. Sá fyrri er um 500 kr. styrk til Bandalags íslenskra skáta. Allir þekkja skátana. Þetta er mjög heilnæm og hressandi æskuhreyfing, sem mikið gott leiðir af. Skátarnir leggja stund á hollar útiíþróttir, sækja upp um fjöll og firnindi og læra auk þess ýmislegt gagnlegt, svo sem að binda um sár, „hjálp í viðlögum“ o. s. frv. Þeir sóttu um 1000 kr. styrk, en n. sá sjer ekki fært að ganga lengra.

Hinn liðurinn, sem n. leggur til að bætt sje við, er 4000 kr. styrkur til Glímufjelagsins Ármanns, til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi. Þetta fjelag hefir tvisvar farið utan áður, í fyrra skiftið til Noregs, árið 1925, og til Danmerkur 1926, í bæði skiftin við góðan orðstír. Nú stendur til, að fjelagið sendi glímuflokk til Þýskalands á komandi sumri, undir stjórn hins ágæta íþróttafrömuðs Jóns Þorsteinssonar, og haldi þar glímusýningar í 20 borgum. Er þetta samkv. ósk og

áskorun ýmsra Þjóðverja, sem kynst hafa íslenskri glímu. Fjelagið hefir aldrei áður notið opinbers styrks, en n. áleit sjálfsagt að sýna því viðurkenningu í eitt skifti fyrir öll og veita því 4000 kr. styrk til þessarar farar, til þess að standa undir förinni með því að nokkru leyti.

Þá kem jeg að 15. gr. Er þar fyrst 1. j., um ýmisleg gjöld Landsbókasafnsins. Af þessum lið er í núgildandi fjárl. heimilað að greiða 500 kr. upp í lækningakostnað dyravarðar safnsins. Er þessi upphæð þegar greidd, en gleymst hafði að fella aths. niður, þegar frv. var samið. Gerir n. það því að till. sinni, að svo verði gert, en hefir samt upphæðina óbreytta, samkv. eindregnum tilmælum landsbókavarðar.

Þá kemur 15. gr. 3. d. Fornmenjavörður fer fram á allmikla hækkun á þeirri upphæð, sem veitt er til Fornmenjasafnsins. N. sá sjer ekki fært að verða við kröfum hans nema að litlu leyti, en taldi þó nauðsynlegt að hækka þennan lið nokkuð. Svo er mál með vexti, að gerðar hafa verið allítarlegar fornmenjarannsóknir í sambandi við Bergþórshvol og víðar, en til þess að þær komi að fullum notum, þarf að kaupa ýms áhöld, sem fljótt ganga úr sjer. Er ætlast til þess, að nokkur hluti þessarar fjárveitingar gangi til þess, en hitt til viðgerðar á ýmsum fornmunum, sem nauðsynlegt er að gera við strax, svo að þeir skemmist ekki.

Þá kemur 15. gr. 3. e., til umbóta Hólakirkju, 1000 kr. Þessi liður er í yfirstandandi fjárl., en hefir verið feldur niður í frv. Hólakirkja er eina merkilega fornbyggingin, sem uppi stendur hjer á landi. Við erum algerlega sjerstæðir í þessu efni, miðað við aðrar þjóðir, sem eiga margar byggingar frá fornum tímum, því að allar þær byggingar, sem hjer hafa verið reistar, eru nú orðnar mold og aska. Af lýsingum á Hólakirkju má sjá, að hún hefir verið mjög merkileg, jafnvel listaverk á sínum tíma, enda mun það flestra manna mál, að sjálfsagt sje að gera við þessa merkilegu byggingu og færa til síns forna horfs. Í lok 19. aldar var Hólakirkja rænd í stórum stíl og gripir hennar seldir hingað til Reykjavíkur eða útlanda, en sem betur fer, er hægt að ná til flestra þeirra aftur eða fá „copiu" af þeim. En til þess alls þarf fje, og væntanlega um nokkur næstu ár, en n. álítur, að hjer sje um gott mál að ræða, og leggur því til, að þessi upphæð, 1000 kr., sje veitt að þessu sinni.

Þá kemur 15. gr. 21. Þetta er nýr liður, 600 kr. ferðastyrkur til síra Jóns Sveinssonar. Lá fyrir beiðni frá vinum síra Jóns um, að hann fengi þennan styrk. Síra Jón hefir dvalið fjarri ættjörð sinni frá því að hann var barn, en hann hefir æ munað hana og meiri hluti hans víðfrægu sagna fjallar um ísl. efni og ísl. staðháttu. Nú mun hann ekki þrá neitt annað heitar en að líta ættjörð sína einu sinni áður en hann deyr, og þar sem hann er kaþólskur, virðist tilvalið, að hann komi hingað í sumar, því að þá á að vígja hina nýju og glæsilegu Landakotskirkju. Síra Jón er ekki svo efnum búinn, að hann geti farið þessa ferð upp á eigin spýtur, enda hefir hann ekki það frjálsræði vegna stöðu sinnar, að hann geti farið þessa för óboðinn, þótt aðrar ástæður leyfðu.

En kunnugir menn telja víst, að honum muni förin kleif verða fjárhagslega og einnig auðsóttara um fararleyfi, ef hann fær opinbera hvatningu. Telur n. því sjálfsagt að verða við þessu.

15. gr. 22 þarf engra skýringa við. Viðkomandi maður er dáinn, svo sem kunnugt er, og fellur því þessi liður að sjálfsögðu niður. Sama er að segja um 15. gr. 35. og 36. Þessir liðir báðir hafa verið færðir yfir í 14. gr., og hefi jeg gert grein fyrir þeim þar.

Þá kem jeg að 16. gr. Er þar fyrst liður 4, um gjöld samkv. jarðræktarlögunum. N. leggur til, að þessi liður verði hækkaður úr 300 þús. kr. upp í 375 þús. kr., sem er sama upphæð og goldin var árið 1928 til jarðabóta á árinu 1927. Má búast við, að þessi upphæð verði of lág, því að gera má ráð fyrir áframhaldandi aukningu í jarðabótum, eins og verið hefir undanfarið. Árin 1913—14 námu þessi gjöld 133 þús. kr., 1925 176583 kr., 1926 248 þús. kr. og 1927 374377 kr., eða samtals 932671 kr. Sýnir þetta, að sú upphæð, sem varið er í jarðræktarstyrk, fer vaxandi ár frá ári, og er það gleðilegur vottur um áhrif styrksins.

Þá kemur 16. gr. 15. g. Þetta er nýr liður, vegna flugferðanna, og settur samkv. tilmælum forstjóra veðurstofunnar. Það kom í ljós í sumar, að veðurstofan verður að afla sjer vegna flugferðanna veðurfregna víðar að og á öðrum tímum en ella. Verður þetta til að auka útgjöld stofunnar, og álítur n. því óhjákvæmilegt að veita fje til þessa. Þegar þess er gætt, að 1930 verður hjer óvenjumikið um flugferðir, vegna hátíðahaldanna, verður þessi upphæð síst of há.

Þá kemur 16. gr. 20 og 21. N. leggur til, að þessir liðir verði færðir inn í 13. gr. Hefir hv. frsm. fyrri kaflans gert grein fyrir þeim, svo að jeg get leitt það hjá mjer.

Þá kemur 16. gr. 24. N. leggur til, að þessi liður verði hækkaður úr 4000 kr. upp í 6000 kr., en það er sami styrkur og „Mjöll" nýtur nú. N. sá ekki ástæðu til að lækka þennan styrk, með því að vitanlegt er, að þessi verksmiðja á við mikla örðugleika að stríða og litlar líkur eru fyrir því, að annar styrkur, sem verksmiðjan fer fram á, verði veittur.

Þá kemur 16. gr. 30. Þetta er nýr liður og fer fram á, að veittar verði 300 kr. til sambands austfirskra kvenna. Þetta samband er 3 ára og sótti nú um 500 kr. styrk. N. þótti þetta fullmikið, en það varð að samkomulagi í n. að leggja til, að veittar yrðu 300 kr., með tilliti til þess, að Samband norðlenskra kvenna nýtur nú 450 kr. í sama skyni.

Þá kemur 16. gr. 32. Er þetta sömuleiðis nýr liður. Landsfundur kvenna hefir tvisvar verið haldinn áður, og í bæði skiftin með styrk af opinberu fje. Konurnar fóru nú fram á 3000 kr. í þessu skyni, vegna þess, hve mikill kostnaður yrði af landsfundinum 1930, vegna hátíðahaldanna, en þær langar til að taka á móti ýmsum konum frá Vesturheimi. N. gat ekki orðið við þessari beiðni til fulls, en áleit rjett að veita til þessa svipaða fjárveitingu og áður, eða 1000 kr.

Þá kemur 16. gr. 35, leiðbeiningar um húsagerð í sveitum. Eins og kunnugt er, hefir þessi liður verið í fjárl. undanfarinna ára, en stj. hefir felt hann niður úr frv. vegna þess, að sá

maður, sem að þessum málum nefir starfað, er orðinn fastur starfsmaður nýja byggingar- og landnámssjóði. Nú er ekki til þess ætlast, að allir bændur fái lán úr þessum sjóði, en ninsvegar má telja víst, að sjóðurinn telji sjer ekki skylt að gera teikningar fyrir aðra en þá, sem við hann skifta. N. þótti ekki sanngjarnt að gera bændum, er lán taka annarsstaðar til bygginga sinna, erfiðara um vik í þessu efni en nú er, og stingur því upp á, að þessi fjárveiting, 4000 kr., sje tekin upp aftur, svo öllum sje gert jafnt undir höfði með þessar leiðbeiningar. N. álítur, að heppilegast sje að fela þetta sama manni og um það annast fyrir byggingar- og landnámssjóð, og ætlast til, að hann noti þetta fje til að kaupa sjer þá aðstoð, sem þetta aukna starf krefur.

Þá kemur 16. gr. 35, og er nýr liður, um 5000 kr. byggingarstyrk til Hjálpræðishersins í Reykjavík.

Allir þekkja, hve þörf og góð stofnun Hjálpræðisherinn er. Einn liðurinn í starfi hans hefir verið að starfrækja gesta- og sjómannaheimili hjer í Reykjavík, og reyndar víðar. Hefir hann áður fengið styrk af opinberu fje til bygginga sinna. Nú hefir reynslan sýnt, að hús hans hjer í Reykjavík er orðið of lítið, og hefir hann því í ráði að byggja 1 hæð ofan á það. Á þeirri viðbótarbyggingu að vera lokið 1930, og mun þess síst vanþörf. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ákveðið að veita til byggingarinnar 10000 kr., og fer yfirmaður Hjálpræðishersins hjer fram á 15000 kr. styrk frá Alþingi. N. sá sjer ekki fært að mæla með allri þeirri fjárhæð, en leggur til, að veittar verði 10 þús. kr. í þessu skyni, er greiðist á tveim árum. Er þetta fyrri greiðslan. N. álítur, að þessi fjelagsskapur sje þess fullkomlega verður, að að honum sje hlúð, auk þess sem forstjóri „hersins" taldi líkur fyrir, að hægara yrði um að fá lán til byggingarinnar, ef fjelagið gæti sýnt, að almennur áhugi væri fyrir málinu hjer.

Þá er 58. brtt. n., við 16. gr. 36: Til framræslu á Eyrarbakka, ¼ kostnaðar, alt að 4000 kr. Þessu er lýst nokkuð nákvæmlega í nál. og því ekki þörf að endurtaka það, sem þar er sagt, nema að litlu leyti. Það vita allir, sem til þekkja, að landið í kringum Eyrarbakka er marflatt og lágt, svo að vatn liggur á því mikinn hluta ársins. En ef hægt væri að koma þessu vatni í burtu, þá er landið mjög vel fallið til hverskonar ræktunar. En það er og kunnugt, að sjávarútvegur og verslun, sem þarna hefir verið, hefir mjög gengið saman, svo að atvinnumöguleikar fólks þar hafa skertst mjög. Það er þess vegna ekki annað að gera fyrir fólkið en að flytja í burtu eða þá að snúa sjer að landinu, en til þess að geta fengið atvinnu við landbúnað, verður að sjá um að koma vatninu í burtu. Þetta er mjög rækilega undirbúið af starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands 2—3 síðastl. ár; leggur n. því til, að veitt verði sem svarar ¼ kostnaðar, alt að 4000 kr., til þessarar framræslu.

Þá er nýr liður við sömu gr. 37.: Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1000 kr., sem er endurveiting og staðið hefir áður í fjárlögum. En eins og mönnum hlýtur að vera kunnugt

um, ef menn muna eftir umr. um þetta mál í fyrra, stóð þannig á, að ráðunaut Búnaðarfjelagsins í þessum málum, Pálma Hannessyni, fanst ekkert vit í að vera að sprengja úr fossunum fyr en fengin væru full yfirráð yfir þeim, en svo gat ekki heitið á meðan hægt var með netum að hindra laxgönguna upp fossinn; en með lögunum um Nikulásarker í fyrra er fenginn greiður gangur um fossinn, og verður því hafist handa um framkvæmdir, þegar þessi fjárveiting fæst. Vonar n., að hv. þdm. samþ. hana.

Brtt. 60, við 16. gr. 41, er nýr liður, til innflutnings sauðnauta, 20000 kr. Ætla jeg ekki að tala langt mál um þann lið, því að það mál hefir verið rætt hjer allmikið, og síðast í dag, í þessari hv. deild. Mönnum mun vera það ljóst, hvað hjer er um að ræða. Það lá fyrir n. beiðni frá Vigfúsi Sigurðssyni Grænlandsfara um 20000 kr. styrk í því skyni að afla þessara dýra, sem hann ætlar að sækja til Grænlands. En þótt hjer sje um góðan mann og gegnan að ræða, þá leitst n. ekki rjett að binda fjárveitinguna sjerstaklega við nafn hans, en veitti þetta fje alment, enda mun ríkisstj. í lófa lagið, ef hún óskar þess, að tryggja sjer aðstoð hans við þessar framkvæmdir.

Þá er brtt. við 17. gr. 1, styrkur til berklasjúklinga. Leggur n. til, að fyrir 500000 kr. komi 600000. Þetta er ekki nema leiðrjetting, því eins og hv. þm. er kunnugt, hefir kostnaðurinn farið upp í 800000 kr., svo að það má gera ráð fyrir allmiklum sparnaði á þessum lið, ef þetta, sem hjer er áætlað, á að nægja.

Þá er 62. brtt. n., við 17. gr. 11, til Stórstúku Íslands, styrkurinn hækkaður úr 8000 kr. upp í 12000 kr. N. klofnaði um þetta, en meiri hl. n. leit þannig á, að Stórstúkan væri fyllilega þess verð að fá þessa styrkhækkun, og vil jeg meira að segja geta þess álits hans, að þótt frá fjárhagslegu sjónarmiði sje gleðilegt að athuga þær tekjur, sem í ríkissjóð renna frá áfengissölunni, þá sýnir það þó, því miður, að áfengisnautn er að fara mjög í vöxt í landinu, og ríður þá á því, að starfskraftar þess fjelagsskapar, sem hefir það markmið að draga úr áfengisbölinu í landinu, verði ekki veiktir.

Þá er brtt. við 17. gr. 14, nýir liðir: Til styrktarsjóðs Hofshrepps, 400 kr., til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafjelagsins ‚Framsókn' í Reykjavík, 500 kr., og til sjúkrasjóðs „Fjelags járnsmíðanema í Reykjavík", 200 kr. — Það er öllum vitanlegt, að öll styrktar- og tryggingarstarfsemi í landinu er mjög ófullnægjandi og svo að segja hvergi heil brú í því starfi, en þörfin mikil. Víðast er þessi starfsemi þannig, að fjelagsskapur er myndaður í þessum tilgangi, og hefir Alþingi sýnt það áður, að það álítur slíkan fjelagsskap styrks verðan, með því að veita í fjárlögum styrk til ýmsra sjúkrasjóða; þess vegna gat n. ekki annað en orðið vel við beiðnum um þessa styrki, eins og áður, enda er ekki í annað hús að venda um hjálp í þessum efnum.

Þá er brtt. við 18. gr. II. b. 22, nýr liður, til Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar, 1200 kr. Þessi kona er ekkja Jóns heitins læknis Bjarnasonar frá Kleppjárnsreykjum og á 6 börn í ómegð. Maðurinn var

fyrst og fremst ungur, er hann ljetst, og ekki búinn að losa sig úr skuldum frá námsárunum, var auk þess heilsulaus síðari árin, svo að við fráfall hans var konan mjög illa stödd efnalega Fór ekkjan fram á hærri styrk, en n. sá sjer þó ekki fært að verða við þeirri beiðni.

Næsta brtt. er við 18. gr. II. c. 6., og er aðeins um það, að liðurinn falli niður, vegna þess að maðurinn dó í vetur, svo sem kunnugt er.

Þá er brtt. við 18. gr. II. c. 10, til síra Jens V. Hjaltalín. Þetta er háaldraður maður, kominn yfir nírætt. Hann er gamall starfsmaður, en hefir samkv. eldri lögum ekki nema um 760 kr. í eftirlaun á ári, en er eignalaus og getur þess vegna ekki af því lifað, þótt hann sje sparsamur. Nú fer hann fram á nokkra hækkun, og hefir biskup mælt með því, að eftirlaun hans yrðu hækkuð, svo að hann hefði 100 kr. á mánuði. Er ekki við því að búast, að gamli maðurinn geti lifað af öllu minni upphæð hjer í Reykjavík.

Þá er 67. brtt. n. við 18. gr. II. i. 16, nýir liðir: Til Sigurveigar Jónatansdóttur og til Guðrúnar Guðmundsdóttur, ljósmæðra, 300 kr. til hvorrar. Þar sem Alþingi hefir áður tekið upp þá reglu að veita gömlum ljósmæðrum svipaðan styrk og þetta, getur n. ekki annað en tekið þessar umsóknir til greina, með því að n. álítur, að þessar ljósmæður sjeu jafnvel að honum komnar sem aðrar, sem slíkan styrk hafa fengið.

Þá er brtt. við 18. gr. II. i. 30. Þessi kona er ekkja Stefáns heitins Eiríkssonar, trjeskurðarmeistara, og hefir notið nokkurs styrks í fjárlögum, en dó í vetur og er því sjálfsagt að styrkurinn falli niður.

Þá er brtt. 69, við 18. gr. II. i. 41, til Jóh. Þorkelssonar, um að liðurinn falli niður. Þessi maður var fangavörður norður á Akureyri, og hefir verið í fjárlögum í nokkur ár, en dó í vetur; leggur n. því til, að styrkurinn falli niður.

Þá er brtt. við 22. gr. 5. Þetta er ekki annað en leiðrjetting, vegna þess að öll upphæðin er ekki nema 10000 kr.; svo stendur í aths.: „Og eigi meira en 8000 kr. fyrir hvern verkamann", en á auðvitað að vera 800 kr.

Þá kem jeg að 23. gr. III., nýir liðir:

a. Að ábyrgjast alt að 450 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stj. metur gildar, — og
b. að ábyrgjast alt að 170 þús. kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stj. metur gildar.

Jeg skal fyrst fara nokkrum orðum um þessar ábyrgðarheimildir.

Um ábyrgðarheimildina fyrir Ísafjarðarkaupstað skal jeg geta þess, að á þingi 1917 var heimilað að veita Ísafjarðarkaupstað viðlagasjóðslán, 45000 kr., en var á þinginu 1919 hækkað upp í 90 þús., sem ætlað var til rafveituframkvæmda, en eingöngu til ljósa. En verkið dróst, þar til nú, að það hefir verið rannsakað ítarlega; hafa Bræðurnir Ormsson gert mælingar þessar og komist að þeirri niðurstöðu, að úr tveim ám, sem þarna eru, Fossá og Selá, megi virkja alls 600 hestöfl. Steingrímur Jónsson rafveitustjóri hefir yfirfarið þessar athuganir og

lækkað hestaflatöluna niður í 400, til öryggis. Um þessa rafstöð verður bæði Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur, og er ætlast til, að hún veiti nægilegt rafmagn til ljósa, suðu, iðju og ennfremur til hitunar vor og haust. Kostnaðaráætlunin er 450000 kr., en íbúatalan þarna er 3000.

Nú er það vitanlega aðalatriðið, að stöðin geti staðið undir þeim kostnaði, sem af því leiðir að virkja, og eftir þeim skýringum, sem fyrir n. lágu, þá virtist n., að þetta myndi nokkurn veginn örugt. Til þess að bera sig þarf stöðin að geta greitt 86000 kr. á ári í kostnað, vexti og afborgun, en nú er borgað í kaupstaðnum eingöngu fyrir ljós, og eru það þó ekki nærri öll hús í bænum, sem taka þátt í því, um 42000 kr., eða nær helmingur af því, sem stöðin þarf að fá inn árlega. Auk þess er aðstaðan svo góð, að þegar búið er að virkja ána, sem nær er, Fossá, með um 400 hestöflum, þá má virkja þar aðra á, Selá, örlítið fjær, með um 200 hestöflum, fyrir tiltölulega mjög lítið fje.

Þá er rafmagsveitan í Bolungarvík Þar er gert ráð fyrir að virkja 230 hestöfl fyrir 170000 kr. Það er að vísu engin rafmagnsveita þar fyrir, og vantar því allar leiðslur og ljósáhöld, svo að það er dálítið óhentugri aðstaða þar, en n. áleit samt, að um svo mikið væri að ræða fyrir Bolungarvík, að sjálfsagt væri að veita ríkisstj. heimild til að ganga í þessa ábyrgð, þegar málið hefði verið rannsakað nægilega. Annars vil jeg taka það fram, að ýmsir líta svo á, að óheppilegt sje, að bæði þessi bæjarfjelög virki hvort í sínu lagi. heldur sje betra að þau virki saman, og Steingrímur Jónsson rafveitustjóri álítur hyggilegast að leggja leiðslu frá Ísafirði út í Bolungarvík, en geyma að virkja í Bolungarvík þangað til orkuþörfin verður fram yfir það, sem fæst úr Fossá og Selá. Gerir n. ráð fyrir, að þessar leiðslur verði að síðustu tengdar saman í eina.

Þá er c-liðurinn. Það er heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast alt að 60 þús. kr. lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu. Þessa rafvirkjun á að framkvæma fyrir Vík í Mýrdal. Rafstöðin, sem þar er nú, er eingöngu til ljósa. En nú vilja kaupstaðarbúar efla stöð þessa með því að taka vatnið miklu hærra, og getur hún þá að minsta kosti framleitt nægilegt rafmagn til ljósa og suðu. Hafa kauptúnsbúar skuldbundið sig til að kaupa rafmagnið það háu verði, að nægi til að standa fyllilega undir kostnaði af verkinu. N. sjer því ekki ástæðu til annars en að mæla með þessari ábyrgðarheimild.

Þá er d-liður brtt., um að veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana af dýrtíðarlánum Gerðahrepps og Innri-Akraneshrepps árin 1929 og 1930.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir Gerðahreppur fengið 37000 kr. hallærislán og ekki getað borgað neitt af því, og hefir áður fengið eftirgjöf á vöxtum af láninu. Nú sóttu þeir um uppgjöf alls lánsins. N. fanst það of langt gengið að verða við slíkri beiðni, þótt hún viðurkenni, að hreppurinn sje illa staddur, en vildi hinsvegar leggja það til, að honum yrði veittur gjaldfrestur um tvö ár og uppgjöf vaxta fyrir sama tíma. Einnig leggur hún það til, að Innri-Akraneshreppi sjeu veitt sömu hlunnindi.

Þá er undir e-liðnum heimild handa ríkisstj. til að taka ábyrgð, alt að 1100000 kr., til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarmiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda landssímans.

Eins og öllum er kunnugt, þá er það húsnæði, sem landssíminn hefir við að búa, með öllu orðið óviðunandi fyrir starfrækslu hans, og óhugsandi, að sú viðbót, sem nauðsynleg er, geti fengist þar. Þess vegna er knýjandi nauðsyn að byggja nýtt hús til starfrækslu bæjarsímans og landssímans, og n. mælir eindregið með því, að stj. sje heimilað að taka lán til þessa, enda er það víst, að starfræksla símans mun fyllilega borga vexti og annan kostnað, sem af því leiðir, svo að þetta er ekki annað en tryggileg ráðstöfun fyrir landssímann, og þar að auki er það að nokkru leyti gróðavegur, samanborið við það að leigja hús annarsstaðar.

Þetta eru brtt. n., en auk þess er hjer kominn mesti fjöldi af brtt. frá hv. þdm.; ætla jeg ekki að leggja í að ræða þær fyr en hv. flm. hafa skýrt þær, ef tími þá vinst til þeirra hluta.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg mun ekki nota þetta tækifæri til þess að fara neinum almennum orðum um þær till., sem hv. fjvn. hefir borið fram. Aðeins vil jeg láta í ljós mína ánægju yfir því, að hv. n. hefir orðið við þeirri ósk, sem jeg bar fram, þegar jeg sem þáv. fjmrh. lagði fjárl. fram, að hv. n. athugaði hvort ekki þyrfti að breyta ýmsum liðum og lagfæra áætlanir; hefir hv. n. borið fram ýmsar till. til lagfæringar á þeim sviðum.

En það, sem jeg vildi koma að, eru aths. við tvo liði, sem hv. n. hefir borið fram. Fyrri till. er viðvíkjandi verklegri kenslu í bændaskólunum. Landsstj. hafði felt niður þá aths., sem var við þennan lið, en n. hefir tekið hann upp aftur. Í aths. við fjárlagafrv. er gerð sú grein fyrir því, að mþn. í landbúnaðarmálum hafi lýst því yfir, að hún mundi bera fram sjerstakar till. í því efni, enda var landsstj. kunnugt um, að landbúnaðarnefndin hafði dregið að sjer efni í þeim tilgangi og að hún hafði í hyggju að bera fram till. sínar á næsta þingi. Þar af leiðandi virðist það vera auðsætt, að styrkur til verklegrar kenslu á ekki að vera bundinn neinum skilyrðum, því ef stj. á að hlýða þeim, þá verður hún að brjóta fjárlögin. En eins og frá þessu er gengið, þá er það alveg áreiðanlegt, ef þessi aths. verður samþ., þá þýðir það ekkert annað en að verklega kenslan í bændaskólunum legst niður. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands hefir fylgst vel með þessu máli og styrkt menn til verklegrar kenslu úti um land, og haft heimild til að veita mönnum, sem taka þátt í kenslunni, 3 kr. á dag. Nú er styrkurinn hjer bundinn því skilyrði, að nemendurnir fái ekki nema 3 kr. á dag og fæði, en þeir menn, sem fá kenslu hjá Búnaðarfjelagi Íslands, fá jafnháan styrk, og svo kaup að auki. Þess vegna liggur það í augum uppi, að engum dettur í hug að stunda verklegt nám á bændaskólunum, þegar Búnaðarfjelagið gefur jafnháan styrk og svo kaup að auki. Vil jeg þess vegna skjóta því til hv.

n., hvort hún vill ekki falla frá till. sinni og láta það bíða næsta þings að taka ákvörðun um þetta, þar til mþn. hefir gert till. sínar, svo að verklega kenslan á bændaskólunum þurfi ekki að leggjast niður.

Svo er önnur smáfyrirspurn, sem jeg vildi beina til hv. n. Það er viðvíkjandi heimildinni til að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum. Hv. n. hefir flutt þetta til í fjárl., og er ekkert við það að athuga. Í frv. stj. er það sett í 13. gr., en n. hefir flutt það yfir í 23. gr. En jafnframt hefir hv. n. gert breyt. á till.; hún hefir sem sje sett inn ákveðna upphæð, hvað stj. megi taka mikið lán. Þessi upphæð er hvorki í stjfrv. nje í till. landssímastjóra. Hjer stendur: alt að 1100000 kr. Nú vil jeg spyrja hv. n., við hvað þessar tölur eru miðaðar. Það lá engin áætlun fyrir um húsið, ekki hægt að vita um, hve stórt það myndi verða, hvað það mundi kosta eða hvar í bænum það yrði bygt. Jeg álít auk þess, að það komi ekki til nokkurra mála, að ríkissjóður eigi að borga nokkurn kostnað við þetta hús. Jeg hefi átt tal við landssímastjóra um þetta atriði, og kveðst hann ekki hafa átt kost á að mynda sjer neina lauslega skoðun um, hvað húsið muni koma til að kosta, en ef stj. fær ekki tryggingu fyrir því að hafa nóga heimild til að ganga í þessa ábyrgð, þá getur auðvitað ekki komið til mála, að hún geri það; og þótt jafnvel liggi fyrir einhver áætlun um þessa upphæð, hvaða sönnun höfum við þá fyrir því, að hún muni reynast ábyggileg? Áætlanir verkfræðinganna reynast jafnvel ekki mjög ábyggilegar; þar skakkar stundum frá 10—50%, og þess eru jafnvel dæmin, að skekkjan hafi verið yfir 100%. Það getur ýmislegt komið til greina, sem hleypi kostnaðinum fram. Jeg vil líka í því sambandi benda á annað atriði. Jeg get nú skýrt hv. þdm. frá því, að við höfum fengið okkur úthlutað ákveðinni bylgjulengd fyrir tilvonandi útvarpsstöð. Lítur landssímastjóri svo á, að húsnæði fyrir þá stöð eigi líka að vera í þessari byggingu, en til þess að leggja út í þann kostnað veitir kannske ekki af þessari upphæð, en, sem sagt, jeg óska þess, að hv. n. láti í tje vitneskju um það, á hverju hún byggir það að takmarka heimildina þannig, því að mjer er kunnugt um, að það eru engar áætlanir til að byggja á í þessu efni.

**Magnús Jónsson:** Jeg á hvorki margar nje stórar brtt. við fjárl. og get því látið mjer nægja fá orð. En áður en jeg fer að tala um brtt., vil jeg minnast á eitt atriði úr ræðu hv. frsm. Jeg tók eftir því, að hann sagði, að n. hefði vísað frá sjer öllu því, er snerti hátíðahöldin 1930. Það vildi hún alt láta koma á einn reikning. Mjer er ekki skiljanlegt, hvernig þetta má verða. „Reikningur" þessi mun vera væntanlegur reikningur undirbúningsnefndarinnar. En nefndin hefir ekki heimild til þess að fást við neitt annað en það, sem varðar sjálf hátíðahöldin, og þó helst á Þingvöllum. Á hinn bóginn er mjer kunnugt um, að ýmsar umsóknir hafa borist hátíðanefnd, sem hún getur ekki með nokkru móti tekið á sinn reikning. T. d. má nefna umsókn frá stúdentum um styrk til að halda norrænt stúdentamót 1930. Þetta mót verður algerlega óviðkom-

andi hátíðinni. Það verður að öllum líkindum haldið á undan og verður á engan hátt liður í hátíðahöldunum. Þar fyrir getur það verið mjög heppilegt að halda það einmitt 1930 og í sambandi við hátíðahöldin. En jeg býst ekki við, að n. geti tekið þann styrk upp á sína arma sem kostnað við hátíðahöldin. — Önnur styrkbeiðni, og hún stór, hefir borist frá n. þeirri, er athugar möguleikana fyrir almennri landssýningu árið 1930. Hátíðarnefndin, sem eiginlega var kosin til að sjá um hátíðahöldin á Þingvöllum, hefir vísað þessari beiðni frá sjer, því hún komi ekki hátíðahöldunum við. Jeg held því, að ef sýning þessa á að halda, þá verði Alþingi að veita fje til þess sjerstaklega, en dugi ekki að vísa því á einhvern sameiginlegan reikning. Jeg hygg, að hv. fjvn. verði að taka þetta til nýrrar yfirvegunar.

Áður en jeg kem að brtt. mínum, vil jeg mæla með einni brtt. n., af því jeg er þar dálítið kunnugur. Það er till. um að veita 1000 kr. til kenslu í söng við háskólann. Í fyrra voru veittar 1200 kr. í þessu skyni, og get jeg upplýst það, að kenslan hefir verið ákaflega vel notuð, og er það mesti erfiðleiki kennarans, að vísa mönnum á bug, er hann getur ekki tekið. Kenslan hefir einnig verið mjög ódýr og miklu ódýrari en annarsstaðar. Er maður hugsar út í það, hve söngur er mikill hluti af starfi presta í kirkjunni, þá er hjer sannarlega ekki of miklu eytt í að undirbúa prestaefni til þess starfs, þótt þessi upphæð verði veitt. Ef till. þessi verður samþ. nú aftur, þá vona jeg, að stj. líti svo á, að þetta sje sjálfsagt og láti upphæðina standa áfram í fjárl., svo ekki þurfi að vera að tala um þetta á hverju þingi.

Ein af þeim brtt., er jeg flyt (ásamt hv. þm. V.-Sk.), rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans, verður tekin aftur til 3. umr., og skal jeg því ekki ræða hana.

Þá ber jeg fram XIX. brtt. á þskj. 345, um að hækka rekstrarstyrk kvennaskólans upp í kr. 21000, eða sömu upphæð og hann hefir áður notið. Eins og hv. þdm. hafa sjeð af brjefi, er þeim hefir borist frá einum úr stjórnarnefnd skólans, þá setur þessi lækkun, sem farið er fram á í frv., skólann í hinn mesta bobba. Með ýtrustu sparsemi hefir skólinn getað lifað nokkurnveginn áhyggjulaust undanfarið. Það hafa einungis verið tveir fastir kennarar við skólann, báðir á lágum launum, en annars hefir verið bjargast við tímakenslu, því hún er ódýrari. Skólinn hefir safnað sjer nokkrum sjóði, og er ilt að þurfa að eyða af honum, því ætlunin er að nota hann sem byrjun til byggingarsjóðs. Jeg veit ekki, hvað hæstv. stj. hefir gengið til, er hún færði styrkinn niður í frv. Í aths. er sagt, að skólinn hafi notið hlutfallslega meiri styrks en aðrir einkaskólar og að hann njóti nú nálega einskis styrks frá Reykjavík. En það má ganga út frá því, að bærinn styrki hann ekki meira en nú. Hann hefir fengið viðurkenningu, 500 kr., og það mun ekki koma til mála, að hann fái meira úr þeirri átt. Bæjarstj. heldur því fram, að þetta sje ekki skóli fyrir bæinn frekar en aðra landsmenn, enda er hann sóttur alstaðar að af landinu. Maður sjer að vísu af skólaskýrslunni, að hann sækja margar stúlkur úr Reykjavík, en það er

þó einkum í neðri bekkjunum. Og mikill fjöldi er utan af landi. Og hvort sem það er sanngjarnt eða ekki, þá fær skólinn ekki meiri styrk en þetta frá Reykjavík. Það er ekki til neins fyrir Alþingi að gefa ávísanir á aðra. Það er því ekki um annað að ræða, ef styrkurinn verður lækkaður, en að færa skólann saman eða hækka skólagjöldin. Það kom einu sinni til orða að gera hann að ríkisskóla; það hafði mikið fylgi hjer á Alþingi, en hafðist þó ekki í gegn. Menn óttuðust, að skólinn yrði dýrari í rekstri með því móti; töldu það heppilegra að láta hann starfa undir sjerstakri stjórn, en leggja honum til nægilegt fje og hafa gætur á, að hann væri sparlega rekinn. Jeg vænti því, að þessi till. mín verði samþ.

Hin till., er jeg þarf að mæla fyrir, er sú XXXIII. á þskj. 345. Hún fer fram á að veita Íþróttafjelagi stúdenta 1000 kr. styrk, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordischdeutsche Woche). Þetta verður mikið þing, er Þjóðverjar boða til. Mæta þar bæði andans menn og íþróttamenn af Norðurlöndum og Þýskalandi. Háskólanum hefir verið boðið að senda einn mann á mótið, og er boðið svo rausnarlegt, að þeir greiða ekki aðeins fullan ferðakostnað, heldur einnig sjerstaka borgun fyrir fyrirlestur, er hann á að flytja þar. Nú langar stúdenta, sem undanfarið hafa haldið uppi íþróttafjelagi, að senda þangað flokk glímumanna. Þeir hafa leitað til háskólaráðsins og það hefir samþ. að veita þeim 1000 kr. styrk af óvissum útgjöldum sáttmálasjóðs. Þeir ætla að senda 10 manns og hafa gert áætlun um ferðakostnaðinn. Gera þeir þar ráð fyrir nær 400 kr. — 398,50 — á mann. Má á þessu sjá, að þeir ætla ekki að fara til að „flotta" sig. Þetta er svo lágt, að mjer þykir ólíklegt, að þeir sleppi með það. En þó þeir sleppi með þessar 4000 kr., þá er það langt fyrir neðan það höfðinglyndi, er Alþingi oft sýnir, að neita um 1000 kr. styrk til þessa áhugafyrirtækis. Mjer þótti hálfgildings skömm að bera þetta fram, en vildi þó ekki fara fram úr því, er þeir höfðu sótt um. En það væri sannarlega ekki mikið, þó Alþingi greiddi kostnaðinn, að frátöldum þeim styrk, er háskólaráðið hefir veitt. Þar sem upphæðin er svona lág, þá vænti jeg þess, að hv. þdm. samþ. þetta í e. hlj.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Jeg skal segja nokkur orð um brtt. þær, er jeg flyt. Á þskj. 345, tölul. LXII., er þess farið á leit, að Magnúsi skólastjóra Helgasyni verði veitt full laun, þótt hann láti af störfum. Jeg ætla ekki að gera Alþingi þá minkun að fara að lýsa verðleikum þessa ágæta manns fyrir þingheimi, því þeir eru þjóðkunnir. Aðeins skal jeg geta þess fyrir þá þm., er kynnu að halda, að hann hefði safnað auð fjár, að framan af var hann prestur á Torfastöðum í 22 ár við lítil laun. Staðnum skilaði hann af sjer endurbygðum og endurgjaldslaust. Þá gerðist hann kennari í Hafnarfirði, og frá því kennaraskólinn var stofnaður hefir hann starfað við hann. Frá því breyt. var gerð á launalögunum hefir hann notið sæmilegra launa. og þó ekki svo, að hann hafi safnað fje til ellinnar, enda er hann allra manna hjálpsamastur, þeirra er jeg þekki. Jeg veit af undirtektum hv,

þdm., að þessi till. muni engan mótbyr fá. Er þetta hin síðasta þökk, er Alþingi á kost á að flytja hinum ágæta manni.

Þá á jeg XLVIII. brtt. á sama þskj., um að veita 2000 kr. styrk til minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur frá Flateyri, til berklavarnastarfsemi. Þessi sjóður er nú um 8000 kr. auk vaxta á síðasta ári. Hefir hann eflst mjög fyrir atbeina hjeraðsbúa. Ekki má byrja að nota hann, fyr en hann verður 10000 kr., og er þess væntst, að ríkið hjálpi nú til, svo hægt verði að grípa til hans þegar á næsta ári. Er ætlunin að byggja á Flateyri sólskýli fyrir börn, og á yfirleitt að beina starfseminni í þá átt að hindra útbreiðslu berklaveiki. En það þýðir sama og sparnaður á útgjöldum ríkissjóðs til berklavarna.

Jeg skal ekki eyða orðum að tveim smátill. um að hækka styrkina til þeirra Páls skálds Árdals og Hólmgeirs Jenssonar. Hækkunin er lítil, en báðir eru þeir alls góðs maklegir, fátækir og aldraðir. Þurfa þeir báðir hækkunarinnar með.

Þá flyt jeg, ásamt nokkrum öðrum, till. um að veita Magnúsi Ásgeirssyni 1500 kr. styrk til ljóðaþýðinga. Er safn það, er hann gaf út í vetur af þýðingum erlendra úrvalsljóða, flestum þm. kunnugt. Um þær þýðingar vil jeg leyfa mjer að lesa upp álit Árna Pálssonar, og þarf þá ekki frekar vitnanna við. Hann segir svo:

„Jeg hefi kynt mjer ljóðaþýðingar Magnúsar stúdents Ásgeirssonar og þori jeg að fullyrða að hann er nú hinn snjallasti ljóðaþýðari á voru máli. Hann hefir næman málsmekk og viðkvæman skilning á ljóðum, og stundum, þá er best gegnir, nálega takmarkalaust vald yfir formi. Tel jeg vafalaust, að sumar þýðingar hans jafnist á við hinar bestu þýðingar Steingríms og Matthíasar. Væri því vel farið, ef Alþingi sæi sjer fært að styðja að því, að þessi gáfa hans verði ekki arðlaus og gagnslaus".

Fleiri brtt. skal jeg ekki nefna að sinni, en þó vil jeg bæta við mínum bestu meðmælum með till. um styrkinn til kvennaskólans. Það er engin ástæða til að lækka hann frá því, sem verið hefir, nema ný skipun sje á gerð um fræðslu kvenna. Kvennaskólinn hefir fulla þörf á þessum styrk og honum hefir ekki verið varið illa; það er hinn myndarlegasti skóli. Hann er landsskóli; bæði eru nemendur úr öllum sýslum landsins og eins hefir ríkið haldið honum uppi. En hann er einn ódýrasti landsskólinn. Það er því síst ástæða til að fara að skera af styrk hans. Þó skólinn hafi safnað sjer nokkrum sjóði, þá ætti það ekki að vera áhugamál Alþingis að eyða því fje til rekstrar, því síðar getur að því orðið góður stuðningur, er farið verður að byggja yfir hann.

Fleiri till. skal jeg ekki minnast á, en vil ljúka máli mínu á því, sem jeg byrjaði, að jeg vænti þess, að enginn finnist sá hjer í hv. deild, er ekki fylgi af fúsu geði till. um eftirlaun síra Magnúsar, er hann nú, sakir elli og þreytu, lætur af skólastjórn.

**Einar Jónsson:** Það er ekki tilætlun mín að álasa hv. fjvn. fyrir það, þó hún hafi kastað til hliðar ýmsu því, er að henni hefir borist af umsóknum

o. þ. l., því eins og allir vita, þá er það skylda hennar að halda spart á fje ríkisins og gæta þess, að því sje ekki kastað út að óþörfu. Jeg komst best að þeirri skyldu, sem á fjvn. hvílir í þessum sökum, er jeg var skrifari þeirrar n. í hv. Ed. 1927, og minnist þess enn, hver óbotnandi fjöldi erinda n. bárust í hönd. Ekki get jeg heldur álasað einstökum þm. fyrir það, þó þeir leitist við að koma áfram ýmsum erindum, sem annaðhvort hafa ekki fengið áheyrn hjá hv. fjvn. eða ekki verið lögð fyrir hana. Vonast jeg því til þess, að hv. þdm. taki máli mínu vel og greiði þeim brtt., er jeg og samþm. minn berum hjer fram, atkvæði sitt.

Brtt. okkar, sem eru talsins 4, eru allar á þskj. 345. Eru það sjerstaklega 2, sem eru mikilsverðar fyrir alla hjeraðsbúa Rangárþings og sem við leggjum mikið kapp á, að verði samþ. Aðra þeirra tók jeg aftur í gær til 3. umr., því jeg þurfti að gefa hv. fjvn. frekari upplýsingar. Hún var um það að styrkja byggingu dragferju á Hólsá, sem er hið mesta nauðsynjamál þar eystra.

Hin aðaltill. okkar er við þennan síðari kafla fjárl. Er hún sú XXXIV. á þskj. 345. Hljóðar hún um það að hækka tillagið til sandgræðslunnar úr 40 þús. í 52 þús. kr. Skal svo verja þessum 12 þús. til sandgræðslugirðinga, sjerstaklega á Rangárvöllum.

Jeg býst ekki við því, að öllum hv. þdm. sje það kunnugt, hversu stór sandsvæði þar er um að ræða, sem nú þegar eru orðin örfoka og eru byrjuð að gróa upp aftur. Sá gróður er að vísu lítill, en mundi óðum aukast, ef honum væri hjálpað með því að girða og friða svæðið algerlega fyrir sauðfje. Reynslan hefir sem sje þegar sýnt, að gróðrinum fer örar fram en nokkurn ókunnugan grunar, ef landið er friðað. Á þessu svæði, sem hjer er ætlast til að girt verði, eiga hlut að máli 8 jarðir. Eru 5 þeirra bygðar, en 3 í eyði, en ýmist eru þær notaðar til slægna eða beitar. Alt þetta svæði mundi geta orðið í einni girðingu. Mundi hún kosta ca. 20 þús. En að lengdinni til mundi hún verða 20 km. Hefir reynslan þar eystra orðið sú, að hver km. kostaði um 1000 kr.

Samkv. sandgræðslulögunum frá 1927 á landeigandi að greiða ⅓, en sandgræðslusjóður ⅔. En þar sem kostnaður við þetta verður 20 þús. kr., þá er þó ekki farið fram á, að ríkissjóður greiði nema 12 þús., og er ætlast til, að hlutaðeigendur greiði hitt. Býst jeg við því, að landeigendur mundu sætta sig við þetta, þó þeir vildu vitanlega helst, að farið yrði eftir lögunum í þessu tilfelli sem öðrum.

Jeg hefi heyrt því lauslega fleygt, þó ekki hjer í þingsalnum, að mikill meiri hl. þess fjár, er fer til sandgræðslu, rynni til Rangárvallasýslu, Þetta er að vísu að nokkru leyti rjett, en þó ekki að öllu, því víða annarsstaðar á landinu hafa verið reistar sandgræðslugirðingar. En það er rjett, að byrjað mun hafa verið á þessari starfsemi í Rangárvallasýslu. Var það aðallega í Landhreppi og nokkuð á Rangárvöllum. Og nú síðast hefir nokkuð verið gert í Landeyjum. En það hefir líka verið farið vestur og norður um land, austur í Skaftafellssýslu og víðar, eins og líka rjett er og sjálfsagt.

Jeg hefi nú ekki að vísu átt tal um

það við hv. samþm. minn, en jeg býst við því, að hann sje því samþ., að ekki sje síður þörf á því að fara fram á þetta, þegar þess er gætt, að Rangárvallasýsla hefir orðið mjög útundan í fjárlagafrv. hæstv. stj. Hefi jeg ekki getað komið auga á nema einar 200 kr., er renna til hennar sjerstaklega í fjárl. frá stj. hönd, og eru það þó drjúgar upphæðir, er renna til ýmsra annara sýslna, án þess þó jafnframt að vera til samèiginlegra þarfa landsmanna. En þessar 200 kr. eru læknisvitjunarstyrkur til Eyjafjallahreppa. Þegar þetta er alt athugað, efast jeg ekki um, að allir sanngjarnir þm. þessarar hv. d. muni fylgja okkur að málum. Þá er jeg heldur ekki í vafa um það, að hv. þm. þekkja nauðsyn þá, er knýr Rangvellinga til þess að biðja um vernd gegn sandfokinu, og best mundu þeir skilja þá nauðsyn, ef þeir væru nú í dag eða hefðu í gær verið staddir þar austur frá. Því eftir því sem mjer hefir verið símað, þá er þar nú svo mikill sandbylur og moldrok, að víða sást ekki út fyrir túngarðinn. Vitanlega hverfur sandfokið ekki alt í einu, þó eitthvað sje girt. En hver blettur, sem græddur er upp, stuðlar þó að því að það minki.

Allir vita, að nauðsynlegt er að hafa sem mest og varanlegust not af landinu. En til þess að það geti orðið, er oft og einatt nauðsynlegt að kosta nokkru til. Vill þá fjárskorturinn oft standa einna mest í vegi fyrir framkvæmdunum. En það, sem þessi brtt. okkar miðar að, er einmitt það að útvega fje til þess að hægt sje að gera ráðstafanir til þess að sem mest og best not verði að landinu.

Til þess að spara umr., sem allir eru sammála um að rjett sje að verði sem stystar, höfum við hv. samþm. minn og jeg komið okkur saman um það að skifta með okkur verkum, svo hvor tali fyrir helmingi þeirra till., er við berum fram saman. Læt jeg því nægja að tala fyrir þessari, en eftirlæt hv. 2. þm. Rang. að tala fyrir hinum. Vænti jeg þess, að hv. þdm. sjái sjer fært að fylgja þessum till., þar sem ekki er um meiri upphæðir að ræða, sem þar að auki mun koma til með að borga sig margfaldlega. Hygg jeg, að oft hafi verið veitt fje til margfalt óþarfari hluta. Endurtek jeg svo von mína um það, að þetta mál fái góðar undirtektir hjá hv. þdm., og lýk þar með máli mínu.

**Hákon Kristófersson:** Jeg á nokkrar brtt. við þennan kafla fjárl. En jeg veit annars ekki, hvaða þýðingu það hefir að vera að tala um ástæður þess, að brtt. eru komnar fram, þegar svo er ástatt, að tæplega helmingur dm. er á fundi. Er því hætt við, að skýringar þær, er flm. hinna einstöku brtt. bera fram, hafi lítil áhrif. En samt ætla jeg að fara nokkrum orðum um þessar brtt. mínar. (**BÁ:** Nefndin er þó við). Já, en mjer skilst nú, að hún hafi þegar komið sjer niður á fasta niðurstöðu um afstöðu sína gagnvart brtt. mínum og annara. Býst jeg ekki við því að hafa það andans þrek, að geta látið hana skifta um skoðun; skoðun, sem ef til vill er svo fast bundin við flokkshagsmuni, að sanngirni getur ekki komist að.

Það er þá fyrst brtt. LI á þskj. 345, við 18. gr. II. e. 12., að þar komi nýr

liður. Hv. þm. V.-Ísf. ætlaði að bera þessa till. fram með mjer, en þegar jeg afhenti hana, var hann ekki viðstaddur og lagði jeg því svo fyrir, að nafn hans yrði sett með mínu. En fyrir einhverja vangá hefir það ekki orðið. En vera má, að það breyti ekki miklu um úrslitin. Þessi brtt. fer fram á það, að Ásdísi Þorgrímsdóttur, ekkju Sigurðar Þórólfssonar kennara, verði veittar 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð, en þau eru 4. Er þetta í beinu samræmi við það, sem tíðkast hefir oft áður, og þori jeg að fullyrða, að þessi ágæta kona á skilið að fá þennan styrk, þó ekki væri vegna annars en þess, hve hennar mikilsvirti — nú látni — eiginmaður vann mikið fyrir þjóð sína með kenslu og allskonar uppfræðingu. Mun óhætt að fullyrða, að kensla hans hafi verið mun ódýrari en tíðkast hjá öðrum, og því hægra fyrir efnalitla menn að hljóta nokkra fræðslu fyrir lítinn tilkostnað. Get jeg sagt það af viðtali við nemendur hans eldri og yngri, að þeir minnast hans með hlýjum hug og þakklæti fyrir vel unnið starf. Jeg þarf ekki að lýsa því, að þessi látni heiðursmaður var fullkomlega meðalmaður, sem meðal annars má sjá af því, að hann hóf sig upp úr hinni sárustu fátækt til þess að verða einn af nýtustu sonum sinnar fósturjarðar. Vonast jeg því til, að Alþingi bregðist nú vel við og sýni ekkju þessa manns þann sóma að styðja hana með þessu framlagi, og sýni með því, að það kunni að meta starf hins látna heiðursmanns.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál, enda virðist það þýðingarlítið, þar sem sárafáir eru nú á fundi, en ætla þá að snúa mjer að annari till., sem fer í þá átt, að aftan við 22. gr. komi þessi mgr.: „Af rafmagnsveituláni Patrekshrepps, að eftirstöðvum kr. 66916.67, skal gefa eftir 30000 kr.“. Fjvn. er mjög vel kunnugt um þær ástæður, sem fyrir þessu liggja, því að oddviti hreppsins hefir skrifað n. langt og ítarlegt brjef, og það væri að bera í bakkafullan lækinn, ef jeg færi að auka einhverju þar við, því að brjefið er í alla staði nákvæmt og sannleikanum samkvæmt. En þar sem hv. þingdeildarmenn eru málinu ekki eins kunnugir og n., vildi jeg rekja sögu þess í megindráttum. Þetta lán er tekið á áramótum 1913—14 og var það rjett fyrir stríðið. Áætlanir um kostnað og undirbúning málsins voru gerðar af þar til fengnum fagmanni, og þess vegna er ekki hægt að segja, að þeir, sem hjer eiga hlut að máli, hafi rasað fyrir ráð fram. Upprunalega áætlunin var ekki hærri en svo, að hún nam ekki ⅓ af þeim kostnaði, er af verkinu leiddi. Það, sem gerði þetta fyrirtæki svona ákaflega dýrt, voru stórfeld slys af völdum ófriðarins. Vil jeg í því sambandi benda á eitt lítið dæmi af mörgum óhöppum, sem fyrir komu. Þegar pípurnar, sem hingað áttu að sendast, voru komnar á skjöl skips eins, vildi svo til, að það var orðið fult, þegar átti að setja þær um borð, og gátu þær því ekki komist með. Tveimur dögum seinna fór annað skip frá sama fjelagi, og með því voru pípurnar sendar. Fyrra skipið, sem pípurnar áttu að fara með, komst alla leið til Íslands, en seinna skipið, sem þær fóru með, var skotið niður. Þetta hafði þær afleiðingar, að horfið

var að því ráði að fá pípurnar frá Ameríku, og voru þær margfalt dýrari en hinar. Þetta varð hreppnum svo dýrt, að jeg álít, að Alþ. eigi að hlaupa undir bagga með honum, sjerstaklega þar sem ekki er hægt að kenna hjeraðsbúum, þótt í öngþveiti sje komið. Jeg ætla nú að lesa upp kafla úr brjefi oddvita, því að þótt n. sje það kunnugt, hafa aðrir hv. þm. gott af að kynnast málavöxtum nánar.

„Á árunum 1913—14 er sú ákvörðun tekin, eftir umræður á almennum sveitarfundum, að byggja rafveitu hjer í kauptúninu. Hafði þá verið rekin hjer smá-rafveita nokkur undan farin ár, sem var eign „privat"-manns, og gátu aðeins nokkrir hreppsbúar orðið aðnjótandi raforku þaðan. Rafveita þessi var rekin með vatnsafli, og svo skyldi einnig þessi nýja rafveita starfrækt. Var jafnframt ákveðið að fá þessa litlu rafveitu tekna eignarnámi eða lagða niður á annan hátt með samningi, og varð hið síðara ofan á, eins og seinna mun að vikið í brjefi þessu. Var nú fenginn sjerfræðingur til að gera áætlun um kostnað við byggingu þessarar fyrirhuguðu rafveitu og um, hversu mikið afl mundi hægt að framleiða með því vatns magni, sem var fyrir hendi. Sjerfræðingur þessi gefur það svo út, að hægt muni vera að framleiða um 40 hestöfl rafmagns og muni rafveitan uppkomin kosta um 34 til 36 þús. kr. Rafveitunni var eingöngu ætlað að framleiða rafmagn til ljósa, og þótti sem þetta afl mundi nægja kauptúninu um ófyrirsjáanlega langan tíma, þó að íbúatalan ykist mjög og þar með rafmagnsnotkun. Var svo þessum rafmagnsfræðingi falið að sjá um byggingu rafveitunnar og að kaupa efni og vjelar til hennar. En meðan á þessum undirbúningi stóð, skall heimsstyrjöldin á, sem enginn bjóst við að stæði eins lengi og raun varð á, nje hefði þau eftirköst, sem síðar kom í ljós, og datt því engum í hug að fresta framkvæmdum þessa máls af þeim ástæðum. Var nú máli þessu komið svo langt áleiðis, að búið var að grafa skurðinn fyrir vatnspípurnar, sem er tæpur kílómeter að lengd, og einnig búið að festa kaup á vjelum í Svíþjóð og járnpípum í Englandi, með sæmilega hagkvæmu verði. En þegar hjer er komið málum, kemur fyrsta óhappið fyrir þetta fyrirtæki, sem er það, að skipið, sem var á leið til landsins með pípurnar, var skotið í kaf. Voru nú aðstæður orðnar svo breyttar, að ókleift reyndist að kaupa aðrar pípur, og þá ekki nema með óskaplegu verði. Líða svo 2 ár, að þetta tekst ekki, og hrynur nú skurðurinn saman og verður að gera hann að nýju, og kostaði það því sem næst jafnmikið og í hið fyrra skiftið, vegna hækkaðra vinnulauna, þótt verkið væri minna. Loksins eru þó keyptar nýjar vatnspípur úr trje, járnbentar, frá Ameríku, og komst rafveitan loks upp í desembermánuði 1918. Kostar hún þá uppkomin 90 þús. kr., að viðbættum 2 þús. kr., sem greiddar voru hinum fyrgreinda rafstöðvareiganda fyrir að leggja þá stöð niður, samkvæmt þar um gerðum samningi. Vantaði þó mikið á, að rafveitan væri fullgerð, því að margt var eftir ógert og fljótlega gengið frá, bæði við stöðvarhúsið o. fl., sem síðar hefir verið fullgert og sem ætti að teljast með stofnkostnaði henn-

ar, þótt svo hafi ekki verið gert. Það mun því ekki ofmælt, að rafveitan muni hafa kostað uppkomin 95 þús. kr., fyrir utan allar innanhússtaugar, sem kostaðar voru af einstaklingum. Auk þess keypti rafveitan fyrir 2 árum mæla í allar íbúðir í kauptúninu, og kosta þeir rúml. 4 þús. kr.

Til þess að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd var fyrst tekið reikningslán í Íslandsbanka, að upphæð 35 þús. kr., og síðan seldir víxlar til viðbótar, eftir því sem með þurfti. Árið 1918 er svo fengið lán úr Viðlagasjóði, að upphæð 55 þús. kr., til 30 ára. Með því fje eru innleystir allir víxlarnir, sem seldir höfðu verið. Árið 1920 er svo enn fengið lán úr Viðlagasjóði, að upphæð 30 þús. kr., til 40 ára. Með þessu seinna viðlagasjóðsláni er reikningslánið í Íslandsbanka greitt að fullu. Áður höfðu verið greiddar af því 5 þús. kr. árið 1918. Lán Viðlagasjóðs voru því alls 85 þús. kr. Var byrjað að borga af þeim árið 1921 og hefir altaf verið borgað af þeim árlega síðan, nema árið 1926, þegar keyptir voru rafmagnsmælarnir. Var þá fengið samþ. landsstjórnarinnar til þess að láta afborgun falla niður það ár. Vextir hafa verið greiddir frá byrjun. Er því nú búið að greiða til Viðlagasjóðs til þessa tíma: Í afborganir kr. 18083.33 og í vexti kr. 36250,83, samtals kr. 54334.16. — Til Íslandsbanka hefir verið greitt: Í afborgun kr. 5000.00 og í vexti kr. 6900.00, samtals kr. 11900.00. Er þannig búið að greiða til þessa tíma í afborganir og vexti vegna rafveitunnar alls kr. 66234.16. Eftirstöðvar lánanna við Viðlagasjóð eru nú kr. 66916.67. Þrátt fyrir þetta gífurlega háa verð, sem varð á rafveitunni fyrir óviðráðanleg atvik, eins og hjer er að framan synt, gerðu menn sjer þó vonir um, að unt yrði að starfrækja fyrirtæki þetta án stórkostlegs tjóns fyrir sveitarfjelagið, eða án þess að víkja þyrfti frá gerðum skuldbindingum við lánveitanda. En þegar á fyrsta starfsári er það sýnt, að þær vonir muni bregðast. Það kom sem sje bráðlega í ljós, að rafveitan skilaði ekki nema helmingi þess afls, sem áætlað hafði verið í byrjun, þ. e. aðeins 20 hestöflum í stað ca. 40. Var hjer um að kenna vatnsskorti, eða rjettara sagt skökkum mælingum á vatnsmagninu áður enn byrjað var á byggingu rafveitunnar".

Hjer mætti skjóta því inn í, að óvíst er, hvort hreppurinn hefði nokkurntíma ráðist í þetta fyrirtæki, ef útreikningur verkfræðings hefði verið rjettur. Hreppurinn bygði á honum og tók útreikninginn trúanlegan, og því er ekki hægt að segja, að rasað hafi verið fyrir ráð fram. Með leyfi hæstv. forseta vildi jeg svo lesa áfram:

„Þetta afl nægði þó að mestu fyrst í stað, en brátt reyndist það algerlega ófullnægjandi, því að rafmagnsnotkun til ljósa hefir aukist að mun síðari árin, vegna fólksfjölgunar í kauptúninu. Er þetta margfalt meira tjón en þótt rafveitan kostaði þrefalt það verð, sem áætlað var í upphafi. Því hefði hún getað skilað því afli, sem áætlað var upphaflega, þá hefði hún auðvitað borið sig því betur, sem rafmagnsnotkunin jókst meira. Er nú svo komið málum, að ekki er nema um tvent að gera: annaðhvort að auka afl rafveitunnar á einhvern hátt, eða að selja takmörkuðum fjölda af íbúum hreppsins rafmagn til ljósa. Það síðara virðist í

fljótu bragði auðveld leið, en þegar athugaðar eru allar aðstæður, er sú leið allsendis ófarandi, og stafar það af því, sem nú skal greina. — Þegar í byrjun þótti það sýnt, að ótækt mundi að selja rafmagnið svo dýrt, að rafveitan gæti staðið straum af sjer sjálf af eigin ramleik. Var því tekin sú ákvörðun, að greiða nokkurn hluta af rekstrarkostnaði hennar úr sveitarsjóði, og hefir svo verið gert til þessa. Fjárhæð sú, sem lögð hefir verið rafveitunni úr sveitarsjóði, hefir árlega numið um 4 þús. kr., og eru það allar árlegar afborganir og mikill hluti vaxtanna til Viðlagasjóðs. Yrði nú horfið að því ráði að selja aðeins sumum af íbúum hreppsins rafmagn, þá yrði um leið að kippa burt þessu sveitarsjóðstillagi, því að ekki mundu þeir gjaldþegnar sveitarsjóðs ánægðir með álögur sínar, sem svo engin not hafa af rafveitunni. Enda mundi þurfa að selja rafmagnið við því verði, að enginn sæi sjer fært að kaupa það, yrði sveitarsjóðstillaginu kipt í burtu Af þessum ástæðum virðist það ljóst, að þessi leið er ófarandi, og er þá varla annað tiltækilegt en að auka afl rafveitunnar, en hvernig þætti tiltækilegast að gera það, eða hve mikið það myndi kosta, eru ekki ennþá komnar ákveðnar tillögur um. Hefir verið reynt að fá kunnáttumann til að gera athuganir hjer að lútandi, en það hefir því miður ekki tekist enn, því að það var ætlun vor að láta ákveðnar tillögur sjerfræðings, um hvað hjer þyrfti að gera, fylgja brjefi þessu, svo að öllum mætti vera ljóst, að hjer verður eitthvað að hafast að, eigi þetta fyrirtæki ekki að fara í kalda kol. Glöggir menn hjer heima í hjeraði giska á, að það muni kosta 20 til 30 þús. kr. að auka afl rafveitunnar svo, að nægilegt mundi í nánustu framtíð. Það, sem því hjer liggur fyrir að gera, er að endurbæta svo rafveituna, að hún fullnægi rafmagnsþörf íbúa hreppsins til ljósa, en til þess sjáum vjer enn enga leið með þann skuldabagga, sem hvílir á fyrirtæki þessu. Af þessum ástæðum er það von vor, að hið háa Alþingi sjái sjer fært að verða við tilmælum vorum um eftirgjöf á alt að helmingi eftirstöðva lána þeirra í Viðlagasjóði, sem hvíla á rafveitu Patrekshrepps, eða 30 til 34 þús. kr., og vjer berum það traust til hv. fjvn., að hún sjái nauðsyn vora á að fá þau úrslit máls þessa, sem vjer hjer óskum eftir. Vjer sjáum enga leið til þess að afla oss nýrra lána til aukningar á afli rafveitunnar með fyrgreinda skuldabyrði á bakinu. Vjer getum ekki betur sjeð en að öll sanngirni mæli með þessari beiðni vorri, þegar tekið er tillit til allra aðstæðna. Þess má og gæta í þessu sambandi, hversu mjög við Vestfirðingar höfum verið og erum afskiftir í fjárframlögum frá því opinbera til verklegra framkvæmda, sem þó ver árlega mörgum hundruðum þúsunda í krónutali til annara fjórðunga landsins í þessum efnum. Einnig viljum vjer mega telja það meðmæli með þessari beiðni vorri, að vjer höfum til þessa staðið fullkomlega í skilum með allar greiðslur til Viðlagasjóðs, eins og meðfylgjandi yfirlýsing ríkisfjehirðis ber vitni um, enda höfum vjer lagt þar í metnað vorn að reynast skilamenn gagnvart lánveitendum vorum, og höfum ekki látið falla niður neina greiðslu — hvorki vaxta nje afborgana — til

lánardrotna vorra að þessu. En nú er svo komið, vegna þeirra óviðráðanlegu ohappa, sem nær hefir verið lýst, að oss er ao veroa þetta algerlega um megn, og stafar það alt af því síðasttalda og mesta tjóni, því, hversu afl rafveitunnar reyndist minna en það var ætlað. Hefði það tjón aldrei orðið, hefðum vjer aldrei þurft — og þa aldrei gert — að fara fram á eftirgjöf af lánum þessum, þrátt fyrir það, þótt rafveitan yrði þrefalt dýrari en ætlað var. Þess má geta, að raddir hafa látið til sín heyra hjer, sem telja það rjettast að leggja nú árar í bát og láta skeika að sköpuðu. Hætta að starfrækja rafveituna og taka upp sín gömlu olíuljós, láta veðhafann — Viðlagasjóð — ganga að veðinu og ábyrgð sýslunnar, og láta sjá, hvað hann hefir upp úr þeirri meðferð fyrirtækis þessa. En vjer teljum þessa leið út úr ógöngunum ófarandi og algerlega ósæmandi og treystum því, að ríkisvaldið telji það skyldu sína að hlaupa hjer undir bagga og bjarga málinu við á sæmilegan hátt. Vjer lítum svo á, að hjer standi alveg sjerstaklega á, því að það mun algerlega einsdæmi, að hvert hestafl rafmagns hafi orðið að stofnkostnaði um 5 þús. krónur. Vjer vonum, að oss hafi tekist að skýra svo þetta mál, að allir, sem hjer um eiga að fjalla, sjái, að hjer eru vandræði fyrir hendi, sem þarf að leysa á hagkvæman hátt, og að beiðni vor er fram komin af knýjandi nauðsyn, en ekki til þess að skjóta sjer undan að standa við gerðar skuldbindingar af værugirni eða án þarfa".

Nú hefi jeg látið brjef oddvita tala, og er brjef hans í alla staði svo ljóst og skýrt og sannleikanum samkvæmt, að fullur óþarfi er við að bæta, og jeg hlýt að vona, að hið háa Alþingi veiti samþykki sitt til þessarar eftirgjafar, enda er það í fullu samræmi við gerðir þess, bæði í fyrra og áður gagnvart ymsum öðrum hreppum. Að rafmagnið verði selt gegn hærra verði en verið hefir til þessa, getur ekki náð nokkurri átt, því að það hefir verið selt svo dýrt, að margir notendur þess hafa haft í hyggju að hætta við það og taka upp sín gömlu olíuljós. Hvernig sem hv. Alþingi tekur í þetta mál nú, þá er það fyrirfram vitað, að hreppurinn getur ekki greitt alt þetta lán, og því til sönnunar nægir að vísa til reikninga hreppsins, sem þingmenn eiga kost á að kynna sjer, ef vilja. Jeg hefi fengið þær upplýsingar frá oddvita hreppsins, er hann hefir eftir núv. sýslumanni, að sýslusjóðsgjöld hreppsins á yfirstandandi ári verði ekki undir 9—10 þús. kr., og á því sjá menn, að gjöld viðkomandi hrepps til þarfa sýslusjóðs eru stórkostlegur útgjaldaauki, og eru meðal annars þess valdandi, að hreppurinn getur ekki lagt á sig stórfeld útgjöld til lúkningar eða greiðslu á öðrum kvöðum. Menn geta ekki neitað því, að samkv. núgildandi skattalögum lenda þessi gjöld aðallega á kaupstöðunum, en þar með vil jeg ekki segja, að sveitirnar beri ekki sinn hluta, en menn geta ekki borið á móti því, að þetta tvent er ekki sambærilegt. Svo mikill er munurinn. Jeg get viðurkent það, að þessi upphæð, sem hjer ræðir um, er allhá, en þegar maður ber hana saman við allar þær háu eftirgjafir, sem aðrar sýslur hafa orðið aðnjótandi, þá vex hún ekki svo mjög í augum. Í þessu sambandi mætti segja:

„Það varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin", og jeg vona, að ef hv. þdm. sjá, að svo er hjer, þá bregðist þeir vel við og veiti samþykki sitt til þessarar eftirgjafar. Einkanlega virðist það rjettmætt, er menn taka tillit til þess, að lítið hefir runnið af opinberu fje til vegagerðar og annara framkvæmda innan syslunnar. Ef menn vilja segja sem svo: Þessir menn hafa staðið í skilum og þess vegna er ekki vert að gefa þeim eftir af láninu, — þá er því til að svara, að menn geta lagt svo að sjer, að þeir geti ekki meira en þeir gera, og svo er það hjer. Jeg býst ekki við því, að hv. fjvn. komi fram með þetta, því að örugg rök hafa verið leidd að því, að hreppurinn getur ekki staðið lengur í skilum, og n. hefir haft brjef oddvita til yfirlits, en þar er þetta sýnt eins vel og hægt er. Jeg hefi líka tekið það fram, að knýjandi nauðsyn ber til þess að auka afl rafveitunnar, en það er sýslunni alveg um megn, nema ef hv. Alþ. gefur lánið eftir eða veitir styrk til þessa verks, en það kemur auðvitað í sama stað niður. Ef þetta bygðarlag getur ekki staðið í skilum, mætti segja, að þeir, sem í ábyrgð eru, verði að annast greiðsluna, en ef það er hreppum eða sýslum ofvaxið að standa við ábyrgð sína, þá getur ekki verið um það að ræða. Barðastrandarsýslu er þetta alveg um megn eins og nú standa sakir. Jeg minnist þess, að þegar þetta lán var til umr. hjer á þingi, gerðu hv. þdm. ráð fyrir, að eftirgjöf mundi sjálfsögð, ef sýslan gæti ekki risið undir þeim bagga, og Matthías Ólafsson, þáv. þm. Vestur-Ísafjarðarsýslu, tók það fram, að svo myndi verða. Jeg þakkaði honum orð hans og lýsti yfir því, að jeg liti svo á, að í þessu fælist þingfyrirheit um, að lánið yrði eftir gefið að meira eða minna leyti, ef mótmæli frá þingmanna hálfu kæmu ekki fram viðkomandi þessum orðum hans. Jeg vona, að hv. þdm. taki tillit til þessa, en ef þeir vilja ganga úr skugga um, að rjett sje hermt hjá mjer, geta þeir flett upp í Alþt. frá þeim tíma. Jeg sje það nú, að það hefir máske verið óviturlega ráðið hjá okkur, sem gengumst fyrir þessu, að fá ekki ábyrgð ríkissjóðs fyrir láninu, og nú get jeg viðurkent, að við höfum ekki kunnað okkur eins vel á fjármálasviðinu sem skyldi, en jeg vil vona, að úr þessu verði bætt hið bráðasta. Jeg mun nú bíða eftir áliti n. um þetta mál og læt því lokið orðum mínum um það að sinni.

Þá á jeg hjer aðra brtt., undir tölulið XXXII., við 15. gr. Það er nýr liður, sem fer fram á það, að Samúel Eggertssyni verði veittur styrkur til að gera hlutfallauppdrátt af sögu Íslands. Jeg þykist vita, að þessi maður hefir snúið sjer til fjvn., en að hún segist ekki geta orðið við tilmælum hans, og tel jeg það illa farið. Án þess að jeg hafi nokkra sjerþekkingu á þessum hlutum, þori jeg þó að fullyrða, að Samúel er fær maður á þessu sviði og mun leysa þetta þarfaverk vel af hendi. Annars vil jeg láta hans eigin grg. tala, með leyfi hæstv. forseta.

Viðkomandi innskoti þess hv. þm. (BÁ), sem virtist efast um það, að jeg gæti lesið grg. þá, er Samúel ljet fylgja umsókn sinni til hv. fjvn., verð jeg að segja það, að jeg vona, að jeg komist fram úr því. Jeg hugsa, að það

hafi ekki staðið í vegi fyrir því, að hv. n. gæti tekið till. upp, að hún hafi ekki komist fram úr þessu. Í umsókninni segir svo:

„Þessi hlutfallauppdráttur á að gefa *glögt yfirlit yfir sögu ættlands vors*, líkt og venjulegt kort yfir landslag, og verða þannig handhægt og fróðlegt áhald:

1. Barna- og unglingaskólum.
2. Alþýðufólki.
3. Útlendingum (með því að prenta eitthvað af upplaginu á fjöllesið erlent mál, svo sem ensku).
4. Einnig gæti það orðið eftirtektarvert minningarblað á 1000 ára hátíð Alþingis.

Ritið er að sjálfsögðu ætlast til, að verði með **góðum** frágangi hvað pappír og prentun snertir.

Jeg hefi ekki aflað mjer neinna skriflegra meðmæla með þessu erindi mínu nú, — geri ráð fyrir, að ýmsir þm. sjeu nokkuð kunnugir þessari hugsun minni frá fyrri árum og skilji hana. En nokkrir alþektir fræðimenn, sem sjeð hafa frumdrætti mína að þessu verki, hafa álitið það greinilegt og vel fallið til skóla- og alþýðufræðslu og eindregið hvatt mig til að leita styrks til að ljúka við það og gefa það svo út".

Þetta er grg. þessa manns. Jeg þarf ekki að lýsa því, að hann er fátækur maður. Hann hefir kannske til hnífs og skeiðar, með því að leggja mikið á sig, en honum er alls ómögulegt að ráðast í slíkan kostnað, sem mundi leiða af þessu fyrirtæki. Hann hefir þó mikinn vilja á að koma því í framkvæmd og hefir sökt sjer niður í það með miklum áhuga.

Jeg vil benda á, að sami heiðursmaður hefir búið til mynd af Hallgrími Þjeturssyni, sem til er í öðruhverju húsi á Íslandi. Sú mynd nýtur afarmikilla vinsælda, ekki síst vegna áletrunar, sem er alt í kringum hana. Hv. frsm. brosir. Jeg skal ekkert segja um hið trúarlega innræti hans, en hitt er víst, að þær minningar eru bundnar við nafn Hallgríms Pjetursonar, að flestir líta með ánægju á þessa mynd, sem Samúel Eggertsson hefir búið til. Einn merkur heiðursmaður sagði, að hún væri einskonar Passíusálmar. Að þessu athuguðu virðist mjer Samúel Eggertsson framar mörgum öðrum verðskulda styrk frá Alþingi. Enda þykist jeg vita, að þegar til atkvgr. kemur, muni koma í ljós, að margir finni hvöt hjá sjer til þess að greiða þessu sitt atkv.

Jeg ætla ekki að fara inn á hinar ýmsu till. hv. dm. Jeg tel það ekki við eiga, síst á meðan þeir hafa ekki mælt fyrir þeim sjálfir. Mun jeg lýsa aðstöðu minni til þeirra með atkvgr.

**Haraldur Guðmundsson:** Það er að sjálfsögðu erfitt fyrir hv. þdm. að gera upp með sjer, hvernig þeir skuli greiða atkv. um þær mörgu brtt., sem fyrir liggja. Jeg verð að segja fyrir mig, að eftir fljótan yfirlestur vil jeg helst ljá þeim flestum liðsinni. Jeg ætla þó eingöngu að tala um fáar þeirra, aðallega þær, sem jeg er flm. að. Eru þær allar á þskj. 345.

Fyrst er XIV. till., þess efnis, að námsstyrkur til ráðstöfunar fyrir mentamálaráð verði hækkaður úr 4000 kr. í 12000 kr. Fjvn. hefir lagt til, að upphæðin verði hækkuð í 8000 kr., en það þykir mjer of lítið. Það er

öllum þdm. kunnugt, að um fátt af liðum fjárlaganna er rætt meira en persónulega styrki, og þá helst námsstyrki. Margir, sem þykjast sparsamastir á ríkisfje, vitna í það, hversu duglegir þeir sjeu að standa á móti slíkum 1000—1200 króna styrkjum. Jeg lít svo á, að þessu fje sje betur varið en mörgu öðru, sem ráðstafað er með fjárl. Hjer er um að ræða styrki til efnilegra námsmanna, til þess að nema gagnleg fræði, sem ekki er kostur á að nema hjer heima. En hinum, sem stundað geta námið hjer heima, leggur ríkissjóður til mikið fje, beint og óbeint. Það kostar mikið fje að halda uppi háskóla og mundi kosta enn meira, ef skólanum væri þannig háttað, t. d. deildum fjölgað, að færri stúdentar þyrftu að leita til útlanda. Það er því ekki nema sanngjarnt að styrkja þá stúdenta, sem verða að sækja til útlanda, enda hefir það verið viðurkent, því að í fjárl. þetta ár eru veittar 24000 kr. til stúdenta við erlenda háskóla. Samt er það of lítið. Enda hefir stj. tekið upp 4000 kr. til viðbótar. Og áreiðanlega verður bætt við til einstakra manna. Það er að sumu leyti óheppilegt að láta Alþingi ráða úthlutun námsstyrkja. Það er hætt við, að handahóf ráði nokkru. Jeg held því, að betra sje að hafa sjerstaka stofnun, sem fær það fje til umráða og skiftir því á milli stúdenta. Mentamálaráðið er einmitt slík stofnun. Jeg hefi athugað, hvað slíkir styrkir nema miklu eftir fjárl. í ár, og eru það um 12000 kr. Nú hætta tveir stúdentar, og þá eru eftir um 10000 kr. Ef till. stj. verður samþ., þýðir það, að 6 af þeim stúdentum, sem í fjárl. eru, fá ekki styrk framvegis, en ef till. fjvn. verður samþ., þyrfti að lóga tveimur. Ef mín till. verður samþ., verður veitt sama upphæð og nú er í fjárl., og þá væri hægt að bæta við tveimur stúdentum næsta ár. Þetta er það allra minsta, sem hægt er að komast af með.

Næsta brtt. mín er við 14. gr. og er þess efnis, að styrkur til kvöldskóla Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði verði hækkaður upp í 1500 kr., en til vara 1200 kr. Jeg skal geta þess, að meiri hl. fjvn. hefir fallist á að mæla með varatill., og því get jeg tekið hina aftur. Jeg veit ekki, hvort hv. dm. hafa gert sjer ljóst, hvernig þessu máli er háttað. Frá því að skóli þessi var stofnaður, árið 1910, og þangað til 1924 naut hann sama styrks og kvöldskólinn á Akureyri, 1000 kr. á ári. Á þinginu 1924 ríkti mikill „sparnaðarandi", eins og menn muna, hjá hinum ráðandi flokkum þingsins, að minsta kosti í orði kveðnu. Þá var fyrst ráðist á alþýðufræðsluna, framlagið til þessara skóla lækkað niður í 500 kr. hjá hvorum. 2—3 árum seinna var þetta hækkað upp í 1200 kr. hjá Akureyrarskólanum, en til þessa hefir engin hækkun fengist til Ísafjarðarskólans. Í báðum bæjunum stendur þó eins á. Á báðum stöðunum er þörf á sömu fræðslu til iðnaðarmanna og iðnnema, og þegar þess er gætt, að með lögum um iðnaðarnám er fyrirskipað, að iðnaðarmenn, sem hafa lærlinga, skuli sjá þeim fyrir fræðslu, sjá allir, hve órjettlátt það er, að aðstaðan skuli vera gerð svona ólík. Iðnaðarmenn geta ekki int þetta af hendi nema með því að kaupa tíma handa lærling-

unum eða koma þeim í kvöldskóla, því að í dagskóla geta iðnnemar ekki gengið, eins og allir vita. Það er því rökrjett afleiðing af því að leggja þessa kvöð á iðnaðarmenn, að hið opinbera verður að styrkja slíka skóla sæmilega. Skólinn starfar nú í tveim deildum með yfir 50 nemendum. Kenslukraftar eru ágætir, og skólinn nýtur yfirleitt trausts og hylli allra manna, sem til hans þekkja.

Þá á jeg brtt. XXI., við 14. gr., um það, að kvenfjelagið Ósk á Ísafirði verði styrkt að ⅖ hlutum til byggingar húsmæðraskóla á Ísafirði. Þetta fjelag hefir um margra ára skeið haldið uppi húsmæðraskóla á Ísafirði og lagt til þess mikið fje. Ríkið hefir styrkt það dálítið til þessarar starfsemi. Skólinn hefir verið ódýr mjög. Nemendur hafa aðeins þurft að greiða 75 kr. á mánuði í kenslugjald fyrir heimavist með fæði. Til þessa hefir skólinn haft aðsetur sitt í húsi, sem einstakur maður á, við mjög sanngjarna leigu. Nú hefir það hús verið selt og skólinn er húsnæðislaus. Ef hann á að starfa eins og hann hefir gert til þessa, er ókleift að fá húsnæði við hans hæfi, eða að minsta kosti ekki nema gegn mjög hárri leigu, sem mundi gleypa mestan hluta styrksins. Þess er skemst að minnast, að Alþingi samþ. í fyrra að styrkja að ½ byggingu húsmæðraskóla á Laugum í Þingeyjarsýslu, en hjer er aðeins farið fram á ⅖ hluta. Jeg vona, að hv. d. sjái, hve hjer er farið hóglátlega í sakirnar og hversu mikla þörf er um að ræða, bæði fyrir fjelagið og hjeraðið í heild sinni.

Við 15. gr. flyt jeg brtt. um hækkun á styrk til leikfjelags Ísafjarðar, úr 600 kr. í 2500 kr. en til vara 1000 kr. Jeg verð enn að leita samanburðar til Akureyrar. Á báðum stöðunum hafa starfað leikfjelög með lítilsháttar ríkisstyrk, en á Akureyri er styrkurinn nú orðinn 1000 kr. Jeg hygg, að bæði fjelögin hafi unnið mikið og gagnlegt starf. Þeir, sem í þeim eru, hafa lagt mikið á sig, án þess að bera nokkuð úr býtum. Á Ísafirði hefir leikendum ekki verið launað, en fjelagið hefir lagt mikið í kostnað og leitast við að sýna aðeins góða leiki. Árið 1928 ljek fjelagið 6 sjónleiki, hvern öðrum betri. Voru það úrvalsleikrit eftir alþekta höfunda. Leikir, sem hafa bæði listagildi og menningarlegt gildi. Leiksýningar voru um 30 og aðgangseyrir tiltölulega lágur, enda aðsókn yfirleitt góð að sýningunum. Þetta verður að teljast vel gert í ekki stærri bæ en Ísafjörður er, með 2200 íbúum. Fjelagið hefir tvívegis fengið mann, sem er betur að sjer um þessa hluti en flestir aðrir á landi hjer, Harald Björnsson, til að leiðbeina leikendum, og kostað til þess talsverðu fje. Jeg tel víst, að hv. þdm. sjái enga ástæðu til að gera mun á leikfjelögunum á Ísafirði og Akureyri og samþ. að minsta kosti varatill. mína.

XXVII. brtt. er í þrem liðum. Fyrsti liðurinn er um það, að Sigrúnu Magnúsdóttur verði veittar 2400 kr., til vara 1500 kr., til leiknáms í Kaupmannahöfn. Þessi stúlka er ein af aðalleikendum Ísafjarðar og hefir getið sjer ágætan orðstír. Hún hefir notið tilsagnar hjá Haraldi Björnssyni, og hann hefir eggjað hana mjög á að halda áfram námi. Það varð til þess, að danski sendiherrann útvegaði henni aðgang sem nemanda að konunglega leikskólanum í Kaupmannahöfn og

þangað fór hún í fyrra haust. Hún hefir hlotið lofsamlegan vitnisburð kennara sinna og mun að náminu loknu hverfa heim aftur til Ísafjarðar. Verður hún þá að sjálfsögðu ráðunautur og leiðbeinandi leikfjelagsins þar og ein af aðalleikkonum þess.

Í nánu sambandi við þetta er till. um styrk til Gunnars Hallgrímssonar, til þess að kynna sjer stjórn hljómsveita erlendis og ljúka námi í fiðluleik. Þessi maður hefir síðustu 6 árin staðið fyrir hljómsveit á Ísafirði. Hann hefir stundað nám hjá góðum kennurum í Reykjavík í 2 vetur og haft af því ærinn kostnað. Hljómsveitin á Ísafirði á alt sitt undir honum, en hann vill ekki halda áfram við það starf sitt, nema hann geti aflað sjer viðbótarþekkingar í þessum fræðum. Bæði Sigrún og Gunnar eru alveg efnalaus. Þau hafa ekki annað en handafla sinn og hvorugt þeirra á aðstandendur, sem geti styrkt þau að ráði til náms og utanfarar. Ef Alþingi bregst ekki vel við þessu, verða þau bæði að hætta við frekara nám. Væri það illa farið. Hljómlist og leiklist þarf að efla víðar en hjer í Reykjavík.

Þá er síðasti liður till. um styrk til Jónasar Tómassonar, til þess að kynna sjer nýjungar í hljómlist erlendis og undirbúa útgáfu tónsmíða sinna.

Í raun og veru ætti að vera óþarft að tala mörg orð um þessa till. Jónas er þegar orðinn þjóðkunnur maður. Hann hefir gefið út mörg sönglög og hlotið lofsamleg ummæli hinna fróðustu manna á þessu sviði. Nú á hann býsna mikið af verkum, sem ekki er fullgengið frá, en sem hann hefir mikinn hug á að gefa út, og væri áreiðanlega mikill fengur fyrir okkur, ef það gæti orðið. Jónas er organleikari kirkjunnar á Ísafirði, eini söngkennarinn þar og hefir staðið fyrir fjölda samsöngva bæði á Ísafirði og víðar. Jeg minnist þess ekki að hafa sjeð önnur ummæli um hann eða verk hans en hin lofsamlegustu. Það mætti geta þess, að einu sinni kom til orða, að kennari yrði sendur til Noregs til þess að læra að stjórna söngsveitum við skóla, og sá, sem skólastjóri kennaraskólans fyrst sneri sjer til, var Jónas Tómasson. Magnús Helgason sagði, að hann þekti engan mann, sem hæfari væri til þeirra hluta. En sjerstakar ástæður urðu þess valdandi, að ekkert varð úr þessu ferðalagi.

Þá á jeg, ásamt 2 hv. þm. öðrum, XXIX. brtt. á þskj. 345. Er hún um það að hækka styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar úr 1200 kr. upp í 2400 kr. Fyrir þessu ætti ekki að þurfa mikið að mæla. Þórbergur Þórðarson hefir á undanförnum árum fengist mikið við orðasöfnun og mun nú vera búinn að safna 40—50 þús. orðum. Má vera, að sumum finnist þetta ekki mikið, þeim sem halda, að hjer sje um það að ræða að orðtaka bækur. En þegar þess er gætt, að þetta safn er tekið af munni þjóðarinnar og að í því er fjöldi fágætra orða, sem ella mundu hafa glatast, ef þeim væri ekki safnað og þau skrásett, þá ættu menn betur að skilja, hversu mikið og þarft verk Þórbergur hefir unnið. Þetta mikla safn mun án efa síðar verða metið að verðleikum. Og hætt er við, að orðabókin, sem væntanlega kemur einhverntíma, hefði orðið fátæklegri, ef ekki hefði notið Þórbergs við. Auk þess er Þórbergur einhver hinn allra snjallasti rithöfundur, sem við eigum.

og sá allra listfengasti maður á íslenskt mál, sem jeg hefi kynst. Er það eitt næg ástæða til að hækka styrk til þessa manns. Nú er sá maður, sem Alþ. hefir styrkt til samningar orðabókarinnar, fallinn frá, og engin upphæð veitt til áframhalds því starfi hefir verið tekin upp í frv. stj. Virðist mjer því sjálfsagt að hækka styrkinn til Þórbergs, svo hann geti betur gefið sig við orðasöfnuninni, meðan ekki er annað unnið að orðabókinni. Og þeir, ef nokkrir eru, sem kynnu að telja það starf lítilsvert, ættu að minnast þess, hver ritsnillingur hann er. Gætu þeir þá greitt atkv. með brtt. okkar af þeim ástæðum.

Vil jeg svo vísa þessum brtt. mínum til hv. þd. til trausts og halds.

**Jóhann Jósefsson:** Mörg eru þau erindi, sem legið hafa fyrir hv. fjvn., sem hún hefir ekki sjeð sjer fært að sinna. Geta verið veigamiklar ástæður fyrir synjun hennar á upptöku sumra þeirra. En aftur eru það önnur erindi af þeim, sem frá var vísað af hv. fjvn., sem mjög mun orka tvímælis um, að rjettmætt hafi verið að hafna.

Jeg hefi nú leyft mjer að taka upp eina slíka beiðni og flyt brtt. um það á þskj. 345. Það er XXIII. brtt. á því þskj. og er þess efnis, að Björgu Sigurðardóttur verði veittur utanfararstyrkur, 1500 kr., og í öðru lagi styrkur til að halda uppi kenslu í síldarmatreiðslu, 2000 kr., eða alls 3500 kr. Þessi ungfrú sótti um þennan styrk til fjvn., en n. veitti henni enga áheyrn. Jeg er nú á gagnstæðri skoðun við hv. fjvn. um rjettmæti þeirrar synjunar. Hygg jeg, að hv. fjvn. hafi annaðhvort ekki hirt um að kynna sjer málavexti og dugnað þessarar konu, eða ekki haft tíma til þess eða þá engan áhuga haft fyrir því, að Íslendingar lærðu að hagnýta sjer síld til matar. Nú má segja, að Íslendingar eti alls ekki síld og sjerstök andúð hefir verið gegn því að eta hana til þessa tíma.

Jeg þekki umsækjanda ekkert annað en það, að hún kom út í Vestmannaeyjar í fyrra og kendi þar matreiðslu síldar. Kendi ungfrú Björg í tólf stöðum í fyrra á Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi og hafði alls 360 nemendur, og hafði hver þeirra lært matreiðslu á 20 rjettum eftir námið. Aðferðin, sem ungfrú Björg hafði, sýnir, að hún hefir unnið að þessu á „praktiskan" hátt. Hún hafði þá reglu, að bjóða hópi manna daglega til að bragða á þeim rjettum, sem framreiddir voru. Var það til þess, að margir kyntust þeim rjettum, sem ungfrúin bjó til úr síldinni. Er þetta heppileg aðferð til að kynna síldina og gera hana vinsæla sem fæðutegund meðal fólks. Það er oft barmað sjer yfir því, að fólk kunni ekki að hagnýta sjer þessa hollu, næringarmiklu og vitaminríku fæðutegund. En þjóðin breytir ekki alt í einu matarhæfi sínu. Það þarf að leggja mikla vinnu í það að útvega nýrri fæðutegund útbreiðslu og til þess þarf oft fleiri ár, því fólk er seint til þeirra hluta. Þingið þarf því að styðja þessa viðleitni. Þessi umsækjandi er nú víða kunn vegna þeirra ½ mán. námskeiða, sem hún hjelt víða um land í fyrra. Var hún mjög áhugasöm og dugleg í því starfi sínu. Jeg skal geta þess, að jeg flyt ekki þessa till. vegna ungfrú Bjargar. Hún er hraust og dugleg og fær í flestan sjó og í eng-

um vandræðum með atvinnu. Jeg flyt hana aðeins vegna nauðsynjar þeirrar, sem á því er, að fólk læri að hagnýta sjer þennan ágæta mat. En til þess þarf að kenna því að matreiða og eta þennan ágæta mat. Einn hv. þm. sagði, að ekki þyrfti að kenna fólki að borða síld. Allir kynnu að matreiða hana með ediki og lauk og eta hana með brauði. En rjettir ungfrú Bjargar eru fjölbreyttir og mjög vel við flestra smekk. Þó er því ekki til að dreifa, að mikið sje í þá borið eða dýr efni sjeu notuð í þá. Þar er aðeins um einfalda og ódýra notkun að ræða í öllum atriðum. Ungfrú Björg hefir lært matreiðslu hjá Svíum, og þeir kunna manna best að matreiða síld á einfaldan og ódýran hátt. Hún hefir nú þegar lært að búa til 20 rjetti úr síld og vill auka við þá kunnáttu sína með því að fara utan til frekara náms. Jeg vil benda á það, að hún hefir kent á þessum stöðum: Hafnarfirði, Grindavík, Álftanesi, Borgarnesi, Hnífsdal, Siglufirði, Hrísey, Akureyri, Vestmanaeyjum og Reykjavík. Hefir hún ágæt meðmæli frá mörgum þessum stöðum. Það er því engin hætta á því, að styrkveiting til hennar fari forgörðum eða verði illa varið. Það má um þessi síldarnámskeið segja, að þau voru lítið undirbúin. Fólk vissi ekki af þeim fyr en kenslukonan var komin á staðinn. Er því merkilegra, hvað árangurinn hefir orðið góður. Jeg vil beina því til hv. þdm., að þeir styðji þessa till., svo góðu starfi verði haldið áfram, og þótt einhverjir hv. þm. álíti ekki þörf á meiri mentun til að kenna þetta, þá samþykki þeir þó síðari liðinn, svo kenslu þeirri, sem byrjuð er, verði haldið áfram.

Þá hafa skátar sótt um nokkurn fjárstyrk til sinnar starfsemi. Hv. fjvn. fer mjög loflegum orðum um starfsemi þessa fjelagsskapar í nál. sínu. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa úr áliti fjvn. Þar segir svo: „Tveim nýjum liðum er bætt þarna inn, öðrum til „bandalags ísl. skáta“ (500 kr.). Hefir það með höndum holla og góða starfsemi meðal æskumanna, sem nefndin álítur, að sje viðurkenningar makleg“. — Þetta er rjett á litið hjá hv. n. En hún hefir numið um of við neglur sjer fjárveitingu til þessa. 1000 kr. er hið minsta, sem komast mætti af með til starfrækslu þessa fjelagsskapar eins og hann er nú. Jeg vil upplýsa það, að þessi holli fjelagsskapur, sem æfir fjelaga sína í stundvísi, reglusemi og hjálpfýsi og heiðarleik í hvívetna, hefir nú starfað hjer á landi í 16 ár, og telur nú um 500 drengi, sem skiftast á 10 fjelög. Eru 3 þeirra í Reykjavík, en 7 í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur. Axel Tulinius, sem altaf hefir verið lífið og sálin í þessum fjelagsskap, stofnaði fyrsta fjelagið á sumardaginn fyrsta 1913. Jeg vil benda á það, að þessi fjelagsskapur er stofnaður á fyrsta sumardag. Enda fylgir sól og sumar starfsemi skátanna í hvívetna. Þar sem fjelög þessi eru nú orðin dreifð um landið, þá þarf heimsóknir, upp örvun og leiðbeiningar og hjálp til að stofna ný fjelög. Fylgir því talsverður kostnaður, auk þess sem kosta þarf til brjefa og prentunar á lögum og reglum skátanna. Er því 500 kr. upphæð alt of lítil. Nú hefir sendimaður verið á ferðalagi meira en mánuð á Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði og Akureyri. Og nú hefir verið send

beiðni um að fá hann til Húsavíkur til að stofna fjelag þar. Sýnir þetta áhuga fyrir þessu máli um land alt. Er því sýnilegt, að meiri fjárstyrk þarf til að halda starfseminni áfram en þann, sem hv. fjvn. leggur til að veittur verði.

Þá er brtt. XXXVI. á sama þskj.: „Til þess að fullgera veg í Vestmannaeyjum, ⅔ kostnaðar, alt að 12000 kr." Þessi vegagerð er áframhald þess vegar, sem byrjað er á og áður hefir verið veittur styrkur til, 1926 og 1927, að mig minnir. Annað fje hefir Vestmannaeyingum ekki verið veitt til vegagerða. Þessi vegagerð er hafin vegna þeirrar almennu ræktunar, sem orðið hefir í Vestmannaeyjum á síðustu árum og sem borið hefir þann árangur, að þar, sem áður voru óræktarmóar, er nú komið girt og ræktað land. Jeg hefi gert mjer nokkurt far um að sýna þeim hv. þm., sem leið hafa átt um Vestmannaeyjar, þessar framfarir í ræktun Eyjanna, og hefir það verið einróma álit þeirra allra, að það sje undrunarvert, hversu skjótum stakkaskiftum þetta land hefir tekið, eftir að byrjað hafði verið að leggja vegi, sem gera ræktun mögulega. Í fyrra gerðust þau nýmæli um þessa ræktun, að ungur og efnilegur maður ofan úr Borgarfirði kom þangað með dráttarvjel (traktor) og tók að sjer vinslu á landi í ákvæðisvinnu. Var talsvert unnið á þennan hátt, svo ræktun skilar þar nú drjúgum áfram. Nú er búið að mæla út alt ræktanlegt land, bæði það, sem gott er, og það, sem er miður fallið til ræktunar. Byrjað var að leggja veg í gegnum besta landið. En bráðum verður líka farið að rækta hið lakara landið, hið svonefnda Ofanleitishraun. En þá er nauðsynlegt að leggja veg, til þess að ná þangað áburði frá fiskhúsunum. (**BÁ**: Er þetta stórt land?). Jeg veit ekki, hve margir hektarar það er. En það hefir alt verið mælt út og það eru ekki fáir verkamenn, sem þarna hafa tekið land til ræktunar. Er svo frá samningum gengið, að þegar þessi svæði verða komin í rækt, verður goldið af þeim árlegt gjald í ríkissjóð. Landskuldir og lóðarleiga er nú 18 þús. kr. En eftir fá ár mun hún fara upp í 20—30 þús. kr., þegar þeir blettir, sem nú er verið að rækta, verða gjaldskyldir. Það var hið besta verk, er Alþ. styrkti þessar framkvæmdir. Enda sjest líka árangurinn greinilega, því þar, sem áður voru óræktarmóar, eru nú komin rennsljett og græn tún. Og þegar litið er til þess, að fólki fjölgar í Vestmannaeyjum og að þar eru nú um 4 þús. manna, þá verður að viðurkenna rjettmæti skoðunar Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, sem álítur, að enginn blettur ætti að vera óræktaður þar í Eyjum, sem annars væri hægt að rækta.

Vil jeg svo leggja þessar brtt. mínar undir dóm heilbrigðrar skynsemi hv. þdm.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 16, n. 292, 293, 345, 355).

**Sigurður Eggerz**: Jeg á tvær brtt. við þennan kafla fjárl., sem jeg ætla að gera grein fyrir með nokkrum orðum. Önnur þessara brtt. er á þskj. 355,III og fjallar um, að Tómasi Krist-

jánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, sje veitt eftirgjöf á viðlagasjóðsláni því, er honum var veitt árið 1925 til þess að leita sjer heilsubótar erlendis. Mjer er kunnugt um það, að það þykir heldur viðkvæmt mál, þegar farið er fram á að gefa eftir lán úr viðlagasjóði, enda er það ekki nema eðlilegt. En þótt þessi till. verði samþ., verður það ekki til að auka útgjöld ríkissjóðs, því að það er vitanlegt, að þetta verður aldrei borgað. Þessum manni var veitt þetta lán 1925. Þá sótti hann um styrk til þingsins til þess að leita sjer lækninga við örðugum sjúkdómi, er ekki var hægt að fá bót við hjer á landi. Þingið vildi ekki fallast á þetta, og var horfið að því ráði að veita þessum manni lán í þessu skyni úr viðlagasjóði. Lánið var tryggt með 4. veðrjetti í Höskuldsstöðum, en auk þess hvíla á jörðunni 16000 kr., auk áfallinna vaxta. Jörðin er metin á 5000 kr., en eftir upplýsingum sýslumannsins í Dalasýslu mun ekki fást meira fyrir hana en 8000 kr. á uppboði, svo að það borgar sig ekki fyrir ríkið að ganga að veðinu. Annars er það að segja um ástæður þessa manns, að hann hefir um langan tíma barist við heilsuleysi og skuldir, og niðurstaðan af þeirri baráttu hefir, því miður, orðið sú, að hvorttveggja hefir unnið sigur á honum. Þegar hann kom hingað til Reykjavíkur í haust, hafði hann hugsað sjer að gefa sig upp, en fyrir milligöngu ýmissa góðra manna lofuðu skuldheimtumenn hans að sýna honum ívilnun, ef ríkið gæfi honum eftir þetta lán, auk þess sem hann hefir þá von um að geta búið áfram á jörð sinni. Eins og jeg tók fram áðan, hefir það ekkert að segja fyrir ríkissjóð, hvort þessi till. verður feld eða samþ., af því að maðurinn getur ekki greitt þetta, en verði till. samþ., getur það orðið til þess, fyrir aðstoð góðra manna, að hann þurfi ekki að hröklast af jörð sinni. Þetta er ungur maður, vel að sjer, gáfaður og hefir um lengri tíma gegnt oddvitastörfum í sveit sinni. Jeg teldi það því í alla staði vel farið, ef þessi eftirgjöf væri samþ., enda er það í fullu samræmi við þann góðvilja og skilning, sem Alþingi hefir allajafnan sýnt, er það hefir verið beðið um styrk til heilsubótar einum eða öðrum. Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að hv. d. geti fallist á að samþ. þessa eftirgjöf.

Hin brtt., sem jeg ætla að minnast á, er á þskj. 345, XXVI. Jeg flyt hana ásamt fjórum öðrum þm. Hún fjallar um, að Páli Ísólfssyni sje veittur 2500 kr. styrkur til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum. Samskonar till. var samþ. á þinginu í fyrra og mætti góðum undirtektum. Þó lagðist fjvn. hv. Ed. á móti því, að styrkurinn yrði svona hár, og rökstuddi það með því, að það mundi ekki verða mikil aðsókn að þessu, en þáv. fjmrh., Magnús sál. Kristjánsson, hjelt því fram, að sjálfsagt væri að veita þessa upphæð í þessu skyni, og niðurstaðan varð sú, að það var samþ. í Ed. líka. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að það hefir verið mikil aðsókn að þessari kenslu Páls, og að þeir, sem hafa notið hennar, hafa verið mjög glaðir yfir að fá

að njóta hennar og talið sig hafa haft mikið gott af því. Það er óþarfi að vekja eftirtekt á því, hve það hefir mikla þýðingu, ef hægt væri að bæta kirkjusönginn, og ekki síður hitt, ef barnakennarar utan Reykjavíkur geta notið þeirrar aðstöðu að fá ókeypis kenslu í söng, og sjerstaklega þegar um er að ræða svo hæfan kennara. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu mikil áhrif Páll Ísólfsson hefir haft á músiklífið hjer í Reykjavík, og væri æskilegt, að sveitirnar fái einnig að njóta yfirburðahæfileika þessa manns á þessu sviði. Hv. þm. V.-Ísf. er meðflm. minn við þessa till., og skil jeg það vel, af hverju hann mælti svo fast með henni. Það er af því að honum er vel ljóst, hve mikla þýðingu það hefir, að barnakennarar fái fræðslu á þessu sviði. Jeg hefi altaf verið með því að styrkja alþýðufræðsluna. Þessi till. gengur í þá átt, en auk þess, sem með henni er unnið að því að styrkja alþýðufræðsluna, er verið að styrkja einn af okkar mestu listamönnum.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, enda þykist jeg vita, að hv. þm. sjeu yfirleitt með þessari styrkveitingu.

**Ólafur Thors:** Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárl. Sú brtt. er á þskj. 345, XLIX og fer fram á, að veittar verði 800 kr. til styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum. Þessi sjóður var stofnaður 1917 með gjöf frá þessari konu, er nam liðugum 1300 kr. Sjóðurinn hefir, fyrir ötula forgöngu þeirra, sem honum stjórna, og vil jeg í því sambandi sjerstaklega nefna lækninn í Keflavík, herra Þorgrím Þórðarson, komist upp í 13000 kr. Úr sjóðnum hafa verið veittar 1500 kr. til ekkna og barna sjómanna, en umsóknir um styrk úr sjóðnum eru svo miklar, að hann nær ekki tilgangi sínum, nema tekið verði til þeirra ráða að afla honum tekna með nýjum leiðum, og því er farið fram á það, að ríkissjóður leggi sjóðnum eitthvað af mörkum. Jeg býst við, að segja megi með rjettu, að því fje sje vel varið, sem notað er í þessu augnamiði, og þá rjett og sanngjarnt, að ríkissjóður styðji viðleitni einstaklinganna í þessum efnum. Vænti jeg því, að hv. d. taki þessu litla fjárframlagi vel, og hirði jeg ekki um að hafa þessi orð fleiri, en bendi aðeins á, áður en jeg setst niður, að þetta hjerað hefir reynst drjúgt ríkissjóði til tekna, og ætti það ekki að veikja þessa málaleitan mína.

**Lárus Helgason:** Af því að jeg á þrjár brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., þykir mjer ástæða til að gera lítilsháttar grein fyrir þeim. Allar eru þær á sama þskj., 345, og er sú fyrsta flutt vegna húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal. Þar á staðnum er kvenfjelag, sem starfað hefir í mörg ár og segja má um, að sje í sífeldri framför, þó krept hafi að því fátækt og ýmsir aðrir örðugleikar, eins og algengt er með þá, sem eru að ryðja nýjar brautir, Þetta fjelag hefir nú í vetur snúið sjer til Alþingis með beiðni um 5000 kr. styrk til starfsemi sinnar framvegis, en hv. fjvn. hefir ekki sjeð sjer fært að sinna þeirri fjárbeiðni nema að litlu leyti, eins og sjest á till. henn-

ar á þskj. 293, þar sem hún leggur til, að til húsmæðrafræðslu í Vík verði veittar 1500 kr. Þetta þykir mjer nokkuð lítið, þegar litið er á þörf fjelagsins, og ekki síst verðleika þess fyrir þrautseigju sína og árvekni í starfinu, og þess vegna hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. við till. hv. fjvn., þar sem jeg fer fram á að hækka styrkinn upp í 2500 kr., og er það helmingur þeirrar upphæðar, sem beðið var um. Jeg held, að það sje ekki ofmælt, þó að jeg segi, að hjer sje ekki til mikils mælst, en til þess þó að gera betri grein fyrir þessu ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp dálítinn kafla úr umsókn kvenfjelagsins, sem legið hefir fyrir þinginu í vetur. Þar stendur meðal annars þetta:

„Síðustu sjö árin hefir hjer í Vík verið höfð með höndum árleg kensla fyrir uppvaxandi stúlkur hjeraðsins í handavinnu allskonar, bæði í fatasaumi karla og kvenna og flestum venjulegum hannyrðum. Við þetta hefir verið bætt á síðasta ári kenslu í allskonar vefnaði. Einnig hefir húsmæðrafræðsla farið fram á þessum vetri með styrk frá Alþingi. Kvenfjelagið hefir beitt sjer fyrir þessari hreyfingu og talið verklega menningu kvenna hjer í sýslu aðaláhugamál sitt frá byrjun. Og reynslan hefir sýnt, að þessi viðleitni hefir orðið til stórvakningar og þrifa. Í þessi sjö ár, sem liðin eru frá því er námskeiðin hófust, hafa fullar tvö hundruð stúlkur úr Vestur-Skaftafellssýslu tekið þátt í námskeiðunum, auk nokkurra stúlkna úr Rangárhjeraði. Má slík aðsókn teljast sæmileg hjer í sýslu, er miðað er við sókn að samskonar fræðslu í öðrum fjölmennari sýslum".

Við þetta hefi jeg litlu að bæta. Eftir því sem jeg best veit, er í þessari frásögn kvenfjelagsins ekkert ofmælt. Námskeiðin hafa verið prýðilega sótt og færri fengið aðgöngu á þau en vildu. Nú var það meiningin að stækka húsrúmið, svo að taka mætti á móti fleirum en verið hefir. Og með það fyrir augum hefi jeg leyft mjer að bera fram þessa brtt. Ef hv. d. vildi aðhyllast mína brtt. og veitti þennan styrk, þá mundi kvenfjelagið geta verið sjer úti um stærra húsrými og fleiri orðið kenslunnar aðnjótandi, en með till. fjvn. sæti við það sama og áður, að fjelagið yrði að vísa á bug mörgum umsóknum vegna þrengsla. En jeg vantreysti ekkert hv. d. að verða vel við þessari málaleitun, og það því síður, er hún samþ. í fyrra samskonar till., sem hv. Ed. færði niður.

Vænti jeg því, að hv. d. sje sama sinnis og í fyrra og kippi ekki að sjer hendinni, þar sem hún er búin að fá glögga grein fyrir því, að þetta fjelag er alls góðs maklegt. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt., enda lít jeg svo á, eins og ýmsir fleiri, að langar ræður hafi ekki mikið að segja.

Önnur brtt. mín á sama þskj., 345, er sú XXXV. í röðinni og hljóðar um að veita styrk til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi. Eins og kunnugt er, hefir sveit þessari farið sífelt hnignandi vegna sandfoka og annara skemda af völdum náttúrunnar. Síðan jeg man fyrst eftir mjer hefir fjöldi góðbýla lagst í eyði og graslendi það,

sem eftir er, er í sífeldri hættu, verði ekkert aðhafst til þess að stemma stigu fyrir eyðileggingunni. Því var það, að Búnaðarfjelag Íslands sendi þangað austur einn af ráðunautum sínum sumarið 1926 til þess að athuga, hvað hægt væri að gera til þess að vernda sveitina fyrir áframhaldandi eyðileggingu. Það hefir mikið verið talað um það, bæði í ræðu og riti, nú í seinni tíð, að nauðsynlegt sje að hjálpa landbúnaðinum til meiri framfara. Einn liðurinn í þeirri hjálp, og ekki sá óverulegasti, virðist mjer vera sá, að koma í veg fyrir það, að býlin í landinu eyðileggist. Annars býst jeg við, að jeg geti ekki talað betur fyrir þessari brtt. minni á annan hátt en að lesa upp kafla úr skýrslu ráðunautsins, sem austur fór til að athuga sandfokið í Meðallandi. Þetta brjef, sem jeg hefi hjer í höndum, er til stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, dags. hjer í Reykjavík 17. des. 1928, og er umsögn um erindi, sem jeg hafði sent Búnaðarfjelaginu 10. júlí s. á. viðvíkjandi landvörnum í Meðallandi. Ráðunauturinn segir meðal annars svo í brjefi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Jeg hefi í júlímánuði 1927 framkvæmt athuganir viðvíkjandi eyðileggingu nytjalands í Meðallandi og sendi fjelaginu allítarlega greinargerð um þær athuganir, dags. þann 23. jan. 1928. Niðurstöður þær, sem jeg komst að við athuganirnar, voru þessar:

Að með kerfisbundinni sandgræðslustarfsemi mundu vera möguleikar til að gera að nytjalandi alt að 23000 ha., sem nú eru sandar, og að í skjóli þeirrar græðslustarfsemi væru möguleikar til að hafa fult vald á vatni því, er sandarnir halda uppi á engjum býla í austurhluta Meðallands ofan Eldvatns.

Hinsvegar er mjer ljóst, að kostnaður við þær framkvæmdir yrði svo mikill, að með þeirri aðstöðu, sem nú er að gera slíkan landvinning arðbæran, er vart hægt að ráða til, að nú þegar verði horfið til þannig lagaðra framkvæmda. Hinsvegar tel jeg brýna þörf, að hafist verði handa til verndunar óeyddum býlum á svæðinu, og verkinu hagað þannig, að það, sem gert yrði nú, gæti orðið sem einn liður í kerfisbundinni græðslustarfsemi síðar.

Þær jarðir, sem liggja nú þannig fyrir vatns- og sandágangi, að til auðnar horfir, eru: Efri-Steinsmýri, ábúendur 4 og 2 húsmenn, Syðri-Steinsmýri, ábúendur 2, og Efri-Fljótar, ábúandi 1.

Eigi að vernda býli þessi svo varanlegur árangur fáist af því verki, verður að byrja með að stöðva sandfokið á svæði þessu. Stærð sandsvæðisins ofan Eldvatns er 4300 ha. frá þessum jörðum, og yrði girðingarlengd 11 km., en til þess að ná fyrir upptök sandsins þarf að girða 1200 ha. af Kirkjubæjarhreppi neðanverðum, og girðingarlengd verður þá um 13 km. alls. Verður hinn beini kostnaður við að setja upp girðing þessa, efniviður og flutningur hans og vinna, eigi minna en kr. 1.00—1.20 pr. m., eða samtals 13000—15600 kr. (verðlagið bygt á upplýsingum frá hr. sandgræðslustjóra Gunnl. Kristmundssyni). Þar til kæmi hinn eiginlegi ræktunarkostnaður. Sem einn liður hans yrðu þær umbætur, er jeg lagði til, að gerðar væru, undir lið 1, 2 og 3 í ályktunum í skýrslu minni frá 23. jan. 1928:

1. Að veitt verði vatni frá Steinboganefslæk og Mjóalæk á sandana austur af beitilandi Efri-Steinsmýrar.
2. Að Steinsmýrarfljót verði stíflað og veitt á sandgárana, er stefna til eyðileggingar á Fljótakrók og nærliggjandi engjalönd, og að jafnframt verði gert við garða, er halda vatninu á söndunum en varna því fram á graslendi Syðri-Steinsmýrar.
3. Að gerðar verði *tilraunir* að koma vatninu frá þeirri áveitu austur á sandana og dreifa því þar og halda því frá að lóna uppi kringum Syðri-Steinsmýri.

Kostnaður við lið 1 og 2 er samkvæmt áætlun minni frá í fyrra kr. 3600.00. Kostnaðinn við lið 3 verður ekki hægt að fastákveða, þar sem hjer verður um tilraun að ræða, en jeg teldi þess vert, að til þess væri varið alt að 2000 krónum.

Stofnkostnaður fyrir utan hinn árlega ræktunarkostnað yrði þá um 20000 kr. alls.

Þegar litið er til þess, að *hjer er um landvinning að ræða, sem nemur 5500 ha. fyrir utan landverndun þá, er gerir 9 fjölskyldum* mögulegt að haldast við á býlunum framvegis, þá virðist mjer rjettmætt að leggja til, að ráðist verði í þessar framkvæmdir á þeim grundvelli, sem að framan er gert ráð fyrir".

Við þessa skýrslu hefi jeg svo litlu að bæta. Eins og hún ber með sjer, er gert ráð fyrir, að þurfa muni um 20 þús. kr. til þess að hrinda þessu verki í framkvæmd. En til þess að fara ekki of hart í sakirnar, hefi jeg með brtt. minni aðeins farið fram á ¼ þessarar upphæðar og ætlast til, að það nægi í bili til þess að vinna að þeim framkvæmdum, sem nefndar eru í þeim þremur liðum, er skýrslan getur um og jeg las upp, en það er áveitan á sandana. Síðar yrði að sjálfsögðu að koma upp girðingunum með einhverjum ráðum, en með því að byrja á áveitunni er mjer óhætt að fullyrða, að mikið sje fengið, þó að eitthvað dragist með girðingarnar. Þess vegna vildi jeg leyfa mjer að minna hv. þdm. á, að það væri hinn mesti misskilningur að leggjast á móti þessari litlu fjárhæð nú, þar sem upplýst er, að hún gæti orðið til mikils gagns og varnað því, að stórt landsvæði legðist í auðn. Menn hafa nógu lengi horft á það með köldu blóði, að blómlegar sveitir liggi undir eyðileggingu af völdum náttúrunnar án þess að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að koma í veg fyrir það. Það þarf ekki annað en fara um þessa sanda til þess að sannfærast um, að ekki þyrfti mikið að gera til þess að græða þá upp. Því að þrátt fyrir sínagandi sandinn eru þar fallegir og grænir grasnabbar, sem með áveitu og friðun mundu breiðast út og verða að samfeldu graslendi. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt., og sný mjer þá að þeirri, sem jeg á eftir að gera nokkur skil. Það er XLVII. brtt. á þessu sama þskj. og er fram komin vegna eyðileggingar á Álftaveri af völdum jökulárinnar Skálmar.

Þetta mál er nú gamall kunningi hjer á þingi, og mætti eflaust til þess vísa, sem áður hefir um það verið sagt. En nú liggur þetta mál sjerstaklega vel undirbúið af þessum sama trúnaðarmanni Búnaðarfjelags Íslands,

Pálma ráðunaut Einarssyni, sem gert hefir athuganirnar um uppgræðslu Meðallands. Jeg sje ekki annað ráð vænlegra en að láta þennan sama mann einnig gera grein fyrir þessari brtt. minni, þar sem jeg er svo heppinn að hafa hjer í höndum skýrslu hans til Búnaðarfjelags Íslands, dags. hjer í Reykjavík 17. nóv. 1928, og eru þær upplýsingar svar við erindi, er jeg hafði sent Búnaðarfjelaginu 10. júlí 1928.

Kafli sá, er jeg vildi lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar þá á þessa leið:

„Í áætlun minni um fyrirhleðslu Skálmar, dagsettri 12. okt. 1926, var gert ráð fyrir, að til fullkominna landvarna þyrfti að gera fyrirhleðslu á 4320 lengdarmetrum með hleðslurými 15400 teningsmetra. Eftir er að gera af því verki 2370 lengdarmetra með hleðslurými um 8300 teningsmetra. Gera má ráð fyrir, að með þeirri aðstöðu, sem orðin er á um efnisflutning til garðgerðarinnar, að kostnaður pr. teningsmetrer verði minst 0,80 kr., og verður því kostnaðurinn við garðhleðsluna um 6640 kr.

Til skýringar á þeirri þýðingu, sem nefndar framkvæmdir hafa fyrir hjeraðið, leyfi jeg mjer að draga fram eftirfarandi atriði úr skýrslu minni frá 1926:

„Engi og haglendi, sem að meira og minna leyti liggja í hættu fyrir vatnságangi og aurframburði frá ánni Skálm í V.-Skaftafellssýslu, eru samkvæmt lauslegri mælingu og afmörkun svæðisins á uppdrætti herforingjaráðsins 1300 ha. að stærð. Liggja þau sunnan árinnar, en norðan Landbrotsár, takmarkast að austan af Kúðafljóti og hæðum vestan þess, en að vestan eru takmörkin hæðir þær, sem bæirnir Skálmarbær, Holt, Herjólfsstaðir og Hraunbær standa á.

Þær jarðir, sem eins og sakir standa eru að eyðast að engjum af völdum árinnar, eru Jórvíkurhryggir og Holt; hvortveggja býlin eru þjóðjarðir. Ef ain nær að eyða engjum þessara jarða og einkum ef hún næði í samband við Holts- og Herjólfsstaðavötn, sem mjög er líklegt, þá er engjum 10 annara jarða hætta búin frá framburði hennar og vatnságangi. Þegar litið er til þess, að alt graslendi, hagar og engi þeirra 13 býla, sem í Álftaverinu eru, aðeins nemur um 3100 ha., sjest, að hjeraðshætta stafar frá ánni, einkum þá litið er til þess, að það eru fyrst og fremst slægjulönd bænda, sem fyrir eyðileggingunni liggja".

Þá telur ráðunauturinn upp nöfn þeirra jarðeigna ríkissjóðs, sem þarna eiga hlut að máli, og tel jeg óþarft að þylja þá nafnaskrá, en skal þó geta þess, að landverð þeirra til samans eftir matinu 1917 er 10300 kr. En landverð þeirra jarða, sem þarna eru í hættu, en eru bændaeign, nemur 15500 kr. eftir sama mati. Út frá þessu bætir svo ráðunauturinn við:

„Það er því hjer um verulega verðmætisverndun að ræða, því verðgildi þessara jarða, verði þær trygðar fyrir ágangi vatnanna, er í raun og veru miklu meira en matið sýnir. Leyfi jeg mjer því að leggja til, að erindi alþingismanns Lárusar Helgasonar verði sint á þann hátt, að til framkvæmda verði horfið strax á næsta vori um framhald verksins".

Eftir þeim kunnugleikum, sem jeg hefi á þessu máli, tel jeg umsögn

Pálma Einarssonar alveg rjetta. Jeg skoðaði garðinn, sem búið er að byggja, í síðastliðnum nóvembermánuði, og leitst mjer mjög vel á það verk, en mjer er ljóst, að verði ekki haldið áfram með garðbygginguna, getur þetta mannvirki orðið til minni nota en ella. Þess vegna er óumflýjanlegt að hefjast handa um þær framkvæmdir, sem nefndar hafa verið, svo að sveitin rýrni ekki um of. Hjer er um fámenna sveit að ræða, sem orðið hefir fyrir meiri áföllum af náttúrunnar völdum en nokkur önnur sveit á landinu, t. d. af völdum Kötlugosanna, sem veitt hefir bændum austur þar svo þungar búsifjar, að efnahagur þeirra ber þess lengi merki. Þegar svo þess er gætt, að Alþingi hefir látið mikið af mörkum falla til ýmsra sveita, sem síður væri ástæða til, þá vil jeg vænta, að það sjái þá nauðsyn, sem á því er að leggja fram þessa litlu upphæð, svo að hægt sje að halda áfram þessu nauðsynjafyrirtæki.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vænti, að hv. deild geti fallist á að samþ. þessar fáu brtt. mínar, sem jeg þykist vera búinn að sýna, að hafi fullan rjett á sjer.

**Sveinn Ólafsson:** Á þskj. 345 á jeg þrjár brtt. við þennan síðari kafla fjárl., er nú liggur fyrir til umr.

Fyrsta brtt. mín er við 18. gr. og skiftir litlu máli, en hinar eru við 22. og 23. gr. frv.

Jeg ætla þá að byrja á því að víkja nokkrum orðum að síðustu brtt., sem er sú sextugasta í röðinni á þskj. því, er jeg nefndi, og lýtur að 90000 kr ábyrgðarheimild ríkisstjórnar fyrir rafvirkjunarláni handa Reyðarfjarðarhreppi.

Jeg skal þegar geta þess, að þao stendur í till. annaonvort fyrir misritun eða misprentun Reyðarfjarðarkauptún, en a að vera Reyðarfjarðarhreppur. Jeg geri ráð fyrir, að það megi leiðrjetta þessa misritun án sjerstakrar brtt., ef till. verður samþ.

Jeg hefi veitt því eftirtekt, að hv. fjvn. er furðu ör á þessar ábyrgðir fyrir aðra hreppa og hjeruð, en hjer er þó um smáræði að ræða í samanburði við það, sem áður er veitt, og ekki ætti það að spilla, að í þessu hjeraði er ekki fyrir nein ábyrgð eða skuld við ríkissjóð, og má því segja með sanni, að þarna er ekki um meiri áhættu að ræða en í hinum tilfellunum, nema síður sje. Mjer hefir verið bent á það, að hv. fjvn. hafi aldrei fengið málaleitun eða skýrslur um þetta mál og þess vegna hafi hún ekki getað ákvarðað sig um það, og er þetta alt með líkindum. Jeg vil því til skýringar geta þess, að áætlun verkfræðingsins, sem fór austur til þess að athuga virkjunarskilyrðin, barst mjer ekki fyr en fyrir fáum dögum og eftir að nefndin lauk lestri erinda. Verkfræðingurinn er Árni Daníelsson og hann hefir undirritað áætlunina 4. þ. m., en hún barst mjer ekki fyr en nokkru síðar. Þarna er ráðgert að virkja 200 hestöfl, og má bæta við að minsta kosti jafnmiklu síðar. Virkjunin kostar eftir áliti verkfræðingsins 96 þús. kr., en í brtt. nefndi jeg ekki nema 90 þús., og ætlast til þess, að hreppurinn sje einfær með það, sem umfram verður. Verðið á þessari stöð virðist eftir atvikum fremur lágt, en þó

er aðstaðan ekki ákjósanleg og verður þípuleiðslan að vera mjög löng. Líkur allar benda til þess, að fyrirtækið renti sig að áliti verkfræðingsins, og allar horfur fremur góðar. Kaupfjelagið eitt hefir þörf fyrir 40 hestöfl og er það nálægt ¼ af því, sem virkja á, en íbúar þorpsins eru að vísu ekki nema 300. Verður varla gert ráð fyrir, að þeir noti meira en 80—100 hestöfl fyrst um sinn, og verður sú dreifing með lágspennu um kauptúnið sjálft. Nálægt ¼ aflsins ætti því að verða eftir til leigu um nágrennið, sem væntanlega mun alt verða notað, þegar efni leyfa að leggja háspennuleiðslu þangað, en að vísu er hún ekki með talin í áætlun verkfræðingsins. Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að skýra þetta nánar, en ef einhver af hv. þdm. vil fá nánari skýringu á þessu, þá stendur þeim til boða að sjá þessi plögg hjá mjer, áætlun verkfræðingsins og fundargerð hreppsfundar í Reyðarfirði. Jeg vona, að hv. deild taki þessari málaleitun hreppsins ekki lakar heldur en hún hefir tekið öðrum hjeruðum, sem hafa fengið miklu stórfeldari upphæðir, og þar sem búið er þó að veita mikla ríkisábyrgð áður.

Þá vil jeg víkja að 57. brtt. á þessu sama þskj., sem jeg flyt ásamt með hv. þm. N.-Ísf. Hún er um lán úr viðlagasjóði til handa tveim mönnum, 10 þús. kr., eða 5 þús. kr. til hvors, til þess að afla þeim tækja vegna starfsemi þeirrar, sem þeir stunda. Báðir þessir menn, Sigfús Vigfússon og Guðmundur Einarsson, hafa lengi fengist við rafstöðvabyggingar í sveitum, áður heima í sínu hjeraði, en nú í fjarlægum sveitum. Hafa þeir nú flutt á brautu, Sigfús til Austurlands, en Guðmundur til Vestfjarða. Ætla þeir að leggja stund á rafvirkjanir á þessum slóðum, en vantar þar smiðjur og önnur nauðsynleg tæki. Sigfús Vigfússon, sem næstl. haust og vetur vann austanlands að smíði ljósastöðva, varð ýmist að sækja smíðar og viðgerðir hingað til Reykjavíkur eða til Seyðisfjarðar, þar sem að vísu er gott verkstæði, en úthvorft að nota úr fjarlægum sveitum.

Yfirleitt er þessum rafstöðvasmiðum mikil nauðsyn á að eignast helstu áhöld til vinnu sinnar, og fyrir þá skuld er beðið um þetta lán til þeirra. Tafirnar við að sækja í fjarlæg hjeruð eftir áhöldum og smiðjum tefur verk þeirra óhæfilega. Í fjárl. fyrir yfirstandandi ár stendur 5000 kr. viðlagasjóðslán til Bjarna Runólfssonar frá Hólmi, sem er veitt í þessum sama tilgangi. Það lán á að standa vaxtalaust, en endurgreiðast á 20 árum. Hjer er farið fram á það sama fyrir þessa 2 menn, að því breyttu, að lánin eiga að endurgreiðast á 15 árum. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. sjái, að það er mjög svipuð nauðsyn á þessu fyrir þá menn, sem vinna austanlands og vestan, eins og norðan og sunnan, og sjái sjer því fært að samþ. þetta. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að skýra þetta mál frekar.

Svo er það að síðustu ein brtt., sem er svo lítilfjörleg og sjálfsögð, að jeg geri ráð fyrir, að allir geti fallist á hana. Það er 52. brtt. á þingskjalinu, þar sem farið er fram á 100 kr. hækkun á þeim styrk, sem Steindór Hinriksson fyrv. póstur nýtur, eða hækkun úr 200 kr. upp í 300 kr. Þessi maður er nú kominn á áttræðisaldur og hefir lengi verið póstur á Austfjörðum, þar

sem póstleiðir eru einna erfiðastar og víða yfir torsótt fjöll að fara. Nú er hann orðinn hrumur og sjóndapur og hefir orðið að leita hingað tvisvar vegna sjóndeprunnar til lækninga. Hann dvelur nú hjer undir læknishendi, og eru engar líkur til þess, að hann geti greitt lækninga- og ferðakostnaðinn sjálfur, en mun njóta hjálpar nokkurra góðra manna til þess.

Þessi 100 kr. hækkun er honum auðvitað engin hjálp til að standast slíkan kostnað, en aðeins glaðning og viðurkenning þess, að hann hafi ekki dugað ver í sínu starfi heldur en aðrir stjettarbræður hans, sem flestir fá 300 kr. eftirlaun eða meira.

**Jón Ólafsson:** Jeg hefi ásamt hv. 1. þm. Reykv. borið fram 2 brtt. á þskj. 345, og af mikilli gætni í fjármálum og til þess að vera í samræmi við þann sparnaðaranda, sem nú ríkir í hv. fjvn., þá höfum við borið fram nýja brtt. við aðra þeirra, á þskj. 368, sem er varatill.

Fyrri brtt. er sú XX. á þskj. 345 og er um 3 þús. kr. styrk til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, en hefir misritast í gagnfræðaskóli Reykvíkinga.

Jeg hygg, að öllum hv. þdm. sje kunnugt um það, hve Reykvíkingar hafa átt erfitt undanfarin ár með sín skólamál. Allir vita, hvernig fór með samskólahugmyndina, og þar við bættist, að bekkjum var fækkað í mentaskólanum, svo að þar komast að aðeins 25 nýir nemendur á ári. Úr þessu var að nokkru leyti bætt með stofnun ungmennaskóla Reykjavíkur, en nú eru bæjarbúar orðnir 26 þús. og hafa mikinn áhuga fyrir því að fá góða skóla, og þykir ekki nóg bætt úr þörfinni með ungmennaskólanum, svo að þeir rjeðust í að stofna þennan skóla. Aðsóknin að þessum skóla hefir verið afarmikil, svo að það sýnist alls ekki ófyrirsynju, að hann var stofnaður, enda var hans full þörf. Það er álit allra málsmetandi manna, að hjer hafi verið um mikla nauðsyn að ræða, og hv. fræðslumálastjóri, hv. þm. V.-Ísf., viðurkendi þetta fyllilega og taldi rjett, að þessi skóli fengi hlutfallslega jafnháan styrk og aðrir hliðstæðir skólar. Til vara höfum við farið fram á 2 þús. kr. styrk til skólans, og mun það láta nærri að vera 50 kr. á hvern nemanda, sem skólann sækir. Er þá ekki farið hart í sakirnar, þó að farið sje fram á þessa litlu upphæð, og þar sem meiri hl. fjvn. er þessu meðmæltur, þá vona jeg, að það nái samþ. þessarar hv. deildar.

Önnur brtt. er sú XXVIII. á þskj. 345, og er hún um lítilsháttar styrk til Sveinbjarnar Björnssonar skálds hjer í bænum. Þessi maður er eitt af þessum merkilegu alþýðuskáldum okkar, og hefir hann, þrátt fyrir marga og mikla erfiðleika og óslitna vinnu við steinsmíði, lagt til bókmentanna tvær ljóðabækur. Hann er nú kominn á áttræðisaldur, er efnalaus og farinn að heilsu og kröftum, og hefir hann ekki getað stundað atvinnu sína hin síðari árin, enda aldrei kunnað að hlífa líkamsburðum sínum meðan þeir entust. Þessar ljóðabækur hans ætla jeg ekki að dæma um, til þess hefi jeg ekki næga þekkingu á þeim hlutum, en það vill svo vel til, að nokkrir velmetnir fræðimenn og skáld hafa sent með þessu erindi meðmæli sín, og

ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að láta þá tala sjálfa:

„Við undirritaðir leyfum okkur hjer með að leiða athygli fjvn. hins háa Alþ. að ástæðum Sveinbjarnar Björnssonar skálds nú í elli hans, og teljum hann þess maklegan, að honum verði veittur nokkur styrkur af landsfje í viðurkenningarskyni fyrir ljóðagerð hans. Það eru því tilmæli okkar, að honum verði ætlaðar 1500—2000 kr. í fjárl. þeim, sem nú liggja fyrir".

Brjefið er dagsett 5. mars 1929, og undir það hafa skrifað Þorsteinn Gíslason, Hannes Þorsteinsson, Hannes S. Blöndal, Guðm. Björnsson, Hallgrímur Hallgrímsson og Jak. Jóh. Smári.

Jeg hugsa að þetta sje nægilegt til þess að sýna hv. þdm., að hjer er um bókmentir að ræða, sem eiga viðurkenningu skilið, þegar þessir menn mæla með því. Þó að þessir menn fari fram á 1500 til 2 þús. kr., þá vorum við flm. svo hæverskir, að við fórum ekki af stað með meira en 1 þús. kr., sem auðvitað er styrkur og viðurkenning í eitt skifti fyrir öll, og er þetta, að jeg hygg, í samræmi við vilja meiri hl. fjvn. Jeg vona svo, að þar sem um litla fjárhæð er að ræða og mjög maklegur maður á í hlut, þá láti hv. dm. sig ekki muna um að veita þetta.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg vildi aðeins segja örfá orð um einstakar brtt., sem hjer liggja fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. flytur hjer brtt., þar sem farið er fram á, að gagnfræðaskóla Reykjavíkur sje veittur 3 þús. kr. styrkur. Jeg vil þá skýra frá því, að Reykvíkingar hafa til þessa haft gagnfræðaskóla nær eingöngu fyrir sjálfa sig, kostaðan af ríkinu, þar sem hver bekkur kostaði 8—9 þus. kr. árlega. Nú er svo háttað, að annarsstaðar á landinu verða bæjar- og sveitarfjelög að kosta slíka skóla nær eingöngu upp á eigin spýtur. Ísafjörður hefir t. d. haldið uppi skóla, sem er sóttur af nálægt 50 nemendum, og fær ekki nema 2 þús. kr. styrk til hans. Þetta er afarmikið órjettlæti og ósamræmi, að sumir kaupstaðir verði að kosta sína alþýðufræðslu nær eingöngu sjálfir, en aðrir fái allan kostnaðinn greiddan úr ríkissjóði. Þessu vil jeg láta bæta úr og koma á meira samræmi, eftir því sem því verður við komið. Að því er snertir þá tákmörkun á inntöku í mentaskólann, sem hv. þm. talaði um, þá er því til að svara, að þar var svo komið, að heilsu nemendanna var stórhætta búin af offyllingu, og úr því varð ekki bætt nema með því að fækka þeim. Núv. stj. og Alþ. komu hjer upp í fyrra byrjun að gagnfræðaskóla, og var það vitaskuld, að sú stofnun var hinn tilvonandi alþýðuskóli bæjarins. Svo þegar til kom, þá var mikill hluti bæjarbúa, sem ekki vildi sætta sig við þessa stofnun og settu á stofn sinn eiginn skóla. Við þessu var auðvitað ekkert að segja, ef stofnendur vildu kosta skóla sinn sjálfir, en það brýtur öll „princip", þó að mönnum finnist börn sín of fín til þess að ganga í skóla með fátækum börnum, og er ekkert annað en frekja og ofsi, að ætla svo að láta landið kosta þennan skóla fyrir sig. Þetta er hrein uppgjöf þeirra manna, sem hlut eiga að máli, og sýnir það ljóslega, að þeir hafa ekki manndóm í sjer til þess að kosta sinn eiginn skóla, þegar þeir vilja ekki

nota þann, sem ríkið útvegar þeim, heldur kalla á hjálp. Það er hrein og bein móðgun við foreldra barnanna að veita þennan styrk, og jeg vona, að hv. 3. þm. Reykv. sjái sóma sinn í því að taka brtt. aftur. Reykjavík á að kosta þennan skóla sjálf og bærinn getur veitt honum nægilegan styrk; það væri lofsverð sjálfsbjargarviðleitni bæjarbúa, og það stendur þeim opið.

Þá vil jeg víkja að brtt. frá hv. 1. þm. Reykv., sem er þess efnis, að hækka framlagið til kvennaskólans upp í það, sem áður var, eða úr 15 þús. kr. upp í 21 þús. kr. Jeg vil þá benda hv. þm. á það, að eins og sjest á skýrslu um kostnaðinn við kvennaskólann, þá kostar hann að meðaltali 300 kr. fyrir hvern nemanda. En aftur á móti eru aðrir skólar, eins og t. d. hjeraðsskólarnir, þar sem kostnaður hefir ekki orðið nema um 200 kr. á nemanda. Jeg álít því, að ef þessari fjárveitingu yrði eitthvað breytt, ætti að miða hana við tölu nemenda. Annars er það óhugsandi, að það ástand haldist um kvennaskólann, sem verið hefir. Alstaðar annarsstaðar en hjer leggja hjeruðin fje af mörkum til svipaðra skóla. T. d. hefir Norður-Ísafjarðarsýsla lagt 10 þús. kr. til Núpsskólans. Vestursýslan mun leggja annað eins til, og einstakir menn leggja sinn hlut fram. Svona er þetta alstaðar annarsstaðar en í Reykjavík. Hjer leggur hvorki bærinn nje nokkur einstaklingur nokkurn eyri fram til skólans, að talist geti, og jafnvel þær góðu konur, er þykjast bera hag skólans mest fyrir brjósti, láta sjer ekki til hugar koma að gefa neitt í byggingarsjóð skólans. Þessi breyt. í stjfrv. er aðeins aðvörun um það, að ætlast sje til þess, að bærinn sjálfur eða einstaklingar hans leggi eitthvað af mörkum sjálfir. Ríkið hlýtur fyr eða síðar að segja: Við getum ekki gert alt fyrir þá, sem ekkert vilja hjálpa til sjálfir.

Þá vík jeg að brtt. um 2500 kr. fjárveitingu til Páls Ísólfssonar til að halda uppi kenslu í organleik. Með þeirri till. vil jeg mæla hið besta. Það er hættulegt, þegar þjóðin á ágætismenn í sinni grein, að lofa þeim ekki að njóta sín. Þessi maður stendur svo framarlega á sínu sviði, að við getum ekki búist við að hafa ávalt slíkum mönnum á að skipa. Hann hefir undanfarið kent organleik með kostgæfni og góðum árangri, svo að ávextir eru þegar farnir að sjást af starfi hans.

Jeg vil bæta því við þessi meðmæli mín, að það er og hefir verið einn af höfuðgöllunum á kirkjulífi mótmælenda, hvílík vöntun hefir verið á því, að messuformið væri hátíðlegt. Sökum fátæktar okkar hefir borið einna átakanlegast á því hjer, hve söngur og spil í kirkjum landsins hafa staðið á lágu stigi. Það er því mikilsvert fyrir íslenskt kirkjulíf, að Páll Ísólfsson fái að njóta sinna miklu hæfileika.

Þá kem jeg að LVII. brtt. á þskj. 345. Hún er frá hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. N.-Ísf. um að veita Sigfúsi Vigfússyni og Guðmundi Einarssyni 5000 kr. styrk hvorum til að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum og til leiðbeininga í slíkum efnum á Austur- og Vesturlandi. Jeg vil bæta við þessa till. þeim meðmælum, að þessir menn eru báðir

reyndir dugnaðarmenn og hugvitsmenn í þessa átt í Skaftafellssýslum. Þeir og aðrir þar eystra hafa nú þegar komið svo miklu til leiðar í þessu efni í Skaftafellssýslum, að ekki er lengur markaður fyrir starfskrafta allra slíkra manna austur þar. Jeg kynti mjer þetta mál nokkuð síðastliðið sumar og fekk þessa menn, sem hjer um ræðir, til að ferðast um Austur- og Vesturland til að kynna sjer möguleika fyrir byggingum slíkra stöðva og til þess að komast í kynni við fólkið og hafa vekjandi áhrif á það í þessum efnum. Leiðandi menn á þessum slóðum voru mjög hrifnir af þessum mönnum og gera sjer miklar vonir um, að gott muni leiða af starfi þeirra. Til dæmis um það, hverju slík verkstæði geta afkastað, skal jeg geta þess, að Bjarni frá Hólmi, sem fjekk í fyrra samskonar styrk og hjer er farið fram á, hefir reist 15 stöðvar síðan. Ef árangurinn af starfi þessara manna á Austur- og Vesturlandi yrði svipaður, myndi landið bera eigi alllitlar menjar þessara manna eftir nokkur ár.

Þá hafa þeir hv. þm. V.-Ísf. og hv. 3. þm. Reykv. borið fram till. um að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, ef hann lætur af embætti. Jeg er þeim þakklátur fyrir, að þeir hafa borið þessa till. fram, en annars hafði jeg hugsað mjer að bera fram till. sama efnis í Ed. Þessi merki maður mun nú láta af skólastjórastörfum á næsta hausti. Hjer er um einhvern mætasta skólafrömuð vorn að ræða og þann mann, sem sameinað hefir í sjer hið besta í íslenskri menningu. Allur ferill hans hefir verið óvenjuglæsilegur. Hinsvegar mun hann vera fátækur maður, enda hefir hann alla tíð verið verndarvættur og hjálparhella nemenda sinna í fjárhagsefnum sem öðrum. Að vísu mun hann hafa fengið mest það fje, er hann hefir látið af höndum rakna á þann hátt, endurgoldið, en hjálpsemi hans hefir þó verið svo mikil, að hún hefir hnekt efnahag hans. Það er þó ekki þetta, sem jeg tel aðalástæðuna til þess að samþykkja beri brtt., heldur að jeg álít, að óvenjulega mætan mann eigi að heiðra á óvenjulegan hátt. Hjer er ekki um fordæmi að ræða, því að öðrum góðum mönnum ólöstuðum hefir þessi maður haft óvenjulega mikla þýðingu fyrir okkar þjóð.

**Magnús Torfason:** Jeg á brtt. á þskj. 345, þar sem farið er fram á, að gefið verði upp viðlagasjóðslán það, sem ríkið veitti vegna Stokkseyrarbrunans. Þetta lán var veitt með því fyrirheiti, að því aðeins kæmi til endurgreiðslu, að þeir, sem að brunanum væru valdir, gætu látið eitthvað af höndum rakna. Nú er útsjeð um, að nokkuð sje af þeim að hafa, og virðist því sjálfsagt, að lánið verði gefið upp samkv. áðurnefndu fyrirheiti.

Þá á jeg einnig XLIV. brtt. á sama þskj., og gengur hún í þá átt, að fara fram á, að Jakobi Gíslasyni verði veittar 1200 kr. til framhaldsnáms í rafmagnsfræði. Jeg skal geta þess, að fyrir tveim árum hafði jeg þá æru og ánægju að mæla með því, að þessum unga manni væri veittur lítill styrkur, sem hann og fjekk. Jeg kallaði hann þá hið græna trjeð, og hann hefir nú sannað þau ummæli mín með því, að hann hefir nýskeð lokið prófi

með ágætiseinkunn og þannig gert þjóð sinni mikinn sóma. Hygg jeg það mála sannast, að fáir muni hafa stundað nám sitt með annari eins kostgæfni og hann og verið eins vandir við sjálfa sig. Hann var ári lengur en hann þurfti við háskólanám sitt, því að hann gat ekki sætt sig við annað en að ná þeirri fullkomnustu þekkingu í sinni grein, sem kostur var á. Í þessu hefir komið fram mannkostur, sem varla er hægt að meta sem vert er og alstaðar kemur í bestu þarfir.

Að afloknu prófi hefði honum sjálfsagt staðið opið að ná í lífvænlega stöðu þegar í stað, en í stað þess herðir hann á náminu. Hann lætur sjer ekki nægja, að hann hefir þegar aflað sjer hinnar fullkomnustu bóklegrar þekkingar, heldur vildi hann einnig öðlast hina bestu verklegu fræðslu, sem unt er, og því fjekk hann inngöngu í ríkisraforkustöð Dana í Höfn. Er svo eftirsótt af rafmagnsfræðingum að fá inngöngu þar, að þangað komast ekki menn nema með allra bestu prófum og fyrirtaks meðmælum. Einn af kennurunum við fjöllistaskólann, sem er heimsfrægur maður, mælti svo fast með þessum manni, að honum var leyfð innganga, þótt margir aðrir yrðu frá að hverfa.

En sökum þess, hve aðsóknin er mikil, eru engin laun greidd þeim, sem að komast. Því hefi jeg farið fram á, að honum yrði veittur þessi lítilfjörlegi styrkur fyrir fæði og húsnæði, meðan hann dvelur þarna.

Jeg verð að álíta, að gott sje og nauðsynlegt að styrkja góða Íslendinga til náms í þessari grein, rafmagnsfræðinni. Við erum smám saman að beisla fossana, og sú virkjun verður von bráðar í stórum stíl, og þá verður brýn þörf á nýtum sjerfræðingum til þeirra hluta. Framtíð landsins er bundin við fossana og virkjun þeirra. Og síðan jeg bar þessa till. fram, hefir hæstv. atvmrh. sagt mjer, að stj. vanti einmitt mann til þess að vera henni til leiðbeiningar í þessum efnum. Er enginn vafi á því, að Jakob Gíslason er manna best fallinn til þess. Hefir viljað við brenna, að þeir menn, sem við þvílíkt hafa fengist, hafi ekki verið starfi sínu fyllilega vaxnir. Orsökin til þess hefir þó oft verið sú, að þetta hafa verið menn, sem ekki hafa getað öðlast nægan undirbúning sökum fjárskorts. Hjer er aftur um mann að ræða, sem hefir aflað sjer þeirrar bestu þekkingar, sem völ er á. Jeg vona því, þegar litið er á verðleika þessa manns og þörf landsins, að hv. deild taki vel í þessa málaleitun.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Vík jeg þá fyrst að XXVI. brtt. á þskj. 345, sem jeg flyt ásamt fleiri þm., um að hækka styrkinn til útgáfu jarðabókar Árna Magnússonar. En þessa till. höfum við komið okkur saman um að taka aftur við þessa umr.

Þá á jeg XXXI. brtt. á þskj. 345, um að Sigurði Skúlasyni verði veittur 1500 kr. styrkur til sagnfræðistarfa. Eins og menn munu minnast, hafa áður verið samþ. í þessu skyni 2000 kr. handa þessum manni, en Ed. lækkaði þann styrk niður í 1000 kr. Fjárlögin voru þá samþ. óbreytt eins og þau komu frá Ed. Nú hefir þessi maður stundað bókmentasögu miðalda, eink-

um einn þátt hennar. Hann hefir nú í nærfelt ár kynt sjer skjalasöfn erlendis. Hann þykir einkar efnilegur fræðimaður, er bæði ötull og ástundunarsamur og alls góðs maklegur. Það er oss eigi með öllu vansalaust, að það skuli oft og tíðum hafa verið útlendingar, sem hafa orðið til þess að bregða ljósi yfir ýms atriði í sögu vorri. Hefir það þó eigi stafað af því, að eigi hafi verið íslenskum efnismönnum til að dreifa á þessu sviði, heldur sökum þess, að þá hefir skort fjármuni, svo að þeir gætu notið sín. Sá þáttur bókmentasögunnar, er Sigurður Skúlason fæst við, er lítt rannsakaður, en er þó mjög merkilegur.

Þó að allar fjárveitingar til einstakra manna hafi löngum verið kallaðar bitlingar, þá er þó vafasamt, að nokkru fje hafi verið betur varið, þegar það hefir komið niður á rjettum stað. Mætti í því sambandi minna á Jón Sigurðsson, sem að vísu naut að miklu leyti styrks frá Dönum, en þó að nokkru leyti frá Íslendingum.

Jeg mun svo eigi fylgja þessari brtt. úr hlaði með fleiri orðum. Veit jeg, að menn munu bregðast við henni eftir því, hvaða hugarfar þeir bera til slíkrar starfsemi, sem styrkurinn er ætlaður til.

Þá á jeg enn brtt. um að styrkja bændur í Hraunamannahreppi til mjólkurflutninga að bílvegi. Þessi hreppur er eigi síður vel fallinn til kúabúa en sauðfjárræktar. Hinsvegar vita allir, hve lítið verðmæti hefst upp úr mjólk með því að nota hana eingöngu heima fyrir og vinna úr henni heima. Nú hafa bændur í þessum hreppi gengið í mjólkurbúið í Flóanum og orðið að skuldbinda sig til að flytja mjólkina til búsins í 2 ár. Vegalengdin að mjólkurbúinu nemur um 70 km., og er sú leið ekki nærri öll bílfær. Bílvegur nær ekki nema að Laxá. Eftir sveitinni liggur ruddur óbílfær vegur, sem er að vísu fær með vagna á sumrum, en ófær þeim oft á vetrum. Þessi vegur er um 35—40 km. á lengd. Hjer er því um mikla vegalengd að ræða og ákaflega örðuga flutninga. Virðist því eigi ástæðulaust, þótt þessir menn væru styrktir nokkuð til að koma vöru sinni á markaðinn.

Vera má, að einhverjir telji, að hjer sje vafasamt fordæmi gefið. Jeg get ekki skilið, að svo sje. Fyrst og fremst er hjer um óvanalega vegalengd og erfiðleika að ræða, og í öðru lagi eru aðeins tvö mjólkurbú á öllu landinu, annað í Eyjafirði og hitt í Flóanum. Hið þriðja verður máske stofnað í sumar í Ölfusi.

Þessir menn vilja nú sjá, hversu starfsemin gefst við Ölfusá, áður en þeir ráðast í að byggja mjólkurbú hjá sjer. En jeg tel satt að segja hæpið, að búast megi við, að þessi langi flutningur borgi sig, ef ekki kemur sjerstök hjálp til. En hvað sem því líður, hafa bændurnir nú skuldbundið sig til að flytja mjólkina til búsins, og verður eigi hjá því komist. Við atkvgr. þá, sem fram fer um þessa till., reynir á þá menn, sem telja sig vilja styðja hag bænda í hvívetna. Og er nú að sjá, hversu kapparnir gefast.

Þá á jeg brtt. á sama þskj., undir tölulið XLIII.: Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vjelfræðináms í Þýskalandi, til að læra að fara með dieselvjelar, kr. 1500.00. Þetta er mjög ötull maður. Hefir hann

stundað járnsmíði í 3 ár og er fullnuma í því. Ennfremur hefir hann gengið í vjelstjóraskólann og farið námið prýðilega úr hendi. Nú hefir hann hug á að komast til Þýskalands og kynna sjer smíði og meðferð dieselvjela. Þessar vjelar eru nú mjög komnar í notkun hjer á landi, en enginn hefir enn kynt sjer meðferð þeirra til neinnar hlítar. Vjelbátaútvegurinn fer nú stöðugt vaxandi, og mega því allir sjá, hve bráðnauðsynlegt það er að vita góð skil á þessum vjelum. Má fullyrða, að dýrar vjelar hafi oft orðið ónýtar fyrir fákunnáttu eina. Vitanlega er best að afla sjer þekkingarinnar í því landi, þar sem vjelarnar eru smíðaðar.

Jeg vona, að hv. þdm. líti á það, að ekki þarf nema hluta af einu vjelarverði til að borga þann litla styrk, sem hjer er farið fram á. Myndi hann því áreiðanlega margborgast, þó að óbeint væri, þegar á fyrsta ári. Vænti jeg, að hv. deild láti nú fram koma víðsýni og nærgætni og felli eigi þessa till. Eiga hjer sæti þeir menn ýmsir, sem betri þekking hafa vafalaust á nauðsyn þessa máls en jeg. Væri mjer þökk á, að þeir ljetu til sín heyra, því að meira munu vega orð þeirra en mín, sem sjálfur hefi að mestu fengist við landbúnað, en eigi sjávarútveg.

Um brtt. annara hv þm. ætla jeg ekki að tala. Þó vil jeg taka undir með hv. 3. þm. Reykv. um styrkinn til Sveinbjarnar Björnssonar skálds. Eru mjer kunnar prýðilegar gáfur þess manns og hefir hann margt ágætlega kveðið. Þætti mjer vel, ef þingið veitti honum nú viðurkenningu fyrir starfsemi hans í þágu íslenskra bókmenta.

**Hannes Jónsson:** Við þessa umr. liggur fyrir fjöldi af brtt., og hafa allmargir hv. þm. þegar talað fyrir sínum till. Hafa að vanda mörg fögur orð fallið frá hverjum einum, og svo virtist í hvert sinn, sem heimurinn myndi forganga, ef hlutaðeigandi fengi ekki það, sem um er beðið. Stendur vafalaust nokkuð ólíkt á um þessar fjárbeiðnir, en erfitt er að greina milli þeirra, því að kunnugleik brestur og sýnist sitt hverjum. Jeg hefi yfirleitt, hvorki nú nje áður, sjeð ástæðu til að styðja þessar brtt. við fjárlagafrv. Verð jeg þó að gera þá undantekningu, að því fje, sem varið er til að efla atvinnuvegina og auka verðmætið í landinu, þegar vel árar, tel jeg vel varið. Tel jeg ástæðu til að vera örari á fje í þeim tilgangi en öðrum.

Jeg á brtt. undir tölulið XLII. á þskj. 345, sem fer fram á að styrkja tilraun til aukinnar framleiðslu í landinu. Hún er um að veita Magnúsi bónda Jónssyni á Torfastöðum í Vestur-Húnavatnssýslu 1200 kr. til eflingar laxa- og silungaklaki. Klakstöð hefir Magnús þegar bygt og starfrækt með miklum dugnaði.

Jeg býst við, að sagt verði, að það mætti æra óstöðugan að styrkja af ríkisfje allar klakstöðvar á landinu. En jeg vænti, að mjer takist að færa hv. deild heim sanninn um, að hjer sjeu alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi. Vil jeg því með fáum orðum skýra frá því helsta, sem þessu máli kemur við.

Fram af Miðfirði er, eins og kunnugt er, heiði sú, er Tvídægra nefnist. Hún er einkum víðfræg fyrir þann fjölda vatna, sem á henni er. Eru vötnin á Tvídægru talin eitt af þrennu, sem óteljandi sje á landinu. Í mörgum þessara vatna er silungsveiði. En um hálsana, sem ganga frá hálendinu út í bygðina, úir líka og grúir af vötnum. En sá ljóður er á ráði þeirra vatna, að ekki er í þeim silungur, nema urriði á stöku stað. En við rannsóknir hefir það komið í ljós, að skilyrði fyrir silungsrækt eru mjög góð í mörgum þessara vatna. Eigi nú að flytja silung í þessi vötn, verður að sækja hann langar leiðir. Á Tvídægru eru, eins og jeg hefi tekið fram, mörg veiðivötn, og í þeim eru bæði góð og miður góð silungakyn. Magnús á Torfastöðum hefir nú leitað um alla heiðina og loks fundið í einu vatni mjög álitlegt silungakyn. Undanfarin 2 haust hefir hann gert mikið til að afla hrogna úr þessu vatni. Hefir hann klakið þessum hrognum út í klakhúsi sínu án verulegra vanhalda og sleppt silungum í vatn í landareign sinni, svonefnt Torfastaðavatn, en jafnframt reynt að útrýma urriðanum, sem þar var fyrir, því að urriði spillir yfirleitt silungsrækt í vötnum, nema þar sem hann er ræktaður eingöngu.

Jeg vil nú leyfa mjer að lesa upp kafla úr bréfi frá Pálma Hannessyni náttúrufræðingi um starfsemi Magnúsar. Vænti jeg, að hv. deild meti mikils orð hans. En brjefkaflinn hljóðar svo:

„Bóndinn á Torfastöðum, hr. Magnur F. Jónsson, er leiguliði. Hann er næsta áhugasamur um fiskirækt og hefir sýnt það í verki, sem nú skal greint verða.

Fyrir nokkrum árum bygði hann lítinn klakkofa á Torfastöðum, eftir fyrirsögn Þórðar Flóventssonar, til þess að koma upp bleikju í vatninu. En sá hængur var á, að hvergi var unt að fá bleikjuhrogn, fyr en suður á miðri Tvídægru. Bóndi tók sig nú upp laust eftir veturnætur og fór við annan mann suður á heiðina, að vatni því, sem Ketilvatn heitir. Það liggur um dagleið frá bygðum. En fyrir því var svo seint farið, að silungur hrygnir ekki fyr. Í vatninu aflaðist nokkuð af hrognbleikju. Flutti bóndi hrognin heim, og komst nokkuð af þeim upp.

Síðastliðið vor bygði Magnús bóndi lítinn kofa við Ketilvatn, til þess að geta legið þar við. Og á liðnum vetri fór hann 2 ferðir suður þangað við annan mann. Í fyrra sinni, þ. 6. nóv., var silungur ekki tekinn að hrygna, en í síðara skiftið, þ. 15. sama mán., fengust nóg hrogn.

Verður ekki annað sagt en að málið sje hjer kappsamlega sótt, og væri vel, ef svo væri víðar um þetta mál og önnur.

Á hálsunum beggja megin Miðfjarðar eru mörg vötn, en mjer er sagt, að ekki sje bleikja í neinu þeirra. Ýms þessara vatna eru óefað vel fallin til fiskiræktar. Ef bleikjurækt tækist á Torfastöðum, væri hægur vandi að koma upp bleikju í vötnum þessum, og gæti það orðið til mikilla hagsbóta, því að engan efa tel jeg á því, að bleikja sje betur hæf til ræktunar í fjallavötnum en urriði, og þó einkum á Norðurlandi.

Af þeim ástæðum, sem nú eru greindar, tel jeg sanngjarnt og æski-

legt, að bóndanum á Torfastöðum, hr. Magnúsi Jónssyni, verði veittur styrkur af almannafje til starfsemi sinnar".

Nú hefir Magnús í hyggju að bæta klakhús sitt og kaupa nýja klakkassa. En til þess vantar hann fje.

Auk þess sem Torfastaðir yrðu mjög hentug miðstöð fyrir silungsklak í hjeraðinu, mætti líka stunda þar laxaklak. Ár í Vestur-Húnavatnssýslu eru vel fallnar til laxræktar. Skal jeg minna á það, að síðastl. sumar var fluttur út lax frá Hvammstanga fyrir 16 þús. kr., og er þó ekkert gert til að vernda laxinn eða fjölga honum. En tilraunir í þá átt myndu áreiðanlega bera góðan árangur.

Hjer í hv. deild hefir mikið verið talað um innflutning sauðnauta. Mjer þykir einkennilegt, ef menn vilja efla landbúnaðinn með því að flytja inn með ærnum kostnaði sauðnaut, kanínur og refi, jafnvel frá öðrum heimsálfum, en vilja ekkert leggja fram til að hægt sje að hagnýta auðsuppsprettur landsins sjálfs. Jeg álít að þjóðin eigi fyrst og fremst að nota sjer þá möguleika, sem þetta land býður, og vafasamur hagnaður sje að dreifa kröftunum út fyrir þær atvinnugreinar, sem hún hingað til hefir stundað. A. m. k. verður að gæta fullrar varasemi, þegar slík spor eru stigin. Jeg skal raunar ekki bera á móti því, að gott sje að atvinnulífið sje sem fjölbreyttast. En þann atvinnuveg, sem haldið hefir lífinu í þjóðinni gegnum eldraun liðinna alda, ber fyrst og fremst að leggja stund á.

Jeg skal eigi fara fleiri orðum um þetta mál. Hjer eru fáir viðstaddir, og þó að jeg tali yfir tómum stólum, efast jeg um, að þeir sannfæri hv. þm., þegar þeir setjast á þá. En jeg vona, að þeir, sem mál mitt hafa heyrt, greiði ekki atkv. gegn þessari till. Sumir segja sjálfsagt, að fleiri muni á eftir fara. En jeg get gjarnan sagt það, að jeg teldi ekki fráleitt að styrkja aðra eins framfaraviðleitni og hjer er um að ræða á nokkrum stöðum í landinu, því að sú viðleitni miðar að því að auka atvinnu. En það hygg jeg, að Húnavatnssýsla muni öðrum hjeruðum betur fallin til slíkrar starfsemi.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg ætla aðeins að minnast á nokkrar brtt. viðvíkjandi lánum úr viðlagasjóði.

Fyrst skal jeg nefna brtt. hv. þm. Barð. undir tölulið LVIII. á þskj. 345, um að gefa eftir 30 þús. kr. af rafveituláni Patreksfjarðarhrepps. Þessi hreppur hefir tvisvar fengið lán, hið fyrra 1918, að upphæð 55 þús. kr., og hið síðara 1920, að upphæð 30 þús. kr. Námu því bæði lánin saman 85 þús. kr. Af þessu láni eru nú eftir kr. 66916,67. Hreppurinn hefir altaf staðið í skilum með rentur og afborganir, síðast á gjalddaga 1928.

Hv. fjvn. flytur brtt. undir tölulið 71,d á þskj. 293, um að veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana af dýrtíðarlánum Gerðahrepps og Innri-Akraneshrepps árin 1929 og 1930. Till. er aðeins framhald till., sem samþ. var á þinginu 1927 um að veita sömu hreppum uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana það ár og næsta. Vildu hrepparnir upphaflega fá lánin eftirgefin að fullu, eða a. m. k. nokkru leyti, en þingið sá sjer eigi fært að verða við beiðni þeirra. Lágu

og enn fyrir þessu þingi beiðnir um eftirgjöf, en hv. fjvn. hefir enn sem fyr talið þá leið ófæra.

Gerðahreppur fjekk fyrst lán árið 1923, að upphæð 20 þús. kr. Af því hefir hann borgað 2000 kr., en vextir eru ógreiddir fyrir árin 1927 og 1928. Árið eftir, 1924, fjekk hreppurinn aftur 20 þús. kr. lán og hefir greitt af því 1000 kr. Skuld hans við viðlagasjóð er því alls 37 þús. kr. auk vaxta.

Innri-Akraneshreppur fjekk 3000 kr. að láni árið 1928. Af því láni hefir ekkert verið greitt. Ársvextir af því eru kr. 157,50, og hefir hreppurinn fengið uppgjöf þeirra fyrir árin 1927 og 1928, en fer nú fram á að fá hana einnig 2 næstu ár.

En þetta eru ekki einu hrepparnir, sem svona stendur á fyrir. Svipað er ástatt um Grunnavíkurhrepp í Ísafjarðarsýslu og Árneshrepp í Strandasýslu. Þykir mjer sennilegt, að þessir hreppar komi síðar og fari fram á ívilnanir. Sú leið, sem hv. fjvn. vill nú fara, er engin lausn þessara vandræða. Jeg lít svo á, að sumum hreppunum yrði ofþyngt. ef heimta ætti af þeim fulla greiðslu. Væri ilt, ef framkvæmdir manna þar sliguðust vegna þeirra þungu útgjalda, sem af því myndi leiða.

Rjettast myndi vera að taka þessar lánveitingar til fátækra hreppa allar til athugunar í einu lagi. Væri sú leið hugsanleg, að þingið fæli ríkisstj. að gera nýja samninga með meiri eða minni eftirgjöfum, eftir ástæðum. Jeg hafði ætlað mjer að bera fram till. í þessa átt, en fjell frá því, meðfram af því, að líkur eru til þess, að viðlagasjóður hverfi nú inn í búnaðarbankann. Tekur bankinn þá við öllum skuldabrjefum sjóðsins. Taki bankinn til starfa bráðlega, sem vel getur orðið í lok ársins, myndi ekki koma til kasta ríkisstj. að semja um lánin, heldur bankastj.

Ef gera ætti upp við hreppana, yrði að rannsaka fjárhag þeirra allítarlega. Og við væntanlega samninga yrði að líta á hag viðlagasjóðs, eftir því sem hægt er, en þó þannig, að gjaldendum fátækustu hreppanna verði ekki ofboðið. Skal jeg í þessu sambandi geta þess, að jeg tel vonlaust, að Gerðahreppur geti staðið straum af sínum skuldum. Hinsvegar er það svo, að þegar till. koma fram í þinginu um að gefa þessum eða hinum hreppnum upp ýmsar skuldir, er það ekki bygt á neinu samræmi milli hreppanna, og tilviljun ein, hvort samþ. eru eða ekki, en á þann hátt skapast órjettlæti milli hreppanna.

Jeg skal ekki beinlínis mæla gegn því, að till. verði samþ., en eins og á stendur get jeg ekki talið það hyggilegt. Það væri rjettara fyrir þingið nú að gera engar þær ákvarðanir viðvíkjandi þessum skuldum, sem gætu valdið meira ósamræmi milli hreppanna en nú er, og eftir því sem jeg þekki til, stendur nokkuð misjafnlega á fyrir þessum hreppum, sem hjer er um að ræða.

Jeg vildi ekki eiga frumkvæði að því. að stj. yrði falið að athuga bessi mál, meðfram vegna þess, að viðlagasjóður er nú á förum. en ef d. óskar þess. er hægt að koma með till. þar um við 3. umr.

Þá vil jeg með fáum orðum drepa á brtt. hv. þm. Dal. um uppgjöf á viðlagasjóðsláni til Tómasar Kristjáns-

sonar. Að mínu áliti er lán þetta sama sem tapað, því að jeg tel tryggingar fyrir því einskis virði. Að öðru leyti er hv. deild sjálfráð um, hvað hún gerir.

**Jón Ólafsson:** Jeg hefði viljað segja nokkur orð út af ummælum hæstv. dómsmrh., en þar sem hann er ekki viðstaddur hjer í hv. d., get jeg ekki getið þeirra svo sem mjer þætti við eiga.

Úr því að hæstv. dómsmrh. ljet ljós sitt skína yfir brtt., hefði jeg kunnað betur við, að hann hefði farið rjettara með en hann gerði. Annars á maður auðvitað því að venjast að heyra slíkt frá þessum ráðherrastóli, og stundum töluverða hlutdrægni í málum. Jeg geri þær kröfur til hæstv. ráðh., að þeir líti með velvilja á nauðsynjamál þau, er þjóðina varða og einstaklinga hennar, en komi þar ekki fram með hlutdrægni, því að ekkert getur verið skaðlegra nje svívirt meira þau sæti, er þeir sitja í.

Það var út af ummælum hæstv. dómsmrh. um styrk til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, að jeg vildi segja nokkur orð. Hæstv. dómsmrh. gerði samanburð á Ísafirði og Akureyri, en hæstv. ráðh. gætir þess ekki, að hjer í Reykjavík býr meira en ¼ hluti allra landsmanna, og því alls ekki sambærilegt við aðra kaupstaði hvað þetta snertir. Skólinn á Ísafirði hefir fengið 4000 kr. styrk af ríkisfje, og nú er í ráði að hækka þann styrk að mun. Þó eru þar ekki nema 2200 íbúar ennþá, en þeir gætu orðið fleiri þegar ábyrgðin frá síðasta þingi er farin að verka til hlítar, en ekki er vert að taka það þegar með í reikninginn. Það hefir sýnt sig, að ungmennaskóli Reykjavíkur fullnægði ekki eftirspurninni, sjerstaklega eftir að fækkað var bekk í mentaskólanum. Því var haldið fram, að þessi fækkun væri nauðsynleg sem heilbrigðisráðstöfun, en það var tómur fyrirsláttur og rykskvettur að umsögn fróðra manna í heilbrigðismálum, og það verður að treysta þeim eins vel og hæstv. dómsmrh.

Þá er það ekki rjett, að landið hafi skaffað þennan gagnfræðaskóla Reykvíkingum að kostnaðarlausu. Jeg veit ekki betur en að fram hafi komið till. um það hjer í þinginu að afnema skólagjöld þau, sem almenningur verður að greiða, en það eru kr. 150,00, sem bæjarbúar verða að greiða með börnum sínum t. d. í mentaskólanum. Þessa sömu reglu hefir gagnfræðaskólinn tekið upp, en ungmennaskólinn hefir fært skólagjaldið niður í 70—75 kr. Það er því ekki hægt að segja, að Reykvíkingar vilji ekki mikið að sjer leggja fyrir skólann, og auk þess leggur Reykjavíkurbær fram ríflegan styrk til beggja skólanna. Jeg get svo látið þessi fáu orð nægja, einkum þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Það eru fáar brtt. og smáar, sem jeg hefi við fjárlögin við þessa umr., og vil jeg fara um þær fáum orðum.

En fyrst vil jeg minnast á brtt., sem hv. þm. Ísaf. flytur hjer um að auka námsstyrkinn samkv. ákvörðun mentamálaráðs. Það er að vísu komin brtt. frá hv. fjvn. um að hækka þennan

lið upp í 8000 kr., en jeg hygg, að það muni verða of lítið, þegar miðað er við þá aðsókn, sem er að þeim styrkjum, og vildi jeg því mæla með, að þessi brtt. hv. þm. Ísaf., 12000 kr., yrði samþ.

Jeg hefi hjer brtt. við 14. gr. B. II. c., til Odds Guðjónssonar, til hagfræðináms, 1500 kr., en til vara 1200 kr. Ef brtt. hv. þm. Ísaf. um að hækka námsstyrkinn yrði samþ., þá myndi jeg falla frá minni brtt., en ef hún verður ekki samþ., mun jeg auðvitað halda fram minni brtt. Svo er háttað um þennan mann, að hann sótti hjer um styrk í fyrra, sem aðrir stúdentar, fjelagar hans, en úrslitin urðu þau, að allir hinir stúdentarnir fengu styrk, en hann ekki neitt; veit jeg ekki, hver ástæða hefir verið til þess, því að hann er ágætur námsmaður, hefir mjög gott stúdentspróf, og síðan hann kom til háskólans í Kiel, hefir hann verið mjög vel látinn þar. Jeg hefi hjer við hendina meðmæli frá ýmsum kennurum hans við þennan háskóla, þar sem hann les hagfræði. Er það vottað, að bæði hafi hann sótt vel fyrirlestra og reynst hinn besti námsmaður. Hann stundar aðallega þá grein hagfræðinnar, sem snertir verslunarviðskifti, og er mjer ekki kunnugt um, að nokkur annar Íslendingur hafi áður lagt þá grein fyrir sig. Jeg hefi sjeð ritgerð, sem hann var látinn gera um verslunarviðskifti Íslendinga við önnur lönd, eftir að hann kom til háskólans, og er óhætt að segja, að þessi ritgerð sýnir allmikla hæfileika hjá höfundinum. Svo ber á það að líta, að þessi maður hefði átt að fá styrk eins og aðrir stúdentar frá sama tíma, sem hafa fengið hann hjer. Jeg hefi farið fram á 1500 kr., en til vara 1200, og þar sem hann hefir orðið svo aftur úr fjelögum sínum, þá finst mjer sanngjarnt, að hann fengi örlítið meira en þeir fengu í fyrra. Vona jeg, að hv. þdm. sýni þá sanngirni gagnvart þessum efnilega stúdent, að greiða þessari brtt. atkv., ef til þess kemur, því eins og jeg hefi sagt áður, þá mun jeg taka till. aftur, ef fram gengur brtt. hv. þm. Ísaf. um hækkun námsstyrks til mentamálaráðs.

Þá er hjer önnur lítil brtt., um að bjóða Jóni Sveinssyni rithöfundi heim og greiða úr ríkissjóði kostnaðinn við för hans. Eins og kunnugt er, þá mun Jón Sveinsson vera einhver hinn þektasti rithöfundur Íslendinga utanlands, og hefir hann mikla löngun til að koma hingað heim. Hv. fjvn. hefir tekið vel í þetta, en þar sem maðurinn er munkur, sem ekkert fje má eiga, þá virðist hv. n. hafa skorið það mjög við neglur sjer að ætla ekki nema 600 kr. til þessa ferðalags. Jeg hefi talað við þann mann, sem sótti fyrir hönd Jóns Sveinssonar, og sagði hann, að 600 kr. mundu vera það minsta, sem hann kæmist fyrir hingað til lands, en ef ætti að hugsa um það, að hann kæmist hjeðan nokkurn tíma aftur, þá yrði hann að fá eitthvað meira; yrði þá að afla þess með samskotum, ef það fengist ekki úr ríkissjóði. Nú mun það ætlun hans, þegar hann kemur hingað, að hafa ekki mikið um sig, en vera á vegum kaþólsku prestanna í Landakoti, en mjer finst þó sjálfsagt, að styrkurinn til hans yrði svo rífur, að hann fengi til ferðanna á milli landa. Þess vegna hefi jeg valið þá aðferðina, að heimila landsstj. að bjóða honum heim og greiða kostnað við

för hans; hugsa jeg, að það myndi verða sem næst 1200 kr.

Þá á jeg hjer eina brtt. með hv. þm. V.-Ísf. og hv. 2. þm. G.-K. um styrk til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum, 1500 kr. Vil jeg taka undir það, sem þegar hefir verið sagt um þá brtt., og vænti jeg þess, að hv. þingd. veiti þann styrk; munu hv. þm. hafa sjeð af bók þeirri, sem hjer hefir gengið um, að þeim styrk er vel varið og að maðurinn er efnilegt skáld, sem er styrks maklegur.

**Benedikt Sveinsson:** Þar sem jeg flyt nokkrar brtt. á þessum kafla fjárlaganna, vil jeg gera nokkra grein fyrir þeim.

Það eru helst till. til þess að viðurkenna nokkur skáld og rithöfunda, sem jeg hefi gerst tillögumaður að ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Alþingi hefir sýnt það áður, að það hefir víst í fullu hlutfalli við aðrar þjóðir, eða eftir efnum og ástæðum, viðurkent skáld sín, listamenn og rithöfunda, enda er það og alveg ljóst, að skáld og rithöfundar eru allra þarfastir þeirra, sem vinna gagn með þessari þjóð, því að engir eru þeir, sem tunga þjóðar vorrar hefir jafnmikinn styrk af sem góð skáld og rithöfundar. Það er nokkurnveginn ljóst flestum, að ef Íslendingar hefðu engar bókmentir átt, þá væri saga þeirra úti. En þetta er nú svo kunnugt, að jeg hefi ekki lengri formála að.

Jeg tek það hjer fram, að jeg á hjer aðeins við góðskáld eða höfuðskáld; það eru þau, sem öðluðust drykkinn,

„hinn er Surts
ór sökkdölum
fármögnuðr
fljúgandi bar", —

er fjell inn fyrir Ásgarð, enda er ekki hjer um aðra menn að gera, sem jeg hefi fyrir að mæla.

Jeg skal hefja þar mál mitt, að í Þingeyjarsýslu hafa verið mörg skáld uppi að minsta kosti nokkra síðustu mannsaldra, og er merkilegt, að þau hafa flest verið umhverfis Mývatn og í byggðunum niður með Laxá tveim megin. Má þar til nefna þá Gamalíel Einarsson í Haganesi og Illuga Einarsson, er uppi voru öndverða 19. öld og ortu saman nafnkunna bragi, sem víða voru kunnir um landið, þótt eigi væru prentaðir. Þar var og Jón Hinriksson, alkunnugt skáld, faðir Sigurðar skálds, sem nú býr að Arnarvatni. Mótbýlismaður hans er Jón Þorsteinsson, ágætt skáld, nú roskinn að aldri, og á næstu grösum bjó frændi þeirra Jón Stefánsson, eða Þorgils gjallandi. Ennfremur eru þeir Mývetningar Stefánssynir, móðurbræður Þuríðar skáldkonu í Garði, allir hnytnir hagyrðingar. Þá má nefna þær frændkonurnar, Guðnýju Jónsdóttur frá Grenjaðarstöðum, móðurmóður Haralds prófessors Níelssonar, og Unni Benediktsdóttur frá Auðnum. Þegar maður kemur í dalinn, verða þeir fyrir Fjallsbræður og Sandsbræður, en austan Laxáróss Jóhann Sigurjónsson frá Laxamýri. Er hjer farið fljótt yfir og ýmsum slept. Fæstir þessara manna hafa nokkurn stuðning eða styrk fengið, og verða menn því að viðurkenna, að ekki sje borið í bakkafullan lækinn, þótt eitt

þessara skálda sje nú tekið upp í fjárlög. Því er það, að jeg ber fram ásamt hv. þm. Ísaf. till. um, að veittur sje skáldastyrkur Sigurjóni Friðjónssyni frá Sandi, sem nú býr að Laugum í Reykjadal. Hann er kominn yfir sextugt og hefir ort allmörg kvæði, sem birst hafa á víð og dreif í blöðum og tímaritum, en ekki hafa kvæði hans komið út í heild fyrr en í vetur. Birtist þá merkileg ljóðabók, sem Þorsteinn Gíslason ritstjóri gaf út. Þeir, sem lesið hafa þó bók, munu hafa gengið úr skugga um það, hversu mikill listamaður þar fer. — Jeg hefi hjer fyrir mjer blað, sem getur um bókina, og af því að þar er rjettilega og haglega um hana mælt, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð upp úr því. Þar segir svo:

„Sigurjón Friðjónsson .... fór lengi dult með kveðskap sinn, og ekki bjó hann þessi kvæði sín undir prentun fyrr en hann var sextugur. Þó má með sanni segja, að fremur sje æskubragur en elli á kvæðum hans, einkum hvað yrkisefnin snertir, en orðaval og frágangur allur ber vitni um athygli og íhugun, sem sjaldan mun gefin mjög ungum mönnum.

Ef Þingeyingar væru beðnir að greiða atkvæði um þrjú bestu skáld, sem nú eru uppi þar í sýslu, þá yrði Sigurjón Friðjónsson eflaust í þeirra hópi, og sumir munu telja hann þar fremstan í flokki".

Og enn segir þar:

„Annars er það um kveðskap Sigurjóns Friðjónssonar að segja, að hann er allur mjög fágaður og hneigist í „ómræna" átt, eins og höfundurinn kemst sjálfur að orði. Glamur og gífuryrði eru honum svo fjarlæg sem mest má verða, en kyrlát gleði, fögnuður yfir sól og sumri, óvenjuleg viðkvæmni og djúp alvara skín úr flestum kvæðunum".

Þessi maður er mörgum hjer nokkuð kunnur, af því að hann hefir verið þingmaður, og þar sem ljóð hans eru ný-útkomin, hygg jeg, að hann sje mönnum svo kunnur, að jeg þurfi ekki fleiri orðum um að fara, enda er jeg enginn listdómari, og aðrir því betur fallnir til að taka í þann streng og mæla svo fyrir sem vert væri.

Þó að jeg hafi nú nefnt hjer nokkur skáld úr Þingeyjaþingi, þá má samt segja, að víðar sje guð en í Görðum, og eru ýmsir aðrir góðs maklegir. Vil jeg lýsa því, að jeg er hlyntur því, að Sveinbirni Björnssyni verði veittur styrkur sá, er farið er fram á, 1500 kr. Hann er nú orðinn hniginn að aldri, en hefir verið atorkumaður, og þó ekki safnað auði, enda mun sjaldnast svo um daglaunamenn. Verða þeir því margir, er sagt geta með Agli Skallagrímssyni þegar hann var hrumur í elli og kaldur á fótum og teygði hæla að eldinum:

„Eigum ekkjur
allkaldar tvær,
en þær konur
þurfu blossa".

Og þótt ekki væri annað en skáldið nyti ofurlítið meiri hlýju í ellinni en áður hefir hann notið, þá væri þetta betur veitt en óveitt.

Einn hafði jeg og í huga enn, er jeg fór almennum orðum um gildi og verðleika góðskálda. Það er Stefán frá Hvítadal. Höfum vjer nokkrir þm. borið fram till. um, að hann fái sess á fjárlagabekknum meðal annara góðskálda. Skal jeg ekki segja, hvort hann græðir

fje á því, þar sem hann hefir áður notið nokkurs skáldastyrks. — Ef nokkur kann nú að yrkja að fornum hætti, þá er það Stefán. Er eins og Sturla Þórðarson sje endurborinn í Saurbæ vestur, er Stefán slær sína snjöllu hörpu. — En sá er ljóður mestur á hinum yngri skáldum, að mörg þeirra brestur það, sem er frumskilyrði íslensks skáldskapar, en það er fullkomin kunnátta í íslenskri tungu og þekking á verkum hinna fornu höfuðskálda. Er vjer lesum ljóð vor þýdd á annara tungur, sjáum vjer best, hve tunga vor er miklu göfgari en annara þjóða, svo að það verður oft skáldfíflahlutur einn, er góðskáld þeirra bera frá borði, er þau gerast svo djörf að leggja hönd á að þýða kvæði höfuðskálda vorra. Er víst mörgum í minni eitt slíkt sýnishorn, er nýlega birtist af sonatorreki Egils Skallagrímssonar.

Þá er enn brtt. á framannefndu þskj. við 18. gr., um að veita 1800 kr. til Einars Þorkelssonar. Það er jeg áður mælti um góða og snjalla rithöfunda, á og við þennan mann, og ekki síður. Er það þjóð vorri fengur, er svo færir menn og orðsnjallir láta sem mest eftir sig liggja í ritverkum. Einar á við mikið andstreymi að búa, sakir langvarandi heilsubrests, hefir ómegð mikla og á því við mestu fátækt að stríða. Er hann því hlaðinn sífeldum áhyggjum, og nýtur því eigi hæfileika sinna, svo sem verða mætti, ef kjör hans væru skaplegri. Er þetta mikill skaði, því að alt er það eins og fundið fje, er ber á rekann frá Einari af snjöllum ritsmíðum og að mörgu leyti merkilegum. Allir þekkja hans einkennilega og frumlega málfar og margra hluta minnist hann um háttu og hugarfar alþýðu og einkennilegra manna í afskektum bygðum, sem ekki er á annara færi að segja frá. Heilsu hans er nú svo illa farið, að hann hefir mist sjón á öðru auga, og mjög bilaður á hinu, svo að eigi má vita hve lengi sjón hans endist. Er því nauðsyn að veita honum nú þegar stuðning.

Jeg mun ekki tefja tímann með því að leggja orð í belg um aðrar till., er hjer liggja fyrir. Þó vil jeg taka í streng með hv. þm. V.-Húnv. um 1200 kr. styrk til Magnúsar Jónssonar bónda á Torfastöðum í Miðfirði, til að efla laxa- og silungaklak. Í því hjeraði er mikill fjöldi vatna, og er í sumum gnægð fiskjar, þeim er liggja í eystri hluta sýslunnar, bæði í bygð og inni á Arnarvatnsheiði. En svo bregður við, er kemur vestur á Tvídægru, að þar finst varla branda í vötnum, þótt staðhættir sjeu sagðir þar næsta líkir sem við Fiskivötn á Arnarvatnsheiði. Er fjárveitingartillagan í því skyni fram borin, að ráða bót á þessu. Varðar þetta hag heilla bygðarlaga, og svo mætti víða verða, að mikil not gætu orðið að, ef stund væri lögð á ræktun fiska. Tel jeg því sjálfsagt að veita styrk í þessu skyni.

**Gunnar Sigurðsson:*** Jeg skal vera stuttorður eins og minn er vani.

Jeg á hjer brtt. við 14. gr. B. II. c. Nýr liður: Til Gústafs Pálssonar, til verkfræðináms 1000 kr. Þetta er efnilegur maður, og gæti jeg lesið upp vottorð um það, ef þyrfti. Jeg skal lýsa yfir því, að jeg mun fylgja brtt. hv.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

þm. Ísaf. um að hækka námsstyrk, sem mentamálaráð úthluti, og vænti jeg þess, að ef till. mín fellur, þá verði hann tekinn upp þar.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um sandgræðslustyrkinn, sem við þm. Rang. förum fram á. Þegar jeg var hjer fyr á þingi, fór jeg með landbn. til að skoða sandana eystra. Skal jeg fullyrða, að sumir munu ekki hafa verið ráðnir í að veita fje til sandgræðslu, er þeir fóru, en það sáu þeir, að fáu fje mundi betur varið en til uppgræðslu á landi því, er sandar höfðu eytt.

Þá flyt jeg till. um styrk til Dýraverndunarfjelags Íslands. Jeg hefi áður flutt samskonar till.; var hún þá samþ., en síðar var styrkurinn aftur feldur niður úr fjárlögunum, til minkunar fyrir þing og þjóð. Jafnframt því, sem dýraverndun er menningarmál, er hún og hagsmunamál. Og jeg er þess fullviss, að þessi fjárveiting muni margborga sig fyrir þjóðina, þó ríkistekjurnar eflist ekki beinlínis við það. En fjelagið er nú efnalega illa statt.

Þá vil jeg minnast á styrk til Kristjáns í Auraseli, 500 kr. Þessi fjárveiting var samþ. hjer í fyrra, en hv. Ed. gerði þann búhnykk að ætla sjer að laga fjárl. með því að fella upphæðina niður. Hjer er um fjárveiting í eitt skifti fyrir öll að ræða; finst mjer einkennilegt, ef hv. d. getur ekki fallist á að veita þessa litlu viðurkenningu. Hefir maðurinn oft lagt sig í lífshættu og bjargað með því mörgum mannslífum. Má t. d. bera þetta saman við allar þús., sem eytt er árlega í krossa til mismunandi verðugra manna.

Enn vil jeg minna á brtt. við 16. gr. um 500 kr. styrk til að endurreisa bygð í Haukadal. Þessi bær er gististaður þeirra, er sækja skóg í þennan hluta sýslunnar. Menn kunna að segja, að hann geti fengið lán til að koma þar upp byggingu, en það er oftast ekki auðhlaupið að því fyrir fátæka menn, er ekki hafa upp á neitt sjerstakt veð að bjóða.

**Jón Sigurðsson:** Ásamt hv. þm. Borgf. og hv. 3. þm. Reykv. á jeg brtt. á þskj. 345, sem jeg vildi leyfa mjer að minna á. — Eins og kunnugt er, lá fyrir Ed. frv. um raforkuveitur í sveitum utan kaupstaða, en það frv. fann ekki náð hjá stuðningsmönnum hæstv. stj. og var drepið. Þrátt fyrir það viljum við minnihl.mennirnir í fjvn. gera það, sem hægt er að gera til þess að greiða fyrir þessu nauðsynjamáli.

Í till. er farið fram á að veita 15000 kr. til að rannsaka og gera till. um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða.

Eins og kunnugt er, hafa undanfarin ár verið reistar allmargar rafstöðvar, flestar fyrir 1—2 heimili. Þessar smástöðvar hafa risið upp þar, sem svo hefir til hagað, að slíkt hefir verið unt, en venjulega þó án þess að rannsakað hafi verið, hvort ekki væri hagkvæmara að fá orkuna á annan hátt. Víða mun það svo, að ekki eru nema 1—2 bæir í hreppi, þar sem smástöðvum verður við komið, og verður afleiðingin sú, að mestur hluti sveitanna verður án raforku, ef notast á eingöngu við smástöðvar. Og því fleiri smástöðvar, sem reistar verða, því örðugra verður að koma á alm. sam-

tökum til að hrinda stærri virkjun í framkvæmd. Það er því okkar álit, að almenn rannsókn þurfi að fara fram um það, hvaða ár verði hentugast að virkja í hverju hjeraði og hvernig leiðslum og öðru verði fyrir komið á ódýrastan hátt, meðal annars til þess að koma í veg fyrir, að hrapað verði að byggingu stöðvanna og skapa fastan grundvöll til framkvæmda. Þetta má ekki dragast lengur. T. d. er það mikilsvert, að gerðar sjeu vatnsrenslismælingar, en þær þarf að gera í mörg ár áður en tekið er til framkvæmda. Jeg skal geta þess, að við höfum hugsað okkur, að hjeruðin legðu eitthvað fram á móti, t. d. nauðsynlega aðstoð.

Jeg er sannfærður um það, að það verður eitt af hlutverkum þessarar kynslóðar og hinnar næstu, að leiða rafmagn inn í allar hinar fjölbygðari sveitir landsins. Um þörfina þarf ekki að ræða. Öllum ætti að vera ljóst, hvaða þýðingu það hefir fyrir sveitirnar að fá nægilegt rafmagn til suðu, ljósa og hitunar. Það er svo augljóst mál, að um það þarf ekki mörg orð. M. a. er mjög kvartað yfir örðugleikunum á að fá innistúlkur í sveitum; þar er nú svo komið, að víða á bæjum er húsfreyjan orðin ein síns liðs. Jeg hygg, að fátt muni ljetta húsfreyjunni störfin betur en rafmagnið. Og ekki gæti það síður orðið til nytsemdar utanbæjar, því það má eins og kunnugt er nota til margvíslegrar vinnu, sem nú verður að kaupa dýrum dómum og fæst oft og einatt ekki eða verður ekki unnin fyr en í ótíma vegna mannfæðar.

Við flm. hreyfðum till. þessari lauslega í fjvn. og n. í heild treystist ekki að taka afstöðu til hennar. Nú hefir meiri hl. n. óskað, að við tækjum till. aftur til 3. umr., og höfum við ákveðið að gera það, í von um, að samkomulag náist um hana í n.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg vil þakka hv. fjvn. fyrir það, hve vel hún hefir tekið í till. mína og hv. 1. þm. S.-M., um að veita 5000 kr. lán til tveggja manna til að koma sjer upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum. Ennfremur undirtektir n. við ábyrgðarbeiðni Bolvíkinga. Það stendur alveg sjerstaklega á þar vestra og munu óvíða eins góð skilyrði til að fá ódýrt rafmagn með vatnsaflsvirkjun sem þar. Árið 1923 fjekk Hólshreppur samskonar ábyrgðarheimild, en fyrir nær helmingi hærri upphæð (300 þús. kr.). Í áætlun, er liggur fyrir frá rafmagnsstjóra Rvíkur, er talið, að hvert heimili geti fengið nægilega raforku til ljósa, suðu og hita fyrir um 80 kr. á ári. — Jeg get upplýst, að sýslufundur Norður-Ísafjarðarsýslu hefir nýlega samþ. að ganga í ábyrgð fyrir þessu rafveituláni. Skal jeg ekki fjölyrða um þetta, en vænti góðra undirtekta hjá hv. deild, því fremur, sem n. hefir tekið þetta upp í till. sínar.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Jeg vildi óska, að hv. þm., þeir er ekki hafa því meir áríðandi störfum að gegna, vildu hlýða á mál mitt, er jeg segi hjer frá áliti n. um till. þeirra, þó það sje ef til vill ekki merkilegt. Þó hefi jeg sitt lítið við hvern að tala, og mættu þeir gjarnan sýna n. þann sóma að hlusta á álit hennar.

Jeg skal ekki álasa hv. þm., þó þeir komi fram með brtt. um fjárveitingar til framkvæmda og menningarmála, og þó n. geti ekki fallist á nema lítið eitt af þeim brtt., þá er það ekki af því, að ekki sje farið fram á það, sem er gott og gagnlegt og vert styrktar. Jeg hygg, að þó við ræddum fjárlögin í 365 daga, þá mætti ávalt finna nýja og nýja hluti, er hægt væri að tala fyrir með góðri samvisku. En það er skylda n. að vera þar nokkurskonar stífla. Það má gjarnan ásaka hana fyrir þröngsýni og fjandskap við þarfar framkvæmdir. En hitt er víst, að þjóðin lifir ekki lengi á ríkissjóðnum, ef öllum er þar að hleypt, er þangað vilja komast.

Það er þá fyrst brtt. XIII. á þskj 345, um að veita rannsóknarstofu háskólans 3000 kr. rekstrarstyrk. Þessi till. er tekin aftur og þarf því ekki að ræða frekar um hana.

Næst kemur brtt. XIV. á sama þskj. Fer hún fram á, að námsstyrkirnir hækki úr 4 þús. kr. í 12 þús. Er það 4 þús. kr. hærra en n. leggur til. Hv. flm. þessarar brtt. (HG) talaði mjög sannfærandi fyrir henni, og efast fjvn. alls ekki um það, að hægt sje að koma þessum peningum í lóg. En hún lítur svo á, að fje það, er hún leggur til að veitt verði í þessu skyni, sje nægilegt til að styrkja þá stúdenta, er þess sjeu maklegir og nauðsynlegt er fyrir þjóðina. Hv. flm. brtt. sagði meðal annars, að ef litið væri á það, hve mikinn kostnað ríkið bæri af þeirri kenslu, er menn gætu fengið hjer innanlands, þá væri það ekki nema sjálfsagt, að þeir, er nema vildu erlendis, fengju og nokkurn styrk. Það má vel vera, að nokkuð sje til í þessu. En það verður þá fyrst að athugast, að við höfum hjer háskóla heima, sem ríkið kostar að mestu leyti. Er það því skylda þess að efla hann og hlúa að honum eftir föngum. Nú er kostnaðurinn svipaður, hvort fleiri eða færri stunda þar nám. Það verður því að gæta þess að beina ekki frá honum öðrum námsmönnum en þeim, sem nauðsynlegt er fyrir þjóðfjelagið, að sigli utan til þess að nema þær greinar, er ekki er hægt að fá kenslu í hjer á landi. En ef menn geta fengið styrk til þess að nema erlendis, má búast við því, að fleiri verði til þess en nauðsynlegt er. Þar sem nú ekki verður samt hjá því komist, að einhverjir sigli til að nema ýms fræði, sem ekki eru kend hjer, leggur n. til, að veittar verði í þessu skyni 8 þús. kr. Telur hún, að það muni nægja til viðbótar við hinar föstu 24 þús., sem veittar eru í sama skyni. — Hvað snertir persónustyrki til stúdenta frá ýmsum hv. þm., þá leggur n. á móti þeim öllum af þeim ástæðum, er jeg hefi þegar greint.

Um brtt. XVII á sama þskj. er það að segja, að n. er á móti henni. Því eftir þeim upplýsingum, er hún hefir fengið, þá mun innheimtu skólagjaldanna vera hagað svo, að efnilegir en fátækir nemendur munu yfirleitt losna við að greiða þau.

Þá er það brtt. XVIII., frá hv. þm. Ísaf., um að veita Iðnaðarmannafjelaginu á Ísafirði 1500 kr. í stað 500, og til vara 1200 kr. Hv. flm. brtt. hefir nú tekið aðaltill. aftur, en meiri hl. n. vill mæla með varatill.

Svo er það brtt. XIX., um að styrkurinn til kvennaskólans verði hækkaður úr 15 þús. og í 21 þús. kr. Um þessa till. hefir n. óbundnar hendur,

en meiri hl. er henni meðmæltur. Lítur hann svo á, að meðan ekki sje komið fast skipulag á húsmæðrafræðsluna í landinu, sje ekki ástæða til þess að fara að breyta til hvað þennan eina skóla snertir.

Þá er það brtt. XX., frá hv. 1. og 3. þm. Reykv., og er þess efnis, að gagnfræðaskóli Reykjavíkur fái 3000 kr. styrk. Þessi brtt. er nú tekin aftur, en síðar mun koma varatill., er meiri hl. n. mælir með.

Næst er XXI. brtt., frá hv. þm. Ísaf., um að veittur verði 20 þús. kr. byggingarstyrkur til húsmæðraskólans á Ísafirði. Hún hefir nú verið tekin aftur og kemur því ekki til atkvæða. (**HG:** Það er ekki rjett). Jeg skildi það svo og a. m. k. býst jeg við, að það væri það hyggilegasta fyrir hv. flm.

Svo er brtt. XXII., frá hv. þm. V.-Sk., um að hækka styrkinn til húsmæðrafræðslu í Vík úr 1500 kr. í 2500. N. efast ekki um það, að þessi starfsemi er góðs makleg, en getur þó ekki fallist á þessa hækkun. Það eru svo mörg kvenfjelög á landinu, sem hafa svipaða starfsemi með höndum, og býst jeg við, að mörg þeirra þættust góð, ef þau gætu fengið 1500 kr. styrk til sinnar starfrækslu. Virðist mjer því, að þetta hv. kvenfjelag geti verið vel ánægt með þann styrk er því er ætlaður.

Þá er brtt. XXIII., frá hv. þm Vestm., um að veita Björgu Sigurðardóttur 1500 kr. utanfararstyrk og 2000 kr. til þess að kenna mönnum síldarát. N. getur ekki mælt með þessum styrkjum. Því að þó að henni detti ekki í hug að neita því, að síld sje holl og góð fæða, þá virðist henni ekki ástæða til að leggja fram fje til þessa úr ríkissjóði. Auk þess hefir kensla verið haldið hjer uppi nokkurn tíma, og virðist lítill árangur af því. Hinsvegar efast n. ekki um það, að þessi kona er gegn og góð og þessu starfi vaxin. Og ef hún kann að búa til 20 rjetti, eins og skýrt hefir verið frá hjer í deildinni, þá ætti það að nægja fyrst um sinn. Því ef Íslendingar læra að jeta 20 rjetti síldar, ættu þeim ekki að verða vandræði úr því að notfæra sjer hana.

Þá er önnur brtt. frá þessum sama hv. þm., um að styrkurinn til Bandalags skáta verði 1000 kr. í stað 500. N. getur heldur ekki fallist á hana, en heldur sjer við það, sem hún hefir áður lagt til, að hin upphæðin, þótt lægri sje, verði látin nægja að sinni til að sýna þessum fjelagsskap þá viðurkenningu, er hann verðskuldar. Hv. þm. hjelt því nú reyndar fram, að fjelagsskapurinn myndi ekki komast af með þetta og yrði því að hætta að starfa, ef hann fengi ekki þessar 1000 kr. En jeg vil leyfa mjer að geta þess, að hann hefir nú starfað styrklaust í mörg ár, og ætti þessi styrkur því, þó lítill sje, heldur að verða til þess að auka starfsemi hans heldur en draga úr henni.

XXIV. brtt. er tekin aftur af flm. hennar, og þarf því ekki að ræða hana frekar.

Þá er XXV. brtt., frá hv. þm. Ísaf., að hækka styrkinn til Leikfjelags Ísafjarðar úr 600 kr. í 2500 og til vara í 1000 kr. N. getur ekki fallist á þetta. Því þó að hún viti, að Ísfirðingar sjeu listelskir og listhneigðir, þá finst henni

þeir þó ekki þola samanburð við höfuðstað Norðurlands, Akureyri, og verði því að sætta sig við að standa skör lægra.

Hvað snertir XXVI. brtt., um að veita Páli Ísólfssyni 2500 kr. til þess að veita ókeypis kenslu í orgelleik o. fl., þá er það svo, að meiri hl. n. mælir á móti henni, en að öðru leyti hefir hún óbundnar hendur. Jeg hefi því ekki leyfi til að mæla með henni fyrir hönd n., þó jeg hefði mikla tilhneigingu til þess hvað sjálfan mig snertir. En aðrir hafa nú þegar gert það svo vel, að óþarfi er þar nokkru við að bæta.

Þá eru nokkrir listastyrkir frá hv. þm. Ísaf. Er það brtt. XXVII. Verð jeg að hryggja hv. þm. með því, að n. mælir á móti þeim öllum. Hún hefir að vísu ekki ástæðu til að halda, að þetta fólk sje ekki styrks maklegt, en sjer sjer þó ekki fært að veita svona mikla upphæð að sinni.

Um brtt. XXVIII. er það að segja, að n. felst á varatill., að Sveinbirni Björnssyni verði veittar 1000 kr. Er hún samdóma því, er sagt hefir verið um mann þennan. Hann er skáld gott frá náttúrunnar hendi og hefir brotist áfram í lífinu gegnum mikla örðugleika. Hefir hann aldrei fengið neina viðurkenningu fyrir skáldskap sinn. Þykir n. því rjett, að honum í eitt skifti fyrir öll verði veittur þessi styrkur.

Þá er brtt. XXIX., þess efnis, að Þórbergur Þórðarson fái 2400 kr. í stað 1200. N. hefir óbundnar hendur um hana. Meiri hl. mun þó greiða henni atkv. sitt. Sama er að segja um brtt. XXX., um styrk til Magnúsar Ásgeirssonar. Hefir n. óbundnar hendur um hana. Þó mun meiri hl. hennar vera mótfallinn brtt.

Brtt. XXXI., frá hv. 1. þm. Árn., um að veita Sigurði Skúlasyni mag. art. 1500 kr. og til vara 1000 til sagnfræðistarfa, mælir n. eindregið á móti. Gat hún ekki sannfærst um það, að slík þörf lægi hjer fyrir hendi, að rjett væri að veita þennan styrk.

Sama er að segja um brtt. XXXII., frá hv. þm. Barð., um að veita Samúel Eggertssyni 2000 kr. til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands. Mælir n. eindregið á móti henni, en fellir hinsvegar engan dóm um þetta verk.

Þá kemur brtt. XXXIII., frá hv. 1. þm. Reykv., um 1000 kr. styrk til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel. Meiri hl. n. er á móti henni. Býst jeg við, að þar ráði nokkru, að n. hafði eður lagt til, að glímufjel. Ármann yrði veitt nokkurt fje til þess að sýna glímu í Þýskalandi. Álítur hún því síður þörf á að bæta þessu við, þó þetta sje að vísu nokkuð annað. Og hefði engin svipuð beiðni legið fyrir, mundi meiri hl. hafa mælt með henni.

Um brtt. XXXIV., frá hv. þm. Rang., um að 12 þús. kr. af sandgræðslufje gangi til girðingar á Rangárvöllum, gat n. ekki orðið einhuga um. En meiri hl. hennar mælir með brtt. Það væri nú ekki nema eðlilegt, þó mönnum þætti nokkuð mikið gert fyrir þetta hjerað í þessum efnum, ef á að veita því 12 þús. kr. af þeim ca. 50 bús., er fara til sandgræðslu. En þeir, sem þekkja ástandið þar, vita að það er mjög slæmt, þar sem hætta er á, að mikill hluti sýslunnar blási upp. Hinsvegar hafa þær ráðstafanir, er

gerðar hafa verið til þess að hindra þetta, borið svo góðan árangur, að þær rjettlæta fyllilega, þó nokkru sje til kostað. Og jeg fyrir mitt leyti er fyllilega sannfærður um, að þessu fje sje vel varið. Hitt getur vel verið, að meir orki tvímælis, hvort ekki væri rjett að setja þeim mönnum, er þar eiga hlut að máli, harðari skilyrði en gert er hvað snertir þátttöku í kostnaði við byggingu girðinga, því þetta kemur að miklum notum fyrir gróðurlönd einstakra manna.

Þá er það brtt. XXXV., frá hv. þm. V.-Sk., um að veita 5 þús. kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi. N. viðurkennir fyllilega röksemdafærslu hv. þm., en getur þó ekki mælt með brtt. að sinni. Fyrir fjvn. lágu 2 umsóknir um fje til Skaftfellinga í svipuðu skyni, og get jeg glatt hv. þm. með því, að n. hefir ákveðið að mæla einhuga með þeirri lægri, en treysti sjer ekki til þess að leggja með þeim báðum.

Þá kemur XXXVI. brtt., frá hv. þm. Vestm., um að veita 12 þús. kr. til þess að byggja ræktunarveg í Vestmannaeyjum. Eftir því að dæma, er hv. þm. talaði fyrir þessari brtt., þá er hjer að ræða um áframhald af verki, sem þegar hefir verið byrjað á og borið góðan árangur. N. mælir því ekki á móti þessari brtt. En hinsvegar lágu svo litlar upplýsingar fyrir um þetta, að n. óskar þess, að flm. taki hana aftur til 3. umr., svo henni gefist kostur á að kynna sjer þetta betur með upplýsingum frá hv. þm. og Búnaðarfjelagi Íslands.

Næst er brtt. XXXVIII., frá hv. 2. þm. Skagf., hv. þm. Borgf. og hv. 3. þm. Reykv., um að veita 15 þús. kr. til að rannsaka og gera till. um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða. Hv. 2. þm. Skagf. talaði mjög rækilega fyrir þessu máli, og er enginn ágreiningur um meginatriði þess innan n. Aftur á móti eru það ýms smærri atriði, sem n. hefir ekki komið sjer saman um. Hefir það því orðið að samkomulagi við flm. brtt., að hún verði tekin aftur til 3. umr., svo n. geti komið sjer saman um öll atriði þessa máls.

Brtt. XXXVIII. er svo smávægileg, að ekki þótti ástæða til að taka afstöðu til hennar.

Þá flytur hv. 2. þm. Eyf. brtt. þess efnis, að veittar verði alt að 75 þús. kr. til bryggjubyggingar í Siglufirði. N. er algerlega ókunnugt um þetta mál, því það kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum. Getur hún því ekki tekið afstöðu til þess að svo stöddu, en verður að kynna sjer það fyrst.

Þá er það brtt. XL., frá hv. 1. þm. Árn., um að bændum í Hrunamannahreppi verði veittar 5000 kr. og til vara 4000 til þess að flytja að bílvegi mjólk í mjólkurbúið í Flóanum. N. mælir á móti þessari till., að einum undanteknum. Hv. 1. þm. Árn. brýndi okkur með því, að við sýndum best áhuga okkar fyrir landbúnaðinum með því, hvernig við styddum þessa brtt. En mjer finst engin velvild felast í því að ausa út fje, áður en einhverjar þær ráðstafanir eru gerðar, er tryggja það, að gagn verði að því. Og hvað þetta snertir finst mjer, að þetta sje sama og kasta fjenu í sjóinn, því alt verður við það sama eftir sem áður. Þessu fje væri miklu betur varið til þess að bæta aðstöðu þessara manna á einhvern hátt, t. d. með vegum,

brúargerðum, jarðræktarframkvæmdum eða því líku. En að ætla sjer að styrkja þá til þess að flytja mjólk á klökkum án þess að gera nokkuð til þess að bæta veginn, nær ekki nokkurri átt. Ef þessi till. hefði farið þess á leit, að veittar yrðu 5—10 þús. kr. til þess að bæta vegina þarna, þá var alt öðru máli að gegna. Þá var verið að búa í haginn fyrir framtíðina. En eins og till. er nú, er hjer aðeins um kák að ræða, og sem þar að auki gæti skapað hættulegt fordæmi. Því þó nú sjeu aðeins tvö mjólkurbú í landinu, þá er mjög líklegt, að fleiri rísi upp, og þá er hætt við því, að margir gætu farið fram á flutningsstyrk, er meiri ástæðu hefðu til þess en bændurnir í Hrunamannahreppi. N. leggur því á móti þessari fjárveitingu,

Þá er brtt. frá nokkrum hv. þdm. um að veita Dýraverndunarfjel. Íslands 2500 kr. og til vara 2000 kr. N. getur ekki mælt með þessari till. Henni er ekki ljóst, að svo mikið liggi eftir fjelagið, þó tilgangur þess sje góður, að hægt sje að búast við því, að stórvirki yrðu gerð fyrir þessa upphæð. Lítur hún svo á, að ekki sje ennþá ástæða til þess að styrkja fjelagið af opinberu fje.

Þá flytur hv. þm. V.-Húnv. brtt. þess efnis, að Magnúsi Jónssyni á Torfastöðum verði veittar 1200 kr. til eflingar laxa- og silungaklaki. Öllum hv. þdm. mun vera það kunnugt, að þessi hv. þm. er hinn mesti snarnaðarmaður. Ætti því að vera óhætt að treysta því, að þegar hann mælir með einhverju, þá sje þar um nytjafyrirtæki að ræða. Enda efast n. alls ekki um það, að hjer sje þarfamál á ferðinni. Hitt er meira vafamál, hvort hjer sje um vísa fjárvon að ræða. Niðurstaðan verður því sú, að meiri hl. n. mælir með þessari till., en að öðru leyti hefir hún óbundnar hendur.

Næst er brtt. frá hv. 1. þm. Árn., þess efnis, að Guðmundi Jónssyni á Stokkseyri verði veittar 1500 kr. til þess að læra að gera við Dieselvjelar. Þó þetta kunni að vera þarflegt, gat það þó ekki fundið náð fyrir augum nefndarinnar, og leggur hún móti því.

Þá kemur aftur á móti till. frá hv. 2. þm. Árn., sem fer fram á 1200 kr. styrk til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði. Meiri hl. n. mælir með því, að þessi styrkur verði veittur, því að hjer er efnilegur námsmaður, sem á hlut að máli, og í það starf, sem hann er að búa sig undir, vantar menn.

Næst kemur till. frá hv. báðum þm. Rang., sem gengur í þá átt, að Kristjáni Jónssyni í Auraseli verði veittar 500 kr. í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið. N. sjer ekki ástæðu til þess að mæla með þessari till., því að það er vitanlegt, að um alt land eru margir menn, sem fylgt hafa fólki yfir ár, og sjer hún því ekki ástæðu til að taka einn fram yfir annan. Sama er að segja um 2. till. þessara hv. þm., um 500 kr. styrk til að endurreisa bygð í Haukadal. Það virðist helber hjegómi, og slík fjárveiting sem þessi segir hvorki heilt nje hálft, enda álítur n., að fyrir þessu sje að nokkru leyti sjeð í byggingar- og landnámssjóði.

Þá kemur brtt. frá hv. þm. V.-Sk., um 6600 kr. styrk til að bæta úr skemdum, sem orðið hafa af völdum

jökulárinnar Skálmar. Þetta er nú töluverð hækkun, en við nánari athugun fjelst n. á að mæla með þessari till., því að það er aðkallandi nauðsyn, að bætt verði úr þeim spjöllum, sem áin hefir valdið.

Þá kemur breytingartillaga frá hv. þm. V.-Ísf., sem fer fram á 2000 kr. styrk til minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur, til berklavarnastarfsemi. Meiri hl. n. mun hafa haft á móti þessu, en nm. hafa þó óbundnar hendur. Sama er að segja um svipaða till. frá hv. 2. þm. G.-K.

Þá kemur brtt. frá hv. þm. V.-Ísf., er fer fram á, að styrkur Páls Árdals verði hækkaður upp í 800 kr. Með henni mælir n.

Þá kemur till. frá hv. þm. Barð., er fer fram á 700 kr. styrk til ekkju Sigurðar heitins Þórólfssonar. Jeg vil að vísu undirstrika margt af því, er hv. þm. sagði um þann mann, því að það var margt gott um hann, en þótt Alþ. hafi gengið inn á þá braut, að styrkja ekkjur opinberra starfsmanna, þá er það hæpið, að það geti styrkt ekkjur svo að segja hvers góðs manns. Einu sinni var samþykt að veita gömlum ljósmæðrum styrk, en það dró dilk á eftir sjer, og n. vildi varast að opna nýjar leiðir með slíkum styrkveitingum sem þessum.

Þá kemur brtt. frá hv. þm. S.-M., við 18. gr., að fyrir 200 kr. komi 300, en hjer er um svo litla fjárupphæð að ræða, að n. sá ekki ástæðu til að mæla á móti henni.

Þá kemur nýr liður, styrkur til Sigurjóns Friðjónssonar skálds, 1200 kr. N. hefir hjer óbundnar hendur, og hefi jeg því ekki heimild til að tala frekar um það. Sama er að segja um brtt. frá hv. 1. þm. Skagf., að Guðm. Friðjónssyni verði veittar 2000 kr. í stað 1200. Um það hefir n. óbundnar hendur; í henni eru misjafnlega listhneigðir menn, en þeir munu sýna vilja sinn við atkvgr.

Þá kemur brtt. frá hv. þm. N.-Þ., um að Einari Þorkelssyni verði veittur 1800 kr. styrkur. N. leggur á móti því, sökum þess að hún álítur, að Alþ. hafi þegar farist svo vel við þann mæta mann, að ekki sje ástæða til frekari styrktar. Hann hefir nú 2500 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og n. sjer því ekki ástæðu til að bæta ofan á það, sem þegar er fyrir.

Þá kemur brtt. LVI., en flm. hennar er nú veikur, svo að hann hefir ekki getað mælt með henni, en n. hefir snúist eins hjer og gegn ekkju Sig. Þórólfssonar. Hún sjer ekki annað en að ef þetta verður, þá verði að opna ríkissjóðinn til eftirlauna öllum hjúkrunarkonum landsins, en það vill hún ekki taka á sig að svo komnu.

Þá kemur brtt. LVII., frá hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. N.-Ísf., um styrk til Sigfúsar Vigfússonar og Guðm. Einarssonar. Það hefir verið talað vel fyrir þessari till., og þar sem áður hefir verið stigið svipað spor, getur n. ekki annað en lagt til, að þessum efnilegu hagleiksmönnum verði veitt svipuð aðstaða við þeirra þarfa starf — rafveiturnar.

Þá kemur brtt. frá hv. þm. Barð., er fer fram á 30000 kr. eftirgjöf af rafveituláni Patrekshrepps. N. getur á engan hátt lagt með því eins og það liggur fyrir, en viðurkennir hinsvegar, að það þarf að athuga gjaldþol hreppsins og aðstæður og endurskoða þá samninga, er gerðir hafa verið. Enn-

fremur stendur nú til, að viðlagasjóður falli undir búnaðarbankann, og þá má gera ráð fyrir, að hann reyni að ná því inn, sem hægt verður að ná. Þing og stj. ættu því áður en lán þessi eru afhent bankanum að láta fara fram endurskoðun á högum og gjaldgetu skuldunautanna, og taka þær ákvarðanir um lánin, sem álitin eru landinu og viðkomandi hjeruðum fyrir bestu. Og því hefir n. dottið í hug að vísa öllum þesskonar málum til stj. til rannsóknar fram til næsta þings. Annars vill n. óska þess, að hv. þm., sem að slíkum till. standa, taki þær aftur til 3. umr. og reyni að bræða sig saman við n.

Þá kemur till. frá hv. 2. þm. Árn., um að Stokkseyringum verði gefið eftir lán það, sem þeir urðu að fá hjá viðlagasjóði sökum stórbruna haustið 1926. Hv. þm. hefir mælt með þessari till. og tekið fram það, sem fram þurfti að taka, og öllum er kunnugt um gjaldþol þessa sveitarfjelags, enda munu menn ekki hafa búist við, að lán þetta yrði endurgreitt. Þess vegna mælir n. með því, að lánið verði eftir gefið, þar eð hún sjer ekki ástæðu til, að þetta verði látið standa lengur sem skuld, því að vitanlega verður það aðeins á pappírnum.

Þá kemur næst brtt. frá hv. 1. þm. S.-M., er fer fram á 90000 kr. ábyrgð til rafvirkjunar í Reyðarfjarðarhreppi, gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar. N. er sammála um, að af þeim heimildarumsóknum, sem henni hafa borist vegna rafvirkjana, er þessi lakast undirbúin, og henni er ekki einu sinni ljóst, hvernig stöð þessa eigi að starfrækja. N. vill þó ekki mæla á móti þessari till., en vill vísa henni til hæstv. stj., en vonar, að hún gangi úr skugga um, að verkið sje á tryggum grundvelli bygt, áður en ábyrgðarheimildin er veitt, og eins sje hitt athugað, hve mikið lán hreppurinn getur borið. Í þeirri von mælir hún með þessari till.

Þá kemur brtt. frá hv. 1. þm. Skagf., en vegna veikinda hefir hann ekki getað talað fyrir henni og hefir því tekið hana aftur til 3. umr.

Þá kemur brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. og hv. 3. þm. Reykv., er fer fram á, að Magnúsi Helgasyni skólastjóra verði greidd full laun, ef hann skyldi fara frá embætti. Fyrir till. þessari hefir verið talað rækilega og n. leggur til að hún verði samþ.

Þá kemur brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., um að bjóða Jóni rithöfundi Sveinssyni heim og greiða úr ríkissjóði allan kostnað við för hans. Þetta er eiginlega brevting á brtt. n., því að hún hafði ætlað honum 600 kr. styrk til ferðarinnar. N. er á móti því að greiða allan kostnaðinn við för hans, því að hún lítur svo á, að það, sem hann aðallega hafi börf fyrir, sje opinber stimpill til fararinnar, svo að hann eigi hægara með að fá heimfararlevfi, því að hann er bundinn í báða skó innan klaustursveggjanna. Ef honum væri veittur einhver opinber styrkur, myndi hann eiga hægara með að fá levfið, en varla yrði hann í vandræðum með fje, því að kabólska kirkjan myndi kosta för hans, og hún er nú svo efnum búin, eins og menn vita, að hún þarfnast ekki styrks til slíks.

Á þskj. 355 er till. frá hv. þm. Dal., sem fer fram á, að Stefáni frá Hvítadal verði veittur 2000 kr. skáldastyrkur. Það er eins með þessa till. og aðrar

slíkar, að n. hefir þar óbundnar hendur, þar eð hún gat ekki komið sjer saman um styrkinn.

Þá kemur brtt. frá hv. þm. Dal., sem fer fram á eftirgjöf á viðlagasjóðsláni til Tómasar Kristjánssonar. Eftir þeim upplýsingum, sem n. hefir fengið bæði hjá hæstv. fjmrh. og hv. þm., er þetta fje tapað, og því liggur sýnilega ekki annað fyrir en að gefa það eftir.

Þá kemur brtt. frá tveimur hv. þm. Reykv. um 2000 kr. styrk til gagnfræðaskólans í Reykjavík. N. mælir með þessari till., en einhverjir hafa þó óbundnar hendur.

Jeg sje, að hv. 1. þm. Reykv. er ekki viðstaddur, en jeg þurfti að beina nokkrum orðum til hans, en vona, að einhver af flokksbræðrum hans láti hann vita, hvað jeg hefi sagt. Hann ljet þau orð falla í gær, að n. vildi hliðra sjer hjá þeim málum, er snertu alþingishátíðina, en svo er mál með vexti, að alt önnur n. fjallar um það, sem lýtur að undirbúningi hátíðahaldanna, og öll störf hennar eru svo leyndardómsfull, að við höfum fengið að vita um fæst það, sem hún hefir haft með höndum. Henni hafa borist ýms mál til umsagnar, eins og t. d. umsókn um styrk til norræns stúdentamóts, og ýmsar aðrar stvrkbeiðnir, en hún hefir ekkert látið frá sjer heyra til þessa. Líklega hefir hún stungið þessum málum undir sinn verndarvæng, og er því ósennilegt, að þessi n. hafi nokkuð þar að segja. En hvað sem því líður, er ekki að búast við, að við tökum nokkra afstöðu til þessara mála, meðan við höfum enga hugmynd um þær heildarfyrirætlanir um hátíðina, sem hátíðarnefndin kann að búa yfir.

Þá vildi jeg svara þeirri aths. hæstv. forsrh., er hann sagði, að ef till. n. næðu fram að ganga, væri sjeð fyrir því, að engin verkleg kensla gæti farið fram í búnaðarskólum, því að nemendur vildu ekki vinna við svo lítinn styrk. Ef það borgar sig fyrir bændur að taka menn og láta þá vinna sömu verk með því að gjalda þeim nokkurt kaup, ætti það að borga sig fyrir skólastjórana að greiða nemendum þeim, sem hjá þeim vinna, svipað kaup, því að verk nemendanna koma skólastjórunum til tekna; aðstaða þeirra er hin sama og bændanna. Mjer fyrir mitt leyti var nokkurnveginn sama, hvort það ætti að vera eins og það er, en n. þótti rjett að slá því föstu, að þessi styrkur skyldi renna til nemendanna sjálfra, en ekki skólastjóranna.

Þá spurði hæstv. forsrh., hvað við meintum með því að ákveða upphæðina til byggingar fyrir landssímann. Við fórum þar eftir áætlun landssímastj., en okkur var ekki fast í hendi að ákveða upphæðina, ef það bryti í bága við framkvæmd verksins. Legg jeg því til fyrir hönd n., að burt verði feld fjárupphæðin, en heimildin látin standa.

Jeg man svo ekki eftir, að það væri fleira, sem jeg þurfti að svara, en ef það er eitthvað, býst jeg við, að því verði skotið að mjer.

**Lárus Helgason:** Mig furðar á því, hvernig hv. fjvn. hefir tekið í styrkinn til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi. Eins og kunnugt er, er búið að skýra frá því, hvernig undirbúningi þessa

máls er varið. Enda hefir hv. fjvn. haft öll plögg fyrir sjer. Hjer er um heila sveit að ræða, sem er í þessum voða frá náttúrunnar hendi. Ráðunauturinn hefir skýrt frá því, að þarna væru sýnilega 23 þús. hektarar, sem gæti orðið nytjaland, ef hafist er handa um að græða upp landið. Það er líka víst, að þarna eru góð skilyrði fyrir hendi. Kemur þar aðallega tvent til greina. Í fyrsta lagi að girða og í öðru lagi að veita vatni á landið með tiltölulega litlum kostnaði, en sem vitanlegt er, að ber fljótan og góðan árangur.

Jeg hefi verið svo vorkunnsamur við það opinbera, að jeg hefi aðeins farið fram á örlítinn part af áætluðum kostnaði, það allra minsta til þess hægt sje að byrja á framkvæmdum í þessu efni. Jeg hefi aðeins tekið fyrsta og sjálfsagðasta póstinn úr áætlun ráðunautsins til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi skemdir. Í sveitinni eru um 30 búendur. Þegar jeg tek til samanburðar það, sem veitt hefir verið til Rangæinga í þessu skyni og hvernig hv. n. hefir tekið málaleitunum þeirra — og er þó síður en svo, að jeg sje að telja það eftir —, þá verð jeg að segja, að mjer er alveg óskiljanleg aðstaða hv. n. til minnar till. Nefndin mælir með 12000 kr. hækkun til Rangárvallasýslu, en á móti ¼ parti af þeirri minstu upphæð, sem ráðunauturinn leggur til að lagt verði til verndar Meðallandinu. Þetta sannfærði mig um, að það er greinilega ókunnugleiki hv. nm. að kenna, hvernig þeir hafa tekið í till. mína. En jeg er þess fullviss, að þó að sendur yrði óvilhallur maður bæði austur á Rangárvelli og Meðalland til að athuga þetta mál. mundi hann strax sannfærast um, að ekki væri þörfin minni í Meðallandinu en Rangárvöllunum. Enda lágu fyrir skýrslur frá óvilhöllum manni, sem leggur eindregið til, að styrkurinn sje veittur. Samt eru hv. n. svo mislagðar hendur, að hún kemur ekki auga á nauðsyn þessa máls og leggur á móti þeim litla hluta kostnaðarins, sem jeg fer fram á. En jeg vænti þess fastlega, að hv. dm. líti öðruvísi á málið og leggi lið sitt til þess, að þessi sanngjarna og sjálfsagða brtt. mín nái fram að ganga.

**Hákon Kristófersson:** Jeg kann ekki við að sýna ekki hv. n. þann sóma að þakka henni fyrir undirtektirnar undir þær fáu brtt., sem jeg flyt. Hv. n. hefir samt ekki tekið jafnvel í þær allar. En jeg veit, að ekki dugar að deila við dómarann.

Jeg ætla fyrst að minnast á till. mína um eftirgjöf á hluta af rafmagnsveituláni Patrekshrepps. Að athuguðu máli býst jeg við að geta tekið hana aftur til 3. umr., með það fyrir augum, að það verði einhver heildarniðurstaða á því máli og að úr því rætist eftir því sem hv. frsm. n. tók fram.

Hv. frsm. sagði, að n. gæti ekki mælt með þeim lítilfjörlega styrk til ekkju Sigurðar Þórólfssonar, sem jeg fer fram á, af því að hún væri hrædd um að skapa fordæmi. Jeg held, að hv. frsm. geri fullmikið úr þeirri hættu, því að áður hefir verið veittur styrkur undir svipuðum kringumstæðum, og jeg hefi ekki heyrt, að menn væru neitt hræddir við fordæmi hvað þetta snertir. En jeg veit, að fá eða mörg orð um þetta breyta í engu afstöðu

hv. n. Hv. frsm. benti á fordæmi, sem skapað var fyrir skömmu með styrk til ljósmæðra í fjárlögunum. Það er rjett hjá hv. frsm., en jeg verð að segja, að með þeim breyt., sem væntanlegar eru á högum ljósmæðra, eru minni líkur til þess að styrkur til þeirra verði tekinn í fjárlögin, og það einmitt nú, þegar laun þeirra eru tiltölulega miklu hærri en nokkurra annara embættismanna eða sýslunarmanna. Þetta er ekki sagt í mótmælaskyni gagnvart þeim heiðurskonum, heldur aðeins til að benda á ósamræmið. Svona miklar eftirlaunagreiðslur eins og sjá má í fjárlögum fyr og nú til þeirra eru óframbærilegar í samanburði við það, sem aðrir fá. Þarna virðist hv. fjvn. ekki hrædd við að skapa fordæmi. En þegar um er að ræða ekkju merkismanns, sem á fyrir mörgum börnum að sjá, þá er n. svo hrædd við það ógurlega fordæmi, að hún titrar og skelfur.

Sama er að segja um styrk til Samúels Eggertssonar til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands. Hv. n. leggur á móti honum. En enginn ásakar hv. n., þó að hún geti ekki orðið við hinum ýmsu tilmælum. Hitt er alt annað, hvort ástæður hennar fyrir mótbárunum eru frambærilegar, þegar tillit er tekið til annara styrkja, sem samþ. hafa verið. En jeg leyfi mjer að fullyrða, að það hafa ekki altaf legið áþreifanlegar sannanir fyrir hv. þm., þegar um styrki hefir verið að ræða, þó að þeir yrðu samþ. Enda hygg jeg, að það sjeu einhverjar aðrar stoðir, sem þessar ályktanir hv. n. eru bygðar á, en þær, sem hv. frsm. hafði fram að færa, sem sje í fyrra tilfellinu, að n. sje hrædd við að skapa fordæmi, og í síðara tilfellinu, að hún hafi ekki fullkomna vissu fyrir raunverulegum eða heppilegum árangri. Jeg ætla ekki að deila við hv. n. um þessar upphæðir, heldur mun jeg láta atkv. hv. dm. ráða niðurlögum. Hinsvegar er tæplega hægt að búast við því, þegar sjö manna nefnd leggur einróma á móti einhverri till., að hún eigi hægt með að ná samþykki í deildinni.

Jeg mun ekki lengja mál mitt með því að gera að umræðuefni hinar ýmsu brtt. hv. þm. Þeir hafa nú talað fyrir þeim og jeg mun sýna aðstöðu mína með atkvgr. En mjer mundi ekki koma á óvart sú sanna reynsla, að hjer í hv. d. yrðu samþ. till., sem síður skyldi en mínar, enda þótt hv. fjvn. sje á móti þeim.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Jeg stend upp vegna fyrirspurnar hv. frsm. um alþingishátíðarnefndina. Jeg skal geta þess, að fyrir 10 dögum var haldinn fundur í nefndinni út af erindi hv. fjvn., og mun n. senda skýrslu um ákvarðanir sínar nú þegar, svo að hv. fjvn. getur tekið afstöðu til þeirra fyrir 3. umr.

Úr því að jeg stóð upp, get jeg tekið það fram, að jeg mun ekki að þessu sinni greiða atkv. með sjerstökum námsstyrkjum til stúdenta, eða flytja till. um þá, þar sem stj. hefir sett ákveðna upphæð í því skyni. En jeg mun fylgja hækkunartill. hv. fjvn., enda tel jeg sjálfsagt, að mentamálaráðið telji sig fyrstu 1—2 árin bundið við fjárveitingar til stúdenta, sem notið hafa sjerstaks styrks í fjárlögum

undanfarin ár. Væru það svik við þá, sem byrjað hafa nám með þeim bakhjarli, ef þeir væru sviftir honum áður en þeir hafa notið hans í 4 ár, eins og skylt er lögum samkvæmt.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Jeg ætla í stuttu máli að svara þeim aths. við gerðir n., sem komið hafa fram frá hv. þm. Það er ekki hægt að lá mönnum, þó að þeim renni í skap, þegar þeir þykjast sjá fram á, að þeir fái ekki óskum sínum framgengt, og ætla jeg ekki að stökkva upp á nef mjer út af því. Það er altaf svo, þegar um mörg góð mál er að ræða, sem menn þurfa að taka afstöðu til, að sitt sýnist hverjum.

Hv. þm. V.-Sk. vil jeg segja það, að þó að n. geti ekki mælt með brtt. hans um fjárframlag til Meðallendinga, þá er það ekki af því, að við álítum ekki þörf á að hefta sandfokið. Hitt er annað mál, að það er ekki hægt að framkvæma alt í senn. Eitthvað verður að bíða. Hv. þm. V.-Sk. á vonandi eftir að sitja á fleiri þingum en þessu, svo að ekki er loku fyrir það skotið, að hann geti komið þessu áhugamáli sínu í framkvæmd, þó að síðar verði. Enda finst mjer nefndin vera búin að veita honum þá úrlausn, sem hann getur við unað.

Þá kem jeg að hv. þm. Barð. Jeg vil ekki viðurkenna, að hann hafi hrakið það, sem jeg sagði um, að styrkur til Ásdísar Þorgrímsdóttur mundi skapa óheppilegt fordæmi, þar sem maður hennar var ekki opinber starfsmaður. En það, sem hv. þm. sagði um laun yfirsetukvennanna, hittir ekki núv. fjvn. Núv. fjvn. hefir í því efni gengið slóð, sem áður hefir verið troðin. Jeg vil ekki heldur viðurkenna, að það sje það rjettlátasta, að þegar launin eru lág, sjeu eftirlaunin líka lág, en þegar launin eru há, sjeu eftirlaunin eftir því. Mjer fyndist ástæða til að hafa það öfugt. Ef menn eru sjerstaklega vel launaðir, er frekar ástæða til, að þeir hafi lítil eftirlaun.

Það má vel vera, að svo fari, að samþ. verði till., sem eiga síður rjett á sjer en till. hv. þm. Barð., en um það verður hver að eiga við sjálfan sig og gera eins vel og hann getur.

Út af orðum hv. þm. V.-Ísf. skal jeg geta þess, að mjer var ókunnugt um, að hátíðarnefndin hefði skilað áliti sínu um þau plögg, er fjvn. sendi henni, en það munum við að sjálfsögðu taka til athugunar til 3. umr.

**Jóhann Jósefsson**: Jeg skal lýsa yfir því, að jeg mun verða við tilmælum hv. frsm. um að taka aftur till. mína um vegarlagningu í Vestmannaeyjum, af því að mjer skildist á orðum hv. frsm., að hv. n. líti með velvilja á það mál, en þætti ekki vera nægar upplýsingar fyrir hendi.

Viðvíkjandi aths. hv. frsm. um brtt. mína um styrk til Bjargar Sigurðardóttur, í fyrsta lagi til utanfarar og í öðru lagi til þess að halda uppi kenslu í síldarmatreiðslu, vil jeg segja það, að mjer þykir leitt, að hv. n. skuli ekki geta fallist á þá skoðun, að eina leiðin til þess að kenna okkur Íslendingum að nota síldina er sú, að leggja í það verk á sama hátt og ungfrú Björg hefir gert. Það er þessi skoðanamunur, sem mjer þykir leitt, að skuli eiga sjer stað. Hitt, hvort styrkur er veittur þessari konu eða annari, sem er hæf til starfans, er

aukaatriði. Það má til sanns vegar færa, að ekki sje svo brýn nauðsyn að styrkja Björgu Sigurðardóttur til utanfarar, þar sem hún kann nú að matreiða um 20 rjetti. Jeg skal því taka a.-lið till. aftur. En jeg vil eindregið beina því til hv. þm., að þeir veiti því athygli, að alveg sama grundvallarregla gildir hjer og annarsstaðar, þegar verið er að vinna nýrri vörutegund útbreiðslu og markaðs. Það verður að vinna að því með áhuga og dugnaði. En síld sem neysluvara má heita ný hjer á landi, þó að undarlegt megi virðast.

Jeg gat þess, þegar jeg mælti fyrir till. minni, að ungfrú Björg hefir verið studd lítilsháttar af ýmsum búnaðarfjelögum og Fiskifjelaginu og óbeinlínis frá bæjarfjelögunum. Kenslugjaldið hefir verið aðeins 10 kr. á viku. Það er mjög lítið, en hitt er ljóst, að annars yrði kenslan ekki sótt af öllum almenningi. Jeg skal bæta því við, að Búnaðarsamband Vestfjarða hefir meðal annars farið þessum orðum um starf hennar:

„Á síðastliðnum vetri, tímabilinu mars—apríl hjelt ungfrú Björg Sigurðardóttir frá Reykjavík námsskeið í matreiðslu síldar hjer á Ísafirði og Hnífsdal um mánaðartíma. Stóð hvert námsskeiðanna yfir um vikutíma. Var á hverju námskeiðanna kent að búa til um 20 rjetti. Var nemendum skift niður í deildir, þar eð aðsókn var svo mikil, að öll námskeiðin sóttu milli 50 og 100 húsmæður og ungar konur

Var miklu lofsorði lokið á stjórnsemi og leikni ungfrúarinnar, er sýndi í þessu starfi sínu frábæran dugnað og ósjerplægni. — Um leið og oss er ljúft að gefa ungfrú Björgu Sigurðardóttur hin bestu meðmæli vor, þar sem vjer veittum henni lítilsháttar styrk til námskeiðanna, verðum vjer að telja hina mestu nauðsyn á, að ekki verði staðar numið með að kenna matreiðslu síldar, þar sem hún er viðurkend að vera einhver allra besta fæða, er fæst oft og einatt við svo vægu verði, að neysla hennar ætti að verða miklum mun almennari en verið hefir, þar sem jafnmikið er af henni aflað og hjer á landi".

Það getur vel verið, að jeg hafi sagt sem sv[illegible] að það væri ef til vill neyðin, sem gæti kent okkur að eta síld. En jeg vona, að ekki þurfi að því að reka, að það verði neyðin, sem útbreiðir hana. Jeg held að nú vanti ekki nema herslumuninn. Það er þegar búið að skrifa mikið um þetta mál og brýna það fyrir almenningi, en herslumunurinn liggur í því, að konur, sem kunna þetta starf, ferðist stað úr stað og afli matnum vinfengis. Þetta er svo þýðingarmikið mál, að hv. fjvn. hefði átt að sýna því einhvern sóma, og vona jeg, að hv. dm. geri það.

ATKVGR. um 14.—25. gr.

Brtt. 293,36 samþ. með 17:4 atkv.

— 345,XIII tekin aftur.

— 293,37 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 345,XIV feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JAJ, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, GunnS, HG, HV, BSv.

**nei:** JJós, JÓl, JS, JörB, LH, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HJ, HK, IngB.

Tveir þm. (HStef, MG) fjarstaddir.

Brtt. 293,38 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 293,39 samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LH, MJ, PO, SÁÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HG, HK, HV, JJós JAJ, JÓl, JS, BSv.
nei: MT, SE, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, GunnS HStef, HJ, IngB.
ÓTh greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 345,XV feld með 14:7 atkv.
— 345,XVI tekin aftur.
— 345,XVII.1 (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XVII.1 (varatill.) feld með 15:6 atkv.
— 345,XVII.2 tekin aftur.
— 293,40 samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ ÞorlJ, BÁ, EJ.
nei: HK, JörB, LH, TrÞ, ÁÁ, BSt GunnS, HStef, HJ, BSv.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 345.XVIII. (aðaltill.) tekin aftur
— 345,XVIII. (varatill.) samþ. með 15:6 atkv.
— 345,XIX samþ. með 15:2 atkv
— 345,XX tekin aftur.
— 368 samþ. með 15:5 atkv.
— 345,XXI feld með 16:4 atkv.
— 345,XXII feld með 15:8 atkv.
— 293,41 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 345,XXIII.1.a tekin aftur.
— 345,XXIII.1.b feld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LH, ÓTh, SE, GunnS, HK, JJós, JörB, BSv.
nei: MJ, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JAJ, JÓl, JS.
Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 293,42 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 293,43.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 345,XXIII.2 feld með 16:8 atkv.
— 293,43.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 293,43.c samþ. með 18 shlj. atkv.
— 293,43.d samþ. með 16 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 293,44 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 293,45 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 293,46 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 345,XXIV tekin aftur.
— 345,XXV (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XXV (varatill.) samþ. með 14:10 atkv.
— 345,XXVI samþ. með 16:4 atkv.
— 293,47 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 345,XXVII.a (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XXVII.a (varatill.) feld með 14:5 atkv.
— 345,XXVII.b (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XXVII.b (varatill.) feld með 16:4 atkv.
— 345,XXVII.c (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XXVII.c (varatill.) feld með 14:9 atkv.
— 345,XXVIII (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XXVIII (varatill.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 293,48 samþ. án atkvgr.
— 345,XXIX samþ. með 15:10 atkv.
— 345,XXX samþ. með 16 shlj. atkv.
— 345,XXXI (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XXXI (varatill.) feld með 16:9 atkv.
— 345,XXXII samþ. með 14:13 atkv.
— 345,XXXIII samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 293,49 samþ. án atkvgr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 345,XXXIV.a—b samþ. með 18:1 atkv.
— 345,XXXV samþ. með 15 shlj. atkv.
— 293,50 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 345,XXXVI tekin aftur.
— 345,XXXVII tekin aftur.
— 345,XXXVIII samþ. með 15 shlj. atkv.
— 293,51 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 293,52 samþ. án atkvgr.
— 293,53 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞorlJ, BÁ, EJ, HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, MJ, ÓTh, PO, SE.

**nei:** SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, GunnS, HG, HV, LH, MT, SÁÓ, BSv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 345,XXXIX tekin aftur.
— 345,XL (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XL (varatill.) feld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SÁÓ, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MT.

**nei:** ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JS, MJ, BSv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 293,54 samþ. með 16:1 atkv.
— 293,55 samþ. með 15:4 atkv.
— 345,XLI (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XLI (varatill.) feld með 16:9 atkv.
— 293,56 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 293,57 samþ. með 18:5 atkv.
— 293,58 samþ. með 19 shlj. atkv
— 345,XLVII samþ. með 20 shlj atkv.
Brtt. 293,59 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 345,XLII samþ. með 18:5 atkv.
— 345,XLIII samþ. með 14:11 atkv.
— 293,60 samþ. með 16:1 atkv.
— 345,XLIV samþ. með 15:4 atkv.
— 345,XLV samþ. með 18:4 atkv.
— 345,XLVI (aðaltill.) tekin aftur.
— 345,XLVI (varatill.) feld með 16:5 atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 293,61 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 293,62 feld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JÓl, MJ, PO, SE, SÁÓ, ÞorlJ, BÁ, HG.

**nei:** IngB, JJós, JAJ, JS, JörB, LH, MT, ÓTh, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, HV, BSv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 345,XLVIII samþ. með 16:8 atkv.
— 293,63.a—c samþ. með 18 shlj. atkv.
— 345,XLIX samþ. með 15:5 atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 293,64 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 293,65 samþ. án atkvgr.
— 293,66 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 345,L samþ. með 17 shlj. atkv.
— 345,LI samþ. með 15:6 atkv.
— 345,LII samþ. með 19 shlj. atkv.
— 345,LIII feld með 15:9 atkv.
— 345,LIV tekin aftur.
— 345,LV feld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, GunnS, JJós, LH, BSv.

**nei:** MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, EJ, HStef. HJ, HG, HK, HV, IngB, JAJ, JÓl, JS, JörB, MJ.

TrÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 355,II samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MJ, MT, SE, SÁÓ, SvO, TrÞ, AÁ, BSt, GunnS, HJ, HG, HK, HV, JÓl, BSv.

nei: JS, JörB, ÓTh, PO, ÞorlJ, BÁ, EJ, HStef, IngB, JJós, JAJ.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 293,67.a—b samþ. með 15 shlj. atkv.

— 293,68 samþ. án atkvgr.

— 293,69 samþ. án atkvgr.

— 345,LVI tekin aftur.

18. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

19.—20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

21. gr., með tölubreytingum samkv. atkvgr., samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 293,70 samþ. án atkvgr.

— 345,LVII samþ. með 18 shlj. atkv.

— 345,LVIII tekin aftur.

— 345,LIX samþ. með 15:1 atkv.

— 355,III samþ. með 18 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 293,71.a samþ. með 19 shlj. atkv.

— 293,71.b samþ. með 16 shlj. atkv.

— 293,71.c samþ. með 17 shlj. atkv.

— 293,71,d—e teknar aftur.

— 345,LX samþ. með 15:1 atkv.

— 345,LXI tekin aftur.

— 345,LXII samþ. með 21 shlj. atkv.

— 345,LXIII feld með 17:6 atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

24.—25. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 373, n. 403, 408).

**Forseti (BSv):** Fjárlögin verða að þessu sinni rædd í tvennu lagi. Liggur fyrri hlutinn, út að 14. gr., nú fyrir til umr.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þennan kafla fjárlagafrv. að þessu sinni. Fjvn. hefir ekki gert við hann nema eina brtt. En áður en jeg minnist á hana, ætla jeg að víkja lítið eitt að þeim breyt., sem urðu á frv. við 2. umr., og útlitinu um afgr. fjárlaganna eins og það nú er.

Tekjubálkur frv. var við 2. umr. hækkaður um 650 þús. kr. Gjöldin hækkuðu um 569 þús. Tekjuafgangur eftir 2. umr. var 134800 kr.

Nú við 3. umr. liggja fyrir allmargar brtt. Fjvn. flytur 13 till., sem nema samtals 106 þús. kr. til hækkunar gjaldanna. Frá einstökum þm. eru fram komnar 75 brtt., sem nema samtals 348 þús. kr. til útgjaldahækkunar. Allar brtt. nema því 454 þús. kr. hækkun á gjöldum fjárlagafrv., eða hátt í ½ milj., og eru þó ótaldar ýmsar lánsheimildir.

Ef allar þessar brtt. næðu samþykki, myndi frv. verða afgr. út úr d. með 320 þús. kr. tekjuhalla. Og ekki er hægt við öðru að búast en að sá tekjuhalli mundi aukast að mun í efri deild. Jeg vil benda á það, að tekjuáætlunin hefir nú þegar verið hækkuð svo mikið sem fjvn. Nd. sá sjer frekast fært. Þegar á alt þetta er litið, getur n. ekki betur sjeð en að mjög sje stefnt í óvænt efni um afgreiðslu fjárl., ef margt þeirra brtt., er fyrir

liggja, gengur fram. Hefir hún því eigi sjeð sjer annað fært en leggjast í móti flestum brtt. einstakra þm., þó að hún vilji eigi neita því, að sumar þeirra horfi til nytsemdar. En eins og málum er komið, telur hún eigi gerlegt að auka útgjöldin til neinna muna; þau eru nú þegar orðin 11 milj. 700 þús. kr. eða fullri milj. hærri en undanfarið hefir hæst verið. Er sýnilega mjög óvarlegt að hlaða nú á þau nýjum upphæðum, svo að verulegu nemi. Vill n. fastlega treysta því, að hún fái samhug hv. d. í þessu máli og að hv. þdm. sjái nauðsyn þess að afgreiða fjárl. án tekjuhalla.

Jeg hefi þá í fáum orðum skýrt fyrir hv. d. horfurnar um afgreiðslu frv. En nú skal jeg snúa mjer að þeirri einu brtt., sem n. ber fram við þann kafla, sem nú er til umr. Þessi brtt. er undir tölulið XVII á þskj. 408 og er um styrk til gistihúsbyggingar á Kolviðarhóli, 6000 kr., fyrri greiðsla. Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, liggur mikill gestastraumur um Kolviðarhól, og þykir nauðsyn að tryggja það, að ferðamenn eigi þar kost gistingar og greiða. Ríkið hefir viðurkent þessa nauðsyn með því að greiða bóndanum á Kolviðarhóli nokkurn styrk árlega til að taka móti gestum. Sömuleiðis hefir ríkið aukið á sinn kostnað húsakynni á jörðinni, svo að hægra væri um gistingu. Á ríkið þar tvö hús, annað úr timbri en hitt úr steini, en bæði eru þau nú gömul orðin og lítils nýt. Mjer hefir talist svo til, að ríkið hafi síðan um aldamót lagt fram til jafnaðar á ári sem svarar 800 kr. til Kolviðarhóls. Hafa framlögin vaxið á seinni árum, einkum vegna aðgerðar á húsunum, en nú er svo komið, að þau eru talin alveg ónothæf. Hefir nýlega farið fram skoðun á þeim, og lá álitsgerð skoðunarmanna fyrir n. Voru húsin metin til niðurrifs 1600 kr., en kostnaðurinn við að rífa þau áætlaður 400 kr., svo að raunverulegt verðmæti þeirra fyrir ríkissjóð ætti að vera nál. 1200 kr. Mat þetta var framkvæmt að tilhlutun vegamálastjóra.

Húsakynni bóndans sjálfs eru líka alveg óviðunandi orðin og þarf nauðsynlega að byggja þau upp. Því er það, að hann hefir nú leitað til ríkisins um styrk til byggingarinnar, en býðst hinsvegar til, verði hann veittur, að reka gistihúsið á eiginn kostnað án árlegs styrks framvegis. Við nánari athugun komst n. að þeirri niðurstöðu, að heppilegast myndi vera að verða við þessari beiðni. Vill hún því leggja til, að bóndanum verði veittur 12 þús. kr. byggingarstyrkur, og auk þess verði honum afhent þau hús, sem ríkið á nú á Kolviðarhóli og meta má á 1200 kr. En þessu fylgir sú kvöð af hálfu n., að sá árlegi rekstrarstyrkur, sem hingað til hefir verið greiddur, falli niður og að stj. geti haft hönd í bagga um, að greiði og gisting sje seld sanngjörnu verði.

Jeg vil taka það fram, að það er ekki alveg víst, að bóndinn á Kolviðarhóli gangi að þessu tilboði. Hann fór í erindi sínu fram á miklu hærri upphæð. Vegamálastjóri telur þó líklegt, að honum verði kleift að koma upp húsinu með þessum styrk.

Hv. þdm. hafa sjálfsagt veitt því athygli, að í till. n. er einungis farið fram á 6 þús. kr. upphæð og hún nefnd fyrri greiðsla. N. ætlast til, að

styrkurinn sje greiddur á 2 árum, 6000 kr. hvort, og fyrri afborgunin árið 1930.

Jeg skal taka það skýrt fram. til að koma í veg fyrir misskilning, að aths. um eftirlit á verðlagi um gisting og greiða þarna framvegis er á engan hátt beint til þeirra góðkunnu hjóna, sem nú búa á Kolviðarhóli. Þau eru alþekt að sanngirni og hjálpsemi í viðskiftum sínum við ferðamenn. En þeirra nýtur að sjálfsögðu við takmarkaðan tíma og enginn veit, hver síðar kann að taka við þarna.

Hefi jeg svo eigi fleira fram að taka að þessu sinni. Um brtt. einstakra þm. ætla jeg eigi að tala fyr en hv. flm. hafa fengið tækifæri til að mæla fyrir þeim.

**Magnús Jónsson:** Jeg vildi segja nokkur orð um brtt., sem jeg ber fram undir tölulið VI. á þskj. 408, um 2000 kr. sjúkrastyrk til Kristjóns Jónssonar. Jeg var fyrir nokkru beðinn að flytja þessa till., en skoraðist í fyrstu undan að gera það. En þegar jeg sá, að ýmsar svipaðar till. voru samþ. við 2. umr., þótti mjer eigi ástæða til annars en láta hana koma fram.

Um þennan mann, sem hjer ræðir um, stendur svo sjerstaklega á, að hann hefir verið skorinn 9 sinnum upp á 10 árum. Ætla jeg, að dæmi slíks sjeu fátíð. Mein hans er sullur undir hryggnum.

Það verður sjálfsagt sagt, að með því að veita þennan styrk yrði gefið háskalegt fordæmi og að óhugsandi sje, að ríkið hlaupi undir bagga með öllum þeim, sem líkt stendur á fyrir. Jeg skal fúslega viðurkenna, að þeir, sem þetta segja, hafa mikið til síns máls. Jeg held þó, að fordæmið sje varla eins hættulegt og það í fljótu bragði kann að virðast. Það munu ekki vera margir menn, sem hafa verið skornir upp 9 sinnum. Jafnvel þótt ríkið styrkti alla þá, sem svo stæði á um, myndi það ekki verða stór fjárfúlga.

Þessi maður er steinsmiður hjer í bænum. Hann er sjerlega ötull og hefir löngum unnið umfram getu, því sjaldan hefir hann verið þjáningalaus hin síðari árin. Vottorð um heilsufar hans og efnahag liggja fyrir frá Matthíasi lækni Einarssyni og síra Friðrik Hallgrímssyni. Læt jeg svo útrætt um brtt. og fel hana hv. d. til sanngjarnrar fyrirgreiðslu.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg ætla ekki að þessu sinni að gera einstakar brtt. að umræðuefni. Má vera, að tækifæri verði til þess síðar við umr. þessa. Það eitt, sem jeg vildi segja nú, er það, að jeg teldi því mjög miður farið, ef margar eða máske flestar þær brtt., sem hjer liggja fyrir frá einstökum þm., verða samþ. Með þessu vil jeg þó ekki segja það, að í mörgum þessum till. kunni ekki að felast þarflegir hlutir, þótt jeg í því efni geri mikinn mun á þessum till. En heildarlega er það um þær að segja, að það eru takmörk fyrir getu ríkissjóðs að leggja fram fje, jafnvel til nauðsynlegra framkvæmda. Eftir frv. því, sem nú liggur fyrir, er framlagið til verklegra framkvæmda óvenjulega mikið; sjerstaklega er mikið áætlað til samgöngubóta, enda þótt svo virðist, sem sumum þyki enn of lítið að gert. Útgjöldin eru nú þau hæstu, sem afgreidd hafa verið frá Alþingi. Þó

stefna sumar brtt. að auknum framkvæmdum. Og þótt segja megi, að slíkar till. sumar væru æskilegar, ef geta leyfði, þá eru þó margar till. í þessum parti fjárl., sem engan rjett eiga á sjer að verða samþ. Jeg vil þó naumast ætla það, að hv. þm. hafi komið fram með neitt án þess þeim sje það alvörumál að fá það samþ. En jeg held þó, að þeir hv. þm. allir verði að greiða atkv. á móti flestum þessum till., sem setja hærra gætni í fjármálum heldur en gálausan bitlingaaustur. En þetta kemur vitanlega í ljós við atkvgr., hvorri stefnunni hv. þm. vilja fylgja.

Ef þessar brtt., sem hjer liggja fyrir, verða flestar eða allar samþ., þá leiðir það af sjer tekjuhalla á fjárl.-frv., sem nemur alt að ⅓ milj. kr. Má þó enn búast við hækkun í Ed. og að tekjuhallinn vaxi þar frekar en minki. En þá get jeg ekki komist hjá því að leggja fyrir mig þá spurningu: Hvað ætlast hv. þm. fyrir með slíkri afgreiðslu fjárl.? Er það ekki tilgangur þeirra að stilla svo í hóf, að ætla megi, að tekjur og gjöld standist á? Jeg vil nú gera ráð fyrir því, að þetta sje vilji hv. þm. En þegar litið er yfir allar þær mörgu og stóru brtt., sem nú liggja fyrir, þá sjest, að hörðum höndum verður um þær að fara, eða þá að öðrum kosti að sleppa öllum tökum á því, hvernig fjárl. verða úr garði gerð. Ef hv. þm. ætla að samþ. þessar brtt. og hafa hugsað sjer að auka tekjur ríkisins að sama skapi, þá sje jeg nú ekki, að það sje mögulegt, með öðru þá en því að auka skattabyrðina. En að það sje gert, því er jeg algerlega mótfallinn. Eins og jeg er mótfallinn því, að niður sjeu feldir tekjustofnar nú, þá er jeg og einnig á móti því, að gripið verði til þeirra ráða að hækka skattana til þess að halda fjárl. í sæmilegu horfi.

Hvað till. þeim viðvíkur, er hv. fjvn. hefir borið fram, þá get jeg fallist á, að meiri hl. þeirra eigi fullan rjett á sjer. Verð jeg að segja, að hv. fjvn. hefir nú stilt þeim kröfum mjög í hóf, sem hún gerir um útgjöld ríkissjóðs.

Mjer hefir virst svo, að hv. fjvn. hafi reynt að stýra hjá öllum vandræðum að því er snertir afgreiðslu fjárl. Jeg vænti því, að jeg megi byggja á stuðningi hennar í því að halda enn í hófi öllum útgjöldum. Sömuleiðis vil jeg mega vænta stuðnings annara hv. dm. til hins sama, enda þótt þær brtt., er bornar hafa verið fram, beri þess vott, að menn hafa mikla þörf fyrir að fara í ríkissjóðinn. En þrátt fyrir það alt vænti jeg þess, að hv. dm. gæti hófs í útgjöldum og styðji að því, að afgreiðsla fjárl. verði svo góð, að vel megi við una.

**Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson):** Jeg hefi í raun og veru fáu að bæta við nál. samgmn. Skal þó geta þess, að n. hefir ekki sjeð sjer annað fært en að leggja til, að styrkurinn til flóabátaferðanna verði hækkaður um 11500 kr. frá því, er lagt var til í fjárlfrv. hæstv. stj. Þessi upphæð var upphaflega of lágt áætluð hjá hæstv. stj., þar sem hún jafnframt því að lækka styrkinn hefir tekið einn bátinn undan og telur hann með strandferðaskipinu, og hefir þá jafn-

framt hækkað styrk til þessa báts (Skaftfellings) um 5000 kr. N. sjer nú ekki ástæðu til að leggja til, að þessu verði breytt. Hún viðurkennir, að það stendur sjerstaklega á með þennan bát. Hann hefir oft mjög erfiða afgreiðslu og verður stundum að bíða eftir því dögum saman, að hann geti komið vörunum á land, og stundum verður hann alveg að hverfa frá. En þetta leiðir vitanlega til þess, að rekstrinn verður mun dýrari.

Þá hefir n. og orðið sammála um að hækka styrkinn til Eyjafjarðarbátsins um 2000 kr. Þessi bátur hefir nú um fjögurra ára skeið haldið uppi ferðum á Eyjafirði og til Sauðárkróks að vestan og Þórshafnar að austan. Hefir hann annast þar póstflutninga, svo að ýmsar aukapóstferðir á landi hafa verið lagðar niður. Hefir hann þannig tekið ýmsar ferðir af Esju og sparað á þann hátt fje ríkissjóðs. Þessi bátur annast nú aukapóstferðir, sem póstsjóður greiddi um 6000 kr. fyrir á ári. Esja hefir nú felt niður viðkomur á Eyjafirði og sparar á rekstri skipsins fleiri þús. kr. árlega við það. Mestu varðar þó, að hjeraðsbúar hafa margföld not bátsins á við Esjuferðirnar og aukapóstferðirnar.

Þá hefir n. og lagt til, að hækkaður yrði um 500 kr. styrkurinn til Austur-Skaftfellinga. Eins og öllum er kunnugt, er mjög erfitt um allar samgöngur þar eystra; þeir hafa ekki not af neinu skipi nema Esju, og þó ekki að haustinu. Einkum eru það þó Öræfingar, er verða illa úti. Þeir hafa ákaflega langan veg að flytja á landi og erfiðan yfirferðar. Er þeim því mikil nauðsyn á að fá vörur fluttar sjóveg á sandinn fram undan sveitinni. N. hefir því lagt til, að þessi styrkur yrði hækkaður um 500 kr.

Að öðru leyti eru styrkirnir þeir sömu og í síðustu fjárl., nema 300 kr. nýr styrkur til smábáts frá Stykkishólmi til Langeyjarness. Að vísu koma úr öllum áttum kvartanir um það, að þessar bátaferðir beri sig ekki og að nauðsynlegt sje, að styrkurinn verði hækkaður. Bera reikningar þeir, er n. hefir fengið, með sjer, að þetta er rjett. Og mörg hjeruð hafa orðið að leggja mikið á sig til að halda uppi þessum nauðsynlegu ferðum. Má þar til nefna N.-Ísafjarðarsýslu og V.-Skaftafellssýslu. Hefir sú fyrnefnda lagt stórfje í að kaupa bát. Þá hefir og Ísafjarðarkaupstaður tekið að sjer að borga allmikið af skuldum fyrir Djúpbátinn.

Þá hefir n. lagt til, að Flateyjarbáturinn fái 7000 kr. styrk, sömu upphæð og áður, og auk þess 1000 kr. til vjelakaupa. Er svo komið, að nauðsynlegt er að skifta um vjel á bátnum. Mun hún kosta um 10 þús. kr., og sá n. sjer ekki annað fært en að leggja til, að ríkið tæki nokkurn þátt í þeim kostnaði.

N. vill sjerstaklega benda á það, að nauðsynlegt er, að þeir, sem styrks njóta, sendi ferðaáætlanir, reikninga og fargjalds- og farmgjaldsskrár til atvmrn. Nefndarmenn eru ekki nógu kunnugir til þess að geta sagt um það, hve mikil nauðsyn hlutaðeigendum er á styrk, nema þeir fái þessi plögg í hendur. Vill n. beina því til ríkisstj., að hún gangi ríkt eftir því, að þessu verði framfylgt.

Þá ætlast n. til, að það sje sett sem skilyrði fyrir þessum styrkveitingum öllum, að ferðir verði ekki færri og

farkostir ekki lakari en undanfarin ár. Annars verður það að vera hlutverk viðkomandi sveitarstjórna og sýslunefnda að sjá um það, að ferðunum sje hagað svo, að þær komi að sem bestum notum. Væntir n. þess, að hv. d. geti fallist á þessar till. hennar.

Þá vildi jeg víkja örfáum orðum að brtt., er jeg á við þennan fyrri hluta fjárl. Hafði jeg ekki borið neinar till. fram við 2. umr., vegna þess að mjer var ekki kunnugt um það, hvernig hv. fjvn. mundi taka í þær. Enda voru sum þau mál, er jeg ber hjer fram, ekki svo undirbúin, og vildi því fresta þeim til þessarar umr.

Það er þá fyrst brtt. XX. á þskj. 408, um að 33 þús. kr. gangi til þess að leggja símalínu frá Ögri um Æðey að Sandeyri. Hefi jeg oft áður mælt fyrir þessari till. á undanförnum þingum; hafa og legið hjer frammi mikil og góð gögn um nauðsyn þessa máls, meðal annars hefir sýslunefnd N.-Ísafjarðarsýslu margoft skorað á Alþingi að leggja þessa línu. Skal jeg aðeins endurtaka fátt eitt af því, sem jeg áður hefi sagt. — Eins og allir vita, bíður atvinnuvegur hlutaðeigandi hjeraðsbúa ótrúlega mikið tjón við að hafa ekki símasamband. Í þrem hreppum N.-Ísafjarðarsýslu er engin símalína, aðeins lítil loftskeytastöð á einum stað.

Á síðasta vetri kom nauðsyn þess að hafa síma í þessum hreppum mjög greinilega í ljós, máske enn greinilegar en áður, þó ávalt hafi nauðsynin verið auðsæ. Um síðustu áramót kom óvenju mikil fiskganga í Ísafjarðardjúp. Vissu þá allir um það, er bjuggu að vestanverðu við djúpið og síma höfðu. En þeir, er bjuggu að norðanverðu, vissu ekki um þetta. Þeir höfðu ekkert símasamband og samgöngur voru engar á milli. Þetta var rjett eftir hátíðar, svo menn hjeldu sig þá frekar heima, þar sem þeir höfðu dregið að sjer fyrir hátíðarnar. Mistu íbúar þessara hreppa alveg af þessari miklu fiskgöngu og töpuðu þannig mörgum þúsundum kr., líklega svona 8—10 þús. Auk þessa hafa þeir árlega tapað stórfje af því að þeir, vegna sambandsleysisins við vestanvert djúpið, hafa ekki vitað um beitufeng (smásíld), sem veiðist eingöngu vestanmegin djúpsins. Þarna eru margar ágætar smábátaverstöðvar, en hinir miklu erfiðleikar hafa gert það að verkum, að fólkið hefir mjög flutt þaðan í seinni tíð.

Sama máli er að gegna með allar læknisvitjanir. Eru það miklir erfiðleikar, sem Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppar eiga við að búa í þeim efnum. Vegna símaleysisins vita þeir ekki, hvar læknirinn er, nær þeir þurfa á honum að halda. Verða þeir því oft að elta hann úr einum staðnum í annan, og stundum hafa þeir alveg gefist upp við að ná í lækni. Hefir oft af þessu leitt auknar þjáningar fyrir sjúklingana og jafnvel hlotist af dauðsföll. Þá eru flutningar þangað mjög erfiðir. En ef símasamband væri við Ísafjörð, mundu þeir ávalt geta komið þeim haganlegar fyrir.

Nú er ekki svo að skilja, að hjer sje farið fram á nýja fjárveitingu og aukið fjárframlag til síma, heldur er aðeins ætlast til þess, að af fje því, er gengur til símalagninga á árinu 1930, verði þessari upphæð varið til þess að leggja áminsta símalínu. Enda

er kominn tími til þess, því þessi lína hefir verið í símalögunum síðan 1913. Einnig hefir landssímastjóri lofað því, að þessi lína skyldi tekin strax og Barðastrandarlínan væri lögð. Vona jeg, að hv. þdm. taki vel í þetta mál, því nauðsynin er mikil.

Þá hefi jeg ásamt hv. þm. Ísaf. flutt brtt. þess efnis, að styrkurinn til bryggjugerða og lendingarbóta verði hækkaður um 14 þús. kr., með þeirri aths., að sama upphæð gangi til bryggjubyggingar í Hnífsdal. Eins og kunnugt er, er þar mikil útgerð og sjógarpar miklir. En erfiðleikar sjómanna eru þar meiri en annarsstaðar fyrir þá sök, að þar er engin höfn. Nú er það þó ekki ætlun okkar, að úr hafnleysinu verði bætt, því það mundi kosta stórfje. En af þessu hafnleysi stafar það, að sjómennirnir í Hnífsdal verða að flytja báta sína til Ísafjarðar að lokinni hverri sjóferð. Veldur þetta vitanlega miklum töfum og erfiði. En ofan á þetta bætist, að lendingin í Hnífsdal er mjög erfið. Þeir hafa ekki neina bryggju til að lenda við, heldur verða þeir að flytja fiskinn á land í smábátum, og tekur það oft 3—5 klst. Má geta nærri, hvílíkum erfiðleikum þetta veldur, enda er það svo, sannast að segja, að yngri mönnum hrýs hugur við þessu, og er fult útlit fyrir, að margt af yngra fólkinu flytji á burtu úr þessu að öðru leyti góða og byggilega sjóplássi. Munu óvíða hjer á landi vera jafngóðar byggingar og þarna, og stafar það einmitt af því, að þar hafa átt hlut að máli dugandi menn, er hafa viljað bæta hag sinn og samborgara sinna. Nú hafa þeir mikinn áhuga á því að koma upp hjá sjer bryggju. Höfðu þeir farið fram á það, að ríkið greiddi kostnaðinn að hálfu, en við flm. þessarar brtt. treystum okkur ekki til að fara þess á leit að fá nema ⅓ kostnaðar, og aðeins helming þess á þessu ári. En samkv. áætlun vitamálastjóra á bryggja, er sje svo góð, að hægt sje að skipa upp við hana fiski og vörum, að kosta ca. 82 þús. kr. Við slíka bryggju ættu að geta lagst 12—14 tonna bátar.

Sýslunefnd N.-Ísafjarðarsýslu hefir samþ. í e. hlj., að hreppurinn taki lán til þessa, og ennfremur samþ., að sýslan skuli standa í ábyrgð fyrir því láni. Fyrir hendi eru nú 10 þús. kr., og svo er búist við því, að þorpsbúar leggi sjálfir til 7—8 þús. Hefir það þegar verið undirbúið, og jeg þori að fullyrða, að ekki er nokkur hætta á því, að hreppurinn geti ekki staðið straum af láninu. Um verðleika þessara manna þarf ekki að efast, Þeir hafa um langt skeið verið meðal allra fremstu aflamanna, og þörfin er svo knýjandi, að hætt er við, að hinir yngri menn flytji í burtu, þeim til tjóns og leiðinda, ef ekki verður úr bætt.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. þess efnis, að veittar verði 1200 kr. til lendingarbóta í Arnardal. Jeg gat ekki komið skjölum viðvíkjandi þessu til hv. fjvn., því jeg fjekk þau fyrst í gærkvöldi. Þarna í Arnardal er smásjóþorp með nokkrum bátaútvegi, og auk þess sækja þaðan nokkrir bátar annarsstaðar frá. Vitamálastjóri hefir áætlað, að þessar bætur muni kosta um 4200 kr. Af því mun hlutaðeigandi hreppur sjá um 1000 kr., en þeir fara fram á að fá 1200 kr. úr ríkissjóði, og er það eftir sama hlut-

falli, sem áður hefir verið venja, nefnilega að ríkissjóður styrki lendingar- og hafnarbætur með ⅓ kostnaðar. Á þessum stað, sem þó verður frekar að kallast verstöð en þorp, eru nokkrir bændur, er stunda útgerð, og auk þess nokkrir þurrabúðarmenn. Þeir geta ekki framkvæmt þetta af sjálfsdáðum, og þeir, er stunda þar sjó annarsstaðar frá, munu vera ófúsir að leggja fje í þetta.

Loks er það brimbrjóturinn í Bolungavík. Það mál er gamalkunnugt hjer á Alþingi. En ástæðan til þess, að það kemur hjer enn, er sú, að vitamálastjóri telur nauðsynlegt til þess að tryggja brimbrjótinn, að gerður verði grjótfláa af stórgrýti, er hlaðið sje utan við hann, brimmegin, honum til styrktar og varnar. Áætlað er, að þetta muni kosta 58 þús. kr.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, var ákveðið í fjárl. árið 1925 að leggja 17500 kr. til þessa verks, gegn því að hreppurinn legði fram sömu upphæð. Vorið 1927 var varið 8500 kr. af framlagi hreppsins til þess að sæmilega væri frá brimbrjótnum gengið. Vitamálastjóri vill, að þessu verði komið í kring og að brimbrjóturinn verði tryggður gegn sjávargangi á undan öllu öðru. Að hinu leytinu áætlar hann, að til tryggingar brjótnum og til yfirbyggingar á hann, svo og til að samsteypa nökkvann við eldri brimbrjótinn, þurfi um 100 þús. kr. Af því fje eru nú til 36 þús. kr. Jeg hefi átt tal við hreppsnefndina um þetta; telur hún, að hreppurinn muni eiga erfitt með að leggja fram þessar 15000 kr., sem till. mín gerir að skilyrði fyrir fjárveitingu úr ríkissjóði.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir verið ágreiningur milli vitamálastjóra og hreppsnefndar um það, hvernig verkið skyldi unnið. Jeg ætla ekki að fara að rifja upp þann ágreining eða fara frekar út í það mál, því að sjaldan veldur einn, þá tveir deila; en þó vil jeg geta þess, að hin upprunalega sök mun hafa verið hjá því opinbera. Það er mikil nauðsyn að lúka þessu verki, svo að hreppurinn geti farið að fá tekjur af mannvirkinu.

**Halldór Stefánsson:** Jeg ætla að gera nokkra grein fyrir tveim litlum brtt., sem jeg er við riðinn við þennan kafla. Fyrst er III. brtt., sem jeg flyt ásamt hv. þm. N.-Þ., um að veita 200 kr. læknisvitjunarstyrk til tveggja hreppa, Fjallahrepps í N.-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í N.-Múlasýslu, vegna bygðar á Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði. Jeg efast um, að aðstaða til að vitja læknis sje víða erfiðari en þarna. Þessir hreppar eru mjög afskektir. Það munu vera nálægt 70 km. af Hólsfjöllum til læknis, þar sem styst er, en frá Jökuldalsheiði og Möðrudalsheiði er sumstaðar lengra, sumstaðar styttra. Báðar leiðir eru mjög torsóttar, yfir erfiða fjallvegi að fara. Það gegnir furðu, að ekki skuli fyr hafa komið fram beiðni um þetta, en það mun stafa af hóglæti hlutaðeigandi manna og tómlæti okkar þingmannanna, sem vel hefðum mátt meta þessa aðstöðu til móts við aðrar líkar, sem fyrr hafa verið viðurkendar. En jeg vona, að hv. d. láti ekki hlutaðeigendur gjalda þess, þó að þessi ósk sje seinna fram komin en eðlilegt var. Þetta skiftir ekki miklu fyrir fjárhag ríkissjóðs, en fyrir þessa tvo hreppa er jafnnauðsynlegt að fá þenn-

an ljetti til að vitja læknis eins og þá hreppa aðra, sem notið hafa slíks styrks.

Að lokum skal jeg geta þess, að okkur hefir láðst að gera till. til hækkunar á fjárveitingunni sjálfri, sem stendur fyrir öllum liðnum, en það mun mega leiðrjetta í prentun.

Síðari brtt. mín er VII. brtt. á þskj. 408, um styrk til Evu Hjálmarsdóttur til dvalar á heilsuhæli í Danmörku. Hv. dm. er nokkuð kunnugt um hag þessa sjúklings. Henni hefir verið veittur styrkur a. m. k. tvisvar, og er aðalástæðan til þess sú, að hjer er ekki kostur á hælisvist vegna þess sjúkdóms, sem hún er haldin af. Eftir að hún hefir nú dvalið svona lengi í Danmörku með styrk úr ríkissjóði, er það álit hælislæknisins, því miður, að hún muni ekki fá bót meina sinna. En þarna hefir henni liðið eins vel og kostur er á, en læknirinn álítur, að sjúkdómurinn frekar ágerist en batni, og gæti flutningur á milli landa beinlínis valdið því, að sjúkdómurinn ágerðist. Getur það því verið nokkur ábyrgðarhluti að synja styrksins. Ef hún fær ekki styrk, verður að flytja hana heim, og það má telja víst, að hún yrði af lækni álitin eiga að vera í sjúkrahúsi eða hafa rjett til hælisvistar, og þá er ekki að búast við, að sá kostnaður yrði minni, heldur jafnvel meiri en sá, sem nú þarf að greiða fyrir hana. Hjer er því ekki farið fram á fjárveitingu, sem ekki mundi verða útgjöld ríkissjóðs hvort sem er.

**Bernharð Stefánsson:** Jeg flyt aðeins eina till. við þennan fyrri kafla fjárlagafrumvarpsins. Það er XIII. tillaga á þskj. 408, um 75000 kr. til bryggjugerðar á Siglufirði, gegn þreföldu tillagi frá Siglufjarðarkaupstað, og til vara 60000 kr. Þessi bryggja var bygð síðastl. sumar og höfnin dýpkuð. Þetta er mjög myndarlegt mannvirki, en hefir líka orðið ákaflega dýrt. Samkv. símskeyti frá bæjarfógetanum á Siglufirði í gær hafa þegar verið greiddar úr hafnarsjóði 307 þús. kr., en eftir er að greiða til þessa mannvirkis um 50 þús. kr., eftir því sem næst verður komist. Þetta eru samtals yfir 350 þús. kr. Allir hv. dm. geta því sjeð, að með till. minni er mjög hóflega farið í sakirnar, og þó að orðalag till. hljóði um ¼ hluta kostnaðar úr ríkissjóði, verður það þó minna, ef aðaltill. er samþ., og ekki nema ⅙, ef varatill. er samþ.

Jeg sendi hv. fjvn. umsögn þess verkfræðings, sem hefir verið ráðunautur bæjarstj. á Siglufirði í þessu máli. Í þessari umsögn er bæði lýsing á mannvirkinu og yfirlit yfir kostnaðinn. Hefir því hv. fjvn. fengið töluverðar upplýsingar um þetta mál, og átti jeg von á. að hún mundi sjá sjer fært að gera þetta að sinni till. Hv. n. hefir ekki orðið við þeim tilmælum. og geta auðvitað legið til þess ýmsar ástæður. Hitt dettur mjer ekki í hug að ætla, að hv. fjvn. muni leggja á móti till., því að ef hún verður feld. er það. eins og allir hv. dm. sjá, í mjög miklu ósamræmi bæði við það, sem nýbúið er að samþ. hjer. og líka við gerðir fyrri binga. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan samb. var hjer frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjörð. þar sem ríkissjóður á að leggja fram ⅓ til hafnarmannvirkja í Hafnarfirði og ábyrgð að auki. Þegar litið er

til gerða fyrri þinga, má benda á það, að Reykjavík fjekk á sínum tíma beinan styrk úr ríkissjóði til hafnargerðarinnar; Vestmannaeyjar hafa jafnan fengið ¼ til sinna hafnarmannvirkja og fyrir örfáum árum — 1925 eða 1926 — fengu Ísfirðingar 60 þús. kr. styrk til bryggjugerðar. Það er því ekki um að ræða að taka upp neitt nýtt í þessu efni, heldur er um það að ræða, hvort Siglufjörður á að njóta jafnrjettis við aðra kaupstaði landsins. Í till. minni er alls ekki farið fram á eins mikið og aðrir kaupstaðir hafa fengið, svo að það yrði ekki nema að nokkru leyti, að Siglufjörður nyti jafnrjettis við aðra kaupstaði, þó hún yrði samþ.

Auk þess, sem þessar almennu ástæður sanna, að Siglufjörður á jafnvel kröfu á þessum styrk, eru líka fyrir hendi sjerstakar ástæður, sem mæla með þessu. Jeg vil fyrst taka það fram, að það er engin höfn á landinu, að undantekinni Reykjavíkurhöfn, sem landsmenn yfirleitt nota eins mikið og Siglufjarðarhöfn. Styrkur til að bæta hana er því ekki styrkur til Siglufjarðar eingöngu, heldur njóta hinir mörgu atvinnurekendur víðsvegar um land, sem þurfa að nota höfnina, góðs af. Jeg tel víst, að þetta mundi koma þeim til góða í lækkuðum hafnar- og bryggjugjöldum. Þá má geta þess, að við þetta mikla mannvirki urðu ófyrirsjáanlegir erfiðleikar, þannig að það varð 80 þús. kr. dýrara en búist var við. Og það hefir verið siður Alþingis, þegar svo stendur á, að hlaupa undir bagga. Þessir sjerstöku erfiðleikar voru meðal annars í því fólgnir, að það, sem grafið var upp úr höfninni og átti að nota til uppfyllingar í bryggjuna, reyndist óhæft til þess og varð að flytja það langt út á fjörð, en sækja í þess stað annað efni, með ærnum kostnaði, í uppfyllinguna. Annars skal jeg geta þess, að af öllum kostnaðinum gengu 66 þús. d. kr. til dýpkunarinnar, en hitt til bryggjugerðarinnar. Varatill. byggist á því, að ef hún yrði samþ., yrði sá styrkur tæpur ¼ hluti af því, sem sjálf bryggjan kostaði. Jeg skal nú láta útrætt um þetta, en vænti þess fastlega, að hv. d. samþ. till. mína. Ef hún gerir það ekki, er mjer óskiljanleg aðstaða hv. d. fyrir nokkrum dögum. Jeg greiddi atkv. með frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjörð, í trausti þess, að bæjarfjelög landsins ættu að njóta jafnrjettis í þessum hlutum.

**Sigurður Eggerz:** Þegar fjárl. voru hjer síðast til umr., bar jeg fram till., sem hækkuðu útgjöldin um rúmar 2000 kr., svo að jeg get með góðri samvisku einnig í þetta sinn borið fram smátill., sem þó eru þess eðlis, að þær geta haft mikla þýðingu.

Fyrst er VIII. brtt. á þskj. 408, sem jeg flyt ásamt hv. þm. N.-Þ. og hv. 2. þm. G.-K., um 1500 kr. styrk til Axels Dahlmanns, til tannlækninganáms erlendis. Það er að vísu svo, að í gildandi fjárl. eru stúdentum ætlaðar 24 þús., en sú fjárveiting er miðuð við þá stúdenta, sem stunda nám í erlendum háskólum, svo að þessi maður heyrir ekki þar undir. Þá er líka í núgildandi fjárl. ætlaður sjerstakur styrkur eftir ákvæðum mentamálaráðsins, 4000 kr., sem verður 8000 kr. En þessi maður getur ekki heldur

fengið styrk þar, því að sú skoðun er ráðandi í mentamálaráðinu, að styrkveitingarnar miðist eingöngu við þá stúdenta, sem nám stunda við erlenda háskóla.

Ef við nú lítum á ástæðurnar hjer heima, sjáum við, að það er alls ekki nóg af íslenskum tannlæknum hjer. Helstu tannlæknarnir fá sjer danska aðstoðarlækna. Auk þess vantar tannlækna með nægilegri kunnáttu úti um land. Það skiftir miklu máli að fá nóga lærða tannlækna, enda býst jeg við, að hv. dm. viðurkenni það. Þá má geta þess, að faðir þessa manns er ekki svo efnum búinn, að hann geti af eigin ramleik styrkt son sinn til hins dýra náms. Námið tekur 3 ár og nemendur þurfa að greiða ýms gjöld til skólans sjálfs, sem nema um 4000 ísl. kr., auk alls þess kostnaðar við að dvelja erlendis, sem nemandi hjeðan þarf til dæmis að greiða. Það sjá því allir, að hjer er um verulega mikinn kostnað að ræða og mikil ástæða til að hlaupa undir bagga, þar sem um nám er að ræða, sem ekki verður numið hjer heima, en er bráðnauðsynlegt fyrir landið. Að þessu athuguðu sje jeg ekki annað en að eins mikil ástæða sje til að styrkja þennan stúdent og þá, sem nám stunda við erlenda háskóla. Bæði rektor og Guðm. Hannesson hafa gefið þessum manni lofleg vottorð. Hann hefir þegar lesið eitt ár við háskólann hjer.

Jeg hefi þegar gert grein fyrir því, að þessi maður getur ekki fengið styrk af hinum föstu liðum fjárl. Hinsvegar er nám hans mikils virði og fyllilega hliðstætt öðru námi. Faðir hans er ekki svo efnum búinn, að hann geti styrkt hann, og liggur því eigi annað fyrir honum en að hætta námi, ef hið opinbera sjer sjer ekki fært að hjálpa honum. Vona jeg, að hv. deild sjái sóma sinn í því að gera þessum pilti jafnhátt undir höfði og öðrum, sem ekki geta leyst próf af hendi hjer. Má vera, að jeg hafi farið of mörgum orðum um svo sjálfsagða till.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg á hjer tvær brtt., sem jeg vildi fara um örfáum orðum. Fyrri brtt. er á þá leið, að aftan við upphæðina, sem ætluð er mönnum til að fá sjer gervilimi, bætist sú aths., að styrkurinn greiðist aðeins þeim mönnum, sem kaupa gervilimi innanlands. (**MG:** Er hægt að fá þá alla hjer?). Já, og sá maður, er hefir lagt stund á smíði gervilima hjer, hefir jafnvel oft og tíðum smíðað erlenda gervilimi upp. Mjer finst það óþarfa eyðsla að láta fje, sem varið er í þessi skyni fara út úr landinu, og þótt mönnum sje að vísu ekki of gott að prófa erlenda gervilimi, er óþarfi, að ríkið styrki menn til þess.

Sá maður, sem fengist hefir við smíði gervilima hjer á landi, er hagleiksmaður hinn mesti og svo prýðilegur frágangur á handaverkum hans, að stórum þykir bera af erlendu smíði af sama tægi. Mjer finst því rjett að setja þessa aths. aftan við upphæðina, því að hún tryggir, að menn fá góða smíði, jafnframt sem hún miðar að því að styrkja þennan mann. Þessi ráðstöfun yrði því báðum aðiljum til gagns. En að sækja gervilimina til útlanda er fordild, sem landið á ekki að borga.

Þá kem jeg að síðari brtt., sem fer fram á að veita 5000 kr. til umbóta á vegi í Hrunamannahreppi. Við 2.

umr. bar jeg fram brtt. um að styrkja bændur þar í hreppnum til þess að koma mjólk sinni til mjólkurbúsins. Benti jeg þá á þá sjerstöku örðugleika, sem hjer er um að ræða, og mun jeg ekki endurtaka þá lýsingu mína hjer. Þessi till. mín var feld, og þóttust menn óttast fordæmi, ef hún yrði samþ. Jeg geri nú að vísu ekki mikið úr þeirri röksemd. Óvíða munu vera 70 km. til mjólkurbús. Nú eru heldur ekki nema 2 eða 3 mjólkurbú á öllu landinu. Styrkurinn skyldi ganga til að ljetta undir um mjólkurflutning á þeim hluta leiðarinnar, sem ekki er bílfær, en það er um 20—30 km. vegalengd. Frsm. fjvn. sagði, að þetta væri kák, og væri betra að bæta veginn. En þær endurbætur hljóta að ganga seint, ef hreppsbúar eru ekki að neinu leyti styrktir til þeirra. Vegurinn er mjög slæmur og ófullkominn eins og hann er nú. Hitt er rjett, að hið æskilegasta er, að hann verði bættur.

Nú hefi jeg verið svo hæverskur að biðja aðeins um 5000 kr. styrk í þessu skyni. Þetta er ákaflega lítið, en jeg bjóst við, að ekki þýddi að fara fram á meira þetta árið. Bændur eru bundnir tveggja ára samningum um sölu mjólkur til mjólkurbúsins, og auðvitað þurfa þeir að flytja fleira bæði að sjer og frá. Vegurinn verður ófullkominn eftir sem áður, enda þótt gera mætti talsverðar endurbætur á honum fyrir þessa fjárupphæð. Vona jeg, að fjvn. álíti ekki, að hjer sje um fordæmi að ræða, því að vegir hafa þó verið bættir áður.

Jeg get bætt því við, að styrkur sá, er mjólkurverksmiðjan „Mjöll“ nýtur, hefir að nokkru leyti gefið fordæmi, enda þótt hv. frsm. fjvn. mintist ekki á það; enda er jeg ekki um það að fást. Það er mín skoðun, að ríkið eigi að styrkja hvaða iðngrein sem er og ætla má, að til nytja geti orðið, þangað til fyrirtækin eru komin yfir byrjunarörðugleikana. Jeg vona, að hv. d. sjái, að hjer er um svo mikla sanngirniskröfu að ræða, að hún ljái málinu fylgi sitt.

**Benedikt Sveinsson:** Jeg hafði ætlað mjer að tala fyrst nokkrum orðum til form. samgmn., en þar sem hann er ekki viðstaddur, sný jeg mjer að öðrum till.

Vil jeg þá fyrst snúa mjer að I. till. á þskj. 408, sem jeg flyt ásamt tveim öðrum hv. þm. Hún er um 5000 kr. fjárveitingu til að gefa út það, sem ókomið er út af manntalinu frá 1703.

Þessu máli er svo farið, að fróðleiksmaður einn íslenskur fann í dönsku skjalasafni manntal frá 1703, sem nær yfir mestalt landið. Þetta manntal er einstakt í sinni röð á þessum tíma, því að þar eru allir menn nafngreindir á hverju heimili og greint frá stöðu þeirra, heimilisfangi, aldri, heilsufari o. fl. Frá er greint, hverjir ómagar og förumenn eru í hverjum hreppi og hvaðan þeir eru.

Þessi bók hefir verið gefin út í 5—6 smáheftum og ná þau yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu til Ísafjarðardjúps. Þeir, sem lesið hafa þessi hefti, munu hafa sjeð, hve merkilegt þetta manntal er, eigi eingöngu vegna þess, að það mun vera elsta manntal í heimi, þar sem hver einstaklingur er nafngreindur, heldur og vegna hins mikla

ættfræðilega og hagfræðilega fróðleiks, sem þar er að finna. Hjer er um sannan fjársjóð að ræða í þeim efnum, enda hefir Alþingi og stj. viðurkent gildi þessarar heimildar með því að styrkja útgáfu hefta þeirra, sem út eru komin. En slík aðferð, sem höfð hefir verið við útgáfuna, er bæði seinfær og óhentug. Hætt er við, að einstök hefti týnist, og auk þess kaupa menn síður þá bók, sem þeir búast ekki við að sjá fyrir endann á í lifanda lífi. Því teljum vjer rjett, að veittar sjeu til útgáfunnar 5000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Fæst þá ritið í heild. Verður verkið þá ódýrra í hefting og útsending og kemur að fljótari og betri notum. Hjer er því að ræða um sparnað og greiða við íslenska fræðimenn.

Hv. 1. þm. N.-M. hefir svo vel rökstutt brtt. okkar um styrki til afskektra bygða í Fjallahreppi og Jökuldalshreppi til þess að leita læknishjálpar, að jeg þarf þar engu við að bæta.

Vjer þrír þm., sem bárum fram till. um styrk til Friðriks pósts á Helgastöðum, urðum fyrir þeim vonbrigðum við 2. umr., að sú brtt. náði ekki fram að ganga. Jeg sýndi fram á við 2. umr. málsins, hve sjálfsögð þessi styrkveiting væri, og tel jeg ekki ástæðu til að endurtaka það. Nú höfum við lækkað þessa styrkbeiðni nokkuð og treystum á drengskap hv. þdm. þegar til atkvgr. kemur. Verður að gæta þess, að þessi maður ljet ekki af starfa sínum sökum vanrækslu, heldur vegna breyt. á póstgöngunum innan hjeraðsins, því að ella hefði hann getað setið á hestbaki áfram þrátt fyrir vanheilsu hans af völdum ofreynslu í póstferðum.

Þá sný jeg mjer að XI. brtt., sem er svo hljóðandi: „Við 13. gr. B. II,a 14. Nýr liður: Vegur frá Þórshöfn inn Þistilfjörð, 15000 kr. Fjvn. hefir ekki látið til sín heyra um þessa till. og hvorki mælt með nje móti. Allir kaupstaðir norðanlands, nema Þórshöfn, hafa nú fengið akfæran veg á þjóðveginn, sem liggur um landið frá austri til vesturs. Frá Borðeyri er nú akvegur til Borgarness og bílfært til Akureyrar. Næstur er Hvammstangi og þaðan liggur akbraut fyrir Múla á þjóðveginn. Þá kemur Blönduós og þar liggur þjóðvegurinn um. Er hann akfær óslitið upp Langadal yfir Vatnsskarð og um Skagafjörð yfir brú á hjeraðsvötnum, norður um Öxnadalsheiði og niður Öxnadal til Akureyrar. Þessi vegur er nú bílfær að sumrinu. Þar að auki er bílfær akvegur frá Sauðárkróki inn allan Skagafjörð, vestan hjeraðsvatna; jeg veit ekki, hvað langt inn til dala. Og mjer er nær að halda, að einnig sje bílfær vegur niður Blönduhlíðina austan hjeraðsvatna yfir Hegranesið til Sauðárkróks. Frá Akureyri eru góðir akvegir í allar áttir, eins og kunnugt er, inn Eyjafjarðardal og út með firði að vestan og hliðarálmur inn í Öxnadal og Hörgárdal; ennfremur til austurs yfir Vaðlaheiði í Fnjóskadal. Sá vegur er nú kominn mikið áleiðis.

Frá Húsavík liggur bílfær akvegur upp alla dali, Aðaldal, Reykjadal og upp fyrir Másvatn; er nú við hann bætt á hverju ári, svo að í sumar má telja vel bílfært upp að Mývatni. Norður frá Húsavík er og akvegur út á Tjörnes að Hjeðinshöfða.

Frá Kópaskeri er nú orðinn 80 km. akfær vegur inn Öxarfjörð og yfir

Jökulsárbrú niður í Kelduhverfi, og einnig á hina sveitina, alllangt norður á Sljettu.

Eina hjeraðið, sem hefir orðið útundan með þessa vegi, er Þistilfjörður og Langanes. Að vestan er Þistilfjörður fráskilinn af Öxarfjarðarheiði, og jeg fer ekki fram á, að fje sje veitt til vegar yfir hana að svo stöddu, þótt leiðin sje talin til þjóðvega. En mjer þykir hart, ef þessu hjeraði verður sýndur sá ójöfnuður, að það fær eigi fje til lagfæringar á vegum eins og öll önnur hjeruð. Jeg hefi nú sýnt það og sannað, að frá öllum öðrum verslunarstöðum á Norðurlandi eru lagðir akvegir á aðalþjóðveginn; en frá Þórshöfn er veglaust inn í sveitirnar, og um ekkert akvegasamband að ræða í þessum hluta sýslunnar. Er þó um lögskipaðan þjóðveg að ræða. Hjer á og hlut að máli ágæt sveit fyrir landkosta sakir, þótt fremur sje fámenn og fátækt sje ofmjög ríkjandi, sem mjög stafar af örðugum samgöngum.

Hv. vegamálastjóri hefir tekið á starfsskrá vegamálanna næsta ár brú á Hafralónsá, sem er mikið vatnsfall, er fellur út í Þistilfjarðarbotn austanverðan. Frá Þórshöfn munu vera um 8 km. að þessari væntanlegu brú, og á alllöngum kafla af þessari vegalengd er gömul braut hlaðin, sem vegamálastjóri telur til mikils sparnaðar. Væri mjög mikilsvert, að þessi leið, frá Þórshöfn að brúarstæðinu, yrði gerð fær bifreiðum þegar í sumar, meðal annars til þess að ljetta flutning á brúarefninu að sumri, því að þá yrði sá flutningur bæði langtum fljótlegri og jafnframt kostnaðarminni. Þegar brúin er komin á Hafralónsá, þá getur orðið fær og greiður bílvegur um sveitina, aðeins ef gert væri við hann á köflum fyrir nokkrar þús. króna. Á stórum köflum eru vegirnir að heita má sjálfgerðir, þurrir og torfærulausir. Sveitin er láglend og sljett, með lágum hálsum, en greind sundur af ám, sem oft eru illar yfirferðar. Af því að hin væntanlega brú á Hafralónsá verður nokkuð úr leið, þá þarf að gera vegarspotta að henni á tvo vegu. Á hinn bóginn liggur langur melhryggur á alllöngum kafla um sveitina þvera, og er hann sjálfgerður vegur fyrir bíla. Jeg vænti þess fastlega, að þetta eina hjerað á Norðurlandi, sem hefir orðið á hakanum, eins og jeg hefi lýst, verði ekki látið bíða lengur eftir fjárframlagi, sem nægir til þess að það megi hagnýta sjer þær leiðir, sem sjálfgerðar eru til akvegar af náttúrunnar hendi.

Það þóttu öfgar hjer á Alþingi, þegar jeg lýsti þörf fyrir brúarbyggingu á Brunná og skýrði frá, að nota mætti bifreiðir víðsvegar um Öxarfjörð og Kelduhverfi þegar er áin væri brúuð. En sannleikurinn er sá, að síðan brúin var bygð, er mjög mikið farið að flytja á bílum um þessar sveitir. Nú geta bændur fengið vörur sínar úr kaupstað á einni morgunstund heim í hlað, þar sem áður voru klakkaflutningar, er tóku einn eða tvo daga fram og aftur. Hafa þessar bifreiðaferðir þegar á einu ári valdið því, að hrossum hefir verið fækkað til muna og allar samgöngur gerbreytst í þessum bygðum til stórhagsmuna og þæginda bændum. Sama verður uppi á teningnum austan heiðarinnar, þegar Hafralónsá er brúuð og vegurinn lagfærður, eins og jeg áður sagði. Þeir,

sem lesið hafa ritgerð Hannesar Finnssonar biskups í Lærdómslistafjelagsritunum um mannfækkun af hallærum á Íslandi, muna, að þar er svo frá skýrt, að hallæri hafi oftast byrjað á norðausturhorni landsins. Harðindi, siglingaleysi og verslunaráþján hafa þar mætt mest á fyrr og síðar — fækkað fólkinu og lagt sveitirnar meira ogminna í auðn; en sá stofn, sem stóð af sjer þessar raunir, býr að þeirri seigju, sem harðindin hafa skapað. Það fólk, sem í afskektustu bygðum þessa lands lifði af verslunaráþján Dana og harðindaárin, er hraustasta úrvalið. En slíkar kynbætur eru dýrkeyptar.

Það er því sannarlega tími til kominn, að gangskör sje að því ger að bæta hag þessara bygða, og þar sem þær eru alls eina hjeraðið á öllu Norðurlandi, sem ekki hefir fengið vagnfæran veg í sambandi við kauptún sitt, þá er engin sanngirni að láta svo standa lengur. Vænti jeg, að hv. deild líti á þessa rjettlátu kröfu eftir málavöxtum.

**Sveinn Ólafsson:** Jeg er riðinn við tvær brtt. við þennan kafla fjárl., sem sje XIX. brtt. og XXI. brtt. á þskj. 408. Síðari till. er borin fram af sjútvn., og mun jeg minnast á hana lítið eitt síðar, en fyrst vil jeg víkja að minni eigin till.

Þessi XIX. brtt. lá hjer fyrir í annari mynd við 2. umr. fjárl., og fjell þá með eins atkv. mun. Jeg þykist mega fullyrða, að misskilningur hafi valdið því, að till. fjell. Það kom ljóslega fram í ræðu hv. frsm., að hann talaði um till. eins og um það væri að ræða að reisa vita í Papey.

Jeg hafði þá farið fram á 12 þús. kr. til loftskeytastöðvar þar, sem jafnframt yrði notuð til þess að senda út miðunarmerki að nóttu til, með sjálfvirku miðunartæki, svo gerð yrði tilraun um, hvað sterk þessi miðunartæki þyrftu að vera. Hv. frsm. talaði um þetta eins og vitabyggingu, og er vel skiljanlegt, að n. hafi ekki viljað styðja byggingu nýs vita í Papey, því að þar hefir verið viti í 7 ár, og engin þörf fyrir annan til viðbótar. En þörfin er brýn fyrir loftskeytastöð og meðal annars vegna vitans.

Í reglugerð um starfrækslu vitanna er svo mælt fyrir, að vitaverðir skuli gera vitamálastjóra viðvart, ef eitthvað ber út af með vitaljós, og sjáanlega getur sjófarendum stafað mikil hætta af bilun vita, og það er sjerstaklega mikilsvert, að gera aðvart um bilun vita á þessum stað, þar sem mikill hluti þeirra skipa, sem sigla á milli meginlands Evrópu og Íslands, fer einmitt um þessar slóðir.

Jeg hefi þó ekki lagt aðaláherslu á þetta, heldur hitt, að á þessum stað er betra að gera veðurathuganir en nokkrum öðrum eystra, og þær athuganir koma að gagni fyrir alt landið. Veðurathugun á þessum stað er því líklegri til gagns, sem þarna eru oft vinda- og veðramót og sýni langt til með ströndinni, eins og forstjóri veðurstofunnar hefir tekið fram í erindi sínu. Hann telur sjerstaklega æskilegt, að veðurathuganir fari fram daglega á þessum slóðum.

Í öðru lagi hefi jeg tekið það fram, að hjer væri um að ræða öryggisráðstöfun fyrir fiskiflotann við Austurland; og álít jeg með öllu óforsvaranlegt, að þingið neiti um þá tryggingu, að komið verði á hraðskeyta-

sambandi milli Papeyjar og lands. — Jeg fjölyrði svo ekki meira um þessa till.; um hana var margrætt við 2. umr. En jeg vil geta þess, að eins og till. liggur nú fyrir, þá fer hún aðeins fram á, að einföld loftskeytastöð verði reist í Papey, en miðunartækin verður að fella niður, þar eð fjárveitingin er lækkuð, sem nemur þeim kostnaði, er til þeirra þarf. — Jeg hefi hjer gert ráð fyrir 10 þús. kr., eða álíka upp hæð og landssímastjóri áætlar að þurfi fyrir stöð með stuttbylgjum. Jeg býst ekki við, að hægt sje að setja upp miðunartæki í viðbót fyrir þetta fje þó æskilegt hefði verið að fá skorið úr því, hve öflug tæki þyrfti til miðunarinnar. Jeg vil segja, að eins og nú er ástatt hefði verið sjálfsagt og meira að segja skylt að fara eftir hærri áætlun landssímastjóra og byggja stöð fyrir 20000 kr., sem örugg væri að ná til Reykjavíkur á hverjum tíma. En um það þýðir ekki að tala framar Hv. fjvn. vildi ekki fallast á þessa till. þegar þess var leitað, og fyrir því er nú farið fram á stuttbylgjustöð, sem ekki er örugg með að koma skeytum svo langa leið, en mundi þó, að dóm landssímastjóra, oftast nægja. Jeg vil bæta því við, að ef til vill þarf stöðin ekki að kosta eins mikið og till. fer fram á. Ef önnurhvor loftskeytastöðin, sem nú er á leið Suðurlandslínunnar yrði tekin niður og flutt í Papey, þá fjelli niður nokkur hluti stofnkostnaðarins. (**LH**: Þær verða aldrei teknar upp; vötnin geta eyðilagt landssímalínuna). Þessi fjárveiting er þá til vara, ef hvorug loftskeytastöðin verður flutt.

Jeg vil taka það fram, að jeg þykist enga ölmusuför þurfa að fara með þessa till. eða fyrir þetta hjerað, sem í hlut á. Jeg bið einskis í þessu efni, heldur krefst jeg þess, að till. verði tekin til greina. Jeg held því fram, að þetta hjerað greiði svo rösklega í ríkissjóðinn, að hjer sje alls ekki um neina ölmusu að ræða, heldur sjálfsagða viðurkenningu. Og þó að hv. frsm. vildi við 2. umr. gera lítið úr þeim ástæðum, þá má sjálfsagt sannfæra hann með tölunum, og þeim verður eigi hnekt.

Þá kem jeg að XXI. brtt., sem er frá sjútvn. Þar er farið fram á 4000 kr. til þess að gefa út hafnsöguskrár með uppdráttum, eftir ósk vitamálastjóra. Um langt skeið hefir danska flotamálastj. gefið út ritling einn, „Den islandske Lods", sem mikið hefir verið notaður á íslenskum skipum í siglingum hjer með ströndum fram. Þetta er allstór bók með góðum myndum og uppdráttum. En af því að bók þessi er einkum ætluð útlendingum, þá er hún mun stærri og ítarlegri um margt en þörf er á handa Íslendingum, sem hjer eru öllum staðháttum kunnugir, og er í bókinni eytt miklu máli til að lýsa þeim.

Þessi bók er á útlendu máli, og því ekki eins handhæg öllum Íslendingum, sem við siglingar fást, eins og ef hún væri á íslensku. Vitamálastjóri hefir gert nokkurn undirbúning að riti þessu, ásamt öðrum siglingafróðum manni, og hefir hann hugsað sjer að fara á næsta sumri í skoðunarleiðangur umhverfis landið, hafa handritið með í þeirri för og gera á því leiðrjettingar. Gerir hann ráð fyrir, ef styrkurinn fæst, að gefa ritið út næsta vetur, svo að það verði tiltækt árið 1930. Hann hefir samið við flota-

málastj. dönsku og fengið loforð fyrir myndum og uppdráttum til afnota við útgáfu þessarar bókar. Fyrir þá skuld er gert ráð fyrir, að útgáfan verði tiltölulega ódýr; hyggur vitamálastjóri, að þessar 4000 kr. nægi, án þess að ritið þurfi að verða dýrt fyrir kaupendur.

Sjútvn. virðist einsætt að fara eftir óskum vitamálastjóra um þetta, því að hjer er eigi aðeins um nauðsynjarit að ræða fyrir sjómenn, heldur er það metnaðaratriði fyrir þjóðina að eiga slíkt rit á íslensku og þurfa ekki að sækja það til annara.

Nafnið, sem sjútvn. hefir valið þessu riti, er ekki bein útlegging á danska bókarheitinu, en jeg hygg, að við það megi una. Ætlast er til, að bókin verði í sama formi og danska útgáfan, „Den islandske Lods".

Jeg býst ekki við að fara fleiri orðum um þessa till.; n. öll telur einsætt að samþ. hana. Það má auðvitað segja, að þetta hafi ekki stórvægilega þýðingu, því að sjómenn geti bjargast við danska ritið. En vel gæti komið fyrir, að það færi að strjálast um útgáfu þess. Jeg held, að undanfarið hafi ritið verið gefið út á 5 ára fresti með smábreytingum. En eftir því sem strjálast siglingar Dana hjer við land, má vænta, að ritið verði fágætara.

**Hákon Kristófersson:** Jeg á nokkrar brtt. við þennan kafla fjárl., sem jeg vildi minnast á örfáum orðum, þó til lítils muni koma að upplýsa hv. deild um ýms atriði viðkomandi þessum till. mínum, þar sem 20 menn vantar í deildina. Mjer þykir lakara, að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, því að það gat ef til vill verið komið undir svari hans, hvort jeg tek aftur fyrstu brtt. mína: II. við 12. gr. Þar er farið fram á lítilfjörlegan styrk til tveggja hreppa, vegna erfiðleika við að ná til læknis. Þetta virðist ekki ósanngjarnt, því að þar hagar svo til, að læknissetrið er á öðrum enda hjeraðsins, og þegar læknir er sóttur, verður að fara bæði á sjó og landi. Það er oft og einatt dýrt fyrir fátæka menn í hvert skifti, sem lækni þarf að sækja, að þurfa að leigja mótorbát eftir lækni frá Patreksfirði báðar leiðir, og þurfa svo að fara langan veg, hvort heldur það er inn á Barðaströnd eða út í ytri hluta Rauðasandshrepps; má það teljast fátækum mönnum mjög oft um megn að þurfa að vitja læknis eins og hjer til hagar. Upphæð sú, sem jeg fer fram á, er lítil og ætti hún því fremur að ná samþykki d. Eins og jeg hefi þegar tekið fram, er till. flutt samkv. ósk viðkomandi hreppa. Það hefir áður tíðkast að þingið hefir sjeð ástæðu til að veita fríðindi í svipuðum tilgangi. Jeg verð að geta þess í sambandi við þessa till., að það er ekki tekið fram, að liðurinn breytist samkv. henni, ef hún verður samþ., en auðvitað yrði það svo að vera, ef upphæðin hækkar sem þessu nemur. Jeg hefi leitt þetta í tal við skrifstofustjóra, og hyggur hann að þetta megi lagfæra í prentun.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þessa brtt., enda er hún ekki svo fyrirferðarmikil, að hún þurfi frekari skýringa við, og legg jeg hana undir dóm hv. d.

Þá kem jeg að annari brtt. minni, sem er undir X 1., við 13. gr. B. III (brúargerðir), og legg jeg til að liðurinn hækki um 35 þús. kr. Við nán-

ari athugun og eftir að hafa talað við ýmsa kunnuga menn hefi jeg látið prenta till. upp aftur með þeirri aths., að aukningunni skuli varið til þess að brúa Vatnsdalsá og Vattardalsá í Barðastrandarsýslu. Nú gæti komið til mála, að jeg fjelli frá aukningartill. minni, en til þess þarf jeg umsögn hæstv. atvmrh., að sömu upphæð verði varið af fjárhæð þeirri, er í fjárl. er ætluð til brúargerða, til þess að brúa þessar ár, því að það kæmi auðvitað í sama stað niður. Allir þeir, sem til þekkja, vita, að ár þessar liggja á endum hreppanna við langa heiði og er langt til bæja. Hafa menn mörgum sinnum orðið teptir sökum vaxtar í ánum. Þegar farið er yfir heiðina, er stundum hægt að komast yfir aðra ána á fjöru, en þegar komið er að hinni ánni, er hún ef til vill ófær, svo að menn hafa jafnvel orðið að bíða þar í 11—12 klukkustundir. Mjer og öðrum, sem orðið hafa fyrir óþægind um af þessum farartálma, er það fyllilega ljóst, að svo lengi hefir verið beðið eftir umbótum á þessum vandræða vatnsföllum, að frekari tafir á framkvæmdum eru alveg óforsvaranlegar. Á síðastl. sumri ljet vegamálastjóri gera áætlun um kostnaðinn af þessum brúargerðum, og er þessi upphæð í samræmi við þá áætlun. Mælingar þessar framkvæmdi Jón Ísleifsson, og reyndar á fleiri ám, því að þarna eru 8 allstórar ár óbrúaðar, og er það í hinu fylsta ósamræmi við það, sem gert hefir verið fyrir önnur hjeruð í þessum efnum, og mætti sem dæmi þess nefna veginn milli Borgarness og Stykkishólms, þar sem hver smáspræna hefir verið brúuð; og svo mun það vera á mörgum öðrum vegum. Mjer væri mikil þökk á því, ef hv. frsm. fjvn. gæti gefið mjer ákveðið svar viðvíkjandi því, hvort jeg gæti tekið aftur hækkunartill. mína í trausti þess, að þessar brúargerðir yrðu framkvæmdar nú á næsta ári, því að hæstv. atvmrh. er ekki staddur hjer nú og get jeg því ekki beint til hans orðum mínum. Jeg skal geta þess, að till. mín er fram komin fyrir ítrekaðar óskir hjeraðsbúa, sem gerst vita um þau vandræði, er af þessu brúarleysi stafa. Ef snjór er mikill, er vegurinn alveg ófær nema um fjöru, og eins og jeg tók fram áðan, er það mjög títt, að menn tefjist við árnar. Jeg hefi oft tepst við Vatnsdalsá, og það síðast í vetur. Vona jeg, að hv. fjvn. og hv. d. sjái, að hjer er aðeins um sanngjarna kröfu að ræða og verði vel við henni, enda styðst hún við þá till. vegamálastjóra, að brýrnar verði komnar á 1930. — Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um þessa till. mína, enda er fáskipuð deildin og hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur. En ef hv. frsm. treystist ekki að gefa mjer ákveðið svar við fyrirspurn minni, mætti vel vera, að hæstv. forseti veitti mjer leyfi til þess að beina spurningunni til hæstv. ráðh. síðar, þótt umr. um þennan kafla yrði þá lokið.

Þá kem jeg að síðustu brtt. minni, XXV., við 13. gr. E. VIII, nýr liður: Til lendingarbóta í Flatey á Breiðafirði, helmingur kostnaðar, alt að 3500 kr. — Það hefir verið svo, að á undanförnum þingum hefir verið veitt dálítil upphæð í þessu skyni, en hún hefir aldrei verið notuð. Undirbúningur var mjög ónógur, því að kostnaðarliðin

hafði ekki verið rannsökuð. Í Flatey er ekki einu sinni til sæmileg bátabryggja, því að þær, sem bygðar hafa verið, hafa ekki verið svo rammgerðar, að sjórinn hafi ekki unnið á þeim. Í fyrra kom Rútur Þorvaldsson verkfræðingur vestur og gerði teikningar og kostnaðaráætlun að þessu mannvirki. Því miður gat jeg ekki lagt þær áætlanir fram, þar sem hann er fjarverandi nú, en vitamálastjóri gat ekki fundið þær, og get jeg því ekki fullyrt, hve kostnaðurinn verður mikill nákvæmlega reiknað, en eftir því sem mig minnir, var kostnaðurinn áætlaður um 20 þús. kr.

Það, sem hjer er farið fram á, er aðeins hliðstætt kröfum úr öðrum áttum, sem þingið hefir tekið vel í, og vænti jeg þess, að hið háa Alþingi sýni þessari till. minni sömu sanngirni.

Mun jeg svo ekki fara fleiri orðum um till. þessa, enda er það mála sannast, að langt mál hefir litla þýðingu, og legg jeg till. mínar allar undir dóm hv. deildar. Að lokum vil jeg mælast til, að hæstv. forseti leyfi mjer að bera fram fyrirspurn mína til hæstv. ráðherra, þar eð hann er fjarstaddur nú.

**Einar Jónsson:** Þegar hv. þm. Barð. hóf mál sitt, vantaði 20 þm. í deildina. Vantar nú helming hv. deildarmanna, og þar sem hjer er um að ræða sanngjarnar kröfur Rangæinga, fer jeg ekki út í að ræða þær við helming dm. (ÓTh: En hjer eru allir bestu menn d. viðstaddir). Ef svo er, mun jeg freista að mæla nokkrum orðum með till. minni.

Þessi brtt. er undir XIV., við 13. gr. B. III., til nýrrar dragferju á Hólsá hjá Ártúnum í Rangárvallasýslu, helmingur kostnaðar, alt að 7500 kr. Þannig stendur á, að Landeyingar komast ekki leiðar sinnar nema þeim sje hjálpað til umbóta á samgöngum þeirra. Þeir eru umkringdir af vötnum á alla vegu. 12. mars var haldinn almennur fundur um þetta mál í Rangárvallasýslu, og var þá samþ. að fara þess á leit við hið háa Alþingi að fá styrk til þessarar dragferju.

Þegar þetta erindi komst í hendur okkar þm. kjördæmisins, sneri jeg mjer til hæstv. samgmrh. og bað hann liðsinnis. Hann brást vel við og sendi þegar daginn eftir mann austur, Jón Ísleifsson verkfræðing, til þess að athuga dragferjustæði. Bjóst hann við því, að kostnaður við dragferjuna yrði 13500 kr. Síðan hefi jeg átt tal við vegamálastjóra um þetta mál, og álítur hann sjálfsagt, að þingið styrki þessa samgöngubót, en hinsvegar býst hann við, að kostnaður muni verða um 15000 kr. Yrði sýslan að taka að sjer ⅓ kostnaðar og telja leið þessa til sýsluvega. Till. þessi lá fyrir hv. d. við 2. umr. fjárl., en var þá tekin aftur, sökum þess að hv. fjvn. var ekki búin að athuga uppdrætti verkfræðings, en gat að öðru leyti ekki fallist á till. Við höfum því lagt til nú, að Rangæingar leggi sjálfir til helming kostnaðar, en Alþingi veiti fje til sem því svarar. Þar sem öllum hv. þm. er ekki kunnugt um brjef vegamálastjóra, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa álit hans. Hann segir svo:

„Að tilhlutun þingmanna Rangárvallasýslu hefir verið gerð áætlun um dragferju á Hólsá undan Ártúnum, og er kostnaðurinn áætlaður 15000 kr. Gert er ráð fyrir, að ferja þessi sje

svo stór, að hún geti borið eina bifreið hlaðna.

Bifreiðar komast nú af þjóðveginum hjá Ægissíðu eftir sýsluveginum niður með Rangá að ferjustaðnum, sem er rjett hjá Djúpósfyrirhleðslunni, en aðstaða er mjög örðug um flutninga yfir Hólsá á smáferjubátum. Hinsvegar má telja sæmilega fært bifreiðum víða um Vestur-Landeyjar, þegar komið er yfir ána. Tel jeg því, að allverulega megi bæta úr flutningsörðugleikum þeirrar sveitar með þessari dragferju.

Vil jeg mæla með tillögu þeirra þingmanna um, að tekin verði upp í fjárl. 1930 10 þús. kr. fjárveiting til dragferjunnar, gegn þeim skilyrðum, sem sett eru í tillögunni. Er tillag þetta úr ríkissjóði miðað við sömu hlutfallsgreiðslu og heimiluð er til brúargerða á sýsluvegum".

Þetta eru sterk og ágæt meðmæli. Vegamálastjóri hefir lagt til, að við færum fram á 10 þús. kr. úr ríkissjóði, en við höfum fært þá upphæð niður í 7500 kr. í till. okkar. Mjer þykir leitt, að svo fáir hv. þdm. hafa getað heyrt hin ágætu meðmæli vegamálastjóra, því að vera kynni, að jeg yrði vændur um eigingirni, þar eð mín sýsla á í hlut. Jeg vænti þess, að menn sjái, hve sanngjörn þessi till. er og greiði henni því atkv. sitt, a. m. k. þeir hv. þdm., er viðstaddir eru, þar sem mjer er sagt, að það sjeu bestu menn hv. deildar.

**Lárus Helgason:** Í þessum kafla fjárl. eru tvær brtt., sem jeg vildi mæla nokkur orð fyrir. Hin fyrri er undir V. á þskj. 408. Jeg tók hana aftur við 2. umr. fjárl.

Það virðist kannske dálítið einkennilegt, að jeg skuli vera flm. að þessari till., en orsökin er sú, að þessi maður er ættaður úr mínu kjördæmi og er fluttur þaðan fyrir fáum árum. Hann hafði lært klæðskeraiðn og sett sig niður í Vestmannaeyjum sem klæðskeri. Í haust, í septembermánuði, veiktist hann hættulega af svokallaðri flogaveiki, sem lýsti sjer með mjög slæmum krampaköstum, og þurfti að vaka yfir honum nætur og daga, svo vikum eða jafnvel mánuðum skifti. Hann var lagður í sjúkrahús í Vestmannaeyjum um tíma, en var síðar fluttur eftir læknisráði hingað til Reykjavíkur, en fjekk þá ekki rúm á sjúkrahúsum hjer; fyrir það varð að koma honum fyrir í „prívat"-húsi, og var þar undir hendi Helga læknis Tómassonar í nokkra mánuði. En þetta varð mjög dýrt, því auk húslánsins varð að hafa tvo menn yfir honum, og varð að greiða þeim 20 kr. á dag. Er ekki að orðlengja það, að beinn kostnaður af þessum veikindum mannsins til þessa dags hefir numið um 3000 kr. Fólk þessa manns, einkanlega móðir hans, sem er þarna eystra, hefir mælst til þess, að jeg reyndi að fá einhvern ofurlítinn styrk til að ljetta undir þessa erfiðleika, og hefi jeg því gerst flm. þessarar till.

Jeg veit, að það er í mörg horn að líta, þegar um ríkissjóð er að ræða. En það er nú svo, þegar menn verða fyrir svona sjúkdómstilfellum, eins og þessi maður, að þá er náttúrlega mikil þörf á, að hið opinbera reyni að ljetta ofurlítið undir, og í þeirri meiningu hefi jeg ráðist í að flytja þessa brtt., og það því fremur, sem jeg hefi orðið

þess áskynja, að líkt hefir oft átt sjer stað áður, og meira að segja, að á þessu þingi hafa verið samþyktar svipaðar till. Þar sem fyrri upphæðin er svo há, þá hefi jeg hugsað mjer að reyna, hvort hv. þd. gæti ekki fallist á að samþykkja lægri upphæðina.

Þessi maður mun nú orðinn eignalaus, því alt, sem hann átti, hefir gengið í kostnaðinn af þessum veikindum. Hann hefir verið ófær til vinnu frá því að veikindin hófust, en kvað nú vera orðinn nokkurnveginn heill heilsu. Þessi maður varð að leggja niður vinnustofu sína og selja fataefni, sem hann ætlaði að vinna úr, en á mjög óheppilegum tíma, því hann hafði pantað allmikið af fataefnum til að vinna úr og selja fyrir jólin, sem er besti tíminn fyrir þessa atvinnugrein, en veiktist þá og misti alls og varð að selja vörurnar með afföllum.

Jeg sje ekki neina þörf á að orðlengja frekar um þetta mál. Maðurinn er nú eignalaus og heilsulítill. Vil jeg því leggja það undir úrskurð hv. deildar, hversu fer um þetta mál, og vænta hins besta af hennar dómi.

Þá á jeg hjer aðra brtt., það er hin XV. í röðinni á sama þskj.: Til dragferju á Eldvatnið, helmingur kostnaðar, alt að 2000 kr. — Svo hagar til þarna, að nær öll sveitin, Meðallandshreppur, hefir verslun við Skaftárós; það eru ágætir vegir heim að hverju býli og út að vatninu, og svo þegar yfir það er komið, út að Skaftárósi. En á veginum er þetta vatn, sem er lygnt og djúpt sundvatn, það kemur undan hrauninu þar skamt fyrir ofan, hagar sjerstaklega vel til þar að koma á dragferju. Aðstoðarmaður vegamálastjóra, sem var sendur þangað til að athuga þetta, segir það sjerstaklega heppilegt og telur, að dragferja á þessum stað muni kosta um 4000 kr.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hver hagur það væri fyrir sveitina að fá dragferju yfir vatnið. Eins og nú er, verða þeir að leysa alt af vögnum sínum báðum megin við vatnið og ferja alt á smábáti yfir um, í staðinn fyrir að ef ferjan kæmi, þá gætu þeir teymt hvern hest með vagni út á ferjuna og flutt vagnana yfir vatnið án þess að leysa af þeim flutninginn.

Þetta er hið mesta nauðsynjamál fyrir sveitina og þess vegna vænti jeg, að hv. deild geti fallist á að samþ. þessa upphæð. Upphæðin er ekki stór, þegar litið er á það, hvert gagn hún gerir þessari sveit. Það er ekki þörf fyrir mig að tala fleira fyrir þessari brtt., hún virðist liggja svo glögt fyrir og gagnið svo auðsætt, að jeg veit, að hver maður sjer og skilur, að þetta er sveitinni svo ákaflega dýrmætt, að ekki þarf orðum að því að eyða. Það er ekki lítill tími og erfiði, sem í það fer, þegar þarf að leysa af hverjum vagni við þetta sundvatn, — en vatnið hefir þann kost, að það frýs nær aldrei. Þessar ágætu aðstæður eru af því að vatnið sprettur undan hrauninu skamt fyrir ofan, svo það kemur mjög sjaldan fyrir, að veður spillist svo, að vatnið frjósi; í því er varmi þá það kemur upp undan hraunbrúninni. Leyfi jeg mjer svo að vænta þess, að hv. d. taki vel þessari brtt. minni, svo hún nái fram að ganga.

**Benedikt Sveinsson:** Þegar jeg hóf mál mitt áðan, var hv. þm. N.-Ísf. ekki viðstaddur, en hann er frsm. samgmn.,

og þykir mjer nú rjett að taka fram atriði viðvíkjandi efnum, sem við mundum eiga um saman að sælda. Það er viðvíkjandi Eyjafjarðarbátnum. Styrkurinn er hækkaður til bátsins, og sje jeg ekki glögt af þeim plöggum, sem legið hafa fyrir, á hverju það er bygt að hækka styrkinn, en býst þó við, að það sje til þess, að betur verði ræktar ferðir hans og ef til vill með dýrari bát en ella, eða að það verði þá ekki eins torvelt að fá menn til að fara þessar ferðir.

En jeg hefi áður talað um þetta mál hjer á þingi, í fyrra, þegar hv. samgmn. komst þannig að orði, að báturinn ætti að ganga frá Akureyri austur á bóginn til Húsavíkur. Þó var Langanes eitthvað nefnt í því sambandi, og neyddist jeg þá til að taka það fram til skýringar, að Húsavík væri ekki á Langanesi. Vona jeg, að hv. frsm. (JAJ) muni ennþá eftir þessu. En um leið og hv. n. hækkar styrkinn, kveðst hún ætlast til þess, að báturinn gangi til Húsavíkur, og jafnvel lengra austur, en það þykja mjer töluvert óákveðin orðatiltæki, og alveg nauðsynlegt að ákveða þetta með meiri nákvæmni, því fremur sem Norður-Þingeyingar kvarta um, að báturinn hafi farið of fáar ferðir á hafnirnar þar austur að undanförnu. Báturinn hefir slept að koma á hafnirnar austan Húsavíkur, Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn, bæði haust og vor, og er að því mikill skaði og óþægindi. Jeg fór þá fram á, að báturinn tæki á áætlun sína viðkomu í Kollavík í nokkrum ferðum milli Raufarhafnar og Þórshafnar, enda er það rjett í leiðinni. Þessu var vel tekið og heitið upp að taka, en eigi hefir það verið efnt, nema síður sje, því að báturinn mun hafa forðast þessa vík fremur en áður, og helst aldrei komið þar við í fyrra sumar.

Sá maður, sem kunnugastur er um nauðsyn á bátsferðunum til Kópaskers, Björn Kristjánsson kaupfjelagsstjóri, hefir tekið það fram við mig, að sá mikli ljóður væri á ferðunum, að báturinn kæmi þar ekki á þeim tíma, sem mest riði á, en það er í maí og í síðustu ferðinni í október, en þá þarf hann að koma við á öllum þremur höfuðhöfnum sýslunnar í báðum leiðum, austur og austan. Aftur mun ekki þurfa að átelja ferðir bátsins í júlí, ágúst og september, eftir því sem áætlanir hans eru nú, nema að því leyti, sem viðkomu vantar í Kollavík, sem jeg áður gat um og lagfæra þarf.

Jeg verð nú að bera fram þá eindregnu kröfu, að með auknum styrk úr ríkissjóði komi Eyjafjarðarbátur við í maí og minst eina ferð í október í báðum leiðum á þeim þremur höfnum, sem jeg hefi nú greint, umfram það, sem nú er ákveðið í áætlunum bátsins, og auk þess sjeu teknar á áætlun nokkrar viðkomur í Kollavík að sumrinu, þegar veður leyfir.

Jeg ætla ekki að halda hjer lengri ræðu, því að þegar hv. þm. er skýrt nokkurnveginn greinilega frá ástæðum, þá vona jeg, að þeir taki til greina það, sem sagt er.

**Hannes Jónsson:** Mjer hrýs hugur við því, satt að segja, að taka til máls undir þessum umr. Brtt. á þskj. 408 mundu, ef þær væru allar samþ., nema 450 þús. kr. hækkun, en það er náttúrlega öllum sjáanlegt, að slíkt er ómögulegt fyrir ríkissjóð; hann þolir

það ekki. Allmargir af hv. þdm. hafa þegar talað fyrir sínum brtt., og eftir því sem þeim hafa fallið orð, þá er ekki hægt annað að ályktа en að þeir styrkir sjeu alveg bráðnauðsynlegir og að endilega þurfi að samþ. þá. Jeg vil ekki segja, að jeg hafi sannfærst af öllu, sem sagt hefir verið, en það getur verið jafngott fyrir því, og svo þegar jeg fer að mæla fyrir minni brtt., sem jeg verð eins og aðrir hv. þm. að telja mjög mikilsvarðandi, þá skýtur upp þeirri hugsun hjá mjer: Hvar á að draga af? Einhversstaðar verður að gera það. Á það að vera á þeim lið, sem jeg er að flytja, eða öðrum? Jeg vildi heldur taka þann lið aftur, ef það væri víst, að það væri eitt af því, sem minna væri um vert. Jeg ætla nú samt sem áður að láta það liggja nokkuð á milli hluta að dæma um það, hvað af þessu sje nauðsynlegast, hvað af því þolir einhverja bið og hvað af því væri með öllu óþarft; eitthvað af því væri það líklega, sem færðist á þann liðinn.

Jeg hefi brtt. á þessum kafla fjárl.; það er X. brtt. á þskj. 408, og er nýr liður um tillag til Húnavatnssýsluvegar, 15000 kr. Þessi vegur er árið 1907 talinn einn af þeim vegum, sem nauðsynlegt sje að leggja svo fljótt, sem nokkur tök eru á, og er það eftir till. þáv. landsverkfræðings. Eftir till. núv. vegamálastjóra, árið 1925, er einmitt þessi vegur talinn meðal þeirra, sem nauðsynlegt sje að leggja eins fljótt og hægt væri. Jeg hefi nú fyrir framan mig skýrslu, sem vegamálastjóri lagði þá fram, og jeg sje, að ýmsa af þeim vegum, sem hann þá telur nauðsynlegt að gera, er nú búið að leggja, en á meðal þessara vega er þetta einn af þeim fáu, sem enn eru látnir sitja á hakanum. En þar eru líka nefndir fleiri vegir, sem vegamálastjóri telur í 2. flokki, sem minni ástæða sje til að leggja heldur en þá, sem hann telur í 1. flokki. Suma af þessum 2. flokks vegum er nú verið að leggja og áætlaðar upphæðir til þeirra í fjárl. fyrir 1930, ekki óverulegar upphæðir, en ennþá er vegurinn í Húnavatnssýslu látinn bíða, eftir till. hæstv. stj. og eftir till. hv. fjvn. Að sjálfsögðu veit jeg, að það ber ekki að saka sjerstaka stj. eða sjerstaka fjvn. fyrir þetta, því að þær byggja sínar till. á till. vegamálastjóra, en nú hefi jeg ekki heyrt nein skynsamleg rök fyrir því, að þetta sje rjett. Jeg held, að jeg hafi við 2. umr. fjárl. tekið það fram, að mjer virtist eðlilegra að leggja þennan kafla Norðurlandsvegar, sem liggur um mitt hjerað, áður en farið er að leggja stórfje í ýmsa heiðarvegi, eins og t. d. veginn yfir Holtavörðuheiði, enda var hann árið 1925 talinn í 2. flokki. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að þessi vegur þarna norður í Húnavatnssýslu kemur að meiri almennum notum heldur en vegurinn yfir Holtavörðuheiði, og því aðeins getur hann orðið að liði, að þegar norður fyrir kemur, þá sje líka sæmilegur vegur. Jeg held, að það hafi verið árið 1925, sem vegamálastjóri telur það mjög nauðsynlegt, að vegurinn frá Hrútafjarðará að Þóroddsstöðum verði lagður mjög bráðlega. En til þessa vegar í Húnavatnssýslu er ekkert áætlað í fjárl., og þó vita þeir hv. þdm., sem þarna hafa farið um í bifreiðum á þeim tímum árs, þegar ekki eru miklir örðugleikar á að fara eftir betur gerðum vegum,

að á þessum kafla vegarins eru þær torfærur, sem ekki er hægt að komast yfir á bifreiðum, þótt báðum megin við sje gott bílfæri, og þótt jafnvel á Holtavörðuheiði sje ágætt á stórum köflum. Þetta hljóta allir að skilja, að er mjög óheppilegt. Hitt greinir vitanlega ekki á milli, að þennan veg á að leggja og því verki lokið 1932. Þess vegna held jeg, að ekkert vit væri í því að leggja niður lagningu þessa vegar sumarið 1930. Þeir menn sem vinna árlega að vegabótum og heima eiga í sýslunni, mundu síður hverfa á braut í atvinnuleit, ef haldið væri áfram með veginn, enda eðlilegra, að þeir fái atvinnu í sinni eigin sýslu í staðinn fyrir að hrekja þá suður í Borgarfjörð eða norður í Skagafjörð, og ekki síst þar sem um þann veg er að ræða, sem allir eru sammála um, að hljóti að verða lagður á næstu árum.

Auk þess vildi jeg benda á, að jeg tel óhyggilegt að miða við, að öll vegagerð á Holtavörðuheiði verði framkvæmd sunnanverðu frá, eins og mjer hefir skilist, að vegamálastjóri muni ætlast til. Norðan á heiðinni eru stór gil, sem þarfnast allmikillar viðgerðar hið bráðasta. En þá tel jeg vegagerðinni sje sæmilega ráðið, ef unnið er með það fyrir augum, að sem flestir hafi góð not af því, sem gert er. Jeg veit, að um það verður ekki deilt, að stórfje hlýtur að verða lagt í þennan veg á næstu árum. En að því finn jeg, að framkvæmdunum verði hagað þann veg, að vegurinn komi ekki að tilætluðum notum jafnóðum og hann er lagður. Þetta er sá kafli norðurvegarins, sem telja má illfæran, og á meðan ekki er við hann gert, koma þeir kaflar, sem annarsstaðar hafa verið lagðir, ekki þeim að notum, sem ferðast þurfa um þvera sýsluna.

Annar kafli, sem líka er slæmur, en þó slarkfær, er frá Múlavegi í Auðunnarstaðaháls. Og þriðji kaflinn, sem oft er örðugur yfirferðar í vætutíð, er um Víðidalinn. Þessa kafli, sem talað er sjerstaklega um í vegalögunum frá 1907 að nauðsynlegt sje að gera við, og ítrekað aftur 1925, hefir þó verið látinn óhreyfður síðan 1907 og ekkert við hann gert, að undanteknu því, að Gljúfurá hefir verið brúuð og vegurinn lítilsháttar ruddur frá brúnni. Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna Alþingi er að gefa út áætlanir um verklegar framkvæmdir, sem svo eru að engu hafðar, þegar til kastanna kemur.

Það mun engum blandast hugur um, sem um þennan veg hefir farið, að það er alllangur kafli, sem taka verður til nýbyggingar, eða frá Gljúfurá og vestur fyrir Enniskot. Að öðru leyti má notast við mela annarsstaðar í Víðidalnum, og er ekki nema sjálfsagt að láta slíka kafla bíða á meðan gert er við aðalfarartálmana, sem nú eru. Enda fer jeg ekki fram á, að teknir sjeu aðrir en allra verstu kaflarnir, sem gera það ómögulegt, að hægt sje að halda áfram norður, þegar góða veginum á Holtavörðuheiði sleppir. Við höfum ekkert að gera með það fólk, sem ekið hefir í bifreiðum sunnan yfir Holtavörðuheiði, ef svo verður að flytja það á hestum yfir þvera sýsluna.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja um þetta frekar, en ef ekki er talið fært að auka útgjöld ríkissjóðs vegna þessarar bráðnauðsynlegu viðgerðar Norðurlandsvegarins, þá er ekki annað fyr-

til vega, annaðhvort á Holtavörðuheiði eða þá annarsstaðar. Að ætla 70 þús. kr. í Holtavörðuveginn mun stafa af því, að vegamálastjóri telur hann nauðsynlegt samband við Norðurland. En þó að svo sje, þá kynni jeg þó betur við, að eitthvað væri dregið úr fjárframlagi til Holtavörðuheiðarvegarins, í stað þess að hirða ekkert um að gera bygðarvegina færa. Það er þegar búið að taka fram, að áætlað er að verja allmiklu fje til vegar norðan Holtavörðuheiðar, sem liggja á út á Borðeyri. Ef nauðsynlegt þykir að leggja þann veg, þá veit jeg satt best að segja ekki, hvaða rök lægju á bak við það, að engin þörf væri á vegi um Staðarhrepp hinum megin Hrútafjarðar. Því hvaða þýðingu hefir Borðeyrarvegurinn fyrir samgöngur norður um land? Ekki nokkra, eins og allir kunnugir menn geta best borið um.

Jeg held jeg láti þá nægja þetta, sem jeg hefi nú sagt, og læt þá hv. þdm. eftir að dæma um, hvort þessi vegagerð, sem brtt. mín ætlast til að unnin sje, eigi rjett á sjer eða ekki. Ef svo skyldi dæmast, að brtt. mín eigi engan rjett á sjer, þá veit jeg ekki, hvað margar brtt. á þessu þskj. ættu rjett á sjer til þess að ná samþ. hv. deildar. Annars mundi jeg kannske taka brtt. mína aftur og láta hana ekki koma til atkv., ef jeg sæi, að aðrir tækju aftur þær brtt., sem eru óriettmætari, eða öllu heldur rjettlausar með öllu.

**Einar Jónsson:** Þegar jeg kvaddi mjer hljóðs í dag og gerði grein fyrir brtt. okkar Rangæinganna um styrk til dragferju á Hólsá, þá var aðeins helmingur þdm. viðstaddur. Jeg sje, að þeir eru að vísu fleiri nú, þó að mikið skorti á, að öll sæti sjeu fullskipuð. En af því að jeg er ekki viss um nema allir þeir sömu sjeu viðstaddir nú, ætla jeg ekki að endurtaka það, sem jeg sagði í dag, heldur bæta aðeins litlu við til árjettingar.

Eins og jeg tók fram í dag, þá er stór nauðsyn á því að fá nýja dragferju á Hólsá, og það er hjartans áhugamál þeirra manna, sem hennar munu njóta, að hv. þdm. styðji að því. Jeg vil þá um leið minna á, að þó að það sje ekki mikið, sem drýpur í fjárhirslu ríkisins úr Rangárvallasýslu, þá munu þó engar sýslur hafa við aðra eins erfiðleika að stríða af völdum náttúrunnar eins og hún. Sandfok, eldgos og jarðskjálftar hafa veitt henni þungar búsifjar, auk þess sem ýmsar ár og jökulvötn hafa lagt fögur landflæmi í auðn og aur, en jafnhliða eru árnar sumar versti farartálminn í samgöngum hjeraðsbúa. Allir, sem nokkuð þekkja til, eru sammála um, að skipaferðir með suðurströndinni komi Rangárvallasýslu ekki að neinu gagni. Fje það, sem Alþingi veitir árlega til strandferða, fer því fyrir ofan garð og neðan hjá þeim, sem í Rangárvallasýslu búa. Samgönguleysið kreppir því alstaðar að, en þó eru þeir verst farnir, sem eru innikróaðir af ófærum sundvötnum á alla vegu og geta ekki frá heimilum sínum komist án þess að heim sje hjálpað.

Máske álíta sumir hv. þm., að þar sem ekki er um stærri upphæð að ræða, þá mundu hlutaðeigendur einfærir um að kosta dragferjuna. En mjer er kunnugt um, að þeir eru ekki þann veg efnum búnir, að ætlast megi

til, að þeir geti af sjálfsdáðum lagt í þennan kostnað einir.

Í þessu sambandi mætti minna á, að komið hefir til Alþingis krafa um brú á Þverá hjá Hemlu, og hún aðallega borin fram af þeim mönnum, sem mesta þörf hafa dragferjunnar. Áætlað er, að sú brú muni aldrei kosta undir 70—80 þús. kr. En jeg skal líka taka það fram, að jeg hefi ekki verið sammála hjeraðsbúum mínum um þessa kröfu og því ekki gert annað en að koma fram með erindi um dragferju í stað brúargerðar á þessum stað. Ef nú þessi litli styrkur yrði veittur viðkomandi mönnum til hjálpar, svo að ný dragferja komist á Hólsá, þá er að nokkru leyti bætt úr samgönguörðugleikum þeim, sem nú eru, og þá má einnig líta svo á, að þessar 7500 kr. komi í staðinn fyrir þær 70—80 þús. kr., sem brúin á Þverá mundi kosta.

Eins og jeg tók fram í dag, þá var það vegna andstöðu hv. fjvn., að við flm. fórum dálítið aðra leið en vegamálastjóri hafði lagt til. Hans álit var, að hjeraðið ætti aðeins að bera ⅓ kostnaðar, en vegna álits hv. fjvn. tókum við það ráð að helminga upphæðina, og því hljóðar brtt. um 7500 kr. styrk úr ríkissjóði.

Jeg ætla í þetta sinn að fylgja venju minni að vera ekki langorður, enda er leiðinlegt að flytja ræðu fyrir auðum stólum hv. þdm. Jeg mun því láta máli mínu lokið nú, en vænti, að hv. þdm. sjeu svo sanngjarnir, að þeir synji ekki hjeraðsbúum um þessa litlu upphæð, en telji sjálfsagt að hjálpa þessum mönnum, sem eru svo innikreptir af vötnum, að þeir komast ekki ferða sinna. Þar með er jeg ekki að segja, að þingið eigi að taka til greina allar þær kröfur, sem kunna að koma úr Rangárvallasýslu. En eins og jeg tók fram áðan, er Rangárvallasýsla ver sett en nokkurt annað sýslufjelag í landinu. (**LH:** Og Vestur-Skaftafellssýsla). Já, þar er líkt ástatt, jökulvötn og eyðisandar, sem margskonar farartálma valda.

Jeg sje, að hv. form. fjvn. (ÞorlJ) brosir. Hann vill kannske draga í efa, að jeg hafi lýst rjettilega nauðsyn þessa máls, en hann ætti þó frá fyrri ferðum sínum að reka minni til þeirra samgönguerfiðleika, sem Rangæingar hafa við að stríða.

Fyrir mitt leyti er jeg ekki feiminn við að láta menn sjá, að jeg greiði óhikað atkv. með öllu því, sem til samgöngubóta miðar, svo sem vegum, brúum og vitum, en hinsvegar er mjer miður vel við alla bitlinga til sjerstakra einstaklinga og mun halda minni venju án þess að blikna eða blána og greiða atkv. móti öllu slíku fargani.

**Þorleifur Jónsson:** Jeg á eina brtt. við þennan fyrri kafla fjárl., sem jeg vildi fara nokkrum orðum um, og er það XII. brtt. á þskj. 408.

Á þingmálafundum, sem haldnir voru í kjördæmi mínu áður en jeg lagði af stað til þings, komu fram áskoranir til Alþingis um að veita nokkurt fje til framlengingar þjóðveginum í Suðursveit og til þess að endurbæta veginn yfir Almannaskarð, svo að hann verði fær bifreiðum. Jeg sá mjer að vísu ekki fært að koma þessari till. fram í fjvn., af því að

jeg vissi hug hennar í vegamálum, að hún vildi ekki leggja til, að meira fje yrði varið til vegagerðar en því, sem stóð í frv. stj., enda er það með mesta móti í þetta sinn. En þegar jeg sá við 2. umr., að hv. þdm. voru óhikaðir að smeygja inn í frv. nýjum till. um fjárframlög til vegagerða og fengu þær samþ., þá þóttist jeg ekki geta setið hjá með öllu, en verða að bera fram óskir míns kjördæmis um ofurlitla upphæð til vegagerðar, og því fremur fanst mjer, að jeg mætti ekki undan fella að gera tilraun um þetta, þar sem frv. ber með sjer, að í því er ekki ætlað neitt til vegagerðar í Austur-Skaftafellssýslu, enda lít jeg svo á, að hún eigi engu síður rjett til framlags úr ríkissjóði til framkvæmda heldur en aðrar sýslur landsins.

Jeg ætla þá að byrja með að gera dálitla grein fyrir Suðursveitarveginum. Hann var lagður fyrir allmörgum árum og liggur frá Kálfafellsstað að Smyrlabjörgum, en þar sem hann endaði að austanverðu taka við vatnaleirur, sem voru vel slarkandi þangað til í fyrra sumar, að stóráin Kolgríma breytti farvegi sínum og fjell yfir þessar leirur, svo að þær urðu með öllu ófærar. Nú verður því að fara annan veg, eða öllu heldur vegleysur, langt upp með ánni, til þess að komast á betri vöð, sem þar eru. Á þessum kafla eru blautlend mýrarsund, ófær vögnum og til mikils trafala annari umferð, þó að hægt sje að slarka það lausríðandi eða með ljetting á hestum. Sem sagt er þarna fullkominn óvegur og því bráð þörf að gera upphlaðinn veg á þessum kafla. Jeg skal að vísu játa, að jeg er ekki viss um, þó að upphæðinni sje skift til helminga, að þessar 5000 kr. nægi til framlengingar Suðursveitarveginum á þeim kafla, sem um er rætt. Því miður liggja engar upplýsingar eða áætlanir fyrir um það, hvað vegagerð þessi muni kosta. En vegamálastjóri hefir skýrt mjer frá, að hann hafi beðið vegavinnustjóra þar eystra að athuga þessa torfæru ásamt ýmsu fleiru og gefa skýrslu þar um. Jeg hefi verið að bíða, í von um að skýrsla þessi kæmi, en hún er ókomin enn, og fanst mjer þá, að jeg ekki geta beðið lengur með að koma þessari málaleitan á framfæri, enda er ekki neinum blöðum um það að fletta, að bráð nauðsyn er til að fá þennan vegarspotta gerðan. Jeg hafði farið þess á leit við vegamálastjóra, að hann veitti nokkurt fje af upphæð þeirri, sem ætluð er til þjóðvega á þessu ári, og að því yrði varið til umbóta þjóðveginum í A.-Skaftafellssýslu, en hann gat ekki gefið mjer neina fulla vissu um, að það væri hægt að svo stöddu. En ef stj. sæi sjer fært að bæta þennan veg af því fje, sem ætlað er til viðhalds þjóðvega, kæmi það auðvitað í sama stað niður.

Þá vil jeg geta þess, að á þessari stórá, Kolgrímu, er ágætt brúarstæði, þar sem hún fellur í gljúfrum uppi undir fjöllunum, og mundi sú brú verða mjög ódýr. Vegamálastjóri hefir athugað þetta brúarstæði fyrir nokkrum árum, án þess þó að framkvæma verulegar mælingar, en eftir því, sem hann hafði þá skrifað niður sjer til minnis, viðurkennir hann nú, að brúin hljóti að verða tiltölulega ódýr. En hann hefir lofað að láta rannsaka þetta við fyrsta tækifæri.

Annars þykir mjer rjett að benda á, að ef vegur þessi verður gerður og

Kolgríma brúuð, þá er líklegt, að það greiði svo fyrir samgöngum milli Mýra og Suðursveitar, að komast megi í bifreiðum alla leið vestur í Suðursveit, með því þó að ferja yfir allvatnsmikinn ós, sem er á leiðinni. Hjer er því ekki um neitt hjegómamál að ræða, heldur um nauðsynjamál, sem er áríðandi fyrir hjeraðið í heild. Og ef hægt væri að fá bílfæran veg frá Höfn vestur í Suðursveit með tiltölulega litlum kostnaði, er það ómetanlegt framfaramál fyrir þær sveitir, sem nú hafa við erfiðar og ófullnægjandi samgöngur að búa.

Um Almannaskarðsveginn er það að segja, að hjeraðsbúar leggja mikið kapp á, að hann sje gerður bílfær, ef unt er. Skarðið sjálft er ekki sjerlega hátt, rúml. 500 fet yfir sjávarmál, en efst í því er brekka, sem talsvert þyrfti að gera við, svo að hún yrði bílfær. Þó telja fróðir menn, að takast muni að gera það. Og ef þær vonir hjeraðsbúa rætast, að bifreiðavegur komist yfir Almannaskarð, þá mætti komast í bifreiðum alla leið vestan frá Hornafjarðarfljóti og austur að Jökulsá í Lóni með tiltölulega lítilli aðgerð á veginum í Lóni. En allir sjá, hvað það greiddi fyrir öllum samgöngum innan hjeraðs og ljetti af hinum erfiðu lestaferðum.

Í fyrra var veitt dálítil fjárhæð til þess að endurbæta Almannaskarðsveginn og voru þá lagfærð neðri sniðin, en brekkan efst er ákaflega brött og langsamlega ófær bifreiðum enn. Mun það vandaverk að koma bílvegi þar fyrir, svo að vel fari, og ekki á annara færi en verkfróðra manna að ákveða það, enda hefi jeg í því efni leitað til vegamálastjóra og hann heitið að senda þangað austur verkfræðing nú í sumar, til þess að athuga þetta betur. Það er eins með Almannaskarð og Suðursveitarveginn, að ef það álítst fært að gera þar bílfæran veg, þá er leitt, að það dragist til 1931, og hefi jeg miðað þessa litlu fjárhæð við það, að skarðið yrði lagað þegar á næsta sumri, 1930.

Eins og jeg hefi áður minst á, taldi jeg mjer skylt að bera till. fram um þessar vegabætur í A.-Skaftafellssýslu; bæði er, að hjer er um litla fjárhæð að ræða, málið nauðsynjamál fyrir hjeraðið og hefir eins mikinn rjett á sjer eins og flestar aðrar till., sem hv. þdm. hafa flutt við fjárl. Vil jeg þó engan veginn halda því fram, að flestar þær till. eigi ekki rjett á sjer, ef fjárhagur ríkissjóðs leyfir. Jeg vil um leið nota tækifærið og tjá hv. samgmn. þakkir mínar fyrir það, að hún hefir tekið till. mína til greina um bátaferðir innan sýslu, þótt hún treysti sjer ekki til að mæla með allri þeirri upphæð, sem jeg fór fram á. Í till. minni var gert ráð fyrir 3000 kr., en n. hefir fært það niður í 2500 kr. Jeg tel þennan styrk mjög til bóta, þó hann ekki sje hærri en þetta; sjerstaklega kemur hann hinum afskektustu sveitum, eins og Öræfum, vel. Þessi hjeruð hafa lengi orðið útundan með samgöngubætur, og þó síst af því, að þeirra hafi ekki verið full þörf. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta að sinni, en vænti góðra undirtekta hv. dm. Þykist jeg ekki frekar þurfa að lýsa hinni knýjandi nauðsyn og aðkallandi þörf, sem liggur að baki þessarar till.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Jeg þarf fyrir hönd fjvn. að lýsa afstöðu hennar til brtt. frá einstökum þm., en jeg mun þó reyna að vera eins stuttorður og föng eru á. Jeg geri ráð fyrir að þetta hlutskifti mitt verði fremur óvinsælt, en um það tjáir ekki að fást.

Afstaða n. til flestra þessara brtt. er í stuttu máli sú, að hún treystir sjer ekki til að mæla með þeim. Jeg mun nú taka till. í þeirri röð, sem þær eru á þskj., en mjer þykir leitt, að ekki eru allir hv. flm. við til að heyra mál mitt, en eins og nú stendur á, er hjer frekar fátt manna í deildinni.

Þá kem jeg fyrst að brtt. I. á þskj 408. Um þessa brtt. er það að segja, að n. hefir enga skýringu fengið á því, hvaða sjerstök þörf lægi hjer að baki, og sá n. því tæplega ástæðu til að hraða útgáfu þessarar bókar svo mjög. Hinsvegar dettur n. alls ekki í hug að efast um fróðleiksgildi þessarar bókar. En það er svo margt, sem er gott og gagnlegt, en sem verður að bíða betri tíma. N. taldi og þessu verki mjög sæmilegur sómi sýndur með 1000 kr. veitingu árlega, og leggur því eindregið á móti því, að meira sje veitt í þetta skifti. Hv. þm. N.-Þ. mælti skörulega fyrir brtt., eins og hans er vandi, en þó gat jeg ekki sjeð, að rök þau, er hann færði fyrir henni, væru veigamikil. Hann talaði meðal annars um, að erfitt væri að geyma þessi smáhefti og að þau vildu týnast, en jeg vil benda honum á, að stóru heftin geta líka og engu síður týnst, og er þá meiri skaði skeður.

Þá koma tvær næstu brtt., II. og III. á þskj. 408. Þær ganga út á að styrkja nokkra hreppa til læknisvitjana, eins og þegar hefir verið gert að undanförnu við fjölda hreppa. N. bárust engar skýringar viðvíkjandi þessu atriði, og þóttist hún ekki nægilega kunnug aðstöðu þessara hreppa og öðrum málavöxtum til þess að geta tekið ákveðna afstöðu til brtt., og ljet hún því þetta óbundið af sinni hálfu.

En þess má geta í þessu sambandi, eins og hv. frsm. síðari till. tók fram, að ekki er samræmi milli brtt. og heildarútkomu þessa liðs. Tæpast munu þó hv. flm. ætlast til þess, að hinir umbeðnu styrkir sjeu dregnir af styrkveitingum til hinna hreppanna.

Þá kemur IV. brtt. á þskj. 408, frá hv. 1. þm. Árn., um að sjúklingar, sem fái styrk til að kaupa gervilimi, fái hann því aðeins, að þeir kaupi þá innanlands. Um þessa till. er sama að segja og hinar, að n. bárust engar skýringar henni viðvíkjandi, og n. taldi sig ekki nógu kunnuga því, hvort þessir menn gætu altaf í öllum tilfellum fengið gervilimina hjer á landi. Nú ef svo væri ekki, þá sýnist óneitanlega hart að neita þeim, sem ekki ættu annars úrkostar en að leita til útlanda, um styrk til kaupanna. Hv. flm. sagði, að altaf væri hægt að fá slíka gervilimi smíðaða hjer á landi. En mjer skilst þessi mögulleiki sje þó bundinn aðeins við einn mann, og ef svo er, þá er þessi fullyrðing nokkuð hæpin, því altaf getur það komið fyrir, að maðurinn forfallist, og væru þá sjúklingar samkv. brtt. með öllu útilokaðir frá styrkveitingu. Þetta ákvæði væri því mjög óheppilegt, enda fanst n. það ekki í samræmi við þann tilgang, sem liggur að baki þessum styrkveitingum. Leit n. svo á, að meiningin væri að hjálpa sjúklingum með þessum styrkveitingum, en ekki það,

að veita þessum manni einskonar atvinnunjálp, og vill halda fast við þann skilning. Leggur hún því eindregið moti brtt.

Þa koma nokkrar sviplíkar till. á þskj. 408, V., VI. og VII. liður. Alt eru þetta sjúkrastyrkir til einstakra manna, sem n. leggur eindregið á móti. Við síðustu umr. fjárlagafrv. komust inn í frv. nokkrir sjúkrastyrkir, þrátt fyrir ákveðin mótmæli n. N. hefir ekki breytt um skoðun í þessum efnum. Hún telur þessa leið öldungis ófæra og í mesta máta viðsjárvert að leggja út á hana. Það getur ekki komið til nokkurra mála, að ríkið geti veitt hverjum manni hjálp og styrk í vanheilsu eða veikindum. En ef draga á merkjalínu milli þess, hvenær slíkt sje rjett og hvenær ekki, þá telur hún það með öllu ómögulegt. Og það er satt að segja ærið óviðfeldið að hlusta á þessar ræður hv. þm., þegar þeir eru að tala fyrir þessum till. sínum og lýsa hinum bágu aðstæðum og erfiðu veikindum og vanheilsu þeirra, sem um styrk sækja. Engum dettur að vísu í hug að neita því, að þessir menn sjeu þurfandi hjálparinnar, en á það ber að líta í því sambandi, að telja mætti upp tugi eða hundruð manna, sem eins illa eða jafnvel ver væru settir, og sem því hefðu sama rjett til hjálpar af hálfu hins opinbera og væru hennar síst ómaklegri. En með því að veita þessum fáu mönnum styrk er um leið gengið á rjett hinna vesalinganna mörgu, sem engan slíkan styrk fá. Jeg endurtek það því og ítreka, að n. telur þessa leið alveg ófæra og hefði reynt að taka út þá sjúkrastyrki, sem komust inn við 2. umr., ef hún hefði sjeð það líklegt til nokkurs árangurs. Væntir hún þess, að hv. Ed. muni kippa þessu í lag, því allir hljóta að skilja, að hjer er um hreina vandræðaraðstöðu að ræða hvað snertir að ríkið geti á þennan hátt hjálpað öllum sjúklingum á landinu. Jeg mun svo ekki fara nanar inn á þessar einstöku till., en læt nægja að tala alment um efnið. N. mælir eindregið á móti öllum þessum till., alveg án tillits til þess, hverjar ástæður liggja að baki hverrar einstakrar till. Ef líta ætti á þær sem sjerstakar, gætu slíkar styrkveitingar verið rjettlætanlegar út af fyrir sig, en eins og jeg hefi tekið fram, þá mætti tilfæra hundruð slíkra tilfella, sem engu síður ættu rjett til styrktar. En það er þessi braut, sem fjárveitingarvaldið gengur inn á með þessum styrkjum, sem n. telur viðsjála í mesta lagi. Annars mun stoða lítt að tala um þetta hjer eins og sakir standa, en n. leggur eindregið á móti þessum þrem liðum á þskj. 408, af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar gert grein fyrir.

Þá kem jeg að lið VIII. á þskj. 408. Er það brtt. frá hv. þm. Dal. o. fl. við 12. gr., um að veita tilteknum manni styrk til tannlækninganáms erlendis. Um þessa brtt. er það að segja, að n. legst algerlega á móti henni, með þeim rökstuðningi, að þessi maður ætti að heyra undir þann lið, sem veittur er til styrktar námsmönnum erlendis. Mjer skildist á hv. flm., að þessi maður gæti ekki komist undir þann lið, en það er mesti misskilningur. Enginn liður á undanfarandi fjárl. er hliðstæður þessum lið, c. við 14. gr., sem nú hefir verið settur inn og n. hefir lagt til að væri hækkaður úr 4 þúsund krónum upp í 8 þúsund krón-

ur, eins og samþ. var við 2. umr. Með þessum viðbótarstyrk er ætlast til, að menn, sem nám stunda erlendis, gætu fengið hjálp til þess án þess að það sje bundið við nokkurt sjerstakt nám. N. var það reyndar ljóst, að þessi styrkur myndi ekki nægja til þess að veita þeim öllum styrk, sem um hann sæktu, en það er í hendi mentamálaráðsins að úthluta honum. Að þessi styrkur sje ekki einungis miðaður við háskólanám erlendis, frekar en annað nám, má sjá af því, hvernig þessi liður er orðaður. 14. gr. B. II. a. er „námsstyrkur til stúdenta í erlendum háskólum, 24 þús. kr." En c-liðurinn er „*námsstyrkur* samkvæmt ákvörðun mentamálaráðs, 8 þús. kr." Það er því ekki hægt að skilja þetta orðalag öðruvísi en að þessi maður, sem brtt. getur um, eigi kost á styrkveitingu af þessum lið, ef mentamálaráðið álítur hann þess maklegan. En um það atriði getur n. að sjálfsögðu ekkert sagt. Af þessum ástæðum mælir n. á móti þessum sjerstaka námsstyrk og telur eigi rjett að taka þennan mann út úr, fyrst á annað borð hefir verið horfið að því ráði að láta mentamálaráðið hafa með slíkar styrkveitingar að gera.

Þá er næst brtt. IX., við 13. gr., frá hv. þm. N.-Þ. o. fl. Er hjer farið fram á einskonar sjúkrastyrk eða uppbót til pósts nokkurs vegna langvarandi heilsubilunar, sem hann á að hafa hlotið af ofreynslu í póstferðum. Um þetta hefir verið rætt nokkuð áður hjer í deildinni, og þó styrksupphæðin hafi nú verið færð lítilsháttar niður, sje jeg ekki ástæðu til að eyða tíma í að tala um hana, en afstaða n. er enn sú sama og áður; hún leggur eindregið á móti þessari styrkveitingu.

Þá koma nokkrar till., sem eru í raun og veru svipaðs eðlis, sem sje tillög til vega, brúa og annara samgöngubóta á landi. Alls eru þessar till. sjö talsins, ef telja á dragferjurnar með. Samtals nema þessar till. útgjaldahækkun, sem nemur um 90 þús. kr. N. getur fyllilega viðurkent, að hjer sje um þarfa hluti að ræða, en bendir hinsvegar á, að í fjárlagafrv. eru nú áætlaðar fast að 1 milj. kr. til slíkra framkvæmda, og er það meiri upphæð en áður hefir verið veitt í þessu skyni. Hinsvegar vill n. benda á, að nú er svo komið, að horfurnar á því, að afgreiða fjárl. tekjuhallalaust, eru engan veginn góðar. Með hliðsjón af þessu taldi n. ófært að leggja til, að þessum framlögum væri enn bætt við. Ef svo væri gert, yrði eitthvað að gera til þess að auka tekjur ríkissjóðs að sama skapi. En n. hefir ekki sjeð sjer fært að gera neina tilraun í þá átt, og því hefir sú orðið niðurstaðan, að meiri hl. n. hefir orðið á einu máli um að leggja á móti þessum fjárveitingum. N. telur erfitt að gera upp á milli þessara till.; þær hafa allar meiri og minni rjett á sjer. Jeg vil nú minnast lítið eitt á hverja þeirra fyrir sig.

Fyrst er þá brtt. hv. þm. V.-Húnv. um fjárveitingu til Húnavatnssýsluvegarins. Jeg skal geta þess, að n. hefir borið allar þessar till. undir vegamálastjóra, og þar á meðal þessa till. Hann sagðist vitanlega ekki leggjast á móti þessu, og að það gleddi sig, ef þingið treysti sjer til að bæta við fjárframlögum í þessu skyni, en sjálfur kvaðst hann ekki hafa treyst sjer til að fara fram á meira fje að svo stöddu. Og að hans áliti á þessi till. ekki meiri rjett á sjer en aðrar till.

sömu tegundar, nema því aðeins, að ríkið bæti enn við fjárframlagi til vegamála. (**HJ**: Þetta er þvert ofan í till. hans 1925). Þetta er a. m. k. samkv. till. hans 1928. Annars skildist mjer á hv. flm., að það væri dálítið vafasamt, hvort rjett væri að bæta þessari till. við, og að hitt hefði ef til vill verið heppilegra, að þessi fjárhæð væri dregin frá annarsstaðar, m. ö. o. að önnur vegabót væri látin sitja á hakanum í stað Húnavatnssýsluvegarins. Jeg skal nú ekki um þetta segja, og enda þótt sjálfsagt sje þörf á að bæta þennan veg, þá gat ræða hv. flm. ekki sannfært mig um það, að sú þörf væri mun brýnni þar en víða annarsstaðar. Það er t. d. mikið efamál, hvort rjettara er að fullgera veginn um alla Húnavatnssýslu, en láta veginn yfir Holtavörðuheiði bíða. Annars get jeg ekki sjeð, að Húnavatnssýsla þurfi að kvarta öðrum sýslum fremur. Jeg held, að hvergi á landinu hafi eins mikið verið gert í þessum efnum hin síðustu árin og einmitt þar. Brýr hafa verið bygðar á allar helstu ár sýslunnar og akfært er nú orðið um svo að segja endilanga sýsluna, enda gengu bílar síðastliðið sumar alla leið frá Borgarnesi til Blönduóss fastar áætlunarferðir, að jeg hygg langt fram á vetur. Enda kom það í ljós, að hv. þm. V.-Húnv. taldi líka þörf á að gera við veginn á Holtavörðuheiði, og ætla jeg ekki að deila við hann um þetta, því að jeg er ekki nógu kunnugur þarna til þess að geta sagt um, hvort það er nauðsynlegra að leggja þessar 70 þús. kr. í veginn á Holtavörðuheiði. Jeg vil aðeins benda á það, sem vegamálastjóri hefir látið um mælt, að reynt yrði að bæta úr augljósustu göllunum þarna sem annarsstaðar af viðhaldsfje þjóðveganna. Jeg er, eins og jeg tók fram áðan, ekki vel kunnugur í Húnavatnssýslu, en jeg hefi auðvitað tekið eftir því, að vegurinn austan Hrútafjarðar er ekki góður; en þegar jeg var þar síðast á ferð, þá var verið að vinna þar að viðgerðum á veginum og voru margir menn þar að verki. Dalsá, sem er mikill farartálmi, verður brúuð nú í sumar eða næsta sumar, eftir því sem vegamálastjóri hefir sagt, og má skoða það sem ákveðið loforð.

Þá vil jeg minnast á næstu brtt., sem er um 15 þús. kr. framlag til þess að leggja veg frá Þórshöfn inn Þistilfjörð. Hv. þm. N.-Þ. mælti skörulega fyrir henni, og dreg jeg það ekki í efa, að full þörf er á þessu. Og í sambandi við það vil jeg beina því til hv. þm. V.-Húnv., að þau hjeruð, sem enn hafa ekki fengið vegi svo teljandi sje, mega ekki víkja fyrir Húnavatnssýslu, sem sannarlega hefir ekki verið látin sitja á hakanum. Það væri ekki rjettlátt. (**HJ**: Hvenær má reiða sig á orð vegamálastjóra?). Jeg hefi ekki orðið annars var en að till. hans væru sæmilega sanngjarnar og jeg býst við, að áætlanir hans megi einnig telja sæmilega áreiðanlegar. Till. hans og áætlanir ber þó að sjálfsögðu frekar að skoða sem till. um, hvað honum sýnist heppilegast að leggja til í þessu efni heldur en sem ákveðna mælisnúru, sem sje ófrávíkjanleg. — Um Þistilfjarðarveginn er það að segja, að eftir upplýsingum vegamálastjóra verður Hafralónsá brúuð árið 1930 og lagður að brúarstæðinu nýr vegarspotti, frá Þórshöfn, sem er um 8 km. og sem þegar er byrjað á

að gera akfæran. Ennfremur upplýsti vegamálastjóri, að þessi vegarspotti yrði gerður akfær fyrir viðhaldsfje, til þess að hægt yrði að koma efninu í brúna á sinn stað, og er það auðvitað til stórbóta fyrir hjeraðið. 1931 væri svo hugað að taka upp allverulega fjárveitingu til þess að halda áfram vegagerðinni. Með þetta fyrir augum fínst n., að ástandið í þessum efnum sje sæmilega viðunandi í þessu hjeraði, og að það sje hægt að gera sjer það að góðu og láta þar við lenda, þó að ekki komi þessi fjárveiting í viðbót, þó það sje fyllilega játað, að hjeraðið hefir mikla þörf fyrir auknar samgöngubætur.

Næsta brtt. er frá hv. þm. A.-Sk., um að veita 10 þús. kr. til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu. Jeg get látið sömu ummæli fylgja um hana, að þetta er efalaust mjög nauðsynlegt, en vegamálastjóri gerir ráð fyrir að láta vinna þar að vegabótum fyrir viðhaldsfje, og enn er ekki búið að rannsaka, hvað kostar vegagerð fyrirhuguð á Almannaskarði, en með þessum viðhaldsendurbótum verður áreiðanlega bætt úr mestu þörfinni.

Þá kemur till. frá hv. þm. Barð. um að hækka tillagið til brúargerða um 35 þús. kr., með það fyrir augum, að brúaðar verði tvær ár í Barðastrandarsýslu. N. hefir sjálfsagt ekkert á móti því fyrir sitt leyti, ef stj. þykir það rjett að þessar brýr verði byggðar, og vegamálastjóri hefir tjáð n., að hann legði til, að það yrði gert 1930. Svo er einnig varatill. frá sama hv. þm. um það, að í staðinn fyrir hækkunina komi aths. við liðinn, sem tryggi það, að þessar ár verði brúaðar af því fje. Hv. þm. skaut því til mín, hvort jeg gæti ekki svarað því ákveðið, hvort stj. mundi láta framkvæma þetta. En þó að n., eins og jeg áður sagði, leggi ekki á móti byggingu þessara brúa þegar það álítst sanngjarnt, get jeg vitanl. engu svarað fyrir hönd hæstv. stj. Enda eru nú orðaskifti þessa hv. þm. og hæstv. fors.- og atvmrh. venjulega það vinsamleg hjer í deildinni, að þeir ættu að geta skiftst á orðum um þetta án nokkurrar milligöngu frá minni hálfu.

Þá koma tvær brtt. dálítið nýstárlegar, sem eru um framlag til bygginga á dragferjum. Sú fyrri er um dragferju á Hólsá hjá Ártúnum í Rangárvallasýslu, og var nauðsynin mjög ítarlega skýrð af hv. 1. þm. Rang., og efast jeg ekkert um, að það sje rjett. Jeg vil þó benda á, að hjer er verið að fara inn á nýja braut, ef á að fara að styrkja allar dragferjur á sama hátt. Eftir því sem vegamálastjóri hefir upplýst, hafa að vísu einar þrjár dragferjur fengið undanfarið um 1 þús. kr. styrk hver, en eftir þessum till. á ríkissjóður að leggja fram helming kostnaðar við byggingu dragferjanna. Jeg skal þá í þessu sambandi geta þess, að það var ekki rjett hjá hv. flm. till., að þetta sje minna heldur en það, sem áður hefir verið veitt í samskonar tilfellum, heldur þvert á móti, og vísa jeg í því efni til þeirra upplýsinga, sem jeg gaf um slíka styrki áður. Þarna er því um alveg nýtt fyrirkomulag að ræða, og þó að n. viðurkenni fyllilega, að þarna sje um þarft verk að ræða, þá treystir hún sjer ekki til að mæla með þessu.

Næst kemur till. frá hv. þm. Árn. um framlag til umbóta á veginum upp Hrunamannahrepp, og er farið

fram á helming kostnaðar. Fyrir n. lágu engar skýrslur um það, um hverskonar veg væri að ræða, hvort það væri þjóðvegur, sýsluvegur eða hreppavegur, en flm. till. upplýsti, að það mundi vera sýsluvegur. Hvort sem þetta var nú sýsluvegur eða hreppavegur, þá sá n. ekki ástæðu til þess að veita þessum hreppi styrk fremur en öðrum. Sje um sýsluveg að ræða, þá á hreppurinn aðgang að því að fá helming kostnaðar af því fje, sem veitt er til sýsluvega, og þó að það fje verði máske ekki fullnægjandi, sem vel má vera, þá getur hreppurinn þó altaf gert sjer vissa von um að fá þarna töluverðan styrk. N. taldi heppilegri leið að hækka tillagið til akfærra sýsluvega heldur en að taka einstaka hreppa út úr með beinan styrk úr ríkissjóði, því að þörfin er víða og margir mundu heldur kjósa að fá styrkinn beint til sín heldur en að verða að flýja á náðir sýsluvegasjóðanna. Þetta mundi þannig skapa fordæmi. Í framsöguræðunni gat hv. flm. till. þess, að þetta væri gert með tilliti til mjólkurflutninga, en n. gat ekki sjeð, að þeir hefðu nein forrjettindi umfram hverja aðra flutninga.. N. leggur því á móti till., þar sem hún telur þetta ekki heppilega braut, og þó að upphæðin sje ekki sjerstaklega há, þá safnast þegar saman kemur, ef allir hreppar kæmu með samskonar kröfur.

Þá kemur till. frá hv. samgmn. um að hækka framlagið til bátaferða um 11500 kr., og getur n. fyrir sitt leyti stutt þá till.

Þá er næst XIX. brtt., frá hv. 1. þm. S.-M., um loftskeytastöð í Papey, endurtekin frá 2. umr. að öðru leyti en því, að tillagið er fært niður. Aðstaða n. er óbreytt frá því, sem þá var, og ætla jeg því ekki að fjölyrða um hana, þar sem ekki er um neitt nýtt að ræða nema þessa lækkun á framlaginu.

Þá kemur XX. brtt., frá hv. þm. N.-Ísf., við 13. gr., þess efnis, að setja aths. aftan við liðinn um nýjar símalagningar. N. hefir í nál. sínu skýrt greinilega frá aðstöðu sinni til nýrra símalagninga, og get jeg því vitnað til þess. Eins og hv. þdm. vita, þá hefir landssímastjóri gert till. um byggingu nýrra símalína 1930, og þó að n. sje að vísu ekki vel ánægð með þær að því leyti, að þar er lagt meira í eina línu heldur en n. telur rjett, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að láta þetta afskiftalaust. N. hefir ekki talið sig hafa aðstöðu til þess að leggja móti till. landssímastjóra um það, í hverri röð eigi að leggja línurnar, og vill því ekki mæla með þessari till., sem ruglar þeirri röð, en vísar til þess, sem landssímastjóri hefir lagt til og finna má í áliti n.

Þá er næst till. frá hv. sjútvn. um að veita 4 þús. kr. til þess að gefa út hafnsöguskrár með uppdráttum. Þetta er flutt eftir ósk vitamálastjóra, og hann hafði mæltst til þess, að fjvn. tæki það upp, en n. treysti sjer ekki til að verða við þeirri ósk, og þó að hv. sjútvn. beri nú fram þessa till., þá verður n. að vera sömu skoðunar og fyr, að þó að útgáfa þessarar bókar kunni að vera þarfleg, þá muni það ekki valda neinum óþægindum, að hún dragist eitthvað lengur. N. treystir sjer því ekki til að mæla með þessu.

Þá er næst till. frá hv. þm. N.-Ísf og hv. þm. Ísaf., um að veita 14 þús. kr. sem þriðjungsgreiðslu til bryggjubyggingar í Hnífsdal í Eyrarhreppi fyrir n. lá áætlun um þetta, þar sem gert er ráð fyrir, að þetta muni kosta yfir 80 þús. kr., og var farið fram á að fá helming kostnaðar. N. sá sjer ekki fært að taka þetta upp, þar sem meðal annars er mjög vafasamt að hennar áliti, hvort hreppurinn reis ir sjer ekki hurðarás um öxl með þessu, og hinsvegar fje af skornum skamti til þessara hluta. N. sjer sjer því ekki fært að mæla með þessu, en vill þó ekki neita því, að hjer er um merkilegt mál að ræða. Hv. flm. till. talaði um það í ræðu sinni, að nú lægi við borð, að margir ungir menn færu burt úr þessu plássi vegna erfiðleika um sjósókn, en jeg er nú mjög í vafa um, að þetta mundi lækna þá hættu, sem þarna er á ferðinni.

Þá er brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. um 75 þús. kr. styrk til bryggjugerðar á Siglufirði, og til vara 60 þús. kr. Hv. flm. talaði skörulega fyrir þessu og taldi vafalaust, að það yrði samþ. Fyrir n. lá engin kostnaðaráætlun, teikning eða neitt slíkt, snertandi þessa bryggju eða hafnargerð, fyr en nú rjett fyrir umr.; þá kemur fram lauslega áætlun frá verkfræðingi hjer í Reykjavík, sem alls ekki stóð fyrir verkinu, heldur vann eitthvað að undirbúningi þess. Hann skýrir lauslega frá því, hvað sje gert ráð fyrir, að þessi mannvirki kosti. Þá lá heldur engin krafa fyrir n. um þetta, hvorki frá Siglfirðingum eða flm. þessarar brtt., fyr en brtt. kom fram. En eftir framkomu hennar athugaði n. þó þetta mál, og jafnframt kröfur Siglfirðinga á hendur ríkissjóði í þessu hafnarmáli, og komst að peirri niðurstöðu, að í hafnarlögum Siglufjarðarkaupstaðar er aðeins gert ráð fyrir ábyrgð ríkissjóðs fyrir 125 þús. kr., en síðar er heitið láni, sem nemi sömu uppnæð. En á þinginu í fyrra er svo Siglufjarðarkaupstað veitt ábyrgð fyrir 250 þús. kr. til þess að koma máli þessu í framkvæmd. Mjer skilst því, að ríkissjóður hafi gert fullkomlega skyldu sína í þessum efnum. Að það sje ósamræmi gagnvart gerðum fyrri þinga, ef brtt. þessari verður hafnað, er alls ekki rjett, og því til sönnunar vil jeg benda á, að fyrir þinginu í fyrra lá beiðni frá Akureyrarbæ um 75 þús. kr. styrk til bryggju- og hafnargerðar þar, en þeirri beiðni var ekkert sint. Fengu Akureyringar þannig enga áheyrn hjá þinginu um hafnarmál sín. Enda ekki við því að búast, því þar sem jafngóð aðstaða er hvað hafnirnar snertir eins og þar og á Siglufirði, þá er það engin vandræðaráðstöfun að leggja fram fje til bryggjugerða, svo framarlega, sem það er fáanlegt með viðunandi kjörum, og sem ríkið hefir fyllilega stutt með ábyrgð sinni í þessu tilfelli. Jeg held því, að Siglfirðingum sje síst ofvaxið að bera kostnaðinn við þessa bryggjugerð, þar sem líka hún er ekki talin munu kosta nema 350 þús. kr. ásamt vegagerð og byggingum í landi, sem eru áætlaðar 48 þús. kr. Er í þessari upphæð innifalin dýpkun á höfninni, sem eigi er unt að gera sjer grein fyrir, hve mikið kostar af yfirliti verkfræðingsins. Til sönnunar því, að Siglfirðingum sje þetta í raun og veru alls ekki ofvaxið, vil jeg benda á, að síldareinkasalan ein hefir greitt í hafnar- og bryggjugjöld síðastl. ár fyr-

ir útflutning frá Siglufirði fullar 16 þús. kr., og eru gjöldin þannig: 10 aurar fyrir hverja tn. af saltaðri síld og 25 aurar fyrir hverja tn. af kryddsíld og sykursaltaðri síld. Til samanburðar má geta þess, að á Akureyri er þetta gjald ekki nema 5 aurar á hverja tn. síldar, eða helmingi lægra á hverja tn. saltsíldar og 5 sinnum lægra á hverja tn. kryddsíldar en á Siglufirði. Og af tómum tn. er 5 aura gjald af hverri tunnu á Siglufirði, en 2 aurar á Akureyri. Alls hefir einkasalan greitt í hafnar- og bryggjugjöld á Siglufirði yfir 20 þús. kr. síðastl. ár, og sá eini tekjuliður hafnarsjóðs nægir til þess að greiða 6% vexti af þeim kostnaði, sem áætlaður er til þeirra hafnarmannvirkja allra, sem hjer er um að ræða, ásamt húsum og vegi þar að. Þetta sýnir ljóslega, að ekki getur verið örðugt fyrir kaupstaðinn að standa straum af þessum mannvirkjum, þar sem hann hefir til þess fengið hagkvæm lán.

Hv. 2. þm. Eyf. gat þess, að engin höfn á landinu væri jafnmikið notuð eins og höfnin á Siglufirði, og því bæri frekar að láta hana fá styrk af ríkisfje. Þetta verður að teljast alveg öfug röksemd hjá hv. þm., því að hin mikla notkun hafnarinnar bendir einmitt til þess, að hún gefi miklar tekjur í hafnargjöldum o. fl. og eigi þar af leiðandi auðveldara með að standa straum af útgjöldum sínum styrklaust. Mjer virðist því, að þessi till. fjvn., að leggja á móti styrkbeiðni þessari, sje fyllilega sanngjörn, miðað við hvernig tekið hefir verið öðrum samskonar styrkbeiðnum, t. d. frá Akureyrarbæ í fyrra.

Þá er till. um lendingarbætur í Arnardal í Skutulsfirði, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar, eða 1200 kr. Um þessa till. er hið sama að segja og þá síðustu, að fyrir n. lágu hvorki uppdrættir eða áætlanir um þetta mannvirki. En nú undir umr. hefir flm. till. þessarar sýnt mjer uppdrátt af því. N. var einhuga um, að sjálfsagt væri að krefjast þess, að áætlanir lægju ávalt fyrir um kostnað við slík mannvirki sem þessi, gerðar af skrifstofu hafnargerðanna, áður en fje er veitt til þeirra, og á þeim grundvelli lagði hún á móti till. En þar sem áætlanir þessar eru nú komnar, get jeg ekki sagt um afstöðu einstakra nm. til hennar. Alveg hin sama ástæða lá til grundvallar fyrir n., þegar hún lagði á móti till. um fjárveitingu til lendingarbóta í Flatey. Áætlanir um verkið lágu engar fyrir n., og enda þótt flm. till. skýrði hana, þá er alls ekki ljóst, hvernig málið liggur fyrir. Verð jeg því fyrir hönd n. að leggja á móti till. þessari.

Þá er síðasta till., um 15 þús. kr. fjárveitingu til brimbrjótsins í Bolungarvík. Eins og það mál liggur fyrir nú, get jeg lýst því yfir fyrir hönd n., að hún leggur mjög eindregið á móti till. þessari. Fyrst og fremst fyrir þá sök, að hlutaðeigandi hreppsbúar treysta sjer ekki til að leggja fram meira fje en á móti þeirri fjárveitingu til þessa mannvirkis, sem er í núgildandi fjárl. Sömuleiðis tók hv. flm. till. þessarar það fram, að ágreiningur væri á milli vitamálastjóra og hlutaðeigandi manna þar vestra um það, hvernig verki þessu skyldi hagað. Og þó nú ekki væri annað en það, þá telur

n. alls ekki forsvaranlegt, að ríkið leggi fram fje til þessa verks, meðan svo er ástatt, því eins og kunnugt er, hefir mál þetta legið fyrir mörgum þingum, og altaf hefir það kveðið við, að þá væri um síðustu fjárveitingu til verksins að ræða. Og þingið hefir jafnan gert sjer vonir um, að svo kynni að verða, en þær vonir hafa altaf brugðist og altaf hafa komið fram árlega nýjar og nýjar kröfur um fjárveiting til verksins, af því það, sem gert hefir verið, hefir ónýtst og eyðilagst meira og minna jafnharðan. Og altaf hafa þeir kent hvor öðrum um, vitamálastjóri og hlutaðeigendur. Hver eða hverjir hjer eiga sök á mistökunum, vildi jeg ekki dæma um, en það er víst, að alveg verður að teljast óforsvaranlegt að veita meira fje til verksins, meðan ekki er fengin full vissa fyrir því, að það komi að tilætluðum notum. En fyrir því virðast víst engar líkur að svo komnu, því að eftir því, sem jeg skildi hv. flm. till., þá er ennþá hver höndin upp á móti annari hvað verk þetta snertir.

Þá eru till. ekki fleiri, og læt jeg því við þetta sitja að sinni.

**Sigurður Eggerz:** Það er að sjálfsögðu rjett hjá hv. frsm., að samkv. orðalaginu á aths. þeirri, sem fylgir fjárveitingunni um hinn almenna stúdentastyrk, þá megi veita fleiri stúdentum styrk af því fje en þeim, sem stunda háskólanám við erlenda háskóla. En nú er það vitanlegt, að mentamálaráðið telur sig bundið við fyrri venjur í þessu efni, en þær eru að veita einungis þeim stúdentum styrk af þessu fje, sem stunda nám við erlenda háskóla. Að fara því að vísa þessum manni, sem jeg er hjer að bera fram, á þessar 8 þús. kr., sem mentamálaráðið hefir yfir að ráða, er öldungis sama og gefa bankaávísun á innstæðu, sem engin er til, en það hefir ekki þótt og þykir ekki fínt af þeim, sem það gera. Það virðist því tæplega sæmandi fyrir hið háa Alþingi að fara þannig að. Hjer er því beinlínis verið að rjetta þessum fátæka námsmanni steina fyrir brauð. Eins og jeg tók fram áðan, er hjer um mjög efnilegan námsmann að ræða, mann, sem hefir sterka löngun til þess að komast áfram á þeirri braut, sem hann þegar hefir lagt út á. En hann skortir fje til þess. Mjer finst því, að það væri ærið hart af hv. dm., ef þeir feldu þessa litlu fjárveitingu til hans og skildu hann þannig eftir einmana á eyðiskeri fátæktarinnar í framandi landi. Jeg ber það traust til hv. dm., að þeir láti sig ekki henda slíkt.

**Bernharð Stefánsson:** Mjer voru það mikil vonbrigði að heyra, hvernig hv. frsm. fjvn. tók í brtt. mína um fjárframlag til bryggjugerðar á Siglufirði, því að eins og jeg sagði í fyrri ræðu minni, bjóst jeg fastlega við því, að n. myndi ekki leggjast á móti þeirri brtt., og þó olli það mjer mestrar undrunar að heyra þau rök, sem hv. frsm. bar fram gegn brtt. Hann gekk alveg framhjá þeim einu rökum, sem frambærileg hefðu verið, getuleysi ríkissjóðs. Fyrir því verður að beygja sig, þótt um góð mál sje að ræða.

Hv. frsm. sagði, að n. hefði ekki haft fyrir sjer kostnaðaráætlun, uppdrátt eða slíkt. Þó viðurkendi hann, að n. hefði fengið umsögn verkfræð-

ings um málið, en kvað hana lauslega. Jeg sá þessa umsögn og jeg staðhæfi, að af henni mátti fá ljósa hugmynd um þetta mannvirki. Annars þykir mjer undarlegt, hve hv. fjvn. er ófróð um málið, þar sem hún bar fram í fyrra brtt. um ábyrgðarheimild handa ríkisstj. fyrir lánveitingu til þessarar bryggjugerðar, sem var samþ. Í fjvn. eru nú sömu mennirnir og þá, að einum undanteknum. Jeg býst við, að fjvn. hafi haft eitthvað fyrir sjer, þegar hún bar þessa brtt. fram. (**IngB:** N. heimilaði stj. að ábyrgjast lán, vitanlega að fengnum fullnægjandi gögnum). Það er mjög undarlegt, að n. skyldi vera þessu máli fylgjandi í fyrra, en segja nú, að gögn skorti. Annars held jeg, að fjvn. hefði ekki verið miklu fróðari um málið, þótt hún hefði fengið uppdrátt. Jeg efast um, að hv. nm. hafi svo mikið vit á verkfræðilegum efnum, að þeir skilji slíkan uppdrátt. Þá sagði hv. frsm., að ekkert stæði um það í hafnarlögum Siglufjarðar, að ríkissjóður legði þar fram fje til hafnarbóta. Þetta er rjett, en lögin eru sett fyrir nokkru og aðstaðan breytt. Siglufjörður á kröfu á því að njóta jafnrjettis við aðra kaupstaði landsins.

Hv. frsm. sagði, að ekkert ósamræmi væri í því, þótt Siglfirðingum væri synjað um þessa fjárveitingu, því að Akureyri hefði verið synjað um samskonar fjárveitingu í fyrra. En mjer finst ósamræmi í því, að Ísafjörður hefir fengið 60 þús. kr. til bryggjugerðar, Hafnarfjörður á að fá á sínum tíma ⅓ framlags og Vestmannaeyjar ¼ hluta til sinna hafnarmannvirkja. Akureyri varð fyrir órjetti í fyrra, samanborið við þessa kaupstaði, og það bætir ekki úr, að Siglufjörður verði fyrir samskonar ranglæti nú. Annars dreg jeg það í efa, að bryggjan verði sá gróðavegur fyrir Siglufjörð, sem hv. frsm. ljet í veðri vaka. Hann sagði, að Siglfirðingar tækju há bryggjugjöld og nefndi í því sambandi, hvað síldareinkasalan yrði að borga. Það munu líka vera aðaltekjur Siglufjarðar af bryggjugjöldum, sem þaðan koma. Hv. frsm. var að leggja Siglfirðingum það til lasts, að bryggjugjöld væru hærri þar en á Akureyri. En þess er að gæta, að bryggjurnar á Akureyri voru bygðar fyrir stríð, og er því óvíst, að bryggjugjald á Siglufirði sje hlutfallslega hærra samanborið við verð bryggjunnar, því þar var bryggjan bygð á dýrari tíma.

Hjer er ekki um annað að ræða en það, hvort Siglufjörður á að njóta jafnrjettis við aðra kaupstaði landsins. Ráðið til þess að lækka bryggjugjöldin er að veita bænum nokkurn styrk til að standast þann kostnað, sem af bryggjugerðinni leiðir. En það er auðsætt, að fjvn. vill ekki láta Siglufjörð njóta þessa jafnrjettis. Jeg hefi áður orðið þess var, að til eru menn í fjvn., sem andar jafnan kalt frá til Siglufjarðar. Hjelt jeg þó, að þessir menn hefðu ekki smitað svo út frá sjer, sem raun ber vitni um. Og jeg ætla að treysta svo mikið á sanngirni hv. þdm., að jeg vænti þess, að allir þeir, sem fyrir skömmu greiddu atkv. með hafnarlögum fyrir Hafnarfjörð, fylgi einnig þessari till., og þá ætti henni að vera borgið.

**Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson):** Út af ummælum hv. þm. N.-Þ. um ferðir Eyjafjarðarbáts vil jeg taka

það fram, að öll n. vildi leggja áherslu á það, að báturinn kæmi að sem bestum notum, og mjer er óhætt að fullyrða, að n. muni leggja til, að hann hafi eins marga viðkomustaði á leiðinni austur á Þórshöfn og unt er. Vona jeg, að hæstv. stj. taki þetta til greina, er hún semur við útgerð bátsins. Næsta ár ætlast n. til, að báturinn fari 6 ferðir austur frá maí til október, eða eina ferð á mánuði, og eftir orðum hv. þm. N.-Þ. að dæma er þetta í samræmi við óskir hans. N. vill haga viðkomustöðum eins og best þykir henta.

Þá vil jeg víkja lítið eitt að því, er hv. frsm. sagði um mínar till. Jeg flutti enga brtt. við 2. umr. fjárl., og hefi jeg áður skýrt frá ástæðunum til þess. Meiri hl. fjvn. leggur á móti aths. aftan við liðinn um nýlagningu síma. Mjer finst þetta einkennilegt, því að hlutaðeigandi hreppar hafa loforð um símalínu í símalögunum allan tímann frá 1913, og hafa því beðið nógu lengi eftir henni og beðið nóg tjón af þeim drætti, sem orðið hefir. Vona jeg, að hv. deild líti á þetta öðrum augum en hv. fjvn. Því fremur sem landssímastjóri hefir skriflega lofað, að þessi lína yrði lögð næst eftir Barðastrandarsýslusíma.

Viðvíkjandi fjárveitingu til bryggju í Hnífsdal vil jeg endurtaka það, sem jeg sagði hjer áður, að vegna þeirra örðugleika, sem steðja að mönnum sökum lendingarleysisins, er hætt við, að menn vilji ekki binda framtíð sína við þetta þorp, ef ekki verður bót á því ráðin. Jeg skal reyna að gera mönnum dálítið ljóst með tölum, hvernig ástandið er og hvílíkt tjón leiðir af bryggjuleysinu. Ef gert er ráð fyrir, að 15 bátar með 6 mönnum hver fari 160 sjóferðir á ári, og 3—5 tíma taki að skipa fiskinum upp, eins og nú er, þegar sæmilega fiskast, en 2 tíma eftir að bryggja væri komin, og hver klukkustund er reiknuð á 80 aura, þá sjest, að tapið, sem af bryggjuleysinu leiðir, nemur meira en 20 þús. kr. á ári.

Jeg held, að enginn, sem þekkir til Hnífsdælinga, muni efast um, að þeir standi við skuldbindingar sínar. Að því hlýtur að koma fyr eða síðar, að þessi bryggja verði bygð, ef þetta þorp á ekki að leggjast í eyði, en það myndi öllum, sem til þekkja, þykja illa farið, einkum ef svo færi vegna þess, að ríkissjóður hefði ekki viljað leggja fram ⅓ til bryggjugerðar. Þörfin á slíkum framkvæmdum er ekki meiri annarsstaðar.

Um lendingarbótina í Arnardal er það að segja, að það er rjett, að gögn um hana lágu ekki fyrir n. Jeg fjekk ekki plögg frá vitamálastjóra fyr en í fyrrakveld, en vona, að hægt verði fyrir fjvn. að athuga málið áður en atkvgr. fer fram, þar sem jeg nú hefi afhent henni áætlun og teikningu.

Það var margt rjett hjá hv. frsm., sem hann sagði um brimbrjótinn í Bolungarvík. Það hefir oft verið ágreiningur á milli hjeraðsbúa og vitamálastjóra. Mín till. er sú, að farið verði eftir till. vitamálastjóra í þetta sinn. Vel má vera, að hreppsbúar vilji ekki eða geti ekki lagt fram þær 15 þús. kr., sem áskildar eru í till., en þá fellur skylda ríkissjóðs til framlags að sjálfsögðu niður.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Í ræðu minni í dag tók jeg fram flest það,

sem jeg hefi að segja um þennan kafla fjárl., og skal eigi endurtaka það. Jeg ljet þess þá getið, að jeg yrði að mæla á móti flestum þeim brtt., sem nú liggja fyrir, vegna þess, að með samþ. þeirra yrði stefnt út í algert taumleysi. Jeg hefi nú hlýtt á mál hv. flm. og telur hver, sem vænta mátti, sínum till. sitthvað til ágætis. Skal jeg fúslega viðurkenna, að margar þeirra eru þarflegar. En um það er eigi deilt, heldur hitt, hvort fje sje til að framkvæma þær. Jeg hefi líka orðið þess var, að ýmsir hv. þdm. hafa neitað sjer um að bera fram brtt., af því að þeir líta svo á, að nú sje svo langt gengið í hækkun gjaldabálksins, að ekki megi lengra fara. Er það og mála sannast.

Um framlögin til vega er það að segja, að þegar fjárlagafrv. var samið, tók stj. alveg til greina till. vegamálastjóra um fjárveitingar. Mun slíkt vera sjaldgæft, ef ekki einsdæmi, enda er nú ætlað meira fje til vega- og brúargerða en nokkru sinni áður. Hv. fjvn. hefir líka fallist á, að áætlunarupphæð stj. væri nægilega há. Er því naumast með sanngirni hægt að krefjast, að hún sje enn hækkuð. Sama má segja um aukin framlög til lendingarbóta. Þau eiga varla rjett á sjer, þegar litið er á fjárhagsgetu ríkissjóðs, og þaðan af síður hinar mörgu fjárupphæðir, sem farið er fram á í brtt. einstakra þm. Má þar nefna sjúkrastyrkina. Það er auðvitað altaf gott að geta hjálpað þeim, sem hjálpar þurfa. En ef þingið ætti að taka upp þá stefnu að veita hverjum þeim sjúkrastyrk, sem þess beiðist og hjálparþurfi getur talist, mundi það hafa svo mikla gjaldaaukning í för með sjer, að flestum myndi hrjósa hugur við, og þó aldrei nást fult rjettlæti með því móti.

Um eina brtt. á þskj. 408 stendur þó sjerstaklega á, og virðist mjer þingið tæplega geta gengið á móti henni, jafnvel þótt fjárhæðin, sem hún fer fram á, sje nokkuð há. Það er till. hv. 2. þm. Eyf. um tillag til bryggju á Siglufirði. Mjer virðist naumast annað sanngjarnt en láta eitthvað af hendi rakna til þessa mannvirkis, úr því að lagt er fram fje úr ríkissjóði til samskonar mannvirkja á öðrum stöðum. Ríkið hefir þegar lagt fram fje til hafnarbóta í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Nú er gert ráð fyrir að styrkja hafnargerð í Borgarnesi, Skagaströnd og jafnvel fleiri stöðum. Hv. flm. hefir tekið þetta fram allítarlega, og þarf jeg engu við orð hans að bæta. Þó að undarlegt sje, hefir mjer skilist, að hv. fjvn. leggi á móti þessari brtt., og þykir mjer það tæplega hlýða með tilliti til þess, sem áður hefir verið gert, þegar eins hefir staðið á. Getur ekki annað komið til mála en samþ. a. m. k. varatill., og yrði þó framlagið stórum minna en annarsstaðar.

Jeg skal viðurkenna, að Akureyri hefir eigi fengið styrk til þeirrar bryggju, sem þar var gerð. En þar gegnir nokkuð öðru máli. Akureyri er miklu eldri bær en Siglufjörður, hefir safnað sjer talsverðum hafnarsjóði og var búin að koma upp aðalbryggju sinni áður en dýrtíðin skall á. Stendur sá bær því á gömlum merg.

Jeg sje ekki að öðru leyti ástæðu til að ræða einstakar brtt. Fyrir mjer er það aðalatriði, að eigi verði stefnt í vandræði með afgreiðslu fjárl. Vænti

jeg til þess góðrar samvinnu hv. deildar. Vænti jeg, að hv. þdm. sje það ljóst, að á því ríður fyrst og fremst, að gætt sje varúðar um fjárhag ríkissjóðs. Hefir sú og oftast orðið raunin á, að þm. hafa látið afgreiðslu fjárl. fara sæmilega úr hendi að lyktum, þótt brugðið hafi út af í einstökum atriðum.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Jeg tel þörf þess að svara einu atriði í síðustu ræðu hv. þm. Dal. Hv. þm. skýrði svo frá, að mentamálaráðið teldi sjer skylt að verja því fje, sem því nú er fengið til umráða, þeim námsmönnum til styrktar, sem komust inn í fjárl. á síðasta þingi. Jeg vil mótmæla því ákveðið og harðlega, að mentamálaráðið hafi af þingsins hálfu nokkra átyllu til að telja sig bundið við styrkveitingu til þessara manna. Því til sönnunar vil jeg leyfa mjer að lesa upp þau ummæli, er jeg ljet falla fyrir hönd fjvn. á síðasta þingi, þegar námsstyrkir þessir voru til umr. Jeg lýsti þar yfir skilningi n. á þessu atriði og æskti jafnframt álits stj. um það, svo að viðkomandi menn þyrftu ekki að vera í vafa um, að hverju þeir gengju. Ummæli mín voru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Styrki til háskólanáms stúdenta og utanfara skoðar n. sem fjárveiting í eitt skifti fyrir öll og lítur svo á, að með því sje ekkert fyrirheit gefið um framhaldandi styrk. Mjer þætti vænt um, að hæstv. stjórn vildi lýsa yfir skoðun sinni á þessu atriði. Það er nauðsynlegt hlutaðeigendum að vita, hvers þeir mega vænta í þessu efni í framtíðinni. Sjerstakir styrkir til utanfara eru um 15 að tölu, svo að mjer sýnist þetta í óefni komið, þar sem ákveðin upphæð er í fjárlögum til þessara hluta, sem veitt er eftir ákveðnum reglum".

Þessu svaraði hæstv. forsrh. (TrÞ) svo sem hjer segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jeg get að öllu leyti tekið undir það, sem hv. frsm. fjvn. (IngB) hefir sagt, og jeg er sammála þeirri till., er hann bar fram af hálfu fjvn. um að samþ. frv. óbreytt. Hv. frsm. beindi þeirri fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort hún fyrir sitt leyti væri ekki sammála þeirri skoðun fjvn., að námsstyrkina bæri að skoða sem veiting í eitt skifti fyrir öll, en ekki neitt loforð fyrir framtíðina fyrir þessa námsmenn. Stjórnin hefir ekki átt tal um þetta atriði sjerstaklega, en jeg þori að segja, að stjórnin lítur eins á það og hv. fjvn. Enda hefir verið litið svo á slíkt fyr, sem sjest á því, að á síðasta þingi voru samþ. námsstyrkir, sem ekki voru teknir upp í fjárlagafrv. í ár".

Þessi ummæli virðast mjer svo tvímælalaus, að enginn, sem þau les, þurfi að vera í vafa um, hvað í þeim felst. Þau sýna fullgreinilega, að mentamálaráðið hefir alveg óbundnar hendur um styrkveitingu til þeirra námsmanna, sem stóðu í fjárl. í fyrra.

Af því að hv. þm. Dal. er ekki viðstaddur, læt jeg útrætt um þetta mál, en skal því næst lítillega svara öðru, sem til n. hefir verið beint.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði hóflega í garð n., en þó vil jeg gefa nokkrar skýringar viðvíkjandi ræðu hans. Honum þótti hart, að n. skyldi leggjast móti aths. um símalínurnar. Jeg vil taka það fram, að það er ekki alveg rjett

skilið, að n. sje á móti þessari símalínu. Hún vill bara ekki taka fram fyrir hendurnar á landssímastjóra. (**JAJ**: Hann er ekki á móti línunni). Því síður var ástæða fyrir n. að ganga inn á verksvið hans í þessu máli.

Um Siglufjarðarbryggjuna þýðir eigi að ræða frekar. Jeg hefi eigi sannfærst af rökum hv. 2. þm. Eyf. nje get viðurkent það rjett vera, sem hann sagði um ósamræmi í gerðum Alþingis í þessu tilfelli og öðrum. Jeg hefi áður tekið það fram, að afstaða n. er í fullu samræmi við þá afstöðu, sem þingið tók gagnvart Akureyri í fyrra. Í afstöðu þingsins til Hafnarfjarðar er heldur snemt að vitna ennþá, meðan hún er ekki fullráðin. Jeg get lýst yfir því fyrir mitt leyti, að jeg mun eigi greiða atkv. með frv. því um hafnargerð í Hafnarfirði, sem nú liggur fyrir þessari hv. deild. Samanburður hv. þm. að öðru leyti getur heldur ekki staðist. En jeg hygg, að Akureyri og Siglufjörður sjeu vel sambærilegir staðir.

Hæstv. fjmrh. vil jeg tjá þakkir að svo miklu leyti sem hann vildi styðja viðleitni n. í varúðarfullri afgreiðslu fjárl. En ekki get jeg látið þess ógetið, að mjer þótti skjóta nokkuð skökku við, er hann í lok ræðu sinnar hvatti deildina til að samþ. þá brtt., sem fer fram á mesta hækkun á gjöldum ríkissjóðsins!

**Ólafur Thors**: Af því að hv. þm. Dal. er ekki viðstaddur, vil jeg lýsa yfir því, að það er rjett eftir haft, að mentamálaráðið teldi sig bundið þeim námsmönnum, sem utanfararstyrk fengu í fjárl. í fyrra. Það telur sjer skylt að sjá svo um, að þessir menn fái styrk lengur en eitt ár. Og sjálfum sýnist mjer alveg ótækt að styrkja menn til náms aðeins eitt ár, en kippa síðan að sjer hendinni. (**IngB**: Því var lýst yfir í byrjun, að styrkurinn gilti aðeins eitt ár). Það er samt sem áður alveg meiningarlaust að ginna menn út á námsbrautina og skilja þá svo eftir á miðri leið. Jeg held því, að mentamálaráðið geri siðferðislega rjett í því að veita þessum mönnum styrk áfram. Og jeg skil ekki í öðru en að hv. fjvn. muni sjá sig knúða til að viðurkenna það.

**Forseti (BSv)**: Umr. um fyrra kafla fjárl. er lokið og hefjast umr. um síðara kafla.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Fjvn. á nokkrar brtt. við þennan kafla frv., og skal jeg fara um þær nokkrum orðum.

Jeg ætla þá fyrst að minnast á brtt. undir tölulið XXXVI á þskj. 408, um að fjárveiting til kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði hækki úr 5 þús. kr. upp í 6 þús. kr. Þetta fjelag hefir um nokkur ár haldið uppi skóla á Ísafirði, og er það sagður mjög góður skóli. Námsdvöl hefir orðið þar mjög ódýr, um 75 kr. á mánuði. En svo stendur á, að skólinn misti síðastliðið haust húsnæði það, er hann hefir áður haft, og verður nú að sæta lakari kjörum en hingað til. Því var það, að hv. þm. Ísaf. sótti til fjvn. um 20 þús. kr. byggingarstyrk handa skólanum. N. sá sjer þó eigi fært að verða við beiðni hans, en fjelst hinsvegar á að hækka rekstrarstyrkinn um 1000 kr.

Þá er brtt. undir tölulið XXXVIII á

sama þskj.: Til Málfríðar Jónasdóttur frá Kolmúla, til blindranáms í Reykjavík, 500 kr. Þessi stúlka er ekki nema 20 ára gömul, en hefir verið blind helming æfi sinnar. Misti hún sjónina upp úr veikindum, en hafði þá lært nokkuð að lesa og skrifa. En hún er greind og námfús og hefir mikla löngun til frekara náms. Má vænta þess, að námið myndi gera hana hæfari en nú til að vinna fyrir sjer, og jafnframt stytta eitthvað það óslitna myrkur, sem fallið hefir yfir líf hennar. — Í fjárlögum er veitt nokkurt fje til blindranáms erlendis, en nauðsyn þykir til bera, að hún njóti nokkurs undirbúnings hjer í Rvík, áður en hún fer utan.

Þá er brtt. undir tölulið LII. á sama þskj., til norræns stúdentamóts í Rvík, 10 þús. kr. Norrænir stúdentar hafa síðan mörgum árum fyrir stríð haft með sjer fjelagsskap og haldið uppi heimboðum hverjir fyrir aðra. Á stríðsárunum fjellu þessi mót niður. En árið 1925 voru þau tekin upp aftur og hafa verið haldin bæði í Osló og Stokkhólmi. Hafa íslenskir stúdentar sótt þessi mót og hlotið alúðarviðtökur

Er enginn vafi á því, að mótum þessum verður haldið áfram, og er uppi almenn ósk um, að næsta mót verði hjer á Íslandi árið 1930. Síðastl. sumar tók Stúdentafjelag Reykjavíkur málið að sjer og kaus nefnd til undirbúnings. Sneri sú nefnd sjer til hátíðarnefndarinnar og fjekk þar eindregna hvatningu til að hefjast handa. Er jafnvel svo að sjá, sem hátíðarnefndin hafi heitið nokkrum styrk til mótsins. Þegar svo var komið, sneri stúdentamótsnefndin sjer til erlendu stúdentanna og bauð þeim heim. Er ákveðið, að um 300 norrænir stúdentar sæki mótið hingað 1930. Stúdentamótsnefndin leitaði svo til fjvn. Alþingis um styrk til mótsins, en fjvn. sendi erindið til alþingishátíðarnefndar og ætlaðist til, að hún tæki það upp á sína arma. En hátíðarnefndin sendi það jafnskjótt frá sjer aftur með þeim ummælum, að það væri mál fjvn. og Alþingis. N. leit svo á, að ekki væri unt að neita um þennan styrk, fyrst og fremst vegna þess, að einhverntíma hlýtur að koma röðin að íslenskum stúdentum að stofna til stúdentamóts hjer á landi og endurgjalda þá gestrisni, er þeir hafa notið, enda skylda Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar. Í öðru lagi má ætla, að hugir margra mentamanna stefni sjerstaklega hingað til lands 1930, og í þriðja lagi er óhugsandi að kippa nú að sjer hendinni, þegar búið er að boða mótið. Jeg fyrir mitt leyti álít, að þessu fje sje vel varið, því að það er engan veginn einskis virði, ef við í hópi þeirra manna, er hingað kæmu 1930, eignuðumst góða vini, er síðar yrðu stoð og stytta Íslands meðal erlendra þjóða. Og hugir góðra manna eru ætíð mikils virði. — Þessar 10 þús. kr. eru auðvitað lítill hluti alls kostnaðar, en gestirnir borga sjálfir dvöl sína, þar sem þeir munu búa í skipunum, og auk þess er nokkurt aðgöngugjald til mótsins lagt á hvern stúdent. Fje þessu mun því einkum verða varið til þess að sýna hinum erlendu gestum eitthvað af nágrenni Reykjavíkur og til þess að greiða kostnað af fundarhöldum o. fl.

Þá kemur brtt. LVI., við 16. gr. 8. nýr liður: Til að rannsaka og gera till. um raforkuveitur til almenningsþarfa

utan kaupstaða, gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum, alt að 15000 kr. — Þessi till. lá fyrir hv. d. við 2. umr. fjárl., en var þá tekin aftur, vegna þess að n. óskaði eftir að gera á henni þá breyt., sem nú er orðin. Flm. till. var þá hv. 2. þm. Skagf. og talaði hann þá fyrir henni, enda get jeg verið fáorður um hana. Áhugi manna fyrir rafmagnsnotkun hefir aukist mjög hjer á landi á síðustu árum, enda hefir Alþingi stutt að þeim áhuga með því að veita lán þeim mönnum, er staðið hafa fyrir einstaklingsveitum. Það er áreiðanlegt, að aukin rafmagnsnotkun til sveita er eitt af stærstu framfaramálum og nauðsynjum landbúnaðarins. En þótt einkaveitur eigi vel við sumstaðar, eru aðrar sveitir þannig í land komnar, að þeim verður ekki við komið, og verður þá að flýja til hinna stóru virkjana. Því verður að rannsaka, hvar einstaklingsveiturnar eiga best við og hvar heildarveitur, svo að ekkert það spor verði stigið, er gæti orðið til tjóns í framtíðinni. N. hefir gert þá brtt., að á móti framlagi ríkissjóðs komi ákveðið framlag annarsstaðar að, svo að sýnt væri um áhuga sveitanna í þessu máli, því að ella gætu kröfur þeirra um rannsóknir orðið hóflausar, og jafnvel út í bláinn, ef þær þyrftu engu til að kosta sjálfar.

Þá er brtt. LVIII,1: Til þess að varpa út veðurskeytum á erlendum málum, 3500 kr. Er hún tekin inn vegna samninga milli hæstv. forsrh. og Englendinga og Þjóðverja, að leyfa enskum og þýskum sjómönnum, sem sigla hjer við land, að verða aðnjótandi þeirra veðurskeyta, er varpað er út hjeðan á degi hverjum. Um leið vil jeg benda á það, að mikill hluti þessarar upphæðar, 2—3 þús. kr., rennur aftur í ríkissjóð gegnum landssímann.

Þá er brtt. LVIII.,2, til landmælinga, 45000 kr. Eins og menn vita, er landmælingum hjer ekki lokið ennþá að fullu. Þær hófust árið 1900 og var haldið áfram til 1914, er þær stöðvuðust vegna ófriðarins. Árin 1918 og 1920 voru þær teknar upp aftur, en fjellu þá niður að fullu til þessa. Árið 1926 lá fyrir tilboð frá danska herforingjaráðinu að hefja mælingar að nýju, en kjör þess þóttu ekki aðgengileg. Nú hafa breyt. orðið á þessu sviði í Danmörku; herforingjaráðið hefir nú ekki lengur þessar mælingar með höndum, en komið hefir verið á fót stofnun, er nefnist Geodetisk Institut, sem tekið hefir við af ráðinu. Formaður þess hefir nú sent tilboð til Alþingis, gegnum Svein Björnsson sendiherra, að taka mælingarnar upp að nýju.

N. leit svo á, að ekki væri hægt að fresta þessum mælingum lengur, enda er það ekki skammlaust að eiga ekki greinilegt kort af landinu, auk þess sem það er mjög ilt vegna vega- og símalagninga, þar sem nauðsyn er á ítarlegu og greinilegu korti. — Nú er eftir að mæla nokkuð af Eyjafjarðarsýslu og allar Þingeyjarsýslur og Múlasýslur, og ætti það að vera okkur metnaðarmál að fá fylt upp í þessar eyður á korti landsins, og auk þess er eftir að mæla hálendið, sem bíða verður þangað til síðar. Þessari starfsemi má ætla, að lokið verði á 8—9 árum. Hálendið mun aftur á móti mega mæla á 4—5 árum, en þar munu einkum notaðar loftmælingar.

Það þykir sýnt, að Íslendingar eru ekki færir um að taka að sjer þessar mælingar á næstunni, en þar sem þessi stofnun hefir á að skipa ýmsum mönnum, sem starfað hafa hjer að mælingum áður, og n. finst tilboðið eins ódýrt og tök eru á að fá, leggur hún til, að fjárveitingin verði samþ. og tilboði þessu tekið.

Kem jeg þá að LXIV. brtt., 1. lið, til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts. Það er öllum kunnugt, hvern usla vötnin á Rangárvöllum gera í hjeraði, enda er það áhugamál allra, er til þekkja, að takast mætti að fella þessi vötn í skorður. Þetta er í senn samgöngumál, friðun fyrir landið og ræktunarmál. Síðastliðið haust var stofnað Vatnafjelag Rangæinga, til þess að vinna að því að fella vötnin saman, svo að hægt væri að brúa þau og auka þannig samgöngur, friða landið og gera áveitur. Til þess að þetta verði gert þarf nákvæma rannsókn og undirbúning, áður en byrjað verður á aðalframkvæmdunum, og leggur n. til að veita til þess 10 þús. kr. Í fyrstu var farið fram á hærri upphæð, en n. skar af henni og virtist þessi upphæð mundu nægja.

Þá er næst brtt. LXIV,2, til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, fyrri greiðsla, 6000 kr. Frá þessu var skýrt við 2. umr., og get jeg vísað til þess, er þá var sagt. Þó vil jeg geta þess, að eyjarskeggjar hafa áður notið slíks styrks, og árangurinn af honum er sá, að búið er að úthluta nær öllu landi meðfram þessum vegi, og ræktun þess langt komið. Nú er þarna enn mikið land, sem að vísu ekki er vel fallið til ræktunar, en eyjarskeggjar samt eru ákveðnir í að gera að gróðurlandi, og það, sem hamlar, er vegleysið. Það hefir þótt rjettara að láta styrkinn koma á 2 ár, og er þetta fyrri greiðslan.

Þá er LXVII. brtt. frá n., til slysavarna; fyrir ‚10000 kr.' kemur: 18000 kr. Eins og menn muna hefir Slysavarnafjelagið nýlega hlotið myndarlega gjöf, björgunarbát, frá privatmanni hjer í bænum. Nú stendur til, að báturinn hafi aðsetur sitt þarna suðurfrá, í Sandgerði, vegna þess að þaðan að Stafnesi þykir hættulegastur staður skipum við strendur landsins, og hafa langflest slys orðið við þennan strandkafla, að því er skýrslur herma. En báturinn mun ekki koma að fullum notum þarna, nema hægt sje að flytja hann eftir landi, enda er hann þannig útbúinn. Til þess þarf að leggja breiðan veg, svo að hægt sje að draga bátinn fram og aftur, eftir því sem með þarf. N. gat ekki lagt á móti því, að þetta fje yrði veitt, því að leitt væri til þess að vita, að slys yrði fyrir það, að ekki væri hægt að koma bátnum áfram og horft hefði verið í þessa fjárveitingu. Þetta er að vísu aðeins byrjun, en vonandi verður þess ekki langt að bíða, að víðar á landinu verði hafnar slíkar björgunartilraunir, og má þá ekkert til spara, ef hægt væri með þessu móti að koma í veg fyrir eitthvað af þeim mörgu slysum, sem eru svo tíð hjer við land.

Þá er næst brtt. LXXII,1: Til Soffíu Johnsen læknisekkju, 500 kr. Hún er ekkja Þorgríms Johnsens læknis á Akureyri, er dó 1917. Átti hún nokkur efni, er maður hennar dó, en þau efni eru nú mjög til þurðar gengin, en hún orðin gömul og lasburða. Fyrir því fjellst n. á, að henni væri veitt

þessi fjárhæð, svo að hún gæti lifað nokkurnveginn áhyggjulitlu lífi það sem eftir er ævi.

Brtt. LXXII, 2. a er um styrk til ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, Elínar Helgadóttur, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð. Það er orðin föst venja á síðustu árum að veita prestsekkjum 300 kr. eftirlaun, og ef þau hafa ekki verið svo há úr eftirlaunasjóði, hefir verið bætt við því, sem til hefir vantað, af Alþingi. Stóð þannig á hjer og vantaði 132 kr. til þess að eftirlaunin næmu 300 kr.

Sömuleiðis eru í þessari brtt. fjárhæðir til annara ekkna: Til Arndísar Pjetursdóttur 137,93. Til Guðnýjar Þorsteinsdóttur 173,56. Til Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík 135,37. Stendur alveg eins á um þær, að þær hafa ekki getað fengið keyptan lífeyri samkv. lögunum og vantar þær þessar upphæðir til þess að hafa 300 kr. eftirlaun, og þetta því gert til samræmis.

Þá er LXXV,1: Til Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara. Hann hafði eftirlaun í þessum fjárl., en nú er hann dáinn fyrir skömmu. Þótti því n. rjett að veita ekkjunni eftirlaun, eins og ekkjum fleiri póstmanna.

Þá kemur LXXV,2: Liðurinn fellur niður, — og er það af þeirri ástæðu, sem jeg hefi þegar sagt.

LXXVIII. brtt. er um styrk til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður, 200 kr. Þessi ljósmóðir hefir ekki starfað eins lengi og flestar aðrar ljósmæður, sem hafa eftirlaun, en hún hefir starfað allan tímann í einhverju erfiðasta ljósmóðurumdæminu, svo að hún er nú orðin mjög slitin, og gat n. því ekki lagt á móti, að henni væri veitt þessi upphæð.

Þá kemur LXXX: til símalagninga:
a. Í Austur-Skaftafellssýslu 4000 kr.
b. Í Vestur-Skaftafellssýslu 6000 kr.
c. Í Skagafjarðarsýslu 2000 kr.

Eins og kunnugt er, standa yfir miklar símalagningar í þessum sýslum, einkum Skaftafellssýslunum, og fer mikill hluti af því fje, sem veitt er til símalagninga, til þessara tveggja sýslna. Hinsvegar hafa sýslur þessar orðið að leggja mikið á sig, og fara þær nú fram á lán, sem dreifist á 10 ár með 6% vöxtum.

Þá er LXXXII, við 22. gr. 6. Á eftir liðnum kemur ný málsgrein: „Stjórninni er heimilt að veita Gerðahreppi, Innri-Akraneshreppi, Grunnavíkurhreppi, Árneshreppi, Patrekshreppi og Ostagerðarfjelagi Önfirðinga uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana fyrir árið 1929 af skuldum þeirra við ríkissjóð, enda kynni stjórnin sjer til hlítar hag þessara skuldunauta og geri tillögur um endanlega samninga um lán þessi og leggi fyrir næsta Alþingi.

Við 2. umr. lágu fyrir beiðnir frá ýmsum hreppum um eftirgjöf á vöxtum og lánum. N. gat ekki vegna ókunnugleika lagt til ákveðna till., en þar sem viðlagasjóður mun falla inn í búnaðarbankann, þótti henni rjett að endurskoða skuldaskifti þessara skuldunauta áður, og fela stj. að rannsaka hag þeirra og leggja fram till. sínar fyrir næsta þing.

Þá er næst brtt. LXXXII,2: „Stjórninni er heimilt að veita Jóhannesi Jósefssyni gjaldfrest í 3 ár á tollum af nauðsynlegum innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavík".— Alþingi hefir áður sýnt, að

það vill styðja þetta fyrirtæki, enda er það öllum ljóst, að það er eigi vansalaust, að ekki sje til fullkomið gistihús í höfuðborg landsins 1930. Hinsvegar er það vafamál, hvort það verður nokkurt gróðafyrirtæki fyrir þann, sem komið hefir fyrirtækinu af stað. Kostar það eigi alllítið fje að koma gistihúsinu á laggirnar, því að ekki er eingöngu um húsið að ræða, heldur einnig innanstokksmuni alla. Þar sem allur þessi kostnaður kemur á eitt ár, þótti n. rjett að veita þennan gjaldfrest, enda hefði fje það aldrei komið í ríkissjóð, ef ekki hefði verið byrjað á þessu fyrirtæki, og ætti því að vera hægara að veita þennan greiðslufrest.

Þá hefi jeg talað fyrir brtt. fjvn., en sjálfur á jeg tvær brtt., sem jeg vil minnast lítillega á áður en jeg lýk máli mínu. Það er þá fyrst brtt. LXXXIV, sem jeg flyt ásamt hv. þm. Borgf., að heimila stj. að greiða úr ríkissjóði þær 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur. Hvítárbakkaskólinn var stofnaður af Sigurði Þórólfssyni, sem nú er nýlátinn, og var framan af rekinn af honum. En árið 1918 flutti hann til Reykjavíkur og seldi skólann og búið. Sá, sem keypti, ætlaði sjer að reka þarna búskap, en til þess að skólinn legðist ekki niður, keyptu nokkrir ungir og áhugasamir menn skólann og hafa rekið hann síðan með miklum myndarskap.

Á þeim tíma, sem þeir gerðu kaupin, stóð dýrtíðin sem hæst, en afleiðingin af því varð afarmikið verðfall á öllu. Auk þess hafa þeir lagt mikið í kostnað við að lagfæra húsin, sem sum voru orðin mjög hrörleg. Skólinn hefir verið rekinn með halla, því að þótt hann sje styrktur nú allríflega, var sá styrkur framan af mjög lítill. Þessir menn eru þegar búnir að leggja fram ca. 30 þús. kr. auk vaxta, og hvílir það, sem eftir er, á 5 mönnum, sem hafa orðið að taka á sig fjárreiður skólans.

Eftir að skólarnir á Laugum og Laugarvatni, sem hafa fullkomin hús og góða aðstöðu, eru komnir upp, er þess varla að vænta, að skólinn geti staðist þá samkepni, enda þótt hann hafi góðum kennurum á að skipa. Nú er mikil nauðsyn á því að skinna skólann upp, en það hlýtur þá að lenda á þessum mönnum, sem þegar eru búnir að greiða stórfje fyrir þetta hugsjónamál sitt. Treysti jeg Alþingi til þess að launa þeim nú fórnfýsi þeirra með því að veita þessa eftirgjöf. Mikill áhugi er vaknaður á því að flytja skólann á hið forna höfuðból Reykholt, og hafa þegar verið hafin samskot í þeim tilgangi um alt hjeraðið. Meðan skólinn starfar í sama horfi og nú, er máske síður ástæða til að gefa þetta eftir. En verði hann fluttur, þá virðist mjer siðferðisleg skylda þingsins að ljetta undir með þeim mönnum, sem borið hafa skólann uppi á undanförnum árum.

Þá er hin brtt. mín, XLVI á þskj. 408. Hún er við 15. gr. 21. Nýr liður: Til Guðmundar Kristjánssonar, til söngnáms í Ítalíu, 3000 kr., og til vara 1500 kr. Guðmundur Kristjánsson hefir um langt skeið barist á þessari erfiðu listamannabraut, og það mest af eigin dugnaði og áhuga. Hann er nú að ljúka námi og búa sig undir starf sitt, og mun hann eiga greiðan að-

gang að „operum“ erlendis þegar þeim undirbúningi er lokið. Nú stendur hann slyppur og snauður á síðasta aftanganum, en þarf miklu til að kosta. Þessi braut, sem Guðm. Kristjánsson og fleiri hafa valið sjer, kostar afarmikið nám og afarmikið fje. Og jeg verð að segja það, að það er enginn velgerningur að hvetja unglinga til söngnáms, nema um leið sje sjeð fyrir námskostnaði þeirra. En þegar brotist hefir verið áfram um áraskeið og með góðum árangri, eins og er um G. Kr., þá er nauðsyn að hjálpa þeim síðasta aftangann. G. Kr. hefir hlotið ágæta tilsögn og hefir fengið glæsileg vottorð um leikni sína og ágæta hæfileika. Er því fje sannarlega ekki á glæ kastað, sem veitt er til þessa efnilega listamanns og farið er fram á í eitt skifti fyrir öll. Og mjer finst það skylda þingsins að styðja það, sem svo er vel á veg komið sem hjer er.

Læt jeg svo staðar numið að sinni þar til hv. þm. hafa talað fyrir sínum till.

**Ólafur Thors:** Við 2. umr. fjárl. flutti jeg aðeins eina lítilsháttar brtt Nú á jeg hjer aðra, XXXV. brtt. á þskj. 408, að veita til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg 16000 kr. — Eins og hv. þm. vita, var Flensborgarskólinn gefinn af sr. Þórarni Böðvarssyni, prófasti í Görðum á Álftanesi, og konu hans til minningar um son þeirra látinn. Gjafabrjefið er frá 11. ágúst 1877, en var breytt 1. júní 1882. Þessar eignir voru gefnar til þess að halda uppi alþýðuskóla í Hafnarfirði, sem ríkið kostaði rekstur á. Þessi skóli hefir nú starfað alt að því 50 ár, og allan þann tíma hefir ríkið kostað rekstur hans. En nú í fyrsta sinn hefir verið brugðið út af þeirri venju, að því er jeg hefi sjeð í fjárl. Í stað þess að ríkið hefir áður greitt allan kostnað af skólahaldinu, að frá dregnum skólagjöldum, þá er nú lagt til í fjárlfrv., að ríkið greiði aðeins ¾ af rekstrarkostnaði skólans; hitt á að greiðast annarsstaðar frá. Jeg skal ekki fjölyrða mjög um þetta, en jeg verð að segja það, að mjer þykir það alveg óviðeigandi, að ríkið brjóti þannig 50 ára venju sína og skuldbindingar. Jeg álít, að hv. Alþ. eigi að vera tregt til að aðhyllast það, að breytt sje að tilefnislausu 50 ára venju. Og mjer þykir enn síður ástæða til að gera slíkt nú, þar sem það er vitanlegt, að bráðlega rekur að því, að bygt verður nýtt skólahús, því þótt skólahúsið, sem nú er, mætti teljast ríkmannlegt, þegar það var gefið, þá svarar það þó nú orðið varla þeim kröfum, sem almenningur gerir til skólahúsa nú. Stendur því fyrir dyrum að byggja nýtt hús, og verður þá, í tilefni af nýjum samningum, sem um það verða, tækifæri til að ákveða, hvernig rekstrarkostnaðinum skuli skift. Er því alveg ótækt, þar til sá samningur kemur, að vera að rjúfa gamlar venjur um skólann. — Jeg hefi því leyft mjer að gera þá brtt., að Flensborgarskólinn fái í fjárl. 16000 kr. eins og var í síðustu fjárl. Og þar sem jeg bjóst við því, að hv. deild mundi samþ. þetta, þá hefi jeg jafnframt lagt til, að styrkur sá, sem ætlaður er alþýðuskólum landsins, verði lækkaður um 10 þús. kr., eða úr 70 þús. kr. niður í 60 þús. kr. — Að vísu hefði átt að lækka þessa upphæð niður í 58 þús. kr., ef gert er ráð fyrir því, að af þessari upphæð hefðu átt

að ganga til Flensborgarskólans 12 þús. kr., en 4 þús. kr. þá komið annarsstaðar frá. Jeg hefi látið nægja að lækka þetta niður í 60 þús. kr. Hv. Ed. getur þá lagað þetta, ef henni sýnist svo. Vona jeg, að þetta verði samþ.

Þá vil jeg víkja nokkuð að LXVII. brtt. á sama þskj., sem er frá fjvn. og er um það að hækka liðinn til slysavarna um 8 þús. kr., sem skal verja til vegar milli Sandgerðis og Stafness, svo flytja megi björgunarbát þá leið. Það mun hafa verið upphaf þessa máls, að til mín kom oddviti Miðneshrepps, Eiríkur Jónsson, formaður slysavarnafjelagsins í Sandgerði. Hann hefir verið lengi búsettur þarna og því orðið sjónarvottur að mörgum slysum á þessum slóðum. Hann sagði mjer, að þegar frjetst hefði til Sandgerðis um björgunarbátinn, þá hefði það vakið óblandna ánægju allra þar um slóðir. Er það og eðlilegt, að þeir, sem horfa verða upp á slysin, verði fegnir hverri hjálp, sem gerir björgun vonmeiri. En Eiríkur sagði þó, að einum skugga brygði á þetta frá sínu sjónarmiði, því þótt björgunarbátur væri til í Sandgerði, þá væri lítil not hægt að hafa af honum einmitt þar, sem slysin væru tíðust. Benti hann á, að þegar slysin bæri að höndum, þá væri venjulega ekki um það að ræða, að hægt væri að flytja bátinn á sjó, hvorki innan skerja nje utan. Eina vonin til að koma honum að, er að flytja hann á landi, enda er hann útbúinn með það fyrir augum. Undir honum er stór sleði með 4 hjólum. Í útlöndum eru þessir bátar fluttir á landi til strandstaðarins. — Þessar ástæður tjáði þá þessi kunnugi maður mjer, og spurði mig ráða um, hvernig þessu mætti fyrir koma. Jeg ráðlagði honum að taka málið upp á fundi slysavarnafjelagsins í Sandgerði og senda áskorun um vegagerð áleiðis til Alþingis, en leita þó álits aðalstjórnar Slysavarnafjelags Íslands. Þetta alt hefir verið gert. Stjórn Slysavarnafjel. Ísl. hefir ljeð þessu máli eindregin meðmæli sín og ljet skýrslu fylgja þeim, sem sýnir 62 skipsströnd og 92 druknanir á þessum slóðum frá aldamótum. Mjer dettur nú að vísu ekki í hug að halda því fram, að öll þessi mannslíf hefðu bjargast, ef bátur hefði verið nærtækur, en það er fullvíst, að svo hefði verið í mörgum tilfellum.

Jeg vil því færa hv. fjvn. bestu þakkir fyrir það, hvernig hún hefir tekið í þetta mál. Og þótt hún sje að vísu nokkru smátækari en helst hefði verið kosið, þá vona jeg, að menn hafi það í huga, að þetta ber að skoða sem fyrstu fjárveitingu til þessa verks, því jeg vona, að menn ljái þessu það fulltingi, sem með þarf, og láti eigi staðar numið á miðri leið. — Jeg veit, að hv. þm. er svo í fersku minni skipsstrand við Stafnes, að enginn muni vilja standa í vegi fyrir því, að hægt sje að flytja björgunarbátinn þangað frá Sandgerði. Og jeg vil skora á hv. þm. að gera sitt til, að vegur þessi verði kominn áður en fleiri vitni en þau 92, sem jeg gat um áður, verða leidd fram. Það er meira en nóg, að fortíðin vitni í þessu máli, þótt reynt verði að koma í veg fyrir, eftir því sem unt er, að framtíðin geri það líka.

Eins og getið hefir verið um, þá gaf Þorsteinn skipstjóri í Þórshamri

bátinn og útlendur maður gaf sama dag 5000 d. kr. til fjelagsins. Nú vona jeg, að Alþ. sýni líka rausn og veiti fje til þess að vegur verði gerður frá Sandgerði til Stafness. Jeg skal svo, um leið og jeg endurtek þakklæti mitt til hv. fjvn., einnig þakka þeim mönnum á Suðurnesjum, sem sýnt hafa glöggan skilning og áhuga á þessu máli. Og að síðustu vil jeg þakka hv. þm. fyrir væntanlegt fylgi þeirra við þetta mál.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg er svo ólánssamur að eiga hjer brtt., sem jeg verð að minnast á, enda þótt fáir hlusti á mál mitt. Vegna lasleika gat jeg ekki verið við 2. umr. fjárl. og tók þá aftur brtt. mínar og varð því að koma fram með þær nú.

Það er þá fyrst LXX. brtt. á þskj. 408, 405 kr. til Sigurðar Kvarans hjeraðslæknis. Svo stendur á um þennan lækni, að hann var lengi aðstoðarlæknir á Akureyri, eða um 10—11 ára skeið, en sá starfi veitti honum ekki rjett til eftirlauna. Síðar varð hann svo hjeraðslæknir, en svo stutt, að sá tími veitti honum ekki rjett til meira en 595 kr. eftirlauna. Er því tilætlun þessarar brtt., að hann fái 1000 kr. eftirlaun alls. Svarar það mjög til þess, að hann fái eftirlaun fyrir þau ár, sem hann starfaði á Akureyri. Einnig má geta þess, að síðustu mánuðina sem hann þjónaði embætti, varð hann fyrir því óhappi, að hann fjekk illkynjaða blóðeitrun í hendina. Hefir svo illa gengið með lækningu á því, að telja má líklegt, að honum verði hendin aldrei svo nýt sem hún áður var. Verði till. samþ., geng jeg út frá, að hann fái þessa viðbót frá því hann ljet af embætti.

Þá er næst LXXVII. brtt. á sama þskj., hækkun á skáldstyrk Guðmundar Friðjónssonar úr 1200 kr. upp í 2000 kr. — Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla mikið fyrir þessu. Til þess er G. F. of þjóðkunnur maður og svo margir landsmenn hafa notið ánægju af að lesa ljóð hans og sögur. Og jeg býst við, að fáir telji það eftir, þótt hann nú á sínum efri árum megi losast við að þurfa að vinna stritvinnu, en megi í þess stað helga skáldskapnum krafta sína. Það yrði ekki nema til að minka það dálæti, sem þjóðin hefir á þessum skáldsnillingi, þótt jeg færi að reyna að lýsa verkum hans. Jeg sleppi því þess vegna, en jeg vona, að öllum þyki það meira en maklegt, að hann fái nú aukna viðurkenningu.

Þá er LXXIX. brtt., til Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu, 500 kr. Þessi hjúkrunarkona hefir starfað á Vífilsstöðum um 20 ár. Er hún nú nær sjötugu og farin að heilsu, svo ekki er hægt að búast við, að hún geti starfað nema stuttan tíma enn. En auk þess var henni sagt upp starfinu, sem öðrum hjúkrunarkonum þar. Undirlæknirinn á Vífilsstöðum hefir gefið henni svo góð meðmæli, að fátítt má telja. Hann segir, að þeir sjúklingar, sem hún hefir stundað, láti ekkert tækifæri ónotað til þess að láta í ljós þakklæti sitt til hennar og ánægju sína yfir starfi hennar. Enda hefir hún staðið prýðilega í stöðu sinni.

Þá er það síðasta till. á sama þskj., um það, að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hafði í

sjóðinn greitt. — Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessi ekkja er mjög fátæk og hefir fyrir óuppkomnum en mjög efnilegum börnum að sjá. En samkv. þeim reglum, er gilda fyrir lífeyrissjóð embættismanna, á ekkjan enga heimtingu á eftirlaunastyrk úr sjóðnum, enda þótt Bjarni heit. greiddi alla tíð í sjóðinn, vegna þess að hann var eldri en 50 ára þegar lögin um lífeyrissjóð embættismanna gengu í gildi. Lögin um lífeyrissjóðinn heimila ekki þessa greiðslu, en banna það ekki heldur. Tilætlun mín er því sú, að þingið lýsi því yfir, að það leyfi stj. að gera þetta, og stj. sje þar með vítalaus að gera það. Þetta ætti ekki að vera sjóðnum, sem er orðinn talsvert sterkur, neinn hnekkir. Ætlast jeg heldur ekki til þess, að hann greiði vexti af þessu fje. En mjer finst rjettlátt, að ekkjan fái endurgreitt aftur vaxtalaust það, sem Bjarni heit. var búinn að greiða í sjóðinn, og njóti þar með góðs af sjóðnum sem aðrar embættismannaekkjur. Og mjer finst enginn efi vera á því, að það sje rjettara, að þessi sjóður greiði það heldur en ríkissjóður geri það. Það mætti ef til vill halda því fram, að hjer væri verið að skapa ilt fordæmi. En jeg vil benda á, að ekki getur verið nema um sárfáar ekkjur að ræða, sem svona stendur á um. Jeg hefi ekki rannsakað, hvort það er nokkur önnur, en þær hljóta að vera sárfáar. Þetta fje á ekki að taka úr ríkissjóði, heldur er það einungis endurgreiðsla á fje, er staðið hefir, sumt í 10 ár, í sjóðnum.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. þdm. hafa tekið eftir því, að hæstv. fjmrh. hefir víst tvisvar undir þessum umr. látið í ljós óánægju sína og undrun yfir hinum mörgu og stóru hækkunartill. og brýnt fyrir mönnum gætni. Mjer þykir það ekki nema eðlilegt, að hæstv. fjmrh. líti þessum augum á þetta. En að því er mig sjálfan snertir, þá hefi jeg ekki lagt stórt til þeirra mála að hækka útgjöldin og get því ekki tekið til mín hinar þungu ákúrur hæstv. ráðh.

Jeg skal ekki fara að ræða hinar ýmsu till. Þær eru margar, og er eðlilegt, að menn hafi misjafnar skoðanir á þeim. Jeg vildi samt láta í ljós þakklæti mitt til hv. fjvn. fyrir það, að hún hefir tekið upp till. um framlag til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum. Þótt jeg hefði það helst kosið, að n. hefði fallist á mína till. um það, þá get jeg sætt mig við till. n. Hún hefir viðurkent þörfina, er jeg benti á. En það er þáttur í að fara að orðum hæstv. fjmrh. að gera ekki of svæsnar kröfur um fjárframlög, og því beygi jeg mig undir þetta, en vænti þess, að hv. deild geti þá líka fallist á það.

Þá vil jeg tjá fjvn. þakkir fyrir að hafa ljeð eyra þeim bendingum, er fram komu um vegabætur á Reykjanesi til að gera þar hægra fyrir með björgunarstarfsemi. Mjer er það ljóst, hve stórt spor þetta er í áttina til þess að verða sjóhröktum mönnum að liði.

Það kemur óneitanlega undarlega fyrir sjónir, þegar hv. 2. þm. Eyf. flytur fjárbeiðni frá Siglufirði, þessum mikla útflutningsstað, um styrk til bryggjugerðar, að þá skuli n. leggja á móti því. Mjer finst það ekkert undarlegt, þó hv. þm. felli sig illa við þá skoðun. Fjárveitingavaldið verður að gefa að því gætur, hvaða staður það er, sem hjer sækir um hjálp til

bryggjugerðar. (IngB: Þetta tilheyrir fyrri hluta!). Hv. frsm. fyrri hluta minti mig á, að jeg væri farinn að slá inn á fyrri hl. umr., og með leyfi hans vil jeg gera hjer aðra örlitla aths. við fyrri kaflann. Viðvíkjandi till. hv. 1. þm. Árn. um að gera það að skilyrði þeim mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi, að þeir kaupi þá innanlands, þá var það alveg rjettur skilningur, er hv. frsm. fyrri hl. túlkaði. Það mun hafa verið jeg og hv. 2. þm. N.-M., er fyrst fluttum till. þessa, og var hún flutt eingöngu í því skyni að hjálpa sjúklingunum, án tillits til, hvar þeir keyptu sjer gervilimina. Þótti mjer því vænt um ummæli hv. frsm. — Vona jeg, að hv. frsm. síðari kafla afsaki þetta aukaspor mitt.

Þá vil jeg minnast hjer á till., er jeg ber fram, brtt. XXXVII á þskj. 408, um styrk til kenslu í síldarmatreiðslu. Jeg flutti till. um þetta við 2. umr., en þær voru þá feldar, þótt margt væri samþ., er jeg fullyrði, að ekki var eins þarft og það. Vil jeg benda á t. d., að hv. deild tvöfaldaði styrk til manns, sem sagt er, að sje að safna orðum. Það mun rjett vera, að hann hafi einhvern tíma á því byrjað, en aldrei hefir nokkur skýrsla birtst um starfið og menn fullyrða, að nú sje hann bókstaflega alveg hættur við það! Hinir sömu menn, er þetta samþ., neita um nokkurn eyri til fræðslu í síldarmatreiðslu. Þetta er dæmi um það, hve einkennilega Alþingi stundum útdeilir fje.

Því hefir verið haldið fram af sumum, að hjer væri um persónulegan styrk að ræða. En jeg legg áherslu á það, að jeg ber þetta ekki fram til að hjálpa þessari stúlku, heldur til þess að fá kenslunni haldið áfram. Og jeg treysti henni til starfsins; jeg hefi bæði sjeð til hennar og hefi einnig meðmæli frá málsmetandi mönnum. Eftir 2. umr. hefi jeg átt tal við nokkra stjórnendur síldareinkasölunnar, er þekkja Björgu Sigurðardóttur og hafa ljeð henni lið til kenslu sinnar undanfarið, og sögðu þeir, að líklegt væri, að einkasalan mundi taka einhvern þátt í að styrkja hana til kenslunnar áfram, því þetta væri í rauninni markaðsleit fyrir síldina innanlands. Þær 1200 kr., er koma eiga annarsstaðar að, eiga því að koma frá einkasölunni, samkv. vilyrði, sem jeg hefi frá mönnum í útflutningsnefnd. Jeg vonast til, að hv. deild sjái sjer fært að veita þennan litla styrk í því bráðnauðsynlega augnamiði að kenna þjóðinni að neyta þessarar hollu fæðu.

Jeg gæti nú í raun rjettri lokið máli mínu. Hefi jeg ekki komið fram með stórfeldar brtt. Þó hefi jeg leyft mjer að bera hjer fram eina smátill., ásamt hæstv. forseta þessarar deildar, um að hækka styrkinn til Páls Þorkelssonar úr 800 kr. upp í 1000 kr. Hv. frsm. mintist hjer áðan á hugsjónamenn. Hjer er maður, er lifað hefir fyrir hugsjón sína, bláfátækur og nú fjörgamall. Hann elur nú þá ósk í brjósti að fá komið út þó ekki væri nema einni örk sem sýnishorni af fuglaheitaorðabók sinni fyrir 1930. Þessar 200 kr., eru varla nægilegar til að standast þann kostnað, en þær mundu ljetta undir með það og sætta hann betur við tilveruna. Maðurinn er orðinn gamall, hrumur og nær blindur, og held jeg, að þetta sje hans einasta ósk, að

láta þetta sýnishorn af safni sínu, sem á hvergi sinn líka, koma fyrir almenningssjónir.

**Halldór Stefánsson:** Jeg skal í stuttu máli gera grein fyrir till., er jeg flyt ásamt hv. 1. þm. S.-M. um styrk til að gera Lagarfoss laxgengan og byggja klakhús á Hallormsstað. Alþingi hefir borist erindi um þetta, merkt 389, en það er nýkomið og hefir ekki verið lagt fram í lestrarsal ennþá og hefir ekki heldur komið til fjvn.

Menn munu minnast þess, að í fjárl. áður hefir verið veitt fje til að gera Lagarfoss laxgengan, en þá komst verkið ekki í framkvæmd. Var styrkur sá lægri en hjer er farið fram á, og skal jeg gera grein fyrir því síðar, hvernig á því stendur. Búnaðarsamband Austurlands hefir látið rannsaka möguleikana fyrir fiskirækt í Lagarfljóti og þverám þess. Fyrst var dr. Reinsch þar við rannsóknir og síðan Pálmi kennari Hannesson. Þær till., sem hjer eru gerðar, eru bygðar á áliti Pálma. Báðir telja þeir vera góð skilyrði fyrir lax og silung í þverám þeim, er í fljótið falla, en það, sem á stendur, er, að fossinn í fljótinu er fyrir neðan þverárnar og kemst laxinn því ekki upp í þær. Skal jeg leyfa mjer, í stað þess að lýsa með eigin orðum því, sem mestu máli skiftir um þetta mál, að lesa hjer upp kafla úr skýrslu Pálma — með leyfi hæstv. forseta:

„Allar líkur eru á því, að rækta megi lax í þverám Lagarfljóts. Ef laxræktin tækist vel, gæti hún orðið til mikilla hagsbóta fyrir Fljótsdalshjerað. Hins er ekki að dyljast, að við mikla örðugleika er að eiga, og verður ekki sjeð að svo komnu máli, hver árhrif sumra þeirra kynnu að verða, en það er fyrirsjáanlegt, að laxræktin kostar mikið fje og fyrirhöfn. Ekki treystist jeg til að skera úr því, hvort laxræktin gefur hreinan ágóða eða hve mikinn, og hygg jeg, að miklar rannsóknir þyrftu til þess. Jeg lít þannig á, að hjer sje um tilraun að ræða, stórfelda og kostnaðarsama, sem geti orðið til mikils gagns, ef vel tekst, og varði landið alt. Þess vegna hvet jeg til þess, að tilraunin verði gerð, og helst sem fyrst, meðan áhugi á málinu er ófölskvaður. Því nú er mikill áhugi á máli þessu í Fljótsdalshjeraði, og það er í góðum höndum, þar sem Búnaðarsamband Austurlands hefir tekið það að sjer. Jeg tel sanngjarnt, að tilraun þessi yrði styrkt af almannafje, því að hún hefir alment gildi, en íbúar Fljótsdalshjeraðs geta tæpast gert hana af eigin rammleik. Virðist mjer standa líkt á um þetta mál og ýmsar aðrar stórfeldar tilraunir til eflingar landbúnaðinum, t. d. áveitur.

Lagarfoss er neðan við ósana á þverám þeim, er áður eru taldar. Verður því eigi hjá því komist að gera hann laxgengan, ef rækta á lax í þverám þessum. Mælt hefir verið fyrir laxastiga í fossinum, og var áætlað, að hann mundi kosta 10000 kr. Ef laxastiginn verður bygður, mun laxinn leita upp fyrir fossinn og sækja æ lengra upp fljótið, uns hann finnur þverárnar og nemur þar land. Mun þá smátt og smátt skapast laxastofn í þeim, sem gengur rakleitt upp í þær til hrygningar og elst upp í þeim. En þess háttar „landnám“ gerist ekki á skammri stundu. Mörg ár eða jafn-

vel áratugir mundu líða áður en þverárnar yrðu fullbygðar laxi. Þess vegna er nauðsynlegt að friða um laxastofninn svo vel sem unt er, meðan hann er að komast upp, og ennfremur að auka hann með klaki eins mikið og hægt er. Fyrstu árin að minsta kosti er ekki við því að búast, að hrognlax veiðist í fljótinu nje þverám þess, og yrði því að fá hrognin að. En eins og stendur er harla torvelt að fá keypt hrogn svo nokkru nemi. Samkvæmt ósk Búnaðarsambands Austurlands hefi jeg leitað fyrir mjer um kaup á hrognum bæði hjer á landi og í Noregi. Má vera, að hjer á landi megi útvega nokkuð af hrognum, einkum þá er fiskirækt er komin í betra horf en nú er. Í Noregi er þess enginn kostur. Hjer verður því fyrst og fremst að efla þann laxastofn, sem fyrir er, en síðan auka hann eftir megni með aðfluttum hrognum.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið nefndar, tel jeg heppilegast að haga laxarækt í Lagarfljóti og þverám þess á þann hátt, er nú skal greina:

1. Að gerður verði laxastigi í Lagarfoss, og teldi jeg heppilegast, að að því yrði horfið þegar ástæður leyfa.

2. Að allur lax, sem gengur í Lagarfljót og þverár þess, sje friðaður um næstu 8 ár.

3. Að reist verði klakstöð á Hallormsstað, er klakið geti 500000 laxahrognum".

Jeg gat þess áðan, að hjer er lagt til að styrkja verkið að ⅔ kostnaðar, í stað þess að venja hefir verið að leggja fram ⅓. Það er bygt á því, er fram kemur í erindi P. H. Þess er ekki að vænta, að tekjur verði af þessu fyrst um sinn, kannske um áratugi. En við því er varla að búast, að menn þar verði fúsir að leggja svo mikið fje fram, þegar þeir ekki geta búist við að njóta hagnaðar af svo nokkru nemi. Einnig er þetta tilraun, er hefir þýðingu fyrir land alt, og er því rjett að styrkja nokkru frekar en venja er til. Fiskirækt í vötnum er einn þátturinn í ræktun landsins, og það mikilsverður þáttur, og leyfi jeg mjer því að vænta, þar sem hjer á þingi ríkir svo einróma áhugi fyrir ræktun landsins, að því er talið er, að ekki verði horft í að veita þetta fje til að auka ræktunarmöguleika, sem eru jafnmiklir og þessir gætu verið.

**Hákon Kristófersson:** Jeg á hjer ekki nema 2 brtt. í þessum kafla fjárl., sem jeg ætla að fara um örfáum orðum.

Sú fyrri er brtt. við brtt. hv. fjvn. við 22. gr. fjárl. Fer brtt. fjvn. í þá átt að veita nokkrum hreppum uppgjöf vaxta og greiðslufrest fyrir árið 1929 á skuldum þeirra við ríkissjóð. Við 2. umr. bar jeg fram till. þess efnis, að Patreksfjarðarhreppi yrði veitt þessi uppgjöf. Fjvn. tók þá máli mínu svo liðlega, að jeg tók þá brtt. mína aftur við þá umr. Nú sje jeg, að hv. fjvn. hefir breytt í samræmi við það, sem hún áður boðaði að verða mundi, og jeg reyndar hafði grun um, bæði af samtali við hv. n. og af „privat"-samtali við form. hennar. Hún hefir sem sje tekið upp í till. sínar, að áðurnefndum hreppi verði veitt einhver ívilnun.

En nú er það svo, að Suðurfjarðahreppur í Barðastrandarsýslu er undir sömu sökina seldur. Og að jeg ekki bar fram við 2. umr., að hann yrði líka tek-

inn með, stafaði af því, að jeg vildi sjá, hvernig Patrekshreppi reiddi af, en hafði hugsað mjer, ef honum gengi vel, að koma þá með hina á eftir. Till. mín er því sú, að á undan Patrekshreppi komi Suðurfjarðahreppur. Þykist jeg vita, að hv. fjvn., er hefir sýnt svo góðan hug til þessa máls, muni geta fallist á þessa till. mína. Því eins og tekið hefir verið fram áður, getur vel farið svo — ef ekki verður unnið að því á skynsamlegan hátt að gera viðkomandi hreppum mögulegt að greiða —, að ómögulegt verði að innheimta þessar skuldir í framtíðinni, nema með allverulegri eftirgjöf. Hefi jeg bestu vonir um, að takast megi að leiða þetta til lykta á farsælan hátt og sætti mig vel við þá niðurstöðu, er þegar er orðin um þetta mál, með voninni um það, að þessum málum verði ráðið til farsælla lykta fyrir næsta þing Vona jeg, að n. leggi samþ. sitt á þessa brtt. mína viðvíkjandi þessum hreppi.

Hin brtt. er við 22. gr. fjárl. og er þess efnis, að stj. sje veitt heimild að gefa Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftir eftirstöðvar af viðlagasjóðsláni, er honum var veitt 1922. Það má með sanni segja um þennan heiðursmann, að hann er verulegur brautryðjandi á þessu sviði. Er það ekki á mínu færi að færa honum þakkir frá öllum þeim fjölda manna, er hafa notið aðstoðar hans og hjálpar. En þessi maður er mjög illa efnum búinn, því þessi atvinna, er hann hefir stundað, er þannig, að hann hefir ekki getað gefið sig að öðrum störfum samhliða þessu handverki sínu, sem ekki getur þó veitt honum nægilegt lífsviðurværi. Hefir hann því ekki getað aflað sjer þeirra áhalda ýmsra eða komið sjer upp þeirri vinnustofu, er nauðsynleg verður að teljast vegna þessarar atvinnu. Tel jeg og víst, að nokkur styrkur til hans mundi verða til þess, að hann gæti selt ódýrar gervilimi þá, er hann smíðar, því fólki, er hefir verið svo óhamingjusamt að missa hönd eða fót. Og því þori jeg að slá föstu, að gervilimir hafa ávalt verið ódýrari hjá honum en hafi þeir verið keyptir frá útlöndum. T. d. þekki jeg eina virðulega dánumannskonu hjer í bæ, er fjekk sjer gervifót frá Danmörku. Kostaði hann 600 kr. Þennan sama lim mundi Halldór hafa selt fyrir 380—400 kr. En nú hefir þessi sami umtalaði gervilimur komið 10 sinnum til hans í viðgerð síðastl. 12 mán. Þetta sannar, að hinir útlendu limir þola ver áreynslu en þeir íslensku. Þó skal þess getið, að jeg býst við, að þeir útlendu sjeu ljettari.

Jeg lít svo á, að þær ráðstafanir, er gerðar eru í þessu skyni, sjeu heilbrigðisráðstafanir; því það eru ekki altaf þeir efnaðri, er verða fyrir slysum og óhöppum.

Að áhugi vaknaði hjá mjer fyrir þessum efnum, kom til af því, að jeg var einu sinni á ferðalagi í Barðastrandarsýslu. Mæti jeg þá manni þar uppi í afdölum. Var hann haltur mjög og gekk við staf, og tók jeg eftir því, að það marraði og brakaði í öðrum fæti hans, er hann gekk. Spurði jeg hann, hverju sætti tíst það hið mikla í fæti hans. Sýnir hann mjer þá gervifót sinn og segir, að hann sje mjög bilaður, en ilt fyrir sig sökum fjárskorts og erfiðleika að láta gera við hann. Þetta mun hafa verið fyrir 8 árum. Síðan hefi jeg jafnan haft

það hugfast að gera með atkv. mínu hjer á þingi það, sem mjer væri mögulegt, til að stuðla að því, að löggjafarvaldið sýndi það með framkomu sinni, að það hefði skilning á þeim erfiðleikum, sem handar- eða fótlausir menn eiga við að stríða. Nú reynir á skilning þm. í þessu efni, því með samþ. till. minnar ætti að vera stigið spor í áttina til þess, að gervilimir mundu verða seldir mun ódýrari. Þetta fyrsta dæmi, sem jeg nefndi, sýndi mjer, við hvaða erfiðleika þessir menn eiga að stríða og hve erfitt er fyrir þá að inna af hendi lífsstörf sín.

Einnig veit jeg til þess, að einn hv. þm. hjer í þessari hv. deild hefir þá sögu að segja, að Halldór hafi orðið honum mjög hjálplegur með smíðisgrip einum. Sama munu fleiri geta sagt. (**BÁ:** Þingmenn?). Ekki er nú það, svo jeg viti til. En fyrst hv. frsm. fjvn. spyr, skal jeg geta þess, að jeg þekki enn eina unga stúlku hjer í bænum, sem fór til útlanda í þeim erindum að fá bót meina sinna. Þessi för hennar varð algerlega árangurslaus. Nú er svo komið fyrir hjálp þessa heiðursmanns, að ástæða er til að ætla, að hún fái fulla bót meina sinna. Sýnir það ljóslega, að dverghagleikur þessa manns hefir í þessu tilfelli áorkað meira en læknar þeir, sem stúlkan hafði leitað til.

Jeg skal geta þess, að þessi maður hefir aldrei farið þess á leit við mig, að jeg beitti mjer fyrir því að fá þessa eftirgjöf honum til handa. Þetta er aðeins skoðun mín, að rjett sje og sjálfsagt að gera þetta. Vildi jeg því láta Alþingi hafa tækifæri til að sýna, að það teldi þetta starf þessa ágæta manns þess vert að styrkja það nokkuð, svo að það gæti komið að sem bestum notum fyrir mannfólkið. Og í sambandi við þetta vil jeg geta þess, þó það eigi ekki við þennan kafla fjárl., að jeg er alveg samþykkur till. hv. 1. þm. Árn. um það, að styrkur, sem greiddur er til að styrkja þetta fólk, er þarf að fá sjer gervilimi, eigi aðeins að renna til þeirra, er fá sjer gervilimi smíðaða innanlands. Þetta er ekki mælt af neinni einokunartilhneigingu, því jeg er ekki snortinn af henni ennþa, heldur stafar það af því, að jeg er fyrst og fremst samþ. máltækinu forna: „Holt er heima hvað", og svo þori jeg að fullyrða, að þessir gervilimir, sem smíðaðir eru hjer heima, eru engu lakari en erlendir. Hitt getur vel verið, að einhverjum þyki fínna að ganga á útlendum löppum, þó að hann fái betri í sínu eigin föðurlandi. En jeg álít ekki, að löggjafinn eigi að styrkja slíkt. Þó vil jeg alls ekki banna, að menn kaupi limi utanlands frá, en jeg vil ekki, að styrkur sje veittur til þess.

Jeg býst helst við því, að það sjeu erfiðar fjárhagsástæður, er hv. fjvn. og hv. þm. þykjast sjá fram á, ef þeir treysta sjer ekki til þess að samþ. þessa till. mína. Skal það og viðurkent, að heilsuleysi almennings er svo margháttað, að ekki er við því að búast, að hið opinbera geti ávalt hlaupið undir bagga, er þess væri þörf. En jeg þarf ekki annað en að benda á hin mörgu sjúkrahús, sem styrkt eru af opinberu fje, til þess að sanna, að þetta á engu síður rjett á sjer. Jeg álít, að þessi styrkur yrði verulegur liður í því að stuðla að því, að þessi maður ætti hægara með að fá sjer góð áhöld. Mundi honum þá veitast auðveldara

að smíða þessa hluti og gæti þess vegna selt þeim óhamingjusömu mönnum, er þurfa að nota þá, með allmiklu lægra verði. Tel jeg, að þessi ráðstöfun ætti af þeim ástæðum ekki síður að eiga rjett á sjer en ýmsar aðrar ráðstafanir, er þjóðfjelagið gerir til þess að stuðla að vellíðan þegnanna. Treysti jeg því, að allir sanngjarnir hv. þm. sjái sjer fært að styðja mál mitt með atkv. sínu. Fel jeg svo þessa brtt. dáð og drengskap hv. þdm. til þeirrar fyrirgreiðslu, er hæfa þykir.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg á hjer nokkrar brtt., er mjer þykir ástæða að mæla nokkuð fyrir. — Skal jeg þá fyrst geta þess, að jeg er þakklátur hv. fjvn. fyrir það, að hún hefir gert að sinni till. brtt. mína um styrk til kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði, og leggur til, að því verði veittar 6000 kr. Eins og hv. frsm. n. tók fram, er þessi styrkur mjög nauðsynlegur, því skólinn er nú húsnæðislaus. Eins og hv. dm. muna, var till. mín um að veita fjelaginu styrk til húsabygginga feld við 2. umr. Hefði skólinn því að líkindum orðið að hætta störfum, ef hann hefði ekki fengið styrkinn hækkaðan nokkuð.

Eins og hv. þdm. geta sjeð, er jeg riðinn við ekki allfáar brtt. Ef hv. dm. athuga þær, sjá þeir, að þær eru allar sjerstaks eðlis. Það eru sem sje mest styrkir til einstakra manna, en þeir munu ekki vera þær styrkveitingar, er best mælast fyrir utan þings eða innan.

Jeg geri ráð fyrir því, að þeir hv. þdm., er minnugir eru, minnist þess, að þegar hæstv. forsrh. flutti fjárlagaræðu sína við 1. umr. fjárl. nú í vetur, gaf hann skýrslu um, hvað mikið af hverju hundraði tekna ríkissjóðs hefði runnið til hinna ýmsu starfsþátta þjóðfjelagsins árlega síðan 1874. Kom þá í ljós, að framlögin höfðu í heild sinni hækkað stórlega. En hlutfallslega höfðu flestir liðirnir staðið í stað, sumir þó hækkað nokkuð og aðrir lækkað. Einn var sá liður, er lækkað hafði mjög mikið hlutfallslega við aðra liði og fólksfjölgunina í landinu. Þetta voru útgjöld til fræðslu- og mentamálanna í landinu.

Hvað sem nú svo sagt er um persónustyrkina yfirleitt, þá álít jeg, að því fje, er til þeirra gengur, sje yfirleitt fult eins vel varið og því fje, er gengur til ýmislegs annars. Og eins og fjárl. eru nú sniðin, þá er alveg sjerstök ástæða til að taka þá upp. Því þrátt fyrir þá yfirlýsingu hæstv. forsrh., að kenslumálin hafi orðið útundan, þá hefir engin breyting verið gerð til þess að bæta úr því og þau eru ennþá sett skör lægra en var fyrir 50 árum. Hinsvegar hafa tillög til verklegra framkvæmda margfaldast. Hefir það fje mest farið til vegabóta, brúargerða, jarðræktarframkvæmda o. þvíl. Er það vitanlega ekki nema gott, að ríflega sje lagt til þessa, ef efni leyfa. En ekki má vanrækja önnur nauðsynjamál alveg af þeim sökum. En þar sem svo mikið fje hefir runnið til þessa, mætti virðast minni ástæða til þess að bæta þar við nýjum upphæðum, en rjettara að auka fjárframlögin á öðrum sviðum. Skal jeg í þessu sambandi geta þess, að fjárframlög til verklegra framkvæmda munu í fjárlfrv. stj. áætluð hærri en nokkru sinni áður, eða samtals talsvert hátt á 3. milj. króna. Það er vitanlega gott að

geta lagt svona mikið fram til þessara mála, en það verður þó að hafa á því skynsamlega tilhögun. Ætti að leggja meira fram til slíkra framkvæmda þegar ilt útlit er fyrir atvinnu fyrir hinn vinnandi lýð, en draga heldur úr því þegar annað atvinnulíf er blómlegt. Því vinna sú, er ríkissjóður veitir, er orðin svo mikil, að hún skiftir talsverðu máli fyrir verkalýðinn. Mætti þannig jafna þessum framkvæmdum niður frá ári til árs, eftir því hvernig annað atvinnulíf væri. Opinberar framkvæmdir yrðu þá til þess jafnframt að bæta upp og jafna hina afarstopulu atvinnu, sem fyrirtæki einstaklinganna veita. Á því er full þörf, mikil nauðsyn. Þetta gleymist oft hv. Alþingi. Á þetta vildi jeg benda, enda þótt jeg hafi ekki gert neinn ágreining um það í fjvn., og mun jeg ekki greiða atkv. gegn till. n. í þessum efnum.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að þeim einstöku brtt., er jeg ber hjer fram. Er það þá fyrst brtt. XLIV. á þskj. 408. Hana flytja ásamt mjer hv. þm. V.-Sk. og hv. 2. þm. Rang., og er hún þess efnis, að Ingibjörgu Steinsdóttur verði veittar 2400 kr., til vara 2000, til leiknáms erlendis. Hygg jeg, að ekki þurfi að mæla mikið fyrir þessari till., því flestir hv. þm. munu hafa sjeð hana leika hjer í „Dauða Natans Ketilssonar". Geri jeg ráð fyrir því, að allir sjeu sammála um það, að hún hafi sýnt mikla hæfileika, skap og leikbrótt. Hitt má aftur deila um, hve leikur hennar hafi verið fullkominn. En jeg veit, að hún hefir brennandi áhuga fyrir því að fullkomna sig eftir föngum í þessari list. Hún hefir leikið allmikið áður, t. d. Steinunni í Galdra-Lofti og aðalhlutverkið í Kinnarhvolssystrum og hlotið mikið lof fyrir. Hún hugsar sjer að fara fyrst til Þýskalands og síðan ef til vill til Stokkhólms. Ætlar hún að kynna sjer leiklist og leikhúsútbúnað. Vil jeg biðja hv. þm. að hugsa sig tvisvar um áður en þeir greiða atkv. gegn þessari till. minni. Því jafnframt því sem leiklist er mjög skemtileg, þá er hún og stórkostlegt menningaratriði. Og þegar þess er gætt, hve miklu er varið í þágu leiklistarinnar með því að ætla að byggja hjer nýtísku leikhús, þjóðleikhúsið, þá verður ekki gengið framhjá því, að það er jafnframt skylda fjárveitingarvaldsins að hlutast til um það, að vel mentaðir og hæfir leikarar fáist til þess að leika. Hjer er heldur ekki farið inn á neinar nýjar brautir með þessari till., því undanfarin ár hafa efnilegustu leikarar og leikkonur verið styrkt til utanferða til náms með sömu upphæð og varatill. fer fram á. Jeg þarf ekki að geta þess, að þessi kona er ekki svo efnum búin, að hún geti staðið straum af þeim kostnaði, er utanför hlýtur að hafa í för með sjer, og býst reyndar við, að hún þurfi að vera svo lengi erlendis, að 2 þús. kr. muni ekki nándarnærri hrökkva til.

Þá á jeg 45. brtt. ásamt hv. þm. N.-Ísf. og hv. 2. þm. Árn. Fer hún fram á það, að Jónasi Tómassyni verði veittar 2400 kr. til að kynna sjer nýjungar í hljómlist erlendis og undirbúa útgáfu tónsmíða sinna, og til vara er farið fram á 2000 kr. Jeg átti samskonar till. við 2. umr. og talaði þá fyrir henni, og get jeg því látið mjer

nægja með að vísa til þess. Jeg vil þó aðeins minnast á það, að þessi maður er sem tónskáld og söngstjóri löngu orðinn alþektur um land alt, og þeir, sem til þekkja, hafa hið mesta álit á honum og álíta, að hann hafi unnið stórmikið og gagnlegt starf. Hann hefir aldrei fengið eyris styrk til þessa starfs nje opinbera viðurkenningu. Ætti því þessi hv. deild að sjá sóma sinn í að veita honum þessa upphæð.

Þá á jeg ásamt báðum hv. þm. Árn. brtt. undir XLVIII., er fer fram á 1200 kr. styrk til ungfrú Maríu Markan, til söngnáms í Þýskalandi. Þessi ungfrú er ein af þeim, sem leituðu til þingsins í fyrra að árangurslausu. Þrátt fyrir það rjeðist hún í að fara til Þýskalands til söngnáms og hefir dvalið þar síðan í fyrra vor. Jeg hefi sjeð ummæli um hana í þýskum blöðum, og ljúka þau öll lofsorði á list hennar. Í þessum skóla, sem hún er í, var sungið opinberlega í haust, og eftir aðeins 4 mánaða nám þar tók hún þátt í samsöngnum. Flestir þeirra, sem þarna sungu, höfðu dvalið í skólanum svo árum skifti, en hún aðeins 4 mán. Þrátt fyrir þessa stuttu dvöl við skólann eru blöðin sammála um, að hjer sje óvenjumikil listakona á ferðinni; fara þau mjög lofsamlegum orðum um söng hennar og dá rödd hennar og listaskilning mjög. Jeg tel vafalaust, að þessi stúlka muni gera okkur sæmd, ef hún getur haldið áfram námi sínu til fulls. Þeir, sem þekkja ætt þessarar konu, vita, að hún er öll mjög sönghneigð, og bróðir hennar einn hefir getið sjer frægð fyrir söng sinn úti í löndum. Jeg ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vonast til þess, að hv. deild leggi það sjer á hjarta, sem hæstv. forsrh. sagði, og dragi ekki úr framlagi til þeirra listamanna og námsmanna, sem góðs má vænta af, svo að kraftar þeirra geti notið sín, til gagns og sæmdar þjóðinni. Aurasparnaður getur orðið bæði til vansæmdar og krónutjóns.

**Sveinn Ólafsson:** Jeg þarf að minnast hjer á 2 eða ef til vill 3 till., sem jeg á hjer þátt í. Sú fyrsta er undir XLIII. á atkvæðaskránni og fer fram á, að veittar verði 3000 kr. til útgáfu minningarrits Möðruvallaskóla á 50 ára afmæli hans 1930. Brtt. þessi er flutt af 9 þm. ásamt mjer, og eru þeir allir gamlir nemendur þessa skóla. Það stendur til, að minst verði 50 ára afmælis skólans með því, að yngri og eldri nemendur hans sæki hann heim á næsta ári, en skólastjórinn, Sigurður Guðmundsson, hefir óskað eftir því, að nemendur skólans styrktu sig til að koma út þessu riti. Fer hann að vísu fram á 5000 kr. styrk, en við sáum ekki fært að taka dýpra í ár en biðja um 3000 kr. Við búumst við, að það verði okkar hlutskifti að leggja fram það fje, sem á kann að vanta, en vildum takmarka beiðni okkar um ríkissjóðsstyrk sem mest. Jeg get búist við því, að mörgum finnist ekki ástæða til að kosta slíkt minningarrit, en vil þó vona, þar sem stofnun þessa skóla var stórvægilegt spor á menningarbraut landsmanna um 1880 og hefir að vissu leyti undirbygt alla alþýðumentun hjer síðan, að hv. þdm. líti ekki á þetta sem hjegómamál. Um aldamótin mættu ýmsir gamlir nemendur skólans á 20 ára afmæli hans, og var þá sú ákvörðun tekin, að stofna skyldi til þessa móts, sem á að fara

fram á næsta ári. Þeir, sem hafa kynt sjer sögu fræðslumálanna hjer á landi, munu hafa veitt því eftirtekt, að fyrstu barnakennararnir komu frá þessum skóla út í sveitirnar, eftir að sett voru fyrstu almennu fræðslulögin, þ. e. lögin um uppfræðslu barna í skrift og reikningi frá 1882.

Hefir starf skólans haft óvenjumikil áhrif á menningu þessa lands, bæði vegna þessa byrjunarstarfs og dreifingar annarskonar alþýðufræðslu, og jeg þori að fullyrða, að þessi skóli mótar ennþá menningu sveitanna að miklum mun. Þegar jeg var í þessum skóla fyrir 48 árum, voru þar menn úr öllum landshlutum, og aðsókn mikil. Þess vegna mátti með sanni segja, að skólinn væri landsskóli og öllum aufúsugestur. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, þar sem svo fáir hv. þdm. eru viðstaddir, en jeg leyfi mjer að vona, að þar sem þetta er svo lítil fjárupphæð, en á hinn bóginn óskin svo almenn, að samþ. verði að veita hana.

Þá vil jeg víkja að annari brtt., sem jeg á, sem sje brtt. LXXVI. Fer jeg þar fram á, að Einari Ólasyni fyrrum pósti verði veittar 300 kr. árlega í ellistyrk. Jeg býst við, að mörgum hv. þdm. sje ókunnugt um kjör þessa manns og fortíð, og vil því lýsa henni með nokkrum orðum. Þessi maður var 8 ár póstur á milli Borga og Eskifjarðar, en misti þá stöðu fyrir einkennilegt og hrapallegt atvik, sem fyrir kom. Það vildi svo til, að hastarlegt peningabrjef kom fyrir úr pósti milli Reykjavíkur og Borga, og fjell grunur á Einar og fleiri menn. Tveir eða þrír voru settir í gæsluvarðhald og var Einar meðal þeirra. Sátu þeir lengi í varðhaldi og misti Einar stöðuna. Sýkna þeirra sannaðist síðar og fjekk að minsta kosti einn bætur greiddar af opinberu fje fyrir óverðskuldaða fangelsun, en E. Ó. fór ekki fram á það, þótt hann væri saklaus. Misti hann þó stöðu sína og fjekk engar bætur fyrir eða uppreist, þótt sýkn væri saka og alls góðs maklegur. Nú er maður þessi 85 ára að aldri og örvasa. Hann getur ekki unnið lengur fyrir sjer, en verður að lifa af hjálp annara eins og munaðarleysingi. Jeg veit ekki, hvar hann er nú niður kominn, en hygg hann dvelja í Skriðdal. Erindi sitt og umsókn sendi hann til þingsins í vetur, og það mun hafa legið fyrir fjvn., en þar sem hún bar það ekki fram, ákvað jeg að gera það. Jeg er ekki einn til frásagna í þessu máli, því hjer liggja fyrir framan mig ummæli Friðriks Möllers póstafgreiðslumanns á Eskifirði fyrir og um aldamót síðustu, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lofsamleg ummæli póstafgreiðslumannsins um Einar og starfsemi hans:

.... .... .... .... .... .... ....*

Þetta segir póstafgrm. um Einar, og jeg hygg, að hv. þdm. viðurkenni, að rjettur þessa manns sje ekki minni en annara þeirra pósta, sem nú eru í fjárl., heldur öllu ríkari. Engar líkur eru til, að hann muni lengi njóta þessara eftirlauna, því að eins og jeg sagði áður er hann nú orðinn örvasa og lasburða mjög. Jeg skal ekki fjölyrða frekar um þennan lið; vona jeg, að hv. þdm. setji ekki þennan gamla

*) Afrit af meðmælunum vantar í handr. innanþingsskrifarans, og hefir ekki tekist að hafa upp á frumritinu.

mann hjá, sem verðugri er þó flestum stjettarbræðrum sínum.

Jeg á þá eftir eina till., sem jeg hefi flutt með hv. 1. þm. N.-M. undir LXV, en hann hefir gert ítarlega grein fyrir því erindi og klakskilyrðum við Lagarfljót. Jeg vil þó benda á það, að þarna er um mjög stórt veiðisvæði að ræða, því að 12 ár renna í fljótið, sem virðast mjög líklegar til fiskræktunar, þar eð þær falla um frjósamt hjerað og gróðursælt, enda mun botngróður vera mikill í ánum, og kunnugir menn hafa sagt mjer, að leit muni vera á öðru eins klaksvæði. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vil aðeins geta þess, að þótt ástæða hefði verið til fyrir mig að minnast á till. hv. fjvn. og einstakra þm., þá mun jeg þó ekki gera það, þar sem nú líður að miðnætti og deildin fámenn orðin.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Við 2. umr. fjárl. voru bornar fram 91 brtt., en þá átti jeg enga. Nú hefi jeg borið fram 4, og skal jeg víkja að þeim fáeinum orðum. Sú fyrsta er undir tölulið XXVIII. og fer fram á 1000 kr. styrk til Hólmfreðs Franzsonar, til háskólanáms í Þýskalandi. Þessi piltur sótti um styrk til þingsins í fyrra og var honum þá veittur hann, og nú fer hann fram á hið sama. Þessi piltur er námfús, gáfaður og mjög vinsæll. Það mun vera einsdæmi í sögu þingsins, er það í fyrra var búið að snúast öndvert gegn styrkbeiðni hans, þá brugðu skólabræður hans við og undirrituðu áskorun til þess um að veita þessum efnilega en fátæka manni styrk, svo að hann gæti stundað nám sitt áfram. Hólmfreður leggur stund á eðlisfræði og veðurfræði, en það er eins og kunnugt er dýrt nám, en mun koma landinu að góðum notum. Með umsókn þessa pilts fylgja meðmæli frá dr. Alexander Jóhannessyni, er segir, að hann muni geta komið honum á þýska veðurfræðistöð og þá sjerstaklega gefið honum tækifæri til að kynnast veðurspám, er snerta flugferðir. Hjer er brýn nauðsyn veðurfræðinga, fleiri en nú eru. Nú starfa hjer við veðurstofuna tveir menn með sjerþekkingu, en vitanlegt er, að með vaxandi flugferðum verður að gera meiri kröfur til þeirra, og má þá telja víst, að þeir geti ekki int af höndum þau störf, sem nauðsynleg eru í því efni. Kröfur manna vaxa um fullkomna veðurathugunarstöð og verkefnin vaxa að sama skapi fyrir þá, sem við hana vinna. Í þessu sambandi vil jeg þó geta þess, að í París dvelur nú einn Íslendingur við sama nám, en þrátt fyrir það mun þörfinni ekki fullnægt, og virðist landið hafa full not fyrir þennan unga mann, þar sem 2 menn með sjerþekkingu eru fyrir. Full nauðsyn er á því, að þessi ungi maður fái styrk, svo að hann geti notið sín, og því vona jeg, að hv. þdm. hafi skilið þörfina, sem landið hefir fyrir hann, og bregðist því vel við þessari styrkbeiðni.

Þá á jeg brtt. undir LIV., sem fer fram á 1500 kr. styrk til Kristins Þ. Pjeturssonar myndhöggvara, til framhaldsnáms í list sinni í Suðurlöndum. Þessi maður er nýfarinn af landi burt til að fullnema sig í þessari list, en mun hafa æðirýr efni við að styðjast. Hann sótti til hv. fjvn. um styrk, en hvernig hún hefir litið á það, veit jeg ekki. Þessi maður hefir stundað nám í Noregi hjá ágætum listamönnum og

hefir hlotið hin bestu meðmæli frá þeim. Hann hefir gert myndir af ýmsum okkar þektustu mönnum, og eru hjer til sýnis prentaðar myndir eftir ljosmyndum af myndum hans, af Finni Jónssyni prófessor, Sveini Björnssyni sendiherra o. fl. Af erlendum blaðaurklippum má sjá, að Kristinn nýtur mikils álits hjá fróðum mönnum í þessari grein. Hann hefir dvalið hjer um tíma, en til þess að fullkomna sig í list sinni, telur hann nauðsynlegt fyrir sig að fara til þeirra landa, sem lengst eru á veg komin í myndlist, Frakklands og Ítalíu, og hann gat þess við mig, að þessi för sín væri algerlega háð því, hvort hann fengi styrk. Með synjun styrksins væri för sín til Ítalíu algerlega heft. Allir, sem þekkja þennan mann, segja hann ráðvandan til orðs og æðis og að í honum muni búa listamaður, sem muni verða þjóð sinni til sóma fyr eða síðar. Vænti jeg, að þessi ungi og ötuli maður finni náð hjá hv. deild og hún samþ. þennan litla styrk, sem hann fer fram á að sjer verði veittur.

Þá kemur brtt. LXVI.,a—b. Jeg skal geta þess, að við a-lið hefir upphæðin fallið úr í prentuninni, 1000 kr. Á Alþingi í fyrra bar jeg fram styrkbeiðni fyrir þennan sama mann. Hann hefir ekki sent beiðni sína til hv. fjvn., heldur mun hann hafa talað við hæstv. stj. Hvaða undirtektir hann hefir fengið þar, er mjer ekki kunnugt. En samkv. beiðni hans ber jeg styrkbeiðnina fyrir hv. deild. Jeg gerði í fyrra grein fyrir þessari styrkbeiðni, og get jeg vísað til þess, sem jeg sagði þá. Oddur Valentínusson er viðurkendur dugnaðarmaður við alla sjósókn og með bestu sjómönnum talinn við sunnanverðan Breiðafjörð, enda hefir hann hlotið það starf að vera leiðsögumaður skipa vegna þekkingar sinnar á hinum þröngu og hættulegu leiðum þar um slóðir. Hann telur óumflýjanlegt að kaupa lítinn vjelbát, svo að ekki þurfi hann að kosta mikið mannalið. Það er oft langar leiðir að fara. Hafnarsjóður Stykkishólms ætlar að styrkja þetta að ⅓; hitt hefir hann trygt sjer. Jeg er þess fullviss, að þessu fje væri vel varið, því að hjer er um að ræða að tryggja öruggari hafnsögu hvernig sem á stendur með veður, og öllum, sem njóta eiga leiðsögu hans, trygð fljótari afgreiðsla.

B-liðurinn er þess efnis, að 6000 kr. verði veittar Freygarði Þorvaldssyni vjelstjóra, til þess að koma í framkvæmd uppfyndingu hans viðvíkjandi kolasparnaði á eimskipum, en til vara 4500 kr. Þessi maður, sem ekki mun mörgum hv. þm. kunnugur, hefir sent umsókn sína til fjvn., sem auðsjáanlega hefir ekki þótt málið þess vert að taka það upp. Hjer er um mál að ræða, sem jeg get ekki skýrt eins vel og skyldi. Hjer er um að ræða uppfyndingu, sem hann hefir fengið einkaleyfi á í Bretlandi. Hann hefir fundið út útbúnað í sambandi við gufuvjelina, sem minkar kolaeyðsluna um ¼. Því miður get jeg ekki dæmt um það, hvort þessi uppfynding er á rökum bygð, þar sem jeg hefi ekki sjerfræðiþekkingu á vjelum. En legg aftur á móti svo mikið upp úr brjefi því, sem fylgir einkaleyfinu breska, og umsögn mannsins sjálfs, þar sem jeg þekki hann að því einu að vera skrumlaus maður, að jeg er þess fullviss, að hjer er merkilegt atriði á ferðinni. En ef svo er, þá er

hjer um virkilega þýðingarmikið hagsmunamál að ræða. Það er vitanlegt, að við gufuskipaútgerðina er kolaeyðslan með stærri kostnaðarliðunum, ekki einungis við fisk- og síldveiðarnar, heldur líka við siglingar.

Sjálfur er þessi maður ekki svo efnum búinn, að hann geti af eigin ramleik klofið þennan kostnað. Hann gat þess, að hann mundi hafa einhver ráð til að bæta við því, sem þyrfti, ef hann fengi ekki nema lægri upphæðina, sem hann fer fram á. Þessi brtt. mín ætti að njóta stuðnings allra þeirra, sem við útgerð fást og vilja styðja að velgengni sjávarútvegarins, sem og hinna, er styðja vilja framfarir, er miða til almenningsheilla.

Jeg hefi þá gert grein fyrir brtt. mínum, en áður en jeg setst niður, vildi jeg mega segja nokkur orð til hv. fjvn. Í fyrsta lagi vil jeg þakka henni fyrir góðar undirtektir að því er snertir styrk til Slysavarnafjelags Íslands. Jeg mæli þau þakkarorð í umboði stjórnar fjelagsins. Hv. n. hefir sýnt mikinn skilning og velvilja í þessu efni, og skal jeg nánar færa rök að nauðsyn þessa máls.

Slysavarnafjelagið, sem er mjög ungt fjelag, en berst fyrir góðum og göfugum málstað, hefir á sinni stuttu leið komið ýmsu góðu til leiðar. Jeg vil benda á, að vitinn á Stafnesi er reistur fyrir atbeina fjelagsins. Það átti frumkvæði að því, að hann var reistur, þrátt fyrir það, að á því ári var ekki veitt til þess í fjárlögum. En þó að vitinn sje kominn, verður aldrei örugt, að skip strandi þar ekki. Það næsta, sem Slysavarnafjelagið hafði hugsað sjer að vinna að, var að fá fullkominn björgunarbát. Jeg minnist þess, að fyrir 23 árum, þegar yfir 20 menn fórust fyrir augum allra Reykvíkinga, var það efst í hugum manna, að við þyrftum að fá stóran og traustan björgunarbát. Hugmyndin hefir legið niðri síðan, en hefir loks orðið að veruleika fyrir fáeinum vikum. Einn fjelagsmanna og stjórnarnefndarmaður í Slysavarnafjelaginu hefir sýnt þá rausn að gefa bátinn. Honum er ætlað að starfa þar, sem hættan er mest, frá Garðskaga að Reykjanesi. Síðan 1901 hafa strandað á þessum slóðum 62 skip, þar af 35 íslensk. Þetta hafa mestmegnis verið togarar, 28 útlendir togarar. 47 útlendir menn hafa látið lífið og 45 Íslendingar. Af þessu stutta yfirliti má sjá, að enginn staður hjer við land er jafnhættulegur og þessi. Slysavarnafjelagið hefir nú einkum beint athöfnum sínum í þá átt að reyna á ýmsan hátt að bæta úr þessu, ef takast mætti, að færri mannslífin týndust þar en á undanförnum árum. Viti er kominn á Stafnes. Björgunarbátur er kominn. Fluglínustöð á að koma þarna suðurfrá, sennilega á Stafnesi, til þess að skjóta út línu með björgunartaugum. En til þess að báturinn komi að fullum notum, þarf að flytja hann suður eftir, frá Sandgerði, þar sem bátnum er ætlað uppsátur, og suður á Stafnes, á landi, en til þess þarf veg, sem þarf að vera 3½ m. á breidd, svo vagn sá, sem bátnum fylgir og hann er dreginn á, hafi rúm á veginum. Menn hafa hugsað sjer bátinn dreginn af aflmiklum bílum. Venjulega hafa verið notaðir hestar á björgunarstöðvunum erlendis. En við álítum, að hjer eigi að nota bíla. Þeir munu fullnægja okkur í þessu efni.

Þetta er í stuttu máli meginástæðan til þess, að fjelagið fór þá leið að biðja um aukinn styrk. Það liggur fyrir umsögn vitamálastjóra. Hann mun hafa kynt sjer málið og álítur, að komast megi af með 10 þús. kr. til að byrja með. Sennilega verður síðar að fá viðbót við þessa vegarbót.

Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að nafnið „Slysavarnafjelag" er miklu víðtækara en það, sem hjer er um að ræða. Í hvert sinn, sem um er að ræða lendingarbætur, er jeg að greiða atkv. með slysavörnum. Í hvert sinn, sem um er að ræða síma eða útvarp, vita eða hverja aðra menningarbót, sem miðar til þess að gera líf manna öruggara fyrir hættum, er jeg að greiða atkvæði með slysavörnum, og svona mætti lengi telja. Löngun manna nú á dögum er svo mikil til að gera alt, sem þeir geta til að lengja líf fólksins, t. d. með því að koma upp sjúkrahúsum, fyrirskipa berklavarnir o. s. frv. Hvers vegna á þá ekki að leggja í sölurnar það, sem unt er, fyrir þá, sem í blóma lífsins stunda erfiða og hættulega vinnu á hafinu, þá menn, sem mestan auð færa þjóð sinni? Jeg skal geta þess, svo að það komi engum á óvart, að með flestum þeim brtt., sem bornar eru fram í þessu skyni, mun jeg greiða atkv.

Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að grípa fram í fyrri kafla og tala um eina brtt. við hann. Hún er um að veita 4000 kr. til að gefa út hafnsöguskrá. Þetta ætti að vera metnaðarmál fyrir öllum Íslendingum. Alt fram á þennan dag hefir það viðgengist frá því Danir fóru að gera sjóbrjef meðfram ströndum landsins og semja leiðbeiningar fyrir sjófarendur inn á hafnir, firði og flóa, að íslenskir sjófarendur hafa orðið að notast við danska skrá um þetta efni. Hún hefir auk þess ekki verið eins fullkomin og vera þyrfti, heldur aðeins yfir stærri hafnirnar. En þegar íslensk skrá kemur, yrðu teknar hinar smærri hafnir, því að þar er mest nauðsynin á leiðbeiningum. Jeg man eftir því einu sinni, að jeg var á skipi og við sigldum mjög vandfarna leið, bara eftir þessum leiðbeiningum. En góðar leiðbeiningar eru alveg ómissandi, enda eru þær til hjá öllum þjóðum. Margir, sem eiga að nota þessa dönsku skrá, eru ekki ávalt svo vel færir í danskri tungu, að þeir hafi hennar full not. Jeg mæli því eindregið með því, að fje verði varið til þess að gefa út hafnsöguskrá á íslensku. Við getum tæplega verið þektir fyrir annað.

**Bernharð Stefánsson:** Jeg á tvær brtt. við síðari kafla fjárl., sem báðar fjalla um lítilfjörlega námsstyrki. Jeg skal fyrst nefna XXIX. till. á þskj. 408, um 1600 kr. til Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, til háskólanáms í uppeldisfræðum. Jeg þarf ekki að tala mikið um þetta, af því að Alþingi hefir áður sýnt, að það telur þennan mann styrksins maklegan, þar sem honum voru í fyrra veittar 1000 kr. Jeg flutti þá till. um þetta og gerði grein fyrir ástæðunum og gaf hv. d. ýmsar upplýsingar um þennan mann. Hafi hann verið sjerlega vel til þess fallinn í fyrra að verða styrks aðnjótandi, er hann það auðvitað enn. En jeg vil benda á það, að svo hefir verið litið á hingað til, þegar nýjum stúdentum hefir verið veittur styrkur til að fara utan til náms, að sú fjárveiting

eigi að haldast 4 næstu árin. Jeg verð því að vænta þess, að hv. d. sjái sjer fært að veita þennan styrk áfram. Jóhann er ekki kominn til útlanda enn, en hann fer í næstu viku, treystandi því, að áframhald verði á styrkveitingu til hans í 4 ár.

Seinni brtt. mín er XLVII. till. á þskj. 408, um 2000 kr. til Guðmundar Matthíassonar frá Grímsey, til tónlistarnáms. Jeg þekki þennan mann mjög lítið, hefi aðeins tvisvar talað við hann. Hann hefir notið kenslu hjá þeim manni, sem talinn er best að sjer í þeirri grein af öllum Íslendingum, Páli Ísólfssyni, og hefir hin bestu meðmæli frá honum. Jeg vil geta þess, enda þótt það hafi ekki beina þýðingu sem meðmæli með þessum pilti, að hann er náfrændi Matth. Jochumssonar og ekki ólíklegt, að eitthvað af listaeðli þjóðskáldsins sje honum meðfætt. Þetta er nú í fyrsta sinn, sem maður frá Grímsey leitar til þingsins um svona lagaðan styrk. Er leiðinlegt að neita um fyrstu bón. Grímseyingar hafa sannarlega ekki fengið svo mikið hingað til, að það hallaðist á, þótt þetta væri veitt. Þetta mætti að nokkru leyti skoða sem lítla hugnun til þeirra. Jeg veit að vísu, að námsstyrkir eiga lítlum vinsældum að fagna hjer. Get jeg því búist við, að svo fari um þennan, og verð jeg að sætta mig við það. En jeg vil staðhæfa það eitt, að þessi till. er eins frambærileg og margar aðrar og á því ekki skilið verri afdrif. Skal jeg svo ekki eyða meiri tíma.

**Sigurður Eggerz:** Jeg á hjer 2 brtt., sem jeg vil minnast stuttlega á, tímans vegna. Sú fyrri, er jeg ber fram ásamt 3 hv. þm. öðrum, er LXI. brtt. á þskj. 408 og er um það að veita 2000 kr. til fjelags íslenskra háskólakvenna til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf. Jeg vil leyfa mjer að upplýsa, að alþjóðasamband háskólakvenna var stofnað 1919 og eru í því háskólakvennafjelög 31 ríkis. Fjelagið hjer var stofnað í apríl 1928 og var veitt inntaka í alþjóðasambandið á ráðsfundi sambandsins, sem haldinn var í Madrid í sept. 1928. Takmark alþjóðasambands háskólakvenna er að auka vinsamleg viðskifti þjóðanna og greiða götu kvenstúdenta í framandi löndum. Þetta gerir það á ýmsan hátt: 1) Með því að veita styrki til náms og vísindarannsókna, 2) með því að hafa heimili og gististaði í mörgum helstu borgum Evrópu og Ameríku, 3) með því að greiða götu háskólakvenna, sem eru á ferðalagi erlendis, með því að veita þeim aðgang að menningarstofnunum ýmsum, og ferðast um á sem skemtilegastan og ódýrastan hátt, og 4) að veita starfsfólki færi á að hafa skifti við erlendar starfssystur.

Af þessu má sjá, að hjer er um fjelagsskap að ræða, sem veitir ódýran aðgang að ýmsu, er til menningar má verða, en sem ella myndi kosta ærið fje. Fjelaginu hjer var boðið að senda fulltrúa á ráðsfundinn í Madrid í síðastl. sept., en það sá sjer ekki fært að sinna því boði. En nú telur það nauðsynlegt að geta sent fulltrúa á þing alþjóðasambandsins, sem haldinn verður í Genf að sumri. — Jeg vildi nú leyfa mjer að leggja til, að hv. deild taki vel í þessa málaleitun. Fyrir lítla þjóð getur það haft mikla þýðingu að

kynnast ágætum erlendum mönnum, er hafa mikla þekkingu til brunns að bera. Og að háskólakonur hjer kynnist og starfi með háskólakonum annara þjóða, getur haft meiri þýðingu en okkur í fljótu bragði grunar. Og hjer eru ekki gerðar svo miklar kröfur, þótt beðið sje um 2000 kr. Vil jeg því leyfa mjer að mæla hið besta með þessari till.

Þá er XXXI. brtt. á sama þskj., til Þórhalls Þorgilssonar, til lokanáms við Sorbonne í París, 1200 kr. Jeg skal taka það fram, að þessi maður hefir gert spönsku að aðalnámsgrein og auk þess latínu. Þetta er fátækur piltur, sem hefir komist áfram með hjálp frá systkinum sínum. Jeg vil benda á það, að það getur haft mikla þýðingu fyrir okkur að eiga mann, sem er vel fær í spanskri tungu, þar sem höfuðfiskmarkaður okkar er á Spáni. Er því full ástæða til að veita honum þennan styrk, sem auk þess er lokastyrkur, því hann gerir ráð fyrir að ljúka námi í vor. Og það er ánægjulegt að vita, að okkar yngri menn leita víðar náms en í Kaupmannahöfn. Þeir eru líka farnir að nema hjá stórþjóðunum, þar sem sjóndeildarhringurinn verður stærri. Okkar litlu þjóð skiftir það miklu máli, að okkar mentamenn hafi sem fylsta yfirsýn yfir menningu nútímans. Þeim lærist betur að meta það, sem við höfum, og það, sem okkur vantar. Og þetta geta okkar ungu menn betur lært hjá stórþjóðunum. Þó hægt sje að fá eins mikla sjerþekkingu t. d. í Kaupmannahöfn eins og í Sorbonne, þá verður þó sjóndeildarhringurinn stærri við það að lifa í stórum bæ og kynnast þar listum og vísindum stórborganna. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, en vona, að till. þessari verði vel tekið. En jeg skal þó leyfa mjer að minna á það aftur, að þessi maður hefir lagt fyrir sig spönsku, sem getur haft mikla „praktiska" þýðingu fyrir okkur í framtíðinni af framangreindum ástæðum. Og jeg skal minna á það, að þessi maður hefir rutt sjer braut í París við lítil efni og að systkini hans hafa reitt saman hvern eyri, er þau hafa mátt án vera, til þess að sjá hag bróður síns borgið. Og jeg veit, að þau geta nú ekki öllu meira. Jeg vona, að þessi orð nægi til þess, að Alþ. verði vel við þessari beiðni.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 373, n. 403, 408, 431).

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg hefi fáar og litlar brtt. fram að flytja. Við 2 umr. fjárl. bar jeg fram till. um styrk til Odds Guðjónssonar, 1200 kr., en hún var feld. Mun það hafa verið vegna þess, að sú upphæð, sem mentamálaráðið úthlutar, var hækkuð. Jeg hefi nú samt borið þessa till. fram aftur, af því að sú upphæð, sem fjvn. hefir ætlað til mentamálaráðsins — 8000 kr. — er svo lítil, aðeins næg handa þeim, er áður hafa fengið styrk úr ríkissjóði, því það verður að halda áfram að styrkja þá, sem áður hafa fengið stúdentastyrkinn; annars væri stúdentum það til bölvunar að hafa leiðst út á þessa dýru námsbraut við

erlenda háskóla, ef styrknum yrði kipt af þeim á miðri leið. Oddur Guðjónsson var sá eini, sem ekki fjekk styrkinn í fyrra, af þeim sem um hann sóttu, og vona jeg, að hv. Alþingi bæti honum það upp nú. Hann hefir bestu meðmæli frá kennurum sínum og stundar þá grein hagfræðinnar, sem lýtur að viðskiftum. Er hann eini Íslendingurinn, sem þá hagfræðigrein hefir lesið. Próf hans frá mentaskólanum var mjög gott. Væri því mjög hart, ef hann einn bekkjarbræðra sinna yrði algerlega afskiftur þessum styrk að ástæðulausu.

Þá er önnur brtt. mín, XXXII. á þskj. 408, sem fer fram á 1600 kr. styrk handa Böðvari Pjeturssyni, til þess að fullkomna sig erlendis í skólateikningu og dýrafræði. Hann er útskrifaður frá kennaraskólanum og hefir kent þessar námsgreinir. Nú hugsar hann sjer að dvelja í Danmörku og Svíþjóð til þess að fullkomna sig í þessum greinum. Hann hefir mjög góð meðmæli frá þeim, sem hafa kynst þekkingu hans í þessum efnum, og ennfremur frá skólastjóra þess skóla, sem hann áður hefir stundað nám við.

Sný jeg mjer þá að þriðju till. minni LXIX. á sama þskj., um styrk til sjúkrasjóðs verkamannafjelagsins Drífanda í Vestmannaeyjum. Fjelagið hefir beðið mig að flytja þessa till., og fer jeg fram á, að veittar verði 1000 kr., en til vara 600 kr. Sjóður fjelagsins var stofnaður 1916, og er hann nú orðinn 12100 kr., en hann hefir haft litlar tekjur aðrar en fjelagsgjöldin auk samskota. Er líkt ástatt um hann og aðra sjúkrasjóði, að hann þarfnast opinbers styrks, ef hann á að eflast. Sjómannafjelag Vestmannaeyja fjekk í fyrra, auk annars, 600 kr. styrk til sjóðs síns þegar í byrjun, og virðast því 1000 kr. handa sjúkrasjóði Drífanda sanngjörn krafa. Sjóðurinn hefir gert mikið gagn og styrkt á þessum árum 90 sjúklinga með 12500 kr. samanlagt; en í reglugerð um hann, sem sett var 1923, er ákvæði um, að ekki megi veita meiri styrk úr sjóðnum árlega en sem svarar ⅔ af árstekjunum, og er það svipuð regla og gildir um aðra sjúkrasjóði, sem notið hafa opinbers styrks. Er því vonandi, að þessi sjóður verði ekki settur hjá í þessu efni. Verkamannafjelagið „Drífandi" er talsvert fjölment, og þess vegna hefi jeg farið fram á, að það fengi 1000 kr., en til vara 600 kr., og er það jafnt því, sem sjómannafjel. í Vestmannaeyjum fær, sem þó er fámennara. Vona jeg, að hv. þdm. sýni þessari till. velvilja sinn og að hv. fjvn. mæli með henni við deildina.

**Jón Ólafsson:** Jeg flyt ásamt tveimur öðrum þdm. tvær brtt. á þskj. 408. Sú fyrri (nr. LIII) fer fram á 7000 kr. styrk til Íþróttafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fimleikaflokk kvenna undir stjórn Björns Jakobssonar á íþróttamót í Finnlandi. Þessi flokkur hefir farið tvisvar til útlanda og getið sjer hinn besta orðstír á Norðurlöndum, Englandi og Frakklandi. Þetta er vitanlega sú besta aðferð, sem við eigum kost á til þess að vekja athygli annara þjóða á okkur. Fræðandi fyrirlestrar, sem fluttir væru um land vort og þjóð erlendis, eru svo að segja áhrifalausir í samanburði við þetta; þar sem þeir eru fluttir eru áheyr-

endasalirnir hálftómir, eða þannig er það hjer á landi, þegar um er að ræða fyrirlestra erlendra fræðimanna. En þegar íþróttasýningar fara fram, þá er það þvert á móti orðin almenn venja, að áhorfendasalirnir fyllist af fólki. Það er ekkert, sem vakið hefir jafnmikla athygli á okkur erlendis upp á síðkastið eins og framkoma þessa fimleikaflokks undir stjórn hins merkilega kennara B. J. Honum hefir tekist að gera þennan fimleikaflokk kvenna svo úr garði, að hann hefir þótt skara fram úr fimleikaflokkum annara þjóða á sama sviði. Það mundi auka álit og þekking á íslensku þjóðinni og verða henni til mikillar sæmdar, ef íþróttafjelagið fengi hinn umbeðna styrk til þess að senda fimleikaflokkinn til Finnlands á íþróttamót þeirrar merkilegu íþróttaþjóðar, sem Finnar eru. Vona jeg því, að hv. þdm. verði ljett um að rjetta upp hendur sínar, þegar þessi brtt. kemur til atkv.

Þá kem jeg að síðari till., sem jeg flyt ásamt hv. þm. Borgf., LXVIII. á þskj. 408. Hún fer fram á að hækka styrkinn til Stórstúku Ísl. úr 8000 upp í 10 þús. kr. — Það má segja, að ekki sje árennilegt að bera fram þessa till., eftir þá útreið, sem samskonar till. fjekk við 2. umr. fjárl. Þá fjekk sú hækkunartill. svo lítinn hluta af atkv. hv. þdm., að við, sem álitum, að málstaður bindindis- og bannvina ætti þar mikinn meiri hluta, urðum alveg hissa. Jeg verð nú að segja það, að þó jeg hafi ekki mikla trú á fagurgala frambjóðenda við kosningar um stuðning sinn við málstað templara, þá hefði jeg varla getað ímyndað mjer, að hin stóru orð þeirra og loforð reyndust eins mikið hjóm og tildur og sú atkvgr. bar vott um.

Það hefir altaf verið látið klingja, að Íhaldsflokkurinn sje ekki leiðitamur templurum. Satt er það, að hann hefir ekki lagt kapp á að hræsna í þessu máli, heldur sint því eftir ástæðum, eins og öllum öðrum málum. Verður það ekki sagt um hina flokkana, sem altaf eru að básúna það, bæði í ræðu og riti, að þeir sjeu hlyntir þessu máli, og þykjast meira að segja hafa gert það að stefnumáli, til þess að gera sig góða á þessu sviði. En jeg tel það illa farið, að menn skuli snúast svo illa við þessari styrkbeiðni, eftir að vera búnir að gefa templurum hinar glæsilegustu vonir.

Þegar íhaldsstj. ljet af völdum, sögðu margir templarar, að nú þyrfti enginn framar að kvíða. Og þeir af templurum, sem lengst gengu, fengu að ráða áfengislöggjöfinni, sem samþ. var hjer í þinginu í fyrra. Hjeldu nú margir, að framtíðarmarkinu væri náð og að taka mundi fyrir alla vínnautn. Eftirlitið var aukið, og náði nú ekki einungis til skipanna, heldur voru menn jafnvel eltir upp í sveit af löggæslumönnunum, ef líkur þóttu fyrir, að þeir væru groggaðir. Jeg hafði strax illan bifur á þessari njósnarstarfsemi, enda er jeg sannfærður um það, að hún var ekki sprottin af öðru en ástríðu vissra manna til þess að fá að vita meira um einkalíf náungans. Það þarf heldur ekki annað en benda á það, hversu nú á að sýna mikla smásmygli á hinum þýðingarmeiri sviðum, til þess að allir sannfærist um, að það er ekki af umhyggju fyrir reglunni, að 39 þús. kr. hefir verið

varið til njósnarstarfsemi þessarar, heldur af öðrum og lægri hvötum sprottið. Dettur nokkrum í hug, að þessi eltingarleikur við ýmsa menn, þó að drukknir kunni að vera, sje gerður af umhyggju fyrir reglunni? Og hvaða gagn ætli reglunni sje unnið með áfengisskýrslunum? Nei, þetta er alt sprottið af sama grunni, lönguninni til að koma óhróðri á aðra menn. Að svo er, sjest best á því, að þegar þessi öflugi fjelagsskapur, sem telur c. 14000 manna, fer fram á 4000 kr. styrkviðbót, þá er ekki hægt að verða við því og borið við að þetta þurfi að ganga til annars. Hæstv. dómsmrh. sló því fram, að þetta ætti að fara til að „regulera" tollana í landinu. Það kann að vera, að nokkur hlutinn gangi til þess, en meiri hlutinn af því mun hafa gengið til þefarastarfseminnar, af því að það þurfti nú að koma því á gang, hverjir það væru, sem drykkju Til þess að njósna um einkalíf manna og reyna að ófrægja þá og svívirða, til þess vill hæstv. dómsmrh. verja fje úr ríkissjóði, en ekki til hins, að efla regluna í sínu þjóðholla starfi á friðsamlegan og þarfan hátt. Lágar hvatir leita oft skjóls bak við góð málefni.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Jeg býst ekki við, að þessi till. verði samþ., en þó að svo verði ekki, nær hún að því leyti tilgangi sínum, að með henni fæst yfirlit yfir hugi þm. til reglunnar.

Jeg hafði gaman af því, að 9 þdm. skuli sækja um styrk til þess að halda afmæli skóla síns. En jeg vil leyfa mjer að benda á það, að sá skóli, sem hefir framleitt þessa hv. þm., hlýtur að vera mjög góður skóli, því að jeg verð að játa, að í þeim eru góðir kraftar. En mjer finst, að það hefði átt að vera þeim metnaðarmál að gefa sjálfir út minningarrit um skóla sinn — og reyndar sjálfa sig um leið.

Þó að full ástæða væri til að fara út í fleiri brtt. ýmissa hv. þm., skal jeg ekki gera það, heldur fara að dæmi annara og vera friðsamur og nægjusamur. Mjer er nokkuð sama, hvernig fer um þessar 2000 kr., hitt er mjer aðalatriðið, að með till. fæst yfirlit yfir hugi þm. til þessa máls og það, hvort þeir hafa meint nokkuð með öllum fagurgalanum, sem þeir hafa haft í frammi við kjósendur og landsmenn í heild sinni.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Jeg þarf að mæla stuttlega fyrir nokkrum till. Er þá fyrst till. mín um það, að ríkið veiti Núpsskóla styrk til að koma upp rafmagnsveitu, helming kostnaðar, alt að 15 þús. kr. Fyrir tilstilli stj. hafa verið gerðar áætlanir um það, hvað rafmagnsveita muni kosta á þessum stað, og niðurstaðan varð sú, að þarna mætti reisa 40 hestafla stöð fyrir 25 þús. kr. Fjársöfnun hefir verið hafin til skólans heima fyrir með góðum árangri, og er útlit fyrir, að safnast muni 35 þús. kr. frá hlutaðeigandi sýslum og ungmennafjelögum. Þessar 35 þús. kr. eiga að koma á móti ríkistillagi, sem er ákveðið að verði helmingur stofnkostnaðar, samkv. hjeraðsskólalögunum nýju. Þessi endurreisn stendur í sambandi við hina miklu endurreisn, sem nú er hafin í skólamálunum, öllu heilli. Áður hefir þessi skóli aldrei fengið styrk af opinberu fje, nema í eitt skifti 3000 kr. til húsabóta. Sjera Sigtryggur Guðlaugs-

son hefir haldið þessum skóla uppi og um langt skeið látið renna til hans af launum sínum. Samkv. hinum nýju hjeraðsskólalögum á skólinn að verða sjálfseignarstofnun, og er nú verið að vinna að því. Það þarf að hressa upp á skólahúsið og koma þar upp rafveitu, en til þess þarf styrk frá ríkinu. Og því er sótt um þennan styrk Þarna eru góðir virkjunarmöguleikar og hægt að fá meira rafmagn, þegar skólinn er orðinn svo stór, að þessi 40 hestöfl endast ekki lengur. Jeg vona, að hv. þdm. sýni þessari till. góðan hug, úr því að þeir hafa samþ. hjeraðsskólalöggjöfina, því að till. er í fullu samræmi við þá löggjöf. Heima í hlutaðeigandi hjeraði er mikill áhugi fyrir þessu máli, og hlutur Alþingis má ekki eftir liggja.

Ásamt hv. þm. Isaf. flyt jeg till. þess efnis, að Gunnari Jóhannessyni sje veittur 800 kr. styrkur til þess að kynna sjer íþróttalíf erlendis. Hjer er um lága fjárhæð að ræða, en mjög efnilegan og fátækan mann, sem er vænlegur til að efla íþróttalífið á Vesturlandi.

Þá flyt jeg till. um það, að Steini Emilssyni sje veittur 2000 kr. styrkur til jarðfræðirannsókna. Steinn hefir um langt skeið unnið að jarðfræðirannsóknum um alt land, og hefir nú í hyggju að gefa út bók um ísl. jarðfræði, bygða á eigin og eldri rannsóknum. Hann hefir aldrei áður notið styrks af opinberu fje, en er maður mjög vel að sjer og hefir góð meðmæli fræðimanna. Er því æskilegt, að hann fái þennan styrk.

Þá verð jeg að minnast á till., sem jeg flyt ásamt tveim öðrum hv. þm., um að hækka styrkinn til landsfundar kvenna árið 1930 úr 1000 kr. upp í 2000 kr. Nokkur kvenfjelög hjer í Reykjavík hafa sent þinginu 3000 kr. styrkbeiðni í þessu skyni, en hv. fjvn. skar það niður í 1000 kr. Það liggur í augum uppi, að þetta er ekki nægur styrkur á þessu ári. Áður hafa verið haldnir tveir slíkir fundir og kostnaðurinn við þá orðið allmikill, en kostnaðurinn af þessum fundi verður þó langmestur, því að það mun aðallega lenda á þessum konum að taka á móti ýmsum kynsystrum sínum, sjerstaklega útlendum. Stendur jafnvel til, að þær haldi uppi risnu fyrir alþingishátíðarnefndina hvað þetta snertir. 2 þús. kr. hrökkva skamt í þessu skyni, en þó má búast við, ef þetta nær fram að ganga, að það verði til að spara alþingishátíðarnefndinni nokkur útgjöld.

Þessir tveir landsfundir, sem áður hafa verið haldnir, voru mjög myndarlegir. Þar var rætt um húsmæðrafræðslu, garðrækt o. s. frv. Hefir árangur þessara funda þegar orðið talsverður.

Þá flyt jeg till. um það, að Jóhannesi Sigfússyni sjeu veittar 600 kr. sem viðbót við eftirlaun hans. Það er öllum kunnugt, að þessi gamli kennari er alls góðs maklegur, en hitt munu færri vita, að hann er svo fátækur, að hann kemst ekki af með núverandi eftirlaun. Þessar 600 kr. munu geta gert honum kleift að lifa við bærilegan hag, og mun öllum vera ánægja að því að hugsa til þess, að hann sje ekki altaf þjáður af fjárhagsvandræðum síðustu stundir lífs síns.

Næsta till. mín er þess efnis, að Sigurjóni Rögnvaldssyni sjeu veittar 300 kr. í eftirlaun. Þetta er gamall

kennari, sem hefir starfað í 20 ár, en þó ekki öðlast lífeyrisrjett, eins og aðrir kennarar. Jeg vænti þess því, að hann verði ekki látinn afskiftur.

Þá kem jeg að þeirri till. minni, að veita Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 10 þús. kr. lán til 20 ára með 6% ársvöxtum. Þessi till. er borin fram sem hallærisráðstöfun, vegna þess að þessi hreppur, sem einu sinni var öðrum fremri, er nú svo að segja orðinn gjaldþrota. Liggja til þess skiljanlegar ástæður. Svo er mál með vexti, að í Arnarfirði er mikill útvegur og margt góðra sjómanna. Við breytta útgerðarhætti hafa flutst burtu margir duglegir menn úr Auðkúluhreppi og vegna brottflutnings þeirra hefir dregið mjög þróttinn úr hreppsfjelaginu, því aðrir hafa ekki komið til baka en þeir, sem ósjálfbjarga hafa orðið. Hreppsfjelagið er, eins og eðlilegt er, komið í vandræði með þessa þurfamenn, sem flestir hafa orðið ósjálfbjarga utan hreppsins vegna veikinda. Hreppurinn er fámennur og fáir bjargálnabændur eftir. Eru heimilin nú flest fámenn og ekki hægt að stunda sjó sem áður. Jeg skal geta þess, að á síðasta ári fluttust 16 menn burt úr hreppnum og í stað þeirra komu 13 nýfædd börn eða aðfluttir þurfamenn.

Jeg játa, að slíkar till. sem þessi eru vandræðamál, en hjá því verður ekki komist að óska eftir aðstoð ríkisins. Hjer er ekki farið fram á styrk, heldur lán, en þó ber ekki að dylja það, að þess er ekki að vænta, að það verði alt endurgoldið. Helst þyrfti að senda menn til slíkra hreppa sem þessa, til þess að kynnast hag þeirra og getu og gera upp viðskifti þeirra við ríkissjóðinn. Hv. fjvn. hefir tekið marga hreppa, sem illa er ástatt fyrir, upp á arma sína, og mjer þykir hart, ef þessi hreppur, sem vissulega er verst stæður af öllum hreppum á landinu, verður látinn sæta harðari kostum. Jeg hefi mörg skjöl þessu til sönnunar, sem jeg hirði ekki að lesa upp, enda hefi jeg sýnt bæði stj. og fjvn. þau. Þessi skjöl gefa yfirlit um eignir, útsvör og gjöld hreppsins, og sýna það ótvírætt, að það er ekki sjálfskaparvíti, að hreppurinn hefir farið svo illa, heldur er það að rekja til hluta, sem hreppsnefnd og hreppsbúum voru ósjálfráðir. Og þegar um ósjálfráðar orsakir er að ræða, er meiri ástæða og nauðsyn til að hlaupa undir bagga en þegar einhver vitleysan hefir verið gerð. En því er ekki hjer til að dreifa. Jeg held, að það vanti í fátækralöggjöfina ákvæði um það, að hlaupa undir bagga með hreppum, sem ekki geta risið undir skuldbindingum sínum. Ef þessi hreppur gripi til þess örþrifaráðs að hækka útgjöldin, mundi það vart leiða til annars en brottflutnings þeirra, sem betur mega sín, og vaxandi örbirgðar hjá þeim, sem eftir verða. Jeg vænti þess því, að þingið sjái aumur á þessum hreppi og verði við því að veita þetta lán.

Jeg á ekki fleiri till. sjálfur, sem jeg vil minnast á, en vil fara nokkrum orðum um till. hv. 2. þm. G.-K. um Flensborgarskólann. Það mun ekki hafa verið meining stj. að draga fje af skólanum, þó hann hafi verið settur á bekk með öðrum ungmennaskólum. En jeg tek undir það, að ekki er rjett að slengja þessum skóla saman við aðra skóla, áður en sett er löggjöf

um heildarskipulag kaupstaða- og unglingaskóla. Þessi skóli er búinn að starfa svo lengi, að það er hreinn óþarfi að fara að gera breyt. á hag hans og háttum fyrir þetta eina ár.

Eins og hv. þm. ber fram sína till., þá er útlit fyrir, að þar sje um nokkra hækkun á liðnum að ræða til unglingaskólanna, en svo er ekki, því að upphæðin er áætlunarupphæð, þar sem ný löggjöf hefir verið sett um þá ungmennaskóla, sem aðallega hafa notið styrksins. Hvorki hæstv. stj. nje hv. fjvn. hafa lagað þann lið eftir hinni nýju löggjöf, enda er þess máske ekki að vænta þegar í stað, en þar sem áætluð fjárveiting verður und ir öllum kringumstæðum of lág, þá er ekki að óttast þessa 16000 kr. brtt. frá hv. 2. þm. G.-K. En sem sagt, eðlilegast er að gera engar breyt. á fjár veitingum til þessa skóla, fyr en alls herjarbreyting kemur á næsta þingi á skipun ungmennafræðslu í kaupstöðum.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg á eina brtt., ásamt hv. samþm. mínum (MT), við þennan kafla fjárl. Það er LXXXV. brtt. á þskj. 408, um það, að stj. verði heimilað að láta athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagslegar ástæður bænda þar, og þá jafnframt að ljetta af bændum nokkru af áveitukostnaðinum, eftir því sem kann að verða álitið þeim um megn að greiða.

Það hefir verið útbýtt hjer meðal hv. þm. skýrslu um þetta mál, og þótt hún sje stutt og samandregin úr öllu því, sem mætti segja um málið í heild, þá hygg jeg þó, að þau fáu orð, sem í skýrslunni standa, sjeu nægileg til að sýna mönnum, hvernig ástatt er um þetta mál. Þar er frá greint, hversu miklar skuldir hvíla á áveitunni nú og hve fáir menn í sveitinni eiga að bera þann skuldabagga. Þeir, sem þekkja nokkuð til landbúnaðar og fjárhagsgetu hans og bænda alment, þeir geta alveg sagt sjer það sjálfir, hvernig fjárhagsástand þeirra manna sje, sem slíkan skuldabagga eiga að annast, umfram alt annað. Jeg tel algerlega óþarft að fara að fjölyrða frekar um þetta mál; það er svo augljóst hverjum manni, sem til þekkir, að það þarf ekki að gera þess neina grein, að það er bændum algerlega ofvaxið að eiga að annast slíka skuldagreiðslu sem þessa. Því er það, að við þm. Árn. leyfum okkur að bera fram þessa till., í því trausti, að Alþingi líti á nauðsyn þessa málefnis, hve hún er brýn. Jeg skal geta þess, áður en farið er frekar út í þetta, að það er leiðinleg ritvilla í skýrslunni, þar sem talað er um, hvað bændur á áveitusvæðinu hafi greitt upp í skuldirnar á síðastliðnum þrem árum; þar stendur 2200 kr., en á auðvitað að vera 22000 kr. Þetta vona jeg, að hv. þm. geri svo vel að leiðrjetta, svo að skýrslan verði ekki misskilin. Nú liggur það við borð, að bændur á Skeiðum verði að selja jarðir sínar upp í þessar skuldir, ef þeim ekki kemur liðsinni annarsstaðar frá, því þá verður að taka af þeim jarðirnar og selja þær, og yrðu þá flestir bændur sveitarinnar að hverfa frá jörðum sínum. Jeg get ekki sjeð, að sú peningastofnun, sem þarna á fjármuna að gæta, væri nokkru bættari fyrir þá aðferð; hún kann að fá eitthvað upp í skuldina, en hún fær aldrei alt, og það er alveg víst, að þótt aðrir menn tækju við búskap

þar í sveitinni, þá mun þeim ekki farnast betur en þeim, sem nú eru þar, svo það sama mundi endurtaka sig með stuttu millibili, ef einhverjir væru svo ærsðnir að reyna að takast þar búskap á hendur með þeim kvöðum, sem á jörðunum hvíla. Jeg get ennfremur sagt það, að jeg mundi ekki hafa leitað til ríkisins um þetta, ef önnur leið væri fyrir hendi. Jeg vil svo vísa til þeirra skýrslna, sem jeg hefi áður hjer á þingi gefið um málið, og ennfremur til þess, sem um málið hefir verið skrifað bæði í Frey og Búnaðarritinu; þegar skírskotað er til alls þessa, þá tel jeg ekki þörf á að fjölyrða meira um málið. Mjer þykir líka, satt að segja, alt annað en skemtilegt að þurfa að lýsa því ástandi eins og það er; en annars getur hver greinagóður maður, sem nokkuð þekkir til landbúnaðar, skapað sjer álit um það, hvernig ástandið er þarna, eftir þeirri stuttu skýrslu, sem útbýtt hefir verið hjer.

Við höfum valið þetta form, sem sjá má, en það skiftir í raun og veru ekki miklu máli, hvert formið er. Höfuðatriðið er, að góð lausn fáist á málinu og að sú niðurstaða sje rjettlát og sanngjörn. Með því, sem við leggjum til hjer, hygg jeg, að svo nærri sje stefnt farsælli lausn á málinu, að ekki verði betur á annan hátt fyrir því sjeð. Vænti jeg þess, að Alþingi líti á nauðsyn málsins fyrst og fremst, en bindi sig ekki við formsatriði. Það vill líka svo vel til, að nokkurnveginn hliðstæðar aðferðir hafa verið hafðar um mál, sem líkt stóð á um. Ætla jeg svo ekki að fjölyrða frekar um þetta; það er líka til lítils, þegar hjer eru, að jeg ætla, átta þm. eða níu viðstaddir, að meðtöldum forseta. Það er ellefta vika þingsins, sem nú er að byrja, og Nd. er með fjárl. ennþá, því þetta er hin 3. umr. þeirra. Það er nokkurnveginn greinilegur spegill af því, hvernig ástand ríkir hjer hjá okkur, hvernig skipað er á þingbekkjunum. En vonandi er þó, að góð málefni verði ekki látin gjalda þess tómlætis, sem ríkir hjer.

**Magnús Jónsson:** Fyrsta brtt., sem jeg ætla að minnast hjer á, er XXVII. brtt. á þskj. 408. Hún er flutt af okkur hv. þm. V.-Sk. og mjer. Hún kom fram hjer við 2. umr., en nú hefir upphæðin nokkuð verið lækkuð; það er sem sje styrkurinn til rannsóknarstofu háskólans. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta; hv. þdm. er öllum kunnugt um þessa stofnun, henni var komið upp þegar sett var sjerstakt dócents-embætti við læknadeildina, sem sjerstaklega átti að vera til þess að kenna læknaefnum sóttkveikjufræði og fleiri greinir, er það snerta, en þá var nauðsynlegt að koma upp um leið stofu, þar sem hægt væri að sýna stúdentunum bæði sóttkveikjugróður og ýmislegt fleira, sem að því lýtur. En það reyndist nú svo, að þessi rannsóknarstofa starfar í raun og veru minst fyrir háskólann; hún starfar ekkert meira fyrir hann en t. d. sjúkrahúsin, þar sem sjúklingar liggja, sem stúdentar fá að sjá. Þessi stofnun starfar nú algerlega í þágu heilbrigðismálanna yfirleitt; henni eru sendar, þegar farsóttir geisa, „blóðprufur", til að skera úr um það, hvaða sjúkdómur sje þar á ferð. Þessi rannsóknarstofa komst á sínum tíma inn á sáttmálasjóð og var allmikið styrkt

af honum, bæði þegar henni var komið á fót og síðar, þegar keypt voru verkfæri til hennar, var henni svo þaðan lagður um 3000 kr. styrkur á ári. En nú er svo komið, að það hefir í mörg ár staðið allmikil deila um þessa stofnun; háskólaráðið hefir ekki viljað styrkja hana lengur, því það er þröngt í búi hjá sáttmálasjóði, tekjur hans hafa rýrnað mjög mikið við verðfall íslenskra peninga, og þótt hann hafi alls um 40000 kr., þá er það ekki mikið, bæði til að styrkja kandidata, til utanfara háskólakennaranna, sem þó er ekki mikið um, og sömuleiðis til vísindastarfsemi í öllum greinum. Það er því augljóst, að það er svo þröngt við úthlutun styrkja hjá háskólaráðinu, að það getur ekki styrkt nema örlítið af öllu því, sem það gjarnan vildi, og hefir þess vegna verið talað um, að þessa ríkisstofnun bæri háskólaráðinu ekki að styrkja. Nú var það samþ. í vetur, að þessi stofnun yrði ekki lengur styrkt af sáttmálasjóði. En þar sem forstöðumaður stofnunarinnar segir, að hann þurfi styrks, og ríkið hefir á hinn bóginn ekki viljað vera án hennar starfsemi, þá virðist rjett að veita eitthvað til hennar í fjárlögunum. Annars hygg jeg, að rjett væri í þessu sambandi, að gengið væri eftir því, að rannsóknarstofan sendi ítarlega greinargerð fyrir starfsemi sinni og þeim tekjum, sem hún hefir, því jeg gæti sannast að segja, hugsað mjer, að eftir því sem verkefni hennar vaxa, þá geti styrkurinn smám saman minkað, og ef til vill horfið alveg. En við berum þetta fram af því að við teljum alveg sjálfsagt að hún haldi áfram að starfa.

Jeg ætla að vonast til þess, sjerstaklega eftir að við höfum skorið dálítið af þeirri upphæð, sem við bárum fram í fyrstu, að hv. þdm. geti ljeð þessu lið sitt, og jeg vonast til, að hv. fjvn. þurfi ekki að taka illa í brtt. af sinni hálfu, svo hún fái þess vegna þau mikilsverðu meðmæli hv. meiri hl. n. með sjer, sem á að hafa mikil áhrif á afstöðu hvers manns hjer í þessari hv. deild.

Þá er XL. brtt. á sama þskj., um að veita Geir Gígju kennara 1500 kr. styrk til þess að fullnuma sig í skólasmíði og lesa náttúrufræði í Kaupmannahöfn. — Jeg býst við, að allmargir af hv. þdm. kannist við nafn þessa manns í öðru sambandi. Hann er mjög frækinn íþróttamaður og hefir hvað eftir annað borið sigur af hólmi í kapphlaupum hjer; hann er maður prýðilega vel gefinn til líkama og sálar, alvörumaður og strangur við sjálfan sig, dugnaðarmaður og vel úr garði gerður á allan hátt. Hann er kennari við barnaskólann hjer og hefir ágæt meðmæli frá skólastjóra, Magnúsi Helgasyni kennaraskólastjóra og frá dr. Bjarna Sæmundssyni. Veit jeg, að þessi meðmæli ættu að vega allmikið hjá flestum, jafnvel svo, að hver maður, sem þau hefði, ætti að fá styrkinn. En mestu og bestu meðmælin eru þó þau, að honum hefir verið heitið því, að hann megi halda launum sínum á meðan hann er í þessari för. Sýnir það best, hve þarfur maðurinn er talinn þessum skóla og hvert traust hann hefir um það, að hann muni nota þennan tíma vel. Hv. þdm. verða vitanlega að gera það upp við sig, hvort þeir vilja veita fjeð,

en jeg get alveg persónulega ábyrgst það, að sá tími mundi verða vel notaður, sem þessi maður fengi til að auka þekkingu sína.

Brtt. XLIX. á sama þskj. er um það að veita Jóni Ófeigssyni kennara 5000 kr. styrk til þess að vinna að samning þýsk-íslenskrar orðabókar, en varatillaga 4000 kr. Jeg þarf ekki að lýsa Jóni Ófeigssyni fyrir hv. þdm.; hann er þeim svo kunnur. Hann fjekk fyrir nokkrum árum síðan styrk til sama verks. — Maður er eiginlega hálfhissa á því, að ekki skuli vera til íslensk orðabók í einu af helstu heimsmálunum, og það meira að segja þeirrar þjóðar, sem hefir haft einna mest afskifti af okkur í menningarlegu tilliti. Það er áreiðanlegt, að þótt margar þjóðir sinni málum vorum, þá hefir engin þjóð gert okkur meira gagn heldur en Þjóðverjar, en þetta sýnir ekki annað en það, hve bókamarkaður okkar er afarfáskrúðugur, að ekki skuli vera til hjer nein orðabók yfir tungumál þessarar miklu menningarþjóðar. Þessi maður fjekk sem sagt styrk fyrir allmörgum árum í þessum sama tilgangi, en verkið var torsótt og gekk heldur seint, og efast þó enginn um, að þar er um góðan verkmann að ræða, sem Jón Ófeigsson er. En hann komst þá ekki lengra með verkið en það, að hann kvaðst vera hálfnaður með orðabókina. Þá hvarf hann frá því að sinni og fór að vinna við orðabók Sigfúsar Blöndals; vann hann við þá bók í mörg ár, en er nú búinn að koma því verki af sjer, þar sem sú orðabók er nú fullprentuð. Vill hann nú gjarnan taka upp þann sama þráð aftur og ljúka við þýsk-íslensku orðabókina; hann gerir ráð fyrir að ljúka við hana á tveim árum, en segist þurfa að endurskoða alt það, sem hann hafi verið búinn að vinna að henni, og ljúka svo við seinni partinn. Taldi hann sig þurfa að fá 5000 kr. á ári í tvö ár, en jeg hafði nú þann fagra þingmannssið að sníða ofurlítið af þessu og gefa mönnum kost á að greiða atkv. um lægri upphæð, og jeg hygg, að hann mundi samt vinna að þessu verki, þótt nokkuð væri sniðið af þeim styrk, sem hann hefir óskað eftir. En jeg vil aðeins taka það skýrt fram, að þetta myndi þurfa að vera fyrri greiðsla af tveimur. Það er enginn vafi á því, að ef þessa orðabók á að semja á annað borð, þá er enginn maður færari til að semja hana en einmitt Jón Ófeigsson, og það er ekki aðeins af því, hve mikill þýskumaður hann er, heldur hefir hann líka mesta æfingu í því að semja orðabækur. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að það eru löngum vissir menn hjá hverri þjóð, sem gefa sig við því að semja orðabækur. Af slíkum mönnum höfum við átt Geir Zoëga rektor, en síðan hann leið, hygg jeg engan svo færan sem Jón Ófeigsson.

Þá hefi jeg borið hjer fram LXII. brtt., um 1800 kr. styrk til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi. Það var till. um þetta sama við 2. umr., en jeg hygg, að hv. þdm. hafi þótt sú till. óþarflega há, sem þar var farið fram á, og hefi jeg þess vegna tekið hana upp aftur, en með lægri upphæð. Það var þá talað fyrir þeirri till., og get jeg af þeirri ástæðu stytt mál mitt nú, svo og vegna þess að mörgum er þessi fjelagsskapur vel kunnugur. Fjelagið

gefur út blað, sem er nokkuð þungt á því, vegna þess að í fámenninu hjá okkur er það æfinlega svo, að blöð, sem fjalla um sjerstakar greinir, bera sig alls ekki, svo þeim þarf að leggja fje, meira og minna á hverju ári, og það er vanalegt, að fjelögin gera ekki meira en að ná inn tekjum til að halda uppi slíkum blöðum. Auk þess hefir fjelagið keypt eignina Tungu hjer fyrir innan bæinn. Er mjer kunnugt um, að það hefir unnið og vinnur þar mjög þarft og gott verk. Það skiftir mörgum hundruðum húsdýra, sem þetta fjelag hefir skotið skjólshúsi yfir þar innfrá; fjekk jeg að gamni lauslegt yfirlit yfir það, sem er á þessa leið: 534 hestar, 202 kýr, 486 hundar, 65 kindur, og ósköpin öll af köttum og ýmsum alifuglum, sem vitanlega alt hefir líf og tilfinningu og er vel gert að skjóta skjólshúsi yfir.

Jeg er alveg viss um það, að á meðan ekki er farið að hleypa þessu út í neinar öfgar, þá er ekki annað betur gert en að styrkja eitthvert fjelag, sem leitast við að innræta öllum að fara vel með dýrin, og sem ætíð er til taks hjer í fjölmenninu, þegar þarf að liðsinna þeim. Þessi styrkur er heldur ekki svo fjarskalega tilfinnanlegur fyrir ríkissjóð, og þykir mjer þess vegna ekki ósennilegt, að hv. þdm. sjái sjer fært að samþ. þessa upphæð. Það er alveg áreiðanlegt, að fjelagið verður ekki neitt feitt af þessu; það mun fara algerlega til þeirrar starfsemi, sem þeir af áhuga beita sjer fyrir, en hafa engan ágóða af. En hitt er annað mál, að þeir hafa orðið að taka mann upp á kaup til að vera þarna og sjá um eignina. Er mjer dálítið kunnugt um það vegna þess, að þegar staða þessi losnaði síðast, sótti jeg um hana fyrir mann, sem langaði til að fá hana; síðan er mjer kunnugt um það, að fjelagið borgar ekkert um of fyrir það, sem það lætur vinna fyrir sig.

Loks á jeg brtt. á þskj. 431. Það er um að veita Karlakóri Reykjavíkur 2000 kr. styrk til þess að fá sjer kenslu hjá söngkennara. Hv. þdm. kannast sjálfsagt við Karlakór Reykjavíkur. Það er ekki gamalt fjelag; söngstjórinn er Sigurður Þórðarson frá Söndum. Þetta fjelag hefir þegar aflað sjer mjög mikilla vinsælda. Jeg skal ekki um það segja, hvort það er eins þaulæft söngfjelag eins og Karlakór K. F. U. M., en það er áreiðanlegt, að það hefir alveg prýðilegum kröftum á að skipa. En ástæðan til, að það fer nú fram á að fá þennan styrk, er sú, að í sambandi við alþingishátíðina 1930 var talað um að koma upp mjög stórum blönduðum kóri. Það buðu sig fram mjög margar stúlkur til þess að syngja í þessum væntanlega Þingvallakóri og munu um 60 af þeim hafa verið teknar. Aftur á móti voru karlmennirnir svo margir, er til mála gátu komið, að þeir hirtu ekki um að gefa sig fram. Var því talsverður spenningur um það, hvaða menn mundu valdir til að skipa þennan úrvalskór. Var þá sú leið farin að snúa sjer til Karlakórs K. F. U. M., en afleiðingin varð sú, að sá kór var tekinn í heilu líki, og er jeg ekki að mótmæla því; hygg jafnvel, að það hafi verið skynsamlega gert. En þá rèis upp óánægja hjá Karlakóri

Reykjavíkur, og sjerstaklega af því, að Sigurður Birkis hafði verið valinn til þess að segja fólki kórsins til. Nú þóttist Karlakór Reykjavíkur útundan, er allir meðlimir Karlakórs K. F. U. M. voru teknir og fengu við það kost á ókeypis kenslu í söng. Virtust þeir með rjettu geta bent á þann greinilega aðstöðumun kóranna vegna þeirrar kenslu, sem jeg mintist á.

Jeg veit, eftir því sem kunnugir menn hafa sagt mjer, að það er geipilega mikill tími, sem fer hjá þessum mönnum í að æfa sig. Þeir, sem ganga suður Laufásveg á kvöldin, sjá þessa menn safnast saman eftir vinnutíma svo að segja daglega til þess að æfa sig. Og alt þetta ómak og alla þessa miklu vinnu leggja þeir á sig vegna starfsins og án þess að geta búist við að fá neitt í staðinn.

Nú hefir þessi vel menti flokkur snúið sjer til Alþingis og mæltst til að það veitti lítilsháttar fjárhæð til þess að styðja að rjettmætu áhugamáli flokksins, að verða sem best fær í sinni ment, og álít jeg, að væri vel til fundið að verða við þessari beiðni.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg á örfáar brtt. við þennan síðari kafla fjárl., sem jeg vildi leyfa mjer að gera grein fyrir með fáeinum orðum.

Vil jeg þá fyrst minnast á LV. brtt. á þskj. 408, um 1500 króna styrk til vegagerðar um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík. Eins og kunnugt er, hefir verið unnið að því á undanförnum árum að rækta upp sandinn við Bolungarvík og ágætur árangur orðið af því starfi. En til þess að áframhald geti orðið á starfinu vantar tilfinnanlega veg um sandsvæðið. Aðalræktunin er sem sje í því fólgin að bera þara á sandinn, en það er ekki hægt, svo að verulegu gagni komi, nema lagður verði vegarspotti um sandinn, svo þaranum verði ekið þangað, sem hans er mest þörf.

Reynslan hefir sýnt, að þar sem þarinn hefir verið borinn á, er sandurinn algróinn, en gat þó varla talist fær yfirferðar í hvassviðri fyrir 12 árum. En eins og jeg hefi vikið að, er ekki hægt að halda þessari nauðsynlegu ræktun áfram vegna vegleysis. Vil jeg benda á, að þarna eru á þriðja hundrað hektarar af landi auðvelt til ræktunar, ef vegur er lagður, og kunnugir fullyrða, að gróið muni upp á 10 til 15 árum, ef ekki skortir áburð. Er því auðsætt, hvílík lyftistöng það getur orðið fyrir bygðarlagið, þegar landsvæði þetta er komið í rækt.

Þá er það LIX. brtt. á sama þskj., sem jeg flyt ásamt hv. þm. V.-Ísf., um að hækka styrkinn til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal upp í þá upphæð, sem hann hefir áður haft. Mjer er óhætt að segja, að þessi maður er ungum mönnum vestra hinn mesti aufúsugestur hvar sem hann sýnir sig eða fer um. Fyrir utan það, að hann er mjög fær í iðn sinni, listskurðinum, að dómi þeirra manna, sem vit hafa á, og áhugasamur um kensluna, þá er hann maður, sem er sjerstaklega vel til þess fallinn að leiða unga menn og halda þeim saman. Hann hefir haft mikil afskifti af fjelagsskap ungra manna á Vesturlandi, og það er almannarómur, að þeir menn, sem verða fyrir áhrifum Guðmundar, beri af öðrum um siðprýði og annað fagurt hátterni. Hann heldur á hverju ári námsskeið fyrir ungt fólk víðsvegar

um sýslurnar, og þau endurgjaldslaust. Hann mun oftar leggja fátækum nemendum til efnið án þess að ganga eftir borgun fyrir það. Vænti jeg því, að hv. d. sjái sjer fært að láta þennan mann halda sama styrk og hann hefir áður haft, og það því fremur, sem fullyrt er, að annar maður, sem nýtur þó helmingi hærri upphæðar af opinberu fje til samskonar kenslu, sje ekki eins áhugasamur í starfi sínu og Guðmundur. Guðm. hefir margfalt fleiri nemendur en þessi maður, og loks eru störf hans önnur fyrir ungmenni, sem verð eru mikillar viðurkenningar.

Þá vildi jeg leyfa mjer að mæla með einni brtt., þó að jeg sje ekki flm. hennar, en hún er um styrk til Gunnars Jóhannessonar til þess að kynna sjer íþróttalíf erlendis. Þetta er eini maðurinn um alla Vestfjörðu, sem segja má um, og það með rjettu, að hafi brennandi áhuga fyrir öllu því, sem íþróttir kallast. Hann er líka eini íþróttakennarinn þar um slóðir og hefir ferðast víða um Vestfirði fyrir sama sem ekkert gjald og stofnað íþróttafjelög, sem hann svo hefir kent í. Á Ísafirði hefir hann unnið ágætt starf í þessu efni og hlotið lof fyrir. Nýlega fór hann með leikfimiflokk, sem hann hefir æft, norður um land og gat flokkurinn sjer besta orðstír fyrir ágætar sýningar, sem sjerstaklega má þó þakka dugnaði og áhuga kennarans. Síðastl. ár hefir hann tekið skátafjelagsskapinn á Ísafirði upp á arma sína og kent ungum mönnum allar þær íþróttir og andlegu þjálfun, er þeim góða fjelagsskap fylgja. Gunnar er einnig afbragðsmaður og vel til þess fallinn að leiða unglinga og hafa góð áhrif á þá.

Vænti jeg því, að hv. d. sjái sjer fært að veita þennan styrk, svo að þessi efnilegi íþróttakennari geti skroppið út yfir pollinn til þess að sjá ýmislegt nýtt og fullnuma sig í ýmsum greinum, er koma mundi síðar ungum mönnum á Vesturlandi til góðs.

**Lárus Helgason:** Af því að mjer er ekki alveg sama um það mál, sem jeg ætlaði að tala um, þá þykir mjer of fáir hjer í hv. deild til þess að byrja á því. Jeg óska því, að hæstv. forseti hringi hv. þm. í sæti sín, eða þá að jeg fengi að bíða með ræðu mína þangað til eftir kl. 1. Það eru eigi nema fáar mínútur til þess kl. er 12 á hádegi. Það er hvorttveggja, að jeg vil ekki tala fyrir auðum sætum hv. þdm., enda svo mikil ókyrð yfir þeim fáu, sem eftir eru, að þeir fást að líkindum ekki til þess að hlusta á ræðu um þetta eða önnur mál.

**Forseti (JörB):** Þetta er fyrirfram ákveðinn fundartími, og það vita hv. þdm. En til þess að það sjáist í Alþt., hverjir eru viðstaddir og hverjir ekki, ætla jeg að láta fara fram atkvgr. um það, hvort fundinum skuli haldið áfram eða ekki.

ATKVGR.

Felt með 8:7 atkv. að halda fundinum áfram, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MG, MJ, SvÓ, HJ, HK, IngB, JörB.

**nei:** JJós, JAJ, JÓl, LH, SÁÓ, BÁ, EJ, GunnS.

13 þm. (JS, MT, ÓTh, PO, SE, TrÞ, ÞorlJ, BSv, ÁÁ, BSt, HStef, HG, HV) fjarstaddir.

Fundi frestað.

Kl. 1 miðdegis var fundinum fram haldið.

**Lárus Helgason:** Landbn. á eina brtt. við fjárl., og er það LVII. brtt. á þskj. 408. Er hún um 5 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til þess að búa til bráðapestarbóluefni.

Það er kunnugt, að bráðapestin var um langt skeið hin mesta landplága, og hefir mikið verið gert til þess að reyna að útrýma henni, og sýndist svo um tíma, sem takast mundi að losna að mestu við þennan illræmda vágest með því að nota bóluefni það, sem Magnús heit. dýralæknir útvegaði um mörg ár frá Danmörku. Í seinni tíð hefir veikin aftur ágerst, og er því kent um, að bóluefnið komi ekki að fullum notum, að það sje of veikt. Við höfum fengið þetta bóluefni frá Danmörku og þar er það búið til úr sýklum, sem er svo blandað saman við „serum". Nú hefir ungur og efnilegur læknir, Niels Dungal, farið fram á að fá styrk til þess að gera tilraunir með aðra bólusetningaraðferð, og ætlar hann að nota eingöngu sýkla til bólusetningar. Hann hefir gert tilraunir með þetta í smáum stíl og hefir komist að raun um, að það má lækna með þessu og fá fram varanlegt ónæmi (þ. e. gera kindurnar ómóttækilegar fyrir veiki þessa). Til þess að prófa þetta nægilega verður hann að gera tilraunir á hundruðum sauðfjár víðsvegar af landinu, og hann telur sig þurfa að sigla til þess að kynna sjer þetta nánar og fá frí frá starfi sínu við háskólann a. m. k. í 2 mánuði. Hann verður að ferðast um sveitirnar í sept. og október, en það getur hann ekki nema því aðeins, að hann fái styrk, enda er það ekki af neinum heimtandi. Mjer finst sjálfsagt að hv. Alþ. taki þessu máli vel, því að hjer er ekki um bitling að ræða handa einstökum manni, heldur hagsmunamál allra landsmanna, og þá sjerstaklega bændastjettarinnar. Ef menn halda, að þessi maður sje að sækjast eftir þessu til þess að skapa sjer atvinnu, þá er honum gert rangt til. Hann er mjög vel gefinn og vel fær og þarf ekki að sækja um neinn styrk til þess að komast áfram; honum bjóðast nóg verkefni. Þó að þessi maður sje fæddur hjer í Reykjavík og hafi dvalið hjer mestan hluta æfi sinnar, að undanskildum þeim tímum, sem hann var í sveit sem barn, og þeim árum, sem hann hefir dvalið erlendis við nám, þá er mjer kunnugt um það, að hann hefir mikla þekkingu á búskap og hefir opin augun fyrir gagnsemi landbúnaðarins og er þegar kominn langt með að vinna þjóðinni ómetanlegt gagn með þessum tilraunum sínum, sem sje þeim, að útbúa gott bóluefni.

Menn kunna nú að segja, að þetta sje óþarfi, þar sem nú á að fara að setja á stofn rannsóknarstofu, sem á að hafa með höndum allar rannsóknir í þarfir atvinnuveganna. En það er síður en svo að það sje rjett. Þessi maður er þegar kominn langt með þessar rannsóknir, og það er sjálfsagt að fela honum það áfram, en það verður ekki hægt nema með fjárveitingu, og

það er áreiðanlega bara til þess að tefja fyrir málinu að láta það bíða eftir rannsóknarstofunni. Þetta verður líka áreiðanlega verk rannsóknarstofu háskólans, með tilliti til forstöðu manns hennar, N. P. Dungals. Landbn. leit svo á, að það ætti að hraða þessu sem mest, því að málið þolir ekki bið og bráðapestin gerir altaf meiri og meiri spell nú í seinni tíð. Jeg man eftir því, að þegar jeg var ungur, þá gerði bráðapestin mjög sjaldan vart við sig í Skaftafellssýslu fyr en seint á haustin og fram eftir vetri, þegar hagar og veðrátta spiltist. En nú liggja dauðir skrokkarnir úti um alla haga víðsvegar á landinu strax í september. Dæmi eru til þess, að 40 kind ur drápust úr bráðapest úr einum rekstri á leiðinni úr Fljótshlíð til Reykjavíkur. Síðan eru ekki nema 1—2 ár. Það er því ekki að undra, þó að landbn. hafi fundið sig knúða til þess að flytja þessa till., og jeg vona, að hv. dm. sjái, að hjer er um gott og áríðandi mál að ræða. Þetta mál er áreiðanlega eitt þeirra, sem hjálpað getur til að rjetta landbúnað inn við. Það er áreiðanlega nauðsynlegt að koma í veg fyrir þessa geigvænlegu plágu. Jeg vona, að hv. dm. sjái, að hjer er alls ekki til mikils mælst. Það er aðeins verið að taka höndum saman við þann mann, sem þegar er kominn langt með að bjarga okkur frá þessum voða. Jeg þekki hann sjálfur svo vel persónulega, að jeg er þess fullviss, að þarna er ekki um skrum að ræða, því að það er mjög fjarri hans skapi.

Jeg vænti þess, að þetta sje nægilegt til þess að hv. deild lofi till. fram að ganga, hvað sem hún annars gerir við ýmsar hinar aðrar brtt., sem fyrir liggja.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Af þeim brtt., sem nú hafa komið fram við fjárl., vil jeg fara nokkrum orðum um þá till. hv. 2. þm. G.-K., sem viðvíkur Flensborgarskólanum.

Í fjárlagafrv. var sú breyt. gerð með þennan skóla frá því, sem áður var, að styrkurinn til hans var feldur inn í almenna styrkinn til hinna ungmenna- og alþýðuskólanna í landinu. Nú vill þessi hv. þm. lækka almenna styrkinn, en hækka framlagið til Flensborgarskólans að sama skapi. Þetta er þó enginn velgerningur við þessa stofnun fyrirkomulagsins vegna, því að með þessu nýja ákvæði í fjárlagafrv. var verið að hjálpa Flensborgarskólanum inn á þá braut, sem hann verður að ganga fyr eða síðar, og koma honum í það rjetta horf, svo að hann verði í samræmi við aðra hliðstæða skóla í landinu. Sú venja, að hann fengi sjerstakan styrk, var eðlileg og sjálfsögð meðan hann var eini virkilegi alþýðuskólinn á landinu og engir voru honum hliðstæðir. Nú á seinni árum hafa vaxið upp aðrir alveg hliðstæðir skólar, og er til sjerstök löggjöf um þá, þar sem er ákveðið um þátttöku bæjar- og sveitarfjelaga í rekstrarkostnaðinum. Flensborgarskólann verður óhjákvæmilega að setja á bekk með þessum skólum, og þá hlýtur Hafnarfjörður og Gullbringu- og Kjósarsýsla að taka sinn þátt í rekstrarkostnaðinum, og það má ekki dragast lengur.

Núna í vetur fór jeg þarna suður eftir til þess að kynna mjer fyrirkomulag þessa skóla, og komst jeg

þá að raun um, að það er að sumu leyti gott og að sumu leyti ilt. Skólinn er illa hirtur og vanræktur af öllum hlutaðeigendum nema gefandanum og ríkissjóði, og er það ekki að sjá, að Hafnarfjörður og Gullbringu- og Kjósarsýsla hafi fórnað miklu fyrir hann, og eru þau ekki annað en þiggjendur. Húsið er gamalt og uppfyllir ekki þær kröfur, sem þarf til þess að hægt sje að hafa þar skóla, og þá heimavist miklu síður. Þetta er gamalt verslunarhús frá einokunartímanum, sem Þórarinn Böðvarsson keypti og ljet laga, svo að það mátti víst heita gott þá, en er nú næstum orðið óhæft, vegna þess hve því er lítill sómi sýndur. Nú er húsið komið að hruni og það er vafasamt, hvort heilbrigðisstjórnin telur forsvaranlegt að hafa heimavist þar lengur, og þetta er alt að kenna vanrækslu Hafnfirðinga og tómlæti Annars hefir skólinn ýmsar góðar hliðar, hefir t. d. að mörgu leyti mjög laglega kenslu og góða aðsókn.

Jeg boðaði til fundar um skólamál í Hafnarfirði í vetur, og þann fund sótti allur þorri borgaranna. Jeg sagði þeim það sama og jeg hefi sagt hjer, að skólinn væri mjög vanræktur af þeirra hálfu og hver afstaða mín væri gagnvart honum. Og það var öðru nær en að þessu væri illa tekið. Það vaknaði einmitt ný hreyfing til endurbóta á skólanum í sambandi við þennan fund. Árið 1931 er skólinn 50 ára gamall, og ávöxturinn af þessari nýju hreyfingu er meðal annars sá, að nú hafa gamlir nemendur skólans stofnað með sjer fjelag, til þess að verða ekki eftirbátar annara við þetta hátíðlega tækifæri, og ætla að vinna að endurbyggingu skólans, svo að hann svari til krafna framtíðarinnar. Alþ. hefir á engan hátt meiri skyldur við Flensborgarskólann heldur en t. d. Laugaskólann, Núpsskólann eða Ísafjarðarskólann. Hann er að vísu meiru vanur, en hinir skólarnir standa honum alveg jafnfætis og eiga jafnmikið tilkall til styrks af opinberu fje. Hafnfirðingar skilja það, að nú er verið að rumska við Flensborgarskólanum, og þeir hafa ekkert á móti því, og það er sjálfsagt, að þeir fái að vita það, að þeir verða sjálfir að taka að sjer að mestu leyti endurbyggingu og viðhald skólans. Af þessum ástæðum vil jeg mælast til þess við hv. deild, að hún felli brtt. hv. 2. þm. G.-K., því að með henni er verið að vinna á móti þeirri vakningu, sem sannarlega verður að ske.

Þá er brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. um fjárveitingu til rafmagnsveitu við Núpsskóla, sem jeg vil minnast lítið eitt á og bæta nokkru við orð hv. flm. till. Skólinn á Núpi mun vera sá elsti af hinum eiginlegu hjeraðsskólum á landinu, og er hann nú orðinn gömul stofnun, sem er búin að gera mikið gagn, og það ber víst enginn maður á móti því, að hann hefir átt mjög mikinn þátt í menningu Vestfjarða. Nú hafa sýslubúar ákveðið að sýna rögg af sjer, og ungmennafjelögin þar eru búin að lofa 20 þús. kr. til þess að endurbyggja skólann. Báðar Ísafjarðarsýslurnar ætla að leggja fram sín 10 þús. hvor, og eru þá komin 40 þús. Þá er eftir ein nágrannasýsla, Barðastrandarsýsla, og ef jeg má dæma eftir fulltrúa hennar hjer í deildinni og vinättu hans við hæstv. forsrh., þá geri jeg fastlega ráð fyrir, að sú sýsla

leggi fljótlega fram þriðju 10 þús. með fulltingi þessa ágæta manns. Nú stendur svo á á Núpi, að þar eru timburhús, sem eru viðunandi nú um stund, en verður ekki til frambúðar. Þau eru ekki fullnægjandi og koma ekki að fullu gagni. Fyrir neðan tún ið rennur á, og þar má koma upp rafstöð með viðráðanlegum kostnaði. Það mætti sennilega fá þar 40—50 hestafla stöð til þess að byrja með fyrir ca. 35 þús. kr., og þá fyrst geta timburhúsin notið sín til fulls. Á sínum tíma ætla sýslubúar svo að endurbyggja skólann úr steini, þegar fjárhagurinn leyfir það.

Jeg býst við, að þessi útbygging þyrfti og ætti að gerast næsta sumar. Og jeg vil benda á það, að Vestfirðingar hafa sýnt svo mikla fórnfýsi í þessu máli, að þeir eiga stuðning þjóðfjelagsins fullkomlega skilið.

Þá hafa hv. þm. Rang. flutt till. um hækkun á fjárveitingu til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts. Jeg skal enga afstöðu taka til þess, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki, því að ekki skiftir mjög miklu máli, hvort veittar eru 15 eða 10 þús. til verksins. Aðalatriðið er, að verkinu sje haldið áfram, og að því mun jeg styðja eftir megni. Að mínu áliti er fyrirhleðsla Markarfljóts eitthvert hið örðugasta, en jafnframt hið ánægjulegasta úrlausnarefni í landbúnaðarmálum vorum.

Mjer þótti hv. 3. þm. Reykv. vera allmisvitur í ræðu sinni, er hann var að mæla fyrir hækkuðum styrk til Stórstúkunnar, en helti sjer jafnframt út yfir það aðhald, sem reynt hefir verið að hafa með opinberum drykkjuskap úndanfarið. Einkum má þetta undarlegt heita, þar sem hv. þm. mun telja sig mjög framarlega í hópi goodtemplara, sem eins og allir vita áttu meginþátt í löggjöf þeirri um áfengismál, er samþ. var hjer á þinginu í fyrra og hv. þm. bölsótast yfir að reynt hefir verið að framfylgja. Sjálfur greiddi hv. þm. frv. þessu atkv. sitt í fyrra. Lítur helst út fyrir, að hann hafi ekki verið fullkomlega vitandi vits, er hann gerði það, af hvaða ástæðum sem verið hefir.

Í frv. því um þessi efni, sem var samþ. hjer í fyrra, er tekið í lög að reyna að gera opinberan drykkjuskap hegningarverðan. Svo framarlega sem þessi lög áttu ekki að verða hjegómi einn, varð auðvitað að fylgja þeim fram með fullri festu og einbeitni, enda mun sú hafa verið tilætlun goodtemplara. Það getur ekki kallast annað en loddaraskapur, til þess að afla sjer kjörfylgis, að koma fram í þessu máli eins og hv. 3. þm. Reykv. gerir. Það er loddaraskapur að þykjast berjast fyrir stefnumálum goodtemplara, en vilja þó ekki láta draga þá til sektar, sem brjóta landslög með því að vera druknir á almannafæri.

Mjer er sagt, að það hafi komið fyrir í fyrra á opinberum veitingastað hjer í bænum, að þar hafi verið tveir borgarar bæjarins staddir inni og verið allölvaðir og viðhaft drykkjulæti og óspektir, brotið stóla, rutt borð o. þ. h. Þá á annar þessara borgara, sá er minna hafði sig í frammi um óspektirnar, en vildi þó taka afleiðingunum af þeim, að hafa sagt við þann, er ölóðari var: „Brjót þú, jeg borga“. (**MG**: Hverjir voru þetta?). — Jeg

mun ekki nefna nöfn mannanna hjer. Þeir voru báðir sanntrúaðir íhaldsmenn. Þetta er ágæt saga, sem ætti að vera sönn, því að með lítilfjörlegri breytingu felur hún í sjer þá reglu, sem á að fylgja í áfengismálinu: Sá, sem *brýtur* landslög með því að vera drukkinn á almannafæri, á að *borga* fyrir það. Þessu á að fylgja fram, og það hefir verið gert. Hjer sem annarsstaðar á sambandið á milli orsaka og afleiðinga að vera í fullu gildi.

Þá sný jeg mjer að brtt. frá hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. um að greiða úr ríkissjóði þær 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur.

Ef þessi till. verður samþ. mun jeg, meðan jeg á sæti í stj., stuðla að því, að hún komi ekki til framkvæmda, nema skólinn verði fluttur á betri stað, og hjeraðsbúar sýni, að þeir vilji leggja kapp á að bæta skólann.

Jeg þykist vita, að hv. þdm. hafi kynt sjer þetta mál, en jeg vil aðeins bæta því við frá sjálfum mjer, að jeg tel hina mestu nauðsyn, að þessari till. verði sint. Hvítárbakkaskóli er upphaflega stofnaður af Sigurði Þórólfssyni og starfræktur af honum um hríð, en laust eftir stríð hættir hann að reka skólann, og ráðast þá fimm bændur í Borgarfirði í það að kaupa jörðina og skólahúsin fyrir 50 þús. kr., til þess að halda skólanum áfram, því að ella myndi hann hafa fallið niður. Virðist að vísu eðlilegra, að sýslan hefði skorist hjer í leikinn, en það gerði hún ekki. Það er því að þakka þessum fimm bændum, að skólanum hefir verið haldið uppi síðan. Þeir hafa borið hitann og þungann í þessu máli, síðan skóli Sigurðar Þórólfssonar var lagður niður.

En nú, þegar aðrir skólar rísa upp á hverastöðum, stenst þessi skóli ekki lengur samkepnina við aðra skóla. Hús þau, sem Sigurður Þórólfsson reisti af litlum efnum, svara ekki til krafna samtíðarinnar. Tvö þessara húsa eru steinhús, en eitt timburhús, og mega þau nú orðið teljast óhæf mannaíbúð. Sá læknir, er síðast var í Borgarfjarðarhjeraði, kvaðst gera það með samviskunnar mótmælum að telja þau hæf til íbúðar, og sá læknir, sem nú er þar efra, telur þau með öllu óhæf. Steinhúsin eru öll sprungin og timburhúsið er sá hjallur, að gusturinn stendur í gegnum það.

Þar við bætist, að skólinn stendur á sljettum grunni og verður að bjargast við vatn úr brunni eða Hvítá, og er hvorttveggja ilt. Möguleikar til vatnsleiðslu og rafmagnsleiðslu eru miklum örðugleikum bundnir. Auk þess má segja, að skólinn standi á stað, sem girtur er af torfærum, þar sem Hvítá er að norðan, Grímsá að vestan og flóar að sunnan. Í vatnavöxtum getur oft orðið mjög erfitt um ferðir og flutninga til skólans.

Þessir fimm bændur, sem jeg gat um áðan, eru nú orðnir skuldugir um 45 þús. kr. vegna skólans. Nú hefir verið samþ. í þessari hv. deild, að styrkir til skóla megi ekki notast til að greiða með þeim skuldir. Hingað til hefir þessu verið haldið gangandi, með því að klípa utan úr styrknum upp í afborganir og vexti af skuldum. Nú er slíkt ekki lengur hægt, og heldur ekki æskilegt. Aðsókn að skólanum rjenar, svo að ekki er unt að halda

konum lengur uppi; og þá fellur allur hallinn á þessa fáu bændur, ef ekki er að gert. Jeg ætla, að jörðin með húsum muni ekki seljast fyrir meira en 18 þús. kr. Eftir eru þá um 30 þús. kr. Virðist það því ekki vera nema rjettmæt viðurkenning til þessara bænda, þó að ríkissjóður tæki á sig þessar 15 þús. kr. Allir vita, að ekkert annað en umhyggja fyrir skólanum hefir vakað fyrir þessum mönnum og áhugi á, að hjeraðsfræðsla fjelli eigi niður. Það er augljóst, að enginn fjárhagslegur gróði hefir vak að fyrir þeim, þegar litið er á það, hve fæði hefir verið ódýrt og lítill kostnaður á hvern nemanda. Þetta er því fullkomin sanngirniskrafa. Þó myndi jeg ekki leggja til, að þessi fjárveiting kæmi til framkvæmda nema því aðeins, að skólinn verði fluttur á betri stað. Jeg ætla líka, að það sje fullkomin alvara hjeraðsbúa að greiða fyrir því, að svo verði gert Tveir staðir hafa einkum vakað fyrir mönnum: Deildartunga og Reykholt. Mest líkindi eru til, að skólinn verði reistur í Reykholti. Mjer er kunnugt um, að ungmennafjelögin hafa lofað 20 þús. kr. framlagi til skólans, ef hann verður reistur þar, og auk þess munu aðstandendur skólans fara fram á það við sýslurnar, að þær styrki skólann, eins og Vestur-Ísafjarðarsýsla hefir gert við sinn hjeraðsskóla. Jeg get búist við, að þetta komist í framkvæmd í sumar eða næsta sumar. En þá verða þeir menn, sem staðið hafa að Hvítárbakkaskólanum, fyrir miklu áfalli. Þess vegna á þessi brtt. fram að ganga.

Þá er brtt. frá báðum þm. Árn. um að skipaðir sjeu 3 menn til að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu. Hingað hefir komið skýrsla um málið og verið mælt fyrir málinu af þm. kjördæmisins. Vil jeg þó bæta því við, að meginið af áveitukostnaðinum hlýtur að falla á landið. Enginn vonarneisti getur verið um það, að bændur geti borið kostnaðinn af þessu fyrirtæki. Upphaflega var kostnaðurinn áætlaður 100 þús. kr., en varð 500 þús. kr.

Ef fara ætti eftir formi laganna, yrði að ganga að bændum og taka af þeim jarðirnar, og myndi þó ekki hrökkva til. Og þó þetta væri gert og reynt að fá nýja menn til að taka á sig þær byrðar, sem eftir yrðu, er hætt við, að engir fengjust til þess. Því verður þjóðfjelagið að slaka hjer til. Þessa menn á ekki að flæma burt og ekki taka af þeim nema það, sem þeir geta borgað, og síðan á að vinna að því, að þetta fyrirtæki geti farið að njóta sín. Hjer er um hið sama að ræða og þegar afskrifað er svo og svo mikið af stofnkostnaði fyrirtækja, svo að þau geti farið að bera sig. Þetta er vandamál, og sú lausn þess, er jeg hefi sýnt fram á, væri ekki keppikefli fyrir stj., ef ekki væri augljóst, að bændur geta ekki borið þessar byrðar.

Þá eru þrjár brtt. frá mjer við 23. gr., sem jeg vildi minnast á. Fyrsta till. er um heimild til lántöku til að byggja skrifstofubyggingu á Arnarhólstúni fyrir ýmsar skrifstofur landsins, að upphæð 225 þús. kr. Þetta mál var rætt á þingi í fyrra, en varð ekki útrætt, enda lítt undirbúið þá. Nú hefir málið verið rannsakað og undirbúið af húsameistara ríkisins, svo að

ef þessi till. verður samþ. og fje fæst, er hægt að taka til óspiltra málanna. Stjórnarráðshúsið er svo lítið, að það hefir ekki nægt fyrir skrifstofur landsins síðan innlend stjórn fluttist inn í landið. Þar hafa aðeins stjórnarráðsskrifstofurnar komist fyrir, og munu verða áfram þótt þessi till. verði samþ. Hefir því ríkið orðið að leita til einstakra manna út um hvipp inn og hvappinn um húsnæði handa skrifstofum sínum. Margar af þessum skrifstofum eru í timburhúsum. Ef þessi hús brynnu, sem altaf getur komið fyrir, myndi óbætanlegt tjón af því hljótast. Jeg vil benda á það, að í skrifstofu lögmanns, sem er í einu af þessum timburhúsum, varð einn af gróðamönnum þessa bæjar að eiga geymd skuldabrjef, 25 þús. kr. virði, um stund. Nokkru síðar hringir þessi maður á skrifstofuna og spyr, hvort öll skjöl sjeu eigi geymd í eldtryggum skápum. Honum var svarað eins og var, að sumt væri geymt á þann hátt, en sumt ekki. Þessi maður treysti því auðvitað ekki að eiga slíkt verðmæti geymt þar nóttunni lengur, og tók skjölin heim. Þetta er lítið sýnishorn af mörgum. Skjöl í opinberum skrifstofum eru oft óbætanleg, ef þau brenna.

Vil jeg benda á það, að ef brynni hús það í Suðurgötu, sem skrifstofa lögmanns er í, myndi verða þar óbætanlegt tjón, því að þar eru geymdar veðmálabækur Reykjavíkur. Þótt jeg nefni þessa skrifstofu eina, eru fjölda margar aðrar opinberar skrifstofur, sem líkt er ástatt um. Fyrir þessa ástæðu eina væri þetta hin mesta nauðsyn.

Í öðru lagi er þess að geta, að þar sem ríkið rekur upp undir 20 skrifstofur víðsvegar í bænum, veldur það miklum óþægindum fyrir starfsmenn í þessum skrifstofum, sem oft hafa mikið saman að sælda, að þurfa að þjóta fram og aftur um bæinn til að finna hver annan vegna mála, er þeir þurfa að vinna að saman. Sama máli er að gegna um aðkomumenn, sem koma til bæjarins; það væri ekki lítill tímasparnaður fyrir þá að geta gengið að hinum ýmsu skrifstofum á einum stað.

Þá kemur þriðja röksemdin, og það er hin mikla húsaleiga, sem landið verður að borga fyrir allar þær skrifstofur, sem dreifðar eru út um bæinn, og er miklu hærri en ef skrifstofurnar væru í einni byggingu. Og það er ekki aðeins húsaleigan sjálf, heldur líka hiti og hirðing á þessum skrifstofum. Ef menn athuga tölur ríkisgjaldanefndar, má sjá, hve þetta skrifstofuhald hefir verið dýrt fyrir landið, og mun öllum augljóst, að reksturinn eins og hann nú er hlýtur að verða miklu dýrari en ef ríkið ætti eitt hús fyrir allar skrifstofurnar. Það er t. d. dýrara að láta 15 konur hreinsa skrifstofur, sem dreifðar eru um bæinn, en að láta hirða 15 skrifstofur í sama húsi.

Sá eini kostnaður, sem hægt er að komast hjá, er lóðakostnaður. Það er satt, lóðir eru mjög dýrar, en það kemur líka fram í húsaleigunni. Nú á landið mjög sómasamlega lóð á Arnarhólstúni, sem ekki er arðberandi sem stendur, og sparast beint stórfje á þeim lið. Sumir hafa talið óþarft að byggja slíkt hús, en þó byggir fjöldi manna hús aðeins til þess að leigja þau út. Hvers vegna skyldi þá ekki borga sig fyrir landið að eiga hús

fyrir skrifstofur sínar. — Einn af hv. þm. hefir nýlega bygt stórbyggingu við Austurvöll, aðeins til þess að leigja hana út. Þessi fjesýslumaður varð að reikna hvern fermetra á 400 kr. að sögn, og þegar þess er gætt, leynir sjer það ekki, hve það er heppilegt fyrir ríkið að geta notað lóð, sem það á. Nú hygg jeg, að ríkið leigi ekki í neinni byggingu, þar sem lóð er eins dýr og þessi, en þetta lóðarverð sýnir hinsvegar, hve mikið lóðaeigendur verða að leggja á vegna þessa kostnaðar.

Nú hefir húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, reiknað út byggingu við Ingólfsstræti norðanvert og væntanlegt framhald af Lindargötu. Ætlar hann bygginguna 27 m. á lengd meðfram Ingólfsstræti og 18 metra á breidd. Yrði húsið 3 hæðir, og ætlar húsameistari, að það myndi kosta liðlega 200 þús. kr.

Gólfflötur á þessum þrem hæðum er sá sami og í skrifstofum, sem ríkið leigir fyrir úti í bæ. Vil jeg biðja menn að athuga leigumálann, sem sjest á skýrslum ríkisgjaldanefndar, og er þá augljóst, hve mikið mætti spara, þótt ríkið yrði að taka um 200 þús. kr. lán. Jeg álít, að þessi bygging ætti ekki að koma sem ný byrði á skattborgarana; ætla mætti, að landið ætti eignina skuldlausa eftir 20 ár, ef því, sem nú er varið til húsaleigu, væri varið til lántöku, og sjá allir, hve mikill munur er á því.

Jeg vil taka það fram, að þótt þessi till. yrði samþ., er óvíst, að ráðist yrði þegar í bygginguna. Það færi algerlega eftir því, hvernig lánskjör fengjust, og lánið fengist til hæfilega langs tíma, svo að ekki þyrfti að grípa til sjerstakrar eyðslu, eins og jeg hefi áður tekið fram.

Næsti liður brtt. minnar er að ríkið geri kaup á 5 jörðum í Ölfusi. Þessi till. þarf meiri skýringar við en fyrri till. mín. Eigandi þessara jarða, Gísli Björnsson, hefir gert landinu bindandi tilboð að selja þessa eign alla fyrir 100 þús. kr. Þrjár af þessum jörðum, Reykir, Reykjahjáleiga og Reykjakot, eru miklar hverajarðir. Hinsvegar fylgja hinum jörðunum, Krossi og Völlum, engin slík hlunnindi, en Vellir eru með stærri jörðum í Ölfusi. Nú hefir eigandi tekið það í sig, að annaðhvort verði að kaupa alla eignina eða ekki. Frá mínu sjónarmiði er ekki nauðsynlegt að kaupa þessar tvær jarðir, sem ekki eru hverajarðir, en þar sem ekki er hægt að fá hinar 3 jarðirnar að öðrum kosti, tel jeg það ekki stórt atriði. Fyrir heimild til þessara jarðakaupa vil jeg færa tvennar ástæður: Í fyrsta lagi eru þessar 3 jarðir vatns- og hitaauðugustu jarðir nálægt Reykjavík. Og þar sem nú með hverju ári vaxa þau not, sem menn gera sjer af jarðhita, er það trú mín, að ekki líði langur tími þar til það verður álitið gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð að hafa eignast þessar jarðir. Það er heldur ekki hægt að gera grein fyrir því, til hve margs má nota jarðhitann í framtíðinni, og ef til vill líður heill mannsaldur eða meira áður en hægt er að notfæra sjer allan þennan mikla kraft, sem þarna er. — En þetta er ekki eina ástæðan fyrir því, að jeg hefi borið þessa till. fram, sem jeg nú hefi bent á, þótt það sje mikil framtíðarnauðsyn að tryggja sjer slíka hveraorku. Það, sem kemur mjer til þess að óska eftir þessari heimild, er

þörf ríkisins á slíkum stað vegna berklaveikra. Fjöldi þessara sjúklinga fer vaxandi með hverju ári, svo að kostnaður við berklavarnalöggjöfina hefir hækkað um 100 þús. kr. á ári á hinum síðari árum. Þessu er erfitt að breyta nema skipulaginu verði breytt. Það má segja, að ríkið kosti hvern berklasjúkling, sem ekki er efnum búinn, og greiðir fyrir hann 2000—3000 kr. á ári, annaðhvort á heilsuhælum eða spítölum. Það er ekkert við þessu að segja um sjúklinga, sem verið er að lækna á öðruhvoru hælinu, þótt ríkið greiði þar 5 kr. á dag fyrir hvern sjúkling, þótt ríkið reikni ekki kostnað af þessum byggingum. En nú er það vitanlegt, að læknar hafa neyðst til þess að láta sjúklinga, sem ekki getur batnað, vera til langframa annaðhvort á heilsuhælunum eða spítölum, vegna sýkingarhættu, sem af þeim stafar. Á báðum hælunum má telja, að ⅓ sjúklinga sje slíkir geymslusjúklingar, en við það bætist svo, að á öllum stærri spítölum landsins, í Reykjavík, Hafnarfirði, Ísafirði, Akureyri, Blönduósi, Hvammstanga, Seyðisfirði og víðar, verður ríkið að greiða 5—10 kr. á dag fyrir fjölda sjúklinga, til þess að þeir fái að liggja þarna.

Fyrir nokkrum árum hófust áhugasamar konur handa um að byggja hressingarhæli í Kópavogi. Kostaði hælið um 60 þús. kr., og dvelja þar nú um 20 sjúklingar. Átti þetta hressingarhæli að vera einskonar brú frá spítölunum út í hið starfandi líf. Veran í Kópavogi kostar 5 kr. á dag, og þó eru forstöðukonurnar í standandi vandræðum með að láta þetta bera sig.

Nú er það gömul reynsla, að mörgu brjóstveiku fólki batnar þessi veiki, ef það er á hverastöðum; að minsta kosti er það trú manna, að mörgum geti batnað við að anda að sjer hveragufu. Eigandi þessara jarða hefir átt þarna lítið timburhús og hefir batnað þar eigi allfáum berklasjúklingum. Jeg ætla ekki að fara nánar út í þetta atriði, enda get jeg ekki um það dæmt, en það fullyrði jeg, að svo fremi sem ríkið ætlar að taka að sjer alla þá sjúklinga, sem ekki eiga kost á því að komast á heilsuhæli eða hressingarhæli, verður kostnaðurinn við framkvæmd berklavarnalaganna ríkissjóði um megn áður en langt um líður. Hinsvegar gæti þessi kostnaður orðið öllu minni, ef ríkið tæki þá sjúklinga, sem að einhverju leyti eru vinnufærir, og hefði þá á hressingarhæli, sem bæði er sjúkrahús og vinnustöð.

Öllum er kunnur sá mikli sparnaður, sem af því leiðir að hagnýta sjer hverahita við heimilishald, og er því ljóst, að það myndi hafa feikna mikinn sparnað í för með sjer fyrir ríkið, ef komið væri upp heilsuhæli á Reykjum fyrir þá sjúklinga, sem enga eiga að, og gæti þeim liðið miklu betur þarna en í spítölum, sem eru inni í miðjum bæjum. Jeg hygg, að hægt væri að láta sjúklingana vinna á Reykjum, því að aðallega yrðu þar hafðir vinnufærir sjúklingar. Það væri hægt að reka þarna garðrækt og ef til vill blómarækt, bæði til þess að selja afurðirnar, en þó einkum handa hressingarhælinu sjálfu. Hinsvegar er hin harða og sendna jörð í Kópavogi ekki fallin til slíkrar yrkju og því ekki kleift að hafa mikið upp úr vinnu sjúklinga þar. Jeg mæli því eindregið með þessum lið till. minnar, því að í

þessum hverajörðum er mikil auðlegð fólgin fyrir framtíðina, og í þessari uppástungu er falinn sá eini möguleiki að geta haldið uppi þessari mannúðarstarfsemi án þess að íþyngja ríkissjóði of mikið.

Um c-lið till., að kaupa eftir mati úttektarmanna peningshús þau á Eiðum, sem eru eign fyrv. skólastjóra, Ásmundar dócents Guðmundssonar, hefi jeg lítið eitt að segja. Þegar þessi maður kom að Eiðum, voru hús öll fallin þar, og neyddist hann til, vegna bús þess, er hann rak, að byggja þau upp, og á hann þau enn að nokkru leyti. Það má ef til vill segja, að hann geti sjálfum sjer um kent, að hafa byrjað á því að byggja húsin, en hann mun hafa haft vilyrði Jóns heitins Magnússonar fyrir því, að þau yrðu keypt, ef hann færi frá Eiðum. En þó svo væri ekki, mun öllum þykja sanngjarnt, að húsin verði keypt eftir mati úttektarmanna og að vel yfirlögðu ráði. Vænti jeg þess, að hv. deild samþ. till.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg flyt ásamt tveim hv. þm. brtt. við 14. gr., að veittur verði lítilfjörlegur styrkur til Skáksambands Íslands. Býst jeg við, að hv. þm. vilji styðja í eitt skifti fyrir öll þennan fjelagsskap, sem gert hefir landinu mikinn sóma út á við með þessari íþrótt sinni. Nú nýlega hafa skákmenn unnið tvær skákir við Dani og getið sjer þannig góðan orðstír. Vona jeg, að hv. þdm. kunni að meta verk þessa fjelags og samþ. þennan lága styrk.

Þá er jeg einnig meðflutningsmaður að brtt. við 15. gr., að Ingibjörgu Steinsdóttur leikkonu verði veittur 2400 kr. styrkur til leiknáms erlendis, en til vara 2000 kr. Jeg þykist þess fullviss, að þeir, sem sáu leikkonuna leika nú fyrir skömmu, hafi tekið eftir því, að hjer er um alveg óvenjulega leikhæfileika að ræða. En leikkonunni er nauðsynlegt að læra meira, til þess að þroska hæfileika sína, og því flytjum við þessa till., sem jeg vænti, að verði samþ.

Þá er brtt. frá okkur þm. Rang. við 16. gr. tölul. LXIII. á þskj. 408. Jeg þarf í raun og veru engum orðum um hana að fara, því það vill svo vel til, að bæði fjvn. og hæstv. stj. eru sammála okkur, svo sem heyra mátti á ræðu hæstv. dómsmrh. Hann leit rjettilega á upphæðina sem áætlunarupphæð, er bætt verði við, ef þurfa þykir, og sættum við flm. okkur við þau málalok eftir atvikum.

Jeg skal ekki tefja tímann með því að fara að ræða hjer till. annara þm. En þó vil jeg mæla með till. hæstv. dómsmrh. um að kaupa Reykjatorfuna. Jeg álít það vildarkaup, sje einungis litið á kaupverðið. Samgöngur hljóta að batna þarna, hvort sem það verður fyr eða síðar, og jarðirnar verða meira virði en kaupverðinu nemur. Þar að auki er jarðhiti þar, og eru þetta því tvímælalaust góð kaup. Jeg hefi nokkra þekkingu á þessu; bæði er jeg kunnugur þar eystra og eins kaupverði jarða alment, og get jeg rólega ráðið hverjum sem er til að kaupa þessar jarðir fyrir þetta verð.

**Jón Ólafsson:** Það fór svo sem jeg bjóst við, að þunt mundi móðureyrað í hæstv. dómsmrh., er jeg kom að óheilindunum. Jeg benti á leikaraskap hans og óheilindi í bannmálinu. Jeg

var ekki að áfellast það, þótt áfengislögin gengju í gegnum þingið í fyrra. Þau voru borin fram í Ed. og afgr. hjeðan með styrk hans manna. Það voru skiftar skoðanir meðal templara um það, hvað í þeim sje gott og hverju sje ofaukið. Sumir töldu öllu því ofaukið, er miðar að því að njósna um einstaka menn, og þótti það alveg tilgangslaust. Um þetta var deilt í fyrra og um þetta er deilt enn. Þó jeg flytti þá ekki brtt. við frv., hefi jeg enn ekki breytt skoðun minni um óhollustu laganna á ýmsum siðferðissviðum. Sumt, sem í þeim lögum stendur, hefir orðið bindindis- og bannmálinu til hins mesta tjóns. En hæstv. dómsmrh. hefir sjeð það einu leiðina til að koma ýmsu í framkvæmd að skjóta sjer undir gott málefni. En þegar að því kemur að styrkja það málefni raunverulega, þá draga þeir flokksmenn hans sig í hlje þrátt fyrir dýr loforð. Þetta vítti jeg og þetta er að verða meiri leikaraskapur kringum mál þetta en holt er.

Hæstv. dómsmrh. taldi þessa starfsemi — njósnir um einstaka menn — vera aðhald að ofdrykkjunni. En það veit hann sjálfur, að aldrei var drukkið meira en á þeim tíma, er harðast var gengið eftir þessu. Menn fara þá einungis í skúmaskotin, en halda sig ekki á opinberum stöðum. Þetta er málefninu til tjóns. Slíkar ráðstafanir eru ekki gerðar af vitsmunum eða þekkingu á mannlegu eðli. En sumir, er þykjast þurfa að koma ýmsu öðru í framkvæmd, hafa lag á að skjóta sjer undir þessi mál. Það er eins og alt starf hæstv. dómsmrh. gufi upp í njósnarstarfsemi og útgáfu áfengisskýrslna, er kostar stórfje, en er málefninu að engu liði. Það er einungis eltingarleikur til að varpa skugga á eina vissa stjett manna, læknana.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Það stendur nokkurnveginn á sama, hvort tillagið til stórstúkunnar verður hækkað úr 8 þús. kr. upp í 10 þús. kr. Það gerir lítið til ef að öðru leyti verður farið með málið betur en gert hefir verið og sá leikaraskapur, sem viðhafður var á síðasta þingi, verður ekki endurtekinn.

**Benedikt Sveinsson:** Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi eigi að lengja umr. fram yfir venjulegan fundartíma, þótt nokkuð sje orðið áliðið tímans. Mjer þótti mikið koma til ræðu þeirrar, er hv. 3. þm. Reykv. flutti hjer í morgun í sambandi við brtt. þá, er hann ber fram ásamt öðrum mikilsvirtum þm. um hækkun styrksins til stórstúkunnar. Rökstuðningur þess máls var nú með alt öðrum hætti en áður hefir heyrst úr þeim herbúðum. Skal það síst lasta. Þótti mjer hv. ræðumaður mæla margt af miklu meiri hreinskilni og víðsýni en nokkur mundi vænst geta af hálfu templara í þessu máli, ef að vanda ljeti. En hitt verð jeg að segja, að mjer þótti niðurstaða hans koma í bága við röksemdirnar, — sú niðurstaða, að mæla með hækkun fjárstyrksins til stúkunnar.

Hann lýsti skörulega og með öflugum orðum því sívaxandi ofstæki og þeirri feikna-frekju, sem höfð hefir verið í frammi á síðustu tímum í sambandi við svonefnda gæslu bannlaganna, eltingaleik og njósnum úti og inni dag og nótt, úr einu lögsagnarumdæmi í annað, kærum fyrir litlar eða alls engar sakir, rannsóknum, málaferlum og svardögum sitt á hvað.

Stundum hefir svo alt hjaðnað niður með sýknudómi hæstarjettar, þrátt fyrir marga undangengna áfellinga eiða.

Það er ekki undarlegt, þótt þesskonar aðfarir mælist ekki vel fyrir. Þær brjóta með öllu bág við rjettarmeðvitund almennings. Refsingarákvæði lagabókstafsins hafa verið byggð svo að kalla ár frá ári fyrir athugaleysi hónþægni þingsins við frekjukröfur steinblindra ofstækismanna „reglunnar". Má svo nærri geta, hverjar afleiðingarnar verða, þegar þessum nýja bókstafs-stóradómi á að framfylgja með tilstyrk sjálfboða-leynilögreglu þesskonar ofstækismanna, sem blásið hafa að kolunum og búið í haginn fyrir þennan ófagnað. Afleiðingin er sívaxandi fjandskapur manna á milli í borg og sveitum, tortrygni jafnvel meðal þeirra, er áður hafa verið kunningjar eða vinir. Sumir bestu menn hafa sagt sig úr „reglunni" af því að þeir sjá, að þessar aðfarir stefna í öfuga átt við það, sem þeir hafa ætlað tilgang hennar.

Til hins sama — að of langt hyki farið — bendir það og, að margir öflugir og eindregnir stuðningsmenn bindindis hafa hjer í deildinni við síðustu umr. greitt atkv. með lækkun styrksins til stórstúkunnar. Þeir hafa auðsælega haft þá skoðun, að hækkunin næði ekki tilgangi sínum.

Eins og hv. þm. vjek að, hafa sumar skrafskjóður „reglunnar" ekki ósjaldan sýnt Alþingi hina mestu frekju og óbilgirni og meðal annars var nú fyrir skemstu á opinberum fundi þeirra revnt að svívirða þingið fyrir samsæti, er hæstv. forseti Sþ. stofnaði til samkv. þingvenju og bauð til þingmönnum og ráðherrum. Hæstv. forseti stýrði sjálfur veislunni, og fór hún að öllu vel og vegsamlega fram, sem vænta mátti. En þessi staðlausa og ástæðulausa árás sýnist gerð af blindum hefndarhug fyrir það, að Nd. dirfðist að færa lítið eitt niður stórstúkustyrkinn um daginn, og þá jafnframt til þess að ógna hv. þm. til þess að hækka styrkinn aftur.

Mig undrar ekki, þótt hv. 3. þm. Reykv. ofbjóði þetta atferli gegn þinginu, en hitt undrar mig, að hann skuli bera fram till. til þess að verðlauna það.

Enginn íslenskur borgari, fjelag eða stofnun hefir reynt að ganga svo freklega á rjett og eignir Alþingis sem stórstúkan hefir gert. Hún hefir þegjandi og hljóðalaust reynt að kasta eign sinni á lóð, sem hún hafði engan rjett til, en Alþingi átti kvöð á að taka þegar þurfa þætti. Var af hálfu stórstúkunnar þegar tekið að reisa steinskúr á lóðinni fast upp að þinghúsgarðinum, og varð þessu ofbeldi og eignaráni afstýrt í bili einungis með tilstyrk ríkisstj. vorrar. Þá tók stórstúkan það til bragðs að lögsækja forseta Alþingis og ætlaði þar með bæði að ná þessari lóð og tryggja sjer eignarrjett lóðar þeirrar, er hún hafði fengið ljeða til bráðabirgða með ákveðnum skildögum, og hús hennar standa á. Með dómi hæstarjettar fengu forsetar loks brotið árásina á bak aftur og fengið staðfesting á rjetti Alþingis, sem því hafði frá upphafi og hvað eftir annað síðan verið áskilinn til þessara umræddu lóða.

Slíka ásælni og ágang leyfir stúkan sjer að sýna æðstu stofnun landsins.

jafnframt því, sem hún fær þó styrk frá þinginu á hverju ári og ætlast til að fá, hærri og hærri.

Fjelagið kemur fram sem „ríki í ríkinu", sem pólitískt leynifjelag, með leynda stefnuskrá. Það reynir að hafa áhrif á úrslit alþingiskosninga, án tillits til þeirra opinberu stefnumála, er flokkum skifta. Þegar deilan var háð um örlagaríkustu mál þjóðarinnar, frelsismál hennar, eins og t. d. 1908, þá kom þetta leynifjelag í opna skjöldu með miklum geisingi út af *bannmálinu* og lagði spurningar fyrir hvert þingmannsefni um afstöðu til þess máls. Hið fjölmenna og öfluga leynifjelag brautst um fyrir *þessu* máli, án minstu hliðsjónar á afdrifum sjálfstæðismála þjóðarinnar. Enginn vissi, hvort leynifjelag þetta mundi fremur styrkja danska eða íslenska málstaðinn, hvorki þá nje endranær, en vissulega gátu hin blindu áhrif þess við kosningarnar orðið þeim megin, er verr gegndi, — öll þess áhrif voru miðuð við bannmálið eitt.

Margir góðir Íslendingar sáu, hver háski var að hafa bannmálið í höndum stórstúkunnar yfir höfði þjóðarinnar við hverjar kosningar, meðan sjálfstæðisbaráttan stæði yfir. Bannið var mörgum tilfinningamál og kappsmál og gat því hæglega ruglað ýmsa miður þroskaða kjósendur á þann hátt, að þeir ljetu loforð frambjóðenda um bannfylgi ráða meira en fylgi þeirra við frelsiskröfur þjóðarinnar.

Jeg vil lýsa því afdráttarlaust fyrir mína hönd, að þessi var höfuðástæða þess, að jeg greiddi bannlagafrv. atkv. á Alþingi 1909. Jeg vildi afstýra því, að blindur bannofsinn gæti komið sjálfstæðismálinu í opna skjöldu e. t. v. þegar verst gegndi, sem einatt vofði yfir meðan stórstúkan hefði meðferð þess. — Að vísu kom mjer eigi heldur í hug, að bannið mundi reynast svo herfilega, sem raun hefir á orðið, og þeir voru færri þá, er svo væru framsýnir. Að öðru leyti hafði jeg alls óbundnar hendur, enda greiddi meiri hluti kjósenda kjördæmis míns atkv. gegn banninu.

En templarar halda áfram sínum undirróðri við kosningar. Þeir hafa sinn „stórgæslumann", með öllu sem því fylgir, róa með og móti frambjóðendum og hafa að herkostnaði það fje, sem þeir ná út úr þinginu. Þeir leggja þá stundum prentaðar fyrirspurnir fyrir frambjóðendur og heimta „já" eða „nei" við frekjulegum kröfum um fylgi við ný „bönn" eða grimdarfyllri refsiákvæði fyrir hverja smáyfirsjón, sem henda kann einhverja breyska meðbræður þeirra í þjóðfjelaginu. Og því miður verður því ekki neitað, að til sjeu einstaka *þjóðlyddur*, sem láti kúgast til þess að svara með „jái" hverri fjarstæðu, sem fram á er farið.

Það er komið alt annað hljóð í strokkinn, þegar erindrekarnir ganga um gættir þingsins dagana sem greiða skal atkv., og þá er reynt með mýkt og fagurgala að fá hækkaðan styrkinn til undirróðrar af nýju.

En hver er nauðsynin á þessum síhækkandi styrk og þessu sífelda fjárkvabbi hins afarfjölmenna leynifjelags, sem hefir anga um flestöll lönd og álfur? Er því nokkur ofætlun að leggja fram fje til þess að standast fundahöld sín og geta rætt málefni sín? Það sýnist svo, sem þessu gamla og fjölmenna fjelagi sje það ekkert

ofurefli og aukinn fjárstyrkur Alþingis sje þess vegna óþarfur.

Þingið hefir um langan aldur stutt málefni bindindismanna með margskonar lagasmíð og ráðstöfunum, svo að templarar þyrftu síst að kvarta. En þeir vilja hafa æ meira fje til undirróðrar í landinu. Þeir hafa nú jafnvel róið að því seinustu árin að fá í sínar vörslur til eigin ráðstöfunar ágóðann af vínverslun ríkisins. Það eru nokkur hundruð þús. kr. á ári. Þessu var haldið fram sem mesta þjóðnytjamáli, þar sem við varð komið við síðustu kosningar, jafnvel á hverjum einasta þingmálafundi í sumum kjördæmum, þótt lítinn byr fengi.

Kjósendur rendu grun í, að bindindisstarfsemi reglunnar kynni að verða henni nokkuð vandasöm, þegar það ylti á árangri starfsins, hvort tekjur hennar yxu eða minkuðu jafnvel um hundruð þúsunda á ári.

Það er nú vissulega tími til kominn að reisa nokkrar skorður við ærslagangi þeim, sem átt hefir sjer stað af reglunnar hálfu að undanförnu. Hún á ekki að vera yfirdrottnari þings og þjóðar. Margir þm. hafa verið of leiðitamir öfgum og þröngsýni sumra forsprakkanna, jafnvel þótt þeim ofbjóði undir niðri. Það þarf einhver að hafa einurð til að segja þennan sannleika. Mannúðleg og skynsamleg bindindisstarfsemi vekur hvergi andúð, heldur hlýtur þvert á móti samhug allra. Er jeg um það efni sammála hv. 3. þm. Reykv., en sívaxandi refsidómar, ný bönn, pólitískur undirróður, ofsóknir og illindi út af bindindismálum, alt þetta er gagnstætt eðli og anda íslenskrar þjóðar. Jeg hlýt því að greiða atkv. gegn till. hv. 3. þm. Reykv. og skil ekki, hvernig hann getur búist við, að hún gangi nú fram, þvert ofan í atkv. 19 deildarmanna að viðhöfðu nafnakalli við síðustu umr.

Þá vil jeg „taka upp ljettara hjal" og minnast fáum orðum á till. þá, að veita konu einni þýskri dálítinn styrk til skóla, er hún hefir stofnað til þess að kenna íslenskum stúlkum ýmiskonar þarflega hluti. Jeg skal játa, að till. þessi er nokkuð nýstárleg. Jeg þekki ekki konu þá, er hlut á að máli, hefi hana aldrei sjeð, en hitt veit jeg, að hún hefir dvalist árum saman hjer á landi og kynst vel menning og högum Íslendinga. Hefir hún áunnið sjer mikla hylli með kynning sinni, fyrir kunnáttu og dugnað, og tekið ástfóstri við Ísland. Nú hefir hún tekið upp þá nýjung, að stofna til skóla handa íslenskum stúlkum heima í Þýskalandi, og er ætlast til þess, að þessi litla fjárhæð geti orðið stuðningur til byrjunar þessari tilraun. Þeir, sem kunnugastir eru kenslukonunni, bera hið besta traust til hennar. Meðal þeirra er aðalflm. till., og hefi jeg gerst meðflm. til þess að styðja af minni hálfu góðan málstað.

Þess er full von, að íslenskar stúlkur langi til að leita sjer mentunar erlendis, og er þá nauðsyn á, að þær hafi til góðra staða að hverfa. En því miður mun oft hafa orðið sorglegur misbrestur á því. Um það mætti víst fá nokkuð „svartar" skýrslur frá Khöfn, ef eftir væri leitað. — En út í þá sálma skal ekki farið frekara að sinni.

**Dómsmrh.** (**Jónas Jónsson**): Aðeins fá orð til hv. 3. þm. Reykv. Mjer skildist hann vera að leggja út af óheilindum. En hver hefir sýnt óheilindi, ef ekki hann sjálfur? Hann biður hjer um peninga handa goodtemplurum. En til hvers á að nota þá peninga? Hann getur sagt til bindindisfræðslu. En jeg vil segja, að þeir noti þá í það, sem hann leyfir sjer að kalla njósnir um einstaka menn. Jeg er það síst að lasta, þó reglan fái kærða ýmsa drykkjudólga og noti styrkinn til þess. Hv. þm. var að áfella mig fyrir að vilja lækka styrkinn til stórstúkunnar. En þar er jeg í fullu samræmi við vilja hv. deildar, er feldi með miklum atkvæðamun hækkun á þeim styrk. Enda hefir Alþingi nú tekið á ríkissjóð kostnað við lögreglueftirlit, er templarar höfðu áður með höndum.

Vilji hv. þm. vera að tala um njósnir í þessu sambandi, þá á hann um það við vini sína. Drafnartemplarana. En það eru ekki njósnir, þó lögreglan líti eftir góðum siðum á almannafæri. Það er skylda þeirra. Það er svívirðing af blöðum þeim, er standa að hv. þm., er þau svívirða, uppnefna og ofsækja þessa menn. Þjófurinn hefir eins mikinn rjett til að ráðast að dómaranum, sem dæmir hann. (**MJ**: Þetta er framkvæmt svo asnalega!). Hv. þm. hefir engan rjett til að ráðast á þessa menn, er einungis hafa gert skyldu sína, enda hefir hvorki hann nje nokkur annar komið með nokkur rök um vanrækslu hjá löggæslumönnunum. Hann og fjelagar hans hafa látið sjer nægja með uppnefni, róg og dylgjur. En slíkt framferði er íhaldinu, blöðum þess og málsvörum til minkunar, en ekki löggæslumönnunum, sem með góðri vinnu hafa átt mikinn þátt í, að opinber ofdrykkja er nú miklu síður þjóðarsmán á Íslandi heldur en áður var.

Það gengur svo langt, að goodtemplarinn hv. 3. þm. Reykv. ræðst að þessum mönnum með ofsa og offorsi fyrir að gera skyldu sína.

Jeg veit ekki, hvar þeir menn ættu frekar að hafast við en í skúmaskotunum; þeir, sem eyða æfi sinni í ölæði, eiga ekki að sjá dagsins ljós. Þjóðin má blygðast sín fyrir slíka menn. Þá var hv. þm. að telja það eftir, að jeg hefði látið gefa út skýrslu um áfengisútlát læknanna, og sagði, að með því vildi jeg kasta skugga á þá. Því fer fjarri, og skal jeg sýna fram á það með nokkrum orðum. Í síðustu skýrslu kom það í ljós, að læknar höfðu látið mjög misjafnt úti af áfengi. Einn hafði t. d. látið 176 kg. af spíritus, en aðrir lítið eða alls ekkert, eins og t. d. Gunnlaugur Claessen Vilmundur Jónsson og Jónas Kristjánsson. Ef þessi skýrsla hefði ekki verið gefin út, hefðu allir læknar verið með sama markinu brendir og almenningur mundi ekki hafa getað skilið sauðina frá höfrunum. En eftir að skýrslan er komin út standa þeir hreinir, sem hreinir eru, en hinir, sem það verðskulda, fá rjettilega á sig smánarblettinn. Nú vildi jeg beina því til hv. þm., hvort hann álíti ekki, að skýrslan sje eins gefin út þeim til heiðurs, sem ekkert áfengi ávísa, eða hinum, sem nota 176 kg. á ári. Milli þessa tvens er mikið bil, og það get jeg sagt læknunum til hróss, að yfirleitt virðast þeir nota áfengi í hófi. En að lokum vildi jeg segja það,

að hv. 3. þm. Reykv vill breiða út skömm yfir alla, til þess að hylma yfir bresti einstaklingsins. Þannig er hans rjettlæti.

**Lárus Helgason:** Jeg mun ekki lengja mikið tímann, enda er jeg aldrei vanur að vera mjög langorður. Jeg á hjer brtt. undir XXXIX. lið með hv. þm. N.-Þ. Hann hefir að vísu talað með till., en sagði, að jeg hefði betri þekkingu á málinu en hann, og verð jeg að reyna að gera mitt til að sýna, að hv. þm. skýri hjer rjett frá um þekkingu mína á þessu máli, og mun jeg því skýra það eftir mætti. Þessa skólastýru, sem hjer um ræðir, þekki jeg dálítið persónulega af eigin viðkynningu og eftir umsögn þeirra, sem þekkja hana vel. Hún ferðaðist ásamt þremur öðrum stúlkum fótgangandi um nokkurn hluta landsins fyrir 2—3 árum, og kom hún þá við hjá mjer. Ætlaði hún þá að halda áfram ferð sinni og vaða árnar milli Síðunnar og Skaftártungunnar, og svo var áhuginn mikill, að þótt jeg skýrði henni frá erfiðleikunum, sem á því væru, vildi hún varla bíða eftir því, að jeg ljeti sækja hesta til að ríða þær umræddan veg, en jeg rjeði betur. Þessi þýska stúlka og jeg töluðum mikið saman á leiðinni, og barst talið aðallega út á þroska fólksins og framfaramöguleika Íslendinga í verklegum fræðum. Fann jeg fljótt, að jeg átti tal við prýðilega gáfaða stúlku og vel mentaða. Hún hjelt því fram, að í íslenskum skólum væri gert of mikið að því að kenna hið bóklega, en aftur væri verklegt nám látið sitja á hakanum. Sjálf sagðist hún hafa gengið út á völlinn að erfiðisvinnu hvenær sem tækifæri hafi gefist, og þá datt mjer það í hug, hversu það gæti verið holt fyrir okkur að fá þessa stúlku til að veita forstöðu skóla með svipuðu sniði sem hún taldi, að þörf væri á, þar sem verklegt nám hjeldist í hendur við hið bóklega. Svo las jeg það í vetur í blaði, að hún sje komin til Þýskalands og hafi þar stofnað skóla fyrir Íslendinga, og þá sá jeg, að mjer hafði ekki missýnst, og hjer var stúlka, sem ljet ekki staðar numið við orðin tóm, heldur framkvæmdi að sama skapi. Nú hefir hún farið fram á styrk — eða öllu heldur lán — til Alþingis, því að hún mun ekki hafa mikið fje til umráða. Faðir hennar mun að vísu hafa verið vel efnaður maður fyrir stríðið, en það fór fyrir honum eins og fleirum á þeim árum, að eignir hans fóru fyrir lítið. Því brestur hana nú fje til þess að geta komið skólanum í það horf, sem hún telur nauðsyn á, og þess vegna hefi jeg nú gerst flm. þessarar till. ásamt hv. þm. N.-Þ. Við höfum farið fram á, að henni verði veittur 5000 kr. styrkur, og vil jeg taka það skýrt fram, að hjer er ekki um lán að ræða, heldur beinan styrk til skólans í eitt skifti fyrir öll. Jeg er ekki nógu kunnugur starfsemi þessarar myndarstúlku, en býst hinsvegar við, að flestir hv. þm. hafi lesið „Tímann“ 18. jan. síðastl. Þó vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer upp smákafla úr grein þeirri, er þar birtist:

„Þýska æfintýrastúlkan er komin heim aftur, og hún hefst óðar handa með fyrirætlan sína. Hún leigir sjer land á einum myndarlegasta bóndabænum við Norðursjó. Eftir sumarið er þar kominn stór og fallegur garður

með öllum hugsanlegum garðávöxtum, blómum og trjám. Veturinn notar hún til að afla sjer áhalda fyrir skóla sinn, og þegar líður á veturinn, er skólastofan fullbúin. Hún líkist að því leyti íslenskri baðstofu, að þar eru áhöld til allskonar iðju, vefstólar, saumavjelar, spjaldvefnaðarbretti o. s. frv. Þar eru skólaborð, því að hún ætlar líka að kenna þýsku og önnur munnleg fræði".

Jeg vil ekki þreyta hv. þm. með því að lesa upp alla greinina, því að hún er löng, en vil aðeins lesa hjer annan smákafla:

„Regine Dinse er mjög mikið náttúrubarn og blóma, og mjer virtist að hún mundi hafa ágæta hæfileika til að vekja hjá öðrum ást á náttúrunni og lífinu. Dugnaður hennar og kappsemi er frábær og þekking hennar og reynsla í þessu efni er í besta lagi. Regine Dinse lifir glöðu, starfsömu og mjög heilbrigðu lífi, og jeg veit, að hún mun verða nemendum sínum mjög holl fyrirmynd.

Mjer datt í hug, hve geysilegur munur það væri fyrir íslenskar stúlkur að koma til Wentzelhof og læra þar að lifa heilbrigðu lífi, læra að vinna, rækta, matreiða, vefa o. s. frv., í staðinn fyrir að fara til Hafnar eða annara stórborga eins og hingað til hefir tíðkast, læra þar óhollar stórborgarvenjur eða hanga inni í húsum við einhæft nám".

Jeg verð að segja, að mjer finst það ákaflega þröngt af hv. Alþingi, ef það vill ekki virða þessa kröftugu einsdæma viðleitni svo mikils, að það veiti þessari stúlku einhvern fjárstyrk til að halda áfram með það starf, sem hún er þegar búin að koma vel á veg með dugnaði sínum, og það má vart teljast vansalaust að rjetta henni ekki hjálparhönd. Það er mikill munur fyrir ungt fólk að geta farið til slíks staðar og numið þar það, sem að gagni má koma, eða að verða að fara út í óvissuna til þess eins að lenda máske á glapstigum, eins og oft mun hafa átt sjer stað. Þessi stúlka talar og skilur vel íslensku, þrátt fyrir þennan skamma tíma, sem hún dvaldi hjer á landi. Hún ritar málið líka sæmilega, og hefi jeg hjer við hendina brjef frá henni, sem hv. þdm. geta fengið að sjá, ef þeir kæra sig um. Jeg vil svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil aðeins vona, að það komi ekki þessari ágætu stúlku að óliði, hvað við flm. þessarar brtt. höfum talað ver fyrir henni en verðugt hefði verið.

**Ólafur Thors:** Það er í tilefni af þeim orðum, sem fjellu frá hæstv. dómsmrh., að jeg vildi segja nokkur orð. Hæstv. dómsmrh. sagði, að með þessari brtt. minni væri jeg að ganga á rjett skólans, en jeg get nú ekki skilið, hvernig hann getur fundið þeim orðum sínum stað, því að samkv. hans vilja á skólinn að fá 12000 kr. styrk, en jeg vil að hann fái 16000 kr. Það hljóta allir sæmilega reiknings-glöggir menn að geta áttað sig á þessu, þótt hæstv. dómsmrh. hafi ekki getað það, enda mun það nú ekki hans sterka hlið að fást mikið við tölur. Hæstv. ráðh. sagðist hafa skoðað skólann og hann væri ekki í góðu standi, þannig, að hann væri ekki notandi lengur, og vildi láta byggja hann upp á ný. Ef þetta væri gert, mundi fást tækifæri til að semja um nýtt fyrir-

komulag, og þá mætti skifta niður kostnaðinum milli ríkissjóðs og Hafn arfjarðarbæjar, en fyrr ekki. Hæstv dómsmrh. gat þess, að hann hefði haldið fund í Hafnarfirði í vetur og skýrt þar málið fyrir bæjarbúum og allir hefðu unað vel við uppástungur hans Þetta má vel vera, en þá hefir hann ekki komið fram eins og nú, — það er að segja sem fjandmaður málsins. Jeg veit ekki, hvort hæstv. dómsmrh. hefir lesið gjafabrjefið, en þó virðist sem hann hafi ekki gert það. Hann talaði um, að það væri ekki bindandi fyrir Alþingi, og það má vel vera, en 50 ára venja bindur ríkissjóð og verður ekki riftað. Mjer fanst áðan, þegar hæstv. ráðh. mintist á Jón heit. Magnússon og skylduna til að standa við vilyrði hans, að ráðh. væri að fá nýjan og betri skilning, sem jeg hafði nú raunar ekki búist við af honum, en svo kom það í ljós, að lítil var breytingin. Hann vill ólmur og upp vægur láta rifta þeim samningi, sem gerður var fyrir 50 árum, en eins og jeg mintist á áðan, þá er hægt að gera nýjan samning, þegar skólinn verður bygður að nýju, og fyr er ekki ástæða til þess. Í þeim samningi væri þá hægt að ákveða framlag Hafnarfjarðarkaupstaðar án þess að hinn forni samningur, sem skólinn byggist nú á, væri rofinn að nokkru leyti. Jeg held því fram, að eins og sakir standa sje ríkið bundið, ef ekki af samningnum, þá er hefðin a. m. k. búin að binda það.

Hv. þm. V.-Ísf., fræðslumálastjóri Íslands, hefir risið hjer upp gegn hæstv. dómsmrh. í tveimur skólamálum, sem hann hefir viljað eyðileggja, og það er eftirtektarvert, að bæði þessi mál hafa verið áhugaefni pólitískra andstæðinga ráðh. og mótstaða hans byggist á ofsóknaræði, en hv. þm. V.-Ísf. er maður sanngjarn og rjettlátur, og þar skiftast leiðir. Jeg verð því að vona, að hv. þdm. meti till. hans meira en till. hæstv. dómsmrh., sem orsakast af ofsóknaræði hans og hefnigirni. Að öðru leyti vil jeg vísa til þeirrar greinar, sem jeg gerði fyrir málinu í gær.

**Dómsmrh.** *(Jónas Jónsson)*: Jeg þarf ekki að leiðrjetta nema lítið eitt af ræðu hv. 2. þm. G.-K., því að hann reyndi ekki til að hrekja nema lítið eitt af því, sem jeg sagði. Jeg hjelt því fram, að Hafnarfjarðarkaupstaður verði að bera kostnaðinn af Flensborgarskóla hlutfallslega við önnur hjeruð, sem greiða framlög til sinna skóla. Þessu hefir hv. þm. ekki mótmælt, og ekki heldur, að þetta sje einkafyrirtæki, sem eigi enga heimtingu á því að verða kostað af ríkinu. Ef hv. þm. hefði athugað þá hækkun, sem gerð er á þessum gjaldalið, þá hefði hann mátt vita, að fræðslumálastjóri hefir úthlutun fjárins á hendi og að Flensborgarskóli hefði þá eflaust mátt vel við una, þar sem sá maður hefir þegar fengið viðurkenningu og traustsyfirlýsingu frá hv. 2. þm. G.-K. En hv. þm. lætur sjer ekki nægja með það, heldur krefst hann meira, það er að segja, hann vill láta þann skóla hafa forrjettindi, sem hann er nú talsmaður fyrir. Þó þessi hv. þm. virðist hafa mikla löngun til þess að bæta skólann, hefir hann ekki veitt málinu í nýjan og betri farveg eða heimsótt hann til að sjá útlit hans, og því geri jeg fyllilega ráð fyrir, að hann hafi ekkert vit á málinu. Það kemur

ekki vel heim, að sá maður, sem gert hefir kröfu um það, að skólinn fái nýtt hús og betri aðstöðu í alla staði, sje fjandmaður skólans. Jeg benti fyrstur manna á það, að Hafnfirðingar ættu að halda 50 ára afmæli skólans hátíðlegt, og vissi jeg þá ekki til, að neitt slíkt væri í uppsiglingu, en eftir fundinn var fjelag stofnað, sem vinnur að því, og er það vel farið. Það bendir því heldur ekki til, að sá maður, sem hefur slíka umbótastarfsemi, sje fjandmaður skólans. Það ástand, sem verið hefir, getur ekki lengur staðist, en stj. hefir ekki haft vit á því fyr að gera þær kröfur til hjeraðanna, að þau sjái sómasamlega um skóla sína. — Þá hjelt hv. þm. því fram, að jeg þekti ekki gjafabrjef Þórarins Böðvarssonar og þá samninga, er við það væru bundnir, en ef hv. þm. hefði athugað fjárl. frá þeim tíma, þá hefði honum máske skilist, að Hafnarfjörður á að taka sinn þátt í kostnaðinum, og þá hefði hann sannfærst um, að hann fer villur vegar.

**Magnús Jónsson:** Það eru aðeins fá orð í framhaldi af því, sem jeg áður sagði viðvíkjandi brtt. á þskj. 442, um að greiða Ólafi Rósenkrans 1200 kr. þóknun, ef hann lætur af starfi sínu sem háskólaritari. Þessi frækni maður var svo ólánssamur að fá á gamalsaldri illkynjaðan kíghósta, og hefir ekki náð sjer eftir það. Vegna þessa er nú ráðið, að hann láti af starfi, en á þá erfitt með að komast af með þær 1200 kr., sem honum eru ætlaðar í 18. gr. fjárl. Vona jeg því, að þessi till. mín fái byr og að hann fái til viðbótar þessar 1200 kr. það sem eftir er æfinnar. Jeg skal vekja athygli hv. þdm. á því, að af þessum lið er ekki greidd dýrtíðaruppbót, svo hjer er aðeins um það að ræða, að hann fái 2400 kr. Þskj. 442 er nú í endurprentun og kemur bráðum úr prentsmiðjunni eins og jeg hefi nú lýst því. Vona jeg, að þetta fái góðar undirtektir.

**Ólafur Thors:** Hæstv. dómsmrh. taldi, að jeg mætti vera öruggur þrátt fyrir það, þó brtt. mínar við 14. gr. verði ekki samþ., vegna þess að í þeim 70 þús. kr., sem ætlaðar eru til unglingaskóla, sje innifalinn styrkur til skólans í Hafnarfirði, og því fremur mætti jeg við una, sem það er hlutverk hv. þm. V.-Ísf. að úthluta þessum styrk. En jeg hygg, að hæstv. ráðh. hafi ekki fyllilega áttað sig á því, að á þessu tvennu er þó töluverður munur. Jeg veit að vísu, að hv. þm. V.-Ísf. ber góðan hug til Flensborgarskólans, en þótt svo sje, þá hefir hann það ekki á sínu valdi, hvernig þessum styrk verður úthlutað, vegna þess að í aths. við þessa fjárveitingu er það skilyrði sett, að ¼ rekstrarkostnaðar komi annarsstaðar frá. En það, sem jeg vil, er, að Flensborgarskólinn fái þann styrk, er hann þarfnast, að undanteknum skólagjöldum, úr ríkissjóði, samkv. venju og samningi þar um. Til þess að breyta núv. skipulagi þarf að gera nýjan samning um skólann. Hæstv. ráðh. segir, að sín till. sje að lyfta skólanum með þessu. En hæstv. ráðh. ætti að geta skilið það, að þótt allir sjeu sammála um það, að nýtt hús væri betra fyrir skólann, þá er það enginn hagur fyrir Hafnfirðinga, að styrkurinn sje minkaður nje fyrirkomulaginu breytt. Jeg vil benda á,

að Hvítárbakkaskólinn og Laugaskólinn hafa engan styrk fengið utan ríkissjóðsstyrksins, nema frá einstökum mönnum, alveg á sama hátt og Flensborgarskólinn fjekk sinn styrk frá Þórarni Böðvarssyni og þeim hjónum. Hæstv. ráðh. talaði um það, að hann hefði farið til Hafnarfjarðar og vakið þar einhverja öldu og gerst þar frumkvöðull um skólamál. Þetta er nú bara þetta venjulega góðmótlega raup hæstv. ráðh., sem maður á einatt að venjast, líkt og þegar hann hjelt járnbrautar- og vatnamálafundina, til þess eins að geta síðar sagt: Það var jeg, sem vakti áhuga fyrir þessum stórmálum. En hæstv. ráðh. er enginn frumkvöðull um þetta mál; það hefir oft áður verið rætt. Mont ráðh. læt jeg liggja milli hluta; það er hans einkamál. En Alþingi Íslendinga verður að gæta virðingar sinnar og forðast að rjúfa 50 ára venjur sínar aðeins til að svala hefnigirni ráðh.

**Sveinn Ólafsson:** Jeg ætlaði að víkja nokkrum orðum til hv. 3. þm. Reykv., en jeg sje, að hann er nú ekki viðstaddur. Má vera, að honum hafi nærri rekið viðskiftin við hæstv. dómsmrh. og hafi því hörfað af fundi. En jeg verð samt að víkja nokkuð að ræðu hans, þar sem hann lagði fast á móti og skopaðist að till. minni og fleiri hv. þm. um styrk til útgáfu minningarrits Möðruvallaskóla. Hv. þm sagði, að flm. stæði næst að annast þetta sjálfir og það ætti að vera þeim metnaðarmál að koma út þessu minningarriti um sjálfa sig. Ekki verður sagt, að hjer sje hlýlega mælt. Mjög vel þektur rithöfundur hefir rit þetta í smíðum, og óvíst er með öllu, að nokkur flm. þessarar till. verði í því nefndur. Sigurður Guðmundsson skólameistari hefir tekið þetta starf upp hjá sjer og óskað eftir litlum styrk til útgáfu ritsins. Sje jeg ekkert óvenjulegt við að óska eftir þeim styrk fremur styrkjum til útgáfu bóka. Nú er t. d. nýbúið að samþ. styrk til útgáfu erlendra ljóðaþýðinga, og margt er til fleira þessu líkt. En það, sem meðal annars hvetur til að styðja þetta útgáfufyrirtæki, er það, að Sigurður Guðmundsson hefir þegar lagt drög að ritinu, en hann mun vera mörgum öðrum líklegri til að rita menningarsögu. Og þetta rit mundi vissulega hafa menningarsögulegt gildi; það mundi verða saga landsins á síðastl. 50 árum og sjerstakl. saga skólamálanna. Byltingin í þeim málum hefir nær öll orðið á þessum 50 árum. — Jeg geri ekki ráð fyrir því, að andmæli hv. 3. þm. Reykv. hafi mikil áhrif um þetta efni. En mjer þykir það hjákátlegt, að hv. þm. er að reyna að lyfta undir sínar till. með þessu. Hv. þm. fer fram á að fá fje til þess að senda hóp kvenna úr landi til fimleikasýningar. Má vel vera, að það hafi eitthvert menningargildi, en fráleitt framar útgáfu góðs rits.

Þá er sami hv. þm. með aðra till., hækkun á styrk til goodtemplara. Fljótt á litið má nú sýnast þarflegt að styrkja þann fjelagsskap. En þegar litið er til þess, að reglan hefir notið mikils styrks á undanförnum árum, og nýtur enn, og að nú er engin sjerstök aðkallandi nauðsyn fyrir dyrum, þá verður þetta frekast að skoða sem verðlaunaveitingu til manna fyrir að

vera bindindismenn. En slíkt er aðeins til athlægis, og frekjan er taumlaus, þegar farið er að heimta fje úr ríkissjóði fyrir að rækja þær borgaralegu skyldur að hafna banvænu nautnalyfi. Á þessa styrkhækkun, sem hv. þm leggur til að veita, verður því að líta sem nokkurskonar uppbót til þeirra manna, sem neita sjer um vín, svo þeir geti glatt sig á annan hátt, sem ekki virðist vera neitt ódýrari. Varla gengur þetta fje til útbreiðslustarfsemi. Hana annast áhugasamir einstaklingar endurgjaldslaust. Þeir menn eiga þakkir skyldar, en ekki hinir, sem á bónbjörgum liggja.

Af því hv. þm. er ekki viðstaddur, skal jeg ekki fara lengra út í þetta að sinni. Og jeg efast um, þótt hv. þm komi fram með nýjar meinlokur, að mjer þyki þær þess virði að þrátta meira um þær. — Jeg vil svo lýsa því yfir, að enda þótt jeg sjái, að margar brtt. þær, sem fyrir liggja, eigi nokkurn rjett á sjer, þá mun jeg þó ekki fylgja nema fáum. Og þótt jeg játi, að margar hinna nýju tillagna sjeu engu síðri þeim, sem inn eru komnar þá sje jeg enga leið til að ganga sóma samlega frá fjárl. nema svo fari, að feldar verði margar hinna nýju till.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Jeg skal þá með fáeinum orðum lýsa afstöðu fjvn. til brtt. þeirra, sem einstakir hv. þdm. hafa borið fram við þennan síðari kafla fjárl., og geri jeg ráð fyrir, að jeg fái að því loknu lítið meira þakklæti en frsm. fyrra kaflans; en það verður maður að láta sjer lynda að verða fyrir nokkru aðkasti, enda er við því að búast, ekki síst þegar eins stendur á og nú, að n. leggur til, að flestar brtt. einstakra þm. verði feldar.

Eins og skýrt hefir verið frá, munu hækkunartill. við þessa umr. frv. nema því sem næst um 450 þús. króna. Af þeirri upphæð vill n. mæla með eitthvað í kringum 140 þús. kr., en leggur því nær einhuga á móti því sem næst 270 þús. kr. og hefir óbundin atkv. um upphæð, sem nema mundi nálægt 40 þús. kr.

Jeg sagði, að maður yrði að taka með jafnaðargeði öllu aðkasti í þessu efni. En álit mitt er það, að eigi n. ávítur skilið, þá væri það fremur fyrir það að hafa gengið of langt en of skamt um meðmæli með einstökum útgjaldatill. Nú er útgjaldaboginn spentur svo hátt, að ekki þarf miklu við að bæta til þess að hann bresti.

Jeg ætla ekki að fara langt aftur í fyrri kafla frv., sem lokið er við að ræða, en þó vil jeg vekja eftirtekt á því, að í þessu frv. er ætlað langtum meira til verklegra framkvæmda í landinu en dæmi eru til nokkru sinni áður. Þó nægir ekki þetta hv. þdm. og bera þeir fram í viðbót stórkostlegar fjárveitingatill. til ýmsra framkvæmda í kjördæmum sínum.

Mjer dettur ekki í hug að neita, að víðar muni þörf verklegra framkv. en frv. þetta tilgreinir. En við verðum þó að kunna okkur það hóf um þessa hluti, þótt góðir sjeu, að við ekki bindum í þeim um of starfskrafta þjóðarinnar, svo að jafnvel verði hörgull á vinnukrafti til að annast um undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sem er framleiðsla til lands og sjávar, svo að þeir hætti ekki að mjólka í hina miklu hít, ríkissjóðinn.

Áður en jeg sný mjer að því að tala

um brtt. einstakra þm., ætla jeg aðeins að minnast á eina brtt. n., sem jeg gleymdi í framsögu í gær, af því að hún er borin fram á öðru þskj.; það er III. brtt. á þskj. 431 og fjallar um lán handa landssímanum til húsbyggingar og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, með þeirri aths., sem þar getur. Þessi brtt. kom fram í ofurlítið annari mynd við 2. umr., en var þá tekin aftur vegna bendingar frá hæstv. forsrh., sem þótti óráðlegt að tiltaka sjerstaka upphæð, þar sem ekki væri unt að svo stöddu að segja um, hvað byggingar þessar mundu kosta. Jeg lýsti þá tilganginum með þessari lántöku og tel óþarft að endurtaka það nú. Breyt. er ekki önnur en að tekin er burt fjárhæð sú, er nefnd var í brtt. við 2. umr

Af einstakra manna till. verður fyrst fyrir mjer XXVII. brtt. á þskj. 408, frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Sk., um rekstrarstyrk til rannsóknarstofu háskólans. Um þessa brtt. hefir n. óbundin atkv. og skiftist fylgið nokkuð jafnt með og móti henni Nokkur hl. n. lítur svo á, að landinu komi ekki þessi stofnun við, þar sem háskólinn muni upphaflega hafa tekið að sjer að kosta hana með styrk úr sáttmálasjóði. Hinn hl. n. lítur aftur á móti svo á, að breyt. hafi orðið á þessu og að sú stofnun starfi nú orðið engu síður í þágu ríkisins en háskólans, og því sje rjett að skifta kostnaðinum á milli þeirra. Enda er ekki ætlast til, að ríkið taki að sjer starfrækslu stofunnar að öllu leyti, þó að styrkur þessi verði samþ.

Þá koma næst nokkrir námsstyrkir til stúdenta, sem sumpart eru erlendis eða hyggja til utanfarar til frekara náms, og mun jeg svara öllum þeim till. með sömu orðum. Þegar samþ. var við 2. umr. að taka upp í frv. eina upphæð, sem mentamálaráðið úthlutaði svo til stúdenta, þá skildi jeg þá ákvörðun d. sem einskonar stefnubreyt. frá því, sem áður hefði ráðið um námsstyrki stúdentum til handa. Þessa samþykt og stefnubreyt. vilja nú ýmsir hundsa og bera fram kröfur um, að einstakir stúdentar verði styrktir eftir sem áður. En jeg vil mótmæla þessu bæði sjálfs mín vegna og n. Það skortir síst á, að hv. flm. hafi talað vel fyrir till. sínum og sýnt fram á, að skjólstæðingar þeirra væru alls góðs maklegir, en þær ræður væru betur fluttar fyrir mentamálaráðinu, því að það hefir úthlutun styrksins með höndum. Hv. flm. vinna ekkert á með slíkum ræðum hjer í d. Fjvn. leggur svo að segja eindregið á móti öllum þessum námsstyrkjum og væntir, að meiri hl. hv. þdm. sýni það sama við atkvgr.

Næsta till., eða sú XXXIII. í röðinni, stendur í sambandi við aðra till., sem jeg mun minnast á síðar.

XXXIV. brtt. er um 15000 kr. styrk til þess að koma upp raflýsingu við Núpsskóla. Meiri hl. n. leggur á móti þessari fjárveitingu, ekki þó vegna þess, að n. álíti, að ekki geti verið þörf á að styrkja þetta, en eitthvað verður að bíða af öllu því, sem beðið er um, ekki hægt að fullnægja öllu á sama árinu. Annars skal jeg taka það fram í eitt skifti fyrir öll, að þó að n. leggi á móti mörgum till., þá er það ekki fyrir þá sök, að það geti ekki verið gott og nauðsynlegt verk,

sem vinna á fyrir fjárhæðir þær, sem um er beðið, heldur verður að líta á gjaldþol ríkissjóðs og að hann hefir í mörg horn að líta, enda er það minsta, sem ætla má, að heimtandi sje af fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi, að þeir hagi sjer ekki líkt og keipakrakkar í leikfangabúð, sem viðstöðulaust vilja heimta alt, sem fyrir augun ber.

Þá kemur XXXV. till. í röðinni, sem hv. 2. þm. G.-K. flytur viðvíkjandi Flensborgarskól num. Um hana er n. óbundin, og mun jeg ekki fara neitt nánar inn á hana, enda hefir verið um hana rætt bæði með og móti, svo jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi af þeim umr. getað skapað sjer skoðanir um hana.

Þá kem jeg að brtt. frá hv. þm. Vestm. um 1200 kr. til Bjargar Sigurðardóttur til að kenna matreiðslu á síld, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá. N. er klofin um till. þessa, og leggur meiri hl. á móti henni. Hinsvegar hefir hv. flm. sýnt mikinn áhuga í því að reyna að koma þessari síldarmatreiðslu í framkvæmd, þar sem hann hefir fengið síldareinkasöluna í lið með sjer að styrkja þessa konu, og frá mínu sjónarmiði horfir málið því öðruvísi við en áður. Þó skildi jeg ekki samhengið á milli verðleika Bjargar Sigurðardóttur í að kenna Íslendingum að eta síld og styrkhækkunar Þórbergs Þórðarsonar við 2. umr., sem hv. þm. Vestm. dró inn í umr.

Þá kem jeg að XXXIX. brtt., sem þeir bera fram í sameiningu hv. þm. V.-Sk. og hæstv. forseti deildarinnar, um styrk til Reginu Dinse. Það hefir nú verið talað vel og rækilega fyrir þessari styrkveitingu. Og þó að fjvn. leggi svo að segja eindregið á móti henni, þá get jeg ekki orða bundist um að leggja till. liðsyrði, af því að mín persónulega skoðun er sú, að hjer sjeu alveg óvanalegir hlutir á ferðinni. Þessi stúlka, sem er af góðu bergi brotin, hefir alveg sjerstakan áhuga fyrir Íslandi og að starfa fyrir það. Hún kemur hingað til lands og dvelur hjer sumartíma í sveit, lærir málið og tekur sjerstöku ástfóstri við land og þjóð. Þegar hún hverfur hjeðan heim til sín, berst hún fyrir því með dæmafáum dugnaði að koma á stofn skóla fyrir íslenskar stúlkur. Jeg hefi sjeð brjef frá stúlkunni, þar sem tekið er fram, að lögð sje stund á í skólanum að kenna garðyrkju, hannyrðir og matreiðslu sem best við hæfi íslenskra kvenna. Jeg er því sannfærður um, að þær íslenskar sveitastúlkur, sem úr landi leita sjer til gagns og þroska, hitta ekki fyrir betri stað en skóla Reginu Dinse. Það er einnig sannfæring mín, að ef Alþingi fjellist á þennan litla styrk og vottaði með því stúlkunni samúð sína fyrir það að hafa greitt götu íslenskra kvenna erlendis, að með þeim styrk væri unnið ekki minna gagn en með ýmsum styrkjum, sem veittir eru til kvenna hjer innanlands. En eins og jeg tók fram, er n. á móti þessum styrk, að undanteknum mjer, sem er persónulega með honum, og eru því þessi fáu orð sögð á eigin ábyrgð mína.

Um XL. brtt., um utanfararstyrk til Geirs Gígju kennara, ætla jeg ekkert að segja. N. hefir þar óbundin atkv., eins og sjást mun við atkvgr.

Næst er XLI. brtt., þar sem farið er fram á, að Gunnari A. Jóhannessyni verði veittur styrkur til þess að

kynna sjer íþróttalíf erlendis. N. leggur svo að segja einróma á móti þessum styrk, án þess að hún sjái ástæðu til að gagnrýna frekar, hvað liggur þar til grundvallar.

Um næstu brtt., eða þá XLII., er sama að segja. N. getur ekki lagt til að fara að styrkja Skáksamband Íslands, og leggur því til, að bæði aðal- og varatill. sjeu feldar.

Þá er það XLIII. brtt., sem 9 hv. þdm. standa að, um 3000 kr. styrk til þess að gefa út rit í 50 ára minningu Möðruvallaskólans. Það hefir nú verið talað bæði með og móti þessari till., og get jeg því verið fáorður um hana, og það því fremur, sem meiri hl. n. er á móti henni. Sjálfur get jeg tekið í sama streng og hv. 3. þm. Reykv., að skóli þessi er mjög merkilegur og að menn, sem þaðan hafa komið og meðal annars hingað inn í Alþingi, bera menjar þessa góða skóla; en jeg vildi óska, að þessir menn bættu einni sönnuninni enn við um ágæti þessa skóla með því að sýna þann myndarskap að taka á sjálfa sig upphæð þessa, enda getur kostnaðurinn ekki orðið mikill, sem kemur á hvern einstakan.

Þá er næst utanfararstyrkur til Ingibjargar Steinsdóttur, til leiknáms. Meiri hl. n. er á móti þessari till. án þess jeg ætli að hafa frekari orð þar um, enda býst jeg við, þó að ræður yrðu haldnar um þetta, að þá mundu þær ekki verka betur en þau meðmæli, sem þessi kona hefir aflað sjer sjálf í leikhúsinu. Og ef henni hefir ekki með framkomu sinni þar tekist að bræða hjörtu hv. þdm., þá mun hvorki jeg nje annað það, sem hjer kann að verða sagt, gera það.

Þá er brtt. við 15. gr. 21, nýr liður: til Jónasar Tómassonar, til þess að kynna sjer hljómlist erlendis og undirbúa útgáfu tónsmíða sinna. Meiri hl. n. er á móti þeirri fjárveiting, sem þarna er farið fram á; því þó að bæði jeg og aðrir viðurkennum, að þarna sje um nýtan mann að ræða, þá getum við ekki lagt til, að þessi styrkur verði veittur.

Brtt. hv. 2. þm. Eyf. um tónlistarnámsstyrk handa Guðmundi Matthíassyni frá Grímsey leggur n. eindregið á móti. Þó að Grímseyingar sjeu margs góðs maklegir, og ættingjar Matthíasar skálds Jochumssonar líka, þá er efamál, hvort Alþingi á að ýta undir unga menn að ganga út á örðuga og vanþakkláta braut listamannanna, þar sem nóg er um þyrna, sem stinga, en minna um rósir að baða í.

Sama er og um styrkinn til Maríu Markan að segja, að meiri hl. n. leggur á móti honum.

Þá er enn brtt. við 15. gr. 28, nýr liður: Til Jóns Ófeigssonar, til þess að vinna að samning þýsk-íslenskrar orðabókar, 5000 kr., eða 4000 kr. til vara. N. vill alls ekki vjefengja, að okkur geti verið þörf á að eignast slíka orðabók, en álítur hinsvegar, að ekki sje hægt að taka upp í þessi fjárl. alt, sem æskilegt væri fyrir okkur að fá; þó að upphæðin sje ekki stór, þá munar um hvern dropann, þegar að því er komið, að flói út úr útgjaldatunnu ríkisins. N. leggur því svo að segja eindregið á móti þessari fjárveitingu.

Þá leggur n. og á móti fjárveitingu handa Steini Emilssyni, til jarðfræðirannsókna, en hefir óbundin atkv. um næstu brtt., sem fer fram á lítils háttar hækkun á styrk til Páls Þorkels-

sonar. Er þar um svo litla fjárhæð að ræða, að ætla má, að nái samþ.

Þá er það LIII. brtt. í röðinni, um 7000 kr. styrk til Íþróttafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fimleikaflokk kvenna undir stjórn Björns Jakobssonar á íþróttamót í Finnlandi. Það var mitt hlutskifti í fyrra að mæla fyrir n. hönd á móti því að styrkja þennan flokk til utanfarar þá, en flokkurinn fór nú samt og gat sjer hinn glæsilegasta orðstír. Og jeg verð að segja það, að mjer þykir leitt að verða til þess að mæla á móti styrk til þessa flokks aftur, af því að jeg viðurkenni fyllilega ágæti hans. En sem sagt, mikill meiri hl. n. leggur á móti þessari fjárveitingu, og læt jeg því þetta nægja.

Þá kemur næst utanfararstyrkur til Kristins Pjeturssonar myndhöggvara. Flm. brtt., hv. 4. þm. Reykv., talaði fyrir nauðsyn þessa styrks, en gat þess þó í lok ræðu sinnar, að hann væri ekki dómbær á hæfileika þessa listamanns. N. stendur álíka að vígi að dæma þessa hluti, enda er ekkert um það að finna frá dómbærum mönnum í plöggum þeim, sem legið hafa fyrir henni. Leggur n. því svo að segja einhuga á móti þessari styrkveitingu.

Þá kemur brtt. við 16. gr., frá hv. þm. N.-Ísf., um að hækka liðinn til sandgræðslu um 1500 kr. og þeirri upphæð sje varið til vegagerðar um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að. N. hefir óbundin atkv. um þessa brtt., og mun meiri hl. á móti henni. Fyrir sjálfan mig get jeg sagt, að jeg hefi tilhneigingu að fylgja þessari brtt. Eftir því, sem upplýst hefir verið, er þarna um 200 ha. svæði að ræða. sem kæmi til ræktunar þegar sandfokið væri heft. Ríkið hefir líka áður lagt og leggur í töluverðan kostnað vegna sandgræðslu þarna, en um leið og landið yrði grætt upp, hyrfi sá kostnaður af ríkinu. En eins og jeg tók fram, hefir n. óbundin atkv. um brtt., og hefi jeg því ekki leyfi að mæla sjerstaklega með henni.

Þá kem jeg að brtt. hv. landbn. um 5000 kr. fjárveitingu til þess að búa til bráðapestarbóluefni. Hv. form. landbn. hefir mælt fyrir nauðsyn þessa máls og lýst með skýrum dráttum, hvernig þessi illi gestur fyrir sauðfjárrækt bænda, bráðapestin, virðist færast mjög í vöxt á seinni árum. Það má vafalaust segja, að því fje sje ekki illa varið, sem orðið gæti til þess að draga úr þessum vágesti. Og þar sem búið er að samþ. frv. um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, vil jeg fyrir hönd fjvn. leggja til, að fjárhæð þessi verði veitt, og tel þá rjett, að framkvæmdin verði falin þeirri stofnun, sem vænta má, að til þess vilji fá þann manninn, sem færastur er, og getur þá vel farið svo, að það verði sá dócentinn, sem nefndur hefir verið í þessu sambandi.

Þá er smábreyt. við 16. gr. 26, um 200 króna hækkun á styrk til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal. N. hefir enga ákvörðun tekið um þessa litlu hækkun og hefir því óbundin atkv. um hana.

Þá er brtt. við 33. lið sömu gr., um að hækka styrk til landsfundar kvenna 1930 úr 1000 kr. upp í 2000 kr. N. hefir ekki gengið í gegnum fyrri samþyktir þessa máls. Hinsvegar má vel vera, að alþingishátíðarnefndin sjái ástæðu til að hækka þennan styrk

og veiti stuðning í því á sínum tíma. En á meðan alt er óvíst um það, álítur n. ekki ástæðu til að hækka styrkinn nú frá því, sem áður er ákveðið.

Þá er brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. við 16. gr. 35, nýr liður: Til Dýraverndunarfjelags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi, 1800 kr. Nokkuð hærri till. en þessi var feld hjer við 2. umr. og þá var meiri hl. n. á móti, og svo er enn. Eftir því, sem talað var fyrir till., þá virðist þessi styrkur aðallega eiga að ganga til þess að halda úti blaði fjelagsins, en n. gat ekki fallist á að veita fje til blaðsins, þar sem það er í hennar augum frekar ómerkilegt og kemur ekki að liði þeirri hugsjón, sem fjelagið berst fyrir, en bindur því aðeins fjárhagslegan bagga. Hinsvegar er starfsemi fjelagsins hjer inni í Tungu allra góðra gjalda verð, en með þeirri aðstöðu, sem fjelagið hefir þar, og með þeim miklu gjöfum, sem það hefir fengið, þá ætti sú starfsemi fjelagsins að geta borið sig sjálf.

Næst kemur brtt. frá báðum þm. Rang. við 16. gr. 39, nýr liður: Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts, 15 þús. kr. N. hefir sjálf borið fram brtt. um sama efni, og kann hún því hv. flm. engar þakkir fyrir, enda hefir hún í sínum eigin till. gengið eins langt og hún sá sier fært, og óskar því eftir, að þessi brtt. verði tekin aftur. (**EJ**: Jeg tek hana aftur).

Þá er brtt. við 16. gr. 33, styrkur til íslenskra háskólakvenna til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf, 2 þús. kr. Meiri hl. n. var á móti þessu, og hefi jeg því ekkert leyfi til þess fyrir hennar hönd að mæla með þessu, þó að jeg hafi sjálfur mikla tilhneigingu til þess. Jeg verð að segja það, að af þeim stúdentum, sem jeg hefi kynst um dagana, hefi jeg mestar mætur á kvenstúdentum, að öðrum þó ólöstuðum. Jeg mun samt ekki fara fleiri orðum um till., með því líka að hv. aðalflm. hennar, hv. þm. Dal., hefir gert það mjög rækilega, hvort sem það nú dugir þegar til atkv. kemur.

Þá kemur enn brtt. við 16. gr. 51, frá hv. 4. þm. Reykv., og er hún í tveim liðum. Fyrri liðurinn er styrkur til Odds Valentínussonar hafnsögumanns til þess að kaupa hafnsögubát, og er n. á móti honum. Við sáum ekki ástæðu til þess, þó að þetta sje eflaust ágætismaður, að fara að veita honum styrk fremur en hverjum öðrum hafnsögumanni á landinu. Væri þetta gert, þá skapaðist líka fordæmi og aðrir mundu koma á eftir.

Sama er að segja um b-liðinn, sem er um styrk til Freygarðs Þorvaldssonar til þess að koma í framkvæmd uppfyndingu hans. Sá hv. þm., sem talaði fyrir þessu, gat þess, að hann hefði ekki þekkingu til þess að dæma um þessa uppfyndingu, og n. getur tekið undir það. Hún hefir heldur enga þekkingu á þessu, og það lágu ekki fyrir nein gögn um þetta. Það má vel vera, að þarna sje eitthvað mikilsvert á ferðinni, en n. gat ekki bundið nafn sitt við það, sem hún veit ekki hvað er.

Þá kemur brtt. við 17. gr. 11 (Stórstúkan), að í staðinn fyrir 8 þús. komi 10 þús. Meiri hl. n. mælir með þessu, en jeg verð að geta þess um leið frá sjálfum mier, að jeg vil lýsa yfir vantrúnaði minni á þeim ummælum, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði, þegar hann

reifaði málið, og fór hann þá inn á mjög óheppilega braut, og ber hann algerlega ábyrgð á þeim umr., sem um þennan lið hafa orðið hjer í dag. Hann byrjaði með því að gera málið pólitískt og fór að tala um aðstöðu flokkanna til goodtemplarareglunnar. Þetta er með öllu órjettmætt, því að það voru allir flokkar jafnt, sem feldu hækkunartill. við 2. umr. Í reglunni eru menn af öllum flokkum, svo að það er ekki hægt að draga hana í neinn pólitískan dilk. Mjer var líka illa við, þar sem hv. þm. var að gera lítið úr gildi og eftirliti með áfengislögunum, og þótti mjer það koma úr hörðustu átt, — frá stórstúkunni sjálfri, sem hv. þm. (JÓl) telst til.

Sama er að segja um hv. þm. N.-Þ. Sá hv. þm. ljet hjer falla þau orð, sem voru algerlega órjettmæt í garð þessa þjóðþrifamálefnis. Það er öllum vitanlegt, að drykkjuskapurinn var hjer lengi þjóðarböl, og að hann er það ekki nú, er hvað mest starfsemi reglunnar að þakka, því að hún hefir rifið niður það álit, að það sje sómi að því að vera drukkinn við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Ef menn ætla nú að fara að eyðileggja þennan fjelagsskap og draga úr áliti hans, þá er það ekki þeim, sem að slíku standa, að þakka, ef drykkjuskapurinn verður hjer ekki þjóðarböl aftur. Jeg vil svo beina því til hv. þdm., að minnast þess hjer sem oftar, að þó að menn sjeu syndugir sjálfir, þá er þó eitt þrep neðar, og það er að lítilsvirða og eyðileggja tilraunir *annara* í þá átt að halda sjer hreinum af þeim sömu syndum.

Þá kemur till. frá hv. 2. þm. Reykv. við 17. gr. 19. Það er nýr liður um styrk til sjúkrasjóðs verkamannafjelagsins Drífanda í Vestmannaeyjum. N. hefir ekki tekið neina ákvörðun um þetta mál, en eftir þeim gögnum, sem jeg hefi fengið í hendur, virðist þetta fjelag hafa sömu aðstöðu og önnur hliðstæð fjelög. Jeg vil því mæla með varatill.

Næsta brtt. er við 18. gr. II. a. 2, nýr liður: Til Sigurðar Kvarans hjeraðslæknis, 405 kr. N. klofnaði um þessa brtt. og hefir óbundin atkv. um hana.

Þá kemur till. frá tveim hv. þm. um hækkun á eftirlaunum Kristbjargar Marteinsdóttur ráðherraekkju, og hefir n. einnig óbundin atkv. um hana.

Sama er að segja um till. frá hv. þm. V.-Ísf. um hækkun á eftirlaunum Jóhannesar Sigfússonar og Sigurjóns Rögnvaldssonar. N. hefir óbundnar hendur um þessa brtt., og einnig um brtt. frá hv. þm. N.-Þ. um 100 kr. hækkun til Guðmundar Kristjánssonar.

Þá kemur brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. um 300 kr. styrk til Einars Ólasonar pósts, og hefir n. óbundnar hendur um hana. Jeg vil þó gera þá aths. frá sjálfum mjer, að jeg hefi sjálfur mikla tilhneigingu til þess að vera með þessu. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá hefir þessi maður orðið fyrir órjettmætum ásökunum, álitshnekki og atvinnumissi fyrir mörgum árum. Væri þetta því vel viðeigandi uppreisn fyrir hann á gamals aldri, að veita honum þennan litla styrk.

Um LXXVII. brtt., við 18. gr. II. g. 6, sem er um styrk til Guðmundar Friðjónssonar, hafði n. óbundin atkv. við 2. umr., og svo er enn.

Næst kemur brtt. við 18. gr. frá

hv. 1. þm. Skagf. Það er nýr liður, til Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu, 500 kr. Jeg talaði um þessa brtt. við 2. umr., og það er með hana eins og þá, að n. er á móti henni. Það er þó ekki af því, að þessi hjúkrunarkona eigi ekki alt gott skilið, heldur er það eingöngu af því, að ef fjárl. eru opnuð fyrir þessari einu, þá eru þar komnar opnar dyr fyrir allar aðrar hjúkrunarkonur á landinu. Það kann vel að vera, að hjúkrunarkonur verði einhverntíma settar á eftirlaun, en þá verður að setja ákvæði um það í launalögin. (**MG:** Það er ein komin áður, fröken Kjær). Já, en það stóð víst öðruvísi á um hana, því að eftirlaun hennar verða að skoðast sem sjerstök heiðurslaun.

Þá er brtt. frá hv. þm. Barð. um að bæta Suðurfjarðahreppi í hóp þeirra hreppa, sem fá uppgjöf vaxta og gjaldfrest um 1 ár á lánum úr viðlagasjóði. Það lágu ekki fyrir n. neinar upplýsingar um fjárhag þessa hrepps, og hún getur ekki fallist á þetta meðan ekki koma óyggjandi sannanir um, að þess sje þörf.

Þá kemur brtt. frá sama hv. þm. við 22. gr., að aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: „Stj. er heimilt að gefa Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftir eftirstöðvar af viðlagasjóðsláni því, er honum var veitt 1922". N. er á móti þessu, en hefir þó ekki nema alt gott um manninn að segja. Hann nýtur hylli og trausts allra, og ríkið hefir áður veitt honum styrk og lán til þess að smíða gervilimi, og n. gat ekki betur sjeð en að búið væri að gera vel við hann og ekki væri ástæða til þess að hlaupa nú upp til handa og fóta og gefa honum eftir lánið, meðan ekki væru fyrir hendi neinar upplýsingar um, að þess væri þörf. Gervilimir frá þessum manni eru, eftir því sem hv. þm. Barð. skýrði frá, ódýrari og betri heldur en þeir útlendu, og ætti það að vera næg trygging fyrir því, að þeir verði keyptir hjá honum og hvergi annarsstaðar. — Mjer finst rjett í þessu sambandi að minnast á eina brtt. frá fyrri hl., sem hefir dregist hjer inn í umr. Hún er frá hv. 1. þm. Árn. og er þess efnis, að styrkur til gervilimakaupa sje bundinn því skilyrði, að gervilimurinn sje smíðaður innanlands. Jeg verð að leggja mjög á móti þessari brtt., því að ef þessi maður, sem hjer er um að ræða, skyldi nú t. d. deyja, þá væri ekki lengur nein heimild til þess að veita veikum mönnum styrk til þess að kaupa sjer gervilimi.

Svo koma þrjár allstórvægilegar brtt., sem n. hefir ekki getað tekið afstöðu til, og ætla jeg því að geyma þær þangað til seinna í kvöld, þegar jeg hefi átt tal um þær við n.

Síðan kemur till. frá hv. 1. þm. Skagf. um að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hafði í sjóðinn greitt. Þetta hefir legið fyrir n. áður, og allir nm. höfðu mikla löngun til þess að gera þetta, en voru hræddir um, að það væri ef til vill ekki lögum samkv. Þar sem það er nú lögfræðingur, sem ber þetta fram, þá má víst ganga út frá því, að ekkert sje við það að athuga að forminu til, og mun jeg því greiða atkvæði með þessu, í þeirri von, að flm. till. hafi hjer lög að mæla.

Brtt. á þskj. 431 verð jeg að láta bíða þangað til síðar, að n. hefir tekið afstöðu til hennar.

Þá er það að síðustu brtt. á þskj. 442, frá hv. 1. þm. Reykv., um hækkun á styrk til Ólafs Rósenkrans. N. leggur mjög eindregið með því, að þessi aldraði sómamaður fái þetta og viðurkennir, að hann sje vel að því kominn, og að hún tók þetta ekki upp sjálf, stafar frekar af gleymsku.

Jeg man svo ekki eftir, að það sje fleira, sem jeg þarf að taka fram fyrir hönd n. að sinni.

**Haraldur Guðmundsson:** Tveir hv. þm. hafa nú við þessa umr. látið falla ummæli, sem jeg get ekki látið vera að drepa lítið eitt á.

Hv. 3. þm. Reykv. ljet sjer það sæma í ræðu sinni hjer í dag að uppnefna og hrakyrða löggæslumenn þá, sem settir eru til þess að hafa á hendi gæslu áfengislaganna. Þessi sami hv. þm. greiddi þó atkv. með áfengislögunum í fyrra, svo að það situr síst á honum að hrakyrða menn fyrir að gegna því starfi, sem hann hefir sjálfur lögboðið og sett reglur um. Þeir gegna starfi, sem hann hefir sjálfur sett reglur um. Nú hrakyrðir hann þá og smánar. Slík eru hans heilindi.

Þá var það hv. þm. N.-Þ., sá, sem er nú forseti þessarar hv. deildar. Um hans framkomu er það eitt að segja, að hún er honum sjálfum og þessari hv. deild til hinnar mestu vansæmdar. Jeg ætla ekki að svara ræðu hans, því að hjer er ekki rjettur vettvangur til þess að svara drykkjurausi, en ræða hans og hátterni alt var honum í alla staði ósamboðið, og þó ennþá ósamboðnara hv. deild að taka henni með þögn, hvorttveggja var móðgun við deildina, og áreiðanlega hefði þessi hv. þm. verið betur kominn utan veggja þingsins en innan að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 408,I feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EJ, GunnS, HK, HV, JAJ, JörB, MJ, MT. SE, TrÞ, BSv.

**nei:** BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, IngB, JJós, JÓl, JS, LH, MG, ÓTh, PO, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ.

Brtt. 408,II samþ. með 17:2 atkv.

— 408,III samþ. með 21:2 atkv.

— 408,IV feld með 14:9 atkv.

— 408,V (aðaltill.) tekin aftur.

— 408,V (varatill.) feld með 16:6 atkv.

— 408,VI feld með 17:4 atkv.

— 408,VII feld með 16:5 atkv.

— 408,VIII feld með 16: 6 atkv.

— 408,IX feld með 15:10 atkv.

— 408,X tekin aftur.

— 408,XI tekin aftur.

— 408,XII tekin aftur.

— 431.I.a tekin aftur.

— 431,I.b feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós.

**nei:** JörB, LH, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, BSv.

Brtt. 408,XIII tekin aftur.

— 408,XIV samþ. með 15:9 atkv.

— 408,XV tekin aftur.

— 408,XVI tekin aftur.

— 408,XVII samþ. með 17:4 atkv.

— 408,XVIII samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 468,XIX samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HV, JJós. JAJ, JörB, LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HStef, BSv.
**nei:** HJ, HG, HK, IngB, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, BSt, BÁ, EJ.
Brtt. 408,XX samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** EJ, GunnS, HStef, HG, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, BSv.
**nei:** ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HJ, HV, IngB, JörB, LH, MT, SvÓ, TrÞ.
Brtt. 408,XXI feld með 14:10 atkv.
— 408,XXII feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE, EJ, GunnS, HG, HK, JJós.
**nei:** JörB, LH, MT, PO, SÁÓ, SvÓ TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HV, IngB.
BSv greiddi ekki atkv.
Brtt. 408,XXIII (aðaltill.) feld með 19:7 atkv.
— 408,XXIII (varatill.) feld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HG, HK, HV, JJós, MT, ÓTh SÁÓ, ÁÁ, BSt, EJ.
**nei:** IngB, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, GunnS, HStef, HJ, BSv.
Brtt. 408,XXIV feld með 15:10 atkv
— 408,XXV feld með 15:8 atkv.
— 408,XXVI feld með 14:5 atkv
— 408,XXVII samþ. með 15:5 atkv
— 408,XXVIII feld með16:7 atkv.
— 408,XXIX feld með 15:6 atkv.
— 408,XXX feld með 18:10 atkv
— 408,XXXI feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÁÁ, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, BSv.
**nei:** BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JÓl, JS, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.
Brtt. 408,XXXII (aðaltill.) tekin aftur.
— 408,XXXII (varatill.) feld með 18:8 atkv.
— 408,XXXIII.a—b samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÁÁ, BÁ, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.
**nei:** ÞorlJ, BSt, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ.
BSv greiddi ekki atkv.
Brtt. 408,XXXIV samþ. með 15 shlj. atkv.
— 408,XXXV samþ. með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HK, JJós, JAJ.
**nei:** SvÓ, ÞorlJ, HJ, IngB.
BSv, HG, HV, TrÞ greiddu ekki atkv.
Brtt. 408,XXXVI samþ. með 15:7 atkv.
— 408,XXXVII feld með 14:9 atkv.
— 408,XXXVIII samþ. með 15:1 atkv.
— 408,XXXIX feld með 15:7 atkv.
— 408,XL samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÁÁ, BÁ, GunnS, HG, HV, JJós,

JAJ, JÓl, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, BSv.

**nei:** BSt, EJ, HStef, HJ, HK, IngB, JS, LH, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

Brtt. 408,XLI feld með 15:6 atkv.

— 408,XLII (aðaltill.) tekin aftur.

— 408,XLII (varatill.) samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, GunnS, HJ, HG, HK, HV, JAJ, JÓl, MG, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, BSv.

**nei:** TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, EJ, HStef, IngB, JJós, JS, JörB, LH, PO, SvÓ.

Brtt. 408,XLIII feld með 14:9 atkv.

— 408,XLIV (aðaltill.) tekin aftur.

— 408,XLIV (varatill.) samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MT, SE, SÁÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HG, HV, JAJ, JÓl, LH, BSv.

**nei:** MG, MJ, PO, SvÓ, TrÞ, BSt, EJ, HStef, HJ, HK, JS, JörB.

IngB, JJós, ÓTh greiddu ekki atkv.

Brtt. 408,XLV (aðaltill.) tekin aftur.

— 408,XLV (varatill.) feld með 14:11 atkv.

— 408,XLVI (aðaltill.) feld með 18:4 atkv.

— 408,XLVI (varatill.) feld með 16:7 atkv.

— 408,XLVII feld með 16:4 atkv.

— 408,XLVIII feld með 14:9 atkv.

— 431,II samþ. með 14:13 atkv.

— 408,XLIX (aðaltill.) feld með 16:9 atkv.

— 408,XLIX (varatill.) feld með 15:11 atkv.

— 408,L (aðaltill.) tekin aftur.

— 408,L (varatill.) feld með 15:5 atkv.

Brtt. 408,LI samþ. með 15:2 atkv.

— 408,LII samþ. með 19:3 atkv.

— 408,LIII feld með 17:5 atkv.

— 408,LIV feld með 16:6 atkv.

— 408,LV.a—b samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÁÁ, BÁ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, BSv.

**nei:** JörB, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB.

EJ greiddi ekki atkv.

Brtt. 408,LVI samþ. með 20 shlj. atkv.

— 408,LVII samþ. með 17 shlj. atkv.

— 408,LVIII.1 samþ. með 15:5 atkv.

— 408,LVIII.2 samþ. með 16:4 atkv.

— 408,LIX samþ. með 15:6 atkv.

— 408,LX feld með 15:13 atkv.

— 408,LXI feld með 14:11 atkv.

— 408,LXII samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SÁÓ, GunnS, HG, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MJ, ÓTh, SE, BSv.

**nei:** SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, IngB, MG, MT, PO.

HV greiddi ekki atkv.

Brtt. 408,LXIII tekin aftur.

— 408,LXIV.1 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 408,LXIV.2 samþ. með 15:2 atkv.

— 408,LXV.a feld með 18:7 atkv.

— 408,LXV.b feld með 15:3 atkv.

— 408,LXVI.a feld með 17:9 atkv.

Brtt. 408, LXVI.b (aðaltill.) tekin aftur.
— 408,LXVI.b (varatill.) feld með 17:5 atkv.
— 408,LXVII.a—b samþ. með 15:6 atkv.
— 408,LXVIII samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SE, SÁÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, HG, JJós, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ.
nei: MT, ÓTh, SvÓ, TrÞ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, HV, IngB, JAJ, BSv.
HK greiddi ekki atkv.
Brtt. 408,LXIX (aðaltill.) tekin aftur.
— 408,LXIX (varatill.) samþ. með 15:4 atkv.
— 408,LXX samþ. með 18:4 atkv.
— 408,LXXI samþ. með 19:1 atkv.
— 408,LXXII.1—2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 408,LXXIII.1 samþ. með 15:7 atkv.
— 408,LXXIII.2 samþ. með 18:3 atkv.
— 408,LXXIV samþ. með 18 shlj. atkv.
— 408,LXXV.1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 408,LXXV.2 samþ. án atkvgr.
— 408,LXXVI samþ. með 15 shlj. atkv.
— 408,LXXVII feld með 15:11 atkv.
— 408,LXXVIII samþ. með 17 shlj. atkv.
— 408,LXXIX samþ. með 17:8 atkv.

Afbrigði um brtt. 442, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Brtt. 442 samþ. með 15 shlj. atkv.**

Brtt. 408,LXXX.a—c samþ. með 15 shlj. atkv.
— 408,LXXXI samþ. með 16:6 atkv.
— 408,LXXXII.1, svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
— 408,LXXXII.2 samþ. með 16:5 atkv.
— 408,LXXXIII feld með 16:6 atkv.
— 408,LXXXIV feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HK, IngB.
nei: JS, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, EJ, HStef, HJ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl.
BSv, BSt greiddu ekki atkv.
Brtt. 408,LXXXV samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HJ, HK, JÓl, JörB, LH, MT.
nei: SÁÓ, HStef, HG,[1]) HV, JJós, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.[2])
BSv, BÁ,[3]) IngB greiddu ekki atkv.
Brtt. 408,LXXXVI samþ. með 16 shlj. atkv.

[1]) Með svofeldri greinargerð: Þar sem hjer er ekki tekið fram, hvað miklum útgjöldum þetta *muni nema fyrir ríkissjóð*, og jeg álít eins og hv. þm. Mýr., að eins og formið er á þessu, þá eigi það ekki heima í fjárlögum, þá segi jeg *nei*.

[2]) Með svofeldri grg.: Jeg treysti mjer ekki til að greiða atkv. með till. í því formi, sem hún nú er í, og segi því *nei*.

[3]) Með svofeldri grg.: Þar sem jeg sje, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, en líkar ekki formið á því eins og það liggur fyrir, þá *greiði jeg ekki atkv.*

Brtt. 408,LXXXVII.a samþ. með 16:6 atkv.
— 408,LXXXVII.b samþ. með 16:9 atkv.
— 408,LXXXVII.c samþ. með 15:8 atkv.
— 431,III samþ. með 21 shlj. atkv.
— 408,LXXXVIII samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 455).

Á 58. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

**Jón Baldvinsson:** Mjer finst það ekki eiga síður við hjer en í hv. Nd. að tala við stj. um það, sem miður fer, og þótt það hafi nú verið vani að láta frv. þetta fara til 2. umr. órætt, finn jeg ekkert á móti því, að sami siður væri hjer tekinn upp og í Nd. Jeg vildi aðallega spyrja hæstv. atvmrh. að því, hvernig kaupgreiðslum ríkisins við opinbera vinnu sje hagað úti um landið, hverjir ráði því, og eftir hvaða reglum sje þar farið. Það er nefnilega vitanlegt, að afarlágt kaup er goldið úti um sveitir, sjerstaklega á vorin, og sumstaðar er það svo lágt, að það má heita algerlega óviðunandi. Jeg veit til þess, að menn hafa aðeins fengið 40—45 aura á tímann í Húnavatnssýslu, en í Eyjafirði var það 60 aurar og hækkaði síðan, er á sumarið leið, upp í 85 aura. Nú vil jeg spyrja, hvernig stendur á þessum mikla mun og lága kaupi. Er mismunur á kaupgjaldi á vorin og sumrin máske af því, að stj. eða ráðamenn hennar haldi, að ódýrara sje að lifa á vorin heldur en þegar grasið er sprottið, þannig, að menn geti bitið það til bjargar sjer? Jeg hefði talið rjett af ríkisstj., að hún hefði sett ákveðnar reglur um þetta og samið um kaup við verkalýðsfjelögin úti um land, í þeim hjeruðum, sem vinnan fer fram í. Það nær ekki nokkurri átt, að einhverjir verkstjórar ríkisins ráði þessu einir og ákveði kaup á hverjum stað eftir eigin höfði. Eins og því er nú komið fyrir eru það verkamennirnir, sem við þetta vinna, sem borga mikinn hluta af kostnaði við opinberar framkvæmdir. Þeir leggja fram miklu meiri vinnu en þeim er borgað fyrir.

Næst vildi jeg spyrja hæstv. atvmrh. að því, hvað síldarverksmiðjunni líði og hvort hægt muni verða að starfrækja hana nú á þessu sumri. Heimild var veitt til þessarar verksmiðjubyggingar á síðasta þingi, og jeg minnist þess, að Magnús heitinn Kristjánsson fjmrh. var þeirrar skoðunar, að að þessu yrði að vinda bráðan bug, því að annars yrðum við að selja útlendum verksmiðjum afla okkar fyrir lágt verð. Ef verksmiðjan gæti tekið til starfa þegar á næsta sumri, hefði það mjög mikla þýðingu fyrir útgerðina í landinu og fyrir verkalýðinn. Þess vegna vildi jeg gjarnan fá að vita, hvað þessu liði. Jeg hefði náttúrlega ástæðu til að spyrja um ýmislegt fleira, en ætla mjer þó að láta þetta nægja í bili, en vil þá víkja lítið eitt að gerðum hæstv. dómsmrh.

Vil jeg þá minnast lítillega á, hvernig hæstv. ráðh. hefir komið fram gagnvart hjúkrunarkonunum á Vífils-

stöðum. Mjer er sagt, að hann hafi gengið mjög fast fram í að lækka kaup þeirra, og var það þó sannast að segja síst of hátt fyrir. Þykir mjer undarlegt, að hæstv. ráðh. skyldi leggjast svo lágt að ráðast að þessum lágt launuðu starfsmönnum. Jeg álít, að hinir ýmsu lágt launuðu starfsmenn ríkissjóðs búi ekki við þau sældarkjör, að ástæða sje til að klípa af kaupi þeirra. Tel jeg, að hæstv ráðh. eigi vanþakkir skilið fyrir ráðsmensku sína í þessu máli. Ef til vill ætlar hann að hafa það sjer til rjettlætingar, að hann sje hjer að spara ríkisfje, en sannast að segja hygg jeg að fáir trúi því, að hann sje neinn sjerstakur sparnaðarmaður á landsfje. En ekki skal jeg neita því, að hann sje athafnamaður.

Þá vil jeg víkja að þeirri takmörkun, sem hæstv. dómsmrh. gerði á mentaskólanum. Jeg álít, að það hafi verið rangt af honum að meina þeim nemendum upptöku í skólann síðastliðið vor, sem stóðust prófið, sem heimtað er til fyrsta bekkjar. Jeg álít þetta sjerstaklega rangt vegna þess, að hæstv. ráðh. hefir með höndum nýja löggjöf um þennan skóla, og gat því leitað eftir vilja Alþingis um þetta efni. Slík takmörkun gat þá beðið þess tíma, ef hún á annað borð þurfti að eiga sjer stað.

Nú vil jeg að lokum spyrja hæstv. ráðh. um atvik, sem sagt er, að borið hafi við alveg nýlega. Í aðalblaði Íhaldsflokksins hjer í bænum er sagt frá því, að herforingi af þýsku varðskipi hafi verið í rjettinum í Vestmannaeyjum, þegar kveðinn var upp dómur yfir þýskum togara, og mjer er sagt, að rjettarhaldinu hafi verið frestað, til þess að þessi þýski liðsforingi gæti verið viðstaddur. Nú vil jeg spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þetta sje að hans tilhlutun, eða ef hann getur gefið upplýsingar um það, hvers vegna þessir menn voru viðstaddir. Þar sem þeir eru opinberir sendimenn þýska ríkisins, má segja, að þýska ríkið hafi verið viðstatt rjettarhöldin. Og það hefi jeg heyrt, að sje talin frekasta móðgun, ef haft er þannig eftirlit með dómstólum. Það má vera, að þarna sje farið með rangt mál, því að aðalheimild fyrir þessu er ‚Morgunblaðið'. En jeg læt þetta samt flakka og óska svars frá hæstv. ráðh.

Þá skal jeg víkja örlítið að því, sem hv. þm. Snæf. sagði út af öðru máli hjer á undan. Út af brtt. við búnaðarbankann um að heimila stj. að setja reglugerð um starfsemi einnar deildarinnar vjek hann því til mín, að jeg mætti vera ánægður með, að slík heimild væri viðtæk, af því að jeg treysti stj. svo vel. Það er náttúrlega svona og svona. Jeg treysti henni vel í sumu og ekki vel í sumu, alveg eins og Íhaldsflokkurinn treystir henni vel í þeim málum, þar sem hann og stj.-flokkurinn eru sammála. Að vísu er það rjett, að jafnaðarmannaflokkurinn hjálpaði hæstv. stj. að komast á laggirnar, svo að hún gæti sagt á Alþingi, að hún styddist við meiri hl. eða hefði hlutleysi svo margra þm., að hún væri þingræðisstj. Lengra þurfti stuðningur okkar jafnaðarmanna ekki að ná og náði ekki. Hæstv. stj. er minnihlstj., eins og vitanlegt er, og hún semur til beggja hliða í þinginu. Okkar traust til hennar fer eingöngu eftir því, hvernig hún reynist í málunum. Hitt skal jeg fús-

lega játa, að ef jeg væri viss um, að við ættum að fá aftur íhaldsstj., þá myndi jeg vilja hugsa mig um tvisvar, áður en jeg styddi að því, að stj. væri látin fara frá völdum, eftir því, sem enn er komið, því að núv. hæstv. stj. hefir víðar sýnt meiri skilning gagnvart okkur jafnaðarmönnum en íhaldsmenn, þegar þeir höfðu ráðin í annari deild þingsins.

Jeg ætla ekki að hafa mín orð fleiri að þessu sinni, en vænti svars við fyrirspurn minni frá hæstv. stj.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Jeg hefi vitanlega ekkert við það að athuga, að hv. 4. landsk. notar þetta tækifæri til þess að beina fyrirspurnum til stj., og skal gjarnan verða við ósk hans að svara þeim spurningum, sem hann beindi til mín. En raunar voru þær báðar bornar fram í hv. Nd. og svarað þar af mjer.

Hv. þm. spurði um vegavinnukaupið og hvaða tilhögun um kaupgreiðslu væri af hálfu þess opinbera og hverjir rjeðu kauphæð. Það er náttúrlega svo um margt af þessu, að þeir trúnaðarmenn, sem hafa yfirsýn með framkvæmdum, þeir ráða kaupinu. En að sjálfsögðu er það atvmrh., sem ber ábyrgð á því, hvaða ákvarðanir eru teknar. Og ef eitthvað verulegt er ráðið, kemur hlutaðeigandi starfsmaður og á tal við atvmrh. Og mjer dettur ekki á neinn hátt í hug að varpa af mjer ábyrgðinni á þá menn, sem hafa framkvæmdirnar á hendi. Hinsvegar er mjer kunnugt um það, að það hefir bæði fyr og síðar verið nokkur munur á kaupgreiðslu í vegavinnu og símavinnu, enda er aðallega um fagmenn að ræða í símavinnu. Eins og hv. þm. veit, er það eðlilegt að borga þeim hærra, sem eru fagmenn, heldur en óbrotnum verkamönnum, sem vinna einföldustu vinnu.

Þá benti hv. þm. á mismun á kaupi á ýmsum stöðum og spurði, hvernig á honum stæði. Jeg gat þess í Nd. um vegavinnuna, sem hv. þm. á sjerstaklega við, að ríkissjóður er ekki einn um að láta vinna slíka vinnu, heldur sýslufjelög líka. Og ríkissjóður reynir yfirleitt að láta vera samræmi milli kaupgreiðslu sýslunnar og kaupgreiðslu landsins fyrir sömu vinnu. Og jeg get gjarnan sagt það, að jeg álít það yfirleitt skyldu atvmrh. að reyna að komast að sem hagstæðustum kjörum um þessa vinnu og keppa að því að fá sem mesta vinnu fyrir það fje, sem veitt er til verklegra framkvæmda. Því tel jeg, að síst eigi að stofna til þess af hálfu ríkisins að spenna kaupið upp.

Hv. þm. talaði allmikið um það, hve óeðlilegt væri, að kaup sje mismunandi á ýmsum stöðum og ýmsum árstíðum, t. d. á vorin og um sláttinn. Jeg vil benda þessum hv. þm. á það, að það er ekki löng leið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Hv. þm. benti stj. á að fara eftir því, sem verkamenn gera. Jeg veit ekki betur en að það sje 10 aura munur á taxta hjer og í Hafnarfirði. (**JBald**: Ekki nema 6 aura). Vill hv. þm. benda á, hvernig stendur á þessu? Jeg veit heldur ekki betur en að það sje talsverður munur á kaupi á togurum og eyrarvinnukaupi. Auðvitað fylgir meira erfiði og áhætta vinnunni a togurunum, en munurinn er áreiðanlega meiri en sem þessu svarar. Það getur vel verið, að það væri hugsjónin

að geta fengið meðalverð á öllu. En stj. hefir ekki sjeð sjer fært að gera það. Og verkalýðsfjelögin hafa ekki heldur gert það. Svo að þessar stofnanir, sem hv. þm. benti til, fara alveg eins að og stj.

Annars vil jeg geta þess, að kept er að því að fá sem mest unnið í ákvæðisvinnu, sjerstaklega nýlagningu vega. Og jeg er í engum vafa, að það er bæði ríkinu og verkamönnum einkar hentugt.

Þá gerði hv. þm. fyrirspurn um, hvað liði síldarverksmiðjunni. Ýmislegt hefir valdið því, að framkvæmdir urðu ekki skjótari en raun er á. Í fyrstu leit ekki út fyrir, að nóg fje væri fyrir hendi. Veikindi fimrh. töfðu og eðlilega fyrir. Annars þarf þetta mál mjög rækilegan undirbúning, og það er sjeð, að verksmiðjan getur ekki tekið til starfa í sumar. En það hefir verið upplýst, að nú þegar er ráðinn maður til að sjá um byggingu verksmiðjunnar, og hann kemur hingað með næstu ferð „Lyru“. Hann er norskur og hefir mikla reynslu í þessu efni. Allur undirbúningur er kominn svo langt, að byrjað verður á verkinu í sumar, og verksmiðjan byrjar þá væntanlega með fullum krafti næsta ár.

Jeg hygg jeg hafi þá svarað þessum tveimur fyrirspurnum, sem hv. þm. beindi til mín.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Hv 4. landsk. hefir á þessum eldhúsdegi beint til mín þremur fyrirspurnum. Hann hefði gjarnan getað haft eina fyrirspurnina dálítið stærri, nefnilega um hjúkrunarkonurnar, því að það er ekki einungis um Vífilsstaði að ræða, heldur aðra spítala, t. d. Klepp, gamla og nýja. Og jeg vonast til, að áhrifin af þessari breyt., sem hv. þm. á við, muni á sínum tíma ná til landsspítalans og fleiri slíkra stofnana.

Áður en jeg vík að þessu sjerstaka máli, vil jeg geta þess, að það er almenn óánægja yfir því, hvað spítalar landsins og lækningar eru dýrar. Þetta leiddi til þess, að fyrv. stj. gerði nokkrar tilraunir í sambandi við berklalögin til þess að halda niðri kostnaði af læknum við berklalækningar, og er það mál ennþá á döfinni. Þar sem nú þessi berklakostnaður vex um 100 þús. kr. á ári síðari árin, þá er öllum sýnilegt, að það þarf víða við að koma, ef úr þessu á að bæta. Nú er það mála sannast, að í þessum stóra lið til berklavarna er töluvert af gjöldum, sem má lækka. Kostnaðurinn við starfsfólkið á hælinu var meðal annars tekinn til athugunar, og við rannsókn landlæknis síðastl. sumar kom það í ljós, að rekstur okkar ríkisspítala væri tiltölulega dýrari en í öðrum löndum og kaup hjúkrunarkvenna hærra. Við þá samninga hefir aðallega verið stuðst við danskan taxta, en það kom í ljós, að ýmislegt var undan dregið við samanburðinn á dönskum kringumstæðum, en ekki reiknaður með ýmiskonar frádráttur, sem varð frá launum. Þannig var á þessum lið um verulega eyðslu að ræða fram yfir það, sem virðist í nágrannalöndunum, sjerstaklega í Noregi. Þegar því Nýi-Kleppur tók til starfa, varð samkomulag milli nýja læknisins þar og mín að byrja töluvert lægra með kaup við spítalann en

verið hefir áður. Það var tilraun til þess að vinna á móti þeirri nokkuð óhóflegu eyðslu, sem verið hefir í þessu efni áður. En þar með er ekki slegið föstu, að kauptaxtanum á Nýja-Kleppi verði haldið til lengdar, heldur er hjer dregin ný lína til að reyna að byggja eftir rjettlátara fyrirkomulagi og heilbrigðara. Jeg hefi meðal annars vakið máls á því við hjúkrunarkonur, hvort þær væru ekki fúsar til að koma undir ellitryggingarlögin, eins og starfsmenn landsins, og standa yfir samningar um það milli stj. og hjúkrunarkvenna, og raunar líka um kaupspursmálið.

En viðvíkjandi aðalefni fyrirspurnar hv. þm. er því að svara, að við vorum komnir hærra í þessu efni en menn í sömu kringumstæðum í nágrannalöndum, og því sjálfsagt að færa þetta til rjettari vegar.

Þá spurði hv. þm. næst að því, hvers vegna hefði verið takmörkuð innganga nemenda í mentaskólann í fyrra vor, sjerstaklega þar sem fyrir hefði legið að koma með frv. um það efni. Nú er frv. fyrir deildinni, en ekki er að vita, hvort tími vinst til að ljúka við það í vetur. Er því ekki hægt að spá neinu um þess áhrif. En hitt hefði hv. þm. mátt vera kunnugt af endurteknum skýringum frá minni hálfu, að af heilsufræðilegum ástæðum var ómögulegt að komast hjá að takmarka mentaskólann. Það ástand, sem skapaðist í mentaskólanum hjá fyrv. stj., var algerlega óviðunandi Jeg hirði ekki að fara út í það að svo stöddu. Það nægir að vísa til þess, að skólinn var farinn að velta út úr sínu eigin húsi og það var farið að leigja mjög ljelegar kenslustofur úti í bæ, þar sem ómögulegt var að koma við alveg sjálfsögðum heilbrigðisráðstöfunum. Nú hefir verið viðurkent af rektor, að það sje hið versta neyðarúrræði að hafa útibúin niðri í bæ. Enginn, sem fengist hefir við að kenna ungmennum, efast um, að þetta er rjett. Þetta er því langt frá að vera áfellisefni. Hitt er miklu fremur áfellisefni, að nokkurn tíma skyldu vera teknir svona margir inn í mentaskólann, að líf og heilsa nemenda var sett í veð. En jeg þykist vita, að misskilningur þessa hv. þm. stafi af því, að hann hefir ekki haft ástæður til að kynna sjer þetta efni, en orðið var við óánægju hjá mönnum í bænum. En sannarlega er það hart, að þeir foreldrar, sem eiga börn í þessum skóla, skuli ekki hafa borið gæfu til að þakka þessa viðleitni til þess að sjá börnum þeirra borgið og minka berklahættuna, sem þau hafa stöðugt verið í undanfarið og hefir farið vaxandi. Síðastl. vetur munu um tuttugu hafa fengið snert af berklum. Heilsufarið í vetur er betra, og mun vera að einhverju leyti því að þakka, að betur fer um nemendur í kenslustofunum, sem ekki eru lengur yfirfyltar.

Síðustu spurningunni get jeg ekki svarað, af því að jeg veit ekki meira um málið en hv. fyrirspyrjandi. Jeg hefi ekki sjeð þetta merka íhaldsblað. Engin fyrirspurn hefir komið til mín frá Vestmannaeyjum. En ef málið er á einhvern hátt merkilegt, mun það vafalaust koma síðar til athugunar.

**Jón Baldvinsson:** Hæstv. atvmrh. játaði, að hann bæri ábyrgð á kaupgjaldi víðsvegar um landið, þó að aðrir geri till. og ákveði eitt og annað um

það. En þegar hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, hvers vegna mismunandi kaup væri greitt, þá hefir hann annaðhvort misskilið mig eða snúið út úr því, sem jeg sagði. Það, sem jeg aðallega meinti, var það, hvers vegna mismunandi kaup væri greitt á vorin og sumrin. Hitt vissi jeg, að verkalýðsfjelög hafa mismunandi kaupgjald, sem er dálítið með hliðsjón af því, hvað dýrt er að lifa á hinum ýmsu stöðum. (**Forsrh.**: Dálítið, en ekki alveg?). Það má kannske segja, að kaupgjaldið sje ekki alveg miðað við dýrtíðina. Það mótast af mörgu, meðal annars af því, hve langt verkamenn geta komist í samningum við atvinnurekendur. En þar er þó ekki, að jeg ætla, mismunandi kaupgjald yfir vorið og sumarið við algenga verkamannavinnu. Kaupgjaldið í Reykjavík er það sama alt árið, og eins í Hafnarfirði, en að vísu eitthvað ofurlítið lægra þar. Hæstv. ráðh. hefir ekki svarað þessu fullnægjandi, hvers vegna verkstjórar og vegamálastjóri ákveða lægra kaup á vorin heldur en sumrin. Hann hefir heldur ekki svarað, hvers vegna ekki er leitað til verkalýðsfjelaganna af hálfu ríkissjóðs, alveg eins og einstakir atvinnurekendur víðast hvar. Jeg álít, að það eigi ríkissjóður að gera þar, sem slíkur fjelagsskapur er til.

Þá er aðgætandi, að þetta lága kaupgjald ríkissjóðs kemur niður á því fólki, sem versta aðstöðu hefir til að draga fram lífið. Auk þess eru margir fátækir námsmenn, sem nota sjer sumarvinnuna til þess að geta staðist námskostnað. Og það er hart að gengið af því opinbera að heimta, að þessir menn leggi sinn skerf til framkvæmdanna í landinu með því, að dregið sje af þeim kaupið. Því að vitanlega borga þeir líka sinn hluta af hinu beina framlagi ríkissjóðsins til framkvæmdanna.

Hæstv. forsrh. sagði, að þetta væri mest unnið í ákvæðisvinnu. En hvernig er sú ákvæðisvinna? Vegamálastj. gerir áætlanir um það, hvað verkið muni kosta, og miðar við þrælavinnu, 12—13 stunda vinnu á dag, en ætlar verkamönnunum samt ekki að ná nema meðalkaupi. Jeg tel þetta hvorki rjettlátt nje sanngjarnt. Það má vera, að verkamenn fái með þessu móti lítið eitt hærra tímakaup en alment er að greiða, þó að jeg efist um að svo sje, en það er þá af því, að þeir leggja á sig langsamlega meiri vinnu. Jeg áleit það óhjákvæmilegt, út af þessari framkomu stj., að hreyfa þessu máli hjer í þinginu, til þess að fá úr því skorið, hvort þm. fallast á, að kaupgjaldsgreiðslum ríkissjóðs sje hagað svona, því að það er fjarri því, að það sje sambærilegt við kauptaxta verkalýðsfjelaganna víðsvegar um land.

Jeg hefi fengið svar við fyrirspurn minni út af síldarbræðsluverksmiðjunni, og skal því ekki fara frekar út í það.

Hæstv. dómsmrh. hefir það til afsökunar á framkomu sinni gagnvart hjúkrunarkonunum, að menn sjeu svo óánægðir yfir, hve sjúkrahúskostnaður ríkisins sje mikill. Nú hefir ríkið einu sinni tekið á sig skuldbindingar gagnvart berklasjúklingunum og á samkv. ákvæðum berklavarnalaganna að kosta þetta. Og hví hefir ríkið tek-

ið á sig skuldbindingar í þessu efni? Ekki vegna sjúklinganna sjálfra, heldur vegna þeirra, sem heilbrigðir eru, svo að þeir smitist ekki. Þetta er undirstaða berklaveikisl. Jeg er hræddur um, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki skilið þetta, en eins og aðrir ráðh., sem um þessi mál hafa fjallað, orðið argur út af því, hve þessi kostnaður er mikill. Jeg hefi meira að segja orðið þess var, að sumir læknar, sem áttu þó að standa á verði í þessum efnum, hafa verið að tvístíga yfir því, hvort þeir ættu ekki að leggja til, að berklavarnirnar væru afnumdar. Þingið tók þennan kostnað á sig vitandi vits, en af því að hann skiftir hundruðum þúsunda, hefir hæstv. dómsmrh. fundið það snjallræði, til þess að bjarga ríkissjóði, að klípa 10—20 kr. af mánaðarlaunum hjúkrunarkvennanna. Með því var ríkissjóði svo sem bjargað. En það er nú upplýst, að þessi spítalakostnaður stafar ekki af því, að hjer sje greitt hærra kaup til starfsfólks en annarsstaðar, heldur af því, að önnur starfræksla er dýrari vegna meiri dýrtíðar hjer en annarsstaðar. Ætla jeg, að taka beri ekki einungis tillit til krónutölunnar, heldur líka til dýrtíðarinnar. (**Dómsmrh.**: Jæja, þær hafa nú alt frítt, svo að þær eru hafnar yfir dýrtíðina). Þær eru ekki hafnar yfir þann mismun, sem er á gengi peninganna. 200 kr. danskar eru t. d. meira virði en 200 kr. íslenskar. Það vita allir, að danska krónan hefir meira kaupmagn en ísl. krónan; við samanburð á kaupgreiðslu við spítala hjer og í Danmörku hefir hæstv. ráðh. flaskað á þessu atriði, líkt og Eimskipafjelagsstjórnin í verkdeilunni í vetur, sem hv. 3. landsk. þm. ætti sannarlega skilið að fá eldhúsdag fyrir, því að hann var einn af þeim, sem stöðvuðu skipin, og gerðu þannig tilraun til að koma þeim vöruflutningum, sem Eimskipafjelagið hefir haft, frá því og yfir á hendur keppinauta þess. Á hæstv. stj. þakkir skilið fyrir aðgerðir sínar í því máli, þó að hún gengi þar að vísu inn á óvenjulega braut. (**JÞ**: Mjer hefir verið sagt, að hann hjeti Sigurjón Á. Ólafsson, sá sem skipaði sjómönnunum að ganga af skipunum). Nei, það var hv. 3. landsk. þm., sem átti sökina á því, að Eimskipafjelagið stöðvaði skip sín í vetur, og það gerði hann til að þjóna vinum sínum og flokksbræðrum, sem höfðu stöðvað togaraútgerðina.

Hæstv. dómsmrh. bar það fyrir sig, að ekki hefði verið forsvaranlegt af heilsufræðilegum ástæðum að hafa eins mikinn nemendafjölda í mentaskólanum og verið hefði, en þó játaði hann, að ein deild skólans hefði verið höfð úti í bæ. En hann hefði átt að geta gætt þess, eins glögt auga og hann þykist hafa fyrir öllu því, sem aflaga fer í þessum efnum, að nægilegt eftirlit væri haft með því, að nemendur hlytu ekki heilsutjón af sóðaskap, hvorki í skólanum sjálfum nje þeirri deild hans, sem var úti í bæ. Skilst mjer, að slíkt eftirlit þurfi, hvort sem skólinn er á einum stað eða fleiri.

Því var hvíslað að mjer, að jeg hefði ekki farið í öllu með rjett mál í því, sem jeg sagði út af foringjum á þýska herskipinu Zieten og rjettarhöldunum í Vestmannaeyjum, en jeg hafði, sem betur fór, á því þann fyrirvara, að ekki væri víst, að það væri satt, vegna þess að jeg hefði lesið það

í „Morgunblaðinu". (**Forsrh.**: Það er nú heldur ljeleg heimild). Þetta er rjettmæt ásökun hjá hæstv. forsrh. Jeg hefði átt að vita það, að ekki er einu orði trúandi af því, sem í „Morgunblaðinu" stendur. (**Forsrh.**: Alveg rjett).

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Það voru aðeins örfá orð út af vegavinnunni. Hv. 4. landsk. þm. inti eftir því til viðbótar, af hverju þessi kaupmunur væri á sumar- og vorvinnunni. Jeg hjelt þó, að hv. 4. landsk. þm. væri svo vel að sjer, að hann vissi, að ríkið hefir ekki eins mikið upp úr vorvinnunni sem sumarvinnunni. Þá er klaki í jörðu, veðurfar óhagstætt, bleyta til tafa o. s. frv., svo að ríkið hefir minna gagn af þeirri vinnu. Ef litið væri á þetta eingöngu, ætti ríkið því ekki að láta gera neitt nema á sumrin, en af öðrum ástæðum hefir þótt rjett að reyna að skaffa fólki atvinnu vor og haust, af því að þá er yfirleitt minna um vinnu. Af þessum ástæðum, og reyndar fleirum, er það, að ekki er greitt sama kaup fyrir sumarvinnu og vor- og haustvinnu.

Hv. 4. landsk. þm. spurði, hví ekki væri samið við verkalýðsfjelögin. Mjer er ekki kunnugt um, að til sje neitt fjelag vegavinnumanna til þess að semja við.

Þá sagði hv. 4. landsk. þm., að ríkið væri lakasti atvinnuveitandinn með að greiða kaup. Honum væri gott að athuga þetta í sambandi við sitt eigið „prógram". Hann vill láta ríkið taka atvinnumálin í sínar hendur, þó að það greiði verst kaup. (**JBald**: Það er ekki sama, hvaða stj. er). Hv. þm. vill láta ríkið hafa með þetta að gera, hvaða stj. sem að völdum situr.

Í sambandi við ákvæðisvinnuna fór hv. 4 landsk. þm. mjög ómaklegum orðum um vegamálastjóra. Ákvæðisvinnan er ekki miðuð við þrældóm, heldur leggur vegamálastjóri alt kapp á, að bæði verkamennirnir og ríkissjóður hafi hag af henni. Jeg er ekki í vafa um, að það er mjög heilbrigt að hafa ákvæðisvinnu, því að menn eru nú einu sinni svo gerðir, að þeir hafa tilhneiging til að vinna „aktaskrift". Og jeg þekki þess mörg dæmi úr vegavinnunni, að menn vilja þetta heldur.

Svo fór hv. þm. að tala um, að þessir menn væru látnir gefa ríkissjóði gjafir. Slíkir „frasar" eru góðir á kjósendafundum, en hjer eiga þeir ekki við. Þessir menn fá ekki betra kaup annarsstaðar en þeir fá við vegavinnuna. Og margir þeirra eru svo vel innrættir, að þeim þykir sjerstök ánægja að að vinna að vegagerðunum, auk þess sem þeir vinna að sjálfsögðu fyrst og fremst fyrir sjálfa sig. Þetta sýna bændur, sem vinna sjálfir að vegagerðum í sveit sinni, til þess að greiða fyrir eigin atvinnurekstri. Hinsvegar býst jeg við, að vegavinnumennirnir fái oftar gjafir úr ríkissjóði en það gagnstæða, en þetta á því aðeins að eiga sjer stað, að það sje öllum til hags.

**Fjmrh. (Einar Árnason)**: Það er orðið of framorðið til þess að halda þessum umr. áfram, og vil jeg því mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. verði frestað.

**Forseti (GÓ):** Jeg hygg, að umr. sjeu alveg að lúkast, og í þeirri von, að svo sje, gef jeg þeim eina þm., sem á mælendaskrá er, orðið.

**Jón Baldvinsson:** Hæstv. forsrh. taldi þau ummæli mín, að ríkið greiddi lægra kaup en aðrir, til hnekkis því, sem jeg og aðrir jafnaðarmenn höldum fram. Við viljum láta ríkið taka atvinnumálin í sínar hendur og greiða sanngjarnt kaup, en það er engin von til, að verkamenn fái sanngjarnt kaup fyrir það, sem þeir vinna fyrir ríkið undir stj., sem bæði er andvíg ríkisrekstri og því að greiða sanngjarnt kaup. En þetta hlýtur óumflýjanlega að breytast, þegar jafnaðarmenn eru komnir í meiri hl.

Hæstv. forsrh. hjelt því fram, að vegamálastjórinn legði alt kapp á, að ákvæðisvinnan yrði til hagnaðar fyrir báða aðilja. Þetta er gamla orðtakið um að versla svo, að „báðir hafi hag af". Jeg hjelt nú samt, að þessi draugur væri fyrir löngu kveðinn niður. Auðvitað er það ekki nema ríkissjóður, sem hefir hag af þessari ákvæðisvinnu, því að hún er svo hnitmiðuð, að verkamennirnir ná ekki meðal-dagkaupi, nema með lengri vinnutíma en alment er og með því að leggja harðara að sjer.

Það er orðið svo áliðið, að jeg verð að láta þetta nægja. Jeg vil þó drepa á eitt atriði enn. Hæstv. forsrh. skaut sjer undir það, að ekki væri hægt að semja við vegavinnumennina, af því að þeir hefðu engan fjelagsskap með sjer. Því er til að svara, að verkalýðsfjelög eru í flestum hjeruðum landsins. Þeirra kauptaxti er yfirleitt ráðandi í hjeruðunum, og jeg álít, að stj. ætti að semja við þau að beygja sig undir kaupgjald þeirra eins og aðrir atvinnurekendur. En ríkið er þetta verra en einstakir menn í þessum efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjvn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 455, 540, n. 556, 562, 582).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 562 og 582. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg get búist við því, að það, sem fyrst og fremst kunni að vekja eftirtekt hv. þdm., sje það, hvað fjvn. hefir haft stuttan tíma frá því er frv. kom til hennar og þar til það nú kemur til 2. umr. En eins og hv. þdm. er ljóst, var liðinn langur tími frá þingsetningu þangað til frv. var sett í n. hjer. Telst mjer til, að það sjeu 75 dagar þar á milli. Nú er það vitanlegt, að þótt sjálfsagt sje að hrapa ekki að jafnþýðingarmiklu máli til að losna við langt þing, þá er hitt þó þýðingarmikið atriði, að þingtíminn verði ekki óhæfilega langur. Þetta var n. ljóst, og hún hefir að nokkru leyti haft hliðsjón af því við afgreiðslu málsins. N. vildi ekki hrapa að sínum till., en hraðaði verkinu meira en hún hefði gert, ef styttra hefði verið liðið á þingtímann. Það orkar líka tvímælis, hvort nokkuð hefst upp úr því að hanga lengi yfir fjárlögunum. N. get-

ur því að nokkru afsakað sig með því, hvað tíminn var stuttur, ef sjerstakir gallar kunna að finnast á starfi hennar, en þó vona jeg, að enga stórgalla sje hægt að finna fyrir þessar sakir. Jeg hygg, að það sje óvanalegt, að fjvn. hafi fjárl. svona stuttan tíma undir höndum, þar sem ekki er nema vika síðan hún fjekk þau til meðferðar. Af þessum ástæðum hefir n. leitt hjá sjer viss þýðingarmikil atriði, eins og t. d. tekjuhliðina, þar eð hún hefir ekki komið fram með neinar till., sem miða að því að jafna tekjuhallann. N. var það ljóst, að hún á að skila tekjuhallalausum fjárl., með varlegri áætlun tekna og gjalda. En eftir að Nd. hefir afgreitt þau með 50 þús. kr. tekjuhalla, þá er ekki við því að búast, að hann verði lækkaður nú við þessa umr., því það er ekki nema eðlilegt, að þeir hv. þm., sem hjer sitja, hafi líka sínar kröfur, þannig að tekjuhallinn aukist, en minki ekki. N. fanst heppilegra að draga álit sitt um útrýmingu tekjuhalla til 3. umr. og koma þá fram með sínar till. um, hvað út af fjárlögum skuli tekið, því að þá fæst meira yfirlit yfir, hvað gera þarf, ef skila á frá d. tekjuhallalausum fjárl. Þær breyt., sem n. leggur til, eru í heild sinni smávægilegar. Hún hefir hvorki skift sjer af stórum tekjuliðum nje gjaldaliðum, en reynt hinsvegar að sníða af þá annmarka, sem á frv. voru, og einnig borið fram þær hækkunarkröfur, sem henni fanst, að væru rjettmætar og eðlilegar. Náttúrlega má segja, að fyrir liggi fjöldi hækkunartill., sem gott væri, að þingið gæti orðið við, en þær eru misjafnlega tímabærar og getan smá, og við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Það leiðir af líkum, að þótt góð samvinna hafi verið í n., hafa nm. ekki verið sammála um alt, enda hafa þeir þá óbundnar hendur. Þar sem minst er á n. í nál., er annaðhvort átt við n. alla eða meiri hl. hennar. Svo verður þetta einnig í framsögunni. Jeg sje ekki ástæðu til að tala frekar um störf n., en vil aðeins geta þess, að hún hafði kynt sjer þau skjöl, sem fyrir lágu, áður en fjárl. komu til hennar, og við það studdist hún. Ef þær till. verða samþ., sem n. mælir með, mun tekjuhallinn aukast um 30 til 40 þús., eða verða full 80 þús. kr. í alt.

Vil jeg svo víkja að brtt. n., hverri fyrir sig, og skal reyna að vera eins stuttorður og mjer frekast er unt, enda er þýðingarlítið að fjölyrða mikið um slíkar till., eftir að skrifað hefir verið um þær nál.

Fyrsta brtt. n. er við 10. gr. frv. og er í því fólgin, að lagt er til, að núv. ríkisbókara verði greidd 1000 kr. persónuleg launaviðbót. Er þetta gert að till. hæstv. fjmrh. Hann tjáði n., að laun bókarans væru lítil, en hann væri fátækur maður og starfsmaður góður. Hinsvegar leit ráðh. svo á, að þetta myndi kleift án þess að hækka liðinn til ríkisfjehirðisstarfa í heild. Fjelst því fjvn. á þessa till. hæstv. fjmrh.

Við 11. gr. hefir n. gert eina brtt., um að hækka liðinn, sem ætlaður er til endurskoðunar skipamælinga, úr 500 kr. upp í 1000 kr. Starfi þessu hefir Páll Halldórsson skólastjóri gegnt síðan 1904 og jafnan fyrir lítið gjald. Þannig fjekk hann ekki nema 300 kr. á ári til ársloka 1917, en úr því 500 kr. Nú er það upplýst, að störf þessi hafa aukist mjög mikið síðan 1904, og að

engin breyt. var gerð á launum fyrir þau 1919, þegar launalögin voru endurskoðuð. Nú fer skólastjórinn fram á, að þóknun fyrir þetta starf verði hækkuð tilsvarandi því, sem aðrir hliðstæðir liðir voru hækkaðir 1919. Með hækkun þessari hefir hæstv. fjmrh. líka mælt, og þar sem n. telur hana sanngjarna, leggur hún til, að hv. d. samþ. brtt. þessa.

Þá hefir fjvn. gert nokkrar brtt. við 12. gr., og er sú fyrsta þess efnis, að liðurinn, sem ætlaður er læknum til utanfarar, verði hækkaður úr 2000 kr. upp í 3000 kr., og svo er jafnframt lagt til, að lækninum í Vestmannaeyjum, Ólafi Ó. Lárussyni, verði veittar af þessu fje 1500 kr. til utanfarar, en að öðru leyti á að verja fje þessu eftir sömu reglum og áður hafa gilt um úthlutun þess. N. leit svo á, að þessi maður hefði nokkra sjerstöðu meðal íslenskra lækna, fyrst og fremst sökum þess, hve tíðar eru skipakomur við Eyjar, og jafnframt slysa- og sjúkdómahætt þeim, sem þar stunda atvinnu. Er því nauðsyn að hafa á þessum stað mann með góðri þekkingu og atorku. Að vísu komu fram í n. raddir um það, að læknir þessi myndi svo efnum búinn, að hann gæti farið utan upp á eigið fje án styrks frá hinu opinbera, þar sem hann sæti nú í góðu og tekjumiklu hjeraði. En því er alls ekki þannig varið með þennan lækni. Hann er fátækur fjölskyldumaður, sem lengst hefir setið í mjög tekjurýru hjeraði og er því frumbýlingur á þessum stað. Meiri hl. n. vill því leggja til, að honum verði veittur þessi utanfararstyrkur. Upphaflega sótti læknir þessi um 3000 kr. utanfararstyrk, til dvalar í sjúkrahúsum í Austurríki og Þýskalandi við framhaldsnám í almennum lækningum. Þá má geta þess, að í n. kom fram sú skoðun, að rjettara myndi að greiða betur en gert hefir verið að undanförnu fyrir læknum í embætti til utanfarar, til þess að kynnast nýjungum í læknisfræði, en veita aftur færri mönnum námsstyrk í sama augnamiði. Þetta ber þó ekki að skoða sem till. frá n.

Þá er hjer við 12. gr. brtt. um það, að fella niður þrjá sjúkrastyrki, til Ólafs Stefánssonar, Unnar Vilhjálmsdóttur og Þorgilsar Þorgilssonar. Á þessa till. n. ber þó ekki að líta þannig, að hún geti ekki vel fallist á, að þessir sjúklingar hafi fulla þörf fyrir slíka hjálp sem þessa styrki, heldur eru þessar till. hennar bygðar á þeirri skoðun, að ekki sje hægt og ekki verði hægt að veita slíka sjúkrastyrki svo rjettlæti verði í. Fyrst og fremst er það tilviljun ein, hverjir sækja um þá, og þá ekki síður tilviljun, hverjir komast inn í fjárl. Ljóst dæmi þessa er það, hve mikið komst inn í fjárl. við 2. umr. í Nd. af persónulegum styrkjum, en varla nokkur við 3. umr. þar. Var það því skoðun n., að ekki ætti að veita slíka styrki, þar sem engin trygging væri fyrir því, að þeir kæmu rjettlátlega niður. N. leit líka svo á, að ríkið gerði töluvert fyrir sjúka menn, og því væri ekki sanngjarnt að gera kröfu til, að það gerði meira fyrir þá en hægt væri að gera í landinu sjálfu.

Þá eru brtt. n. við 13. gr. Fyrsta brtt. er sú, að fella niður þann lið, sem ætlaður er til dragferju á Hólsá í Rangárvallasýslu. Að n. leggur þetta til, er ekki fyrir þær sakir, að hún telji ferju þessa óþarfa, heldur telur

hún, að hjer sje um fyrirtæki að ræða, sem ekki hafi áður verið kostað af fje ríkisins á sama hátt og hjer er ætlast til. Reyndar má geta þess, að farartæki þetta mun hugsað öðruvísi en slík farartæki hafa verið áður, þar sem ætlast er til, að hægt verði að ferja hjer bifreiðar. Líka fanst n. mál þetta vera miður undirbúið en skyldi, og auk þess er ferja þessi einu sinni ekki á sýsluvegi. Þá virtist n. líka, að lög myndu standa þannig til, að ekki þyrfti að fá sjerstakt framlag til ferju þessarar, ef leiðin, sem hún er á, yrði gerð að sýsluvegi. Þó að n. þyki leitt að ráðast á verklegar framkvæmdir, þá leggur hún þó til, að þessi liður verði tekinn út að þessu sinni.

Einnig leggur n. til, að aths. við fjárveitinguna til símalagninga falli niður, þar sem svo var tiltekið, að nokkur hluti þessa fjár færi til ákveðinnar símalínu á Vestfjörðum. Nú lágu fyrir n. upplýsingar um það, að af þeim 350 þús. kr., sem áætlaðar eru til símalagninga, sje þegar fastráðstafað 300 þús. kr. Er því ekki nema um 50 þús. kr. að ræða af þessu fje, sem ekki eru þegar ráðstafaðar. Fanst n. því ekki tiltækilegt að binda hendur landssímastjóra og stj. um það, hvernig þessum 50 þús. kr. skyldi varið. Þetta er þó alls ekki bygt á því, að n. telji ekki, að þörf sje á símalínu þarna vestur frá. Þvert á móti viðurkennir hún þörf hennar fullkomlega, því að hún er önnur af tveimur línum, sem ennþá eru ólagðar af þeim línum, sem taldar eru í símalögunum frá 1913. Hin er niður í Þykkvabæinn í Rangárvallasýslu. Þá vil jeg líka geta þess, að síðan n. samdi till. sínar, hefir hún orðið þess vör, að töluverður ágreiningur er um það þar vestra, hvernig lína þessi skuli liggja. Hafa t. d. borist óskir um það símleiðis, að lína þessi verði lögð annarsstaðar en hún mun ákvörðuð nú. Á þetta atriði leggur n. vitanlega engan dóm, en það virðist þó frekar benda til þess, að ástæða sje til að ákvarða ekki neitt fast um þessa línu nú.

Þá hefir n. lagt til, að tekinn verði upp í 13. gr. nýr liður, 5100 kr. til lendingarbóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá. Fyrir n. lá áætlun um þetta verk, gerð að tilhlutun vitamálastjóra. Í áætlun þessari er gert ráð fyrir, að verkið alt kosti 10200 kr. Þeir, sem kunnugir eru þar eystra og þekkja til staðhátta, eru allir á einu máli um það, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða. Unaós er eini staðurinn við Hjeraðsflóa, er notaður verður sem lendingar- og upplagsstaður fyrir vörur. Hann liggur þar, sem erfitt er um vegi og langt til annara kaupstaða, og hafa því verið lagðar þar upp vörur alt til þessa. En nú hefir viljað svo til, að sá staður þarna, sem notaður hefir verið til lendingar, hefir eyðilagst af völdum náttúrunnar. Vík, sem lent hefir verið í, hefir fylst af sandi. Nú hagar þannig til þarna, að skamt frá þessari gömlu vík er önnur vík, sem lenda má í, en í kringum hana eru hamrar, svo ekki er hægt að koma upp vörunum nema með því móti að lyfta þeim upp á hamra þessa, en til þess þarf að setja tæki á þá, sem hægt er að lyfta upp vörunum með, og við slík tæki er áætlun þessi einmitt miðuð.

Nú er strandferðaskipinu „Esju“

ætlað að koma þarna við í tveimur ferðum, en þær viðkomur skipsins koma að engum notum fyrir Hjeraðsbúa, ef ekki verður búið að koma þessum umbótum á áður. Að síðustu vil jeg geta þess, að þær vörur, sem þarna hafa verið settar upp, hafa oft bjargað fjenaði í harðindavetrum, a. m. k. í 5 hreppum, því að svo hagar til þarna, að fjöllin umlykja hjeraðið á alla vegu, nema að því leyti, sem það nær að Hjeraðsflóa. Er því oft ókleift til aðdrátta yfir þau. Til umbóta þessara hefir sýslunefnd Norður-Múlasýslu lofað 2000 kr. Hitt það, sem til vantar, verður að borgast af einum fátækum hreppi.

Þá hefir n. einnig lagt til, að tekinn verði upp í þessa grein nýr liður, 15 þús. kr., eða ⅓ kostnaðar, til hafnargerðar í Ólafsvík. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir þetta mál verið hjer á ferðinni áður. Mun láta nærri, að búið sje að leggja í þetta mannvirki 45 þús. kr., og er nú gert ráð fyrir, að hægt verði að ljúka þessu verki, ef hinar umræddu 15 þús. kr. fást. Reyndar er nú svo, að til eru lög frá 1919 um stórkostlegri hafnarmannvirki í Ólafsvík en þetta, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram ¼ kostnaðar. Hjer er frekar um lendingarbætur og þá máske einskonar bátahöfn að ræða, og er því lagt til, að veittur verði ⅓ kostnaðar í stað ¼, sem gert er ráð fyrir í umgetnum lögum um hafnargerð í Ólafsvík.

Þá vil jeg geta þess í sambandi við þennan lið, að fyrir n. lá einnig beiðni um ábyrgð frá Ólafsvíkurbúum vegna lendingarbóta þessara, en til hennar hefir n. ekki tekið afstöðu ennþá, en mun gera það fyrir 3. umr. N. lítur nú svo á, að nauðsynlegt sje að fullgera þetta verk, sem þegar virðist vera orðið nokkuð dýrt, svo árangur af verkinu geti farið að koma í ljós.

Við 14. gr. hefir n. gert 10 brtt., og er þá fyrst að nefna þá brtt., að n. leggur til, að námsstyrkur sá, sem úthluta á eftir till. mentamálaráðsins, verði hækkaður úr 8 þús. kr. upp í 12 þús. kr. 8000 kr. myndu ekki hrökkva til að sinna allra nauðsynlegustu kröfum þeirra, sem komust inn í fjárl. í fyrra og þyrfti að styrkja áfram. Það er nú mín skoðun, að alt of margir námsmenn hafi komist inn í fjárl. í fyrra, enda var það látið í ljós bæði hjer og í Nd., að ekki bæri að skilja styrkveitingarnar svo, að um áframhald á þeim væri að ræða yfirleitt. Jeg býst við, að sumir hafi fallið frá styrknum vegna þessarar yfirlýsingar, og aðrir þeir, er styrks nutu í fyrra, hafi nú lokið námi. En jeg verð að viðurkenna, að óheppilegt er, að þingið skuli byrja á því að styrkja menn til náms erlendis með það fyrir augum, að svifta þá styrk á næsta ári. Yfirleitt er það óheppilegt, að þingið sjálft taki ákvarðanir um þessa styrki. Því hefir n., eða meiri hl. hennar, fallist á, að rjett sje að hækka heildarupphæðina, sem veitt er í þessu skyni, í 12000 úr 8000 kr., ef hægt er með því móti að losna við alla einstaka námsstyrki. En jafnframt þessu hefir n. lagt til, að feldur yrði niður styrkur til Kristins Björnssonar, sem er að vísu við framhaldsnám í læknisfræði, með það fyrir augum, að mentamálaráð veitti honum þennan styrk af heildarupphæðinni, ef því svo sýndist.

Þá hefir n. lagt til, að hækkaður

yrði styrkur til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds úr 1200 í 2000 kr. Þetta fjelag heldur uppi myndarlegum skóla og á vandað skólahús, þótt það hafi eigi kostað nema 20 þús. kr. Nálægt 30 iðnnemar hafa verið í skólanum í vetur, og auk þess um 50 almennir kvöldskólanemendur. Fræðslumálastjóri hefir mælt mjög með því við einstaka nm., að þessi styrkur yrði hækkaður og telur skólann mjög góðan. Iðnaðarmannafjelagið hafði sótt um 3500 kr. í þessu skyni, en n. sá sjer ekki fært að veita meira en 2000 kr.

Þá leggur n. til, að veittar sjeu 800 kr. til samskonar skóla í Hafnarfirði. Fjelagið sótti um 1000 kr., en n. þótti rjett að veita 800 kr.

Ennfremur leggur n. til, að tekinn sje nýr liður inn á 14. gr., 4000 kr. til endurbóta á húsi kvennaskólans á Blönduósi. Sótt var um 5000 kr. og lá fyrir áætlun um verkið. N. virtist þörf á, að verkið væri unnið, og leggur því til, að veittar væru 4000 kr. til þess.

N. leggur til, að tekin verði út fjárveiting til gagnfræðaskóla Reykvíkinga, sem svo er nefndur, 2000 kr. N. leit að vísu svo á, að þetta væri ekki of há upphæð, ef styrkur væri veittur á annað borð, heldur taldi meiri hl. n., að hjer væri að ræða um skóla fyrir einstaka menn, sem hefðu ráð á að halda honum uppi, og enn síður ástæða til að styrkja skólann vegna þess, að hjer væri nýstofnaður skóli, sem væri eigi svo markaður bás, að hann hefði eigi getað tekið við nemendum „gagnfræðaskólans", ef aðstandendur þeirra hefðu viljað nota hann.

Þá hefir n. og lagt til, að tillagið til Flensborgarskólans yrði veitt í sameiningu við tillagið til annara lýðskóla í landinu. Þetta er ekki gert með það fyrir augum að rýra tillagið til skólans. N. leggur ekki til, að upphæðin í heild lækki um meira en 1000 kr., en sú lækkun þyrfti ekki endilega að koma niður á Flensborgarskólanum. En stj. hafði lagt til, að styrkurinn væri veittur í einu lagi, og n. þótti rjett, að þessi skóli væri sömu skilyrðum háður og aðrir slíkir skólar úti um land.

Þá þótti n. rjett að leggja til, að styrkurinn til útgáfu kenslubóka yrði hækkaður úr 2500 kr. í 3500 kr. Þetta er gert með hliðsjón af þörf mentaskólans á nýjum kenslubókum á íslensku. Liðurinn er að vísu ætlaður til kenslubóka yfirleitt. En mentaskólinn hafði kvartað mjög um skort á íslenskum kenslubókum og óskað eftir sjerstöku tillagi til sín í þessu efni. N. vildi hækka liðinn með hliðsjón af þessum skóla, en láta aðra skóla njóta góðs af. N. telur, að ilt sje, að nægar kenslubækur sjeu ekki til á íslensku og vill með þessu bæta nokkuð úr þeirri þörf.

Þá er við þessa gr. brtt. um að setja inn í fjárl. allstóran lið, borinn saman við aðrar brtt. n. Það er 20000 kr. framlag til húsmæðraskóla, gegn jafnmiklu annarsstaðar frá. Flestir munu sammála um, að þörf sje á nýjum húsmæðraskólum úti um land og að hin brýnasta þörf sje á því, að bæta úr skorti á húsmæðrafræðslunni umfram það, sem verið hefir. N. þótti rjett, að svona liður væri í fjárl., sem taka mætti til, þar sem ástæður væru fyrir

hendi. Um þetta atriði varð þó alvarlegur ágreiningur í n., og þetta er eina ágreiningsatriðið, sem bókað er í nál. En í sambandi við þetta hefir slæðst inn prentvilla, eða, sem jeg tel líklegra, misritun hjá mjer í nál. Þar stendur, að minni hl. sje mótfallinn **nokkru** framlagi til húsmæðraskóla, meðan ekki sje komið fast skipulag á þessi mál, en á að vera **auknu** framlagi. Annars mun jeg ekki fara nánar út í þetta efni að sinni, þar sem jeg býst við, að hv. minni hl. muni gera grein fyrir afstöðu sinni í umr. í dag, og verður þá tækifæri til þess að ræða liðinn nánar.

Í fjárlfrv. eins og það kom frá Nd. voru ætlaðir tveir styrkir til íslenskra glímusýninga erlendis. Önnur fjárveitingin var til glímufjelagsins „Ármanns“ til að sýna íslenska glímu í Þýskalandi, en í 41. lið 15. gr. var einnig veittur styrkur til Íþróttafjelags stúdenta, til þess að fara utan í sama augnamiði. N. þótti viðurhlutamikið að veita hjer tvo styrki í sama tilgangi. Hinsvegar átti hún ekki gott með að gera upp á milli þessara tveggja fjelaga og var heldur ekki viss um, að nauðsynlegur undirbúningur væri fyrir hendi. N. ræður því deildinni til að fella báða þessa styrki.

Þá kemur 15. gr. Við hana hefir n. gert nokkrar brtt. Er þá fyrst að telja 1000 kr. til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði. Amtsbókasafnið hafði sótt um 2000 kr. styrk til bókakaupa og til að halda opnum lestrarsal. Reikningur yfir rekstur safnsins 1928 lá fyrir, og sást á honum, að töluvert hafði verið hlynt að safninu, þótt úr litlu væri að spila. Bærinn hafði veitt 1300 kr. til safnsins, Norður-Múlasýsla 200 kr. og ríkið 200 kr. Hafði verið varið um 900 kr. til að semja spjaldskrá yfir safnið, 800 kr. til bókbands, en einum 74 kr. til bókakaupa. Nú er veitt talsvert fje til amtsbókasafnsins á Ísafirði og Akureyri til þess að halda þessum söfnum í góðu lagi og halda opinni lestrarstofu. Að vísu stendur nokkuð sjerstaklega á um þessi tvö söfn, því að fjárveitingin til þeirra er að nokkru leyti skáldastyrkur, sem bundinn er við nöfn einstakra manna. Af þeirri ástæðu hefir n. ekki sjeð sjer fært að leggja til hærri upphæð en 1000 kr.

Þá er nýr liður til Björns K. Þórólfssonar, til að skrásetja og afrita skjöl, er Ísland varða á söfnum í Kaupmh., 1500 kr. Þetta er kunningi frá þinginu í fyrra og var þá tekið fram, að þetta verk tæki fleiri ár. Hafa legið fyrir meðmæli frá merkum vísindamönnum um, að þessi maður sje starfinu vaxinn og verkið nauðsynlegt. N. leit svo á, að ljúka þyrfti þessu verki og lagði til, að sama upphæð yrði veitt til þess og í fyrra.

N. leggur til, að styrkurinn til Leikfjelags Akureyrar verði hækkaður úr 1000 kr. í 1500 kr. Leikfjelag þetta er vel útbúið á okkar vísu, hefir góðum kröftum á að skipa og hefir haft myndarlegar leiksýningar. N. þótti líka rjett að hækka þennan lið, vegna þess að eftir því sem ákveðið er í fjárl. er Akureyrarbær skyldur til að leggja fram hærra tillag á móti ríkissjóðsstyrknum heldur en Reykjavík og Ísafjörður. Akureyri á eftir frv. að leggja fram helming tillags, en Rvík og Ísafjörður þriðjung. N. þótti rjett að jafna þennan mismun með því að hækka tillagið til Leikfjelags

Akureyrar, þannig að hlutföllin yrðu þau sömu.

N. vill lækka styrkinn til Karlakórs Rvíkur, til að afla sjer kenslu í söng, úr 2000 kr. í 1000 kr. N. taldi athugavert að ganga inn á þá braut að styrkja söngfjelag til að fá kenslu, en vildi þó til samkomulags veita 1000 kr. og taldi það myndi koma að nokkrum notum, meðfram með hliðsjón af því, að annað söngfjelag nýtur óbeinlínis styrks úr ríkissjóði.

Þá hefir n. lagt til, að ferðastyrkur til hins góðkunna landa okkar, Jóns Sveinssonar, prests í Frakklandi, yrði hækkaður um 600 kr. Stendur til að bjóða honum hingað 1930, og n. leit svo á, að úr því að stuðlað væri að því á annað borð, að þessi maður kæmi hingað heim, þá ætti a. m. k. að gera hann skaðlausan af ferðakostnaði. Er gert ráð fyrir, að til þess nægi 1200 kr.

N. hefir lagt til, að feldur yrði niður styrkur til Samúels Eggertssonar til að gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands. N. er ekki kunnugt um, að fram hafi komið óskir um þetta frá skólum, eða þesshættar kort vanti. N. þótti og vafasamt, að þvílíkt kort kæmi að fullu liði, þótt gert yrði, og leggur því til, að liðurinn verði feldur niður.

Við 15. gr. er einnig sú brtt., að fella niður glímustyrkinn til stúdenta, en um hana hefi jeg þegar talað.

Við 16. gr. hefir n. gert 8 brtt. Er þá fyrst að minnast á nýjan lið, 20000 kr. til rannsókna í þarfir atvinnuveganna. Þetta er sjálfsagt eftir þeim lögum, sem samþ. hafa verið um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, því að þar er svo ákveðið, að fje til þeirra sje veitt í fjárl. — Í sambandi við þessa till. er lagt til, að niður falli 4000 kr. til rannsóknar búfjársjúkdóma, því að nú er gert ráð fyrir, að þessi nýja rannsóknarstofa taki það hlutverk að sjer.

Einnig leggur n. til, að gjaldaliður, 8800 kr., til síldarmatsmanna falli niður. Það er einskonar leiðrjetting, sem gerð er vegna þess, að síldareinkasalan á nú að gjalda síldarmatsmönnunum kaup. Þess vegna leiðir það af sjálfu sjer, að þessi upphæð þarf ekki að standa í fjárl.

Þá leggur n. til, að liður sá, sem ætlaður er til gerlarannsókna, verði niður feldur. Sá maður, sem vann fyrir þessum styrk, Gísli Guðmundsson, er nú dáinn. Að vísu hefði ef til vill getað komið maður í hans stað, en þar sem ætlaðar eru 2500 kr. til rannsóknarstofu háskólans, taldi n. rjett, að þessi liður yrði feldur niður.

N. hefir borið fram aths. við gjaldaliðinn til Samb. ísl. heimilisiðnaðarfjelaga, þar sem ætlast er til, að af honum verði greiddar 500 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kenslu og námskeiðum í trjeskurði á Norður- og Austurlandi, á sama hátt og ákveðið var á þinginu í fyrra. Þá var álitið rjett að styrkja hann til kenslu í trjeskurðarlist á líkan hátt og Guðmund frá Mosdal á Ísafirði. Ástæður fyrir þessu eru hinar sömu og í fyrra og aths. hagað eins.

Þá hefir n. lagt til, að styrkur til landsfundar kvenna verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Taldi hún það rjettlátt, vegna þess að búast mætti við, að landsfundurinn 1930

yrði fjölmennari en þeir fundir hafa verið áður og hafa meiri þýðingu en endranær.

Þá vildi n. fella niður styrkinn til Dýraverndunarfjelagsins. Ekki vegna þess, að hún vildi gera sjerstaklega lítið úr starfi þess, heldur bjóst hún við, að því fje yrði ráðstafað til þess að bera uppi blaðaútgáfu fjelagsins. Þar sem n. var kunnugt, að fjelaginu safnast fje á annan hátt, þá leit hún svo á, að þessi styrkveiting til blaðsins væri ekki nauðsynleg.

Þá ber n. fram nýjan lið, þar sem hún leggur til, að Hjörleifi Björnssyni á Hofsstöðum verði veittar 500 kr. í viðurkenningarskyni fyrir að hafa haft á hendi brjefhirðingu endurgjaldslaust í full 30 ár. Fyrir n. lágu skjöl um þetta efni, þar sem talið er, að hann hafi mjög lagt sig fram til að greiða fyrir póstflutningi í nágrenni sínu. Áður höfðu oft verið bornar fram óskir um, að þar yrði sett upp brjefhirðing, en það var ekki gert fyr en á síðastl. ári. Þar sem n. áleit fullar ástæður fyrir þessu og meðmæli lágu fyrir um, að hann hefði leyst þetta starf mjög vel af hendi, þá leggur hún til, að honum verði veittar þessar 500 kr. í eitt skifti fyrir öll. Það nemur rösklega 15 kr. á ári í 30 ár, ef brjefhirðing hefði verið á þessum stað.

Við 17. gr. flytur n. nokkrar brtt. Í fyrsta lagi leggur hún til, að feldir verði niður styrkir til tveggja minningarsjóða, minningarsjóðs Maríu Össursdóttur á Flateyri, 1000 kr., og styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur í Bergvík, 800 kr. Það ber alls ekki að líta svo á, að n. viðurkenni ekki þessa sjóði góðar og þarflegar stofnanir, en hún leit svo á, að það væri að leggja út á hála braut; minningarsjóðirnir væru margir til í landinu og fleiri gætu komið á eftir með slíkar styrkbeiðnir. Vegna fordæmis og samræmis leggur n. því eindregið til, að þessir liðir verði feldir niður.

Þá ber n. fram nýjan lið, 2500 kr. til gamalmennahælisins „Höfn" á Seyðisfirði, til stofnkostnaðar. Fyrir n. lágu skýrslur um, að fjelagið hefði á síðastl. ári komið upp myndarlegu gamalmennahæli. Fjelagið hafði keypt hús fyrir 16500 kr. Átti það 10000 kr. í sjóði, en tók að láni 6500 kr. Fjelagið hefir keypt húsbúnað og útbúið húsið þannig, að hælið er tekið til starfa, og rúmar það 15—20 gamalmenni. N. þótti rjettlátt, að ríkið styrkti fjelagið að einhverju leyti til þess að koma upp þessari nytja- og mannúðarstofnun, en lýsir yfir því, að þessi styrkur er til stofnkostnaðar, þannig, að ekki er hægt að gera sjer vonir um árlegan rekstrarstyrk til hælisins.

Þá hefir n. breytt orðalagi um 1000 kr. styrkveitingu til gamalmennahælis Ísfirðinga þannig, að hún yrði skoðuð sem húsaleigustyrkur. N. veit ekki, hvort bærinn á húsið, en telur, að þetta geti orðið sambærilegt við styrkinn til hælisins á Seyðisfirði, og beri að skoða sem framlag til stofnkostnaðar.

Þá er komið að 18. gr. og hefur n. þar ýmsar till. Flestar þeirra eru þannig, að lítið þarf um þær að segja. Fyrst má nefna styrk til læknisekkju, Önnu Þorgrímsdóttur, sem ætlast er til, að hækki úr 1200 upp í 1300 kr. Er það aðeins leiðrjetting, gerð vegna þess, að börn hennar eru einu fleira en álitið var í upphafi.

Þá er nýr liður til læknisekkju Krist-

ínar Þórarinsdóttur á Seyðisfirði, að upphæð 400 kr. Er það hliðstætt samskonar ekknastyrkjum. Hún er fátæk og á fullan rjett á þessum styrk.

Þá er enn nýr liður, til Óla P. Blöndals póstritara, 1800 kr. Þessi maður hefir orðið fyrir því óláni að missa heilsuna, er fjevana ómagamaður og ekki vinnufær. Í fjárl. hefir verið hliðstæður liður þessu til Friðriks Klemenssonar, 2000 kr., vegna heilsubilunar. Af því að þessi maður á rjett til 1000 kr. lífeyris, vill n. leggja til, að honum verði veittar 1800 kr., og telur það sambærilegt hinum styrknum. Fyrir n. lá umsókn frá hlutaðeigandi um 3000 kr. styrk, sem hún sá sjer ekki fært að taka til greina á annan hátt en þennan.

Þá leggur n. til, að styrkur til Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs heitins Jónssonar póstmeistara, verði hækkaður úr 400 kr. upp í 1000 kr. Hún á engan rjett til ekkjutryggingar Maður hennar var orðinn svo gamall, þegar lög um lífeyrissjóð embættismanna gengu í gildi, að hann hafði ekki aðstöðu til að safna í þann sjóð. Það er svo að sjá, að þingið hafi hugsað sjer að bæta ekkjum hinna eldri embættismanna upp þann mismun, er þeir þannig yrðu fyrir samanborið við hina yngri. Þótti n. rjettlátt, með hliðsjón af hinu fjölþætta æfistarfi manns hennar, að hún njóti sömu aðstöðu í fjárl. og aðrar embættismannaekkjur.

Þá leggur n. til, að rithöfundastyrkur til Stefáns frá Hvítadal verði lækkaður úr 2000 kr. niður í 1000. N. hefir borist vitneskja um, að hann hafi fengið listamannastyrk samkv. 15. gr. fjárl. að tilhlutun mentamálaráðs. N. var ekki kunnugt um, hvort hann mundi verða sviftur honum þrátt fyrir þetta, og þótti því ekki ástæða til að veita svona háan styrk í þessari gr. fjárl. Telur n., að Stefán sje engum órjetti beittur með þessu.

Þá koma tveir nýir liðir til ljósmæðra: Önnu Þorsteinsdóttur á Blönduósi, 400 kr., og Kristínar Jónasdóttur, til heimilis hjer á Seltjarnarnesi, 300 kr. Báðar hafa þær tapað heilsunni, og af þeim sökum varð n. að fallast á, að þær ættu rjett til þessa styrktarfjár, eftir þeirri reglu, sem hingað til hefir verið fylgt um þessa styrki.

Ennfremur leggur n. til, að styrkur til Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins heitins fiskimatsmanns í Reykjavík, verði hækkaður úr 400 kr. upp í 600 kr. Hún er talin að búa við örbirgð, en maður hennar var hinsvegar mikilhæfur og trúr sínu starfi, eins og kunnugt er.

Einnig leggur n. til, að Jakob Björnssyni, fyrv. síldarmatsmanni á Siglufirði og víðar fyrir norðan, verði veittur 1200 kr. lífeyrir. Hann er á áttræðisaldri, orðinn blindur og hrumur, en hefir rækt starf sitt vel. Hann hafði sótt um 1600 kr., en n. varð að telja þetta hæfilegt.

N. leggur til, að styrkur til Sigfúsar Sigfússonar á Eyvindará verði hækkaður úr 500 kr. upp í 800 kr. Fyrir n. lá umsókn frá 5 kunnum mentamönnum hjer í bænum, Sigurði Nordal, Guðm. Finnbogasyni, Árna Pálssyni, Hannesi Þorsteinssyni og Ólafi Lárussyni, þar sem óskað var eftir, að honum yrðu veittar 1500 kr. á ári, og tekið fram, að hann væri orðinn óvinnufær til annars en að vinna við

þjóðsagnasöfnun sína. Talið er, að hann hafi ekkert til að lifa á, og muni því verða að láta safnið af höndum upp í útgáfukostnað þess. Vilja þeir, að hann geti fengið að dvelja hjer í Reykjavík meðan verið er að gefa út safn hans og líta eftir útgáfunni. N. sá sjer ekki fært að miða styrkinn við það, að hann gæti haft dvöl hjer í Reykjavík, en vill þó ekki, að maðurinn líði skort, og telur að hann mundi nokkuð bjargast með 800 kr. í þessari gr., ef hann dvelur áfram þar, sem hann nú er.

Þá eru eftir tvær till. frá n. við 22. gr. Sú fyrri er um það, að lánsheimild til símalagninga falli niður. Þessi till. er gerð samkv. bendingu frá hæstv. fjmrh., með því að viðlagasjóður hefir ekkert fje til útlána, en er í stórskuld við ríkissjóð. Leit n. svo á, að rangt væri að gefa tálvonir með því að láta þessar heimildir standa. Að vísu má segja það sama um fleiri liði þessarar gr., en þó telur n., að sjerstaklega standi á um þessa liði, einkum ef fleiri kynnu að æskja hins sama.

Þá er síðasta brtt. n. aths. um liðinn um eftirgjöf á láni til nokkurra manna á Stokkseyri vegna skaða í brunanum mikla 1926. Sex menn á Stokkseyri hafa sótt um eftirgjöf á þessu láni, en n. þótti ekki liggja fyrir nægileg gögn um, að sjálfsagt væri að veita þessa eftirgjöf. Þeir láta reyndar í veðri vaka, að stj. og jafnvel nokkrir þm. hafi lofað að gefa þetta lán eftir. Auk þess taka þeir fram, að þeir hefðu ekki látið sjer detta í hug að taka þetta lán, ef þeir hefðu ekki haft fulla von um, að það yrði eftir gefið. Á meðan n. veit ekki, hverju stj. kann að hafa lofað, sjer hún ekki ástæðu til að gefa eftir nema helming lánsupphæðarinnar, gegn endurgreiðslu hins hlutans jafnóðum.

Jeg hefi þá lokið að tala fyrir till. n. og hefi orðið miklu langorðari en jeg ætlaði. Sjálfur á jeg eina brtt. við fjárl., en vil ekki þreyta hv. þdm. með lengri ræðu nú.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg hefi ekki ástæðu til annars en að þakka hv. fjvn. fyrir starf hennar að þessu sinni við fjárlagafrv.; hún hefir unnið fljótt og ósleitilega að því að afgreiða frv. frá sjer, svo að það er næstum því óvenjulegt. Jafnframt verð jeg líka að taka það fram, að mjer virðist hv. fjvn. hafi í raun og veru sýnt mikla sjálfsafneitun í þeim brtt., sem hún flytur við frv., jeg meina sjálfsafneitun í því, að samkv. hennar till. eru ekki líkur til þess, að útgjöld ríkissjóðs vaxi að miklum mun.

Það er eins og hv. d. veit, að þegar frv. kom hingað frá Nd., þá var á því tæplega 50000 kr. tekjuhalli. Ef átti að hugsa um, að fjárl. yrði skilað tekjuhallalausum frá þinginu, þá var vitanlega ekki hægt fyrir fjvn. þessarar hv. d. að bæta neinu verulegu inn í frv., nema þá með því móti að fella niður töluvert af þeim útgjaldaliðum, sem þegar voru komnir inn. Hv n. hefir nú valið þá leið, að gera mjög lítið af því að semja till. til útgjalda, og yfirleitt má segja, að brtt. hennar sjeu ekki stórvægilegar að efni til, og tel jeg það í rauninni vel farið, því að með því móti eru meiri líkur til þess, að hv. Nd. kunni að geta gengið að frv. eins og það fer hjeðan.

Nú þykist jeg vita, að í raun og veru sje það vilji margra, að fjárl. verði að lokum afgr. tekjuhallalaus, og það gladdi mig að heyra það frá hv. frsm. n., að hv. n. hefði í hyggju að reyna að stilla svo til, að það mætti takast hjer í þessari hv. d. Jeg geri sem sje ráð fyrir því, að hv. n. muni við 3. umr. koma með till., sem fari í þá átt að jafna þann halla, sem kann að verða á frv. eftir þessa umr.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara að tala um einstakar brtt. hjá hv. n.; hún hefir gert till. um niðurfellingu á ýmsum smærri liðum í frv., en hinsvegar flytur hún smávægilegar till. til útgjalda. Þessar till. eru flestar þannig vaxnar, að það getur orkað tvímælis um það, hvort sje rjettara að samþ. þær eða ekki, og þýðir ekki að fara að vekja deilur um það, en á fjárhag ríkissjóðs hafa þessar smávægilegu till. ekki nein veruleg áhrif.

Hjer liggja fyrir nokkrar brtt. frá hv. þdm.; þær eru flestar líka fremur smávægilegar, og ætla jeg ekki að fara neitt út í þær, a. m. k. ekki að þessu sinni; mjer sýnist um þær eins og till. hv. n., að þdm. fari heldur hóflega af stað, jafnvel þótt jeg telji ýmsar þeirra óþarfar og ekki nauðsynlegt að samþ. þær. — Yfirleitt vildi jeg mega vænta þess, að hv. d. vildi styðja að því, að frv. yrði þannig úr garði gert, þegar það fer hjeðan, að það megi vel við una hvað fjárhag ríkissjóðs snertir.

**Halldór Steinsson:** Jeg á brtt. á þskj. 562, IX., sem jeg get verið mjög fáorður um. Þær brtt. fara fram á ofurlítið hækkaðan styrk til bókasafnsins í Stykkishólmi. Þetta bókasafn í Stykkishólmi var stofnað árið 1840, af Pjetri Pjeturssyni, þeim, er síðar varð biskup, og fleiri merkum mönnum, sem þá voru búsettir í Snæfellsnessýslu. Það má því telja víst, að þetta safn sje, að undanskildu Landsbókasafninu, langelsta bókasafn landsins. Á meðan það var undir stjórn amtsráðanna, sem áður rjeðu fyrir ömtunum, og þá undir stjórn amtsráðs vesturamtsins, mátti segja, að það væri vel sett, því það fjekk altaf ríflegan styrk. Þess vegna stóð hagur þess þá með blóma. En þegar þetta safn var gert að sýslubókasafni árið 1907, breyttist aðstaða þess algerlega, og má segja, að hagur þess hafi verið mjög þröngur síðan. Þetta safn er nú orðið 5500 bindi, og það er hægt að slá því föstu, að það er langstærsta bókasafn landsins, að undanskildu Landsbókasafninu. Þessu bókasafni hafa á undanförnum árum verið sendar þær bækur og rit, sem gefin hafa verið út á íslensku, en það er, eins og kunnugt er, allmikil syrpa, svo að sú litla fjárhæð, sem safnið hefir yfir að ráða, hefir öll gengið til bókbands, en aftur mjög lítið fje til kaupa á útlendum bókum, svo að á síðari árum má segja, að sama og ekkert hafi verið keypt af erlendum bókum fyrir safnið. Auk þess hefir síðan 1910 engin bókaskrá verið gefin út fyrir safnið, en það liggur þó í augum uppi, að það er full þörf á, að það sje gert oftar en á 20 ára fresti, þegar svo mikið af íslenskum bókum bætist við árlega, en það hefir ekki verið hægt sökum þess fjárskorts, sem safnið hefir átt við að búa.

Nú hefir það verið svo, síðan safnið var gert að sýslubókasafni, að það hefir altaf notið 400 kr. styrks úr sýslusjóði, og auk þess hefir Stykkishólmshreppur lagt fram 200 kr. árlega, m. ö. o., það hefir fengið innan hjeraðs 600 kr. styrk, og nú í ár hefir verið ákveðið, að sýslan legði fram 600 kr. og hreppsfjelagið 300, svo að í ár verður þá innanhjeraðsstyrkurinn 900 kr. Aftur á móti hefir það verið svo með ríkissjóðsstyrkinn, að lengi vel var hann 400 kr. árlega, en á síðasta ári var hann, um leið og styrkurinn til sýslubókasafna var lækkaður úr 1500 kr. niður í 1000 kr., lækkaður, svo að hann varð aðeins 200 kr., eða ekki nema ¼ hluti þess styrks, sem safnið naut annarsstaðar frá, og það hygg jeg, að sje alveg einsdæmi um bókasöfn hjer á landi.

En þar sem nú svo stendur á, að þetta er næststærsta og næstelsta bókasafn landsins, finst mjer mæla full sanngirni með því, að það njóti tiltölulega sama hlutfalls um styrk úr ríkissjóði eins og önnur bókasöfn landsins. Ef borið er saman við bókasöfnin á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, þá er enginn vafi á því, að þetta safn á eins mikinn rjett til styrksins og þau bókasöfn. En eins og jeg gat um áður, er fjárhagurinn mjög þröngur og brýn þörf á auknu rekstrarfje. Ennfremur er hús bókasafnsins orðið hrörlegt og þarf allmikilla umbóta við. Stj. bókasafnsins hefir þess vegna farið fram á það í beiðni sinni til Alþingis, að það veiti safninu 1200 kr. styrk til bókakaupa, og auk þess að rekstrarstyrkurinn verði 600 kr., í staðinn fyrir að hann var aðeins 200 kr. síðastl. ár.

Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að fara svo freklega í sakirnar eins og stj. safnsins hefir óskað, þótt jeg verði að játa, að það er ekki of freklega í sakirnar farið, miðað við önnur bókasöfn, sem komin eru inn í fjárl. með hærri upphæðir, því að þótt veittur sje 600 kr. rekstrarstyrkur á ári, þá er sá styrkur ekki nema liðlega helmingur þess, sem því er veitt annarsstaðar frá, svo að það er engin ósanngirni, þótt farið sje fram á þetta. Eins og brtt. sýnir, fer jeg fram á, að safninu sje veitt í eitt skifti fyrir öll 800 kr. til bókakaupa, og svo að rekstrarstyrkurinn verði 500 kr. á ári, í stað þess að hann hefir ekki verið nema 200 kr. síðastl. ár.

Jeg vona, að þetta mál sje svo skýrt, að hv. þdm. sjái, að hjer er ekki um neina ósanngirni að ræða, og geti þess vegna fylgt þessum brtt. mínum.

**Björn Kristjánsson:** Jeg sje, að hv. fjvn., eða meiri hl. hennar, hefir ekki getað unað við niðurstöðu þá, sem fjárveitingin til Flensborgarskólans fjekk í hv. Nd. Mega það teljast dálítil nýmæli, og ekki svo lítil hjer í deildinni, að fjvn. fari að breyta fjárveitingum fyrir hv. Nd., sem þar hafa verið samþ. með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli. Jeg man ekki til, að það hafi nokkurn tíma komið fyrir, að fjvn. Ed. hafi gert það, og auðvitað leiðir það ekki til þess samkomulags, sem hæstv. fjmrh. var að tala um, að þyrfti að vera á milli deildanna. Ofan á þetta bætist, að í hv. Nd. var fræðslumálastjóri meðmæltur því, að þessi fjárveiting fengist, og greiddi henni atkv. sitt; hann var einn af þessum 20. Það, sem hv. Nd. hefir gert, er ekkert

annað eða meira en það, sem báðar deildir hjer á þingi hafa gert undanfarin ár, en það er að veita Flensborgarskólanum 16000 kr. beinan styrk, eins og hv. Nd. nú samþ. Annað hefir ekki Nd. gert heldur en það sama, sem Ed. gerði á síðasta þingi og þingin hafa áður gert. Þess vegna kemur þessi till. töluvert kynlega fyrir mín augu að minsta kosti; og verði nú þessi till. samþ. hjer eins og hún liggur fyrir, þá má búast við, að hún verði samþ. með miklum minni hl. þingsins, ef hv. Nd. tekur fjárlögin gild eins og þau koma frá Ed., og það hefir víst aldrei komið fyrir áður. (**JónJ**: Þetta var samþ í Nd. með 14: 13 atkv.). Jeg hefi skrifað hjá mjer atkvæðatöluna 20:4. (**EF**: Það er rjett, 14:13). Hv. þm. Borgf. gaf mjer þessar upplýsingar, og efast jeg ekki um að þær sjeu rjettar.

Flensborgarskólinn hefir nú staðið í full 50 ár og margir nýtir menn út skrifast þaðan. Aldrei hefir heyrst um kvörtun um það, að skólanum hafi verið illa stjórnað, heldur þvert á móti. Hann mun hafa fengið lof flestra eða allra nemenda sinna og aðstandenda, og hann hefir auk þess reynst ódýrasti skólinn fyrir nemendurna, að mun ódýrari fyrir þá en t. d. gagnfræðaskólinn á Akureyri, sem jeg hefi áður sýnt fram á, á fyrri þingum.

Stofnun þessi er gjöf, eins og hv. þingdeild veit, eins af mestu heiðursmönnum þessa lands, sem sat hjer lengi á þingi. Hann bar óveiklað traust til landshöfðingja þeirra, sem hann fól yfirumsjón með skólanum, og vænti þess, að komandi stjórnum mætti treysta til að meta gjöf hans og til að hlynna að skólanum. Og hann var líka fyrsti maðurinn, sem stofnaði skóla hjer á landi fyrir slíka alþýðufræðslu.

Mjer finst, að þetta eigi Alþingi að meta, með því að láta hann njóta þess frelsis og sjálfstæðis, sem hann hefir notið áður, og þess beina styrks, sem hann hefir notið í 50 ár, enda þótt hann hafi verið af svo skornum skamti, að ekki hefir verið hægt að halda íbúðarhúsinu við svo sem skyldi. En ef húsið fengi nú rækilega viðgerð, mundi það vel geta endst í heilan mannsaldur enn. En skólanum hefir ekki verið lagt annað til en rekstrarfje af skornum skamti. — Laun skólastjóra hafa t. d. altaf verið mun lægri en laun skólastjórans við Akureyrarskólann, samskonar skóla, og því tæplega lífvænleg.

Skóli þessi var gefinn af Þórarni prófasti Böðvarssyni sem alþýðu- og gagnfræðaskóli; nú er hann settur skör lægra í fjárlagafrv. hæstv. stj. og kallaður þar unglingaskóli, enda settur á bekk með venjulegum unglingaskólum í sveitum, eins og t. d. skólanum á Núpi o. fl., en að breyta fyrirkomulagi skólans hefir þingið enga heimild til. Þingið getur neitað honum um styrk, en það getur ekki breytt nafni hans eða fyrirkomulagi án samþykkis gefanda eða þeirra, sem að skólanum standa. Eins er það, að þingið getur heldur ekki áskilið, að fje komi annarsstaðar frá, enda engin trygging fyrir, að það verði samþ. af öðrum, þó að það standi í lögunum. Það má því alveg eins búast við, ef þetta verður samþ., að skólinn verði lagður niður, — og úr því að

verið er að knýja þennan skóla um þriðjung kostnaðar, hvers vegna eru þá ekki samskonar skólar krafðir um sama tillag, svo sem gagnfræðaskólinn á Akureyri og Eiðaskólinn? Þeir fá þann styrk allan, sem þeir þurfa; a. m. k. er ekkert í fjárl. um það, að þeim eigi að leggja fje annarsstaðar frá, en líklega kemur þá röðin að þeim síðar, þótt ekki hafi orðið í þetta sinn.

Jeg hefi altaf bent á það, að þeir skólar hafa verið landsskólar, sem allar sýslur hafa átt aðgang að og sem taka við nemendum alstaðar að og eru að öllu leyti kostaðir af landsfje, og eru undir stjórn landsins, en vitaskuld er það hjer eins og annarsstaðar, að nemendur sækja skólann meira af næstu grösum, ef svo má segja, heldur en langt að.

Í vor útskrifuðust úr Flensborgarskólanum 24 nemendur. Þar af voru 9 úr Hafnarfirði, 2 úr Reykjavík, úr Gullbringusýslu 3, af Ísafirði 2, og úr öðrum sýslum landsins 8. Af þessu má glögglega sjá, að skólinn er sóttur úr öllum hjeruðum landsins. Áður hefi jeg bent á, að skólinn væri mjög ódýr Í vetur var heimavistarkostnaður kr. 54.11 á mánuði. Jeg vil því vænta þess, að Alþingi láti þennan skóla njóta hinnar sömu velvildar og að undanförnu, enda er það síst umfram maklegleika.

Að lokum vænti jeg þess, að hv. deild hlífi hinum alviðurkenda skólastjóra, sem verður nú sjötugur í sumar, við öllu aðkasti þennan stutta tíma, sem hann kann að eiga eftir að vera skólastjóri.

Viðvíkjandi brtt. skal jeg geta þess, að bæði 17. og 18. liðurinn eiga að falla, ef till. Nd. verður fylgt. Auk þess er formgalli á þessum brtt. n. Eftir orðalagi þeirra að dæma á Flensborgarskólinn eigi rjett á einum einasta eyri úr ríkissjóði á þessu ári. Þó hygg jeg þetta stafi frekar af vangá en af ásetningi, og vænti jeg, að d. líti sömu sanngirnisaugum á þetta mál og áður, og leiðrjetti þetta að minsta kosti.

Þá vil jeg minnast á 39. liðinn, þar sem ræðir um styrk til styrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur. Sjóður þessi var dánargjöf í upphafi og nam þá kr. 1302.69. Fyrir ötula framgöngu Þorgríms læknis Þórðarsonar er sjóðurinn nú orðinn 13 þús. kr. En ósk hans er að koma sjóðnum upp í 20 þús. kr. áður en hann skilur við hann. Þar sem nú sjóður þessi er ætlaður til styrktar ekkjum og munaðarlausum á þessu svæði, þá ætti það tæplega að geta valdið nokkrum verulegum ágreiningi að veita þessa lítilfjörlegu upphæð í eitt skifti fyrir öll.

Að lokum vil jeg beina þeim tilmælum til deildarinnar, að hún láti hina gömlu og góðu stofnun, Flensborgarskólann, njóta allrar þeirrar velvildar, sem hann er maklegur, svo að gefandinn þurfi ekki að rísa upp úr gröf sinni til þess að sjá þessa stofnun, sem honum var svo hjartfólgin, vanvirta og lagða í rústir af þeim, sem sjerstaklega ber siðferðisleg skylda til að halda henni uppi.

**Jón Baldvinsson:** Jeg kem dálítið við sögu á þskj. 562. Jeg á töluvert margar brtt. þar, og það mætti helst álíta, að jeg hefði mest fundið til þeirra missmíða, sem á fjárl. eru frá hv. Nd. Aðrir hv. þdm. hafa verið

varkárir með að flytja brtt., og sama er að segja um fjvn. Að þessu athuguðu mætti ætla, að hv. Nd. hafi gengið svo frá fjárl., að ekki væri um þau bætandi. Enda væri slíkt ekki óeðlilegt, því hv. Nd. hefir legið á fjárl. mestallan þingtímann, og þessi d. fær þau ekki til meðferðar fyrr en komið er fast að þinglokum. Fjvn. þessarar d. hefir því ekki haft frv. til athugunar nema í örfáa daga, með þeim árangri, að hún hefir lagt blessun sína yfir verk hv. Nd. Það má því teljast einungis til málamynda, að fjárl. eru send til þessarar hv. d. að þessu sinni. Þegar jeg kvaddi mjer hljóðs í dag til þess að ræða fundarsköp, var jeg á móti því, að afbrigði væru veitt við þessa umr., þar sem jeg man ekki betur en að afbrigði væru einnig leyfð við 1. umr. (**Forseti:** Ekki rjett). Ef jeg fer ekki með rjett mál, bið jeg afsökunar. En eins og menn muna, var 1. umr. miðvikud. 1. maí, og hefði því átt að útbýta frv. í síðasta lagi á mánudag, en það var ekki gert. (**Forseti:** Jú, einmitt þá). Það má vera, að þau hafi verið lesin upp sem útbýtt í d., en til einstakra dm. munu þau tæplega hafa borist þann dag. Og svo mikið er víst, að fjárl. hafa verið skemur undir athugun þessarar d. en þingsköp gera ráð fyrir. Menn tala mikið um það, að þinginu beri að afgreiða fjárl. tekjuhallalaust; það á að vera einskonar kínalífselixír, sem allra meina er bót. Þetta má gera með tvennu: Hækka tekjuliðina eða taka út úr og fella gjaldaliði. Venjulega aðferðin er sú, að hækka tekjubálkinn, enda er það handhægast, en að sjálfsögðu einskis nýtt, nema til þess að blekkja út á við og breikka djúpið milli hinnar reikningslegu og raunverulegu útkomu fjárl. Jeg hefði nú satt að segja haft ríka tilhneigingu til þess að flytja fleiri brtt. við frv. þetta, en jeg get tekið það fram, hv. þdm. til upplýsingar, að allar brtt. mínar, sem jeg flyt einn, fara ekki fram á meiri útgjaldaauka en sem nemur 22800 kr. Aftur á móti hefi jeg flutt nokkrar brtt. með öðrum hv. þdm., og gera þær ráð fyrir nokkrum útgjaldaauka, og er Fjarðarheiðarvegurinn þar hæstur, sem við hv. þm. Seyðf. höfum flutt till. um. Jeg skal strax taka það fram viðvíkjandi Fjarðarheiðarveginum, að mjer er þvert um geð að setja þetta skilyrði um fjárframlag af kaupstaðarins hálfu. En jeg hefi gengið inn á þetta, af því að bæjarstjórnin á Seyðisfirði hefir boðið að leggja fram þetta fje, og þótti mjer ekki kurteist að ganga framhjá því boði og láta ríkissjóð einan leggja fram fje, úr því að tilboð um fjárframlög annarsstaðar að voru fyrir hendi. En mestu rjeði þó það, að jeg hefi einhvern grun um, að till. eigi að öðrum kosti erfitt uppdráttar.

Þá skal jeg víkja að brtt. þeim, sem jeg hefi flutt einn. Hin fyrsta þeirra er utanfararstyrkur til Jens Jóhannessonar læknis, til þess að nema sjerstaklega háls-, nef- og eyrnalækningar. Hann er nýútskrifaður með ágætri einkunn og er mjög líklegur til nytsemi á þessu sviði, ef honum er gert kleift að leita sjer fullkomnunar erlendis í þessari grein. Það er eðlilegt, þótt þeir, sem af litlum efnum hafa kostað sig í gegnum langt skólanám, hafi litla möguleika til þess að fullnuma sig erlendis, nema því aðeins, að ríkið hlaupi eitthvað undir bagga

með þeim. Landið hefir þegar kostað allmarga unga lækna til utanfarar, sjerstaklega hjeraðslækna, til þess að kynna sjer nýjungar í læknisfræðinni. En geta má þess, að engin grein læknisfræðinnar hefir tekið eins miklum framförum nú upp á síðkastið eins og þessi grein, sem hjer er um að ræða. Það eru ekki margir læknar, sem þessa sjerfræðigrein hafa stundað; að vísu höfum við einn ágætan lækni í þessari grein, Ólaf Þorsteinsson, en vafalaust er mikil þörf á fleirum. Jeg sje, að hv. Nd. hefir veitt 1000 kr. til læknis nokkurs til sjerfræðináms í París. Fjvn. vill nú fella þennan styrk niður. Ef það verður gert, get jeg frekar sætt mig við, að þessi styrkveiting verði eigi samþ., en ella er hjer ósamræmi, sem ekki má líðast. En ekki ætla jeg að greiða þeirri till. fjvn. atkv.

Þá kem jeg að brtt X. á þskj. 562. Eru þær í mörgum liðum, eins og sjá má, og eru flestar við 15. gr. fjárl., sem löngum veldur miklum ágreiningi og togstreitu. En fjárframlög þau, sem farið er fram á í öllum liðunum, sem eru 8 talsins, eru ekki hærri en sem nemur lagningarkostnaði á mjög stuttum vegarspotta. Fyrst er styrkur til Björns O. Björnssonar til þess að gefa út bók með ýmsum þjóðlegum fróðleik, sem hann hefir safnað. Hann hefir sent Alþingi umsókn um þennan styrk, ásamt nánari greinargerð fyrir því, hvað hann ætli að gera við þennan styrk, ef veittur verður. Er ætlun hans að safna ýmsum fróðleik um ferðalög manna og æfintýri þeirra á ferðalögum. Hefir hann til þessa hina bestu aðstöðu, auk þess sem hann er mjög fróður um slíka hluti. Er og mikils virði, að ríkið styrki meðfram útgáfu þeirra bóka, sem alþýða hefir ánægju af að lesa, en svo myndi vera um slíka bók sem þessa. Í umsókninni talar hann um, að hann geti ef til vill endurgreitt eitthvað af styrknum síðar, og fer hann fram á 2000 kr. En jeg hefi tekið í brtt. aðeins 1000 kr., og geri jeg ráð fyrir, að sú upphæð muni nægja til þess að bókin verði gefin út. En það tel jeg vera mjög nytsamt og vel forsvaranlegt af Alþingi að ljetta dálítið undir með útgáfu bókarinnar.

Þá er annar liður brtt. X. á þskj. 562. Er hann um það, að veita dr. Guðbrandi Jónssyni 5000 kr. til þess að kynna sjer og afrita handa þjóðskjalasafninu skjöl í páfagarði og víðar, sem snerta Ísland. Væri ekki óhugsandi, að margt gæti þá komið fram í ljós dagsins, sem nú er hulið eða óvíst. Í Frakklandi eru mikil skjalasöfn, þar sem páfar hafa setið, og er álit manna, að þar sje um auðugan garð að gresja snertandi sögu Íslands. Þetta mál hefir fyr komið til umræðu hjer á landi, og jafnvel leitað til þingsins í því skyni, en alt hefir strandað á því, að páfagarður hefir hingað til verið lokaður, en nú mun einhver tilslökun vera orðin í þessu efni. Maður þessi, dr. Guðbrandur Jónsson, er vel til þessara hluta fallinn; hann er mjög vel að sjer í franskri tungu og í latínu. Auk þess er hann vanur að afrita skjöl og er mjög fundvís á það, sem okkur gæti komið að gagni. Það er trú sumra manna, að meðal annara merkra plagga, sem geymd sjeu í söfnum páfa og snerta Ísland, sjeu brjef Jóns Arasonar til páfa. Þau voru, eins og kunnugt er, pólitísks eðlis, og myndi það eigi lítill fengur fyrir sögu okkar

og bókmentir, ef þau kæmu í leitirnar. Jeg hygg, að þessi fjárhæð myndi duga mikið til þess að standa straum af þessari rannsókn. Jeg þori að segja, að þessum 5000 kr. væri mjög vel og þarflega varið, ef þær væru veittar í þessu skyni. Hjer er um nauðsynjamál að ræða að vissu leyti, og vil jeg eindregið vænta þess, að hv. þdm. sýni fullan skilning á því, þegar til atkvgr. kemur.

Þá kem jeg að 3. lið brtt. X. á þskj. 562, um að veita frú Mörtu Kalman styrk til þess að kynna sjer leiklist í Englandi og í Danmörku. Allir þeir, sem sjeð hafa leik frúarinnar, hafa lokið lofsorði á hann. Hún hefir starfað við Leikfjelagið frá því hún var 9 ára, eða alls í 25 ár. Fjárhagslega mun hún ekki hafa borið mikið úr býtum, eins og af líkum má ráða, en hinsvegar hefir hún skemt mörgum með hinum ágæta leik sínum; sjerstaklega er hún framúrskarandi sem kýmileikari. Umsókninni fylgja meðmæli frá stjórn Leikfjelagsins, þeim Einari H. Kvaran rithöfundi og Jakob Möller bankaeftirlitsmanni. Þriðji maðurinn í stjórninni, Indriði Einarsson, gat ekki skrifað undir meðmælaskjalið, af skiljanlegum ástæðum. Jeg vil leyfa mjer að lesa upp part úr meðmælaskjali þessu, með leyfi hæstv. forseta:

„Frú Marta Kalman hefir leikið hjer í bænum í mörg ár. Hún hefir að jafnaði leikið skopleg hlutverk og gert það oftast með miklu meiri snild en nokkur önnur leikkona hjer hefði getað gert það. Við skulum í því efni minna á, hvernig hún ljek Ane í „Landafræði og ást" eftir Björnson, Akúlína í „Sinnaskifti" eftir Stepniak. Hún á engan jafningja hjer á sínu sviði. Við viljum þess vegna veita umsókn hennar hin allra bestu meðmæli". o. s. frv.

Þannig hljóðar dómur þessara manna um leik frúarinnar. Nú kunna einhverjir að segja, að svo fullorðin kona sem hún er muni varla geta lært mikið hjeðan af. Það er nokkuð til í þessu, en þó hygg jeg, að upplagið ráði meiru þar um en aldurinn. Og enginn vafi er á því, að frúin myndi hafa stórkostlegt gagn af utanför í því skyni að kynna sjer, hvað fram fer á leiksviði erlendis, sjerstaklega í Englandi og Danmörku. En aðallega skoða jeg þennan styrk sem viðurkenningu fyrir langt starf og vel af hendi leyst. Jeg skal í þessu sambandi benda á, að áður höfðu allir helstu leikarar styrk af opinberu fje; t. d. mun frú Stefanía Guðmundsdóttir hafa haft fastan styrk, Friðfinnur Guðjónsson hefir líka fengið utanfararstyrk, sem aðallega hefir verið veittur í viðurkenningarskyni.

Jeg er ekki svo vel að mjer í leiklistinni, að jeg geti sjerstaklega dæmt um hæfileika frúarinnar, og þess vegna hefi jeg vísað til annara manna, sem hafa meira vit á þessum hlutum. Það er náttúrlega persónulegt fyrir hvern mann, hvernig honum finst þessi eða hinn leikandi. En jeg hygg, að flestum finnist frú Marta Kalman hafa farið prýðilega vel með öll þau hlutverk, sem henni hafa verið falin.

Næst kemur till. um styrk til Sigurjóns Friðjónssonar skálds. Það liggur engin umsókn fyrir frá Sigurjóni. Jeg hefi tekið það upp hjá sjálfum mjer að biðja um þennan styrk honum til handa, af því að jeg álít, að hann

eigi það tvímælalaust skilið, á borð við mjög marga, sem styrks njóta. Jeg þykist ekki þurfa að lýsa ljóðum þessa skálds fyrir hv. dm. Þau eru falleg, ljett og þýð. Jeg býst við, að margir dm. hafi lesið hina nýju bók hans, auk þess sem birtst hefir eftir hann í blöðum og tímaritum. Sigurjón er einn af hinum kunnu, þingeysku skáldum, og jeg vona, að hv. dm. viðurkenni, að hann er styrksins maklegur. Jeg skal geta þess, að þessi fjárveiting á aðeins að vera í eitt skifti.

Til þingsins hefir borist erindi frá Kristjáni Jónssyni frá Hrjót um 800 króna styrk til þess að safna örnefnum á Austurlandi. Kristján hefir þegar unnið að þessu um langt skeið. Ritgerðir eftir hann hafa verið prentaðar í tímaritum, t. d. Árbók fornleifafjelagsins 1924. Þau tímamót eru nú í lífi manna og háttum, að nauðsynlegt er að safna ýmiskonar fróðleik, sem fyrri kynslóðir höfðu að geyma. Nú er alt að kafna í framförum og vjelamenningu og þá er hætt við, að hið gamla og þjóðlega hverfi og deyi út. En það er menningarvottur hjá þjóðinni að geyma í sögu sinni hinn þjóðlega fróðleik, sem varðveitst hefir um aldir. Kristján Jónsson er einn af hinum ólærðu alþýðumönnum, sem oft leggja ákaflega mikla vinnu í sín þjóðlegu áhugamál, enda hefir honum þegar orðið allmikið ágengt.

Þó að jeg hafi einnig flutt varatill., vona jeg, að ekki þurfi til hennar að taka, en að hv. d. samþ. að veita þessum manni 800 kr., sem ætlast er til, að verði í eitt skifti fyrir öll.

Þá hefi jeg flutt varatill. við X,2. Ef svo skyldi fara, að samþ. yrði 2. liður X. till., þá ætlast jeg til, að óbreyttur standi sá liður, sem nú er í fjárl., í 15. gr. 38, til Guðbrands Jónssonar. En fari svo, að hin till. verði feld, þá hefi jeg borið þetta fram sem varatill., að fyrir 1200 komi 1800 kr.

Næsti liður er 5000 kr. til Jóns Leifs, til undirbúnings starfsemi við væntanlegt ríkisútvarp, og til vara 4000 kr. Jeg þarf ekki að mæla fast með þessari till. Jeg vil benda á, að yfir 30 alþm. hafa mælt með því, að Jóni Leifs yrði falið að starfa í sambandi við væntanlegt útvarp, svo að jeg hefi ástæðu til að ætla, að þessi till. nái samþ. Um starfsemi Jóns Leifs get jeg vísað mönnum til erindis þess, er fyrir þinginu liggur, og sem jeg býst við, að hv. þm. hafi kynt sjer. Í erindi þessu er því lýst, hvílíkur dugnaðarmaður hann er og í hvert álit hann hefir komist í framandi landi. Hann hefir komist til þeirrar miklu virðingar að vera umtalaður sem einn af helstu hljómsveitarstjórum í Þýskalandi. Og þegar menn geta náð slíku áliti þar, sem þeir þurfa að keppa við hundruð innlendra snillinga, hlýtur að vera mikið í þá varið. Hjer er tækifæri til að veita Jóni Leifs starf, sem hann er mjög fær um að leysa af hendi, þá hlið þessa máls, sem snertir hljómlistarstarfsemi.

Við 16. gr. 13.c. hefi jeg flutt brtt. þess efnis, að Ásgeiri Einarssyni verði veittur styrkur til dýralækninganáms. Honum var veittur styrkur í Ed. í fyrra og byrjaði nám í trausti þess, að hann fengi styrkinn áfram. Hæstv. forsrh. gerði ráð fyrir því í haust, að hann yrði tekinn í fjárl., en það hefir farist fyrir af misgáningi. Jeg flyt því þessa till. í samráði við hæstv. forsrh. Þessari styrkbeiðni fylgja hin bestu

meðmæli bæði frá Geir sál. rektor og Jóni Ófeigssyni. Meðal annars segir Geir Zoëga: „Hann hefir góða námshæfileika og hefir alla tíð verið fyrirmyndarnemandi að ástundun við námið og í öllu framferði sínu". Þetta gefur til kynna, að Ásgeir muni verða nýtur maður, og því fremur, ef honum gefst kostur á að nema það, sem hugur hans hneigist helst að. Auk þess er mjer sagt, að fullkomin þörf sje á, að einhver verði styrktur til þessa náms. Jeg vænti þess, að þetta verði samþ., einkum þar sem hæstv. stj. ætlaði sjer að setja það í fjárl., þó að ekki yrði úr því.

Nú eru aðeins eftir 3 till. af þeim, sem jeg flyt einn, og þær eru allar við 22. gr., um lánsheimildir. Það er sagt, að viðlagasjóður sje að miklu leyti horfinn, en samt standa ýmsar heimildir í fjárl. og hafa verið látnar standa, þó að viðlagasjóði hafi verið ráðstafað í sambandi við búnaðarbankann. Tveir menn, Daníel Halldórsson og Pjetur G. Guðmundsson, sækja um 6000 kr. lán til að kaupa prentvjel (Rotaprint). Þessi vjel er þýsk nýjung. Það, sem hún hefir fram yfir aðrar aðferðir, er það, að með henni er hægt að prenta upp óbreyttar eldri bækur, án þess að fyrst þurfi að setja þær upp með letri og prenta þær síðan á venjulegan hátt. Þarna er tekin ljósmynd, sem síðan er framkölluð á málm og sett í vjelina. Á þennan hátt hafa þjóðsögurnar gömlu verið prentaðar í Þýskalandi. Nú þarf að endurprenta mesta sæg af bókum; meðal annars eru stjórnartíðindin frá 1921 alveg gengin upp og að jeg ætla aðrir árgangar líka. En það er alt of kostnaðarsamt að prenta þá upp á venjulegan hátt. Með þessari aðferð munar meira en helming á kostnaði. Það er því mikill vinningur að fá slíka vjel inn í landið, en eins og eðlilegt er, eru mennirnir ragir við að ráðast í slíkt fyrirtæki, nema þeir fái hentugt lán. Það er ekki fyrirfram vitað, hvernig slíkur rekstur gengur, enda þótt ekki sje hægt að sjá annað en að þörfin sje mikil. Þar sem báðir þessir menn eru fátækir, munu þeir hafa fengið ádrátt um að fá lán. Jeg hygg, að hæstv. forsrh. hafi dregist á við þá, að slík lánveiting yrði tekin upp. Jeg skal geta þess, að það er algengt, að bækur, sem þarf að endurprenta, eru sendar til Þýskalands. Þegar þessi vjel er komin hingað og tekin til starfa, þarf þessa ekki framar við.

Þá hefir Finnur Jónsson málari sótt um 10 þús. kr. lán til þess að reisa sjer vinnustofu. Slíkt lán hefir áður verið veitt Jóni Stefánssyni. Hann er búinn að reisa sjer vinnustofu og er mikil hjálp fyrir hann að hafa verið styrktur einmitt á þennan hátt. Finnur skýrir frá því í sínu erindi, að það sje ákaflega erfitt fyrir málara að hafa ekki nógu gott húsrúm til að starfa í. Það er vel hægt að gera húsin svo úr garði, að þau sjeu góð og björt, þó að þau sjeu ekki dýr. Finnur álítur, að hann geti klofið þetta, ef hann fær 10 þús. kr. lán, og mjer finst hann eiga það skilið. Jeg ætla ekki að fara að gera upp á milli hans og Jóns Stefánssonar, nje dæma um, hvor þeirra er meiri málari, enda býst jeg við, að ekki sje auðvelt að gera það. Það hefir hver sinn eiginn

smekk í þessu efni. Og þar sem farið hefir verið inn á þá braut að veita lán til þessara hluta, álít jeg ekkert varhugavert að samþ. þessa till.

Síðasta till. mín er um eftirgjöf á láni til Brynjólfs Bjarnasonar, sem honum var veitt 1924 til að ljúka námi. Brynjólfur varð vegna heilsubrests að hætta námi rjett fyrir embættispróf. Hann hefir verið hjer í nokkur ár og haldið sjer uppi með kenslu í ýmsum skólum, en hvergi haft neitt fast starf, svo að tekjur hans hafa auðvitað verið rýrar. Hann segist ekki sjá fram á, að hann geti með nokkru móti endurgreitt þetta lán. Hann hefir fjölskyldu fram að færa og allir, sem þekkja efnahag hans, vita, að henn berst í bökkum. Það hefir verið gert í mörgum tilfellum, að ríkissjóður hefir gefið eftir slík lán. Brynjólfur fjekk lánið það árið, 1924, sem höfð var sú regla að lána mönnum peninga til náms. Þm. voru að fela það, að þeir væru að styrkja mennina, en það er vitanlega bandvitlaus aðferð. Flestir námsmenn safna miklum skuldum á námsárunum, sem þeir taka nærri sjer að endurgreiða, þótt á mörgum árum sje.

Jeg er búinn að fara yfir þessar brtt. mínar. Það má vera, að jeg hafi gleymt að færa fram einhverjar ástæður, en það verður að hafa það. Jeg legg till. mínar undir dóm hv. d. og vænti þess, að hún veiti þeim fylgi.

**Jóhannes Jóhannesson:** Á Alþingi 1927 fluttu þeir landsk. þingmennirnir Jón Baldvinsson, Jónas Jónsson og Magnús sál. Kristjánsson og fengu samþ. í þessari hv. deild þingsályktun um rannsókn á akvegarstæði á milli Seyðisfjarðarkaupst. og Fljótsdalshjeraðs. Var það tekið fram í grg. þeirra, að það hefði lengi verið almenn ósk íbúa Seyðisfjarðarkaupst., að bílvegur yrði lagður frá kaupstaðnum upp í Fljótsdalshjerað, enda myndi hann verða til mikilla hagsbóta bæði fyrir kaupstaðinn og hjeraðið.

Sumarið 1927 athugaði Árni Pálsson verkfræðingur akleiðastæði milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshjeraðs og framkvæmdi ítarlegar mælingar og rannsóknir á vegarstæði fyrir akbraut yfir Fjarðarheiði og naut við þar upplýsingar og leiðsögu Eðvalds pósts Eyjólfssonar á Seyðisfirði, sem er allra manna kunnugastur á heiðinni og hafði farið yfir hana yfir 12 hundruð sinnum á öllum tímum árs, og var lægi vegarins valin í nánu samræmi við upplýsingar hans. Var síðan gerð nákvæm kostnaðaráætlun, og reyndist kostnaðurinn mundi verða mun meiri en menn höfðu búist við vegna ýmsra erfiðleika. Nemur kostnaðaráætlunin 360 þús. kr., og er vegalengdin frá Seyðisfirði til Egilsstaða á Völlum við Lagarfljót þó eigi nema röskir 26 km.

Á Alþingi í fyrra bar hv. 4. landsk. þm. fram brtt. við fjárl. við 2. umr. þeirra um 100 þús. kr. framlag til vegar þessa og jeg aðra um 50 þús. kr. framlag, en þær brtt. voru báðar feldar, jafnvel þótt fyrir þinginu lægju upplýsingar um það, að hjer var um hið mesta áhugamál fjölda Austfirðinga að ræða og að sá landsfjórðungur hefði borið skarðan hlut frá borði, er um úthlutun þjóðvegafjár í landsfjórðungana hafði verið að ræða.

Við 3. umr. fjárl. í fyrra hjer í d.

bar jeg enn fram brtt. um að veita 25 þús. kr. til þess vegar, en sú till. var einnig feld með 7 atkv. gegn 7 og greiddu atkv. gegn henni 2 af flm þáltill. frá 1927 um rannsókn vegastæðisins og sá af þm. N.-M., sem sæti á í þessari hv. deild.

Þessar undirtektir Alþingis undir þetta áhugamál Seyðfirðinga og Hjeraðsbúa mæltust mjög illa fyrir eystra, er það frjettist þangað, og urðu til þess að stæla áhuga manna, sjerstaklega á Hjeraði — í Seyðisfirði þurfti enga stælingu — á málinu.

Aðalforgöngu málsins eystra hefir nefnd manna á Seyðisfirði, sem kosin er af verslunarmannafjelögum og verkamannafjelaginu „Fram" á Seyðisfirði, sem tekið hafa höndum saman um framgang málsins og kosið sameiginlega n. til þess að hafa með höndum framkvæmdir í því.

Áhuga manna á Seyðisfirði á framgangi þessa máls má nokkuð marka á því, að á almennum borgarafundi þar um málið, sem haldinn var 15. jan. 1928, eftir að upplýst var orðið um kostnaðinn við vegalagningu þessa, var samþ. í e. hlj. að skora á Alþingi að veita til vegarins 100 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1929, *skorað* á ríkisstj. að láta byrja á vegalagningunni þegar í fyrra sumar og beita sjer fyrir því, að Alþingi veitti a. m. k. 35 þús. kr. í aukafjárl. fyrir árið 1928 til brúnna, og *loks* skoraði borgarafundurinn á þm. kjördæmisins og þm. Múlasýslna **að** fylgja málinu með festu og dugnaði við stj. og þing, *jafnframt* og hann treysti flm. þáltill. frá 1927 til að veita málinu hiklaust fylgi.

Á fundi sínum 6. febr. f. á. samþ. bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupst. að gefa till. borgarafundarins eindregin meðmæli sín og vænti þess jafnframt, að eigi yrðu sett nein skilyrði um fjárframlög gegn fjárveitingu úr ríkissjóði.

Á aðalfundi sýslunefndar Norður-Múlasýslu í apríl 1928 var skorað á ríkisstj. að taka upp á fjárhagsáætlun fyrir árið 1930 ríflega fjárveitingu til akbrautarlagningar yfir Fjarðarheiði, auk fjárveitinga til annara vega í sýslunni, og jafnframt var skorað á Alþingi að samþ. fjárveitingu, sem um munar í þessu skyni, *og á þingmenn sýslunnar að beita sjer fyrir framgöngu málsins við ríkisstj., svo og við Alþingi.*

Á Seyðisfirði var aftur haldinn borgarafundur um málið 2. des. f. á. að tilhlutun n. þeirrar, sem jeg hefi nefnt; voru menn þá búnir að fá Alþingistíðindin frá síðasta þingi og lesa þar umr. um málið og sjá, að komið hafði til orða, að lagt væri fram fje á móti ríkissjóðstillaginu til akbrautarinnar. Á þeim fundi var skorað á bæjarstjórnina að samþ. 40 þús. kr. framlag úr bæjarsjóði til vegarins og beita sjer fyrir því, að tekin yrði upp í fjárl. fyrir árið 1930 a. m. k. 50 þús. kr. fjárframlag til vegarins. Við þessum áskorunum varð bæjarstjórnin á fundi sínum 8. des. f. á., og liggur fyrir frá henni formleg skuldbinding til þess að sjá um, að Seyðisfjarðarkaupst., með aðstoð sýslu- og hreppsfjelaga, er að veginum liggja, greiði alls 40 þús. kr. upp í kostnað við vegagerðina áður en verkinu er lokið, sje verkinu lokið innan 5 ára, enda verði byrjað á verkinu ekki síðar en árið 1930.

Á þingmálafundi í Kirkjubæ í Hróarstungu 21. jan. þ. á. var og samþ. að senda Alþingi áskorun um ríflegt framlag til Fjarðarheiðarvegar.

Enn samþ. sýslunefnd N.-Múlasýslu á aðalfundi sínum í fyrra mánuði svipaðar áskoranir og á fundinum 1928.

Loks hafa 74 alþingiskjósendur í Fellahreppi í N.-Múlasýslu sent Alþingi áskorun, dags. í jan. þ. á., um, að það veiti verulega fjárhæð til akbrautarlagningar frá Seyðisfirði til Egilsstaða, *og skorað fastlega á þingmenn Múlasýslna að beita sjer fyrir málinu.*

Af öllu þessu má sjá, að áhugi er mikill á Seyðisfirði og á Fljótsdalshjeraði fyrir framgangi akbrautarmálsins, og fer vaxandi, þótt við ramman reip hafi verið að draga um fjárframlög til þess.

Hjer er og um stór-þýðingarmikið mál að ræða, ekki einasta fyrir Seyðisfjörð og Fljótsdalshjerað, heldur jafnvel fyrir alt landið, því að það er sannanlega ekki þýðingarlaust fyrir landið, að Seyðisfjörður komist í hið fyrirhugaða akvegakerfi um land alt.

Seyðisfjörður er og verður miðstöð menningar austanlands. Þar er ein af allra bestu höfnum landsins og hvergi meira af hafskipabryggjum. Þar er endastöð sæsímans hjer á landi og 1. flokks landssímastöð. Þar er bókasafn Austfirðingafjórðungs, prentsmiðja, stórt og vel útbúið sjúkrahús, lyfjabúð og læknir góður. Þar eru um 400 skipakomur á ári og því markaður góður fyrir landbúnaðarafurðir: smjör skyr, kjöt, egg, hey o. fl. Verslun hefir verið þar mikil og fjölbreytt og er enn, þótt ekki hafi hún aukist hin síðari ár. Þar er og útibú frá Íslandsbanka, annað af tveimur bankaútibúum á Austurlandi. Úr firðinum og innan úr kaupstaðnum er talsverður bátaútvegur, og má því á Seyðisfirði fá nýtt fiskmeti á þeim tímum árs, sem afli er fyrir Austurlandi.

Það er því mjög þýðingarmikið bæði fyrir Seyðisfjörð og Fljótsdalshjerað, að samgöngurnar þar á milli verði sem greiðastar. Sjerstaklega myndi mikið hey flytjast frá Hjeraði á Seyðisfjörð, þegar akvegur væri kominn yfir Fjarðarheiði, því hingað til hafa Seyðfirðingar orðið að fá mikið hey frá Norðurlandi og Noregi vegna hinna erfiðu samgangna á landi eystra.

Hinsvegar liggur Búðareyri við Reyðarfjörð, sem er endastöð Fagradalsbrautarinnar, í Reyðarfjarðarbotni, en Reyðarfjörður er landbúnaðarsveit og á Búðareyri er enginn markaður fyrir afurðir landbænda. Þaðan að innan er heldur eigi nein útgerð og þar því erfitt til fiskifanga. Fagradalsbrautin er 35 km. löng frá Egilsstöðum að Búðareyri, en akvegurinn yfir Fjarðarheiði verður ekki nema röskir 26 km.

Það liggur því í augum uppi, að það er bráðnauðsynlegt fyrir hjeraðsbúa að fá og akvegarsamband við Seyðisfjörð, enda fer áhuginn fyrir því máli stöðugt vaxandi á Hjeraði, eins og jeg hefi frá skýrt.

Hv. 4. landsk. þm. (JBald) og jeg lítum svo á, að ekki megi nú dragast lengur að hefjast handa og byrja á akbrautarlagningu yfir Fjarðarheiði, og höfum því leyft okkur að flytja þriðju brtt. á þskj. 562 um 27 þús. kr. framlag til hennar úr ríkissjóði, gegn 3

þús. kr. af þeim 40 þús., sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupst. um alla skyldu fram hefir boðist til að sjá um framlag á til vegarins, ef hann verður lagður á næstu 5 árum. Jeg sagði um alla skyldu fram, því hjer er um þjóðvegargerð að ræða, sem ríkissjóði ber skylda til að kosta að öllu leyti eftir vegalögunum. Jeg get bætt því við, að tillag annarsstaðar frá en úr ríkissjóði til þessa vegar er um alla sanngirni fram, því Fjarðarheiðarvegurinn liggur milli bygða, en ekki um bygð eins og þjóðvegir þeir (Kjalarnesvegur og Hólmavegurinn), sem hjeruðin hafa lagt til.

Ástæðan til þess, að við höfum ekki að þessu sinni farið fram á hærri upphæð úr ríkissjóði en 27 þús. kr., er sú, að við höfum ekki viljað leggja til að nein af upphæðum þeim til þjóðvega, sem í fjárlagafrv. standa, verði feldar niður, og teljum ekki fært að hafa fjárveitinguna til þjóðvega hærri en hún verður með þessari viðbót Hinsvegar ætlumst við til, að miklu hærri upphæð verði tekin upp í næsta fjarlagafrv. og vegargerðinni lokið á næstu 5 árum.

Við vonum, að hv. d. meti það við okkur, hve hóflega við förum í sakirnar að þessu sinni og sýni Austfirðingum þá sanngirni að samþ. brtt. okkar. Það væri sannarlega synd að segja, að Austfirðingum, sjerstaklega Seyðfirðingum, hafi verið hossað af fjárveitingarvaldinu að undanförnu, borið saman við aðra landsfjórðunga og kaupstaði.

**Ingvar Pálmason:** Jeg á hjer nokkrar brtt. á þskj. 562, og skal jeg nú fara um þær nokkrum orðum. Það er þá fyrst VI. brtt. á nefndu þskj., við 14. gr., um 1500 kr. styrk til Ólafar Jónsdóttur frá Seglbúðum til framhaldsnáms í matreiðslu. Mjer hefir borist beiðni um að flytja þetta, en svo seint, að jeg gat ekki lagt hana fyrir hv. fjvn. til athugunar. Þessi stúlka, sem hjer um ræðir, hefir stundað nám hjá frú Sigrúnu Blöndal í Mjóanesi og nú langar hana til að fullkomna sig í þessari grein. Meðmæli frá frú Sigrúnu liggja hjer fyrir og lýkur hún miklu lofsorði á stúlkuna og telur hana sjerlega myndarlega og efnilega í þessari grein. Jeg held, að enginn styrkur í þessu skyni sje kominn inn í fjárl., og tel jeg þó, að þeir styrkir margir hverjir, sem þar eru nú komnir, sjeu síst þarfari en sá, sem hjer er um að ræða. Mjer virðist það fullkomlega þarflegt og skynsamlegt að veita þennan styrk til þess að stuðla að aukinni húsmæðrafræðslu í landinu, en það verður best gert með því að skapa hæfa kennara á því sviði. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till., en vænti, að hv. d. sjái sjer fært að samþ. hana.

Þá á jeg aðra brtt. á sama þskj., um að bæta við aths. um styrkinn til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði: „enda sje safnið starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar".

Jeg vil alls ekki vinna safninu ógagn með þessari till., heldur þvert á móti stuðla að því að vekja rjetta hlutaðeigendur til þess að hlynna meira að safninu en þeir hafa gert.

Jeg get ekki skilið, hvers vegna safnið stöðugt er minna og minna notað úr Suður-Múla- og Skaftafellssýslu. En þetta er nú svo, og tel jeg það illa

farið. Ef ekki er hægt að koma á samvinnu milli stjórnar bókasafnsins á Seyðisfirði annarsvegar og bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað hinsvegar um að efla safnið og styrkja, þá lægi nær að kalla þetta safn sýslubókasafn en amtsbókasafn. Jeg sem sagt vil með þessari till. stuðla að því, að þetta bókasafn yrði til almennari nota og kæmist í meira álit en verið hefir.

Þá er þriðja brtt. mín við 17. gr., XIV. brtt. á þskj. 562. Fyrsti liður þeirrar brtt. er shlj. lið, sem stendur í fjárl. fyrir yfirstandandi ár, 1500 kr. styrkur til að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og stofna ný sjúkrasamlög. Þessi sama upphæð var veitt á yfirstandandi ári, og liggur nú fyrir þinginu skilagrein frá stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem hafði á hendi forgöngu í þessu máli, um það, hvernig fjenu hefir verið varið.

Samkv. þessari skýrslu hefir aðeins byrjunarspor verið stigið í þessu efni og talið, að ef ekki verði framhald á þessari starfsemi, verði mjög lítill árangur af henni. Jeg tel því mjög varhugavert og alveg rangt að hverfa frá þessu á þessu stigi og gera þar með að mestu ónýtt það, sem unnist hefir.

Það er nú viðurkent, að almannatryggingar í hverri mynd sem er eru hið mesta nauðsynjamál, og það helsta, sem við höfum gert í þeim efnum, eru sjúkrasamlögin, sem því miður enn eru alt of fá og starfa sitt í hverju lagi. Það samlagið, sem virðist hafa náð einna mestum þroska og gert mest gagn meðal almennings, er Sjúkrasamlag Reykjavíkur, og tel jeg því eðlilegt að fela því forgöngu í þessu máli. Jeg verð að líta svo á, að því fje, sem varið er í þessu skyni, sje vel varið og vafasamt, hvort nokkrum 1500 kr. getur verið betur varið en til þess að fjölga sjúkrasamlögum í landinu og styrkja starfsemi þeirra.

Þá er annar liður sömu brtt. um að styrkurinn til stórstúku Íslands verði hækkaður úr 10 þús. upp í 12 þús. kr. eins og hann nú er í gildandi fjárl. Alþingi leit svo á í fyrra, að styrkurinn til stórstúkunnar ætti ekki að vera lægri en 12 þús. kr., og virðist engin ástæða vera til að lækka hann nú. Í fjárlfrv. eins og það kom frá hæstv. stj. var ekki gert ráð fyrir nema 8 þús. kr., en hv. fjvn. Nd. leit svo á, að sjálfsagt væri, að styrkurinn hjeldist eins og hann er nú og flutti brtt. um það, en fyrir einhver óhöpp fór svo, að sú till. var feld. En fjvn. fjekk eftirþanka út af þessu, og er auðsjeð, að það hefir verið af vangá eða öðrum lítt afsakanlegum ástæðum, að svona fór við 2. umr., því að við 3. umr. var samþ. að hækka styrkinn upp í 10 þús. kr., en þá var ekki hægt að ná fullri leiðrjettingu á þessu vegna þess að það hafði áður verið felt. Jeg þykist þess hinsvegar fullviss, að hv. Nd. sje þess albúin að samþ. þessa hækkun, sem jeg nú fer fram á, upp í sömu upphæð og stendur í gildandi fjárl., enda hefi jeg ekki heyrt neina ástæðu borna fram gegn því. Að vísu hafa heyrst raddir um það, að með aukinni löggæslu mætti draga úr framlögum til stúkunnar. En þetta er misskilningur, því að goodtemplarareglan hefir aldrei haft neina löggæslustarfsemi með höndum og hefir ekki, heldur vinnur hún að því að útbreiða og styrkja bindindi í landinu, og jeg veit ekki annað en að allir sjeu sammála um,

að það sje til mikils gagns og þjóðþrifa. Hitt er annað mál, að menn hafa ekki verið og eru ekki sammála um höfuðstefnuatriði reglunnar, sem eru samhliða algeru bindindi alger útrýming áfengis úr landinu og algert bann. En um það held jeg, að aldrei hafi verið ágreiningur hjer á Alþingi, að sjálfsagt væri að styrkja bindindisstarfsemi. Jeg vænti því, að hv. Ed. samþ. með ljúfu geði þessa brtt. og geri ráð fyrir, að Nd. telji það eðlilega og sjálfsagða leiðrjettingu.

Þá er 3. liðurinn, um að styrkurinn til gamalmennahælisins Hafnar lækki úr 2500 kr. niður í 1500 kr. Það er alls ekki mín meining að spilla með þessu eða draga úr stofnun hælisins, en jeg lít svo á, að slíkar stofnanir sem þessi styðjist og eigi að styðjast við aðrar betri og traustari stoðir en styrk af opinberu fje.

Jeg hygg, að þetta mál sje hvergi betur á veg komið en í Reykjavík. Og mjer er ekki kunnugt um, að það hafi verið styrkt af ríkissjóði til þessa, veit ekki heldur, hvort forgöngumenn þessa máls óska sjerstaklega eftir að fara þá leið. En væri nú svo, að Alþingi teldi ástæðu til að ýta undir stofnun slíkra gamalmennahæla víðsvegar á landinu, þá er það að vísu lofsvert frá fjárveitingarvaldsins hálfu, en þó ber að athuga, að það hefir í mörg horn að líta. Og jeg get búist við, að ef slík fjárframlög ættu að koma að verulegu gagni, yrðu þau að vera æðimikil. Jeg býst við, að fjárupphæðin, sem brtt. fjvn. tiltekur, 2500 kr., láti nærri að vera 1/6 stofnkostnaðar þessa hælis. Álít jeg, að ef fjárveitingarvaldið ætlar sjer á annað borð að hafa nokkur áhrif á framgang þessara mála, þá megi slíkt framlag ekki minna vera. En hitt ætla jeg ennfremur, að á þessari braut muni fjárveitingavaldinu verða nokkuð þungt fyrir fæti. Mundi slíkt framlag, ef það ætti að bera nokkurn verulegan árangur, að minni hyggju verða að nema nokkrum tugum þúsunda um land alt, ef að því ráði væri horfið, að ríkissjóður styrkti slík hæli, þó ekki væri meira en að 1/6 stofnkostnaðar. Og þegar um er að ræða að styrkja byggingu hælis hjer, verður að hafa hliðsjón af því, hvort hægt er að standa á móti samskonar óskum annarsstaðar frá. Ef þeim yrði svo öllum fullnægt jafnt, er ríkissjóði bundinn allþungur baggi.

Mín skoðun er sú, að þessi gamalmennahæli sjeu best komin í höndum þeirra manna, sem einhverju vilja þoka af sjálfs dáðum. Komist hælin ekki á fót á þann hátt, þá býst jeg við, að nokkuð verði örðugt að koma þeim vel á veg með opinberu fje.

Hinsvegar vil jeg taka fram, að þessi niðurfærsla á styrknum hefir í sjálfu sjer ekki nokkra minstu fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð. Og jeg fyrir minn part legg ekkert sjerstakt kapp á, að þessi brtt. nái fram að ganga. En jeg vildi vekja athygli þingsins á því, að þessi braut er dálítið varhugaverð, því að með henni er ríkissjóði bundinn talsverður baggi, og það sem verra er, að jeg álít, að með þessari aðferð sje tafið fyrir framkvæmdum þessa máls á þann hátt, sem hugsað hefir verið, — með fórnfýsi einstaklinganna.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Jeg vonast til, að hv. d. skilji, hvað fyrir mjer vakir, — að jeg

tala ekki af andúð gegn þessari hreyfingu, sem vöknuð er hjer í landinu. Þvert á móti. En jeg tel, að slík líknarstarfsemi sje komin út á skakka braut, sem ekki leiði til heppilegrar úrlausnar á þessu þarfa máli.

Þá kem jeg að síðustu brtt. mínum, sem eru stórtækastar og skifta mestu máli, — en þó litlu máli fyrir afkomu ríkissjóðs. Það eru brtt. undir XVIII lið við 23. gr., að bæta við tveimur nýjum liðum. A-liður er um ábyrgð ríkissjóðs á alt að 125 þús. kr. láni Neskaupstaðar til barnaskólabygging ar, gegn þeirri tryggingu, sem stj leggur fyrir. Það hefir verið svo alstaðar í öllum kaupstöðum landsins að meira eða minna leyti, að ríkið hefir ábyrgst lán til barnaskólabyggingar. Jeg geri því ráð fyrir, að Neskaupstaður verði ekki útundan að neinu leyti í þessu efni. Því síður fyrir það að með lögum frá í fyrra um bæjarrjettindi var ríkissjóður leystur undar þeirri skyldu að kosta barnaskólabyggingu að 1/3. Því var í Nd. hreyf sem mótmælum gegn bæjarrjettindum Neskaupstaðar, að kaupstaðarbúum væri þar með bundinn nýr baggi um byggingu barnaskóla. En íbúum Nes kaupstaðar var fyllilega ljóst, að sjálfstjórn er miklu meira virði en framlag ríkissjóðs til barnaskólabyggingar. Og þeir tóku með fúsu geði á sig þessa byrði, en vitanlega í fullu trausti þess, að hið háa Alþing ljeti Neskaupstað njóta sömu hlunninda og aðra kaupstaði um ríkisábyrgð á lán um til barnaskóla, sem auðvitað stóð þá fast fyrir dyrum. Nú er búið að gera uppdrátt af byggingunni, og lánið er trygt, ef ábyrgð ríkissjóðs fæst, Að vísu væri kleift að fá lán án ábyrgðar ríkissjóðs, en ekki með nærri eins heppilegum kjörum.

Jeg geri því fyllilega ráð fyrir, að það komi ekki til mála, að þessi ákveðna heimild mæti hinni minstu mótspyrnu í þinginu. Ef svo yrði, hygg jeg það mætti telja sem næst einsdæmi.

Þá kem jeg að stafl. b, að ríkisstj. veitist heimild til að ábyrgjast alt að 80 þús. kr. fyrir sama kaupstað til rafvirkjunar. Í 23. gr. fjárlagafrv. eru slíkar ábyrgðarheimildir a. m. k. fjórar þegar komnar inn í fjárlögin, sem sýnir það, að Alþingi vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að bæir og stærri kauptún geti notið þeirra hlunninda, sem rafveita hefir í för með sjer. Rafveitan í Neskaupstað kom upp á síðastl. ári, en vitanlega að mestu leyti með lánum, eins og sjálfsagt er um slíkar framfarir. En þau lán eru — sem eðlilegt er — ekki eins hagkvæm og æskilegt væri. Þau eru að nokkru leyti fengin hjá einstökum mönnum og að nokkru leyti í sparisjóði Norðfjarðar. Sparisjóðslánið er víxillán, sem ekki verður framlengt til lengri tíma. Sparisjóðurinn leit svo á, að nauðsynlegt væri að hlaupa undir bagga með kaupstaðnum til bráðabirgða, til þess að mannvirkið kæmist í framkvæmd. Hinsvegar var strax áskilið, að lánið gæti ekki orðið fast lán, enda gefur að skilja, að sparisjóðurinn getur ekki tekið að sjer lán á slíkum stöðum sem Neskaupstað. Sparisjóðurinn verður altaf að hafa meiri hl. af innstæðufje sínu tiltækt með stuttum fyrirvara. Þess vegna er það, að kaupstaðnum er mjög mikil nauðsyn að geta fengið alt sitt lán á einum stað og með sem lengstum

gjaldfresti og bestum vaxtakjörum Eftir því, sem fregnir frá bæjarfógetanum herma, hefir hann nú þegar fengið loforð fyrir báðum þessum lánum, ef ábyrgð ríkissjóðs fæst fyrir þeim. Þau eru með mjög sæmilegum kjörum, eftir því sem hægt er að búast við hjer á landi. Jeg vænti þess því að hv. deild samþ. þessar brtt., og sjerstaklega þar sem fjárlagafrv. ber með sjer, að Alþ. hefir tjáð sig fúst til að hlaupa undir bagga með kaup stöðunum og hreppsfjelögum í sams konar tilfellum.

**Erlingur Friðjónsson:** Jeg spurðist fyrir um það einu sinni, þegar fjvn Ed. var að starfi, hve mörg erind mundu liggja fyrir þinginu yfirleitt, sem vitanlega koma flest fyrir fjvn Sá maður, sem kunnugastur er þeim efnum, sagði þau vera á fimta hundrað, sem kæmu fyrir fjvn. beggja deilda þingsins.

Það lætur að líkum, að fjvn. Ed muni ekki hafa getað íhugað mjög rækilega öll þau mörgu erindi á þeim stutta tíma, sem n. hefir haft þau til yfirlita. Þó hefir hún gert það eftir því sem föng voru á. Þá má einnig ganga út frá því sem gefnu, að það sje allmikið undir tilviljun komið hvort þessum erindum, sem fyrir fjvn. koma, er svarað á sanngjarnan og heppilegan hátt eða ekki. Vitanlega eru það ekki nema örfáar umsóknir, sem fyrir þingið koma, sem fá að einhverju leyti afgreiðslu. Þó mun mega segja, að mjög mikill hluti þessara erinda hafi bak við sig meira eða minna þörf málefni, sem þeir, er erindin senda, vilja koma í framkvæmd, annaðhvort í andlegu eða efnislegu tilliti. Það væri mjög ákjósanlegt, ef þingið gæti tekið þessum erindum betur en það gerir eða hefir gert. En það liggur í augum uppi, að slíkt er ekki hægt að gera, þegar um jafnmörg erindi er að ræða — og fleiri geta þau orðið —, ef þeim ætti að svara svo, að lið væri að. Okkar ríkissjóður myndi þá þurfa margfalt meiri tekjur.

Við umr. fjárlaganna kemur það í ljós, að það er í raun og veru ekki lítið, sem hver hv. þm. hefir fram að flytja á einn eða annan hátt, ýmist fyrir sitt kjördæmi eða fyrir landið í heild, því að jafnaðarlegast vill togna úr umr. allmikið, þegar fjárl. eru á dagskrá.

Jeg mun nú ekki að þessu sinni teygja úr umr. um fjárl., og stafar það af því, að við störfin í fjvn. hefi jeg komist að raun um, að ekki sjeu nein tiltök á því að ganga frá fjárl. öðruvísi en láta þau fara frá Ed. sem næst því, sem þau komu frá Nd. Í Ed. situr ⅓ hl. þingsins, og mætti því samkv. ályktan sem svo, að Ed. þyrfti a. m. k. að hafa fjárl. ⅓ hl. þingtímans, til þess að rannsaka þau sem best, og einnig mætti ályktan, að Ed. þyrfti að eiga að sínum hluta afgreiðslu þessara mála.

En árangurinn af því, hve fjvn. Ed. hefir haft stuttan tíma til afgr. fjárlaganna og hvernig fjárlögin koma frá Nd., er í raun og veru sá, að varla er um nema eitt að gera — að afgr. þau sem næst því, sem Nd. hefir frá þeim gengið.

Jeg hefi ekki búist við fyrir mitt kjördæmi að auka mikið við þann tekjuhalla, sem var á fjárl. frá hv.

Nd., — og segi jeg þetta ekki af því, að jeg viðurkenni ekki fyllilega ýmsar aths. við fjárl. frá einstökum þm. Jeg var í fyrra með erindi fyrir mitt kjördæmi um styrk til bryggjugerðar á Akureyri. Það fjekk ekki neina náð fyrir þinginu. Jeg ætla ekki að gera þinginu þá skapraun að vera með slíkt á ferð nú, en hinsvegar verð jeg að viðurkenna, að síðasta þing gaf samþ sitt til ríkisábyrgðar handa Akureyrarbæ til barnaskólabyggingar. Nú hefi jeg ekki nein erindi frá mínu kjördæmi fram að flytja, og er í raun og veru glaður yfir því að þurfa ekki að óska eftir aðstoð þingsins fyrir það. Það eina, sem jeg flyt við frv., er styrkbeiðni vegna þriggja manna, sem leita eftir styrk í sjerstökum tilgangi.

Jeg skal þá byrja á 7. lið á þskj. 562, þar sem er farið fram á, að fröken Elísabetu Eiríksdóttur kenslukonu á Akureyri sje veittur styrkur til áhaldakaupa handa smábarnaskóla, sem hún hefir þar með Montessori-fyrirkomulagi. Þetta skólafyrirkomulag fyrir smábörn er að ryðja sjer til rúms utanlands, en það mun vera mjög lítið þekt hjer hjá okkur. Kona þessi sigldi til útlanda fyrir tveimur árum og var alllengi utan, til þess að kynna sjer þessa kensluaðferð. Þegar hún kom heim, setti hún upp skóla fyrir smábörn og hefir kent þeim nú síðastl. ár samkv. þessari nýju aðferð. Jeg er því miður ekki nægilega kunnugur þessari kensluaðferð til þess að geta skýrt hana rækilega. En hún mun vera í því fólgin, að börnunum sje kent sem mest á verklegan hátt.

Meðmæli hefir kona þessi frá Þorsteini M. Jónssyni kennara við barnaskóla Akureyrar og fyrrum þm. N.-M. Var hann þá mikið riðinn við mentastörf þingsins. Jeg geri ráð fyrir, að hv. d. geti tekið ummæli þessa þm. til greina sem mikilsverð í þessu máli, og muni því hv. d. taka vel styrkbeiðni þessarar konu vegna skóla síns og veita henni í eitt skifti fyrir öll þessar 1000 kr. til áhaldakaupa, gegn því, að Akureyrarbær leggi fram sömu upphæð.

Þá hefi jeg einnig erindi um styrkbeiðni til handa Magnúsi Pjeturssyni fimleikakennara á Akureyri, til þess að fullkomna sig í leikfimi og skólasmíði og annari handavinnu, sem drengjum er kend í barnaskólum. Akureyrarkaupstaður hefir heitið honum 500 krónum, sem er vitanlega of lítill utanfararstyrkur út af fyrir sig, til þess að hann geti kynt sjer nokkuð til hlítar kensluaðferðir í þessari grein. Skólanefnd barnaskólans á Akureyri hefir gefið þessum kennara hin bestu meðmæli. Í þeirri nefnd sitja Böðvar Bjarkan lögmaður, Elísabet Eiríksdóttir, Jón Steingrímsson og Jón Sveinsson. Þessi fjögur hafa skrifað undir meðmæli með umsókn þessa kennara. Auk þess hefir hann meðmæli margra fleiri góðra manna og kvenna.

Þar sem það er ekki fátítt, að þingið veiti kennurum utanfararstyrki, vonast jeg eftir því, að hv. d. taki vel í þetta og veiti þessar umbeðnu 1000 kr., gegn 500 kr. framlagi frá Akureyrarbæ.

Þá er jeg hjer einnig með beiðni um utanfararstyrk handa Halldóri Halldórssyni byggingarfulltrúa á Akureyri, til þess að kynna sjer nýjungar í húsagerð og starfsemi byggingafjelaga. Maður þessi fór til Þýskalands

1921 til þess að læra byggingarfræði Gekk hann þar á ríkisskóla og lauk námi með ágætri einkunn. Hann kom svo heim 1924 og hefir síðan starfað við húsabyggingar í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, þar til í fyrra, að hann gerðist byggingarfulltrúi Akureyrar Hann er mjög vel að sjer í fræðum þessum og að öllu leyti hinn hæfast maður. Mundi starf hans geta borið mikinn árangur, ef hann gæti farið utan og kynt sjer betur allar nýjungar í byggingarlist og starfsemi byggingarfjelaga. Og eftir þeim undirtektum að dæma, er vist mál, er nú er í hv Nd., fær hjer á Alþingi, nefnil. frv. um verkamannabústaði, má vænta þess, að byggingarfjelög verði mörg stofnuð hjer á næstunni og mikið unnið að byggingum. Skal jeg geta þess, að á Akureyri hafa þegar verið stofnuð 2 byggingarfjelög. Er því alt, sem mælir með því, að þessi maður verði styrktur til utanferðar, svo að hann geti gert sem mest gagn hjer heima.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessar brtt. mínar Þær eru ekki nema 3, og tel jeg það fremur lítið. En hitt vil jeg fullyrða, að allir þessir menn, er sent hafa Alþingi erindi sín, eru vel þess verðir, að það styrki þá að nokkru. Einn hefir þegar fengið viðurkenningu frá Akureyrarkaupstað, þar sem honum hefir verið lofað 500 kr., og jeg tel sennilegt, að bærinn muni og leggja nokkuð fram handa hinum báðum. Má telja það ágæt meðmæli, er slíks er von frá kaupstaðnum. Og ekki mun hann síður fús til að veita þessu fólki styrk, ef á móti kemur nokkurt tillag úr ríkissjóði.

**Jón Þorláksson:** Jeg á XII. brtt. á þskj. 562 ásamt hv. 4. landsk. Hún er þess efnis, að veita Ferðafjelagi Íslands 1000 kr. styrk. Fjelag þetta var stofnað árið 1927, en þó að það hafi ekki starfað nema í fult eitt ár, hefir það unnið töluvert mikið starf. Það hefir meðal annars gefið út árbók fyrir árið 1928. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá, að vekja áhuga landsmanna á ferðalögum um landið, til þess að kynnast náttúru þess og fegurð hennar. Í þessu skyni hefir fjelagið byrjað á að gefa út vandaða lýsingu af merkustu og fegurstu stöðum landsins. Í fyrstu árbókinni er ein slík lýsing, af Þjórsárdal. Það er ekki tilætlun okkar, að fjelagið verði framvegis upp á ríkissjóð komið, heldur viljum við reyna að koma því svo á fót, að það geti starfað af eigin ramleik. Fjelagar voru ekki margir í byrjun, en í lok fyrsta ársins voru þeir orðnir um 400. Fjelagið vildi ekki á fyrsta árinu byrja starfsemi sína öðruvísi en það bjóst við, að hún mundi verða, þegar það væri orðið eins fjölment og ætlast má til að það verði. Þess vegna hefir það kostað meira til starfsemi sinnar en það hafði efni á. Það er ekki víst, að það geti unnið án styrks þetta ár og það næsta, en þar á eftir ætti því að vera borgið. Eins og jeg vona, að hv. þdm. skilji, er þessi liður einn þáttur í starfi, sem orðið er nauðsynlegt, eftir að fólk er farið að safnast saman í fjölmenna kaupstaði. Það verður að gera einhverjar ráðstafanir til þess að það fólk verði ekki viðskila við náttúru landsins og verði andlega og líkamlega mennilegt. Að vísu hafa áhugamenn vakið hjer þróttalíf til

mikils myndarskapar, en það, að koma kaupstaðarbúum í ferðalög út um land, er engu að síður nauðsynlegt. Ferðafjelagið vill og beita sjer fyrir því, að slíkum kynningarferðalögum verði hagað svo, að þau verði ekki á neinn hátt til óþæginda fyrir sveitafólkið, með því að láta menn sem allra mest sjá um sig sjálfa að því er allan aðbúnað snertir. Við hv. 4. landsk. sem báðir erum í stj. þessa fjelags viljum beina þeirri ósk til hv. dm., að þeir líti mildum augum á þessa litlu brtt., sem við vonum, að þurfi ekki að verða föst árleg útgjöld, heldur aðeins hjálp þetta árið og næsta ár.

Af öðrum till., sem fram eru komnar, er bara ein, sem mjer finst vera ástæða til að gera að umtalsefni, en það er till. hv. fjvn. nr. 16 á þskj. 540, um að fella niður lítinn styrk, sem Nd. hafði samþ. til gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Jeg tók eftir ummælum hv. frsm. n. um þetta og fanst þau bera þess vott, að ekki hefðu legið fyrir nógu ítarlegar upplýsingar um þetta mál. Hann sagði, að hinn svo kallaði gagnfræðaskóli væri sjerskóli fyrir einstaka menn, sem þeir gætu haldið uppi styrklaust, enda hefðu nemendur átt kost á að fara aðra leið, ef þeir hefðu viljað njóta ríkisstyrks. En þessi skóli er svo til kominn, að vorið 1928 var ákveðið af kenslumálaráðuneytinu að veita ekki viðtöku nema einum bekk í gagnfræðadeild mentaskólans. Nú var gagnfræðadeildin sá gagnfræðaskóli, sem Reykvíkingar áttu helst aðgang að og aðrir nærsveitamenn. Jeg ætla ekki í sambandi við þessa fjárveitingu að deila neitt á kenslumálaráðuneytið fyrir þessa ráðstöfun. Því var borið við, að húsrúm leyfði ekki fleiri nýja nemendur. Það var að vísu rjett, en þessi ráðstöfun var alveg óvenjuleg að því leyti, að snögglega var færður niður til hálfs sá nemendafjöldi, sem árlega hafði fengið inngöngu í skólann. Til að bæta úr þessu var það ráð tekið að setja upp sjerstakan skóla fyrir þá, sem höfðu staðist inntökupróf í mentaskólann, en ekki fengið nógu hátt próf til að fá að komast í skólann. Og það hefir verið svo mikil aðsókn að þessum nýja skóla, að honum hefir verið skift í tvo bekki.

Þegar litið er á það, hvort þessi fjárveiting er sanngjörn eða ekki, má benda á það, að hver bekkur í hinum almenna mentaskóla kostar ríkissjóð 8—10 þús. kr. Og þó að ekki sje litið til annars en þess, að einum bekk hefir verið neitað um inntöku í mentaskólann, er það ekki kostnaðarsöm ráðstöfun að greiða 2000 kr. fyrir að vera laus við þann bekk úr mentaskólanum. Þá má bæta því við, að ef gerður er samanburður við hjeraðsskólana eða frv. stj. um gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri, er 1000 kr. styrkur á bekk töluvert lægri en þar er gert ráð fyrir. Þar er minst gert ráð fyrir 1600 kr. á bekk, auk framlags í kaupi fastra kennara.

Að nemendur hefðu getað snúið sjer í skóla þann, sem stofnaður var á síðasta þingi, er því að svara, að sá skóli var húsnæðislaus og ekki vel útbúinn. Til hans var ekkert lagt af því opinbera, nema tveir kennarar. En aðalatriðið er þó það, að sá skóli hefir annað markmið en að búa nemendur undir inntöku í hinn almenna mentaskóla. Margir af þeim nemendum, sem stóðust inntökupróf í mentaskólann,

vilja búa sig undir að ljúka gagnfræðaprófi, til þess að geta haft rjett til að halda áfram námi í mentadeild mentaskólans. En bráðabirgða-ungmennafræðslan hefir ekki það markmið. Það eru því góðar og gildar ástæður til þess, að gagnfræðaskólinn var stofnaður. Og það er ekki nema fjárhagsljettir fyrir ríkissjóð að styrkja skólann með 2000 kr., á móts við það, ef nemendur hans hefðu farið í ungmennaskólann.

Mjer þótti leiðinlegt að heyra þá fullyrðingu, að skólinn væri sjerskóli fyrir einstaka menn, og þá var auðvitað átt við efnamenn. En það er nú ekki svo, að það sjeu eingöngu börn efnamanna, sem verða fyrir því óhappi að tilheyra neðri helming þeirra, sem standast inntökupróf. Skólann hafa sótt jöfnum höndum börn efnaðra og fátækra manna, og ekki einungis bæjarmanna. Það væri kannske mögulegt, að bæjarmenn gætu kostað skólann af eigin ramleik, en mjer finst ekki sanngjarnt að neita Reykvíkingum um þetta, þegar litið er til þess, hversu miklar tekjur ríkissjóði aflast vegna atvinnu Reykvíkinga. Reykvíkingar hafa int sín gjöld af hendi með glöðu geði, og þá er leiðinlegt, að ríkissjóður skuli ekki geta greitt svona lágan og sanngjarnlegan styrk til kenslu, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegt er að halda uppi, þar sem aðsókn hefir orðið svo mikil að skólanum sem raun ber vitni um. Jeg vænti þess fastlega, að hv. d. geti látið þessa upphæð standa.

**Jón Jónsson:** Mjer þótti vænt um það sem form. fjvn. að fá þakklæti frá hæstv. fjmrh. fyrir afgreiðslu fjárl. Jeg átti ekki von á beinu þakklæti, því að jeg álít skyldu mína að afsaka, hvað fjvn. rak starfið áfram, en það var að miklu leyti mjer að kenna. Starf fjvn. tel jeg hiklaust vera merkasta starfið, sem Alþingi hefir með höndum. Jeg get að talsverðu leyti tekið undir það með einum gömlum og reyndum fyrv. þm., sem komst svo að orði, að hvert það þing, sem færi sæmilega með fjármálin, teldi hann vera gott þing, hvernig svo sem það færi með önnur mál, en það þing, sem afgreiddi fjármálin illa, teldi hann vont þing, þó að það að öðru leyti hefði unnið að ýmsum umbótum. Jeg álít, að það sje eitt aðalatriðið til þess að varðveita sjálfstæði þjóðarinnar, að fjármál hennar sjeu í góðu lagi. En jeg á ekki eingöngu við það, að sem mestu sje safnað í ríkissjóðinn, heldur engu síður, að ýmsar ráðstafanir sjeu gerðar þjóðinni til heilla og tekjur og gjöld að minsta kosti látin standast á.

Það, sem olli því, að brýn nauðsyn var að flýta starfi fjvn., er það, hvað orðið er áliðið þings. Eins og hv. frsm. tók fram, voru liðnir 75 dagar af þingtímanum, þegar fjárl. komu hingað. Það er líklega einsdæmi í sögu Alþingis. Jeg hefi ekki rekið mig á, að það hafi nokkru sinni tekið meira en 60 daga fyrir Nd. að afgr. fjárlögin. Jeg er ekki beinlínis að segja þetta í ásökunarskyni við hv. Nd. Hún hefir sennilega gildar afsakanir fram að færa, en þó var það að ýmsu leyti óheppilegum vinnubrögðum að kenna, hversu seinlega þetta gekk. Á jeg í því efni einkum við eldhúsdagsumr., sem stóðu miklu lengur nú en áður hefir tíðkast, og var aðallega andstæðingum stj. um að

kenna. En það skiftir auðvitað ekki mestu máli, hvort þingið stendur yfir vikunni lengur eða skemur. Hitt er aðalatriðið, að meðferð málanna sje góð. Ef litið er á meðferð Nd. á fjárl., má segja, að hún sje sæmileg, en ekki heldur meira. Þegar fjárl. komu frá hæstv. stj., var tekjuafgangur rúmar 50000 kr. Nd. hækkaði tekjuhliðina um 650 þús., en samt skilar hún fjárl. með 47700 kr. tekjuhalla. Gjöldin hafa sem sje aukist um 750 þús. kr., og það er æðimikið.

Það skal þó viðurkent, að rúmar 300 þús. af þessari gjaldahækkun eru leiðrjettingar á lögboðnum gjaldaliðum (berklavarnakostnaði, jarðræktarstyrk, til sýsluvegasjóða), sem reynsla síðasta árs sýndi að voru of lágt áætlaðar hjá stj.

Mjer skildist á hv. þm. Seyðf., að hann áliti tekjuáætlunina svo varlega, að óhætt mundi að auka útgjöldin til nokkurra muna. Jeg álít, að áætlunin sje það teygð, að hún samsvari þeim tekjum, sem gera má ráð fyrir á góðu meðalári. Í því efni má ekki miða við síðastliðið ár, því að það var svo óvenjulega gott. Hinsvegar vil jeg benda á, að það, sem kann að fara fram úr því, sem tekjurnar eru áætlaðar, mun ekki reynast of mikið til þess að mæta sjálfsögðum og auknum útgjöldum, t. d. vegna alþingishátíðarinnar 1930. Þá er enn eitt, sem ekkert tillit hefir verið tekið til, og það eru útgjöld, sem ákveðin eru með sjerstökum lögum og verða sjálfsagt ekki minni en á annað hundr. þús. kr., þó að ekki verði framkvæmt neitt af þeim hafnarlögum, sem þingið hefir samþ. og nema miklum útgjöldum fyrir ríkissjóð. Það er augljóst, að tekjurnar verða ekki auknar með því að hækka tekjuáætlunina. Þess vegna verður þingið að fara varlega í það og ekki lengra en þm. geta með góðri samvisku varið.

Jeg hygg, að í þessum fjárl. sje áætlað miklu meira en venja hefir verið áður til verklegra framkvæmda, eða um 3 milj. kr., og það er gott og ánægjulegt. Ef útgjöldin hækka til muna í meðferð þessarar hv. þd., þá er nú samt ekki annað ráð fyrir höndum en að ráðast á hinar verklegu framkvæmdir og klípa af framlögum til þeirra, því að helst af öllu megum við til að afgr. fjárl. án tekjuhalla.

Þetta eru nú aðeins almennar aths. um fjárlfrv.; jeg er svo heppinn að eiga sjálfur enga brtt. við það. Annars ætla jeg ekki að ganga fram fyrir skjöldu og mæla fyrir hv. frsm., sem mun svara rækilega fyrir sig, enda flutti hann glögga og rækilega ræðu um till. fjvn.

Jeg get þó ekki stilt mig um að minnast á eina brtt., III. á þskj. 562, frá hv. þm. Seyðf. og hv. 4. landsk., sem jeg held, að sje stærsta brtt. við fjárl. við þessa umr., og fer hún fram á, að veittar verði 27 þús. kr. til akvegar yfir Fjarðarheiði, gegn 3000 kr. annarsstaðar frá. Og þegar af þeirri ástæðu, að hún er stærsta till., verður að athuga hana sjerstaklega. Ef hún verður samþ., þá er því um leið slegið föstu, að það verði ekki aðeins þessar 27 þús. kr., sem um er að ræða, heldur stórkostleg útgjöld, þegar áfram verður haldið. Þá er full ástæða til að athuga, hvort nauðsyn sje til þessarar vegalagningar og hvort hún muni koma að miklu gagni. Eins og kunnugt er, þá er þarna um að ræða stórt og

blómlegt hjerað, sem fyrir nokkrum árum hefir fengið akvegarsamband við Reyðarfjörð. Sú braut liggur eftir Fagradal, sem er brattaminsta leiðin upp á hjeraðið og er um 35 km. á lengd. Nú vilja flm. þessarar till. fá akveg yfir Fjarðarheiði, sem mun vera 27½ km. á lengd. Þessar akbrautir skerast undir eins og kemur upp í hjeraðið. Nú vil jeg spyrja hv. þdm. og flm. þessarar till., hvort það sje forsvaranlegt að leggja fje til tveggja akbrauta frá kauptúnum upp í þetta hjerað, meðan akvegir eru ólagðir víða um land. Jeg held, að hjeraðinu sje vel borgið með einni braut frá kauptúni, og því er miklu meiri nauðsyn á víðtækari akvegum innan hjeraðs en tveimur vegum út úr því til hafnar. Á Hjeraði vantar víða vegi, t. d. veit jeg ekki betur en vanti akfæran veg heim að Eiðaskóla. Þá er á það að líta, hvort hjeraðið verður meiri gæða aðnjótandi með því að fá akvegarsamband við Seyðisfjörð heldur en það hefir nú með sambandi við Reyðarfjörð. Það hygg jeg, að ekki geti komið til mála. Að því er verslunina snertir má geta þess, að á Reyðarfirði starfar eitt af bestu kaupfjel. á landinu, Kaupfjelag Hjeraðsbúa. Jeg hygg, að eins gott sje fyrir sveitirnar að fá keypt fiskifönga á Reyðarfirði eins og á Seyðisfirði. Um markað fyrir landbúnaðarafurðir Hjeraðsbúa mun engu síður heppilegt að vera í sambandi við Reyðarfjörð en Seyðisfjörð. Frá Reyðarfirði er langt komið akvegi til Eskifjarðar og fyrirhuguð vegasambönd við Neskaupstað í Norðfirði. Syðri leiðin opnar víðtækari markaðssamband fyrir Hjeraðsbúa en sú nyrðri. Aftur á móti má segja, að fleiri skip komi til Seyðisfjarðar en Reyðarfjarðar, en jeg hygg, að það hafi ekki sjerstaka þýðingu, vegna þess að reglulegar strandferðir aukast nú óðum. Þess vegna get jeg ekki sjeð, að hjeraðið hafi neina sjerstaka þörf fyrir þennan veg eða það verði betur sett, þó að hann komi. Munurinn á þessum vegalengdum er aðeins 7½ km., og skiftir það ekki miklu máli og getur engan mun gert á flutningskostnaði. Jeg hefi kynt mjer umsögn vegamálastjóra um vegastæðin; leiðin yfir Fjarðarheiði er miklu brattari og erfiðari fyrir vagna, hallinn er 1:8 eða máske 10; á syðri leiðinni — Fagradalsbraut — er hallinn helmingi minni. Auk þess mundi nyrðri leiðin verða ófær vögnum meiri hluta ársins, vegna þess að vegurinn liggur svo hátt; á 4 km. löngum kafla verður hann 600 m. yfir sjávarflöt, samkv. því, er stendur í skýrslu vegamálastjóra. Aftur á móti er Fagradalsbrautin ekki meira en 200 m. yfir sjávarflöt. Verkfræðingur, sem var á ferð yfir Fjarðarheiði um mánaðamótin júní og júlí síðastl. sumar, sagði, að þá hefði á nokkrum stöðum verið snjór og ófærð fyrir hesta á veginum. Og þó var þetta í góðu árferði. Af því má marka, að hvaða gagni slíkur vegur kæmi í vondri tíð og úrkomusumrum. Brautin yrði í hæsta lagi nothæf 3 mánuði af árinu fyrir vagna. Og þó er ekki alt sagt enn. Þessi vegur, sem er aðeins fullir 27 km., er áætlað, að muni kosta 400 þús. kr., og mundi það því verða einn allra dýrasti vegurinn á landinu. Hvaða vit er nú að leggja í þetta, þegar svo mikið er ólagt af vegum um sveitirnar, og þar sem ekki

er sjáanlegt, að vegurinn komi að meira gagni en þegar er bent á? Auk kostnaðarins við að leggja veginn yrði viðhaldið gífurlegt. Einhver kann nú að segja, að hjer sje ekki alt tekið til athugunar; það þurfi líka að líta á þetta mál frá sjónarmiði Seyðfirðinga. Það er hvorttveggja, að Seyðisfjörður er lítill kaupstaður, enda á að taka tillit til sveitanna, en ekki kauptúnanna um lagningu vega. Seyðisfjörður hefir mjög góðar samgöngur á sjó í allar áttir, svo að óþarft er að miða þetta samgöngutæki við hann. Því hefir verið hampað, að mikill áhugi væri á þessu máli þar eystra, og vera má, að þetta kunni að verða til einhverra hlunninda fyrir Seyðisfjörð, en jeg tel ekki nauðsynlegt að kosta svona miklu til að fullnægja því. Vitanlega má altaf safna áskorunum meðal almennings um, að ríkissjóður leggi fram fje til slíkra fyrirtækja sem þessa, ef menn þurfa ekki sjálfir að leggja fram fje á móti. Nú hefir verið á það bent, að Seyðfirðingar hafi lofað að leggja eitthvað lítilræði fram til þessa vegar, en jeg lít svo á, að það fje gætu þeir lagt í eitthvað annað, sem þeim væri þarfara en þessi brautarbygging. Þeim getur varla verið svo mikil nauðsyn á að losa sig við peninga í jafnvafasama framkvæmd. Mjer skildist á hv. þm. Seyðf., að áhuginn væri aðallega á Seyðisfirði, enda mun hann vera lítill annarsstaðar. Mjer hefir skilist á vegamálastjóra, að hann væri sömu skoðunar um, að lítið vit væri í þessari vegalagningu eins og nú stæði. Að vísu gerir hann ráð fyrir, að vegurinn kunni að verða lagður einhverntíma, en það eigi alls ekki að láta hann ganga fyrir öðrum vegum, sem að kalla. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer kafla úr áliti vegamálastjóra, sem sýnir þetta:

„Um nauðsyn þessa vegar þá vil jeg taka þetta fram: Að Fljótsdalshjeraði er nú akvegur um Fagradal til Reyðarfjarðar. Er það að vísu heldur lengri leið til hafnar en um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar, en þess gætir þó engan veginn í þessu sambandi, enda yrði vegurinn um Fjarðarheiði miklu örðugri vegna bratta og á kafi í snjó miklu lengri tíma að vetrinum. Hjeraðinu væri vitanlega talsverður hagur í að fá góðan akveg til Seyðisfjarðar, vegna viðskifta bæði við kaupstaðinn og þau skip, sem eru æðimörg, er þar koma. Hinsvegar er það auðvitað Seyðisfjarðarkaupstaður, sem mundi hafa hag af að fá greiðar samgöngur í þessa bestu sveit Austurlands. Jeg lít svo á, að þessa akbraut beri að leggja, en jeg sje ekki, að unt verði að hefjast handa á næstunni án þess að draga fje frá öðrum vegabótum, sem að mínu áliti verða að sitja fyrir".

Þetta er hans álit, að vegurinn eigi ekki rjett á sjer meðan jafnmikið er ógert af öðrum akvegum. Jeg tel, að þetta skifti alls engu máli fyrir hjeraðið, og þegar spilin liggja þannig, að mismunur á vegalengdunum er ekki nema rösklega 7 km., þá er með öllu óhæfilegt að leggja í þetta fyrirtæki. Læt jeg svo útrætt um þetta atriði að sinni, en sný mjer með örfáum orðum að tveimur öðrum brtt.

Fyrri till. er frá hv. 4. landsk., um 1000 kr. utanfararstyrk til eins læknis, hin till. er frá fjvn., um 1000 kr. hækkun á utanfararstyrk lækna. Það

er að vísu vorkunn, þó að slíkar till. komi fram um fjárveitingar til einstakra manna; en jeg greiði atkv. á móti þessum till. báðum og álít, að þær eigi að falla, einkum vegna þess, að þær geta dregið stóran dilk á eftir sjer. Það er betra að hafa aðeins eina upphæð í fjárl., sem heilbrigðisstjórnin ráðstafar í þessu augnamiði, heldur en að þm. sjeu að bítast um einstakra manna styrki. Jeg skal ekki beinlínis setja mig á móti því, að upphæðin til utanfararstyrkja hjeraðslækna verði hækkuð lítið eitt, en jeg leyfi mjer að óska eftir því, að aths. verði feld niður.

Jeg get verið þakklátur hv. 4. landsk. fyrir það, að hann hefir tekið upp till. um styrk til Jóns Leifs, til þess að undirbúa starfsemi við væntanlegt ríkisútvarp. Jeg hefi, eins og flestir sveitamenn, gert mjer miklar vonir um ríkisútvarpið og vænti, að stj. komi því sem fyrst í framkvæmd, og þá veltur mikið á, að sem best sje til þess vandað. Jón Leifs hefir getið sjer góðan orðstír sem hljómsveitarstjóri og verið viðurkendur af erlendum fræðimönnum á því sviði. Hann stendur nú á tímamótum og vill vinna þjóð sinni sem mest gagn á þessu sviði. Að öðrum kosti verður hann að gerast ríkisborgari í öðru landi, til þess að geta fengið þar fasta stöðu. Jeg held, að honum falli það mjög þungt, ef hann fengi ekki að neyta sín hjer heima, og mjer er ekki grunlaust um, að þjóðin mundi sjá eftir því síðar. Jeg vona því, að þessi upphæð verði samþ. Það er í fullu samræmi við þær áskoranir, sem stj. hefir fengið um að útvega sem besta starfskrafta til útvarpsins, ef hún tryggir því krafta þessa manns.

Jeg vil aðeins geta þess út af því, sem hv. 1. þm. G.-K. sagði um Flensborgarskólann, að hv. Nd. hefði sett inn sjerstaka fjárveiting til hans með miklum atkvæðamun, að þá er það rangt, en hitt rjett hjá mjer, að fjárveitingin var samþ. með eins atkv. mun. (**BK**: Það er rjett hjá báðum). Jæja, við skulum segja það. Jeg held, að hv. þm. þurfi ekki að vera mjög syrgjandi. Flensborgarskólinn fær sitt tillag; en vitanlega er hann alls ekki sambærilegur við Eiðaskóla eða gagnfræðaskólann á Akureyri, vegna þess að þeir eru ríkisskólar, en það er Flensborgarskólinn ekki. Annars vænti jeg, að hv. frsm. svari þessu, og þarf jeg ekki að segja fleira um það.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg mun eiga hjer tvær brtt., ásamt hv. 4. landsk., á þskj. 562. Fyrri brtt. er hin IV. í röðinni á áðurnefndu þskj., við 14. gr. B. II. o., nýr liður. Það er styrkbeiðni íslenskra háskólakvenna, þar sem þær fara fram á það, að Alþingi veiti þeim 2000 kr. styrk, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna, sem haldið verður í Genf á komanda sumri, dagana frá 4.—11. ágúst. Þetta mál hefir verið flutt í hv. Nd., og jeg hygg, að það hafi mætt þar nokkrum skilningi og vinsemd, en fyrir óhapp, sennilega mest, náði það þó ekki samþ. þar.

Eins og erindi þeirra ber með sjer, hafa íslenskar háskólakonur síðastliðið ár stofnað með sjer fjelagsskap, og hafa svo gengið í það samband, sem slíkur fjelagsskapur háskólakvenna í

öðrum löndum hefir með sjer, og ætla nú að sækja þing þessa fjelagsskapar, ef þær fá þennan styrk. Það sýnist kannske í fljótu bragði svo, sem hjer sje ekki að ræða um neitt stórmál, en það er nú samt svo. Oft er það þyrnum stráð braut, bæði fyrir karla og konur, að leggja út á mentabrautina; ætla jeg því, að það geti orðið íslenskum háskólakonum styrkur á ýmsa lund og menningarauki að vera komnar í þetta alþjóðasamband háskólakvenna í öðrum löndum, sem á ítök í 31 ríki. Tilgangur þessa fjelagsskapar er:

1) Að veita styrk, bæði til náms og vísindarannsókna, sem kvenstúdentar af öllum þjóðum hafa aðgang að.
2) Að gangast fyrir því að koma upp heimilum og gististöðum fyrir háskólakonur og aðrar í helstu borgum Evrópu og Ameríku.
3) Að greiða götu þeirra háskólakvenna, sem eru á ferð í öðrum löndum, og gefa þeim tækifæri á því að kynnast erlendum háskólum, sem oft getur haft stórmikla þýðingu, og
4) Að veita starfsmönnum, t. d. kennurum, læknum, vísindamönnum, tækifæri til þess að dvelja erlendis um stundarsakir, með því að gera þeim kleift að hafa skifti á störfum við erlendar starfssystur.

Má nærri geta, hverja þýðingu það getur haft fyrir nám þeirra háskólakvenna, sem geta notið þessarar auknings á kunnáttu sinni og bætt þannig við nám sitt.

Nú liggur það í augum uppi, að fyrir fámenna og afskekta þjóð hefir þetta ekki hvað minsta þýðingu; jeg veit að allir hv. þdm. þekkja það af eigin reynslu, að það verður ekki metið til peninga að kynnast mörgu og sjá sem flest í hinum ýmsu menningarlöndum.

Þetta fjelag, sem íslenskir kvenstúdentar hafa stofnað, er ungt og má því ekki búast við, að mikið liggi eftir það; en það má þó geta þess, að þær hafa þegar komist í allmikil brjefaviðskifti við þær útlendu konur, sem standa að alþjóðasambandi háskólakvenna, og hafa þær fengið fyrirspurnir um ýmislegt, sem snertir bæði land og lýð, um háskóla vorn, um íslenskar bækur, sem vert væri að þýða á erlend mál. Einnig hefir verið spurst fyrir um góða þýðendur að bókum, hvort heldur þýða ætti af íslensku eða á. Nú er þessum háskólakonum vorum boðið að senda einhvern á þetta fulltrúaþing í sumar, og jeg er í engum vafa um það, að vert er að styrkja þær til að geta sótt þennan fund. Auðvitað verður ekki um það að ræða, að senda nema einn fulltrúa, því að leiðin er löng og ferðalagið dýrt. Fjelag ísl. háskólakvenna fer samt ekki fram á nema 2000 kr. styrk; það er að vísu upphæð, sem þær munar um, fáar og fjelausar, en hið háa Alþingi, sem hefir með höndum svo margar styrkveitingar, skilur, að þetta, miðað við aðrar styrkveitingar, er ekki stór upphæð. Fái þær ekki styrkinn, telja þær sjer ókleift að sækja þennan fund, og vil jeg biðja hv. þdm. að athuga, hvers þær fara á mis, ef þær geta ekki fengið þessa ósk sína uppfylta.

Jeg skal benda á það, að í fjárlögunum hefir um allmörg ár verið veitt fje til markaðsleita. Hjer er ekki verið að leita eftir markaði í venjulegum

skilningi, en þó er það nokkurskonar markaður, sem þær fara á. Þær fara utan til að kynna land og þjóð og til að kynnast því besta, sem aðrar þjóðir hafa að bjóða. Nú geta þær eignast og munu eignast vini, og það er öllum kunnugt, hverjar afleiðingar vinátta og viðkynning getur haft, ekki aðeins persónulega fyrir þá, sem vingast og kynnast, heldur og fyrir áhrif þau, sem það aftur hefir á þjóðirnar. Sje konum nokkurrar þjóðar nauðsyn á að fara utan og komast í kynni við konur menningarþjóða, þá er það konum okkar, þessarar fámennu og afskektu menningarþjóðar. Jeg er heldur ekki í nokkrum vafa um það, að ef háskólakonur geta haldið áfram að sækja þessa fundi, þá munu þær ekki aðeins sækja þangað ýms andleg verðmæti, heldur líka miðla einhverju af þeirri menningu, sem þær eiga, og hygg jeg, að íslenskar háskólakonur, sem slík mót sækja, þoli vel samanburð við aðrar fjelagssystur sínar.

Jeg hefi átt kost á því, bæði fyr og síðar, að kynnast mörgum háskólakonum, og þótt jeg sje ekki stúdent, kann jeg vel að meta það gagn, sem orðið getur af alþjóðlegri viðkynningu háskólakvenna.

Jeg sagði áðan, að mikið fje væri árlega veitt til markaðsleita, og vík jeg nú að því aftur. Hjer er um það að ræða að fara í markaðsleit og finna andlegt verðmæti og gera það arðberandi hjer heima fyrir. En förin er líka farin til þess að sýna, hver andleg verðmæti við eigum, og jeg er sannfærð um, að þær konur, sem nú eru í þessum fjelagsskap, og þær, sem hann skipa í framtíðinni, munu halda merkinu hátt og með heiðri og verða að öllu leyti jafnokar þeirra kvenna, sem þær heimsækja á hverjum tíma.

Jeg vænti þess, að hv. þdm. sýni góðan hug til þessara kvenna, sem hjer er um að ræða. Það er framtíðin, sú braut, sem þær eiga ófarna, sem við styðjum og styrkjum með því að hjálpa þeim til að komast á þennan fund, og við væntum, að við fáum að endurgjaldi andleg verðmæti, sem jeg get ekki metið til peninga. Jeg vona því, að þetta erindi fái þær undirtektir hjer, að háskólakonum vorum verði unt að senda fulltrúa á áðurnefnt þing í Genf.

Þá á jeg hjer aðra brtt., einnig ásamt hv. 4. landsk. Það er XI. brtt. á sama þskj., við 16. gr. 35, nýr liður: Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, 2000 kr. Hún sækir nú til Alþingis um styrk til utanfarar á þessu sumri, til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín. Þessi kona er svo þjóðkunn, að jeg þarf ekki að tala langt mál um hana; hv. þdm. vita best, hverja verðleika þessi kona hefir til þess að henni verði veittur slíkur styrkur sem þessi. Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir er, eins og öllum er kunnugt, fyrsta konan eða með þeim fyrstu, sem hófu baráttuna fyrir jafnrjetti kvenna og um leið beindu hugum kvenna inn á þá braut, að ástandið væri ekki fyr gott en þau rjettindi væru fengin, sem þær svo síðar öðluðust með stjórnarskrárbreyt. árið 1915. Ef nokkur kona hefir unnið því máli gagn, þá er það frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir. Hún stofnaði Kvennablaðið, árið 1895, og hjelt því út í 25 ár. Fyrstu árin flutti blaðið ýmsan fróð-

leik, sögur, kvæði og ýmislegt, sem laut að uppeldi barna og bættum heimilisháttum, en svo eftir nokkur ár breytti hún stefnu blaðsins og fór að flytja mestmegnis ritgerðir um kvenrjettindi. En þetta jók hvorki vinsældir hennar nje blaðsins, og blaðið misti fjölda kaupenda, en hún hjelt áfram að skrifa og skrifa og blaðið hjelt áfram að koma út, þangað til rjettindin voru fengin. Sömuleiðis hefir frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir oft farið utan til þess að sækja fundi þeirra kvenna, sem barist hafa fyrir framgangi kvenrjettindamálsins, og til þess að sækja fundi alþjóðasambands kvenna, sem hefir orðið til þess, að hún hefir kynst ýmsum þörfum málefnum, sem hún svo hefir reynt að kveðja hljóðs fyrir hjer heima; einnig hefir margur útlendingur kynst málefnum okkar hjer heima fyrir hennar milligöngu. Nú er hún komin á þann aldur — hún er nú 73 ára —, að hún er hætt að starfa að þessum málum. Hún stofnaði Hið íslenska kvenrjettindafjelag árið 1908 og veitti því forstöðu, þar til fyrir nokkrum árum, að dóttir hennar, ungfrú Laufey Valdimarsdóttir, tók við forstöðu þess af henni. Þó er hún albúin þess að leggja einu sinni enn út í heim til að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín, sem á að halda þar í byrjun júnímánaðar í sumar. Þessi fundur er haldinn í Berlín á þessu ári vegna þess, að liðin eru 25 ár frá því að sambandið var stofnað á fundi á sama stað. Þótt hún fari ekki sem fulltrúi fyrir Hið íslenska kvenrjettindafjelag, þá fer hún þó sem aldursfulltrúi þess, til að taka þátt í fögnuði kvenrjettindasambandsins yfir því, sem áunnist hefir á þessum 25 árum. Jeg fyrir mitt leyti teldi það þess vegna rjett, og vildi mælast til þess við hv. þdm., að þeir litu einnig svo á þetta mál, að henni verði veittur þessi styrkur í viðurkenningarskyni fyrir starf hennar hjer heima og fyrir að kynna mál okkar á þingum í alþjóðasambandi kvenna, sem hún hefir oft setið á liðnum árum. Hún tekur sjálf fram í erindi sínu til þingsins, sem jeg vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Það getur vel verið, að hinu háa Alþingi finnist þetta lítið nauðsynjamál og ekki þess vert að kasta fje til þess. Jeg vil ekkert um það segja. En án ferðastyrks hefi jeg engin tök á að fara. Mjer finst, að jeg hafi ekki gert mikið að því að kvabba út ferðastyrki handa mjer, þótt jeg hafi farið til útlanda í ýmsum erindum, sem þó hafa komið aftur að einhverju gagni hjer heima, gegnum Kvennablaðið þau 25 ár, sem jeg gaf það út, og fyrirlestra, með auknum fróðleik á ýmsu, sem jeg hefði ekki getað fengið, ef jeg hefði aldrei farið út fyrir landsteinana".

Þetta segir hún sjálf um styrkbeiðni sína. Hún tekur það ennfremur fram, að sá minsti ferðastyrkur, sem hún geti komist af með, sje 2000 ísl. kr. og sömuleiðis, að fái hún ekki styrkinn, þá geti hún ekki farið. Ennfremur mælist hún til þess, að Alþingi mætti þóknast að veita þessa upphæð í fjáraukalögum fyrir 1929.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um styrkbeiðni þessa. Jeg vona, að hv. þdm. taki hana til velviljaðrar meðferðar og greiði henni atkv. sín.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg ætla einungis að víkja lítið eitt að

þeim brtt., sem jeg hefi flutt við þessa umr. Fyrsta brtt. mín er á þskj. 562, 1. liður. Þar er ekki farið fram á nýtt fjárframlag úr ríkissjóði, heldur aðeins að ákveða, hvað ritari hæstarjettar hafi í laun. Er þessi brtt. flutt samkv. tilmælum dómstjóra hæstarjettar. Ritarar hæstarjettar hafa haft 250 kr. á mánuði, og þykir rjett að fastákveða launakjör þeirra óbreytt framvegis. Þessi brtt. veldur því tæplega ágreiningi, og sje jeg því ekki ástæðu til að ræða meira um hana að sinni.

Þá kem jeg að annari brtt. minni á þskj. 562, og er það 15. liður. Er hún í tveim liðum, og fer hvortveggja fram á breyt, á 18. gr. Fyrri liðurinn er um að veita Jakob Thorarensen 1000 kr. styrk. Tilefnið til þessa er það, að till. fjvn. um 1000 kr. skáldastyrk til Stefáns frá Hvítadal hefir verið samþ. En eins og kunnugt er, hafa þessi tvö skáld, Stefán og Jakob, löngum verið látnir fylgjast að hvað snertir styrkveitingar, og nú síðast í vetur veitti mentamálaráðið hvorum þeirra 1500 kr., og mun það hafa til þess ætlast, að sama yrði látið yfir báða ganga af hálfu fjárveitingavaldsins. Nú hefir hv. Nd. tekið annan þeirra og ætlað fastan skáldastyrk í 18. gr. Þess vegna vildi jeg, að hinn væri einnig tekinn upp og látinn njóta sama rjettar, með því að þessi tvö skáld eru af mörgum talin álíka að verðleikum til opinberrar viðurkenningar. En verði hinsvegar feld till fjvn. um lækkun styrks til Stefáns frá Hvítadal úr 2000 kr. niður í 1000 kr., þá tel jeg sjálfsagt, að sama verði einnig látið ganga yfir Jakob.

Annar liður brtt. er um 1000 kr. styrk til Sigurðar Pjeturssonar fangavarðar. Maður þessi er nú kominn yfir sjötugt og getur aldurs vegna ekki gegnt störfum sínum lengur. Hann hefir verið fangavörður lengi, en efnahagur hans mun vera fremur þröngur, og hann hefir sjálfur tjáð mjer, að hann treysti sjer ekki til að komast af án lífeyris. Mjer virðist því öll sanngirni mæla með því, að honum sje veittur nokkur lífeyrir, því að enda þótt engin lagaskylda hvíli á fjárveitingavaldinu til þess, þá mun hann þess vel verðugur, að hann njóti sömu rjettinda og aðrir starfsmenn ríkisins, sem sambærilegir mega teljast.

Loks er síðasta brtt. mín á þskj. 562. Hún fer fram á, að aftan við 23. gr. II. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

„Að greiða úr ríkissjóði lán það, 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur að Reykholti, enda sýni hlutaðeigandi sýslur í verki, að þær vilji afla skólanum góðra húsakynna".

Þessi till., eða sama efnis, kom fram í Nd. fyrir flutning hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. En till. fjell með nálega jöfnum atkv. Mun það hafa stafað að verulegu leyti af því, að margir þm., sem annars eru málinu velviljaðir, vildu fyrst vita með vissu, hvort hlutaðeigandi sýslur vildu nokkuð á sig leggja eða nokkru fórna fyrir þetta mál. Síðan þetta skeði hefir Mýrasýsla tekið ákveðna afstöðu til málsins. Hún hefir ákveðið að veita 30 þús. kr. til þess að byggja skólann í Reykholti, gegn jöfnu framlagi frá Borgarfjarðarsýslu og með því skilyrði, að landið legði til jörðina með gögnum öllum

og gæðum, svo sem hverum og laugum. Með þessu hefir Mýrasýsla sýnt meiri áhuga og meiri skilning og fórnfýsi í þessum málum en dæmi eru til með nokkra sýslu á landinu. Nú stendur sýslufundur Borgarfjarðarsýslu fyrir dyrum næstu daga, og er nú alt komið undir því, hvernig ríkið tekur í málið. Er nú þingsins að taka tafarlaust ákveðna afstöðu til málsins, og að mínu áliti hlýtur sú afstaða að verða tekin á einn veg.

Jeg skal nú ekki að sinni lýsa ástandi Hvítárbakkaskólans nje þeim ástæðum, sem þess eru sjerstaklega valdandi, að þetta mál hefir verið tekið til athugunar af hálfu hjeraðanna. Stofnandi skólans er, eins og kunnugt er, Sigurður heitinn Þórólfsson. Veitti hann skólanum forstöðu til 1918 og seldi hann þá fjelagi fimm bænda í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum fyrir 50 þús. kr. Hafa þessir menn síðan haldið skólanum í gangi og hefir það verið mjög miklum erfiðleikum bundið. Þó hefir aðsókn verið mikil, enda skólinn mjög ódýr, og yfirleitt hefir starfræksla skólans gengið mjög sæmilega að öðru leyti en því, að altaf hefir orðið nokkur fjárhagslegur halli, vegna þess að hvorki jörðin nje skólinn gat svarað rentum af því fje, sem upphaflega var lagt í hann. Húsakynni skólans eru mikil, en ekki að sama skapi vel bygð. Nú búa þar 60 nemendur í heimavist og 3 kennarar, þar af 1 giftur og 2 einhleypir. Húsin eru sumpart úr steini, sumpart úr timbri, en öll eiga þau sammerkt í því, að þau eru ljelega bygð, gisin og köld. Stendur hver vindstroka í gegnum þau og veldur það mikilli óhollustu, sem af líkum má ráða. Við þetta bætist það, að ekki er hægt að setja upp miðstöð í húsin. Af þessu og fleiru er einsætt, að þessi húsakynni eru skólanum í senn óboðleg og ófullnægjandi, enda hafa hlutaðeigendur sjeð það. Kemur ekki til mála, að hús þessi sjeu til frambúðar sem skólahús. Nú ber á það að líta, að þessir fimm menn, sem haldið hafa skólanum uppi af eigin ramleik öll þessi ár, hafa að engu leyti gert það í eiginhagsmunaskyni, heldur með almenna hagsmuni fyrir augum. Ef þeirra hefði eigi notið, hefði skólinn lagst niður um leið og Sigurður Þórólfsson fór frá honum. Hlutafje stofnendanna var 30 þús. kr. Alt er það nú gengið til þurðar og tapað eigendunum, og ef þeir selja nú jörðina til búskapar, eru engin líkindi til þess, að þeir fái meira en svo sem 18 þús. fyrir hana. Skaðinn verður því 20—25 þús. og þar við bætast skuldir stofnunarinnar, sem munu nema alt að 40 þús. kr. Þar af er ríkissjóður í ábyrgð fyrir 15 þús. kr. Nú hagar að vísu svo til, að margir af þeim, sem að skólanum standa, eru vel efnaðir menn, þar á meðal tveir efnuðustu bændurnir í Borgarfirði, beggja vegna Hvítár. Það er því að vísu engin hætta á því, að skuldin verði látin falla, en jeg lít svo á, að þar sem þessir menn hafa haldið skólanum uppi eingöngu með almenna hagsmuni hjeraðsins fyrir augum, þá sje mjög óviðeigandi að gjalda fórnarhug þeirra og drenglyndi með því að láta þá bíða stórkostlegan fjárhagslegan hnekki, án þess að hið opinbera hlaupi hið minsta undir bagga með þeim. Nú verður ekki hjá komist einhverjum aðgerðum af hálfu hins opinbera. Skólahúsin eru í þvílíku á-

standi, að bæði fyrv. hjeraðslæknir, sem nú er dáinn, og núv. hjeraðslæknir hafa tjáð öll vandkvæði á því, að hægt væri að gefa vottorð um, að í skólahúsunum mætti hafa íbúðir. Þetta kann að ganga stórslysalaust, en ef frostavetur kemur, þá eru allir þessir 60 unglingar í stórhættu hvað heilsuna snertir, af kulda og illum húsakynnum. Og úr þessu verður ekki bætt, nema með því að byggja skólann upp. Fyrir ári síðan komst nýr skriður á þetta mál. Menn sáu, að þetta gæti varla gengið öllu lengur. Samskot voru hafin í því skyni að endurbyggja skólann á einhverri hverajörð, sem vel lægi í sveit. Fyrstur reið á vaðið skólastjórinn á Hvanneyri og gaf 1000 kr. til þessa, og brátt söfnuðust 5 þús. kr. í viðbót. Því næst tóku ungmennafjelögin þetta mál upp á sína arma, og hafa nú safnað eða fengið loforð fyrir liðugum 20 þúsund krónum. Við þetta bætast þær 30 þúsundir, sem Mýrasýsla hefir lofað að leggja fram, og ef Borgarfjarðarsýsla fer að dæmi hennar og leggur fram álíka skerf til skólabyggingarinnar, þá er hjer allmikil fúlga fyrir hendi, og ætti því ekki að þurfa að líða mjög á löngu áður en hafist yrði handa. Sjerstaklega er það eftirtektarvert og lofsamlegt fordæmi, sem Mýramenn hafa gefið, nefnil. að setja ekki að skilyrði, að skólinn yrði reistur í sinni eigin sýslu, heldur í annari sýslu. Hafa þeir þannig látið niður falla allan krit og matning af sinni hendi, sem þó lágu ærnar ástæður til þar sem annarsstaðar. Á sýslan margfaldan heiður og þökk skilið fyrir þetta einstæða sómastrik, nefnil. að hafa látið sína sjerhagsmuni og metnað þoka sæti fyrir almennum hagsmunum hjeraðsins. Ber Alþingi tvímælalaust að sýna það í verki, að það meti slíkan myndarskap að nokkru.

Nú hefir hjeraðsskólafrv. verið nýlega samþ. í Nd. Með því er lagður framtíðargrundvöllur um hjeraðsskólakerfi vort. En nú verður óhjákvæmilega sú breyt. á, að hjer eftir getur Hvítárbakkaskólinn ekki notað ríkisstyrkinn upp í tekjuhalla. Hvítárbakkaskólinn er því nú í tvöfaldri hættu. Önnur hættan er sú, að læknir fáist ekki til þess að gefa vottorð um, að húsakynni sjeu forsvaranleg, og í öðru lagi verði eigendurnir í fyrirsjáanlegum vandræðum með þá 46 þús. kr. skuld, sem hvílir á stofnuninni og sem þeir hafa ekki nema í mesta lagi 18 þús. kr. upp í. En hjer er beinlínis voði á ferðum fyrir eigendurna. Kemur það ekki af því, að menn meti ekki að verðleikum drengskap eigendanna, heldur að verulegu leyti af því, að kröfurnar vaxa til skólanna, og eins og hjer stendur á, er ekki nema um tvent að gera: Láta skólann veslast upp og leggjast í rústir og baka þannig eigendum enn meira fjárhagslegt tjón, eða þá hitt, að flytja skólann á næstunni á einhverja hentuga hverajörð í hjeraðinu. Hefir það mjög komið til orða og hefir mönnum alment komið saman um Reykholt, fyrir allra hluta sakir, vegna jarðhita, góðrar afstöðu í hjeraðinu, og ekki síst vegna sögufrægðar og náttúrufegurðar. En ef þessi leið verður kosin, þá verður að sjálfsögðu að ganga svo frá hinum gömlu skuldum Hvítárbakkaskólans, að eigendunum verði þær viðráðanlegar. Það verður að líta á það, sem þessir menn hafa lagt í sölurnar fyrir þetta

mál, og slík fórnfýsi er altaf góðra gjalda verð. Þeir eru nú búnir að tapa stórfje, og nú liggur fyrir þeim að tapa enn meiru. Sýslunefndin hefir verið svo stórhuga, að gera ráð fyrir að skólinn mætti ekki nje myndi kosta öllu minna en 150—160 þús. kr. upp kominn. Upp í byggingarkostnaðinn eru þegar til, eins og jeg drap á áðan um 80 þús. kr. í handbæru fje og vissum loforðum. Þar við bætist tillag ríkissjóðs. Horfir því ekki óvænlega um, að skóli þessi verði reistur í mjög náinni framtíð. Er ætlast til, að hann fullnægi ítrustu kröfum sinni grein. Er gleðilegt til þess að hugsa fyrir hlutaðeigandi hjeruð og fyrir landið í heild, að senn rís upp myndarlegur skóli á þessu sögufræga höfuðbóli og traust og varanleg bygging, er standi öldum saman. Jeg þykist mega vænta þess, að deildin sýni fullan skilning í þessu máli, og ef svo verður, þá efast jeg ekki um, að sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu muni ekki láta sitt eftir liggja.

Út af einni till., sem mælt hefir verið á móti, nefnilega till. um styrkinn til Flensborgarskólann, langar mig til að segja fáein orð. Það gæti í fljótu bragði virst svo, sem með till. væri nokkuð á rjett skólans gengið. En slíkt fer mjög fjarri öllum sanni.

Þessi skóli verður að vera hliðstæður við aðra slíka skóla í landinu, og þar sem nú er verið að fullgera löggjöf um 4—5 slíka skóla, þá verður Flensborgarskólinn að falla þar undir. Þó að það verði ef til vill ekki nú, þá verður þess máske ekki langt að bíða.

Það mun vera mála sannast, sem ekki er víst, að þessi hv. þm. viti, að þessi skóli er algerlega vanræktur af Hafnfirðingum og sýslubúum, sem hlut eiga að máli, um öll almenn fjárframlög, en mikið sóttur. Hann hefir lifað af dánargjöf Þórarins heitins Böðvarssonar og framlagi ríkissjóðs, en það nægir ekki eingöngu, og nú er skólinn í mestu niðurníðslu. Húsið er lítið betra en skólahúsið á Hvítárbakka, stendur á slæmum stað niður við höfnina, útsýni aðeins á móti norðri, og það virðist vera aðeins tímaspursmál, hvenær það verður ófært með öllu. Það er skaðlegt, að undanfarandi þing skuli ekki hafa látið Hafnarfjörð og Gullbringu- og Kjósarsýslu vita, að þar sem skólinn er einkafyrirtæki hjeraðsins, þá verður það að taka hann að sjer. Við vitum nú, hversu Mýramenn hafa brugðist vel og drengilega við í sínu skólamáli, og jeg vænti þess, að Hafnfirðingar verði ekki eftirbátar þeirra og finni sjer skylt að sýna meiri myndarskap í þessu skólamáli heldur en þeir hafa gert hingað til. Fráfarandi stj. sýndi hið mesta tómlæti í þessu máli og ljet aldrei svo lítið að kynna sjer ástand skólans, og jeg efast um, að nokkur af hennar flokksmönnum hafi nokkru sinni heimsótt skólann til þess að skoða hann. Núv. stj. var henni miklu framsýnni, og nú ætlar hún að koma skólanum til bjargar, svo hann grotni ekki niður í vanhirðu. Í vetur hjelt jeg fundi í Hafnarfirði með borgurum bæjarins og sýndi þeim fram á, að þetta gæti ekki gengið lengur, og skoraði á þá að hefjast handa og halda við skólanum, og jafnframt skoraði jeg á gamla nemendur að stofna með sjer fjelag með það fyrir augum að vinna að endurbyggingu skólans. Þessar áskoranir báru ágætan árangur.

Nokkru seinna var stofnað fjelag gamalla og nýrra nemenda Flensborgarskólans, og er formaður þess Einar Þorgilsson kaupmaður í Hafnarfirði. Er full ástæða til þess að halda, að þessu fjelagi muni vel takast, svo að skólinn verði kominn í ný hús og á betri stað þegar hann verður 50 ára gamall, árið 1931.

Till. stj. í þessu máli er til þess að byrja með ekki önnur en sú, að rekstrarstyrkur skólans nú í ár skuli verða talinn með öðru fje til samskonar skóla, en ekki veittur Flensborgarskólanum sjerstaklega, eins og verið hefir. Þetta er aðeins til þess að rumska við hjeraðinu og gera því það ljóst, að ríkið ætlar ekki að láta þennan skóla fá nein óverðskulduð forrjettindi framvegis. Þetta er að vísu ekki nema formsatriði, en hjeraðinu verður að skiljast, að því getur ekki haldist uppi að vanrækja skólann eins og það hefir gert að undanförnu. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hv. 2. þm. G.-K. kemur fram í hv. Nd. eins og verndari skólans gegn landsstj. Hans eigin stj. gerði ekki neitt til þess að bæta hag skólans, og hann sjálfur ekki nokkurn skapaðan hlut, en núv. stj. hefir látið fara fram rannsókn á öllu astandi skólans og gert kröfur til þeirra manna, sem skuldbundnir eru til þess að sýna honum einhvern sóma. Við, sem stöndum að þessu, viljum láta jafnt ganga yfir alla hliðstæða skóla, bæði skólann á Núpi, Laugaskólann, Hvítárbakkaskólann og Flensborgarskólann. Þeir eru allir stofnaðir af góðum vilja og með aðstoð góðra manna, en enginn þeirra er eins vanræktur og Flensborgarskólinn. Það væri því hróplegt ranglæti, ef vanræksla aðstandenda Flensborgarskólans ætti nú að verðlaunast með því að láta hann halda áfram að vera skör hærra settan heldur en þessa hliðstæðu skóla. Það væri beinlínis að verðlauna ódugnaðinn og hirðuleysið hjá aðstandendum skólans. Núv. stj. hefir hafist handa með því að vekja menn til umhugsunar og opnað augu þeirra fyrir vanrækslunni, og núv. stj. mun altaf leyfa sjer að ýta við þeim, sem sofa, jafnvel þó þeir sjeu úr Gullbringu- og Kjósarsýslu.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg á eina brtt. á þskj. 562, og er hún við 12. gr., nýr liður, svo hljóðandi:

„Til Hróarstunguhjeraðs. Sjerstakur styrkur upp í kostnað við að reisa læknisbústað með sjúkrastofu, 8000 kr.“.

Það var laust eftir aldamótin síðustu, að hið svokallaða Hróarstunguhjerað varð sjerstakt læknishjerað. Þá var skift í tvent einu stóru læknishjeraði og gerð úr því tvö ný, Brekkuhjerað og Hróarstunguhjerað. Kom þá brátt í ljós, að þar vantaði mjög tilfinnanlega bústað fyrir lækninn, og það gerði það að verkum, að fyrsti læknirinn sagði embættinu lausu og fór í burtu. Var þá um langt skeið læknislaust í hjeraðinu annað veifið, læknarnir komu og voru 1—2 ár hver, en fóru svo burtu. Hjeraðið nær yfir 4 hreppa í Fljótsdalshjeraði og auk þess fylgir því einn hreppur niður við sjó, og er þar erfiður og torsóttur fjallvegur á milli. Einhverntíma á árunum 1915—1923 sótti læknir um hjeraðið, en þó með því skilyrði, að hann mætti

búa í Borgarfirði. Út af þessu ákvað sýslunefnd læknisbústað í Borgarfirði, og var svo um nokkur ár, en fyrir svo sem 5 árum var þessu breytt, því að þá dó læknirinn, sem í embættinu sat, og sýslunefnd breytti læknisbústaðnum og ákvað hann á Hjaltastað í Fljótsdalshjeraði, sem er talinn einn hentugasti staðurinn fyrir alla hjeraðsbúa. Á Hjaltastað þurfti svo að byggja fyrir lækninn, og þar var líka reist íbúðarhús ásamt einni sjúkrastofu. Þessi bygging kostaði 49 þús. kr., og batt það að sjálfsögðu hjeraðsbúum mjög þungan fjárhagslegan bagga. Ríkissjóður gerði skyldu sína og lagði fram 16 þús. kr., og auk þess voru lagðar fram rúmar 800 kr. annarsstaðar að, frá sýslunum báðum, og má segja, að þannig hafi fengist 17 þús. kr. Þá eru eftir 32 þús. kr., sem verður að álíta, að hjeraðsbúar hefðu átt að leggja fram. En nú vill svo til, að það eru ekki til nein lög um, að hægt sje á nokkurn hátt að þvinga menn til þess að lúta vilja meiri hlutans í þessu. Þetta er leitt, því að nú komu fyrir þau vandræði, að Borgarfjarðarhrepp ur, sem einu sinni hafði dreymt þá drauma að fá lækninn til sín, en er nú verst settur, skoraðist undan að leggja nokkuð fram.

Fyrir síðasta þingi lá frv. um sjúkrahús og læknisbústaði, sem ætlað var að bæta úr þeirri þörf, sem nú er Þetta frv. gekk í gegnum hv. Nd., en strandaði hjer og var vísað til stj. Jeg man ekki, hvað varð því að falli, en jeg hygg, að jeg muni það rjett, að á því voru taldir þeir gallar meðal annars, að það væri ekki nógu nákvæmt til þess að það gæti bætt úr allri vöntun á viðunandi hátt; t. d. vantaði í það ákvæði um það, hvernig færi, ef eitt og sama læknishjerað næði yfir tvær sýslur.

Nú stendur svo á, að Hróarstunguhjerað er hluti úr tveim sýslum. Mjer virðist það verða að teljast nokkur vorkunn, þó að þeir af íbúum hjeraðsins, sem verða að bera þennan mikla kostnað, leiti nú til þingsins og spyrji það, hvort það sjái nokkurn veg til þess að bæta þeim þann halla, sem þeir verða fyrir vegna þess að engin lög eru til um þetta. Í hjeraðinu öllu eru um 1200 manns, en þar af eru 360 í Borgarfjarðarhreppi einum. Eftir eru þá 840 manns, og ef nú ætti að reikna eftir mannfjölda, hversu mikið hver hreppur ætti að leggja af mörkum upp í kostnaðinn við læknisbústaðinn, þá kæmi í hlut Borgarfjarðarhrepps að greiða rúmlega 9½ þús. kr. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vildi aðeins lýsa ástandinu í stórum dráttum, svo að menn gætu áttað sig á því. Í till. minni er aðeins farið fram á, að ríkið hlaupi lítilsháttar undir bagga með hjeraðsbúum; það er þó ekki af því, að ríkið hafi ekki þegar lagt þarna fram ríflegan styrk, heldur vegna þess, að það eru ekki til nein lög, sem þvinga Borgarfjarðarhrepp til þess að taka sinn hlut í kostnaðinum, og þó að slík lög væru sett, þá er jeg í vafa um, hvort þau verka svo aftur fyrir sig í tímann, að þau komi að liði í þessu tilfelli. Þess vegna hefi jeg fyrir hönd þessa læknishjeraðs leitað á náðir þingsins og spurt það, hvort ekki sje sanngjarnt að hlaupa þarna undir bagga. Skuldabagginn er nógu þungur á hjeraðsbúum, þó að þeir væru allir um að bera hann.

Jeg skal að lokum geta þess í þessu sambandi, að jeg tel Borgfirðingum vera nokkur vorkunn, þó að þeir þrjóskist við að borga sinn hluta af kostnaðinum. Þeir hafa um eitt skeið lagt sjálfir til læknisbústað án þess að krefjast endurgjalds, og aðstaða þeirra er afarerfið með að ná til læknisins þar, sem hann er nú, þó að þeir eigi raunar ekki auðveldara með að ná til neins annars.

Þá skal jeg drepa á ýms atriði úr þessum löngu umr. hjer í dag.

Jeg skal þá fyrst taka það fram, að jeg verð að álíta, að það hafi komið fram mjög fáar aðfinslur við störf n. og till., og þær fáu aðfinslur, sem fram komu, voru sagðar af svo mikilli kurteisi, að það er ekki ástæða til annars en að svara þeim kurteislega.

Hv. 1. þm. G.-K. fann að meðferð n á Flensborgarskólanum. Að því ætla jeg samt ekki að víkja neitt að ráði, vegna þess að hæstv. dómsmrh. hefir talað um það, og er hann málinu miklu kunnugri heldur en jeg. Það, sem um var að ræða hjá n., var aðeins að færa þetta aftur í það horf, sem hæstv, stj. hafði lagt til í sínu frv. Jeg skal geta þess, að sú atkvgr. í hv. Nd., sem vitnað var í, átti ekki við þetta. Það atriði, að færa burtu úr horfi stjfrv. til þess sem nú er, var samþ. þar með 14:13 atkv. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta, en verð að álíta að sá góði maður, sem stofnaði skólann með gjöf sinni, geti verið rólegur í gröfinni og ánægður með þetta, því að málið verður í höndum fræðslumálastjóra, og hann leggur gott eitt til.

Hv. 4. landsk. vildi gera heldur lítið úr störfum þingsins, sjerstaklega í sambandi við fjárlögin og tekjuliði þeirra. Hann sagði, að þingið ætlaði að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög bara með því að teygja úr tekjuvonunum, og hv. 3. landsk. var honum sammála um það. Þessi aðfinsla á því við fjvn. þessarar d., því að það er hún, sem hefir teygt úr tekjuvonunum. Hinsvegar álít jeg það ekki þýðingarlaust atriði, hvernig tekjurnar eru áætlaðar. Ekki af því, að það breyti neinu í raun og veru, heldur vegna þess, að fjárbeiðnir eru margar og þörfin víða brýn fyrir útgjöldin, og jeg býst þannig við, að áætlun tekna hafi áhrif á þær fjárhæðir, sem veittar eru til þarflegra fyrirtækja, og hafi þannig áhrif á fjárhagsútkomuna.

Hv. 2. þm. S.-M. ber fram brtt. við brtt. n. um að lækka um 1 þús. kr. þann styrk, sem áætlaður er til gamalmennahælisins „Hafnar" á Seyðisfirði. Það var ætlast svo til, að þetta yrði 1/6 kostnaðar, og getur skeð, að það láti nærri, ef miðað er við kaupverð hússins, því það mun vera um 16500 kr. En þegar búið er að bæta við húsgögnum og ýmsum áhöldum, sem óhjákvæmilega verður að kaupa, þá er ekki hægt að búast við, að kostnaðurinn verði minni en rúm 20 þús. kr., og þá er styrkurinn ekki orðinn nema 1/8 kostnaðar. Þetta er mannúðarlegt fyrirtæki og jeg álít, að þinginu sje sæmd að því að hlaupa undir bagga með því, og það er áreiðanlega vel gert að styrkja það í byrjun, því meira því betra. Jeg verð því að halda því fram fyrir n. hönd, að brtt. hv. 2. þm. S.-M. eigi að falla.

Hv. 3. landsk. vandaði um það við n. eða lýsti yfir því, að henni hafi yfir-

sjest, þar sem hún leggur til, að feldur sje niður 2 þús. kr. styrkur til gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Hann sýndi fram á, að þessi 2 þús. kr. styrkur væri sanngjarn, þegar miðað er við aðra samskonar skóla, og jeg get fyrir mitt leyti gengið inn á það, að upphæðin er sanngjörn, ef á annað borð á að styrkja skólann, en jeg verð að líta svo á, að skólinn sje orðinn til fyrir utan það skipulag, sem nú er orðið í skólamálum landsins, og því beri ekki að veita honum styrk. Hv. þm gengur eflaust gott til, en jeg get samt ekki verið honum sammála.

Þá hefi jeg minst á þau atriði sem jeg hefi tekið eftir, að átalin hafi verið í sambandi við störf fjvn. En þá myndi þykja eðlilegt, að jeg sneri mjer nokkuð að brtt. þeim, sem komið hafa fram frá einstökum þm., og gæf hv. deild bendingar um það, hvernig fjvn. vill láta taka þeim till. En svo vill nú til, að frá hendi n. get jeg ósköp litlar bendingar gefið. Að af greiðslu fjárl. hjer hefir verið unnið með svo miklum hraða, að n. hefir engan tíma haft til að skapa sjer rökstutt álit um till., nema þá fáar Stundum er það nú líka svo, að erfitt er að gera sjer fulla grein fyrir þeim, fyr en búið er að tala fyrir þeim. Svo var það um till. þá, er jeg talaði fyrir áðan, sem jeg hygg, að hv. þdm. haf ekki áttað sig á áður. Þar sem því nú ekki er hægt að segja, að n. haf tekið afstöðu til þessara brtt., þá verð ur það, sem jeg segi um þær, að skoðast talað út frá mínu brjósti, nema jeg taki annað sjerstaklega fram. Er þá best að jeg gangi á röðina og nefni þær till., sem mjer finst ástæða til að minnast á og jeg get eitthvað sagt um.

Jeg vil þá fyrst minnast á III. till. á þskj. 562: Til akbrautar yfir Fjarðarheiði, gegn 3000 kr. tillagi annarsstaðar að, 27000 kr. Flm. till. eru þeir hv. þm. Seyðf. og hv. 4. landsk. Fyrir þessari hv. d. lá í fyrra till. sama eðlis og þessi og svo lík, að duga mætti að vísa til þess, sem þá var sagt. Hjer er þó gerð till. um það, að lagt verði annarsstaðar frá 10% móti ríkissjóði, sem er nú ekki mikið, úr því annars nokkuð er lagt fram. Fjvn. hefir enga afstöðu tekið til þessarar till. Hún kom að vísu til orða hjá n., en atkv. fjellu þar ekki, svo að hægt sje að lýsa vilja hennar um till. En þar sem till. snertir mig eða mitt kjördæmi sjerstaklega, þá gefur það mjer ástæðu til að fara um hana nokkrum orðum. Jeg skal þá fyrst lýsa yfir því, að jeg er með sjálfum mjer mótfallinn því, að hlutaðeigandi hjeruð sjeu krafin um framlög á móti ríkissjóði. Hjer liggur það nú að vísu ekki fyrir, að hjeraðið sje krafið um þetta, heldur hefir Seyðisfjörður boðist til að leggja þessa upphæð fram. Jeg get nú lýst því yfir, að jeg tel það ekki kurteisi að neita slíku boði, enda gæti það ekki talist góð ráðsmenska fyrir landsins hönd að gera það. En jeg er þó mótfallinn því, þegar ríkið lætur vinna að slíkum umbótum, að viðkomandi hjeruðum sje gert að skyldu að leggja fje á móti. Jeg álít, að af þeirri stefnu gæti stafað nokkur hætta. Ef framlög ríkissjóðs væru miðuð við það, sem viðkomandi hjeruð gætu eða vildu leggja fram á móti, þá mundu þau hjeruð, sem mest peningaráð hafa, draga til

sín framlög ríkissjóðsins, en þau, sem fátækari eru, mundu ekkert fá og dragast meir og meir aftur úr í framförunum. Þetta álít jeg, að gæti orðið mjög óheppilegt fyrir heildina. Það mundi koma einskonar uppdráttarsýki í suma landshluta. Fólkið mundi dragast meir og meir saman þangað, sem fjármagnið væri, líkt og nú er um Reykjavík. Væri það hreint ekki holt fyrir þjóðfjelagið. — Þetta var þá það, sem jeg vildi segja um þetta sjerstaka atriði.

Um málið í heild er það frá mínu sjónarmiði að segja, að enda þótt það sje álit mitt, að vegur eigi að koma yfir Fjarðarheiði á sínum tíma, þá tel jeg, að meiri þörf og fyllra rjettlæti krefji, að aðrir vegir gangi þar á undan. Jeg álít að sá vegur hafi sjerstöðu samanborið við flesta, ef ekki alla aðra vegi á landinu. Fyrst er nú það, að önnur akbraut liggur til hjeraðsins alveg á sama stað frá góðri höfn. Sú akbraut er lífæð hjeraðsins. Hin mun tæplega geta náð því að kallast það, þó lögð verði. Jeg hjelt því fram á síðasta þingi, að alment væri litið líkt á þetta mál á Austurlandi og jeg hefi gert, og taldi mig ekki hafa ástæðu til annars en halda það, þar sem málinu hafði ekki verið hreyft á neinum þingmálafundi utan Seyðisfjarðar. Það er í fyrsta sinni seint á síðastl. ári og snemma á þessu ári, að þetta mál hefir verið tekið til umr. á þingmálafundum í Hjeraði. En jeg lít þó svo á enn, að það sje margt fleira, eða sitthvað fleira, sem Norðmýlingar þurfa og þeim ríður meira á en akveg yfir Fjarðarheiði. En það mun rjett, að í 2 eða 3 hreppum mun nokkur áhugi vera fyrir að leggja þennan veg. En jeg vil geta þess, að enda þótt sá áhugi sje fyrir þessu þarna, þá kæri jeg mig ekki um að gera svo sjerlega mikið fyrir hann. Sá áhugi er einmitt á því svæði, sem búið er að fá akbraut til Reyðarfjarðar, eða hefir komist í það samband við Fagradalsbrautina, sem fáanlegt er frá hendi ríkissjóðs, en óskar nú eftir að fá líka akbraut til Seyðisfjarðar, til að greiða götu sína þangað. Þetta er nú máske eðilegt frá þeirra sjónarmiði, lítandi þar auðvitað fyrst og fremst á sinn eiginn hag. En frá sjónarmiði þeirra manna, sem einkum eiga að líta á hag fjöldans, svo sem þm. vitanlega eiga að gera, þá er það einkennilegt að koma fram með slíka till., þegar ástandið er víða svo annarsstaðar, að menn verða að flytja kaupstaðarvörur sínar á klökkum um langan veg. Það sýnist þó liggja nær að líta fyrst á þarfir þessara manna. En hjer eru líka aðrir aðiljar en Fljótsdalshjerað og Norður-Múlasýsla. Það er líka Seyðisfjörður. Jeg lít nú svo á, að þeir, sem búa við jafngóðar samgöngur á sjó og Seyðfirðingar gera, hafi ekki eins mikla þörf fyrir samgöngur á landi eins og sveitahjeruð hafa. En þó þeirra rjettur sje minni, þá eiga þeir þó líka nokkurn rjett. Þeir greiða fje í ríkissjóð og hafa sínar þarfir. Jeg get líka virt áhuga Seyðfirðinga í þessu máli og þykist vita, að hann muni vera einlægur, og vildi jeg því gjarnan geta tekið hann til greina.

Nú sje jeg, að margt mun undan ganga af því, sem jeg vildi gjarnan að gengi fyrir þessu. Svo er um veg frá Egilsstöðum að Óshöfn. Það hefði verið mikið æskilegra að fá þá höfn tengda

við bygðirnar og Fagradalsbrautina en að fá veg yfir Fjarðarheiði. Nú var borið fram frv. í hv. Nd. um að taka þann veg inn í tölu þjóðvega ásamt fleirum. En þar sem það nú er sýnt, að sú hv. d. ætlar ekkert að gera í þessu, þá er ein af þeim ástæðum fallin í bili, sem jeg hafði til að vera móti þessum Fjarðarheiðarvegi í fyrra. Jeg leit samt þá svo á, og geri enn, að þegar farið verður að leggja veg yfir Fjarðarheiði, þá muni Austurland eiga erfiðara um fjárbónir sínar til annara vega, einkum meðan á því verki stendur. En þar sem jeg þykist sjá, að þingið vilji ekki láta aðra vegi ganga á undan þessum á Austurlandi, þá þykir mjer naumast hlýða að slá hendi á móti fjárveitingu til þessarar brautar, ef fáanleg er. Og í öðru lagi vil jeg ekki láta líta svo út, að slík fjárveiting strandi á mjer einum. Svo var það í fyrra, og meðan hv. Nd. fær ekki um þetta að fjalla, þá má jafnvel álíta svo, að þessi fjárveiting strandi eingöngu á mínu atkv. Jeg þóttist sannfærður um það á síðasta þingi, að hv. Nd. væri ekki þá við því búin að byrja á fjárframlögum til akbrautarinnar yfir Fjarðarheiði, en hvað nú skeður, læt jeg óspáð um. En hitt verð jeg þó að segja, að ef byrja á á því að leggja veg eftir þessari leið, þá er sú fjárveiting, sem hjer liggur fyrir, hlægilega lág. Mundi lengi verið að leggja veg þennan með svo litlu árlegu fjárframlagi. En á þessu verður sjálfsagt hert betur síðar. En vilji þingið ekki sinna því, sem að mínu áliti og margra annara manna á Austurlandi ætti að ganga fyrir Fjarðarheiðarbraut, þá þykir mjer þó ekki rjett að slá hendi á móti því, sem fæst og í eðli sínu kann að vera gott.

Það er ekki rjett, sem hv. 6. landsk. sagði í ræðu hjer í dag, að ekki væri akfært heim að Eiðum. Þó má nú máske frekar orða það svo, eins og einhver sagði hjer í dag, að báðir hafi rjett fyrir sjer. Að Eiðum er sem sje fært á bílum í þurkatíð um hásumarið. En þegar rigningar ganga, er ekki víst, að fært sje þangað nokkurn dag ársins á bíl, en þá er reynt að slarka með vagna, en eftir 1—2 ár verður vegurinn orðinn ófær, ef ekki er aðgert. Nú hefir hreppurinn neitað að halda þessum vegi við, og verði honum ekki haldið við af ríkinu, þá verður vegurinn ófær og verður þá að flytja kolin heim á klökkum. Þetta er 15 km. vegur, gerður af Suður-Múlasýslu og Eiðahreppi með styrk frá ríkinu. Ef ekki verður við veginn gert, verður hann bráðum ófær, og hefir því hv. 6. landsk. rjett fyrir sjer að nokkru leyti.

Þá eru hjer ýmsar till. til einstakra manna. Eins og jeg hefi áður sagt, þá hefir n. enga afstöðu til þeirra tekið. Get jeg því ekkert fullyrt fyrir hennar hönd um þessar brtt. En jeg verð nú samt heldur að hallast að þeirri skoðun, að n. ráði yfirleitt frá að samþ. þær, þótt undantekningar kunni að vera um sumar og hún láti aðrar máske hlutlausar. Verður því hver og einn að gera slíkt upp við sjálfan sig, enda munu menn því fyllilega vaxnir.

Tvær síðustu till. eru nokkuð annars eðlis en hinar. Þær eru heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast allháar upphæðir fyrir Neskaupstað. Fyrir hönd n. hefi jeg ekkert um þetta að segja.

En það má líta svo á, að hliðstæðar ábyrgðir þessu hafi verið samþ., og sje því ekki ástæða til að neita þessu. Eftir áliti okkar austanlands er þessi kaupstaður vel stæður og er nú í uppgangi. Ætti því ekki að stafa hætta af því að ganga í þessa ábyrgð. Jeg verð að halda, að hlutaðeigendur þættust verða hart úti, samanborið við ýmislegt annað, sem samþ. hefir verið ef þeim verður neitað um þessa ábyrgð, en hv. deildarmenn ráða vitanlega, hvernig þeir snúast við þessu.

**Björn Kristjánsson:** Jeg gleymdi í dag, er jeg stóð upp, að minnast á svar hv. frsm. Hann sagði, að það væri ekki meining hv. fjvn. að rýra tillag til Flensborgarskólans með brtt. sinni. Getur vel verið, að það sje meining hv. n., en það er bara engin trygging fyrir því, að það verði ekki gert. Hv. frsm. færði enga ástæðu fyrir þessu aðra en þá, að það væri vilji stj., að þessu væri breytt. En það var sjerstaklega eitt atriði, sem tekið var fram í nál., sem jeg gleymdi að svara, og viðvíkjandi því vil jeg lesa upp nokkur orð með leyfi hæstv. forseta.

Þar er sagt: „Þá telur nefndin rjett, að Flensborgarskóli verði háður samskonar eftirliti fræðslumálastjórnarinnar og aðrir skólar landsins. Leggur því til, að fjárhæð sú, 16000 kr., sem þeim skóla er ætluð sjerstaklega í frv., færist yfir á þann lið, sem ætlaður er unglingaskólum utan Reykjavíkur, og lúti sömu skilyrðum".

Þetta er misskilningur, sem jeg vildi leiðrjetta. Eins og gjafabrjefið er orðað, hefir stj. alveg á valdi sínu, hvernig þessum skóla skuli hagað. Þessu til sönnunar vil jeg leyfa mjer að lesa upp 3. málslið gjafabrjefsins. Hann hljóðar svo:

„Fje skólans og skólinn sjálfur skal vera undir stjórn landshöfðingjans yfir Íslandi; semur hann stofnskrá og reglugerð fyrir skólann, skipar kennara skólans, og ef honum svo sýnist, nefnir mann til að stjórna fje hans".

Hjer er alt vald lagt í hendur stj., eins og menn sjá, svo að það er ekki í veginum fyrir því, að skólinn verði styrktur eins og að undanförnu, að stj. hafi ekki fult vald yfir honum.

Tveir hv. þm. hafa orðið til að vjefengja það, að fjárveitingin til skólans hafi verið samþ. með 20:4 atkv. í hv. Nd., eins og jeg skýrði frá í ræðu minni í dag. Jeg tók þetta upp úr gerðabók hv. Nd., og að jeg hafi einungis talað um hina beinu fjárveitingu, get jeg staðhæft, vegna þess að jeg hafði það skrifað, sem jeg sagði um þetta. Hæstv. dómsmrh. kom einnig inn á þetta atriði. Hefir hann barist með hnúum og hnefum fyrir því, að þessi till. hans yrði samþ. í hv. Nd. hjelt hann 3 ræður á móti skólanum, en þrátt fyrir það samþ. hv. Nd. svo að segja í e. hlj. að veita skólanum sama styrk sem að undanförnu (16 þús. kr.) skilyrðislaust.

Þá skýrði hæstv. dómsmrh. frá því, hversu lofsamlega Mýrasýsla hefði vikist við málaleitan hans um lýðskóla í Reykholti. Hefði hún lofað að leggja fram til hans 30 þús. kr., og væru líkur fyrir, að Borgarfjarðarsýsla mundi leggja fram annað eins.

Jeg vil nú leyfa mjer að spyrja: Eiga þessar sýslur 30 þús. kr.? Og hvar eiga þær að taka þær, ef þær hafa þær ekki, nema úr ríkissjóði? Er þessi upphæð í þessu skyni ekki nokk-

um há til viðbótar þeim gjöldum, sem sýslurnar hafa fyrir? Og getur ekki farið svo, að ríkissjóður verði að gefa sýslunum eftir þessa skuld síðar meir? Annað eins hefir komið fyrir.

Engu að síður álít jeg, að hæstv. dómsmrh. hafi gert rjett í því að leitast fyrir um það, hvað sýslurnar mundu vilja láta af mörkum til þessa skóla. En hví hafði hann ekki sömu aðferð í þessu máli? Hví vill hann fyrirvaralaust með lagaboði skipa Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu að leggja fram ákveðna fjárupphæð til Flensborgarskólans?

Hæstv. dómsmálaráðherra sagði, að Flensborgarskólinn ætti að vera hliðstæður öðrum unglingaskólum. Jeg lýsti því í minni fyrri ræðu, að skólinn væri stofnaður og gefinn sem gagnfræðaskóli. Það kemur því í bága við gjöfina, ef skólinn verður gerður að tveggja ára unglingaskóla. Flensborgarskólinn hefir verið óskiftur þriggja ára skóli í mörg ár. Jeg skoða það því svo, sem verið sje að setja skólann aftur á bak, auk þess sem það kemur beinlínis í bága við tilgang gefandans, ef fara á að gera skólann að tveggja ára skóla. (PH: Hann hefir verið það). Skólinn hefir aldrei verið og verður aldrei hliðstæður Núpsskólanum. Síðan Akureyrarskóli var stofnaður hefir hann verið hliðstæður honum og ríkið lagt skólanum rekstrarfje, þótt af skornum skamti hafi verið.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að skólinn hefði verið vanræktur bæði af sýslunum og Hafnarfirði. Því þá það? Af því að þessi hjeruð álíta skólann sjer óviðkomandi, með því að ríkið borgar viðhald hans og rekstur. Og finst hæstv. dómsmrh. ekki rjettara að fara þá leið, að leita undirtekta sýslnanna um fjárframlög til skólans. eins og hann gerði um Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, heldur en að fara kúgunarleiðina? Að minsta kosti hefir hv. Nd. litið svo á.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að skólinn væri á slæmum stað, þar sem hann stæði við höfnina og hefði engan leikvöll. Þetta er skoðun hæstv. ráðh., en Hafnfirðingar líta nú svo á, að skólinn sje á ágætum stað, og hann er gefinn til þess að vera framtíðarstofnun á þessum stað. Og skólinn hefir nóga lóð fyrir leikvöll þar sem hann er. Jeg verð að segja það, að jeg kann ekki við þessar eilífu ásakanir í garð sýslnanna og Hafnfirðinga. Hæstv. ráðh. talar um, að þær hafi ekki sýnt mikla fórnfýsi gagnvart skólanum. Hvað veit hann um það, hvað þessi hjeruð vilja leggja á sig fyrir skólann? Hann hefir ekki snúið sjer til þeirra með neitt slíkt. Jeg veit ekki til þess, að borið hafi neitt á sjerstakri fórnfýsi hjá Mýrasýslu gagnvart hjeraðsskólanum þar, fyrr en hæstv. dómsmrh. fór að nugga sjer upp við sýsluna og fala fjárstyrk af henni til skólans.

Þá sagði hæstv. dómsmálaráðherra, að skólinn væri að grotna niður. Þetta er ekki rjett. Skólinn er í góðu lagi, en íbúðarhúsin eru orðin hrörleg, enda hefir ekki verið gert við þau verulega í meira en mannsaldur, vegna þess að ríkissjóður hefir ekki fengist til að veita fje til skólans í þessu skyni. Jeg er hinsvegar viss um, að menn læra nú alveg eins mikið í gamla skólanum eins og þó þarna risi upp „moderne" skóli. Margir ágætismenn íslenskir hafa starfað í lakari

húsakynnum en Flensborgarskólinn hefir upp á að bjóða. Þannig skrifaði Gísli Konráðsson sínar mörgu og merku ritgerðir uppi á bæjardyralofti og naut sín fullkomlega, þótt hann hefði ekki betri aðbúnað. Það skiftir sem sje engu máli, þótt það sje ekki fyrsta „klassa" hús, sem menn læra í.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það hefði verið haldinn fundur um þetta mál í Hafnarfirði. Ef jeg man rjett, mun hann hafa haldið þar fyrirlestur með umr. á eftir. En hví flutti hæstv. ráðh. þetta mál einungis við Hafnfirðinga, en ekki við sýslurnar? Jeg veit, að hæstv. dómsmrh. lýsti yfir því á þessum fundi, hvílík ósköp hann ætlaði að gera fyrir skólann, en eftir því sem jeg hefi heyrt, geðjaðist Hafnfirðingum ekki að þessum till. hans, sjerstaklega þar sem hann vill demba ⅓ af skólakostnaðinum á bæinn, en Hafnarfjörður er nú aðskilinn frá sýslunum, svo að það er hætt við, að þær fáist ekki til að leggja fram fje í þessu skyni, enda eru sýslurnar skuldum hlaðnar út frá öðrum þörfum. Þær hafa tekið lán undir drep, til þess að leggja vegi um hjeraðið, og mjer er óhætt að fullyrða, að þess var meiri þörf en annarsstaðar á Suðurlandi. Af þessum lánum þurfa sýslurnar nú að standa straum, svo að það er ekki vafi, að þær eiga erfitt með að taka á sig 30 þús. kr. hvor til þessa skóla, enda er það óþarfi, þar sem skólinn er til og fullkomlega nægur fyrir þessi hjeruð, ef gert verður við hann.

Jeg tók það fram í upphafi, að jeg teldi það betri leið og heillavænlegri, að leitað væri hófanna við Hafnarfjörð um það, hvað bærinn vildi láta af mörkum við skólann, áður en þessi fjárveiting er feld niður. En sjálfur er jeg viss um það, að hagur Hafnarfjarðar er þannig, að meiri ástæða er til að ljetta á skuldum hans en bæta við þær. Og jeg veit, að fleiri munu líta svo á það mál, þegar til alvörunnar kemur. Jeg vænti þess því, að þessi fjárveiting fái að standa óbreytt og að till. hv. fjvn. verði feld. Jeg mun ekki fara að þjarka við hæstv. dómsmrh. út af þessu máli. Hann getur farið um það eins mörgum orðum og hann lystir, en jeg er orðinn of gamall maður til þess að geta átt í þjarki um svo einfalt og óbrotið mál sem þetta er.

**Dómsmrh.** (**Jónas Jónsson**): Hv. 1. þm. G.-K. hefir nú skýrt þetta mál allítarlega frá sínu sjónarmiði, en af því að sumt var rangt hermt í ræðu hans, sennilega af ókunnugleika, verð jeg að gera þar á nokkrar leiðrjettingar.

Það kom skýrt fram í ræðu hv. 1. þm. G.-K., að hann hefir ekki háar hugmyndir um þörfina á Flensborgarskólanum, enda er ekki hægt að neita því, að lítils vilja hefir gætt hjá þessum hv. þm. til þess að vinna að því, að skólanum færi fram. Hann álítur það ósennilegt, að Mýrasýsla geti staðið undir sínum loforðum, og að eins mundi um Gullbringu- og Kjósarsýslur, ef þær sýslur lofuðu fjárframlögum til síns skóla. Honum þótti það mjög lofsamlegt, að þessar sýslur skyldu hafa tekið lán til vegagerða — og kemur mjer ekki til hugar að lasta það —, en hitt þótti honum ekki að sama skapi lofsamlegt, að sýslurnar tækju lítið lán til þess að bæta þessa skóla-

stofnun fyrir hina upprennandi kynslóð. Sá andi, sem kemur fram í þessu hjá háttvirtum 1. þm. G.-K., er gagnstæður því viðhorfi, sem jeg hefi til þessa máls. Þetta er hausthugur, hugur gamals manns, sem gerir ráð fyrir, að alt geti hangið áfram og að gera megi þetta gamla einokunarhús að viðunandi skóla með heimavistum. Því að þessi hv. þm. gleymdi að láta þess getið, að húsið er frá 18. öld, að það er alt sundur grafið og fult af rottum og harla ólíklegt, að það verði liðið til lengdar að hafa manneskjur í því, þó að rotturnar geti haldist þar við.

En hv. 1. þm. G.-K. er fullkomlega ánægður með þetta. Hann vill umfram alt hafa ódýra skólastofnun fyrir sitt kjördæmi, og þótt önnur hjeruð sýni meiri rausn gagnvart skóla sínum en hans hjerað, vill hann samt láta það, í algeru lagaleysi, njóta meiri styrks til skóla síns en önnur hjeruð njóta, þau sem betur gera við skóla sinn. En það er að fara aftan að siðunum, ef ríkið á að styrkja þær sýslur mest, sem minst vilja leggja á sig fyrir skóla sinn. En jeg trúi því ekki, að svo sje í þessu tilfelli. Jeg held, að Hafnarfjörður og hlutaðeigandi sýslur taki vel í þessa málaleitan og verði ekki eftirbátar annara sýslna í þessu efni, þótt svo hafi verið hingað til.

Það er hinn mesti misskilningur, þegar verið er að blanda Flensborgarskólanum, sem er einkafyrirtæki, rekið með ríkisstyrk, saman við ríkisskólana. Hv. þm. gerði sig sekan í dæmalausum ósannindum, þegar hann fullyrti, að afstaða Flensborgarskólans til ríkisins væri hliðstæð afstöðu Akureyrarskólans. Þetta eru 50 ára gömul ósannindi. Akureyrarskóli hefir *altaf* verið ríkisskóli, en Flensborgarskólinn *aldrei*. Alþingi getur því, ef það vill, tekið allan styrkinn af Flensborgarskólanum. Það væri fullkomlega löglegt. Það er alveg á valdi Alþingis, hvort þessi einkastofnun fær styrk eða ekki. Jeg nefni þetta sem dæmi þess, hve hv. 1. þm. G.-K. er orðinn sljór og ókunnugur þessum málum — eða þá ósvífinn í að segja ósatt. En fari svo, að Hafnarfjörður og aðstandandi sýslur vilji ekki taka á sig byrðar að neinu leyti fyrir skóla sinn, eins og öll önnur hjeruð landsins gera, fer varla hjá því, að alþingisfulltrúar hinna hjeraðanna, sem rýja sig inn að skyrtunni, hvert fyrir sína skólastofnun, segi sem svo, þegar Hafnfirðingar koma og biðja um styrk fyrir sinn skóla: Ykkar skóli má vera eins sundurgrafinn af rottum, eins óheilnæmur, eins ónothæfur sem vill. Við leggjum ekkert í hann.

Hv. 1. þm. G.-K. sagði, að það væri óhugsandi, að Alþingi færi að gera Flensborgarskóla að tveggja ára skóla, af því að hann hefði altaf verið þriggja ára skóli. Þegar Þórarinn sál. Böðvarsson gaf sína góðu gjöf, datt honum ekki í hug, að skólinn yrði nema tveggja ára skóli, en skólinn hefir hinsvegar verið þriggja ára skóli um langt skeið, vegna þess hve Alþingi hefir verið ríflegt í fjárframlögum til hans. Og það dettur engum í hug, að þegar búið er að setja heildarlöggjöf um þessa kaupstaðaskóla, verði farið að skapa ósamræmi með því að hafa þriggja ára skóla í Hafnarfirði, en tveggja ára skóla í öllum öðrum kaupstöðum. Jeg býst við, að þarna verði, sem alstaðar annarsstað-

ar, hafður tveggja vetra skóli, með framhaldsnámskeiði þriðja veturinn fyrir þá, sem því vilja sinna. En um þetta hefir oft verið rætt hjer í hv. þd. áður. Það sýnir ekkert nema frekju hv. 1. þm. G.-K., að hann skuli leyfa sjer að halda því fram, ofan á þennan ófullkomleika sinn í andstöðunni við þá viðbúð, sem þessi skóli hefir haft, að honum eigi að gera hærra undir höfði en öðrum skólum. Jeg vil minna á það, að Akureyri hefir nú gefið ríkisskólanum þar — ekki sínum eigin skóla — tólf dagsláttur af verðmætu landi, og sýnt með því þakklæti sitt við Alþingi. Þetta get jeg kallað fórnfýsi. En það hefir aldrei heyrst frá hv. 1. þm. G.-K., að Hafnarfjörður ætti að láta nokkuð af mörkum til síns skóla, heldur að alt, sem til hans þarf, ætti að koma úr ríkissjóði og sama vanrækslan að haldast heima fyrir. Jeg vil upplýsa dálítið í þessu sambandi, sem jeg held, að jeg hefði ekki komið inn á, ef hv. 1. þm. G.-K. hefði ekki sýnt svo mikla mótspyrnu gegn þessari till. hv. fjvn. Svo er mál með vexti, að skólanefnd Flensborgarskólans hefir þverbrotið þær reglur, sem Alþingi setur fyrir þessum styrk til skólans, um þriggja ára skeið, og látið skólagjöldin falla niður. Skólanefndinni datt ekki í hug að fullnægja því skilyrði, sem Alþingi setur fyrir styrknum, heldur segir „kort og godt“: Við skiftum okkur ekkert af því, þótt þetta standi í fjárlögunum. — Einn skólanefndarmaðurinn játaði þetta fyrir mjer í dag.

Auðvitað átti bæði núv. og fyrv. stj. að neita að borga út styrkinn, en það sýnir, hversu taumleysið, sem hv. 1. þm. G.-K. hefir gerst hjer talsmaður fyrir, gengur langt, að skólastjórnin skuli leyfa sjer að ganga framhjá þessu skilyrði Alþingis. Jeg hefi ekki kært mig um að flíka þessu fyr en nú, er þessi seinheppilegi málsvari Flensborgarskólans, hv. 1. þm. G.-K., gaf mjer tilefni til þess. Ef Alþingi samþ. að veita Flensborgarskóla sama styrk sem að undanförnu, neyðist jeg til að láta fullnægja þessu skilyrði, en það kemur í sama stað niður, hvort Hafnfirðingar brjóta þetta skilyrði eða fallast á mína uppástungu í þessu máli. Annars vakir það eitt fyrir mjer að láta Alþingi vita um, hvernig ástatt er um þessa einkastofnun og hversu hún er vanrækt. Aðstandendur skólans verða að skilja það, að þetta skeytingarleysi getur ekki haldið áfram og að taka verður í taumana. Jeg get skilið það, að hv. 1. þm. G.-K., sem er búinn að vera fulltrúi þessara sýslna í 30 ár, líki það miður, því að það er samræmi á milli ræðu hans, þeirrar er hann hjelt hjer áðan, og niðurlæginga skólans og svika skólagjaldanna.

Hv. 1. þm. G.-K. sagði, að hv. Nd. hefði samþ. að veita Flensborgarskólanum sama styrk sem áður með miklum atkvæðamun. Það var nú samt svo, að eftir mikil hrossakaup frá hálfu flm. (ÓTh) tókst loks að merja aðalbrtt. í gegn með 1 atkv. mun, og þegar svo var komið, var ekki um annað að gera en samþ. styrkinn til skólans. Þetta er því ekkert annað en blekkingar hjá hv. 1. þm. G.-K. Íhaldsflokkurinn gerði það að flokksmáli að koma þessu fram og tókst það með

tilstyrk þeirra, sem ókunnir eru núverandi ástandi skólans.

Þá leyfði hv. þm. sjer að halda því fram, að það væri ákaflega góður staður, sem skólinn stæði nú á. Nú hafa nýlega verið samþ. ný hafnarlög fyrir Hafnarfjörð. Samkv. þeim á að gera hafnargarð rjett fyrir vestan skólann og er ætlast til, að kola„plan" verði skamt frá skólanum! Staðurinn er sannarlega nægilega slæmur nú, þó því væri ekki bætt við. En auðvitað hefir hv. þm. ekkert að athuga við þetta. Það er þó ekki einn einasti maður í Hafnarfirði, sem dettur annað í hug en skólinn verði fluttur, þegar hann verður endurbygður. Það er helst talað um tvær hæðir fyrir skólasetur, og eru báðar góðar. En það er ekki nokkur maður með fullu viti, nema hv. þm., sem er á þeirri skoðun, að skólinn eigi að vera kyr.

Hv. þm. sagði, að það gerði ekki til, þó húsin væru ljeleg, menn gætu lært þar fyrir það. Þessu trúi jeg vel upp á hv. þm. Hvernig gæti hatursmaður samgangna, hatursmaður landssímans, hatursmaður kaupfjelaganna, hatursmaður Landsbankans hugsað öðruvísi? Hann hlýtur að álíta það allra best, að unglingunum sje safnað saman í rottusmogna kumbalda, þar sem berklarnir fá sem best þrifist. Það er fullkomið samræmi í því.

Jeg þarf ekki vitni hv. þm. um það, hvernig Hafnfirðingar tóku fundarboði mínu um skólann í vetur. Um 400 manns sóttu fundinn og allir, sem töluðu, tóku vel í mál mitt, að sýna skólanum sóma. Og jeg er viss um, að þegar hv. þm. kemur til að tala við kjósendur sína, þá koma ekki eins margir. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. hefir nokkru sinni vakið aðra eins hreyfingu þar og mjer tókst með fundinum. Hafnfirðinga má alls ekki leggja á borð við hv. þm. í þessu efni; þeir hafa alt aðra skoðun á málinu.

Af því að jeg sje, að fyrv. andstæðingur hv. þm. í járnbrautarmálinu, hv. 3. landsk., er að kveðja sjer hljóðs, og þetta mun verða hans síðari ræða, þá skal jeg minnast hjer á mál, sem mjer er sagt, að hann hafi rætt um hjer í dag.

Í Nd. komst inn í fjárl. fjárveiting til hins nýja gagnfræðaskóla í Reykjavík. Það skiftir ekki máli, að hann er lítill, 2000 kr. nú; næsta ár verður hann vafalaust 4000 kr. En það er ekki upphæðin, sem jeg vil mótmæla, heldur krafan sjálf. Á síðasta Alþingi voru samþ. lög um gagnfræðaskóla í Reykjavík. (JÞ: Enginn þekkir þau!). Hv. þm. var þó ánægður með þau í fyrra, en flokksmönnum hans í Nd. þótti þetra að gera skólann eiginlega nafnlausan, eða kalla hann ungmennaskóla. Þessi skóli var stofnaður til þess að bæta úr hinni brýnu þörf til alþýðufræðslu í höfuðstaðnum. Um hann voru sett svipuð hlutföll og gilt höfðu um skóla í kaupstöðum landsins. En hvað gerist þá? Jú, það gerðist, að um það bil að skólinn á að fara að starfa, þá rís upp nokkur hluti af bænum, flokksmenn hv. 3. landsk., og neitar að láta sín börn ganga í þann sama skóla og þeir hugðu að fátækra manna börn mundu sækja! Áður hafði fólk þetta yfirfylt mentaskólann og aukið árlegan kostnað við hann á einum mannsaldri úr 20 þús. kr. og upp í 150 þús. kr. Þetta fólk vissi það ekki, að í mentaskólanum

ríkti óforsvaranlegt ástand, að það komu fyrir milli 20 og 30 berklatilfelli á ári. Þegar stj. tók í taumana og bauð, að þetta ástand skyldi hætta þá fyltist fólk þetta reiði við stj. fyrir það að hafa bjargað börnum þess úr voðanum. Það stofnar skóla. Því dettur ekki í hug að nota þann skóla, sem ríkið hafði ætlað því. Nei, það stofnar prívatskóla. Það er í sjálfu sjer lofsamlegt og jeg er ekki að fást um það hjer. En — það liðu ekki vikur, fyr en þessi skóli var kominn á bæinn! Það liðu ekki mánuðir fyr en reynt var að koma honum á landið! Þessir menn, er hjeldu, að börn sín væru of fín til að ganga í skóla með börnum fá tæklinga, geta svo ekki staðið straum af skóla sínum sjálfir, heldur koma og biðja um ríkisstyrk. Það er ekki til hroðalegri aumingjaskapur. Það er heldur ekki til ósvífnari frekja en að heimta peninga til þessa skóla eftir að hafa sýnt annað eins skeytingarleysi um mentaskólann og gert hafði verið og eftir að hafa ráðist á það, sem gert var til bjargar honum.

Mjer þótti rjett að taka þetta fram nú, svo að hv. 3. landsk. gæfist kostur á að svara.

**Jóhannes Jóhannesson:** Hv. 6 landsk. fann ástæðu til þess að ganga fram fyrir skjöldu og leggjast fast á móti brtt. hv. 4. landsk. og minni, um fjárframlag til Fjarðarheiðarbrautarinnar. Var það dálítið einkennilegt að hann, sem mjer vitanlega hefir aldrei í Austfirðingafjórðung komið, og er því þar allra deildarmanna ókunnugastur, skyldi verða til þessa enda bar ræða hans vott um ókunnugleika hans.

Hann vildi telja hv. deild trú um það, að það væri til engra eða lítilla hagsbóta fyrir Hjeraðsbúa að fá akbraut yfir Fjarðarheiði, þar sem þeir hefðu Fagradalsbrautina, og heldur auðsjáanlega, að hv. þdm. leggi meira upp úr skoðunum hans en yfirlýstum vilja Hjeraðsbúa sjálfra.

Hvers vegna heldur hv. þm., að sýslufundur Norðmýlinga hafi bæði í fyrra og í ár skorað á þing og stj. að veita ríflega upphæð til þessa vegar og á þm. kjördæmisins að beitast fyrir málinu, ef sýslunefndarmennirnir hefðu ekki þá trú, að vegurinn verði til mikilla hagsbóta fyrir Hjeraðið? Og hvers vegna heldur hann, að þingmálafundurinn á Kirkjubæ og hinir 74 alþingiskjósendur í Fellahreppi, sem sendu samskonar áskoranir til þingsins og þingmanna sinna, hafi gert hið sama? Heldur hann, að þeir hafi gert þetta til þess eins, að ríkissjóður greiddi út fje til vegar, sem ekki kæmi þeim að notum? Eða heldur hann, að þeir hafi gert þetta af einhverri umhyggju fyrir Seyðisfjarðarkaupstað? Og heldur hann, að hann sje bærari um að kveða á um, hvað Hjeraðsbúum megi að gagni koma, heldur en Hjeraðsbúar sjálfir? Ef svo er, þá skjátlast hv. þm.

Jeg sýndi fram á það í fyrri ræðu minni, hver munur væri á Seyðisfirði og Búðareyri við Reyðarfjörð og hvers vegna það væri Hjeraðsbúum vel flestum nauðsynlegt, að þeir fengju akvegarsamband við Seyðisfjörð, og hrakti hv. þm. ekkert af því, sem jeg sagði um það.

Það er rjett, að kaupfjelag Hjeraðsbúa hefir bækistöð sína á Reyðarfirði og er vel stætt, og tveir eða

þrír smákaupmenn, er þrífast þar vel í skjóli hins háa verðlags hjá því. En margir Hjeraðsbúar vilja einnig, og telja sjer mikinn hag í því, geta sætt hinum miklu lægri prísum á Seyðisfirði, á öðru en smávarningi, sem reiddur verður í hnakktöskum, og er það ein af ástæðunum til þess, að þeir telja sjer nauðsynlegt að fá akbraut yfir Fjarðarheiði.

Þá sagði hv. 6. landsk., að vegarstæðið á Fjarðarheiði lægi svo hátt, að vegurinn mundi verða undir snjó nema 1—2 mánuði á sumrin.

Til þess að hnekkja þessari staðhæfingu vil jeg leyfa mjer að lesa upp álit Eðvalds pósts Eyjólfssonar, sem jeg nefndi í fyrri ræðu minni, á þessu atriði, og er þetta álit póstsins birt í ‚greinargerð' nefndar þeirrar, er jeg og nefndi í fyrri ræðu minni. Ummæli póstsins, sem farið hafði yfir 1200 sinnum yfir Fjarðarheiði á öllum tímum árs, eru á þessa leið — með leyfi hæstv. forseta:

„Hann leyfði að hafa það eftir sjer, að hann væri sannfærður um, að ef akvegurinn hefði verið kominn eins og honum er ætlað að liggja, þá hefði Fjarðarheiði verið akfær fulla *sex* mán. síðasta ár, frá því nokkru eftir miðjan júní, að undanteknu því, að síðustu dagana í októ ber, þegar mest snjóaði, hefði ef til vill þurft að hjálpa bifreiðum með frámokstri örstuttan spöl í Neðri-Stafnum Seyðisfjarðarmegin, og þó ekki víst, þegar um upphlaðinn veg hefði verið að ræða, nema að snjóinn hefði skafið af brautinni. Hann kom úr síðustu póstferð á árinu *24. des. síðastl. og fullyrti, að þá hefði mátt fara í bifreiðum hiklaust yfir heiðina,* ef hinn fyrirhugaði akvegur hefði verið kominn. Þessa umsögn E. E. hafa og aðrir stutt, bæði pósturinn, sem gengur til Vopnafjarðar hjeðan, og ennfremur fjöldi Hjeraðsmanna, sem yfir heiðina fóru framan af vetri. Var vanaviðkvæði þeirra: „Bara að akvegurinn hefði nú verið kominn"."

Þá vildi hv. 6. landsk. halda því fram, að vegamálastjóri áliti, að ekki ætti að byrja á Fjarðarheiðarbrautinni fyrri en einhverntíma í framtíðinni, en mjer finst það ekki koma vel heim við ummæli vegamálastjóra í brjefi til fjvn. Nd., dags. 17. febr. 1928, því þar farast honum svo orð:

„Enda þótt fjárveitingar til vegamála sjeu nokkuð miklar, þá hefi jeg engan veginn sjeð mjer fært að leggja það til, að byrjað verði á veginum yfir Fjarðarheiði á næsta ári", þ. e. árinu sem nú er að líða.

Þetta væri mjög undarlega að orði komist, ef það væri skoðun vegamálastjóra, að byrjun akvegarlagningar yfir Fjarðarheiði ætti að dragast mörg ár ennþá.

Jeg leyfi mjer að vísa til fyrri ræðu minnar og að vænta þess, að hv. d. samþ. brtt. okkar hv. 4. landsk. á þskj. 562.

Jeg finn ekki ástæðu til að svara ræðu hv. frsm. fjvn. um þetta mál. Þar sem við erum sammála um aðalatriðið, að fjárveitingin eigi fram að ganga, væri óviðeigandi, að við færum að karpa um aukaatriði.

**Jón Þorláksson:** Jeg finn ástæðu til að svara hv. frsm. nokkrum orðum út af því, sem hann sagði viðvíkjandi styrknum til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, sem n. leggur til að falli niður

og við höfum nú heyrt, að mentamálafrömuðinum, hæstv. dómsmrh., er töluvert ant um að fella.

Hv. frsm. komst svo að orði, að sá skóli væri til orðinn utan við það skipulag, er Alþingi hefði ákveðið skólamálunum. Þetta má til sanns vegar færa, en sá viðburður, er stofnun skólans olli, var þá ekki síður fyrir utan það skipulag. Sá viðburður var það, að kenslumálastjórnin sá ástæðu til að loka til hálfs gagnfræðadeild mentaskólans. Það hefir verið deilt á þá ráðstöfun, en jeg skal hjer aðeins benda á, að afleiðingin hlaut annaðhvort að verða sú, að fólk það, sem inntökupróf stóðst, en var síðan synjað um inntöku í skólann, varð að hætta við það nám, er það hafði ætlað sjer að stunda, eða þá að sjá varð því fyrir kenslu annarsstaðar. Sú leið var valin, að stofna nýjan skóla, til að sjá því fólki fyrir kenslu, er hana vildi fá í gagnfræðadeildinni og hennar hefði notið, ef hæstv. dómsmrh. hefði ekki sjeð ástæðu til að neita því um inngöngu. Hvorttveggja þetta er utan við það skipulag, er sett hafði verið af þingi og stjórn.

Hv. frsm. bar ekki á móti því, er jeg hafði upplýst það, að kenslu þá, er þetta fólk vildi njóta, var ekki að fá í neinum öðrum skóla í bænum En hæstv. dómsmrh. hjelt því fram, að sömu kenslu væri að fá í skóla þeim, sem stofnaður var á síðasta þingi með lögunum um bráðabirgðaungmennafræðslu í Reykjavík. En til að sjá, að þetta er ekki rjett, þarf ekki nema líta í lögin og bera ákvæði þeirra um, hvað kent skuli, saman við kensluskrá gagnfræðadeildar mentaskólans. Þá geta menn sjeð, að þar fer tvent ólíkt, sem ekki er heldur að furða, því með ungmennaskólanum er stefnt að öðru fræðslutakmarki en með gagnfræðadeildinni. Það er því mishermi, að menn geti leitað til ungmennaskólans til að fá þá fræðslu, er fæst í gagnfræðadeildinni. Það þarf ekki annað en benda á, að námstími ungmennaskólans er tvö ár og skólaárið þó styttra en í gagnfræðadeild. Að vísu er sumt af bóklega náminu sameiginlegt, en þó er mörgu hagað öðruvísi, t. d. kend þar vinnubrögð, svo sem netabætingar, sem eru hagnýt fyrir menn til undirbúnings undir frumframleiðsluna, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það á síðasta þingi, en eru ekki kend í gagnfræðadeild mentaskólans.

Það er því ekki góðgirnisleg staðhæfing hjá hæstv. dómsmrh., sem vel þekkir þessar ástæður, er hann ber það fram, að skólinn sje stofnaður af aðstandendum þeirra tossa, er ekki stóðust inntökupróf mentaskólans, flokksbræðrum mínum, er ekki vildu setja sín börn á bekk með fátækra manna börnum. Það er alveg gripið úr lausu lofti.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri svívirðileg frekja og hroðalegur aumingjaskapur — eins og hann orðaði það á sínu sjerkennilega þingmáli — af aðstandendum þessa skóla að sækja um lítilfjörlegan styrk af opinberu fje. Jeg verð að segja, að henni sje dálítið misskift velvild hæstv. ráðh. í fræðslumálum. Í dag heyrðist mjer hann telja það lofsamlegt annarsstaðar, er menn vildu leggja eitthvað á sig til að halda uppi skólum. Það er gert hjer. Þeir menn, sem að skólanum standa, hafa lagt það fram, að

sjálfsagt er og eðlilegt, að hið opinbera ljetti undir með þeim. En þá verður dálítið annað uppi á teningnum. Þegar „flokksmenn mínir" hjer í Reykjavík sækja um styrk til skóla, sem þeir hafa stofnað, þá er það svívirðileg frekja. Og þó njóta allir aðrir skólar í landinu opinbers styrks.

Nei, jeg held, að hæstv. dómsmrh. ætti að geyma orðbragð sitt, — sem minnir á það, sem stöku sinnum, en þó sjaldan, heyrist í götustrákahópi — til annara tækifæra, en beita því ekki á þá menn, sem hafa beitt sjer fyrir, að fjöldi ungmenna eigi kost á þeirri fræðslu, sem þeir óska eftir og hafa stefnt að með því að taka inntökupróf í gagnfræðadeild mentaskólans.

Hæstv. ráðh. getur ekki gengið þess dulinn, að ósamræmi eins og hjer kemur fram verður til að drepa niður alla trú á, að nokkur einlægni sje á bak við alt hans tal um áhuga sinn á mentamálum. Út af lokun gagnfræðadeildar mentaskólans er nú vitanlega sprottin æðimikil beiskja í garð hæstv. ráðh. Það myndi hafa mildað þessa beiskju nokkuð, ef hæstv. ráðh. hefði þá sýnt víðsýni og hefði tekið vel í það, að hið opinbera legði nýja skólanum nokkurn styrk, ef aðstandendur þessara ungmenna legðu nokkuð á sig á móti, en þetta víðsýni vantaði hjá honum. Við höfum heyrt hæstv. ráðh ausa fúkyrðum yfir aldursforseta þessa þings hjer í kvöld, fyrir það eitt, að hann vildi láta styrk til Flensborgarskólans halda sama formi og hann hefir haft áður, og þetta styrkir þá ályktun, að það sjeu frekar skaplestir en mentamálaáhugi, er stjórni gerðum hans í skólamálum, þegar kemur í kjördæmi andstæðinga hans. Jeg ætla ekki að fara að tína upp öll þau viðbjóðslegu fúkyrði, sem hæstv. ráðh. viðhafði, en það vill svo vel til, að hjer voru menn, sem hlustuðu á báða ræðumenn og heyrðu hin stillilegu og kurteislegu orð hv. 1. þm. G.-K., sem rökstuddi mál sitt með því að lesa upp skjöl, sem þýðingu höfðu fyrir málið, og svo ofsa þessa aumkunarverða ráðh., sem er ekki fær um að stjórna sjálfum sjer, hvað þá heldur öðrum.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Hv. 3. landsk. má vera mjer þakklátur fyrir það, að jeg gaf honum tækifæri til að skýra hina óljósu hugsun sína í skólamálum. Hann talar um launkrakka, sem klakinn var út fyrir hið löglega hjónaband, og hann vill láta skíra þennan getnað og láta hann njóta styrks af opinberu fje. Hann kom ekki fram með nein rök fyrir máli sínu, en það bar ekki alllítið á þeim misskilningi hjá honum, eins og ýmsum borgurum þessa bæjar, að hann leit svo á, að mentaskólinn hefði átt að sjá götudrengjunum hjer fyrir andlegum forða og væri skyldur til að taka alla þá unglinga úr Reykjavík, sem þangað vildu leita. Það var venja, að 50 ungmenni komu inn í 1. bekk og voru í skólanum 3 næstu vetur og fóru svo í lærdómsdeildina, og þannig var mestur hluti þeirra, er stúdentsprófi luku, hjeðan úr Reykjavík. Jeg leyfi mjer nú að spyrja, hvar hin siðferðislegu lög sjeu um það, að flest embættismannaefni þessa lands sjeu úr Reykjavík, og hvaða rjett eiga Reykvíkingar á styrk framar öðrum hjeruðum? Þegar Íhaldið hafði

reynt að eyðileggja það, að gagnfræðaskólahúsið á Akureyri mætti nota til framhaldskenslu, minnist jeg þess, að einn hv. íhaldsþm. varð svo reiður yfir framgangi málsins, að hann ætlaði að beita líkamlegu ofbeldi við hv. þm. Barð., af því að hann hafði greitt atkv. með því. En þegar takmarkaður er aðgangur að mentaskólanum, þá eru öll blöðin full af heift yfir því, sökum þess að Reykvíkingar höfðu vanist því að sitja einir við þessa mentastofnun, en vildu ekki unna neinum öðrum þess. Ef þetta er ekki frekja og ofsi, þá veit jeg ekki, hvað það er. Ef það er rjett, að 3 neðstu bekkir mentaskólans hafi verið nokkurskonar alþýðuskóli, en ekki undirbúningur undir lærdómsdeildina, þá sjest á því, að unglingaskóla hefir vantað hjer í Rvík, sökum þess, að ekki hafa allir þessir nemendur farið í skólann af því að stúdenta vantaði, heldur af hinu, að það skorti skóla. Nú var stofnaður nýr skóli fyrir unglinga síðastl. ár, og til hans voru fengnir færustu kennarar, og því var þessum unglingum engin vorkunn að leita þangað, en til þess voru þeir of fínir. Þeir máttu ekki koma saman við fátæku börnin, og þess vegna tóku fínni borgarar Reykjavíkur það ráð að stofna handa þeim nýjan skóla, þar sem þeir komu að tornæmum börnum, ef þeir voru svo óheppnir að eiga þau, og þar á að menta þau og uppfræða, en foreldrarnir eru ekki of góðir til að borga gildið, sem þeir bjóða sjálfir í, úr því að þeir vildu ekki láta börn sín blandast saman við hin, sem fátækari voru. Hv. þm. reyndi að sanna það, að af því að jeg vildi ekki vera með styrk til þessa skóla, en væri fylgjandi öðrum slíkum styrkjum, að þá væri ósamræmi í hegðun minni. Jeg þykist vita, að þessi hv. þm. sje hlyntur háskólanum, en nú skulum við segja, að einhverjir lærðir menn tækju sig til og stofnuðu nýjan háskóla til þess að útskrifa guðfræðinga, lækna og lögfræðinga, og þessir menn kæmu svo til þingsins og bæðu um styrk, þá væri jeg mótfallinn því. Ef einhverjir kunna að finnast, sem ekki geta gert sjer þá skóla að góðu, sem ríkið býður þeim upp á, þá verða þeir að halda sínar eigin leiðir. Í Englandi koma menn upp skólum handa börnum sínum, og þar eru ekki einungis tugir, heldur hundruð slíkra skóla. Nú er mjer kunnugt um einn mann, sem leggur 10000 kr. í kosningasjóð Íhaldsins, og slíkir menn ættu að geta veitt skólanum styrk. (JÞ: Slíkur maður er enginn til). Hjer í Reykjavík er annar skóli, sem einskis ríkisstyrks nýtur, heldur gengur sínar eigin götur til þess að mega kenna hvað sem forstöðumenn hans vilja, og það er Landakotsskólinn. Þannig ættu þessir ágætu menn að hafa það. Hv. 3. landsk. áleit orð mín um þennan nánasarlega hugsunarhátt, sem kom skýrast fram hjá samherja hans í járnbrautarmálinu, hv. 1. þm. G.-K., of hörð, en það voru mín þungu rök, sem hittu hinn seka alveg eins og sleggjuhögg.

Þá talaði hv. þm. um ilt orðbragð, en hann ætti ekki að tala um það, hann, sem hefir 12 eða 13 blöð til umráða og orðbragðið er þar þannig, að það er til skammar, ekki aðeins fyrir samherjana, heldur fyrir alla

þjóðina, sem líður fyrir spillingu og mentunarleysi þeirra, sem blöðin eiga. Enda er við því að búast, þar sem sumir af ritstjórum þessara blaða eru orðlagðir ræflar. Það er að búast við því, að það sje þungt fyrir þann mann, sem hefir með sjer örgustu sorpritara, að þurfa að standa undir rökum í málum, sem eru óverjandi.

Þá talaði hv. þm. um beiskju foreldranna, en hún verður ekki þung á metunum, þegar maður talar við landlækni og fær að heyra, að sökum ofþrengsla hefir verið óeðlilega mikið um berkla og dauðsföll undanfarin ár í skólanum, þannig að beiskja foreldranna stafar þá af því, að mega ekki senda börn sín í opinn dauðann.

Þá sagði hv. þm., að jeg sýndi beina hlutdrægni, þegar jeg legði til mála þeirra kjördæma, sem kosið hafa andstæðinga *mína* á þing. Þau kjördæmi, sem eru nú ákveðnust gegn mjer, eru Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýsla, og þá get jeg bent á það, að jeg hefi borið fram frv. um unglingaskóla í Reykjavík og hlynt betur að mentaskólanum en fyrirrennarar mínir hafa gert, og auk þess hefi jeg reynt að rjetta við Flensborgarskólann, sem nú er kominn í mestu niðurníðslu og ekkert hefir verið gert fyrir síðan Þórarinn heitinn Böðvarsson og Jón heitinn Þórarinsson fóru frá honum.

Hv. þm. lauk ræðu sinn með þeim orðum, að það væri ekki við því að búast, að jeg gæti stjórnað öðrum, þegar jeg gæti ekki stjórnað sjálfum mjer, en það er nú eitt af því, sem Íhaldið kvartar mest undan, að jeg hefi hemil á þeim, sem stela fje af landinu, og drukknum mönnum, sem eru þjóðinni til minkunar. Glæpa- og illræðismönnum landsins og þeirra samherjum og vinum finst hönd núv. stj. vera þyngri á þeim en áður.

**Jón Jónsson:** Jeg þarf að svara hv. þm. Seyðf. nokkrum orðum viðvíkjandi Fjarðarheiðarveginum. Hann sagði, að jeg myndi þekkja minst til þarna eystra af hv. þdm. og því ætti jeg ekki að fara að ráðleggja deildinni neitt í þessu máli. Jeg játa það að vísu, að jeg hefi aldrei ferðast þarna um, en þetta mál er nú orðið svo þvælt hjer í hv. deild, að jeg hygg, að jeg hafi fengið á því öllu betri skilning en þótt jeg hefði farið um veginn. Maður getur líka kynt sjer þetta nokkuð á landabrjefum og aflað sjer frekari upplýsinga, þannig að maður standi lítið ver að vígi en hinir, sem reynt hafa. Jeg skil ekki í öðru en að hann sem gamall þm. geti játað, að margar styrkbeiðnir hafa komið til þingsins, sem virðast ekki við nánari athugun hafa við nein rök að styðjast.

Hv. þm. hefir ekki hrakið þau orð mín, að þörfin fyrir þennan veg sje ekki svo brýn, að hann geti ekki beðið. Þá sagði hv. þm., að jeg hefði farið of sterkum orðum um snjóalög á þessari leið, er jeg sagði, að þessi vegur myndi ekki verða fær nema 3 mánuði ársins. Jeg byggi þessi ummæli mín á brjefi vegamálastjóra, sem jeg hefi ekki meðferðis, en með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp kafla úr áliti þess manns, sem rannsakaði þetta, og munu menn þá sannfærast um, að þetta hefir ekki verið ofmælt hjá mjer. Hann segir svo:

„Enda þótt komið væri fram í júlímánuð, var ennþá afarmikill snjór á heiðinni, og víða það mikill, að ill-

mögulegt var að fylgja veginum. Til þess að komast nokkurnveginn hindrunarlaust áfram, varð víða að fara langt fyrir ofan (norðan) núverandi veg, enda liggur hann á löngum kafla um hinar verstu snjókistur".

Svo minnist hann á þetta aftur síðar: „Miklar líkur eru fyrir því, að hægt sje að koma vegi þannig fyrir og án stórkostlegs tilkostnaðar haga hæð vegarins svo, að hann alla jafnan verði kominn undan snjó um mánaðamót júní—júlí, enda engin frágangssök að moka síðustu skaflana, þegar komið er svo langt fram á vor".

Svona er nú ástandið, að það er von um, að vegurinn verði orðinn fær um mánaðamótin júní og júlí, með því að moka síðustu skaflana. Já, það kvað með kostgæfni mega moka svo af veginum, að bílar komist leiðar sinnar. (**JóhJóh:** Þetta er lýsing eftir ókunnugan mann). Hann segist þó hafa stuðst við upplýsingar frá þeim ágæta manni, sem hv. þm. Seyðf. segir, að farið hafi 1200 sinnum yfir Fjarðarheiði. Þessi lýsing er ekki svo björguleg, að fýsilegt sje að fleygja mörg hundruð þúsundum í þessa vegagerð, meðan fjöldi nauðsynlegra framfarafyrirtækja bíður og vitanlegt er, að þörf hjeraðsins er þegar betur fullnægt á annan hátt. Þó að jeg sje ef til vill ekki kunnugur þar eystra, veit jeg þó, að Fagradalsbrautin er fær miklu lengur en þrjá mánuði ársins.

Hv. þm. Seyðf. var að fetta fingur út í það, að jeg hafði sagt, að síst væri betri verslun á Seyðisfirði en Reyðarfirði, því að þar væri eitt af bestu kaupfjelögum landsins. Hv. þm. var nú ekki alveg á því, að svo væri, og sagði, að verðlag kaupfjelagsins væri svo hátt, að smákaupmennirnir á Reyðarfirði þrifust mætavel í skjóli þess. Ekki virðist nú reynslan staðfesta þessa velgengni kaupmannanna. Einn kaupmaður þar hefir nýlega orðið gjaldþrota um 200 þús. kr. (**Jóh-Jóh:** Síldarspekulationir). Jeg skal ekki segja um, af hverju tægi sú kaupmenska var, sem setti hann yfir um. Annar hefir nýverið orðið að leita samninga við lánardrotna sína og fengið 60% af skuldum sínum gefið upp. Ekki bendir þetta á uppgang kaupmanna þar. Og jeg þori að fullyrða, að mjer er svo vel kunnugt um efnahag manna hjer eystra, að jeg veit, að menn sjeu engu ver stæðir á fjelagssvæðinu en á Seyðisfirði og norðurfjörðunum. Jeg held, að hv. þm. Seyðf. verði erfitt að sanna, að verslunarkjörin á Reyðarfirði sjeu svo slæm, að neyðarkostur sje að leita þangað.

Aðalatriðið í mótmælum mínum stendur enn óhrakið. Þörfin er ekki brýn, og eiginlega engin. Kostnaður yrði geysimikill, en vegurinn ónothæfur mestan hluta árs. Auk þess hefir ekki verið á það minst, að verið gæti, að Seyðfirðingum veittist erfiðlega að leggja sinn hlut fram, og a. m. k. gætu þeir varið því fje betur. Einu rök hv. þm. voru þær áskoranir, sem borist hafa um þetta efni frá Seyðisfirði, en upp úr þeim má ekki leggja of mikið. Aftur skal það játað, að vegarlagningin skapaði mikla atvinnu fyrir Seyðfirðinga, og þar mun fiskur liggja undir steini í þessu máli.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg

verð að líta svo á, eftir þeim umr. að dæma, er hjer hafa farið fram undanfarið, að umr. um fjárl. sje lokið, og í þeirri trú offra jeg minni síðustu ræðu til að drepa á annað efni en það, sem beint snertir fjárlögin.

Það, sem gaf mjer tilefni til að standa upp að þessu sinni, voru orð, sem hv. þm. Seyðf. ljet falla hjer og jeg vil ekki láta ómótmælt. Jeg tel þau ummæli hans alls ekki sæmileg, síst þar sem hann las þau upp úr skrifaðri ræðu. Hann sagði, að smákaupmennirnir á Reyðarfirði þrifust vel í skjóli hins háa verðlags kaupfjelagsins. (**BK**: Eins og alstaðar). Hvað veit hv. þm. um verðlag kaupfjelagsins á Reyðarfirði? Jeg lýsi þessi orð hv. þm. Seyðf. röng og ómerk með öllu, svo að jeg viðhafi ekki óþinglegri orð. Menn skilja samt, hvað jeg á við. Rökvillan er líka augljós. Hví verða smákaupmennirnir ekki að stórkaupmönnum, fyrst þeir þrífast svona vel? Jeg endurtek, að þetta er rangur áburður á kaupfjelagið og hverjum þm. ósamboðinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 540,1 samþ. með 13:1 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 562,I samþ. með 10 shlj. atkv.

— 540,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 540,3 feld með 7:7 atkv.

— 562,II feld með 8:4 atkv.

— 540,4 samþ. með 11:1 atkv.

— 540,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 562,III samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, PH.

**nei**: EÁ, EF, IP, JónJ, JónasJ, GÓ.

Brtt. 540,7 samþ. með 8:5 atkv.

— 540,8 feld með 7:7 atkv.

— 540,9 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 540,10 samþ. með 11:2 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 562,IV feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK, HSteins, IHB.

**nei**: JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, IP, GÓ.

Brtt. 540,11 samþ. með 8:2 atkv.

— 540,12 samþ. með 9:3 atkv.

— 562,V feld með 11:2 atkv.

— 540,13 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 540,14 samþ. með 8:2 atkv.

— 540,15 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 540,16 samþ. með 8:6 atkv.

— 540,17 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: IP, JBald, JónJ, JónasJ, JKr, PH, EÁ, EF, GÓ.

**nei**: HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, BK.

Brtt. 540,18 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: EÁ, EF, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

**nei**: BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr.

Brtt. 540,19 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: JBald, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, IHB, JóhJóh, GÓ.

**nei**: JÞ, JKr, BK, HSteins, IP.

Brtt. 540,20 samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 562,VI. feld með 8:3 atkv.
— 562,VII.1 samþ. með 8:5 atkv.
— 562,VII.2 feld með 8:2 atkv.
— 540,21 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.
**nei:** HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.

14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 562,VIII samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.
**nei:** IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.
Brtt. 540,22 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 562,IX.a—b feld með 7:7 atkv.
— 562,IX.c feld með 7:7 atkv.
— 540,23 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 562,X.1 feld með 10:3 atkv.
— 562,X.2 feld með 11:3 atkv.
— 562,X.3 (aðaltill.) tekin aftur.
— 582 samþ. með 8:2 atkv.
— 562,X.3 (varatill.) kom ekki til atkv.
— 540,24 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 540,25 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, IHB, IP, GÓ.
**nei:** JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK, HSteins.
Brtt. 540,26 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 562,X.4 (aðaltill.) tekin aftur.
— 562,X.4 (varatill.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 562,X.5 (aðaltill.) tekin aftur.
— 562,X.5 (varatill.) feld með 8:6 atkv.
— 562,X.6 samþ. með 8:4 atkv.
— 540,27 samþ. með 8:6 atkv.
Brtt. 540,28 samþ. með 8:4 atkv.
— 540,29 feld með 7:6 atkv.
— 562,X.7 (aðaltill.) feld með 8:3 atkv.
— 562,X.7 (varatill.) samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** IP, JBald. JónJ, JKr. PH, EF, GÓ.
**nei:** JóhJóh, JÞ, JónasJ, BK, EÁ, HSteins.
IHB greiddi ekki atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 540,30 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 540,31 samþ. með 12:1 atkv.
— 562,X.8 feld með 8:5 atkv.
— 540,32 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 540,33 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 540,34 samþ. með 12:1 atkv.
— 562,XI feld með 8:5 atkv.
— 540,35 samþ. með 10:2 atkv.
— 540,36 feld með 7:6 atkv.
— 562,XII samþ. með 12 shlj. atkv.
— 562,XIII feld með 10:2 atkv.
— 540,37 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HSteins, IHB, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.
**nei:** IP, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK.

16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 562,XIV.1 feld með 8:5 atkv.
— 562,XIV.2 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JÞ, BK, EF, IHB, IP, JóhJóh, GÓ.
**nei:** PH, JBald, JónJ, JónasJ, EÁ, HSteins.
JKr greiddi ekki atkv..
Brtt. 540,38 samþ. með 9:1 atkv.
— 540,39 samþ. með 10:1 atkv.
— 540,40 samþ. með 10:1 atkv.
— 562,XIV.3 feld með 7:5 atkv.

Brtt. 540,41 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, PH, BK, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JÞ.

nei: EÁ, EF, JBald, JónasJ, GÓ.

JónJ greiddi ekki atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 540,42 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 540,43 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 540,44 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 540,45 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 540,46 samþ. með 9:3 atkv.

— 562,XV.1 samþ. með 8:4 atkv.

— 540,47 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 540,48 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 540,49 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 540,50 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 562,XV.2 samþ. með 13 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

19.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

21. gr., með tölubreytingum samkv. atkvgr., samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 562,XVI.1 tekin aftur.

— 540,51 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, EÁ, IHB, IP, JóhJóh, JBald, JónJ, GÓ.

nei: BK, EF, HSteins, JÞ, JónasJ, JKr.

Brtt. 540,52 tekin aftur.

— 562,XVI.2 feld með 8:4 atkv.

— 562,XVI.3 feld með 8:6 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 562,XVII samþ. með 8:2 atkv.

— 562,XVIII.a—b teknar aftur.

23. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

24. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

25. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 588, 617).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 617. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Áður en jeg minnist á frv. sem heild skal jeg geta þess, sem reyndar er augljóst, að fullkomið samkomulag hefir ekki náðst í fjvn. um brtt. við fjárlfrv. Þetta sjest best á því, að minni hl. ber fram sjerstakar brtt. Jeg skal ekki fara út í þann ágreining, sem orðið hefir, að svo stöddu. Til þess gefst væntanlega tækifæri, þegar hv. minni hl. hefir mælt fyrir sínum till.

Á fjárlfrv. eins og það er nú er reikningslegur tekjuhalli ca. 130 þús. kr. Að þessu sinni ber fjvn. fram brtt., sem leiða af sjer 20 þús. kr. útgjaldahækkun, svo að sá reikningslegi tekjuhalli yrði þá, að þeim viðbættum, ca. 150 þús. kr. Aftur á móti hefir n. borið fram hækkun á tekjuliðum, sem nemur 100 þús. kr., og lækkun á útgjaldaliðum um 80 þús. kr., og verður þá niðurstaðan reikningslegur tekjuafgangur um 30 þús. kr. Eftir fjárlfrv. eru útgjöldin áætluð nálægt 12 milj. kr. Raunar vantar á þá upphæð enn nokkra tugi þúsunda, en gera má ráð fyrir, að það skarð verði fylt þegar frv. verður afgr. frá þessari hv. deild. Eru þá útgjöld fullri miljón kr. hærri en áður hefir átt sjer stað.

Ef litið er á tekjurnar eins og næst verður komist að þær hafi orðið árið 1928, mun láta nærri, að þær hafi verið um 15% hærri en útgjöldin eru nú áætluð. Eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, hafa tekjur ársins 1928 numið ca. 13870 þús. kr. Nú er það öllum kunnugt, að árið 1928 var óvenjulega mikið tekjuár. Þá verður og að gera ráð fyrir sjerstökum útgjöldum árið 1930, samkv. lögum frá þessu þingi, og þegar þess einnig er gætt, að árið 1930 hlýtur að verða alveg sjerstakt útgjaldaár vegna hátíðarinnar það ár, þá leit meiri hl. fjvn. svo á, að það gæti engan veginn talist varlegt að hækka tekjuáætlunina frá því, sem nú er, meira en hann þegar hefir lagt til.

Hitt er vafaatriði, hvort útgjöldin eru ekki þegar orðin of há, samanborið við þær tekjuvonir, sem búast má við árið 1930. Þó hefir n. ráðist í að láta að mestu lenda við þau útgjöld, sem þegar eru komin inn í frv.

Þó að meiri hl. beri nú fram um 80 þús. kr. útgjaldalækkun, getur það ekki talist mikið, ef litið er á heildarupphæð fjárl.

Jeg sje ekki neina þörf á að tala meira um frv., — býst við, að það kunni að gera einhverjir aðrir —, en skal þá snúa mjer beint að þeim einstöku brtt., sem n. hefir borið fram á þskj. 617.

Fyrsta brtt. er við 2. gr., — að tekju- og eignarskattur verði færður úr 1100000 kr. upp í 1200000 kr. Þetta var eini liðurinn, sem n. í heild sinni gat álitið, að ástæða væri til að færa upp í tekjuáætluninni. Til þess lágu alveg sjerstakar orsakir. N. þóttist hafa nokkurnveginn áreiðanlegar upplýsingar um það, að þessi liður mundi af sjerstökum ástæðum verða nokkuð hærri heldur en hann hefir reynst að undanförnu. Og þær sjerstöku ástæður felast í því, að svo er stilt til, að nú mun tekju- og eignaframtal reynast heldur rjettar af hendi leyst en áður hefir verið; og líka er talið fullvíst, að betur muni innheimtast þessi liður. Hygg jeg, að þetta muni sjerstaklega eiga við um Reykjavík.

Auk þess var n. náttúrlega kunnugt um það, eins og öðrum hv. þdm., að til er líka heimild, sem gæti orðið þess valdandi, að þessi liður hækkaði mikið, enda þótt n. hefði enga sjerstaka hliðsjón af þessari heimild, þegar hún lagði þetta til.

Þá er næst brtt. frá n. við 13. gr. B, um akvegi, þar sem lagt er til að lækka framlag til þeirra sem nemur samtals 65 þús. kr. Jeg sje ekki ástæðu til að fara að lesa hjer upp þá einstöku vegi, sem taldir eru í brtt., en n. reyndi að fara sem sanngjarnlegast í það að klípa af þessum vegum. Jeg skal geta sjerstaklega um tvo liði, sem sje Stykkishólmsveginn og Vesturlandsveginn. Þessir vegir eru lækkaðir um 10 þús. kr. hvor, og er það líklega hlutfallslega meiri lækkun en á hinum. En fyrir n. vakti það, að báðir þessir vegir eiga langt í land að vera fullgerðir, og hlýtur það að taka þó nokkur ár. N. leit því svo á, að það sakaði minna, þótt ekki væri veitt meira til þeirra nú, meiri fjárveiting kæmi ekki að neinum verulegum notum í bili, en hinsvegar væri alls ekki þar með sagt, að þeir vegir yrðu síðar fullgerðir fyrir það. Því að þó að þeir nálguðust meira að

verða fullgerðir, ef lagt er meira til þeirra árlega, þá getur svo komið, að fært verði að leggja til þeirra ríflegar, svo að þeir þrátt fyrir alt yrðu fullgerðir jafnfljótt og ef nú væri varið til þeirra dálítið hærri upphæð.

Jeg þykist vita, að ýmsum, bæði á Alþingi og utan þings, muni þykja það hart, að sjerstaklega skuli vera ráðist í þessa liði, vegina, sem svo fjölda margir, einkum úti um landið, finna svo mikla þörf á. En það er ekki hægt um vik að ráðast á útgjöldin. Það er svo margt af þessu þannig úr garði gert, að það verður ekki numið burt. Og n. komst að raun um, að enda þótt þessi 65 þús. kr. lækkun yrði gerð á þessum lið, þá væri samt eftir atvikum allsæmilega sjeð fyrir vegagerð á landinu. Og þá skoðun sína styður n. fyrst og fremst við það, að eftir hennar till. yrði nú lagt til veganna 60 þús. kr. meira heldur en kunnugt er, að nokkurn tíma hafi verið gert áður, þegar tillit er tekið til þjóðvegagerðar og sýsluvega, svo og brúargerða.

Eftir till. n. yrði lagt til vega og brúargerða 882 þús. kr. Í síðustu fjárl. var þessi upphæð 822 þús., eftir fjárl. 1927 729 þús., og eftir fjárl. 1926 780 þús., en eftir fjárl. 1925 aðeins 447 þús. kr.

Þegar á það er litið, að árið 1930 verður af sjerstökum ástæðum mikið útgjaldaár fyrir ríkissjóð, þá varð n. að líta svo á, að það yrði ekki beinlínis hægt af neinum að átelja það, hversu lítið fje væri lagt til vega og brúa í landinu, enda þótt farið yrði eftir þeim till., sem n. ber fram.

3. till. er um það, að orðin „og Hafnarfirði“ falli niður í 14. gr. Er þetta alveg sjálfsögð leiðrjetting til samræmis við það, sem nú stendur í frv.

Þá hefir n. lagt til, að í 16. gr. komi 40000 í stað 53500 kr. til sandgræðslu. Hjer er lagt til, að niður falli sjerstök fjárveiting, 12000 kr., sem ætluð var til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum, og auk þess 1500 kr., sem ætlaðar voru til sandgræðsluvegar í Bolungarvík í Hólshreppi.

Um þetta 12 þús. kr. framlag til Rangárvalla er það að segja, að ætlast er til, að girðingin verði um land, sem þegar er orðið örfoka, til þess að flýta fyrir gróðri á ný, en ekki til þess að verjast eyðingu af sandfoki. N. varð að líta svo á, að úr því að henni þótti þörf að láta eitthvað af útgjöldum niður falla, þá mundi það að bagalausu mega um þennan lið, vegna þess að ekki verður sjeð, að skemdir mundu af leiða, þó að þetta drægist. Hinsvegar álítur n., að verkið sje gott og nauðsynlegt.

Líkt leit n. á hinn liðinn, til sandgræðsluvegar í Bolungarvík.

Einnig hefir n. lagt til, að 47. liður 16. gr., til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, verði lækkaður úr 6000 kr. í 4000. Þarna stóð eins á, að n. virtist þessi liður mega lækka án þess að verulegu tjóni þyrfti að verða. Það stendur í frv., að þessar 6000 kr. sjeu fyrri greiðsla til vegarins. Þó að þessari aths. sje ekki breytt í till. n., þá kom alls ekki fram hjá n., að hún ætlaðist til lækkunar á styrknum í heild. Jeg hygg jeg megi segja f. h. n., að fyrir henni hafi vakað, að á sínum tíma yrðu lagðar þær 12 þús. í þennan veg, sem frv. hefir gert ráð fyrir, að greiddar verði. Aðeins mætti

búast við eftir till. n., að þetta ætti að gera á þremur árum, 4000 kr. á ári.

Við 18. gr. er leiðrjetting, þar sem á að koma nafnið Guðríður í stað Elín. Það stafar af því, að upplýst er, að kona þessi, ekkja síra Jóhannesar frá Kvennabrekku, heitir Guðríður.

Einnig er við 18. gr. lagt til, að inn komi 3 nýir liðir, að þar verði tekin inn ein ljósmóðir, ein hjúkrunarkona og ein ekkja. Það lágu fyrir upplýsingar um alla þessa liði frá merkum mönnum, frá læknum hjer í Reykjavík og utan Reykjavíkur um hjúkrunarkonuna og ljósmóðurina og frá öðrum mönnum, t. d. tollstjóra hjer í Reykjavík, um ekkju tollvarðar. N. virtist eftir upplýsingunum, sem lágu fyrir, að þessar fjárveitingar yrði að telja rjettlátar samanborið við aðrar í 18. gr.

Þá er við 22. gr. nýr liður, þar sem lagt er til að veita Jóni Guðmundssyni bónda á Brúsastöðum alt að 25 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til aukningar gistihússins „Valhöll" á Þingvöllum, eða ábyrgjast fyrir hann lán í sama augnamiði, með þeim skilyrðum, sem nánar eru tekin fram í gr. Þessi brtt. var gerð eftir mjög ákveðinni ósk frá alþingishátíðarn., og till. er eiginlega beinlínis lögð fyrir n. frá hátíðarn. Fjvn. varð að líta svo á, að þetta lán eða ábyrgðarheimild yrði að teljast nauðsynlegt.

Þá er einnig gert ráð fyrir, að við 23. gr. komi aths. viðvíkjandi ábyrgð á 10 þús. kr. láni til Auðkúluhrepps í Ísafjarðarsýslu, sem sje, að við liðinn bætist: gegn ábyrgð sýslufjelagsins. N. þótti það yfirleitt varlegra, að slíkar lánveitingar yrðu að jafnaði bundnar því skilyrði, að sýslufjelagið ábyrgðist, eins og farið er fram á um samskonar breytingu, er gerð verður á öðrum lið síðar í gr.

32. brtt. er einnig við 23. gr., þar sem í 1. lagi er gert ráð fyrir að taka upp samskonar ákvæði um 3 ábyrgðarheimildir, það er 11., 12. og 13. liður gr., eins og gr. er í frv. Það er ábyrgð fyrir 170 þús. kr. láni til Hólshrepps í Norður-Ísafj.sýslu til rafvirkjunar, 60 þús. kr. láni til Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, og ábyrgð fyrir 90 þús. kr. láni til Reyðarfjarðarhrepps, einnig til rafvirkjunar. N. þótti rjett að áskilja ábyrgð sýslufjelagsins fyrir öllum þessum lánveitingum.

Einnig leggur n. til, að inn komi 3 nýir liðir, ábyrgð á 50 þús. kr. láni fyrir h/f Hallveigarstaði, til þess að reisa kvennaheimili á Arnarhólstúni, gegn þeim tryggingum, er stj. metur gildar. Það lágu fyrir n. þær upplýsingar, að þetta fjelag kvenna hefði nú í sjóði allmikið fje og auk þess nokkuð í loforðum. Það eru um 40 þús. kr. innborgaðar. Gert er ráð fyrir, að þessi bygging kosti 130 þús. kr., og n. varð að líta svo á, að þetta myndi kannske verða áhættuminna heldur en margar aðrar ábyrgðir ríkissjóðs. Auk þess þótti n. skemtilegt, ef hægt væri að verða við þessari bón kvenna í landinu um að koma upp allmerkilegri stofnun nálægt þessum merku tímamótum í sögu þjóðarinnar, sem nú fara í hönd, 1000 ára afmæli Alþingis.

Ennfremur leggur n. til, að stj. hafi

leyfi til að taka ábyrgð á alt að 200 þús. kr. láni fyrir h/f „Hamar", til þess að koma á fót dráttarbraut, er geti tekið í þurkví skip á stærð við „Esju", gegn endurábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur. Það er kunnugt, að skipastóllinn íslenski af þessari stærð er orðinn allstór, og það er upplýst, að kostnaður við aðgerð á þeim í útlöndum getur orðið æðimikill, auk þess, sem það er tilfinnanlegt að missa þá atvinnu út úr landinu. Nú er hjer ekki til nein sú stofnun, sem geti tekið líkt því svona stór skip til viðgerðar. En þetta hlutafjelag, „Hamar", hygst að geta komið á fót viðgerðarstöð, ef það getur fengið þetta lán.

N. verður að líta svo á, að þetta sje þjóðþrifnaðarfyrirtæki, og mundi skapa atvinnu og spara fje út úr landinu, en telur hinsvegar áhættulaust að leggja til, að ríkisstj. sje heimilt að ábyrgjast lánið.

Í 3. lagi er lagt til að ábyrgjast 50 þús. danskra kr. lán fyrir Jóhannes Jósefsson, til þess að reisa gistihús hjer í Reykjavík. Eins og menn muna, var stj. heimilað að ábyrgjast stórt lán fyrir þennan mann í fyrra, en það hefir komið í ljós, að ágiskunin, sem gerð var um þetta 1. flokks hótel, varð of lág. Það er þegar fullvíst, að það kostar svo hundruðum þúsunda króna skiftir meira en fyrst var gert ráð fyrir. Þessi maður var því í vanda staddur og leitaði eðlilega til ríkisins um þessa viðbótarábyrgð, og n. fanst sjálfsagt að verða við þessari bón hans.

Í síðasta lagi hefir n. lagt til örlitla orðabreyt. í 23. gr., sem er þess eðlis, að hún skýrir sig alveg sjálf.

Þá held jeg, að jeg hafi minst á allar brtt. n. En af því að jeg á sjálfur tvær brtt. á þessu þskj., þykir mjer rjett að minnast líka á þær um leið.

Fyrri brtt. er sú 27. á þskj. 617, við 23. gr., að þar komi nýr liður, svo hljóðandi: Að lána Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu 25 þús. kr. til 20 ára, með 6% ársvöxtum, gegn ábyrgð sýslunefndar Norður-Múlasýslu. — Þannig stendur á um þessa brtt., að þessi hreppur hefir nú fyrir rás viðburðanna á undanförnum árum komist í svo þröngar kringumstæður, að það er ekki sjáanlegt, að hann komist úr þeim á annan hátt en þann, að hreppsbúar flestir verði alveg að yfirgefa bú sín og hverfa þaðan burt.

Það er ekki þörf á því að telja upp orsakirnar að þessu. Hv. þdm. er kunnugt um það, að undanfarið hefir verið byltuhætt fyrir ýmsa. Verðsveiflur stríðsáranna og áranna næst á eftir höfðu það í för með sjer, að ef út af bar, gat illa farið. Það vildi verða svo þarna sem annarsstaðar, að menn báru ekki gæfu til þess að nota sjer þann fjárhagslega hagnað, er varð af verðhækkuninni, heldur varð það svo, að menn urðu fyrir barðinu á henni að stríðinu loknu, er hinir erfiðu tímar fóru í hönd. Það vildi verða svo, að þó búpeningur væri í háu verði, þá minkuðu skuldir lítið sem ekkert og sumstaðar jafnvel ukust þær, því ýmsir reistu þá bú og keyptu til þess við alt of háu verði. Hafa þeir síðan setið uppi með miðlungsstór bú, en miklar skuldir. Ofan á þetta bætist svo, að þessi umrædda sveit varð eins og fleiri fyrir mjög hörðu árferði um og eftir 1920. Urðu menn þá að verja

stórfje til kaupa á útlendu skepnufóðri. Ukust skuldirnar þá hjeraðsbúum yfir höfuð. Líka stendur það þessari sveit mjög fyrir þrifum, að samgöngur eru hinar erfiðustu. Hafa þessir menn einskis notið af fje því, sem varið hefir verið til samgöngubóta á landi.

Nú er svo komið í stuttu máli sagt, að í þessari sveit, þar sem eru 33 búendur, eru 20, sem ekki eiga fyrir skuldum. Og samkv. rannsókn, sem þar hefir farið fram, nema skuldir 22 manna þar fullum 200 þús. kr., en eignir þessara sömu manna eru um 100 þús. kr. Að vísu eru þessar eignir nokkuð lágt metnar, en jeg er ekki viss um, að meira verð fengist fyrir þær, ef það ætti að selja þær nú. Sumir mundu nú ef til vill vilja segja, að þegar svona sje komið, þá sje best fyrir hlutaðeigendur að gefa bú sín upp til gjaldþrotaskifta og flytja svo burt. En jeg verð að halda því fram, að ef hægt væri að komast hjá því, að ⅔ hlutar heillar sveitar flosnuðu upp, þá væri það betur farið. Þá má geta þess, að þessir menn hafa fengið góðar vonir og jafnvel vissu um það, að ef þeir gætu borgað nokkuð af þessum háu skuldum nú þegar, þá mundu þeir geta fengið eftirgefnar ca. 110 þús. kr. Og það er einmitt sú eftirgjöf, sem þeir hugsa sjer að ná með þessu láni. Þeir fóru að vísu fram á það, að fá 35 þús. kr. lán. En jeg taldi enga von til þess, að svo mikið fyndi náð fyrir augum hv. Alþingis, og fór því ekki fram á meira en 25 þús. Jeg leit líka svo á, að ef Alþingi samþ. þetta, þá væri ekki vonlaust, að N.-Múlasýsla gæti á annan hátt liðsint um það, sem á vantar. Jeg verð einnig að álíta, að lánardrottnar gætu gefið meira eftir af skuldunum, því vissa er fyrir því, að minna fengju þeir margir, ef nú ætti að gera bú þessara bænda upp.

Jeg verð svo að vænta þess, að hv. þdm. sjái nauðsyn þessa máls og sjái ekki verulega áhættu í því að samþ. þetta, og það því síður, sem með fylgir yfirlýsing frá sýslunefnd N.-Múlasýslu um það, að hún taki að sjer ábyrgð á þessu láni, eins og líka tilskilið er í brtt. minni. Svo vona jeg, að hv. þdm. líti á þetta með sanngjörnum augum og góðvild og sjái sjer fært að samþ. þessa brtt.

Þá á jeg hjer aðra brtt. ásamt hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf. Er það XXXV. brtt. á þskj. 617. Hún er þess efnis, að við 23. gr. XV. komi nýr liður, þar sem stj. sje heimilað að greiða sjera Einari Jónssyni á Hofi í Vopnafirði full laun, þá er hann lætur af embætti.

Ef jeg hefði borið þessa brtt. fram þar, sem einungis hefðu átt um það að fjalla menn af Austurlandi, þar sem þessi maður er þektastur, býst jeg ekki við, að jeg hefði þurft að verja löngum tíma í það að mæla með henni. En með því að það er nú á Alþingi og þar eru, eins og vænta má, saman komnir menn úr ýmsum hlutum landsins, þá er ekki að búast við því, að sjera Einar sje jafnkunnur þeim öllum, og þykir mjer því ástæða til þess að fara nokkrum orðum um till.

Þessi ágæti maður er nú á 76. aldursári, fæddur í des. 1853. Hann var prestvígður 1879 og hefir þannig í sumar verið þjónandi prestur í 50 ár.

Prófastur hefir hann verið í 35 ár. Hann var fyrst prestur í Skagafirði í 10 ár og síðan í N.-Múlasýslu í 40 ár. Skal jeg þá aðeins drepa á það, hvernig hann hefir reynst sem embættismaður.

Fyrst má geta þess, að alstaðar, sem hann hefir verið prestur, hefir hann sýnt hinn mesta myndarskap og búið bæði vel að jörðunum og kirkjunum. Þegar hann var á Felli, reisti hann t. d. nýja kirkju og mun hafa orðið að leggja nokkurt fje til hennar úr sínum eigin vasa, ca. 600 kr. Það þykir að vísu ekki mikil upphæð nú, en hefir verið talsvert á þeim tíma. Á Kirkjubæ reisti hann nýjan bæ og myndarlegan fyrir eigin efni. Mun hann hafa kostað um 6000 kr. En 1897 varð hann fyrir því óhappi, að bærinn brann til kaldra kola og bjargaðist mjög fátt af innanstokksmunum. Varð hann þar fyrir miklu tjóni, því bærinn var óvátrygður og inni brunnu miklir fjármunir, búslóð, fatnaður, bækur, allur nautpeningur o. m. fl. Geta má þess í þessu sambandi, að ríkissjóður greiddi ekki neitt af því tjóni, enda þótt honum væri það skylt sem jarðareiganda samkv. ábúðarlögunum. Síðan bygði sjera Einar bæinn aftur þarna, fyrir prestakallslán að sumu leyti, en að nokkru fyrir eigið fje. Að vísu hlupu góðir menn undir bagga með honum, og sýndi sú þátttaka vel það hugarfar, er menn báru til þeirra hjóna. 1910 flutti hann að Desjarmýri í Borgarfirði. Þar bygði hann snotran bæ í stað annars, sem fallinn var. Síðast hefir hann búið á Hofi í Vopnafirði. Þar hefir hann bygt upp flest hús og bætt jörðina að miklum mun. Hann hefir þannig beinlínis unnið mikið fyrir ríkissjóð, þar sem hann hefir stórum bætt þær jarðir, er hann hefir búið á, og sem allar hafa verið eign ríkisins. Þetta er atriði, er mjer finst ástæða til þess að taka nokkuð tillit til, þótt þetta sje ekki í mínum augum neitt aðalatriði.

Sem embættismaður hefir sjera Einar staðið mjög vel í stöðu sinni. Hefir hann verið talinn hinn besti kennimaður. Sjerstaklega hefir hann þó fengið orð á sig sem góður barnafræðari og mun hann að ýmsu leyti hafa verið brautryðjandi á því sviði og tekið upp nýjar aðferðir þar. Einnig hefir hann komið á miklum endurbótum í kirkjusöng, því hann er sjálfur mjög sönghneigður maður og lærður á því sviði, enda fyrsti sveitaprestur á Íslandi, er verulega hefir kunnað að leika á harmoníum. Prófastsstörfum hefir hann gegnt með hinni mestu vandvirkni og samviskusemi. Þá hefir hann og verið hinn mesti frömuður í fjelagsmálum öllum. Lækningar hefir hann líka fengist nokkuð við og hjálpað mörgum á því sviði. Þá má og geta þess, að sjera Einar hefir jafnan verið hinn mesti höfðingi heim að sækja og hjálpsamur við alla. Munu fáir, er til hans hafa leitað, hafa farið bónleiðir til búðar.

Af því, sem jeg hefi hjer nefnt, má sjá, að hann hefir verið duglegur og fjölhæfur maður, sem nú í full 50 ár hefir stöðugt, eftir því sem kraftar hans leyfðu, unnið fyrir land sitt og þjóð. Eiga slíkir menn þakklæti skilið frá þjóðfjelaginu, og er fylsta ástæða til þess að þeim sje nokkur sómi sýndur í ellinni.

Einn er þó sá þáttur í æfi þessa

manns, sem jeg á eftir að nefna, og er hann þó síst ómerkari en það, er jeg hefi áður nefnt. Á jeg þar við störf hans í þágu menta í landinu og svo ritstörf hans. Hann var þegar í skóla námsmaður ágætur, enda er hann góðum og farsælum gáfum gæddur. Ekki var hann vel undir skólaveruna búinn, svo sem oft vill verða um fátæka pilta. En að einum vetri liðnum var hann orðinn efstur sinna bekkjarbræðra, og var það jafnan eftir það. Löngum hefir hann fengist mikið við kenslu, sem honum lætur einkar vel. Hefir hann kent fjölda manna undir skóla. Má meðal þeirra finna ýmsa merkustu menn þjóðarinnar núlifandi. En einn merkasti þátturinn í þessari menningarstarfsemi hans munu þó vera ritstörf hans í þágu ættfræðinnar. Hefir hann alla æfi unnið að því að semja ættartölur; sjerstaklega hefir hann fengist við ættir Austfirðinga. Nú hafa 2 bókaverðir við Landsbókasafnið hjer, þeir Guðmundur Finnbogason og Hannes Þorsteinsson, lagt fyrir þingið skjal um þetta efni, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr því eina grein. Hún hljóðar svo:

„Um „Ættir Austfirðinga“, hvernig rit þetta er til orðið og hvað það hefir að geyma, leyfum við okkur að vísa til hjálagðrar skýrslu höfundarins, sem hann hefir samið eftir beiðni okkar. Skal aðeins tekið fram, að með þessu verki hefir ættfræði Austfirðingafjórðungs verið svo að segja reist frá grunni af frábærri elju, lærdómi og samviskusemi, og þar með varðveittur margvíslegur fróðleikur um einstaka menn og ættir, er nú mundi glataður að fullu og öllu, ef höfundurinn hefði eigi aflað hans meðan tími var til. Verkið er því ómetanlegur fjársjóður fyrir ættfræði vora, og má ekki annarsstaðar vera en á Landsbókasafni Íslands, enda hefir það verið löngun og ásetningur höfundarins að koma því þangað“.

Hv. þdm. hafa nú heyrt, hvað þessir 2 merkismenn segja um þetta rit, „Ættir Austfirðinga“.

Hann hefir tjáð mjer, að það sje ásetningur sinn, að rit þetta verði eign Landsbókasafnsins, með sem allra sanngjörnustum kjörum. Og þegar hann talar um sanngjörn kjör, má telja víst, að svo sje.

Jeg þykist nú hafa sýnt, að hjer er ekki um neinn meðalmann að ræða, heldur einhvern besta son hinnar íslensku þjóðar. Og þegar á það er litið, að hann hefir með stakri trúmensku gegnt embætti í 50 ár, er ekki nema sjálfsagt, að hann njóti fullra prestslauna. Jeg er viss um, að allir, sem þekkja sjera Einar, ljúka upp einum munni um það, hver ágætismaður hann er. Jeg álít því, að hjer sje ekki farið fram á annað en að greiða skuld, sem þjóðin er í við þennan mann fyrir afbragðs vel unnið starf. Jeg vænti þess fastlega, að hv. dm. samþ. þessa till. okkar.

**Jóhannes Jóhannesson:** Eins og hv. frsm. gat um, hefir n. ekki getað orðið sammála um allar þær till, sem hún ber fram nú við þessa umr. Eru því flestar till. hennar á þskj. 617 aðeins frá meiri hl. n. Hinsvegar hefir minni hl. n., hv. 2. landsk. og jeg, leyft sjer að bera fram tvær brtt. á sama þskj., nefnilega tölulið II og IV, um hækkun tekna fjárlfrv. um samtals 50 þús. kr.

Öll fjvn. var sammála um, að þessi hv. d. ætti ekki að skila frá sjer fjárl. með tekjuhalla, og sömuleiðis um það, að leggja til, að tekju- og eignarskatturinn í frv. verði hækkaður um 100 þús. kr. Telur öll n. það óhætt, eftir upplýsingum þeim, sem hv. frsm. skýrði frá, að fyrir n. hafi legið.

Hinsvegar hefir hv. meiri hl. n. lagt það til, að jafnvægi verði náð í tekjum og gjöldum með því að lækka ýmsa gjaldaliði til verklegra framkvæmda, vegalagninga og sandgræðslu. Minni hl. getur með engu móti fallist á, að rjett sje, nauðsynlegt eða sanngjarnt að fara að klípa af framlögunum til verklegra framkvæmda, þótt til þeirra sje í þessu frv. veitt með allra mesta móti, þar sem fjárhagur ríkissjóðs og horfurnar eru eins góðar og nú er og tekjurnar jafnvarlega áætlaðar og gert er.

Í stað þess að fylgja lækkunartill. meiri hl. n., ræður minni hl. til, að þessi hv. d. hækki aukatekjurnar í frv. um 25 þús. kr. og vörutoll um sömu upphæð. Næst þá jöfnuður á tekjum og gjöldum fjárl.

Aukatekjurnar námu árið 1925 436760 kr., 1926 455953 kr., 1927 490843 kr., 1928 567859 kr. Eins og tölurnar sýna, hækka þær árlega. En í fjárlagafrv. eru þær áætlaðar 450000 kr., en við í minni hl. n. stingum upp á 475000 kr. Það er mun lægri upphæð en 1927 og 1928, en aðeins örlítið hærri en 1925 og 1926. Reynslan hefir auk þess sýnt, að þetta er fastur tekjuliður. Þar eru engin stór stökk upp eða niður.

Um vörutollinn er það að segja, að árið 1925 nam hann 2176128 kr., 1926 1414817 kr., 1927 1167179 kr., 1928 1635946 kr. Í fjárlagafrv. er hann áætlaður 1350000 kr., en við leggjum til 1375000 kr. Það er miklu lægri upphæð en 1925, 1926 og 1928. 1927 er hún dálítið lægri, en mjer er ekki ljóst, hvaða ástæður liggja til þess.

Það er fyrirsjáanlegt, að árið 1930 verða vöruflutningar til landsins meiri en venjulega. Sennilega verða gjöldin meiri vegna alþingishátíðarinnar, en tekjurnar verða líka mun ríflegri en venjulega. Jeg held því, að ekki sje ástæða til að bera það fyrir sig sem grýlu, að útgjöldin verði svo mikil 1930. Hv. 2. landsk. og jeg viljum því ráða hv. deild frá því að samþ. lækkunartill. meiri hl. n. Jeg þori að fullyrða, að óhætt er að samþ. till. okkar minnihl.manna án þess að tekjur fjárl. verði áætlaðar óvarlega.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg sje á brtt. hv. fjvn., enda hefir það komið fram í umr. frá n. hálfu, að hún er sammála um, að jafna þurfi þann tekjuhalla, sem nú er orðinn á fjárl. En einstaka nm. greinir á um, hvaða leið beri að fara í þessu efni. Meiri hl. n. vill gera hvorttveggja, lækka að nokkru útgjöldin og hækka tekjuáætlunina. En jeg verð að álíta, að þegar sje búið að áætla tekjurnar eins hátt og forsvaranlegt er. Tekjuáætlunin hefir aldrei verið hærri en nú. Það fer vitanlega eftir árferði, hvernig tekjurnar reynast, en það er svo langt á undan tímanum, sem áætlunin er gerð, að því erfiðara er að mynda sjer þá skoðun, sem standist reynsluna. Hv. frsm. minni hl. (JóhJóh) taldi svo varlega áætlaða ýmsa liði, að óhætt væri að hækka þá, og bar fyrir sig þær tekjur, sem fengist hefðu á

síðustu árum. En því má ekki gleyma, að gjöldin fara venjulega mikið fram úr áætlun; mjer er óhætt að fullyrða 15%. Auk þess eru utan fjárl. ýmsar lögbundnar fjárhæðir, sem koma til útgjalda.

Ef jeg sný mjer að fyrsta liðnum, um hækkun á tekju- og eignarskatti, er það öllum ljóst, að það er einmitt sá tekjuliður, sem einna erfiðast er að gera sjer nákvæma hugmynd um fyrirfram. Hann hefir komist upp í 2½ milj. eitt árið, annað ár var hann um 1 milj. Jeg get samt fallist á, að forsvaranlegt sje að hækka þennan lið, þegar tekið er tillit til þess, að í lögum er til heimild um að bæta 25% viðauka við liðinn, sem vitanlega er hægt að nota. Einnig mun það hafa reynst svo, að með betri innheimtu á tekju- og eignarskatti, a. m. k. hjer í Reykjavík, mun koma í ljós, að þessi tekjuliður verður talsvert hærri en undanfarin ár. Það er því enginn ágreiningur á milli mín og hv. n. um þetta atriði.

Meiri hl. n. leggur til að lækka nokkra útgjaldaliði, einkum til vegagerðar og sandgræðslu. Í frv. er gert ráð fyrir framlagi til nýrra vega meira en áður hefir verið, en í meðferð þingsins hefir sá liður hækkað um 50 þús kr. Mjer skilst, að sú lækkun, sem meiri hl. vill gera, svari nokkurnveginn til þeirrar hækkunar, sem þingið hefir gert. Eftir verður sama framlag til vegalagninga og stjfrv. ætlaðist til en jeg tel það alveg rjett, að þegar tekjuhalli er orðinn á fjárl., sjeu lækkuð að einhverjum hluta þau útgjöld, sem bætst hafa við í meðferð þingsins. Í raun og veru má líta svo á, að það, að nema burtu tekjuhalla, sje aðalatriðið, en að einstakar brtt., ýmist frá n. eða einstökum þm., skifti ekki eins miklu máli, enda ætla jeg ekki að gera margar þeirra að umtalsefni. Það er tæpast ástæða fyrir mig að minnast á brtt., fyr en kemur aftur í 22. gr. XXV. brtt., frá fjvn., er þess efnis, að stj. sje heimilt að veita Jóni Guðmundssyni á Brúsastöðum alt að 25 þús. kr. viðbótarlán úr viðlagasjóði, eða ábyrgjast fyrir hann lán, til aukningar gistihúsinu Valhöll. Jeg hefi minst á það áður, að lítið þýðir að gera ráð fyrir lánveitingum úr viðlagasjóði. Þó að 22. gr. verði látin standa í fjárl., er tæplega hægt að gera ráð fyrir nokkrum verulegum lánveitingum samkv. henni.

Þá koma nokkrar brtt. við 23. gr., sem eru hvorttveggja í senn, heimild til að lána fje úr ríkissjóði og heimild fyrir stj. til að veita ábyrgð hinum og þessum fyrirtækjum. Sú fyrsta er frá hv. þm. N.-M., um að lána Hjaltastaðahreppi 25000 kr. Þessi till. er auðvitað hliðstæð till. um lán til Auðkúluhrepps. Þetta er einskonar fátækralán, og jeg held mjer sje óhætt að segja, að ekki sje búist við, að það verði greitt aftur. Jeg er ekki fær um að dæma, hversu brýn þörfin er eða hvort þetta sje rjettasta leiðin til að rjetta við fjárhag þessara hreppa. Mjer skilst, að ef sveitarfjelögin eru sokkin í svo miklar skuldir, að þau fá ekki undir risið, þá er bygt á mjög ótraustum grundvelli, ef þeim eru veitt lán úr ríkissjóði.

Þá kem jeg að ábyrgðunum. Hv. þd. verður vitanlega að gera það upp við sjálfa sig, hvort hún ætlar að samþ. þessar ábyrgðarheimildir, sem fyrir liggja. Jeg vil vekja athygli á

því, að það eru takmörk fyrir því, hvað á að ganga langt í að binda ríkissjóði nýjar ábyrgðir. Jeg vil ennfremur geta þess, að ef til þess kemur, að jeg hafi afskifti af því að veita þessar ábyrgðir, þá neyðist jeg til að vera kröfuharður um tryggingarskilyrði í hverju tilfelli, ef ábyrgð verður veitt.

Jeg sje, að n. hefir breytt hinum venjulegu ákvæðum um ábyrgðina og felt burtu orðin „gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar", en sett í staðinn: gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Jeg hefi ekki neitt á móti þessu og er því meðmæltur. En jeg vil taka það fram, að jeg tel, að stj. hafi fulla heimild til að krefjast fyllri trygginga en ábyrgðar sýslufjelaga, jafnvel þó að orðalaginu verði breytt á þá leið, sem n. leggur til.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að minnast sjerstaklega á einstakar ábyrgðarheimildir. Þó vil jeg drepa á ábyrgðarheimild fyrir 50 þús. kr. láni vegna h/f Hallveigarstaða, til þess að reisa kvennaheimili á Arnarhólstúni. Mjer skilst, að þessi bygging kosti ekki minna en 150 þús. kr. Fjelagið mun hafa ráð á 40—50 þús. kr. En nú vill það koma byggingunni upp, þannig að hún verði fullbúin 1930 og geti þá tekið til starfa. Jeg vil ekki áfellast þær konur, sem vinna að þessu, en þykir hjer vera í mikið ráðist og tvísýnt um, að þær geti treyst því, að þessi bygging beri sig, með lántöku, sem nemur 100 þús. kr. Hinsvegar vil jeg ekki beinlínis mæla á móti því, ef d. þykir ástæða til að veita þessa ábyrgðarheimild. En vitanlega verður hun að gera þetta með það fyrir augum, að ríkissjóður komi til með að þurfa að borga þetta lán síðar að meira eða minna leyti, enda þótt konurnar ætlist ekki til þess nú. Jeg get unnað þeim að njóta þess, ef þetta er gott málefni, og vil ekki spilla fyrir því, að heimildin verði veitt.

Þá vil jeg aðeins drepa á XXXV. brtt., frá þremur hv. þdm., sem hv. frsm. talaði síðast um í ræðu sinni. Mjer dettur ekki í hug að andmæla því, sem hv. flm. sagði um þennan góða og gamla prest. Hann hrósaði honum með mörgum fögrum orðum, og jeg vil alls ekki draga það í efa, að hann sje ágætur maður og eigi alt gott skilið. En það er ekki þetta, sem hjer á að meta, heldur hitt, hvort hv. þdm. treysta sjer til að þverbrjóta gildandi reglur um greiðslu á eftirlaunum til embættismanna og veita þessum presti full embættislaun að eftirlaunum. Jeg efast ekki um, að það sjeu margir ágætir embættismenn hjer á landi, sem ekki fá að halda fullum launum, þegar þeir láta af embætti sínu. Hv. flm. talaði um, að þessi prestur ætti við fjárhagslega erfiðleika að stríða. En það eru svo ótalmargir aðrir, sem þannig stendur á fyrir.

Jeg var hjer á síðasta þingi að mæla með bláfátækum presti, sem jeg er viss um, að er miklu fátækari en þessi prestur. Mjer datt ekki í hug að ætlast til þess, að brotnar yrðu almennar reglur launalaganna, en fór aðeins fram á, að honum yrði veitt örlítil uppbót á lögmætum eftirlaunum.

Hv. flm. talaði um, að þessi prestur hefði samið ágætt rit um „ættir Austfirðinga". Það má vel vera, að það sje mjög mikilsvert, en ef það á að greiða honum full laun, þá ætti ríkið

að njóta þessa verks. Hv. flm. ljet í ljós, að það myndi fást fyrir sanngjarnt verð handa Þjóðskjalasafninu. Og með þessari till. er gert ráð fyr ir, að ríkissjóður greiði full laun fyrir að vinna þetta verk. En þá finst mjer ekki sanngjarnt að ætlast til, að ríkið kaupi það á eftir.

Jeg veit, að það er ekki vinsælt eða vel sjeð að mæla á móti brtt. eins og þessari, um persónulega styrki til einstakra manna. En það verður fleira að gera en gott þykir, og ilt er að deila um styrkverðleika einstakra manna.

Jeg sje, að hjer hefir nýlega verið útbýtt nokkrum nýjum brtt. við fjárlagafrv. En þar sem jeg hefi ekki átt kost á að kynna mjer þær, þá sleppi jeg að minnast á þær, a. m. k. í bili

**Forseti (GÓ):** Hjer eru fram komnar brtt. á þskj. 619, og verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg á hjer tvær brtt. á þskj. 617, ásamt hv. 4 landsk. Þær lágu báðar fyrir við 2 umr. fjárl. og eru nú teknar upp aft ur nokkru lægri en þær voru þá. Jeg vil sem minst endurtaka af því, sem jeg mælti fyrir þeim við 2. umr., en verð þó að skýra nánar nokkur atriði.

Fyrri till. er nr. VI. á þskj. 617, sem fer fram á 1500 kr. styrk til fjelags íslenskra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf. Fyrir þinginu hefir legið umsókn frá fjel. ísl. háskólakvenna um styrk til þess að senda fulltrúa á þennan fund, sem haldinn verður í ágúst næstk. Þetta alþjóðasamband háskólakvenna var stofnað 1919. Þegar litið er á, hvað mikið það hefir starfað og hversu margar deildir hafa gengið í sambandið úr ýmsum löndum, þá má ætla, að hjer sje um merkileg samtök að ræða. Fjelag ísl. háskólakvenna var stofnað í apríl 1928 og tekið upp í alþjóðasamband háskólakvenstúdenta í september sama ár. Síðan hefir það haft brjefaskifti við alþjóðasambandið.

Þó að hjer væri ekki um annað að ræða en metnaðarmál fyrir okkar fámennu og einangruðu þjóð, þá væri það samt mikils virði. Það eitt eru nægileg meðmæli til þess að fjel. ísl. háskólakvenna fái þann styrk, sem það fer fram á í erindi sínu til Alþingis. Það getur haft ómetanlegt gagn af að vera í þessum alþjóðafjelagsskap, ekki aðeins menningarlegt gagn, heldur líka fjárhagslegt. Sambandið greiðir fyrir öllum háskólakonum frá þeim löndum, sem í því eru, og veitir þeim leiðsögn erlendis, ef óskað er; og hinir föstu fjárstyrkir, sem sambandið ræður yfir, eru ekki færri en 30, og sumir þeirra allháir. Íslenskir kvenstúdentar hafa jafngóða aðstöðu til þess að njóta þeirra eins og kvenstúdentar annara þjóða, sem í sambandinu eru. Hvert ríki telur sjer skylt að leggja nokkurt fje fram til þessa fjelagsskapar. Auk þess tel jeg, að íslenskar mentakonur eigi þangað mikið erindi. Við eigum svo

margar vel mannaðar og mentaðar konur, sem þola samanburð við konur hinna fjölmennari þjóða á sama sviði. Með því að sækja þennan fund fá þær tækifæri til þess að kynnast erlendum starfssystrum sínum, sem ekki eru eins einangraðar. Það er því sjerstök ástæða til að styrkja þessar stórhuga mentakonur okkar til þess að leggja land undir fót í fyrsta sinn á þennan fund alþjóðasambandsins. Það verður áreiðanlega ekki í síðasta sinn, sem þær leggja í slíkan leiðangur, því að þeim vex þróttur og geta.

Jeg skal stuttlega rifja upp það sem jeg sagði við 2. umr. Alþjóða sambandið greiðir fyrir fjelögum sín um til ýmsra landa, bæði í atvinnu leit og til að koma sjer fyrir við nám og hjálpar þeim til að komast að launuðum störfum. Alþjóðasambandið heldur uppi ódýrum gistihúsum víða erlendis, og veitir þannig óbeinan stuðning þeim, sem eru á vegum þess Jeg álít, að íslenskir kvenstúdentar eigi að gera tvent í senn: Þær eiga að koma fram fyrir hönd sinnar þjóðar eins mannaðar og mentakonur annara þjóða og gefa upplýsingar um menningu íslensku þjóðarinnar að fornu og nýju. Það skortir mikið á, að aðrar þjóðir hafi rjettan skilning á íslenskum háttum, og skiftir miklu, að þær fái rjetta hugmynd um menn ingu okkar að fornu og nýju. Í öðru lagi skapar þetta íslenskum kven stúdentum möguleika til að leita sjer frekari mentunar og atvinnu, sem þær ættu eigi kost á annars. Þetta hvorttveggja ætti að vera nægilegt til þess að þingið samþ. þessa lítilfjörlegu fjárveitingu. Svo er það heldur ekki ómerkilegt atriði fyrir þær að eignast kunningja og vini; það vita allir, hvers virði það er.

Að síðustu má geta þess, að alþjóðasambandið greiðir eigi aðeins fyrir kvenstúdentum, heldur og fyrir öðrum konum, sem einhver deildin mælir með. Jeg álít, að það sje afarþýðingarmikið fyrir íslenskar mentakonur og aðrar konur, sem geta fyrir milligöngu íslenskra kvenstúdenta á þennan hátt notið alþjóðasambands háskólakvenna. Það ómetanlega gagn, sem af því leiðir, verður ekki metið til peninga. Þess vegna er það eindregin ósk okkar flm. þessarar till., að íslenskar konur fái þennan styrk til þess að sækja alþjóðaþingið í Genf í sumar í ágústmánuði. Þær geta að vísu ekki sent nema einn fulltrúa til að byrja með, en það má efalaust vænta mikils góðs af förinni, ekki síst ef framhald verður á þessu. Við höfum lækkað styrkbeiðnina niður í 1500 kr., og er það ¼ lægra en fjelagið bað um í erindi sínu. Okkur þótti samt rjett að bera þetta fram; það er munur fyrir fjelagið að þurfa ekki að útvega sjer nema 500 kr. lán til viðbótar, heldur en upphæðina alla. En það er tekið fram í yfirlýsingu frá fjelagskonum, að þær geti alls ekki sótt fund þennan nema þær fái hinn umbeðna styrk. Læt jeg svo útrætt um þessa till.

Þá vil jeg víkja að annari brtt., frá mjer og hv. 4. landsk., XX. á sama þskj., við 15. gr. Þessi till. var einnig flutt við 2. umr., og nú berum við hana fram aftur dálítið lægri, af því að við trúum ekki öðru en að hún hljóti nú að fá betri byr hjer í hv. þd. Jeg á hjer við styrkbeiðni frú Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur. Við 2. umr. fórum við

fram á 2000 kr., eins og óskað var eftir í erindinu, en nú höfum við lækk að það niður í 1500 kr. Ætlumst við til, að henni verði veittur þessi styrk ur til þess að sækja fund alþjóða kvenrjettindasambandsins í Berlín Hjer er um að ræða þjóðkunna merkiskonu, sem hefir verið brautryðjandi á sviði kvenrjettindanna hjer á landi og sem hvert mannsbarn á Ísland kannast við. Hún hafði mikil áhrif ti umbóta, sjerstaklega á meðan hún gaf út Kvennablaðið um 25 ára skeið Og má öllum vera það ljóst, að blað útgáfan hefir ekki fært henni mikið fje fyrir alla þá miklu vinnu og þraut seigju, er hún lagði fram við blaðið Íslenskar konur mega sjerstaklega vera henni þakklátar fyrir allar þæi vakningargreinar, er hún birti í blað inu. En það vill brenna við í okkar þjóðfjelagi, eins og víðar, að þeir sem leggja mest á sig fyrir fjöldann og fást við opinber mál, þeir uppskera oftast vanþakklæti; og frú Bríet hefir ekki farið varhluta af því Nú hefir hv. Alþingi tækifæri til þess að votta henni viðurkenningu með því að veita henni styrk til að fara á þetta alþjóðaþing, sem á að halda í sumar á 25 ára afmæli alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín. Það var stofnað 1903 í Berlín. Þess vegna leggur alþjóðasambandið mikla áherslu á, að allar þær konur, sem voru með frá byrjun, geti sent fulltrúa, og að því er frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur snertir sjerstaklega, þá er komin fram eindregin ósk frá þessu væntanlega þingi, að hún, ásamt öðrum gömlum samherjum sæki þetta þing, ekki beinlínis til þess að mæta sem fulltrúi, heldur komi hún þangað sem aðrir gamlir samverkamenn, til þess að geta litið yfir farinn veg og glaðst yfir þeim sigrum, sem náðst hafa í þessum málum.

Eins og jeg gat um, þegar jeg mælti með þessari styrkbeiðni við 2. umr., minni jeg aftur á það, að frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir hefir farið nokkuð oft utan upp á eiginn kostnað, og einstöku sinnum með örlitlum styrk, til þess að sækja svona þing. Hefir hún þá komið heim aftur, sennilega oftast nær, með ýmsar nýjar hugsjónir, sem koma áttu til gagns fyrir land og lýð. Jeg veit, að hún hefir viljað láta íslenskar konur, eða þjóðina í heild sinni, njóta þess, sem hún hefir kynt sjer í hverri ferð. — Hinsvegar er það vitanlegt, að svona ferðalög kosta mikið, og það er einnig kunnugt, að frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir hefir átt við þröngan hag að búa, ekki síst á meðan hún var að koma upp börnum sínum, en viljaþrek hennar og dugnaður hefir sigrast á þessum erfiðleikum. Nú þegar hún í elli sinni — hún er nú komin á áttræðis aldur — fer fram á að fá þennan styrk, sem má telja hvorttveggja í senn, styrk til að geta sótt þennan fund og viðurkenningu fyrir starf hennar, þá vil jeg vænta þess, að hv. þdm. leggi góðan skilning í orð mín og meti það, sem þeim er kunnugt um starf og verk styrkbeiðanda, eins vel og jeg hefði viljað geta sett það fram. Jeg veit, að það verður ekki talið annað en sómi fyrir þingið að líta á málið frá þessu sjónarmiði, sem jeg hefi nú leitast við að benda á, sem laun fyrir hinn mikla dugnað og

kjark þessarar konu. Sjálf hefir hún tekið það fram í erindi sínu, að menn geti greint á um nytsemi þessarar farar sinnar, en hana langar til að geta sótt þennan hátíðlega fund, til þess að geta þaðan litið yfir farinn veg og glaðst yfir ýmsu, sem hefir rætst vel fram úr á þeim 25 árum, sem eru liðin frá því að alþjóðasambandið var stofnað.

En jeg skal nú ekki þreyta hv. þdm með því að halda lengri tölu um þessa styrkbeiðni, en ljúka máli mínu með því að vænta þess, að hv. þdm. sýni það nú í verkinu, að þeir fremur flestum öðrum fulltrúum annara löggjafarþinga hafa skilið það, að konur eru jafnrjettháar körlum, hvort sem verið er að ræða um styrk til íslenskra háskólakvenna eða til þeirrar konu, sem unnið hefir kvenna mest hjer á landi fyrir vöxt og viðgang kvenrjettindamálsins. Jeg vildi, að hv. þdm. kynnu að meta alla þá viðleitni og þau störf, sem unnin eru til þess að auka veg og viðkynningu okkar fámennu þjóðar við stærri og fjölmennari þjóðir, sem lengra eru komnar á menningarbrautinni. Jeg ætla því að óska þess, að sú von mín rætist og að þessi sjerstaka skýring mín sem konu reynist rjett, að íslenskir þm., sem hafa verið á undan fulltrúum flestra annara þjóða að skilja rjettmætar kröfur kvenna í orði — en það verður þá líka að vera á borði — með því að taka vel undir þau erindi, sem konur senda Alþingi um styrki til að sækja alþjóðafundi.

**Halldór Steinsson:** Jeg var að hugsa um að hætta við að kveðja mjer hljóðs að þessu sinni, því að jeg hefi andstygð á löngum ræðum, sjerstaklega undir fjárl., enda sýnist það svo, að lítið muni þýða að tala, þegar ekki er nema þriðjungur deildarmanna við; — en það þykir viðkunnanlegra, þegar maður á brtt., að geta þeirra að einhverju.

Jeg á fyrst XIII. brtt. á þskj. 617; það snertir bókasafnið í Stykkishólmi. Jeg skýrði við aðra umr. allítarlega frá þessu bókasafni, frá hag þess, hversu bágborinn hann væri, og jafnframt tók jeg það fram, að þetta væri langstærsta bókasafn landsins, að Landsbókasafninu undanskildu. Jeg ætla þess vegna ekki að endurtaka þau ummæli, sem jeg hafði um safnið þá, en vísa aðeins til þeirra.

Jeg hefi lækkað mjög þær brtt., sem jeg flutti við 2. umr., aðra um helming, en hina að miklum mun, þannig að jeg fer aðeins fram á 200 kr. árlega hækkun á framlagi úr ríkissjóði til sýslubókasafna, en lækka hinsvegar síðari brtt. mína úr 800 kr. niður í 400 kr. Jeg verð að segja það, að þegar jeg minnist þess, að fyrir fáum árum voru í einu veittar 3000 kr. til bókakaupa handa bókasafninu á Seyðisfirði, þá sýnist þetta vera ákaflega í hóf stilt, þótt safninu sje í eitt skifti fyrir öll veittar 400 kr., þessu safni, sem sannarlega tekur fram öllum stærri bókasöfnum í kaupstöðum þessa lands. Jeg vona því, að þessar litlu og smávægilegu brtt. mínar geti fundið náð fyrir augum hv. deildar.

Þá vil jeg minnast örlítið á brtt. mína við 23. gr., sem er undir XXXIII. á sama þskj. Jeg get verið þakklátur hv. fjvn. þessarar deildar fyrir það, að hún tók upp við 2. umr. málsins fjárupphæð til hafnarbóta í

Ólafsvík, þótt sú upphæð væri ekki eins há og jeg fór fram á í brjefi mínu til n. Hinsvegar gerði jeg ráð fyrir því, að hv. n. myndi taka upp heimild til ábyrgðar á láni fyrir hreppinn, á móts við þá fjárupphæð, sem veitt var í fjárl., og jeg hafði því frekar ástæðu til að búast við því, þar sem hv. n. hafði tekið mjög vingjarnlega í það og frsm. n. hafði lýst því yfir, að hún hefði ekki gert það vegna þess, að hún hefði enga afstöðu tekið til 23. gr., og mundi því taka þetta atriði til athugunar til 3. umr., eins og önnur atriði 23. gr. Með því að mjer var kunnugt um, að hv. n. hafði ekki tekið upp þessa ábyrgðarbeiðni, flutti jeg brtt. um þetta. Hinsvegar hefir mjer skilist á nefndarmönnum, að þeir líti svo á, að óþarft sje að taka þetta upp, vegna þess að skýr og glögg ákvæði sjeu um þetta í hafnarlögunum frá 1919. Jeg verð að játa það, að jeg tel, að sú heimild sje nægilega skýr, og svo framarlega sem jeg hefði heyrt það á hv. frsm. n. eða á hæstv. fjmrh., að þeir teldu þessa heimild vera til staðar, og ef þeir gera það við þessa umr., þá mun jeg taka þessa brtt. mína aftur. Jeg flutti hana aðeins til að fá fulla vissu um það, hvern skilning fjvn. og fjmrh. leggja í hafnarlögin frá 1919.

**Jón Jónsson:** Jeg á hjer örlitla brtt. á þskj. 617, undir XII. Þar er farið fram á 800 kr. fjárveitingu til þess að kaupa og gera upp hina fornu kirkju á Gunnsteinsstöðum í Langadal. Það stendur nú svo illa á fyrir okkur Íslendingum, að við eigum lítið af fornum húsum. Það orkar nokkuð tvímælis, hve elsta hús landsins sje gamalt, en það er fullyrt af fróðustu mönnum landsins í þessari grein, svo sem dr. Guðbrandi Jónssyni og fleirum fróðum mönnum, að þessi kirkja muni vera elsta kirkjan og elsta húsið á landinu. Nú stendur svo á, að þetta hús mun verða rifið bráðlega, því að bóndinn mun ekki vilja halda því við og sýna því þann sóma sem þarf. Þetta tel jeg illa farið, ef við ekki sýnum þá virðingu þessu elsta húsi landsins að halda því vel við. Það mun mega gera ráð fyrir því, að fyrir svona litla upphæð megi kaupa þessa gömlu kirkju af bóndanum og dytta að henni. Þetta er ekkert sjerstakt stórhýsi, eitthvað 13x21 fet utanmáls eða 10½x6½ alin innan veggja, en það þykir fullvíst af ýmsum gögnum, sem fyrir liggja, að þessi kirkja muni hafa verið bygð í kaþólskum sið, og þess vegna virðist vera mikil ástæða til að láta hana ekki niður falla, því að það er sjálfsagt einasta húsið, sem til er frá þeim tíma.

Jeg vona, að ekki þurfi að mæla meira fyrir þessu og vona, að hv. d. sjái svo sóma sinn að verða við þessari fjárveitingu.

Þá á jeg brtt. II. á þskj. 619, og er þá fyrst að minnast á annan lið brtt., við 14. gr. B. II. c., um námsstyrki, að aftan við liðinn bætist aths. um það, að námsstyrk megi veita jafnt konum sem körlum til hvers þess náms, sem mentamálaráðið telur nauðsyn að styrkja. Mjer virðist rjettara að þetta sje tekið fram um styrkinn, svo að það sjáist, að hann er ekki aðeins ætlaður stúdentum, eins og styrkurinn undir a.-lið þessarar greinar. Reyndar geri jeg þetta ekki að

miklu kappsmáli, því að jeg hefi heyrt, að mentamálaráðið hleypi að fleirum en stúdentum, en tel þó rjettara að taka það fram, svo að enginn vafi sje á.

Þá er síðari liður brtt. minnar við 16. gr. 4. Það er gert ráð fyrir að veita til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi 5000 kr., en það er ekki tekið fram í aths., að þetta sje bundið neinum skilyrðum. Mjer er ekki kunnugt um, að veitt sje til sandgræðslu nema hlutaðeigandi sveit eða sýsla veiti að minsta kosti þriðjung kostnaðar til móts við ríkissjóð, og svo er þarna líka veitt til áveitu. Þess vegna finst mjer sjálfsagt, að þetta sje bundið því skilyrði, að eitthvað komi í móti, og því legg jeg til að lækka upphæð ríkissjóðs, en jafnframt áskilja, að 1500 kr. komi annarsstaðar að. Vona jeg, að hv. deild geti fallist á þessa sjálfsögðu leiðrjettingu.

Þá er loks brtt. VI. á sama þskj., við brtt. n. á þskj. 617, XXXII, sem gengur í sömu átt og hæstv. fjmrh. mintist á, að taka það glögt fram, að það sje ekki hugmyndin, þótt n. hafi breytt niðurlagsorðunum, að útiloka það, að aðrar frekari tryggingar sjeu veittar. Mjer finst sjálfsagt, að ríkisstj. sje það í sjálfsvald sett að kveða á um það, hverjar tryggingar hún vill heimta, svo að jeg ljet brtt. um það.

Loks er 2. liður brtt. við brtt XXV. á sama þskj., frá hv. 2. þm. N.-M., hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf., um eftirlaun handa sjera Einari Jónssyni á Hofi í Vopnafirði. Mjer dylst það ekki, að þessir hv. þm. fara þar inn á varasama braut, því þótt hjer sje um ágætan mann að ræða, þá eru þó allmargir fleiri slíkir á landinu. En það, sem þessir hv. þm. vilja afsaka sína brtt. með, er, að þessi maður hafi samið merkilegt rit, sem eigi að verða eign ríkisins á eftir; þessi eftirlaun eigi þá að skoðast sem borgun fyrir ritið. En sje það svo, sem jeg vona, að þeir ætli að rjettlæta þessa aðferð með því að það sje borgun fyrir ritið, þá hefi jeg leyft mjer að bæta við till.: enda verði rit hans „Ættir Austfirðinga“ eign þjóðskjalasafnsins að honum látnum. — Jeg skil ekki, að þessi heiðursmaður hafi neitt við þetta að athuga, því að jeg hygg, að hann hafi einmitt ætlast til, að þetta yrði svo.

Um þessar brtt. hefi jeg svo ekki fleira að segja. Jeg hefði náttúrlega haft tilhneigingu til að fara nokkrum almennum orðum um fjárl. og þær brtt., sem fram hafa komið, og sem eru allmiklar, því þær fara fram á útgjaldaaukningu, sem nemur fullum 30000 kr. En þótt jeg hafi mikla tilhneigingu til að gera það, mun jeg samt geyma það fyrst um sinn, til þess að taka ekki fram fyrir hendur frsm. fjvn.

**Björn Kristjánsson:** Jeg og hv. 2. landsk. eigum hjer eina brtt. á þskj. 617, XXII, og er þar farið fram á, að ellistyrkurinn til frú Guðrúnar Erlings verði færður úr 300 kr. í 600 kr., eða eins og hann var í upphafi á meðan börn hennar og Þorsteins skálds Erlingssonar voru í ómegð. Nokkur ár eru síðan börnin tvö komust yfir 16 ára aldur, og var styrkur hennar þá lækkaður um 300 kr., en hefði aðeins átt að lækka um 200 kr., þannig að hún hjeldi þó 400 kr. Þetta setti

efnahagsástæður frú Guðrúnar mjög til baka, því þegar börnin í þessum bæ komast yfir 16 ára aldur og ganga mentaveginn, þá verða þau því dýrari sem þau verða eldri. Og frú Guðrún hefir af sínum veiku efnum gert afarmikið til þess að halda minningu Þorsteins skálds Erlingssonar uppi, meðal annars með því að gefa út skáldrit hans, sem ekki voru prentuð er Þorsteinn dó, Eiðinn og hinar óviðjafnanlegu dýrasögur, Málleysingja, sem fáir vissu um, að Þorsteinn hafði samið. Og ennfremur með því að veita börnum þeirra besta uppeldi, enda eru þau bestu börn og gædd miklum hæfileikum. Fáir munu geta gert sjer í hugarlund, hvernig frú Guðrún hefir getað brotist áfram með tvær hendur tómar og afrekað alt, sem hún hefir gert. En það hefir hún getað vegna frábærs dugnaðar og fyrirhyggju. Hún hefir mestpart lifað á kenslustörfum, en samhliða hefir hún hjúkrað mörgum, sem sjúkir voru, og hefir hún frábæra hæfileika til þess, og meiri en almenningi er enn kunnugt.

Á meðan Þorsteinn Erlingsson var á lífi naut hann aðeins 800 kr. styrks af landssjóði. Var það smánarlega lítið miðað við þá skáldastyrki, sem nú gerast, og miklu lægra heldur en slík skáld fengu á þeim tíma. (**JBald:** Öllu ómerkari skáld fengu þá hærri skáldastyrk). Ur þessu gæti þingið bætt með því að hækka ellistyrkinn, sem kæmi jafnframt börnum Þorsteins að notum.

Um þetta leyti mundi Þorsteinn hafa orðið sjötugur hjer, ef hann hefði lifað, en sjötugsafmælið verður hann að halda hinumegin, og ekkert mundi gleðja hann meira en að finna, að Alþ. sendi honum hlýjan hug samhliða því að hlynna að börnum hans og ekkju með þessum litla styrk.

Og við flm. vonum, að hv. deild geri það og verði við þessum tilmælum okkar.

**Erlingur Friðjónsson:** Jeg á sína brtt. á hvoru þskj. 617 og 619. Sú fyrri þeirra er X. á þskj. 617, og er þess efnis, að Björg Sigurðardóttir, sem undanfarið hefir fengist við að kenna húsmæðrum að gera mat úr síld, fái 1 þús. kr. styrk til að halda uppi slíkri kenslu víðsvegar á landinu, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Hún kennir að búa til öðruvísi mat úr síldinni heldur en við höfum þekt til þessa, og hefir farið víða um landið og kent að búa til um 20 rjetti úr síld, og var það óþekt áður, að svo marga rjetti væri hægt að gera úr þeirri vöru.

Þessi kona hefir áður fengið lítilsháttar styrk til þessarar kenslu. Fyrst fjekk hún 200 kr. frá Búnaðarfjelagi Íslands, og síðan 200 kr. frá Fiskifjelaginu. Fyrir þennan styrk hefir hún farið víða um landið og haldið námskeið á mörgum stöðum, 1—3 vikur á hverjum stað.

Á þessum stöðum hefir hún haldið námskeið: Í Hafnarfirði í 2 vikur, á Álftanesi í 1 viku, í Borgarnesi í 1 viku, í Grindavík í 1 viku og á Siglufirði í 1 viku. Á þessum stöðum hefir hún ekki fengið neinn styrk frá hlutaðeigandi hreppsfjelagi eða bæjarfjelagi, en á hinum stöðunum, sem jeg á eftir að geta um, hefir bæjar- eða hreppsfjelagið lagt henni til húsrúm og eitthvað fleira, er að matreiðslu lýtur, en beinan styrk í peningum hefir hún enn sem komið er ekki

fengið nema úr þessum tveim stöðum, sem jeg nefndi áðan. Þá er að minnast á hina staðina. Hún hefir einnig haldið námskeið í Keflavík í 1 viku, á Ísafirði í 3 vikur, í Hnífsdal í 1 viku, í Vestmannaeyjum í 2 vikur, á Akureyri í 3 vikur, í kvennaskólanum á Blönduósi í 1 viku, á Innra-Blönduósi í 1 viku, á Hvammstanga í 1 viku, á Sauðárkróki í 1 viku, á Hofsósi í 1 viku, í Reykjavík í 2 vikur, á Saurbæ í Eyjafirði í 1 viku, á Húsavík í 1 viku og á Hjalteyri í 1 viku.

Á þessum stöðum, sem jeg hefi nú nefnt, hefir þessi kona fengist við matreiðslu á síld og kent hana frá því í janúar 1928 og þangað til núna í mars eða svo. Jeg held, að það megi telja víst, að með þeim styrk, sem þessar tvær stofnanir, Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið, hafa veitt henni, hafi þær sýnt það, að þær teldu vel til fallið, að þessi kensla færi fram. Nú hefi jeg farið fram á, að hún fái styrk frá Alþ., 1 þús. kr., gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, og ætlast svo til, að hún kenni síldarmatreiðslu eftir till. frá Búnaðarfjelaginu og Fiskifjelaginu. Jeg geri ráð fyrir, að Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið búi út erindisbrjef handa henni, þar sem henni sje á herðar lagt að fara um þau svæði, sem hún hefir ekki enn þá farið um. Hingað til hefir hún aðallega farið um þorpin og kaupstaðina, en sveitirnar eiga eftir að njóta kunnáttu hennar. Þykir mjer sennilegt, ef hún fengi þennan styrk, að þá byrji hún með því að fara aðallega úm sveitirnar til þess að kenna.

Þeir, sem hafa notið kenslu hjá þessari stúlku, láta mjög vel yfir henni. Hún hefir verið á sjötta ár erlendis og fengist mikið við allskonar matreiðslu og er mjög vel fær í þeirri grein. Hún hefir haft alls 518 nemendur á námskeiðum sínum, svo það má með rjettu segja, að það eru hreint ekki svo fáir, sem hafa leitað til þessara námskeiða, enda er mjög auðvelt að læra að búa til þessa síldarrjetti. Mjer þætti því ekki ósennilegt, að það bæri góðan árangur, ef þessi stúlka færi um landið næsta ár og kendi þessa matreiðslu, þó að styrkurinn sje ekki meiri en þetta, enda hefi jeg gengið út frá því í till., að styrkurinn sje vitanlega í eitt skifti fyrir öll. Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að tala nánar um þessa brtt.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á hina brtt. mína, sem jeg áður gat um. Hún er á þskj. 619, en er brtt. við XXVII. lið á þskj. 617. Þessi brtt. er í því fólgin að bæta aftan við liðinn aths. til skýringar og til þess að gera öruggara, ef lánið verður veitt, sem farið er fram á í brtt. á þskj. 617, að ríkisstj. hafi töluverðan íhlutunarrjett um, hvernig fjenu verði varið, eftir því hvaða árangur það ber, ef þetta fje verður lánað Hjaltastaðahreppi. Brtt. mín á að skýra það, að þessu láni, sem farið er fram á að ríkið láni Hjaltastaðahreppi, verði varið til greiðslu á skuldum hreppsbúa við lánsstofnanir og verslanir, gegn því að skuldhafar gefi svo mikið eftir af kröfum sínum, að stjórnarráðið telji, að hreppsbúum verði gagn að láninu. Virðist ekki ástæða til að veita slíkt lán nema vissa sje fyrir því, að hægt sje að rjetta hag hreppsbúa við með því. Hreppurinn verður að geta trygt sjer, að lánsstofnanir og verslanir geti ekki gengið að hreppsbúum á eftir og gert þá ör-

eiga. Það verður að vera trygður sá árangur, að hreppurinn geti staðið fjárhagslega í fæturna á eftir, ef lánið er veitt. Jeg skal geta þess, að við nánari athugun hefi jeg sjeð, að betra hefði verið að orða seinni hluta till. minnar á annan veg. Jeg hefði heldur kosið að orða hann á þessa leið: „Að ríkisstjórnin telji hreppnum fært að standa straum af láninu". Ef ríkisstj. sjer fram á það, að hreppnum er fært að standa straum af láninu, þá kemur það áreiðanlega að notum, og þá er ekki hætt við, að aðrir skuldareigendur geti gengið svo hart að hreppnum, að hann standi ekki í skilum með lánið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vænti þess, að hv. deild geti fallist á, að rjett sje að bæta við XXVII. lið á þskj. 617 þessari skýringu, svo að aðstaðan verði betri, ef lánið er veitt.

**Jón Þorláksson:** Jeg á hjer brtt. á þskj. 617, við 16. gr. 9. lið, um fjárframlag til að rannsaka og gera till. um raforkuveitur utan kaupstaða.

Brtt. mín fer fram á, að felt sje burtu það skilyrði, að á móti ríkissjóðsframlaginu komi fimtungs framlag frá hlutaðeigandi hjeraði. Ástæðan fyrir þessari brtt. er ekki sú, að jeg telji hlutaðeigandi hjeruðum ofvaxið að leggja þetta fram, heldur er hún miklu fremur sú, að með þessu skilyrði verði verkið ekki unnið á svo haganlegan hátt sem þarf. Það, sem þarf að gera, er að undirbúa heildarskipulag fyrir þessar raforkuveitur, og auðvitað fer best á því þannig, að það nái yfir sem flest hjeruð í einu, en ekki sje beint sundurlausum rannsóknum að einstökum hjeruðum. Það liggur í hlutarins eðli, að ef þessu skilyrði er haldið, sem jeg nú vil fella burtu, þá er ekki rjett að hafa þessa rannsókn á fleiri stöðum en þeim, sem hafa beðið um hana. Nú getur vel staðið svo á, að 1 eða 2 hreppar hafi bitið sig fasta í að virkja eitthvert vatnsfall og biðji um rannsókn og leggi fram þennan fimtung kostnaðar, sem settur er að skilyrði, en þá getur staðið svo á, að þetta strandi á þriðja hreppnum, sem óhjákvæmilega verður að taka þátt í því, en neitar að leggja fram sitt framlag.

Þá flyt jeg XIX. brtt. á þskj. 617. Hún er um það, að forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins sjeu veittar 700 kr. til þarabrenslutilrauna. Hann hefir nokkuð fengist við rannsóknir á því, hvort hægt muni vera að vinna joð úr þara hjer við land, svo að arður verði af, en segist þurfa að fá tækifæri til þess að senda nokkrar smálestir af þaraösku á erlendan markað, til þess að fá vitneskju um, hve markaðshæf varan sje. Mun hann síðan gefa almenningi skýrslu um árangurinn. Mjer finst ekki rjett að neita um þennan styrk, ef hann gæti leitt til dálítils atvinnurekstrar.

Þá á jeg brtt. á þskj. 619 um að veita 1000 kr. til dragferju á Hólsá, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar frá. Þegar fjárl. komu frá Nd., voru í þeim 7500 kr. í þessu skyni, en sú upphæð var feld niður við 2. umr. í þessari deild, vegna þess að ekki þótti nægilega víst, að staðurinn væri öruggur, til þess að rjett þætti án frekari rannsóknar að verja svo miklu fje til þessa.

Hjer er um mikla samgöngubót að ræða fyrir Vestur-Landeyjar, en aðstaða þeirrar sveitar til samgangna hefir versnað mjög við hina svonefndu Djúpósfyrirhleðslu. Með henni voru Þverá og Rangá báðar sameinaðar í eitt fljót, Hólsá. Áin, sem áður hafði runnið eftir þessum farvegi, hafði auðvitað verið mikið vatnsminni og fær á hestum, en nú verður hún ekki farin nema á ferju. Sá ferjustaður, sem hjer um ræðir, er rjett fyrir ofan Djúpós, og á leið frá Reykjavík, þegar kemur yfir ána, skiftast leiðirnar. Liggur annar vegurinn niður með ánni og er bílfær, en hinn vegurinn liggur upp með Hólsá og Þverá. Þessa leið þarf að lagfæra nokkuð, til þess að hún verði bílfær, og hefir sýslunefnd Rangæinga þegar veitt fje til þess. Er ekki talin nein fyrirstaða á, að leiðin komi að fullum notum, ef ferja fæst. Vegamálastjóri hefir nýlega rannsakað staðhætti austur þar, og staðfestir umsögn hans þetta.

Munurinn á þeirri ferju, sem 7500 kr. voru veittar til í Nd., og þeirri, sem jeg flyt brtt. um við þessa umr., er sá, að nú er ekki gert ráð fyrir, að ferjan geti flutt hlaðnar flutningabifreiðir yfir ána, heldur sjeu bifreiðarnar affermdar á ferjuna og aðrir bílar taki við þeim hinumegin árinnar. Þó er gert ráð fyrir, að hún geti flutt tómar flutningabifreiðar, en annars er ætlunin að hafa staðbundna bifreið fyrir austan ána.

Vona jeg, að hv. deild geti fallist á að styðja þessa samgöngubót, sem er nauðsynleg bæði vegna flutninga að og frá, og ennfremur vegna þess að sú sveit, er nýtur mests góðs af henni, er óvenjulega mikil heyskapar-sveit, og kemur oft fyrir, að uppsveitir Rangárvallasýslu þurfa að sækja heyskap sinn þangað. Þessi dragferja mundi greiða stórum fyrir því, að slægjur í Vestur-Landeyjum yrðu að meiri notum en verið hefir.

Þá á jeg XXIV. brtt. á þskj. 617, við 23. gr. IV. (Skeiðaáveitan), um að síðari málsl. falli burt. Við fyrri liðinn, sem hljóðar um það, að skipaðir verði 3 menn til að rannsaka ástand Skeiðaáveitunnar og hag bænda á áveitusvæðinu, hefi jeg ekkert að athuga. En seinni liðurinn, sem felur í sjer heimild til stj. til að taka að sjer lán þau, er á áveitunni hvíla, að þeim hluta, sem bændum er um megn að greiða þau, legg jeg til, að falli niður.

Jeg ber ekki þessa brtt. fram vegna þess, að jeg vilji sýna áveitubændunum neina ósanngirni, ef kringumstæður þeirra eru svo erfiðar, að þeir þurfa frekari styrks með en þeir fá árlega, heldur af því, að jeg álít, að þingið megi ekki selja stj. sjálfdæmi um þetta mál. Þetta á að berast undir Alþingi, eins og aðrar till. um útgjöld af opinberu fje.

Jeg vil í þessu sambandi rifja nokkuð upp af ummælum hæstv. dómsmrh., þegar raforkuveiturnar voru til umr. hjer í Ed. Jeg hafði vegna þingskapa ekki tækifæri til að leiðrjetta þá helstu fjarstæðurnar, sem hann fór með, enda þótt þörf væri á því.

Hæstv. dómsmrh. talaði mikið um mistök í framkvæmdum og áætlunum opinberra fyrirtækja hjer, sem stöfuðu af ófullkomnum undirbúningi af verkfræðinganna hálfu. Skeiðaáveitan hefði sett bændur á vonarvöl vegna þessara mistaka. Nú hefir verið út-

þýtt hjer vjelritaðri skýrslu, dags. í janúar þ. á. og undirritaðri af tveim málsmetandi mönnum austanfjalls. Þessi skýrsla sýnir, að kostnaður hefir orðið við áveituna um 424 þús. kr., en áætlunarupphæðin 1916 var 107 þús. kr. Nú sýnir skýrslan ennfremur, að af þessum 424 þús. kr. falla 114 þús. kr. undir liði, sem ekki eru teknir með í áætluninni, 22 þús. í mannvirki utan áætlunar og 92 þús. í afföll, vexti og afborganir, sem verkfræðingar reikna aldrei með, af því að þeir liðir tilheyra ekki sjálfri framkvæmdinni. Eftir verða þá 310 þús. kr. Eftir því hefir kostnaðurinn numið tæplega þrefaldri áætlunarupphæðinni, eða sem svarar vísitöluhækkun úr 100, þegar áætlunin var gerð, upp í 290, þegar verkið var framkvæmt. Þessi hækkun er ekki meiri en önnur verðlagshækkun í landinu á sama tíma, eða frá 1914—1915 til 1919—1922, þegar aðalframkvæmdirnar voru gerðar. Hækkunin er því eðlileg afleiðing vaxandi dýrtíðar á vinnukostnaði og öðru verðlagi í landinu frá því að áætlunin var samin og uns verkið var unnið. Það er alveg fullkomlega eðlilegt, að verðlag á þessum framkvæmdum fylgi sömu lögmálum og annað verðlag í landinu. Skal jeg geta þess til frekari sönnunar, að þegar tekin var ákvörðun um Flóaáveituna í árslok 1921, var fult samkomulag um það meðal þeirra, sem að henni stóðu, að gera ráð fyrir, að áætlunarkostnaðurinn þrefaldaðist. En dýrtíðin fór heldur minkandi á þeim árum, sem Flóaáveitan stóð yfir, og því varð kostnaðurinn heldur minni en þrefaldur áætlunarkostnaðurinn.

Að því er hina margumræddu klöpp snertir, þá er það að segja, að rangt er, að verkfræðingarnir hafi ekki gert ráð fyrir henni í áætlunum sínum og að hún hafi komið þeim að óvörum. Í áætluninni er gert ráð fyrir um 12000 teningsmetrum af hraunklöpp í botni aðfærsluskurðarins, sem muni kosta 1.50 kr. á tenm., en annars var gert ráð fyrir meira en helmingi minni kostnaði á tenm. Nú reyndist svo, að af þessum 12000 tenm. voru 4200 svo harðir, að skurðgrafan tók þá ekki. Vinslan á þessum 4200 tenm. varð því miklu dýrari en 1.50 kr. á meter. Þó hefir klöppin ekki náð að hleypa kostnaðinum meira fram en eðlilegt var vegna hækkunar vísitölunnar, og stafaði það af því, að skurðgrafan gat unnið á ⅔ af hinni áætluðu hraunklöpp, og auk þess var gerð upphæð fyrir ófyrirsjeðum kostnaði, sem hægt var að hlaupa upp á. Það er því fullkominn misskilningur, að áætlunin hafi verið ógætileg og að útreikningarnir hafi valdið meiri vonbrigðum en vænta mátti eftir vaxandi dýrtíð.

Hinsvegar er því svo farið, bæði um Skeiða- og Flóaáveituna, að fjárhagsgeta manna á áveitusvæðinu veltur á því, að verkinu sje haldið áfram það langt, að menn geti gert afurðir sínar markaðshæfar. Nú er verið að byggja mjólkurbú við Ölfusárbrú, og er gert ráð fyrir, að Skeiðamenn verði þar einnig þátttakendur. Það mun óhætt að gera ráð fyrir því, að þegar nautpeningsrækt í Flóanum er komin á það stig, sem áveitan getur borið, þá verði vextirnir af áveitukostnaðinum ekki nema sem svarar 1 eyri á hvern lítra mjólkur, sem fer í mjólkurbúin.

Þessi kostnaður yrði bændunum ekki tilfinnanlegur, ef vextirnir væru teknir beint af arði mjólkurbúsins. Sama hygg jeg, að yrði uppi á teningnum á Skeiðum. Að vísu er það rjett, að Flóaáveitan hefir notið nokkuð meiri hlunninda, vegna þess að hún hefir ekki þurft að bæta á sig vöxtum og afföllum af stofnkostnaðinum meðan verkið stóð yfir, og því er sanngjarnt, að ríkissjóður hlaupi nokkuð undir bagga með Skeiðabændum, vegna þeirra örðugleika, sem styrjöldin leiddi af sjer fyrir þessar framkvæmdir.

En þó má Alþingi ekki kasta frá sjer rjetti sínum í þessu máli. Hinsvegar eru sjerstakar, en þó ekki rjettmætar ástæður fyrir því, að stj. vill fá þessa heimild. Svo stendur á, að í fyrra fór hæstv. dómsmrh. í einn af sínum mörgu útreiðartúrum og komst austur á Skeið. Hann sagði þá við bændurna: Ríkið á að hlaupa undir bagga með ykkur. Þið eigið að greiða ⅓ skuldanna, ríkið ⅓ og ⅓ á að greiðast á þann hátt, að þið látið skækla af jörðum ykkar upp í þann hluta.

Eins og nærri má geta, ljetu Skeiðabændurnir sjer vel líka fyrsta liðinn, og þá ekki síður annan, að ríkið tæki á sig þriðjung skuldabaggans. En þegar kom að þriðja liðnum, vildu þeir helst eiga sínar jarðir sjálfir óskertar.

Nú var hæstv. dómsmrh. búinn að vekja svo miklar vonir, að honum þykir eðlilega leitt að þurfa að láta bændurna verða fyrir vonbrigðum, og því er farið fram á þetta nú. En þótt skemtilegt sje fyrir hæstv. dómsmrh. að uppfylla þetta loforð, þá álít jeg það ekki næga ástæðu til þess, að þingið afsali sjer rjettindum sínum og fjárveitingarvaldi í hendur hans.

Þá á jeg ekki fleiri brtt. sjálfur, en vil minnast með nokkrum orðum á tvær af þeim öðrum brtt., sem fram hafa komið.

Er það þá fyrst till. hv. fjvn. á þskj. 617, V., um að færa niður fjárveitingar til nýrra vega um 65 þús. kr. alls. Mjer heyrðist á hæstv. fjmrh., að honum væri þessi till. mjög geðþekk, og get jeg skilið það, þar sem búið er að hlaða svo miklu á fjárl. og auk þess að samþ. mikið af útgjaldaaukandi löggjöf. En jeg vil vara hann við því að byggja nokkrar vonir um lækkun á útgjaldaliðum fjárl. á því, þó að þessi till. verði samþ. Jeg er sannfærður um það, að ef till. verður samþ., verður það til þess, að hv. Nd. gengur ekki að fjárl. óbreyttum eins og þau koma hjeðan, heldur færir þennan lið upp aftur. Og það má enginn láta sig dreyma um það, að fjárl. geti komist í gegn við þessa einu umr. í hv. Nd. án töluverðrar hækkunar á heildarútgjöldunum, ef nokkurri brtt. verður hleypt þar að á annað borð. Það kom fyrir á meðan jeg hafði með höndum yfirstjórn fjármálanna, að fjárl. tóku breytingum við eina umr. í Nd., og kostaði aldrei minna en 100 þús. kr. hækkun á heildarútgjöldunum. Ef hæstv. fjmrh. lætur sjer því ant um að halda í hemilinn á hækkunartill., gerði hann rjettast í því að leggjast á móti þessari brtt. hv. fjvn., þar sem vitanlegt er, að ef hún verður samþ., verður það til þess, að fjárl. verða opnuð í hv. Nd. og þar hleypt að ýmsum brtt., sem fleiri eða færri verða samþ. og allar eru til hækkunar á útgjöldunum.

Hin brtt., sem jeg vildi minnast á, er frá hæstv. dómsmrh., á þskj. 617,

XXIX., um að kaupa til handa landinu, ef um semst, prentsmiðjuna Gutenberg með tilheyrandi húsum og lóð, fyrir alt að 155 þús. kr.

Það er nú svo, að landið hefir ekki átt eða rekið neina prentsmiðju til þessa. Ef hinsvegar á að fara að kaupa þessa prentsmiðju, getur það ekki þýtt annað en að ríkið taki að sjer rekstur hennar sem ríkisfyrirtækis á eftir. Nú má auðvitað um það deila, hvort þetta sje rjett, en um hitt verður ekki deilt, að það er *rangt* að ráðast í svona mikið fyrirtæki með því einungis að samþ. slíka heimild í 23. gr. fjárl. Það má ekki eiga sjer stað, að þingið sleppi úr höndum sjer ákvörðunarvaldinu um það, hvort starfsemi ríkisins eigi að færast yfir á ný og ókönnuð svið. Þingið verður að halda á þessu valdi sínu og afgreiða slík mál samkv. því, sem stjórnarskráin ákveður um lagafrv. Það verður að krefjast þess, að öll slík mál sjeu borin fram í lagafrumvarpsformi og gangi í gegnum 3 umr. í hvorri þd., að minsta kosti. Jeg álít, að þessi brtt. eða slík heimild sem þessi sje þess eðlis, að það sje skylda hæstv. forseta að vísa henni frá, af því að hún felur í sjer meira en fjárbrúkunarheimild fyrir árið 1930.

Um efni þessarar brtt. að öðru leyti skal jeg ekki ræða, enda er ekki tími til þess að ræða um það í sambandi við þetta fjárlagafrv., hvort það sje rjett eða rangt, að ríkið taki að sjer slíkan rekstur og starfrækslu, sem hjer er stefnt að. Allir þeir, sem kunnugir eru þessu fyrirtæki, Gutenberg, vita, að ef ríkið fer að kaupa það, verður næsta skrefið að leggja fram mikið fje til endurbóta á því, svo að það geti komist í það horf að teljast viðunandi ríkisprentsmiðja. Ef til vill verður sá kostnaður jafnmikill og kaupverðið, sem hjer er gert ráð fyrir, en þar fyrir er ekki hægt að gera grein fyrir því nú, hve mikil byrði rekstur slíks fyrirtækis kann að verða í framtíðinni.

Af þessum ástæðum teldi jeg rjett, að hæstv. forseti hleypti ekki þessari till. að, en ef hann getur ekki fallist á það, teldi jeg rjett af hv. deild að fella till., svo að hægt yrði á venjulegan og stjórnskipulegan hátt að gera út um það, hvort ríkið á að færast það nýmæli, sem hjer er stefnt að, í fang.

**Jón Baldvinsson:** Jeg á fáar brtt. til útgjalda við þessa umr., enda þýðir ekki að flytja þær margar, því að reynslan hefir sýnt, að flest er skorið niður, hversu gott og þarflegt sem það er. Jeg hefi þó ekki getað komist hjá því að bera fram örfáar till.

Þrjár af till. mínum fjalla um það, að hin alræmdu skólagjöld sjeu feld niður. Eru þær á þskj. 617, III, VII og IX. Ætti ekki að þurfa langt mál til þess að sannfæra hv. deild um það, hvílíkur vandræðagripur þessi skólagjöld eru og hversu mikill hemill þau eru á fátæka pilta og stúlkur, er leita vilja sjer mentunar. Skólagjöldin við mentaskólann nema nú 900 kr. á hvern nemanda, er fer gegnum skólann, og kemur svo hátt aukagjald hart niður á fátæka nemendur eða þá, sem þurfa að sjá þeim fyrir framfærslu, ef þeir geta það ekki af eigin ramleik. Hlýtur slíkur mentunarskattur að draga mjög úr því, að námsmenn geti sjeð fyrir sjer sjálfir, og þrengja kosti þeirra á alla lund. Virðist og svo sem það ætti ekki að vera eftir eðli okkar Íslend-

inga að leggja slíkan hemil, sem skólagjöldin vissulega eru, á fróðleiksfýsn manna og mentunarþrá, auk þess sem þetta er hverfandi upphæð — hún nam í áætlun fjárl. á síðasta ári 13 þús. kr. — í samanburði við alt það fjármagn, sem ríkið leggur til mentamálanna, að jeg nú ekki tali um, ef þessi kækibersupphæð væri borin saman við allar þær milj., sem ríkið hefir í veltunni. Hinsvegar er þessi skattur tekinn af hálfþroskuðum unglingum, sem ekki geta unnið fyrir sjer, eða þá af fátækum aðstandendum þeirra. Það skýtur hálfskökku við, að ríkið skuli, jafnframt því sem það ver stórfje til þess að efla almenna mentun, leggja slíkar skorður á þá, sem hennar vilja afla sjer. Er slíkt sama og að taka með annari hendinni það, sem veitt er með hinni.

Þennan agnúa verður að sníða af, og það verður gert fyr eða síðar. Spurningin er aðeins það, hversu lengi Alþingi ætlar að þverskallast við þeirri sanngirniskröfu og hefta þannig mentunarlöngun ungra manna og kvenna. Þetta skólagjald hefir orðið til þess, að margir hafa orðið að hverfa frá skólagöngu, vegna þess að þeir gátu ekki greitt það. Að vísu er heimilt að endurgreiða fátækum nemendum þetta skólagjald, en gallinn er sá, að nemendurnir þurfa að leggja það fram, borga það, og síðan er það komið undir mati kennaranna, hverjir fái þetta endurgreitt — og þeir eru fáir.

Jeg skal ekki orðlengja frekar um þetta mál, en jeg vænti þess, að hv. þd. geti orðið við þessari sjálfsögðu rjettlætiskröfu. Og það mega hv. þm. vita, að ef þeir þverskallast í þetta sinn við þessari rjettmætu kröfu, verður hún borin fram á næsta þingi — og svo áfram, þangað til yfir lýkur.

Næsta brtt. mín er á þskj. 617, XVIII. Er hún þess efnis, að Ásgeiri Ó. Einarssyni verði veittur 1000 kr. styrkur til dýralækninganáms. Till. shlj. þessari flutti jeg við 2. umr., en hún var feld með jöfnum atkv. Mun það hafa vakað fyrir þeim, sem voru á móti þessari till., að mentamálaráðið ætti að sjá þessum pilti fyrir námsstyrk, enda var hjer þá samþ. till. um að hækka þá fjárveitingu, sem ætluð er til námsstyrkja, úr 8000 kr. upp í 12000 kr. Jeg flyt því þessa till. nú aðeins til þess að slá því föstu, samkv. viðtali við hv. formann fjvn., að mentamálaráðið styrki þennan pilt framvegis til náms, og mun því taka hana aftur. Það virðist og eðlilegra, að mentamálaráðið hafi úthlutun námsstyrkjanna með höndum, og er tryggara fyrir nemendurna en að eiga þetta undir geðþótta Alþingis. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um það, hversu mikil nauðsyn þessum pilti er að fá þennan styrk — jeg hefi lýst því hjer áður við 2. umr. —, en jeg vil benda á það enn, hversu mikil nauðsyn það er fyrir landið, að til sjeu hjer menn, er numið hafi dýralækningafræði. Eins og stendur mun vera fremur skortur á þeim en hitt. Hannes dýralæknir Jónsson hefir gefið þessum pilti bestu meðmæli, og hann gat þess í samtali við mig, að hann teldi sjálfsagt, að framvegis yrði a. m. k. einum manni veittur styrkur til dýralækninganáms. Jeg hefi þennan formála svo ekki lengri og tek þessa

till. aftur, í trausti þess að mentamálaráðið taki þennan pilt upp á sína arma.

Næsta brtt. mín, á þskj. 617, XXIV., er sú sama og jeg flutti hjer við 2. umr., og fjallar um að lána Daníel Halldórssyni og Pjetri G. Guðmundssyni 6000 kr. til að kaupa prentvjel (Rotaprint), gegn tryggingu, er stj. metur gilda. Lýsti jeg þessu máli þá nokkuð og því gagni, sem verða mætti af því að hafa slíka vjel í landinu, en tók till. aftur, vegna þess að hæstv. forsrh., sem hafði heitið henni stuðningi, var þá bundinn í hv. Nd. Bjóst jeg við, að hann mundi verða hjer viðlátinn við 3. umr., en því miður hefir svo ekki getað orðið, vegna veikinda hans.

Jeg man eftir því, að þegar jeg var nýbyrjaður að læra prentiðn, heyrði jeg söguna um manninn, sem kom inn í prentsmiðju með gamla bók með máðu letri og spurði, hvort ekki væri hægt að láta bókina fara í gegnum prentvjelina og endurnýja þannig prentið á henni, svo að hann gæti lesið hana og haft hennar full not. Þegar maðurinn heyrði, að þetta væri ekki hægt, misti hann trúna á prentverkinu og þótti lítið til þess koma.

Þessi vjel, sem hjer er um að ræða, hefir einmitt þennan kost, að hægt er að taka gamlar bækur og endurprenta þær í henni án þess að þurfa að setja þær á ný. Vjelin skilar þeim prentuðum aftur eins og nýjar væru. Jeg mintist á það um daginn, að margir árgangar af Alþingis- og Stjórnartíðindunum væru þrotnir. Með þessari nýtískuvjel er hægt að bæta úr því á tiltölulega ódýran hátt. Jeg vænti þess því, að hv. þd. synji þessum mönnum ekki um þennan stuðning til þess að útvega sjer þessa nýtískuprentvjel, en vísa að öðru leyti til þess, sem jeg sagði við 2. umr. um þetta mál og það gagn, sem af vjelinni mætti verða.

Þá flyt jeg till. ásamt hv. 1. þm. G.-K. á þskj. 617, XXXI., um að veita stj. heimild til að kaupa Íslands-kvikmynd Lofts Guðmundssonar, endurbætta, að fengnum till. alþingishátíðarnefndar, fyrir alt að 16 þús. kr. Eins og menn muna, sýndi Loftur okkur þm. þessa mynd fyrir skömmu. Hefir hann lagt mikla vinnu í að taka hana, og með þeim tækjum og tækifærum, sem hann hefir haft, hljóta allir að viðurkenna, að myndtakan hefir tekist furðu vel. Þó er auðfundið, að ýmsir gallar eru á myndinni og að hana þarf að endurbæta í mörgu. Stafa þessir gallar annaðhvort af því, að Loftur hefir ekki haft nógu gott tækifæri til þess að taka kvikmyndina, eða þá af því, að fólkið, sem sýnt er, hefir ekki *leikið*, eins og gera þarf í kvikmynd. Jeg hugsa, að mönnum þætti sú mynd, sem lífið sjálft er sýnt á eins og það er í raun og veru, leiðinleg. Þannig held jeg, að mönnum hafi þótt lítið koma til sumra kaflanna úr sveitalífinu, af því að það var tekið eins og það er og fólkið hafði ekki hugmynd um, að verið var að taka af því kvikmynd. Aftur þykir mjer myndakaflinn af vinnu við fiskiveiðarnar góður. Nú er Loftur Guðmundsson reiðubúinn til þess að bæta þessa kvikmynd á ýmsan hátt, og ef hann gerði það, teldi jeg rjett að landið keypti hana, og þess vegna flyt jeg þessa till. Alþingishátíðarnefndin hafði augastað á þessari mynd, en hún sá sjer ekki fært að kaupa hana vegna fjeleysis. Vænti jeg

þess því, að hv. þd. geti fallist á að veita stj. heimild til að kaupa myndina, ef hún verður endurbætt og hátíðarnefndin leggur til, að svo verði gert.

Þá flyt jeg tvær brtt. ásamt hv. 2. landsk. þm., og þó að þm. hafi talað fyrir þeim, vil jeg bæta þar við nokkrum orðum.

Önnur þessara till. er á þskj. 617, XX., um að veita frú Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur 1500 kr. styrk til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín. Það má segja um þennan styrk sem aðra áþekka, að þeir koma landinu ekki að miklum notum fljótt á litið. En síðan við Íslendingar endurheimtum sjálfstæði okkar, viljum við láta á því bera og að okkar sje minst um leið og annara menningarþjóða er minst. Á slíka samkomu sem þessa koma menn hvaðanæfa úr heimi til skrafs og ráðagerða, og þó að ef til vill sje ekki mikið í það varið, sem þar kann að gerast, leiðir mikið gagn óbeinlínis af þeirri kynningu, sem slík mót hafa í för með sjer. Fyrir hinar smærri þjóðir, eins og okkur Íslendinga, er það til mikils gagns að taka þátt í umr. um alþjóðamálefni á slíkum fundum. Það sýnir, að við fylgjumst með og viljum taka okkar þátt í að leysa þau mál, sem efst eru á baugi með þjóðunum á hverjum tíma.

Þá vildi jeg sjerstaklega mæla með styrknum til kvenstúdenta, því það er sjaldnar að þær kvabbi um styrk til Alþingis en karlmennirnir. Hina till., um ferðastyrk til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, má skoða sem nokkurskonar viðurkenningu fyrir starf hennar í þágu menningar landsins, og gilda um það hin sömu rök og jeg drap á áðan.

Þá hefi jeg minst á þær till., sem jeg er eitthvað við riðinn, og vil jeg fara fáeinum orðum um tvær aðrar.

Hv. 3. landsk. hefir flutt till. á þskj. 617, XVII, um að fella niður framlag hlutaðeigandi hjeraða til rannsókna á raforkuveitum. Jeg er að nokkru leyti samþ. þessari till., en þó finst mjer, að ef hjeruð æskja eftir slíkri rannsókn, þá sje ekkert á móti því, að þau verði látin taka nokkurn þátt í kostnaðinum. En mjer finst ákvæði brtt. of bindandi. Jeg vildi orða það á þá leið, að hjeruðin skyldu greiða 1/5 hluta kostnaðar, ef þau æskja rannsóknar sjerstaklega, en að stj. hafi að öðru leyti frjálsar hendur til að láta framkvæma almennar rannsóknir, þær er nauðsynlegar þykja. Jeg vil því spyrja hv. þm., hvort hann gæti ekki fallist á orðabreyt. á brtt., er kæmi þessari hugsun að.

Hv. fjvn. gerir allveigamiklar till. um að draga úr framlögum til vegalagninga 1930. Það er líka veitt meira fje til slíkra framkvæmda í frv. heldur en nokkru sinni hefir áður verið gert. Jeg sje ekki annað en menn megi vel við una, þó þær yrðu samþ. Stj. mun ekki telja sig svo bundna við þær upphæðir, er veittar eru í fjárl. til slíks. Og jeg álít, að ef vel stæði á fyrir ríkissjóði þetta ár, þá ætti heldur að framkvæma meira en minna. En það er ekki aðalatriðið að koma upphæðunum inn í fjárl., ef framkvæmdirnar verða á annað borð gerðar. Jeg hefi fyr meir stundum flutt brtt. um það, að stj. væri heimilt að grípa til framkvæmda á ýmsum verkum, sem ákveðið var að láta gera síðar, til að firra atvinnuleysi, ef illa árar í atvinnulífinu. Jeg hefi jafnan fengið þau

svör hjá öllum stj., að þær álitu sig hafa heimild til að ráðast í slíkar framkvæmdir, ef að krepti. Það er því ekkert afskaplegt, þó liðir þessir verði lækkaðir, einkanlega þar sem þeir eru enn hærri en þeir hafa nokkru sinni áður verið.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Það er aðeins örstutt erindi, sem jeg ætla að flytja hjer, og mun það því ekki lengja mikið umr. þessa máls. Það, sem gaf mjer tilefni til að standa upp, voru ummæli þau, er hæstv. fjmrh. viðhafði um það, að h/f Hallveigarstaðir hafði farið fram á 50 þús. kr. lánsábyrgð, til þess að kleift yrði að koma upp húsi því, er safnað hefir verið fje til í allmörg ár. Mjer var það ánægjuefni, að hv. fjvn. hafði fallist á það og vona því, að till. þessi nái fram að ganga, enda þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki getað fallist á það að veita lánsheimildina. Hæstv. fjmrh. benti á það, að málið yrði ef til vill óskyggilegt fyrir ríkissjóð, og gat þess ennfremur, að ef byggja ætti hús þetta fyrir 1930, myndi það verða dýrara en áætlað hefði verið, og hugði hann, að kostnaðurinn við bygginguna myndi þá geta orðið 150 þús. kr. í stað 130 þús. kr. Jeg get tekið það fram, að uppdráttur og kostnaðaráætlun liggur fyrir og þar er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn verði ekki meiri en 130 þús. kr. Hæstv. fjmrh. kvaðst þó ekki vilja spilla fyrir konunum, ef þær væru að berjast fyrir góðu máli og inna af hendi mannúðarverk. Þetta var plásturinn, sem hann lagði á sárið og málsbætur hans eru fólgnar í. Hvað því viðvíkur, að kostnaðurinn muni fara upp úr 130 þús. kr., get jeg svarað því, að kostnaðaráætlun og uppdrættir, sem liggja fyrir frá húsameistara ríkisins, eru nákvæmlega miðaðir við þá upphæð. Fyrir liggja í sjóði 43 þús. kr., er safnast hafa á undanförnum árum, og auk þess munu mjög mörg kvenfjelög, sem standa að þessu starfi, vinna ósleitilega að því að safna fje til kvennaheimilisins, og sú söfnun mun sækjast betur eftir að byrjað er á verkinu. Ennfremur má benda hv. þdm. á það, að ef þeir kynna sjer lista yfir nöfn þeirra kvenna, sem að fyrirtæki þessu standa, hygg jeg, að þeir geti gengið úr skugga um, að hjer eru ekki fjárglæfrar á ferðum. Konur eru ekki enn þá komnar inn á þá braut, að taka stór lán án þess að ætla sjer að standa straum af þeim, og jeg býst ekki við, að þessar ágætu konur sjeu að reyna að svíkja út lán, enda munu þær flestar svo vel efnum búnar, að þær gætu í sameiningu staðið straum af þeirri ábyrgð, sem ríkið tekur á sig. Það er vitanlegt, að hjer í Rvík eru mörg fjölmenn kvenfjelög, sem leggja byggingu þessari liðsinni sitt, því að þau hafa engan fastan samastað enn sem komið er. Það eru ekki einungis konur hjer í Rvík, sem telja nauðsynlegt að koma upp þessu húsi, heldur mun það vera sameiginlegt áhugamál kvenna um alt land, og þær hafa glaðst yfir þeim ágæta stað, sem ríkisstj. hefir látið í tje á Arnarhólstúni. Hjer í Rvík munu vera um 15 fjelög, sem öll styðja þetta mál, og má mikils vænta af þeim. Þá ber einnig að taka það til athugunar, að konur, sem koma utan af landi og ætla að dvelja

hjer lengur eða skemur, hafa rekið sig á, að hjer er bæði erfitt að fá húsnæði og að það húsnæði, sem fæst, er oft mjög dýrt. Hallveigarstaðir eiga að bæta úr þessu með því að veita aðkomukonum gistingu gegn lágu verði. Þó mun verða sjeð um, að fyrirtækið beri sig. Jeg vil því vona, að sá uggur, sem máske hefir verið í sumum hv. þdm. við að veita þessa lánsábyrgð, megi dreifast og þverra og hverfa eins og dögg fyrir sólu, en velvild og skilningur megi fá yfirhöndina og ráða úrslitum.

Jeg vil nota tækifærið til að segja nokkur orð viðvíkjandi annari brtt., sem jeg á ásamt hv. 1. þm. G.-K. Er hún við 18. gr., undir XXII. lið, og fer fram á, að styrkurinn til frú Guðrúnar J. Erlings verði hækkaður úr 300 upp í 600 kr. Við flm. þessarar till. töldum, að þá fyrst væri góðskáldinu Þorsteini heitnum Erlingssyni sýndur fullur sómi, ef ríkið sæi ekkju hans nokkurn farborða og hjálpað væri fátækri móður til að manna börn hans, svo að þau geti verið verðug að eiga slíkan föður, sem var svo ástsæll meðal íslensku þjóðarinnar. Þótt þessi styrkur sje ekki hár, munar þá konu um það, sem er alveg eignalaus, að öðru leyti en því, að hún er talin eiga part úr húsi því, er Þorsteinn heitinn bygði og sem ekkja hans hefir reynt að halda. Þessi kona hefir unnið mestmegnis fyrir sjer með kenslu, en hefir kostað miklu til barna sinna; t. d. mætti nefna, að sonur hennar er nú í 4. bekk mentaskólans, og virðist hann vera mjög efnilegur unglingur. Frú Guðrún er fremri flestum öðrum konum í því, hversu hún hefir leitast við að halda minningu manns síns á lofti, og af hinum litlu efnum sínum hefir hún varið ærnu fje til bókaútgáfu, sem þó mun æðierfið nú á dögum. Hún hefir gefið út „Eiðinn“ og svo dýrasögur, sem fáir höfðu áður vitað um, að voru eftir Þorstein, og báðar þessar bækur hafa verið svo vandaðar að öllum frágangi, að hún hefir hlotið einróma lof fyrir. Frú Guðrún hefir óbifandi trú á því, að þótt menn sjeu ekki sjálfir efnum búnir, geti þeir þó styrkt aðra og hjálpað þeim, sem bágt eiga, á ýmsan hátt, enda munu þeir æðimargir, sem hún hefir hjálpað. Jeg hygg, að jeg sje ekki ein í þeim hóp, sem hún hefir hringt til og spurt að, hvort ekki væri hægt að hlaupa undir bagga með þessum eða hinum, sem skjótrar hjálpar hafa þurft, og þótt ekki hafi alt fallið í ljúfa löð strax, hefir hún ekki hætt fyr en hún hefir verið búin að útvega hinum þurfandi einhverja hjálp. Þess vegna álít jeg, að þessi kona verðskuldi fyllilega, að henni verði hjálpað, þ. e. með því að veita henni nokkurn opinberan styrk, eins og brtt. okkar flm. fer fram á, því að hún skilur erfiðan hag annara og rjettir fyrst allra hjálparhönd, hvar sem hún getur.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Út af brtt. hv. fjvn., sem hún hefir gert til þess að stuðla að því að draga úr útgjöldum á fjárl., vil jeg geta þess, að stj. lítur á þær sem neyðarúrræði, en getur þó eftir atvikum fallist á rjettmæti þeirra eins og nú er málum skipað. En ef þessi sama stj. situr næsta ár og það ár kynni að verða svo vont, að ekki væri hægt að standa við þau útgjöld, sem gert er ráð fyrir í

fjárl., þá er það mín persónuleg skoðun, að það sje skylda stj. að spara ennþá meir á þessum liðum, sem hv. fjvn. leggur nú til að dregið verði úr. Því eins og stj. hefir nú gert meira en gert var ráð fyrir, eins hlýtur hún að draga saman seglin, ef harðnar í ári. Og yfirleitt verð jeg að líta svo á fjárl., að þau sjeu nokkurskonar áætlun. Þessa get jeg hjer af því að sumir líta svo á, að stj. sje skyldug að fara eftir fjárl.

Þá hefi jeg flutt XV. brtt. á þskj. 617. Er hún um þóknun fyrir störf mentamálaráðs. Þegar frv. um mentamálaráðið var borið fram í fyrra hjer í Ed., gerði jeg ráð fyrir því, að það starfaði endurgjaldslaust. En í hv. Nd. var þessu breytt, svo að gert var ráð fyrir því, að það fengi nokkra þóknun fyrir störf sín. En svo hefir gleymst í fjárlfrv. stj. að gera ráð fyrir þessu. Nú mun ráðið sjálft, sem hefir unnið mikið og gott starf, hafa gert ráð fyrir því, að þóknunin til þess yrði um 600 kr. á mann. Get jeg vel fallist á það og mun koma með skrifl. brtt. þess efnis, að þessi upphæð verði hækkuð.

Viðvíkjandi XXIV. brtt. á sama þskj., frá hv. 4. landsk., um 6000 kr. styrk til tveggja manna til þess að kaupa prentvjel, skal jeg geta þess, að hæstv. forsrh. mun hafa haft þetta mál til meðferðar og verið þessum tveimur mönnum hjálplegur til þess að útvega þeim bráðabirgðalán til þess að kaupa slíka prentvjel. Mun hann og hafa ætlað sjer að mæla með þessari till., því það hefir mikla þýðingu, að slík vjel sje til í landinu, svo hægt sje að endurprenta bækur á ódýrari hátt en ella. Hefir slík aðferð mjög verið notuð í Þýskalandi og gefist vel. Jeg fyrir mitt leyti tel það alveg nauðsynlegt að fá slík áhöld inn í landið.

Þá talaði hv. 3. landsk. allmikið um Skeiðaáveituna. Jeg held, að það sje að hengja bakara fyrir smið, ef hann ætlar að fara að kenna mjer um öll þau mistök, er gerð voru í þessu máli undir hans handleiðslu. Jeg ætti frekar þakkir skilið fyrir það að hafa hafist handa til þess að hjálpa hlutaðeigandi bændum úr því öngþveiti, er ráðsmenska fyrv. stj. hafði steypt þeim í. Annars held jeg, að hv. 3. landsk. hafi tvær ástæður til þess að vera viðkvæmur hvað þetta mál snertir. Í fyrsta lagi ber hann hina siðferðislegu ábyrgð á þessu verki. Því þótt hann gerði ekki sjálfur mælingarnar og áætlun um kostnað, þá voru þær gerðar af undirmanni hans, meðan hann var landsverkfræðingur, og ber hann því ábyrgðina. Og í öðru lagi er það tilfinning hans fyrir stjettarbræðrum sínum, sem hann finnur, að hafa heldur veika aðstöðu í þessu máli, og jafnvel öðrum líka.

Hv. 3. landsk. var að minnast á það, að við mundum báðir eftir fundi á Skeiðunum. En jeg held, að það væri best fyrir hann að tala sem minst um það, því það mun ekki vera nema eitt atkv. á Skeiðunum, er fylgir hans pólitísku stefnu eftir þann fund. Mun það ekki síst vera af því, að vegna hans verknaðar eiga þeir nú margir hverjir minna en ekki neitt. Og er ekki við því að búast, að þeir beri mikið traust til hans, enda hefir hann ekki það til brunns að bera, að ástæða

sje til þess að hafa hann að átrúnaðargoði. Jeg minnist á þetta af því að mjer þótti sem það kendi nokkurrar beiskju hjá honum til bændanna á Skeiðunum. En mjer finst, að þeir hafi beðið nægilegt tjón, þó að þeir sjeu ekki hrakyrtir af þeim, sem valdir eru að tjóninu.

Vegna þess að sumum hv. dm. mun ef til vill ekki vera kunnugt um staðhætti þarna og tildrög þessa máls, skal jeg fara um það nokkrum orðum. Skeiðin eru flatlendi mikið milli Þjórsár og Hvítár. Kom mönnum til hugar, að hægt mundi að gera þessa flatneskju frjósama með því að veita yfir hana vatni úr Þjórsá. Voru fengnir sjerfræðingar til þess að athuga þetta, og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að þetta væri hægt og að kostnaðurinn mundi ekki meiri en svo sem 100 þús. kr. — og að þetta væri líka hægt fjárhagslega. Bændurnir gátu ekki annað en trúað þessum trúnaðarmönnum þjóðfjelagsins og rjeðust í verkið. En svo fór nú, að verkið reyndist miklu dýrara en gert hafði verið ráð fyrir. Fæ jeg því ekki annað sjeð en að þjóðfjelagið í heild sinni verði að bera ábyrgð á gerðum þessara trúnaðarmanna sinna, enda þótt það kunni að þykja nokkuð óþægilegt.

Bændurnir þarna hjeldu, að þetta mannvirki mundi ekki kosta nema 100 þús. kr, og svo áttu þeir að fá nokkurn styrk. Þetta treystu þeir sjer til þess að borga. En þegar farið var að vinna verkið, kom það í ljós, að á leiðinni var allmikil klöpp, sem verkfræðingurinn hafði ekki tekið eftir eða reiknað með. Var því ekki hægt að notast við skurðgröfuna þar, heldur varð að sprengja klöppina, og kostaði það hvorki meira nje minna en 100 þús. kr. Hefði verkfræðingurinn, sem rannsakaði málið og gerði kostnaðaráætlunina, vitað af þessari klöpp og reiknað með henni, mundu bændurnir aldrei hafa lagt út í þetta. Sýnir það best, hve vandað hefir verið til undirbúnings verksins, að klöppin skyldi ekki finnast, því það hefði þó átt að vera auðvelt að bora nógu margar og djúpar holur á þeirri leið, er skurðurinn á að liggja um. Ofan á alt þetta bætist svo, að vatnið er í flestum árum of lítið. Og eftir þessa snjóljettu vetur hefir það verið svo, að vatnsyfirborð árinnar hefir verið lítið hærra en skurðbotninn. Einasta ráðið til þess að bæta úr þessu er að hlaða garð út í ána og reyna með því að hækka vatnið svo sem um einn meter. Takist það ekki, er allur sá kostnaður, sem lagður hefir verið í áveituna, einskis virði. Er því auðsætt, að þjóðfjelagið verður hjer að hlaupa undir bagga með þessum mönnum, sem hafa orðið fyrir svona þungum búsifjum af trúnaðarmönnum þess.

Hagur þessara manna er nú svo, að þó alt væri tekið af þeim, væri það ekki nema upp í helming þeirra skulda, er á þeim hvíla. Og þó það ráð væri nú tekið og þessir duglegu menn flæmdir burtu af jörðum sínum, þá mundu ekki fást neinir til þess að taka þær að sjer með þeim kvöðum, er á þeim hvíla. Jeg fæ því ekki sjeð, að það sje nein dauðasynd, þó þeim væri gefið eitthvað eftir af skuldum sínum. Og víst er um það, að bankar þeir, er hv. 3. landsk. stendur að, hafa gefið útgerðarmönnum eftir margfalt stærri upphæðir. Hv. 3. landsk. er ekki hissa á því, þó slíkum mönnum

sje lánað stórfje og svo gefið það alt eftir. En þegar rætt er um það að gefa þeim mönnum eftir, er hafa steypt sjer í stórskuldir í raun og veru á ábyrgð hv. þm. og samverkamanna hans, verkfræðinganna, þá er alt öðru máli að gegna. Þeim má ekkert gefa eftir, þó margra ára reynsla hafi sýnt það, að þeir geta ekki borgað allar skuldir sínar. Þeim má ekki bjarga eins og gert hefir verið við kaupmenn og útgerðarmenn. Ef von væri til þess að fá þetta borgað, þá væri till. hv. 3. landsk. rjettmæt. En hjer er ekki um það að ræða, og jeg er viss um það, að þó hv. þm. komi aftur að stj., þá mun hann ekki verða til þess að flæma bændurna þarna í burtu af búum sínum. En jeg held, að það sje óþarfi að fresta því að hefjast handa í þessu máli þangað til. Núv. stj. er a. m. k. þeirrar skoðunar, að það sje best fyrir báða aðilja að koma þessu á hreint. Lánsstofnanirnar þurfa að vita glögt, hvað þær mega búast við að fá af þessum skuldum, og hjálpin kemur bændum að því meiri notum, þess fyr sem hún kemur. Stefna hv. 3. landsk. er aftur á móti sú, að láta reka á reiðanum um þessi mál þangað til alt er komið í öngþveiti. Mín skoðun í þessu máli er sú, að rjett sje að láta bændurna borga það, sem þeir geta með góðu móti, en kippa hinum skuldaböggunum af þeim. Og það er óneitanlega hart, að þeir menn, er mesta ábyrgð bera á því, hversu fór, skuli reynast verst þeim mönnum, er þeir steyptu í vandræði með heimsku sinni og fljótfærni. Maður gæti haldið, að það væri ekki sem mest blessun að því fyrir þjóðina að hafa marga atvinnulausa verkfræðinga í landinu, því engir menn eru verri með það að æsa almenning út á hálar brautir. Hv. 3. landsk. má ekki taka það illa upp fyrir mjer, þó jeg hafi svarað honum nokkuð ítarlega, þar sem hann fór að drótta því að mjer, að jeg ætti sök á því, hvernig þetta fór.

Þá kem jeg að brtt. minni um það að heimila stj. að kaupa prentsmiðjuna Gutenberg fyrir 155 þús. kr. Mjer skilst, að það hafi andað heldur kuldalega til þessarar brtt. frá hv. 3. landsk. og að hann hafi jafnvel talið, að hjer væri um stjórnarskrárbrot að ræða og gæti því ekki greitt atkv. með þessari brtt. En hv. þm. getur verið alveg óhræddur um það. Hjer er ekki frekar að ræða um stjórnarskrárbrot heldur en þó t. d. að brotinn væri gluggi í ráðhúsinu í Kaupmannahöfn.

Ríkið mun nú greiða fyrir prentun ca. 300 þús. kr. árlega. Og við lauslega athugun hefi jeg sjeð, að fyrir bók eins og B-deild Alþt. borgar það einni prentsmiðju 30 þús. kr. Það getur því munað ríkið miklu, hvort klaufalega er á haldið í þessum efnum eða ekki.

Í þessu sambandi vil jeg minna á eitt gott fyrirtæki, er hv. 3. landsk. kom upp meðan hann var landsverkfr., en það var að koma upp verkstæði til að smíða brýr og aðra járnsmíði, er landið þarf á að halda. Hefir það verkstæði reynst ágætlega og sparað ríkinu stórfje. Meiningin var í fyrra, að landið fullnægði sjálft prentþörf sinni, eins og það smíðar nú þær brýr, er það lætur byggja. Jeg fjekk hinn færasta mann, sem völ var á, til að rannsaka málið. Hann kynti sjer það ítarlega, og athugaði jafnframt í þessu sambandi Acta og Gutenberg,

sem báðar voru til sölu, og eins hvort heppilegra væri að kaupa nýja prentsmiðju. Niðurstaðan varð sú, að heppilegast væri, að landið keypti Gutenberg, ef hún fengist með sæmilegum kjörum, en ekki nýja prentsmiðju. Ef ný prentsmiðja væri keypt, væri alt verð hennar útlagður eyrir, og þá yrði að taka lán til þess að leggja verð hennar á skattborgarana. Í fljótu bragði gat það virst skynsamlegra að fara þessa leið, vegna þess að venjulega reynist hið nýja best. En hjer stóð sjerstaklega á. Ef ný prentsmiðja hefði komið hjer, hefði það orðið til þess, að tvær af hinum gömlu hefðu farið á hausinn. Nú er Gutenberg í raun og veru eign Landsbankans, en hann aftur eign ríkisins. Því var ekki forsvaranlegt, að órannsökuðu máli, að kaupa nýja prentsmiðju og eyðileggja þar með eign Landsbankans. Af því að Landsbankinn á Gutenberg, má telja víst, að hann yrði fús á að láta lánið standa lengur en ella, ef ríkið keypti, ef til vill alt að 25—30 árum. Þarf þá ekki nýtt lán eða skatta til þess að kaupa prentsmiðju handa ríkinu. Ríkið eignast prentsmiðjuna með góðum kjörum og fær miklu ódýrari vinnu eftir en áður. Niðurstaðan varð sú, að landið myndi spara 50 þús. kr. á ári með því að eiga prentsmiðju sjálft. Eftir því ætti Gutenberg að geta borgað sig á 3 árum. Jeg skal eigi segja um, hvort sú áætlun stendur heima, en aðalatriðið er rjett, og prentsmiðjan ætti ávalt að geta borgað sig á 4—5 árum.

Nú vil jeg víkja að því, sem er kjarni málsins. Það má segja, að undarlegt sje, að Gutenberg, sem er elsta og helsta prentsmiðja landsins, skuli vera komin í slíka skuld við Landsbankann, ef það er rjett, að prentun hennar fyrir landið hafi verið of dýrt seld. En þessi mótsögn er aðeins á yfirborðinu. Gutenberg hefir ekki prentað eingöngu fyrir landið fremur en aðrar prentsmiðjur. Þær hafa allar mikil viðskifti við blöð og bókaútgefendur. Skuldir þessara aðilja við prentsmiðjurnar eru helsta orsökin til þess, hve illa þeim hefir gengið. Mjer er það kunnugt um Gutenberg, að hún hefir tapað tugum þúsunda eingöngu á blöðum, sem hafa dáið. Sama mun um aðrar prentsmiðjur. Líka er fjöldi af forleggjurum, sem skulda prentsmiðjunum stórfje, sem telja má tapað. Því skoða prentsmiðjurnar það aðaltekjur sínar, sem þær fá fyrir að prenta fyrir ríkissjóð. Á þeim tekjum einum hafa þær flotið sumar hverjar fram á þennan dag.

Þetta er sama sagan og í bönkunum. Skilamennirnir verða að borga fyrir óreiðumennina. Ríkið hefir haldið uppi 3—4 prentsmiðjum hjer, og því er ekki furða, þó að komi hljóð úr horni frá hv. 3. landsk., sem á mikinn hluta af kjörfylgi sínu hjer í bæ, þegar á að hrófla við þessu. Það er eðlilegt, að prentsmiðjurnar vilji ekki missa bestu mjólkurkúna úr fjósinu, og hv. 3. landsk. rekur erindi þessara prentsmiðja.

Jeg vil benda á þá staðreynd, að ein af yngstu prentsmiðjunum, sem lítið hafði fengið að prenta fyrir ríkið, en er þó rekin að duglegum og reglusömum forstjóra og góðum prenturum, stóð sig um tíma mjög illa. Þá vildi svo til, að þessi prentsmiðja fjekk að prenta fyrir ríkið dálitla bók. Þetta hafði þau áhrif, að prentsmiðj-

an, sem einn af eigendunum, sem er þm. og samherji hv. 3. landsk., vildi loka, fór ekki á hausinn. Þessi litli neisti af ríkisprentuninni hefir haldið henni fljótandi. Svo miklu máli skiftir það fyrir prentsmiðjurnar að fá þessa vinnu, sem er í senn hátt og skilvíslega borguð. Enda óttast prentsmiðjurnar ekki neitt eins mikið og að landið fari að prenta sín plögg sjálft.

Niðurstaðan er sú, að öllum hlýtur að vera ljóst, að augljós sparnaður er að því fyrir ríkið að hafa sína eigin prentsmiðju. En jeg vil ekki leggja til, að landið kaupi nýja prentsmiðju og eyðileggi þannig mikið verðmæti fyrir Landsbankanum.

Þær sannanir, sem jeg hefi borið fram, er ekki hægt að hrekja, enda dettur víst engum í hug að halda því fram, að landið fái bestu hugsanlegu kjör um prentun eins og nú hagar til. Ef ríkissjóður væri einkafyrirtæki, sem hv. 3. landsk. stjórnaði, mundi hann ekki láta líða svo ár að borga 200—300 þús. kr. fyrir prentun, ef hann gæti fengið prentsmiðju keypta fyrir 155 þús., og sparað árlega 1/6 af prentkostnaðinum. Jeg þykist vita, að hv. þm. sje svo mikill búmaður, að hann sæi þetta í hendi sjer og hagaði sjer þar eftir. Jeg held því sama fram fyrir landið í þessu efni og jeg mundi gera fyrir sjálfan mig. Hitt getur vel verið, að einhverjir þm. segi sem svo, að þótt þetta gæti verið sparnaður, þá treysti þeir ekki núv. stj. svo vel, að þeir álíti, að þetta verði til sparnaðar í hennar höndum. Jeg skal ekki álasa andstæðingunum fyrir þetta, en bó er varlegra fyrir þá að hafa ekki bundið sig um of af mótstöðu við hugmyndina sjálfa, ef þeir skyldu fá tækifæri til að framkvæma hana sjálfir síðar meir.

Jeg vil benda á, að munur er á því fyrir hið opinbera, að reka iðnað til að framleiða það, sem ella verður að kaupa, eða til þess að selja framleiðsluna. Ef landið þyrfti ekki sjálft að láta prenta svo mikið, myndi jeg vera andvígur því, að ríkið ætti og ræki prentsmiðju til þess að taka á móti viðskiftum einstaklinga, áreiðanlegra og óáreiðanlegra. En úr því að ríkið þarf á prentsmiðju að halda, virðist eins sjálfsagt, að landið reki sína prentsmiðju, alveg eins og póstmál og sími eru í höndum hins opinbera. Ef sími og póstur væru í einstakra manna höndum, yrði allur rekstur dýrari og verri en nú er.

Jeg skal ekki segja um það, hvernig hv. deildir þingsins taka þessu máli. En jeg ber það fram vegna þess, að jeg veit, að það er rjett mál. Ef það er felt hjer, stafar það af því, að menn hafa ekki enn öðlast nægilegan skilning á málinu, eða þá af því að prentsmiðjueigendur hafa hjer of mikil ítök. En jeg vona, að ekki komi til, að einstakir menn geti svo gripið inn í það trúnaðarmál, sem þingmannsstarfið á að vera.

Þá vil jeg minnast nokkuð á brtt. um fjárveitingu til að reisa viðbótarbygginga við gistihúsið á Þingvöllum. Jeg vík að þessu af því að jeg er í Þingvallanefnd. Nefndin hefir orðið sammála um, að með slíkri viðbótarbyggingu sem hjer er um að ræða geti gistihúsið orðið sómasamlegt sveitahótel, sem nægi næstu 20 árin. Að vísu er rjett, að ekkert fje er til þessarar fjárveitingar í viðlagasjóði, og því hefir n. orðað till. svo, að ríkis-

sjóði sje heimilt að ábyrgjast upphæðina eða veita hana að láni. En jeg vil taka fram, að ekki verður hjá því komist að auka nokkuð við gistihúsið á Þingvöllum, því að þangað gerist nú svo mannkvæmt, bæði af útlendingum og innlendum mönnum, að ekki er þjóðinni samboðið að hafa ekki annað en tjöld upp á að bjóða, ekki síst 1930. Jeg lít ekki á þessa byggingu sem gróðafyrirtæki, enda þótt hún ætti að geta borið sig, heldur sem metnaðarmál. Jeg vil minna á, að við nefndarmenn höfum viljað stilla till. okkar um þetta efni í hóf og ekki lagt til, að hjer yrði reist stórt gistihús úr steini, eins og verið er að byggja hjer í Reykjavík, heldur orðið sammála um þessa till. Eigandi gistihússins er nú að laga það, en vill bæta við það stórri gestastofu úr timbri og bárujárni. Verður eytt eins litlu og hægt er í því skyni.

**Ingvar Pálmason:** Jeg á hjer allmargar brtt., ýmist einn eða með öðrum. Vil jeg gera grein fyrir þeim í stuttu máli.

Vil jeg þá fyrst minnast á brtt., sem jeg flyt með öðrum um að taka upp 3000 kr. utanfararstyrk til glímufjelagsins „Ármanns" til að sýna íslenska glímu erlendis. Nd. hafði samþ. 4000 kr. fjárveitingu í þessu skyni, en hún var feld niður hjer við 2. umr. Þetta fjelag mun vera hið fjölmennasta glímufjelag hjer á landi og hefir sýnt mikinn dugnað í því að efla íþróttir. Nú er svo ástatt, að fjelagið hefir undirbúið för til Þýskalands, til að sýna íþróttir, og þó einkum glímu. Er ekki vansalaust að hætta við þá för, enda hafa þegar verið gerðar nokkrar ráðstafanir til móttöku í Þýskalandi. Jeg skal geta þess, að í þessu fjelagi eru meðlimir víðsvegar að af landinu og að til er ætlast, að menn úr öllum fjórðungum taki þátt í förinni. Þessi för ætti að geta orðið til að vekja áhuga fyrir og kynningu á íslensku íþróttalífi og Íslandi yfirleitt. Jeg vona því, að hv. deild geti gengið inn á að veita þessa fjárhæð, ekki síst þegar á það er litið, að í fjárl. er styrkur til annars fjelags í sama skyni, þótt lægri sje, og hygg jeg, að 3000 kr. til „Ármanns" geti ekki talist of hátt, þegar á það er litið, því að hann mun vera hlutfallslega mannfleiri.

Þá er XIV. brtt. um lokastyrk til Maríu Markan til náms í söng. Umsókninni fylgja lofsamleg ummæli merkra þýskra söngdómara. Segja þeir, að ungfrúin hafi undurfagra rödd og mikla tónlistargáfu og eigi skilyrðislaust að halda áfram á listabrautinni. Hún hefir sungið opinberlega, og hafa þýsk blöð farið um hana lofsamlegum orðum, og fylgja umsagnir þeirra með umsókninni, bæði á frummáli og í þýðingu. Þótt lítið sje í þessum fjárl. af fjárstyrkjum til listamanna, sýnir þó saga þingsins, að það hefir oft verið fúst til að styrkja þessa menn.

Mjer virðist, að þar sem þetta er fyrsta konan, sem sækir um styrk til þess að ljúka fullnaðarnámi í sönglist, þá eigi þingið að bregðast vel við því. Ýmsir karlmenn hafa fengið opinberan styrk til söngnáms, en konur ekki; þess vegna finst mjer, að hv. þd. ætti að samþ. þessa fjárveitingu; það er aðeins um að ræða lokastyrk í eitt skifti fyrir öll.

Þá á jeg tvær brtt. á sama þskj., XXX. við 23. gr. Jeg flutti þær báðar við 2. umr. En af því að hv. fjvn. hafði ekki tekið afstöðu gagnvart neinum brtt. við þessa grein fjárl., þá tók jeg þær aftur. Fyrri till. fer fram á, að ríkissjóður ábyrgist alt að 125 þús. kr. lán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er stj. metur gildar. Síðari till. fer fram á, að ríkissjóður ábyrgist alt að 80 þús. kr. lán fyrir Neskaupstað, til rafveitu. Jeg talaði fyrir þessum till. við 2. umr., og er óþarfi að endurtaka það nú. Þó vil jeg taka það fram, að mjer er ekki kunnugt um, að Alþingi hafi neitað um ábyrgð á lánum til barnaskólabygginga í kaupstöðum, þegar sótt hefir verið um þau. Þegar Neskaupstaður hlaut kaupstaðarrjettindi samkv. lögum frá síðasta þingi, þá var um leið ljett kvöðum af ríkissjóði til barnaskólans þar. Það er venjulegt, að ríkissjóður leggi fram ⅓ byggingarkostnaðar við barnaskóla í sveitum og kauptúnum, en ekkert til barnaskóla í kaupstöðum. Má því segja, að ríkissjóður hafi losnað við þá kvöð með því að Neskaupstað voru veitt kaupstaðarrjettindi. En síðan komið var upp barnaskóla í Neskaupstað, hafa eigi verið lagðar nema 2000 kr. fram til hans úr ríkissjóði.

Jeg tel algerlega útilokað, að hv. þd. leggi á móti þessari till. — Aftur á móti má segja, að það sje öðru máli að gegna um síðari till., ábyrgðarheimild fyrir 80 þús. kr. lántöku til rafveitu, þó mjer þyki það undarlegt, ef þingið legst á móti henni, þar sem komið hafa inn í þessa gr. fjárl. í Nd. ábyrgðarheimildir fyrir þremur samskonar lánum til rafstöðva. En þó stendur nokkuð öðruvísi á um þessa till. mína; þetta er eini staðurinn af þeim, sem hjer um ræðir, þar sem búið er að framkvæma verkið, svo að ekki þarf með slíkri ábyrgðarheimild að ýta undir hlutaðeigendur. Hjer er aðeins verið að fara fram á, að Neskaupstaður geti átt kost á hagkvæmara láni. Og þó að hv. Alþingi vildi, af umhyggju fyrir Neskaupstað, eigi leggja á hann bagga nýrrar lántöku, þá er of seint að afstýra því nú, þegar framkvæmdum verksins er lokið. Hvernig sem á þetta er litið, þá held jeg, að ekkert af þessum þremur rafveitufyrirtækjum, sem nú hafa hlotið ábyrgðarheimild í fjárl., sje líklegra til að standa straum af lántökunum en rafveita Neskaupstaðar. Jeg hygg því, að þessi ábyrgðarheimild sje síst áhættumeiri en hinar. Auk þess er hjer um að ræða lægri lánsupphæð en þá lægstu af hinum þremur, og margfalt lægri en þá hæstu. Og jeg þori óhræddur að bera saman eignir Neskaupstaðar við eignir hinna kaupstaðanna, sem fengið hafa þessar ábyrgðarheimildir. Jeg vil mega vænta þess, að hv. þd. samþ. þessa till., en fari ekki að refsa þeim eina kaupstað, sem ráðist hefir í að leggja út í þessar framkvæmdir án þess að hann fengi fyrirfram loforð um ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til verksins.

Jeg á ennfremur till. á sama þskj. undir XXXV., ásamt hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Seyðf. En hv. frsm. mælti svo vel fyrir henni, að jeg hefi þar engu við að bæta. Út af því, sem fram kom í umr. um 2. lið VI. brtt. á þskj. 619, frá hv. 6. landsk., að við

till. bætist sú aths., að rit þessa prests, „Ættir Austfirðinga", verði eign landsbókasafnsins að honum látnum, vil jeg aðeins segja, að jeg tel það fyllilega frambærilegt og hefi ekkert við það að athuga.

Þá á jeg enn brtt. á þskj. 619, III., með hv. 2. þm. N.-M., þess efnis, að veittur verði 5000 kr. styrkur úr ríkissjóði til þess að gera Lagarfoss laxgengan. Það mun ef til vill þykja of mikið að fara fram á helming kostnaðarins úr ríkissjóði, en þessi fyrirhugaða framkvæmd er einstæð í sinni röð og veltur á mjög miklu, hvort þessi tilraun ber góðan árangur eða ekki. Kunnáttumenn á þessu sviði hafa að vísu gefið miklar vonir um góðan árangur af þessari tilraun; en hún verður dýr, og það er erfitt að fá rjetta hlutaðeigendur til að leggja fram sinn hlut á móti; þeir búa dreifðir á stóru svæði, því að það eru fleiri en þeir, sem við Lagarfljót búa, sem hafa talsverðar veiðivonir, ef vel tekst. Hinsvegar er fullyrt af kunnáttumönnum, að ef það tekst að gera fossinn sæmilega laxgengan og stofna öflugt laxaklak, þá yrði hjer um að ræða fiskirækt í stærri stíl en nokkursstaðar þekkist hjer á landi.

Það er því fyllilega eðlilegt, að ríkið leggi nokkurt fje fram til þessarar tilraunar, þar sem hún verður svo miklu dýrari en önnur samskonar fyrirtæki hjer á landi. Fullyrt er af kunnáttumönnum, að það geti ekki kostað minna en 10 þús. kr.

Ennfremur er fullyrt af okkar færasta manni í þessum efnum hjer á landi, Pálma Hannessyni, að það sje ekki áhorfsmál að ráðast í þetta fyrirtæki, vegna þess að árangurinn muni verða svo mikill. Við höfum samt flutt varatill. um að veitt verði úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, alt að 3000 kr., og ber að skoða það sem endurveiting. Þar sem þingið hefir áður, fyrir tveimur árum, samþ. slíka fjárveitingu í þessum tilgangi, þá skil jeg ekki, að það sjái sjer fært að leggja á móti varatill. Við teljum að vísu fyllilega sanngjarnt, að þingið samþ. aðaltill. okkar, eins og allir málavextir liggja fyrir. Skal jeg svo ekki lengja umr. meira að sinni.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Það eru þegar orðnar svo langar umr. um fjárl., að ekki er á það bætandi. Enda hefi jeg fáu að svara fyrir hönd n.; það hafa fáar eða engar aðfinslur komið fram við brtt. hennar. N. hefir ekki tekið afstöðu gagnvart brtt. hv. þdm., og hefi jeg því lítið um þær að segja af hálfu n., annað en það, sem jeg sagði um þá einstöku liði við 2. umr., sem nú eru enn bornir fram.

Jeg gleymdi í ræðu minni í dag að minnast á eina brtt. n., sem fer fram á, að áætlunarliðurinn til kostnaðar við innflutning á tilbúnum áburði hækki úr 10 þús. kr. upp í 30 þús. kr. Það hefir komið í ljós af fenginni reynslu, að þessi innflutningur nemur nú þegar, það sem af er þessu ári, miklu meira en svarar til 10 þús. kr. kostnaðar fyrir ríkissjóð. N. leit því svo á, að þessi liður yrði að hækka.

Hv. þm. Seyðf., samverkamaður minn í fjvn., hjelt því fram, að það væri áreiðanlega óhætt að hækka tekjuhlið fjárl. Um það þýðir ekki að deila hjer; þetta kom fram í nefndinni. Og þó það megi færa rök að því, að gerlegt sje að hækka einstaka

tekjuliði, þá mætti líka færa sennilegri rök gegn því; enda má búast við, að þörfin verði meiri en útgjaldaáætlunin ákveður. Annars þykir mjer gott að heyra það frá hv. þm., að hann álítur tekjuáætlunina varlega. En með tilliti til ársteknanna 1928 álítur meiri hl. fjvn., að ekki sje fært að ganga lengra en þetta um að hækka tekjuáætlunina.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði, sem hæstv. fjmrh. lagðist heldur á móti. Það er 25 þús. kr. lánsheimild til Hjaltastaðahrepps í N.-Múlasýslu, til þess að reyna að ráða bót á þeim fjárhagsvandræðum, sem þar eru. Hann taldi litlar líkur til, að þetta lán yrði endurgreitt. Jeg vil ekki spá neinu um það. En fyrst Norður-Múlasýsla á að ábyrgjast þetta lán, ef gengið verður að þeim skilyrðum, sem sett eru í till., þá er jeg fullviss um, að þetta lán verður greitt aftur að mestu leyti, og helst alt.

Jeg er hinsvegar alveg sammála aths. hv. þm. Ak., er hann leggur til, að bætt verði aftan við liðinn. Það spillir ekki, þó það sje tekið þar fram; en annars hefir sýslunefnd N.-Múlasýslu sett hreppnum þessi skilyrði.

Þá mintist hæstv. fjmrh. á ábyrgðarheimildina fyrir Hallveigarstaði og bjóst við, að hún mundi leiða það af sjer, að ríkissjóður mundi síðar verða að gefa þessu kvenfjelagi eftir upphæðina. Jeg verð að líta svo á, að konurnar muni fremur líklegri til að greiða þessa skuld sína með tímanum heldur en ýmsir aðrir, sem ríkissjóður ábyrgist fyrir; en reynslan leiðir það í ljós.

Hv. þm. Snæf. talaði fyrir till. sinni um ríkisábyrgð á 30 þús. kr. láni fyrir Ólafsvíkurhrepp til hafnarbóta í Ólafsvík. Jeg get ekki gefið aðrar upplýsingar um þetta fyrir n. hönd en þær, sem jeg áður hefi sagt hv. þm., að það er skilningur fjvn., að í hafnarlögum frá 1919 fyrir Ólafsvík sje fullkomin heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka ábyrgð á láni til hafnargerðar þar. N. lítur svo á, að varla verði um það vilst. Jeg þarf ekki að fjölyrða um þann ágreining, sem varð á milli meiri og minni hl. í fjvn. um lækkun á framlögum til nýrra vega, en get látið mjer nægja að vísa til ummæla hæstv. fjmrh. um það atriði.

Kem jeg þá að XVII. brtt., við 16. gr. 9 (raforkuveitur), að orðin „gegn fimtungs framlagi frá hlutaðeigandi hjeruðum“ falli burt. Um þessa brtt. hefi jeg ekkert að segja fyrir hönd n., en jeg get lýst yfir því, að sjálfur get jeg fallist á hana, enda er hún í samræmi við það álit, er jeg ljet í ljós, þegar þetta mál var hjer til umr. Auk þess get jeg fallist á þær sjerstöku ástæður, sem hv. 3. landsk. færði fyrir því, að rjett væri að fella þessi orð niður.

Sami hv. þm. á einnig brtt. á þskj. 619, við 13. gr. B. VII., nýr liður: Til dragferju á Hólsá, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að 1500 kr. Eins og menn muna, var í fjárl. eins og þau komu frá hv. Nd. stærri liður, sem ætlaður var í sama skyni, en til stærri dragferju, og var þessi liður feldur niður við 2. umr. fjárl. hjer í hv. deild. Jeg get fallist á, að þarna muni þörf á ferju, en hinsvegar finst mjer þetta ennþá nokkuð í lausu lofti bygt, þar sem uppástungurnar eru svo misjafnar. Ennfremur tel jeg,

að rjettara myndi að bíða og fá heldur stærra mannvirkið, og legg því til, að hv. deild felli þessa till.

Hv. 3. landsk. flytur einnig brtt. við 23. gr., um Skeiðaáveituna. Jeg get upplýst það, að þetta atriði kom til umr. á fundi fjvn., en meiri hl. n. gat ekki fallist á till. hv. þm., þar sem hann treysti stj. til þess að leysa þetta vel af hendi, og ennfremur leit meiri hl. svo á, að þetta mundi ekki leiða til annars en nokkurra umr. og tafa á næsta þingi, og leggur meiri hl. því til, að till. þessi verði feld.

Þá er till. hv. 4. landsk., að skólagjöld falli niður. Mjer finst, að ekki sje hægt að telja skólagjöldin ósanngjörn, þegar á það er litið, að stj. er heimilt að endurgreiða fátækum en efnilegum nemendum skólagjald, og þegar þess er gætt, að aðstaða þeirra nemenda, sem í bæjum búa, er miklu betri en hinna, sem koma langt að, finst mjer ekki ósanngjarnt að jafna þá aðstöðu á þennan hátt.

Eins og jeg tók fram í byrjun ræðu minnar, hefi jeg ekki ástæðu til að segja neitt um einstakar brtt. fyrir hönd n., annað en það, sem n. hefir áður lagt til. — Þá má og geta þess, að hjer eru komnir fram ýmsir persónustyrkir. N. hefir ekki fundið ástæðu til að mæla með neinum þeirra, en hinsvegar má búast við því, að atkv. nm. verði nokkuð skift um þá liði.

Skal jeg svo að síðustu minnast á brtt. á þskj. 617, XXXV., sem jeg hefi flutt ásamt hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf., að greiða sr. Einari Jónssyni á Hofi í Vopnafirði full prestslaun, þá er hann lætur af embætti. Á þessa brtt. hefir verið minst af einum þrem hv. þdm. Reið þar fyrstur á vaðið hæstv. fjmrh. og gat þess, að þá er jeg talaði fyrst fyrir þessari till., hafi jeg flutt langa og hjartnæma ræðu, og væri það vinsælla en að mæla í gegn henni. Það má vel vera, að svo sje, en jeg skil vel afstöðu hæstv. fjmrh., sem á að vera vörður ríkissjóðs, og er það ekki óvinsælt af minni hendi, þótt hann gegni þeirri skyldu sinni. Hafi jeg verið langorður, þá er það sökum þess að af miklu var að taka, og hafi ræða mín verið hjartnæm, er það sönnun þess, að það hefir átt við. Maður þessi er alls góðs maklegur. Vil jeg taka það skýrt fram, að hjer er ekki um neinn miðlungsmann að ræða. Hæstv. fjmrh. sagði, að þverbrotnar væru með þessu reglur, sem um þetta hefðu gilt. Jeg get ekki fallist á, að svo sje. Á síðasta þingi kom til mála að leysa rektor mentaskólans frá embætti með fullum launum, en þá tók annar í taumana, svo að þessa þurfti ekki með. Ennfremur er nú í fjárl. gert ráð fyrir því að leysa sjera Magnús Helgason frá embætti og greiða honum full laun er hann lætur af embætti sínu sem skólastjóri kennaraskólans. Jeg tel að sjera Einar Jónsson sje fyllilega sambærilegur við þessa menn, og þótt hann hafi ekki eins og þeir haft sjerstöðu til þess að hafa samskonar áhrif á fjölda landsmanna, hefir hann innan síns verkahrings haft hin þýðingarmestu áhrif á marga menn, og það jafnvel suma mætustu menn þjóðarinnar, og því unnið til þeirrar sæmdar, sem í þessu felst. Hjer er um að ræða mann, sem setið hefir í embætti í 50 ár og gegnt því með sjerstakri prýði og skyldurækni. Auk þess hefir hann verið forgöngumaður í þjóðmálum fyr og síðar. Hjer

er um að ræða göfugan mannvin og frömuð í æðri mentun landsins, sem leyst hefir af hendi bókmentalegt stórvirki, — stórvirki, sem aldrei hefði orðið unnið, ef hann hefði látið það ógert.

Á þskj. 619 er brtt. frá hv. 6. landsk. við þessa tillögu, þar sem lagt er til, að aftan við tillöguna bætist: enda verði rit hans „Ættir Austfirðinga" eign þjóðskjalasafnsins að honum látnum. Jeg býst við, að þetta sje prentvilla og muni eiga að standa: eign Landsbókasafnsins. Mjer er vitanlegt, að það er ákveðinn vilji prófastsins, að þetta handrit lendi hjá Landsbókasafninu. Hinsvegar fanst mjer, er jeg sá þessa till., að lítil sanngirni væri í því fólgin að binda heimildina slíku skilyrði, þar sem hjer er um dýrmætt stórvirki að ræða, en höfundur háaldraður, eða 75 ára gamall, og auk þess farinn að heilsu. Fanst mjer, að svo myndi geta farið, að ríkið gerði þar ódýr kaup fyrir Landsbókasafnið, ef hann nyti stutt þeirra kjara, sem verið væri að bjóða honum. En við það að bera þetta saman við skoðanir sr. Einars í viðskiftum hans við aðra, sá jeg, að hann myndi ekki telja þetta ósanngjarnt, enda hefir mjer og verið tjáð fyrir hans hönd, að það hefði ætíð verið ósk hans, að þetta handrit lenti hjá Landsbókasafninu fyrir lítið eða ekkert gjald. Þá vakti það fyrir sr. Einari, að ef kona hans, sem er fullra 70 ára að aldri, lifði hann og þyrfti á fje að halda sjer til framfæris, yrði sú þóknun, sem hann kynni að fá fyrir þetta ritverk, miðuð við framfærslueyri til hennar. Gæti jeg því aðeins gengið að till. hv. 6. landsk., að þingið sæi sóma sinn við konu hans, ef hún lifði mann sinn, og ljeti hana njóta þess, að þetta dýrmæta verk hefði orðið eign ríkisins og Landsbókasafnsins. Ber jeg það traust til þess þings, er nú situr, og hinna komandi þinga, að það kunni að meta slíkt verk að verðleikum og það hugarfar, sem jafnan hefir verið ríkjandi hjá höfundi þess.

**Jón Þorláksson:** Hæstv. dómsmrh. gat ekki í svari sínu gert neina tilraun til þess að hnekkja því, sem jeg hafði gert grein fyrir, að kostnaður við Skeiðaáveituna, eins og hún var áætluð 1916, hefir ekki orðið meiri heldur en eðlilegt var eftir áætlunarupphæðinni og breytingum á dýrtíðinni, sem lágu milli áætlunar og framkvæmda. Verkið var tæplega þrefalt dýrara en áætlað var. Hæstv. ráðh. hefir það nú eftir bændum á Skeiðum, að þeir hefðu aldrei ráðist í þetta fyrirtæki, ef þeir hefðu vitað, að það yrði dýrara en áætlað var í fyrstu. — Það má auðvitað segja þetta um alt, sem gert er á þessum árum. Hitt nær vitanlega engri átt, að klína á verkfræðingana ábyrgðinni á því, að verðlagið hækkaði á þessum árum.

Þá hefir hæstv. ráðh. það eftir þeim fyrir austan, að þeir sjeu ekki færir um að borga meira af áveitukostnaðinum en sem svarar krónutölunni í hinni upphaflegu áætlun. Jeg hygg, að þetta sje ekki rjett, en ef áveitan er svo ljelegt fyrirtæki, að eigendur hennar eru ekki færir um að standa straum af stærri upphæð en áætluð var 1916, er það sönnun þess, að þeir hafa ekki tekið rjetta ákvörðun, þegar þeir ákváðu að ráðast í verkið, ekki einu sinni eins og þá stóð á.

Eins og kunnugt er, er verðlagið hjer í landi 2½ sinnum hærra nú en þegar þessi áætlun var gerð, þannig að hverjum manni er nú ekki erfiðara að borga 2.50 kr. en 1.00 kr. þá. Verkið er upphaflega áætlað 107 þús. kr., og ætti sú upphæð eftir verðlaginu 1928 að vera um 250 þús. pappírskrónur, en nú er skuldin öll 275 þús. pappírskrónur. Mismunurinn er ¼ úr framlagi ríkissjóðs, sem skuldin er meiri nú en hún ætti að vera eftir upphaflegu kostnaðaráætluninni og eftir þeim verðbreytingum, er síðan hafa orðið. Það, sem á milli ber, er ekki það, hvort sanngjarnt sje að ljetta undir með eigendum Skeiðaáveitunnar, og veit jeg, að enginn hefir getað fundið út úr ummælum mínum neina beiskju í garð Skeiðamanna. Mjer er yfirleitt hlýtt til þeirra og jeg veit ekki annað en þeim sje meinlaust til mín líka. Það, sem deilt er um, er það, hvort hæstv. stj. eigi að vera einvöld í fjármálum landsins, eða hvort þingið eigi að halda fast á sínum rjetti, enda fann jeg það á orðum hv. frsm., að honum fanst alveg óviðeigandi að leggja slíka heimild í hendur stj. eftirlitslaust.

Hæstv. ráðh. þýðir ekki að vísa til þess í sambandi við þetta mál, að bankarnir hafi gefið mönnum upp skuldir. Jeg veit ekki til, að bankarnir hafi gefið neinum neitt, en hitt er rjett, að þeir hafa tapað miklu fje. Hefir einn bankastjóri leiðrjett þetta í minni áheyrn og sagt, að þeir hefðu tapað því fje, sem ekki væri unt að fá inn, og þetta hygg jeg rjett vera. En þótt Landsbankinn hafi ekki gert það að gefa mönnum upp skuldir, hygg jeg, að Alþingi gæti gefið Skeiðafjelaginu fje úr ríkissjóði, ef því sýnist svo, jafnvel þótt það fjelag gæti borgað. Hinsvegar hygg jeg, að það sje of snemt að gera það upp á yfirstandandi ári, hvort bændur eru færir að borga sinn áveitukostnað, og álít jeg, að það sje ekki hægt fyr en búið er að koma upp því mjólkurbúi, sem verið er að reisa. Þess vegna er það rjetta leiðin að veita hæfilega upphæð í fjárl. til þess að ljetta undir vaxtagreiðslu þessara manna í bili.

Þá gat hæstv. ráðh. þess, að áin hefði reynst lítil eftir þennan snjólausa vetur. Það er nú svo, að óvenjulegt árferði hefir óvenjulegar afleiðingar í för með sjer. Áður en áætlunin var gerð höfðu verið gerðar vatnshæðarmælingar um alllangt skeið, eða frá 1906—1907. En þótt vatnshæðarmælingar hafi verið gerðar í nokkur ár, geta altaf komið einstök ár að veðráttu, með lægra vatnsborði í ánni og þar af leiðandi of litlu vatni í áveitunni.

Hæstv. ráðh. lýsti því nú, að það væri í ráði að gera ráðstöfun til umbóta á þessu, sem kostaði tiltölulega lítið fje, samanborið við það, sem öll áveitan kostaði, og verð jeg að telja þeim verkfræðingum, sem fyrir þessu hafa ráðið, það til lofs, að þeir hafa frá upphafi valið þá tilhögun, sem gerir slíka umbót mögulega. Nei, það er alveg sama, hve margar ræður hæstv. ráðh. heldur um þetta, hann getur aldrei komið því inn í meðvitund nokkurs manns að gera þær kröfur um Skeiðaáveituna, að framkvæmdir hennar verði ekkert dýrari fyrir það, þótt alt verðlag í landinu þrefaldist frá því að áætlun var gerð og þangað til framkvæmd verður.

Það kemur nú fyrir hæstv. ráðh. sjálfan, að hann þarf að beita fyrir sig sjerfræðingum, og hann vísaði nú til þess, þegar hann fór að tala um prentsmiðjukaup sín, að hann hefði notið þar aðstoðar sjerfræðings, til þess að reikna út, hvort það borgaði sig fyrir ríkið að kaupa sjer prentsmiðju. Jeg hafði heyrt það, og líka hitt, að sjerfræðingurinn hefði verið sendur af stað með þeirri vitneskju, að ef hann kæmist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að koma upp ríkisprentsmiðju, þá gæti hann, sem er ungur maður, átt þess sæmilega vísa von að verða forstjóri við þessa prentsmiðju, með launum, sem að minsta kosti þykja sæmilega há meðal manna, sem eru í prentarastjett. Þannig fór hæstv. ráðh. að. Jeg vil ekki gera þessum unga manni getsakir; það getur vel verið, að hann hafi staðist þá freistingu, sem lögð var þarna á veg hans, en jeg fullyrði það, að það, sem þeir sjerfræðingar hafa gert, sem hafa sjeð um Skeiðaáveituna, hafa þeir gert í góðri trú, hversu mikið sem hæstv. ráðh. lætur sjer sæma að baknaga þá hjer, því að ekkert af því, sem hann segir um þann undirbúning, þarf jeg að taka til mín persónulega. En svo jeg víki aftur að því með prentsmiðjuna, þá held jeg, að segja megi nokkuð það sama um hana og till. um Skeiðaáveituna. Hæstv. ráðh. sagði, að ef nokkur von væri um það, að Skeiðamenn gætu borgað, þá væri mín till. alveg rjett, og meiri viðurkenningar get jeg ekki vænst af hæstv. ráðh. Það á að gera út um það, hvort þeir geti borgað; hæstv. ráðh. vill slá fastri þeirri niðurstöðu fyrirfram, að þeir geti ekki borgað, og einungis þess vegna sje till. mín ekki rjett.

En hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því frá sínu sjónarmiði, að það væri rjett, að landið eignaðist prentsmiðju. Jeg skal ekkert fara út í að ræða það, því jeg gerði það ekki að neinu aðalmáli, heldur hitt, að þar kemur það sama fram, að það er farið fram á það, að þingið afsali sjer þeim rjetti, sem það þó hefir til þess að taka í löglegu formi ákvarðanir um landsmál, en feli stj., í þessu tilfelli hæstv. dómsmrh., að taka ákvarðanir í sinn stað. Það er einvaldstilhneiging hæstv. ráðh., sem er undirstaðan í þessum till. hans við 23. gr., um Skeiðaáveituna og prentsmiðjukaupin.

Jeg tók svo eftir, að það hefði verið samþ. á þinginu í fyrra fyrir atbeina hæstv. ráðh. sjálfs að láta fara fram rannsókn á því, hve tiltækilegt þætti, að landið kæmi upp eða eignaðist prentsmiðju. Hæstv. ráðh. skýrði a. m. k. frá því, að rannsókn hefði farið fram samkv. slíkri áskorun, en hvort nú má gera ráð fyrir, að þingið eigi að láta slíkt mál til sín taka, þegar lokið er þeirri rannsókn, sem þingið hefir beðið um, er eftir að vita. Jeg held, að það hafi altaf verið svo hingað til, að það hafi þótt sjálfsagt að leggja niðurstöðu slíkrar rannsóknar fyrir þingið, þannig að önnurhvor deildin eða báðar fengju tækifæri til að vísa því máli til n. og fá um það álit frá n., og taka svo ákvörðun um málið, svo sem stjórnarskrá og þingsköp áskilja. En hvernig er svo farið að þessu hjer? Hæstv. ráðh. laumast með þetta að okkur með brtt. við 3. umr. fjárl., án þess að vitað sje, að rann-

sókn eða niðurstaða hennar hafi verið lögð fyrir nokkra n. í þinginu. Jeg held, að hún hafi ekki einu sinni verið lögð fyrir fjvn. þessarar deildar, sem þó hefir fjárlagafrv. til meðferðar, og hafi það verið, þá hefir það a. m. k. ekki komið fram í álitum fjvn. Það er þetta, sem mjer finst vera fullkomlega átöluvert, að það er gerð tilraun af stj. hálfu til þess að hindra, að um þetta sje höfð venjuleg þingmeðferð. Og þetta er náttúrlega því óforsvaranlegra, sem hjer er um að ræða að setja upp allstóra og nýja ríkisstofnun og framhaldandi starfrækslu. Jeg talaði ekkert um, að þetta væri stjórnarskrárbrot, og því síður að það væri brot á gluggum á ráðhúsi suður í Kaupmannahöfn, eins og hæstv. ráðh. var að gera mjer upp, en verð að halda fast við hitt, að það er allskostar óviðeigandi að taka svona ákvörðun með slíkri smágrein inni í einni gr. fjárlaganna.

Jeg þarf ósköp lítið að svara hæstv. ráðh. um það, hvort það sje rjett eða nauðsynlegt, að ríkið fari inn á þessa braut. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki gjarnan taka afstöðu til slíks að órannsökuðu máli, en órannsakað mál er það fyrir mjer, þótt hæstv. ráðh. hafi skýrt mjer frá því í einni ræðu með nokkrum tölum úr skýrslu þeirra sjerfræðinga, sem hann hefir fengið sjer til aðstoðar. En um þann samanburð, sem hæstv. ráðh. gerði um það verkstæði, sem jeg kom upp fyrir ríkissjóð, er það að segja, að það stóð svo á um það, að engin eftirspurn var eftir brúm hjer á landi, nema af hálfu ríkissjóðs, og þess vegna ekkert verkstæði, sem fjekst við það að byggja brýr og það voru engir, sem hefðu viljað leggja fje í það að stofna verkstæði til þess, af því að svo lítil eftirspurn var eftir þeirri vöru. Það varð þá annaðhvort að gera það á ríkisins kostnað eða sækja það til útlanda. En þessu er ekki til að dreifa um prentsmiðju; það er algerlega jafnhægt að fá alt prentað innanlands, hvort sem ríkið á sjálft prentsmiðju eða ekki. En þá sagði hæstv. ráðh., að jeg myndi ekki kaupa lengi alla prentun, heldur fá mjer sjálfur prentsmiðju. Þar skjátlast nú hæstv. ráðh. Jeg hafði einu sinni allmikinn rekstur, sem útheimti prentun, og hugsaði jeg þá sem svo: Það er ekki vert að vera altaf að kaupa prentun af öðrum, — og jeg rjeðst í það að koma upp prentsmiðju með öðrum, til þess að prenta það, sem við höfðum með höndum. Jeg ætla ekki að segja þá sögu, en jeg vil segja hæstv. ráðh. það, að jeg hefi reynt að gera mjer það að reglu að láta ekki þá menn, sem hafa verið í fyrirtækjum með mjer, tapa fje sínu, en jeg held, að aldrei hafi hurð skollið nær hælum með það að forða mjer og mínum fjelögum frá tapi heldur en í þessu fyrirtæki, sem við þóttumst hepnir að losna við að lokum. Jeg get því fullvissað hæstv. ráðh. um það, að mín reynsla er svo, að jeg mun ekki ráða neinum vini mínum, hvorki ríkissjóði nje öðrum, til að feta þann feril, sem jeg komst út á og þóttist heppinn að geta forðað mjer frá. Þetta sagði jeg aðeins af því að hæstv. ráðh. sagði, að ef jeg hugsaði um mitt eigið, mundi jeg vilja hafa prentsmiðju. En það er ekki. Jeg myndi forðast það í allra lengstu lög. Niðurstaðan af öllum ræðum hæstv. ráðh. í þessu máli er þá það, að jeg álíti, að það borgi sig að

hafa prentsmiðju. Jeg álít, að prentsmiðja geti ekki borgað þá ánægju, að þingið afsali sjer öllu valdi um þau mál í hans hendur. En þetta veit jeg, að verður gert, því að þeir eru svo þægir í hans flokki, en jeg hefi viljað segja þessi orð, til þess að það sjáist, að jeg tel það rangt, að þingið afsali sjer því valdi, sem það á að hafa.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg á hjer eina litla brtt. á þskj. 619. Er hún um það að veita Sigríði Blöndal læknisekkju 300 kr. uppbót á eftirlaun í 18. gr. Þessi kona er ekkja eftir Björn Blöndal hjeraðslækni, og er nú háöldruð og fátæk. Eftirlaun hennar eru nú 150 kr. á ári og jeg álít, að hún sje alveg hliðstæð við þær embættismannaekkjur, sem hafa styrk í 18. gr. fjárl. Það eru aðeins 300 kr., sem jeg fer fram á, og jeg geri ráð fyrir, að það þurfi ekki að mæla með þessari till. Jeg þykist þess fullviss, að hv. deild muni fallast á hana, með því að jeg hefi orðið þess var, að þegar svona stendur á, þá er þingið fúst til að samþ. jafnlítilfjörlega upphæð. Jeg ætla þess vegna ekkert að tala meira um þessa brtt., en vildi víkja örfáum orðum að hv. 3. landsk. út af því, sem hv. þm. sagði um afgr. fjárl.

Hv. þm. vildi halda því fram, að till. hv. meiri hl. fjvn. um það, að lækka lítið eitt tillagið til nýrra vegalagninga myndi verða til þess, að hv. Nd. myndi ekki ganga að frv., og það gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sjer. Jeg er sammála hv. þm. um það, að ekki muni verða beinn fjárhagslegur gróði að því fyrir ríkissjóð, að hv. Nd. breyti fjárl., en hinu vil jeg halda fram, að þessi upphæð, sem hjer er um að ræða, þessi lítilfjörlega lækkun til veganna, verði ekki það, sem verði til þess, að hv. Nd. geti ekki gengið að fjárl. Jeg þykist viss um, og hefi þar nokkuð fyrir mjer, að það verði önnur atriði, sem þar ráða meiru um. Mjer er ekki grunlaust um, að þessar till. um lækkun til veganna sjeu mest sprotnar upp af einni till., sem var samþ. hjer við 2. umr., og að ekki þurfi að dyljast þess, að það er fjárframlagið til vegarins yfir Fjarðarheiði. Að sönnu skal það játað, að það tillag til þess vegar, sem samþ. var, er ekkert stórfje, ef ekki fylgdi annað meira á eftir, en það er vitanlegt, að þegar búið er að samþ. fyrsta framlagið til þess vegar, þá verður vitanlega gengið út frá því, að halda verði áfram við þennan veg, og það er nú þegar kunnugt af þeim rannsóknum, sem gerðar eru um þann veg, að hann mun kosta mörg hundruð þús. kr. Og það er einmitt þetta atriði, sem er þess valdandi, að jeg geri ráð fyrir því, að það mæti mjög mikilli mótspyrnu, að fjárl. gangi í gegn með þessu framlagi. Nú er það svo um þennan veg yfir Fjarðarheiði, að það hefir verið talað um það, að hann kæmi að mjög litlum notum bæði fyrir Seyðfirðinga og Hjeraðið sjálft fyrir ofan. Og það hafa margir sagt, sem þekkja til þarna, að þessi vegargerð sje blátt áfram vitleysa, vegna þess að þessi heiði sje sjaldnast fær nema örlítinn tíma yfir hásumarið. Það komi fyrir í mörgum árum, að þessi heiði sje ekki snjólaus nema örlítinn tíma, og það er einmitt sá tími úr árinu, sem sennilega er minst gagn að,

bæði fyrir Seyðisfjarðarkaupstað og Hjeraðið, því ef Hjeraðið á að hafa gagn af þessum vegi sem akbraut til þess að flytja frá sjer afurðir eða vörur til sín, þá hljóta þeir flutningar að fara fram vor og haust. En í flestum árum er mjer sagt, að vegurinn muni vera gersamlega ófær fyrir snjó, og að það sjeu til þau ár, sem ómögulegt sje að leggja þarna veg, nema með því að moka fyrst burt snjónum. Það væri sök sjer að leggja stórfje í þennan veg, ef hann kæmi að gagni fyrir sambandið milli hjeraðs og hafnarstaðar, en það má ekki gera sjer vonir um, að hann verði að gagni nema lítinn tíma að sumrinu, því að það munu varla koma fyrir svo góðir vetur, að hægt sje að nota brautina.

Jeg vildi láta þessa getið vegna þess, að jeg hefi talið næstum því óforsvaranlegt að leggja fje í þessa braut, og þess vegna hefi jeg altaf greitt atkv. á móti fjárframlagi til hennar. Það er þó ekki af því, að jeg geti ekki unnað Hjeraðinu greiðra samgangna til sjávar og Seyðisfirði til lands, en það er aðeins af því, að jeg hygg, að það komi hlutaðeigendum að mjög litlum notum, en verði afskaplegur kostnaður fyrir ríkissjóð.

Þá vildi jeg minnast hjer á eina brtt. Það er XXXIII. brtt. á þskj. 617, frá hv. þm. Snæf., þar sem hann fer fram á að fá ábyrgð ríkissjóðs fyrir 30000 kr. láni fyrir Ólafsvíkurhrepp til hafnarbóta. Jeg fyrir mitt leyti hefi eiginlega ekkert á móti því, að þessi brtt. sje samþ., en jeg tel, að hún sje óþörf, vegna þess, að sú heimild, sem í till. felst, er til í hafnarlögum fyrir Ólafsvík, og jeg geri ráð fyrir því, að sama verði útkoman, hvort heldur till. er samþ. eða látin eru gilda þessi lög um Ólafsvíkurhöfn. Jeg býst sem sagt við því, að ef ríkisstj. á annað borð tekst þessa ábyrgð á hendur, þá muni hún alveg eins gera það samkv. lögunum eins og eftir þessari till.

Þá kem jeg að hv. 2. landsk., sem vildi halda því fram, að jeg hefði mælt á móti till. um það, að ríkissjóður tæki að sjer ábyrgð á láni fyrir h/f Hallveigarstaði. Jeg var ekki að mótmæla því, að ríkissjóður tækist þessa ábyrgð á hendur; jeg var aðeins að segja það, sem jeg hafði áður sagt við konur, sem við mig hafa talað áður um þetta mál, að jeg hefði hugsað, að lítt væri mögulegt að láta þessa stofnun bera sig, ef hún væri sett upp og farið að starfrækja hana með kannske alt að 80000 kr. skuld á bakinu. En þrátt fyrir það vil jeg alls ekki vera meinsmaður þess, að þessi till. verði samþ., vegna þess að jeg fyrir mitt leyti tel ekkert á móti því, þótt að því kynni að reka, að ríkissjóður yrði að láta eitthvað af þessari ábyrgð sem styrk til þeirra kvenna, sem að verkinu hafa staðið. En jeg hefi sagt það við þessar konur, að þær muni alls ekki hafa haft það í huga, að mönnum bregðast oft glæsilegar vonir um fyrirtæki, sem menn hafa verið að berjast fyrir, og þarna er jeg hræddur um, að eins geti farið. Það getur verið, að jeg líti of dökkum augum á þetta, og það skyldi gleðja mig, ef þetta fyrirtæki reyndist betur en jeg þori að vona.

Hv. 2. landsk. hjelt því fram, að þetta kostaði ekki eins mikið og jeg hefði sagt, um 150000 kr. En hv. þm. sagði, að áætlunin væri 120000 kr. Mjer hefir skilist svo, að áætlunin væri

aðeins um húsbygginguna eina, og þó maður geri nú ráð fyrir því, að áætlunin standi sig, sem þó er sjaldgæft, þá er það ekki nema húsið, sem kostar 120000 kr.; en það er ekki nóg. Það þarf mikið af innanstokksmunum, og það hafa konur, sem jeg hefi talað við, viðurkent, að þeir myndu ekki kosta minna en 20000 kr. og að gera húsið fullhæft til þess, sem það er ætlað.

Jeg held því fast við það, að þessi kostnaður muni aldrei verða innan við 150 þús. kr. En alt, sem jeg hefi sagt um fyrirtæki þetta, segi jeg ekki til að spilla fyrir till., enda mun jeg greiða henni atkv. Jeg vildi aðeins láta þess getið, að menn mega ekki gera sjer of glæsilegar vonir, en hinsvegar tel jeg rjettmætt, að þetta verði eitthvað styrkt á sínum tíma, ef á þarf að halda. Enda álít jeg, að konurnar sjeu styrks maklegar og sje ekki eftir því, að þær fái einhverja aðstoð frá ríkinu í þessu efni. Jeg veit, að þær eru að vinna að góðu málefni, sem kemur konum víðsvegar að af landinu að góðu liði.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg stend aðeins upp til þess að lýsa yfir ánægju minni yfir því, sem hæstv. fjmrh. sagði nú. Með því eru tekin af öll tvímæli um það, er mjer fanst liggja í orðum hans í dag viðvíkjandi h/f Hallveigarstöðum.

Jeg skal ekkert deila um það, hvort innanhúsmunir hússins geti farið fram úr 10—12 þús. kr. eða ekki.

Mjer er gleðiefni skilningur hæstv. fjmrh. um nauðsyn þessa máls og jeg er honum þakklát fyrir þá yfirlýsingu, að hjer sje um þarft og gott fyrirtæki að ræða og konurnar alls góðs maklegar. Og jafnvel þótt ríkið kæmi til með að tapa einhverjum hluta þessarar upphæðar síðar meir, þá yrði það, að mínu áliti, nánast að skoða sem styrk ríkisins til þessa þarfa fyrirtækis, og eftir því þyrfti ríkið sannarlega ekki að sjá.

Um leið og jeg, fyrir hönd allra þeirra mörgu kvenna, er að þessu málefni standa, þakka hæstv. fjmrh. yfirlýsingu hans, vil jeg láta þess getið, að reynt verður til hins ýtrasta að halda fram þeim fasta ásetningi að geta staðið í skilum um lánið eins og samningar mæla fyrir.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg þarf ekki að svara hv. 3. landsk. ítarlega, því hann hefir að litlu leyti reynt að hrekja innihald raka minna. Hann hefir ekki getað hrakið, að verkfræðingar þeir, sem áætluðu verkið við Skeiðaáveituna, vissu ekki, að það var klöpp á löngu svæði, sem þurfti að sprengja, og því ekki gert ráð fyrir neinu slíku í kostnaðaráætluninni, en þetta aukaverk eyddi miklu fje, eins og reikningarnir bera með sjer.

Hv. 3. landsk. neitar því ekki heldur, að nú lítur út fyrir, að enginn vatnsdropi komi í skurðinn, svo að ekkert gagn verður af áveitunni og þetta dýra verk þar með ónýtt. Hann taldi það kost, að verkfræðingarnir hefðu sjeð, að hægt væri að auka vatnið mikið með því að byggja garð út í ána. En það er oflof, ef þetta á að reiknast dygð verkfræðinganna. Þvert á móti sannar þessi staðreynd

eymd þeirra, er mæltu fyrir verkinu. Það verður sama reynslan þarna og um Miklavatnsmýraráveituna; af því að skakt var reiknað fyrst, þurfti að reikna skakt í annað sinn, enda er nú svo komið, að lítið sem ekkert vatn næst í skurðinn og áveitan því gagnslaus. Hjer ber því alt að sama brunni og ekki um annað að ræða en axarsköft á axarsköft ofan í öllum útreikningum og framkvæmdum verkfræðinganna. Ef forsvaranlega hefði verið unnið að mælingunum, þá hefði verið hægt að komast hjá „óbilgjörnu klöppinni" og um leið að áinni á margfalt heppilegri stað. Það er því ekki nokkur minsti ljósgeisli í neinu því, er viðkemur afskiftum verkfræðinganna í þessu máli.

Hv. 3. landsk. segir, að það muni ekki nema ósköp litlu fyrir bændur, þó að verk, sem áætlað var að kosta um 107 þús. kr., sje komið upp í 500 þús. kr. og ónýtt í tilbót. Og verkfræðingarnir eru ámælisverðir fyrir það að hafa lokkað bændur út í annað eins glæfrafyrirtæki sem þetta.

Það hefði verið alt öðru máli að gegna, ef verkið hefði kostað rúmar 100 þús. kr., eins og upphaflega var áætlað, og ríkissjóður lagt fram ¼ kostnaðar. Þá voru það þó ekki nema 75 þús. kr., sem bændur á áveitusvæðinu hefðu orðið að standa straum af, og við það hefði þeim verið vorkunnarlaust að ráða. En þegar alt reyndist margfalt dýrara en áætlað var, þá hófust vandræðin; þá var ekki í annað hús að venda fyrir bændur en að taka dýr veðdeildarlán með miklum afföllum. En öll þessi miklu vandræði og alt það ólag, sem átt hefir sjer stað í sambandi við Skeiðaáveituna — alt má þetta rekja að hinu eina og sama: að undirbúningur málsins var svikinn af hálfu verkfræðinganna, og hann var svikinn bæði með „tekniskum" og fjárhagslegum örðugleikum.

Hv. 3. landsk. talaði dólgslega og sagði, að verið væri að reyna að klína óhróðri og skömm á verkfræðingana í sambandi við Skeiðaáveituna. En það er fjarri því, að verið sje að klína neinni skömm á þá. Skömmin situr þar og hefir altaf setið á þeim, sú skömm, sem menn með heimsku og glapráðum festu varanlega við nöfn sín, því að fyrir ónógan og vitlausan undirbúning málsins, sem bændur trúðu á, sitja þeir nú með hengingaról um hálsinn og geta enga björg sjer veitt.

Sami hv. þm. vildi halda því mjög fast fram, að jeg hefði flutt till. En því fer mjög fjarri; það eru fulltrúar þessa hjeraðs, sem borið hafa hana fram. Hinsvegar hefi jeg lagt henni liðsyrði, af því að jeg hefi samúð með þessum ógæfusömu mönnum, er starfa þarna á svæðinu og orðið hafa fórnarlömb verkfræðingaóvitsins, og telja verður, að hafi verið leiknir svo grátt, og það jafnvel af hálfu hins opinbera, að þeir geti ekki framar notið sín, ef fjárreiðum áveitunnar verður ekki komið á einhvern fastan grundvöll. Hjer er ekki um annað að ræða en að stj. fái leyfi þingsins til þess að semja um fjárreiður áveitunnar, og þá mun hún að rannsökuðu máli ganga frá samningunum á þeim grundvelli, hvað mikið bændur skuli greiða og hvað mikið ríkið taki að sjer. Ef þingið segir við stj.: Þú mátt velja þjer sjerfræðinga og svo máttu láta gera þessar framkvæmdir —, en gengur svo

frá öllum samningum á eftir, þá er slíkt barnaskapur og í mesta máta óþinglegt.

Hvað gerði ekki þingið, þegar það fól hv. 1. þm. Skagf. að taka 10 milj. kr. lánið sællar minningar? Þetta gat hv. 1. þm. Skagf. gert, af því að þingið leyfði stj. að taka lánið. Hitt er annað mál, hvernig um lánið var samið: veðsetning tollteknanna, 15% í afföll og 100 þús. kr. í vasa milliliða.

Hv. 1. þm. Skagf. tók slæmt lán; um það verður ekki deilt, en hann hafði fulla heimild til þess að taka lánið, bara ekki til að veðsetja. Hann gat að vísu látið vera að nota heimildina, og var það undir dómgreind hans komið.

Ef þingið samþ. þessa till., þá er löglega um hnútana búið. Hinsvegar getur stj. ráðið því, hvort hún semur eða semur ekki. Hv. 3. landsk. getur því ekki sagt, að með samþ. till. sje verið að afsala sjer neinu. Hjer er um miklu minna atriði að ræða en svo, að torvelt sje að benda á margfalt stærri og víðtækari heimildir hins og þessa, sem fyrv. stj. voru veittar. En af því að jeg veit, að Skeiðamenn kenna verkfræðingunum um ólán sitt og að þeir eru komnir á höfuðið, þá er hefndartilfinningin svo mikil hjá hv. 3. landsk., að hann leyfði sjer að segja, að slík eftirgjöf sem þessi, ef til kæmi, væri ósambærileg við bankana, eins og hann kannaðist ekki við, að bankarnir hefðu gefið eftir svo tugum miljóna skiftir allskonar braskara- og kaupsýslulýð. Þann stutta tíma, sem jeg hefi verið í bankaráði Landsbankans, var aðalstarfið að gefa eftir af lánum manna. Jeg man eftir, að einn flokksbróðir hv. 3. landsk., sem heima á vestur á landi, skuldaði á 3. hundr. þús. kr., sem hann hafði fengið að láni í útibúinu á Ísaf. á meðan hv. þm. N.-Ísf. stýrði því. Eftir þeim gögnum og skilríkjum, sem fyrir bankaráðinu lágu, var það tekið fram, að maður þessi gæti alls ekki borgað meira en ca. 60 þús. kr., og að því var gengið; hin fúlgan öll var strikuð út, eða gefin eftir, eins og vanalegt er að kalla það. Jeg þekki fjölda manna í flokki hv. 3. landsk., sem ekki liggur annað eftir en að eyða og spenna stórfjárhæðum af landsfje.

Og svo er haldið fram, að hjer sje voði á ferðum, ef Alþingi fer að dæmi hins skipaða bankaráðs og reynir að semja um skuldina og fá það greitt af henni, sem rannsóknin leiddi í ljós, að bændum væri ekki ofvaxið að standa straum af. Annað en þetta liggur ekki fyrir að gera með þessari till.

Það er ekki hægt, að 42 þm. fari í einum hóp austur á Skeið til þess að semja við 50 bændur þar og greiði svo atkv. um, hvernig þessi skuldamál skuli jöfnuð. Hitt er ráðið, að safna sönnum og óyggjandi skýrslum um málið og semja við Skeiðabændur á þeim grundvelli.

Jeg sje ekki annað en að fyrir hv. 3. landsk. vaki það eitt að halda Skeiðamönnum áfram á skuldaklafanum, vitandi þó, að þeir geta aldrei borgað, hvorki vexti nje afborganir, og að landið hlýtur að tapa því, sem það hefir lánað í þetta fyrirtæki eða tekið ábyrgð á.

Hjer er aðeins farið fram á, að fylgt sje dæmi bankanna, sem gefið hafa eftir stórar fjárhæðir, bæði útgerðarmönnum, kaupmönnum og öðrum braskaralýð. En það hefir aldrei

komið til þess enn, að þurft hafi að gefa bændum eftir vegna óreiðu þeirra í fjármálum. Skeiðamenn eru þeir fyrstu, er vegna óláns síns að hafa trúað mönnum, sem ekki mátti trúa, og af þeim sökum svo hart leiknir, að þeir geta ekki af eigin rammleik losast úr skuldafjötrunum.

Þess vegna er það hart, að fulltrúi þeirrar stjettar, sem mest hefir verið gefið eftir og ein hefir sukkað með landsins fje svo að af hefir hlotist lækkun krónunnar og viðhald dýrtíðarinnar í landinu —, það er hart, segi jeg, þegar fulltrúi slíks braskaralýðs leyfir sjer að vaða hjer uppi á Alþingi og segja, að um bændur, sem komist hafa í ólán fyrir það eitt að trúa „kollegum" hans, verkfræðingunum, skuli gilda aðrar reglur —, það sje betl og húsgangsháttur að gefa bændum eftir eða beita við þá sama fyrirkomulagi og bankarnir hafa haft um eftirgjafir gagnvart braskaralýðnum. Ef halda á fram í alvöru, að sama eigi ekki að ganga yfir bændur, þá óska jeg, að birtur sje listi yfir nöfn þeirra manna og fjelaga, sem bankarnir hafa gefið eftir, til þess að sjást megi, hvað tapast hefir á pólitískum vinum og flokksbræðrum hv. 3. landsk. (JÞ: Ætli það verði nú gert?). Jeg hugsa, að hv. þm. álíti það enga synd að vitna í það, fyrst hann ætlar að halda skuldaklafanum áfram um háls Skeiðamanna.

Það er til máltæki, en að vísu ekki íslenskt, sem segir: að skilja er sama og að fyrirgefa. Hv. 3. landsk. vildi láta menn skilja, að það væri ekki verkfræðingunum að kenna, þó að ekkert vatn hefði komið í Skeiðaskurðinn í vor. En honum tókst ekki að fá mig til að skilja það, eins og jeg er margbúinn að taka fram. En hvort honum hefir tekist að láta aðra skilja þetta og á þann hátt fá fyrirgefningu handa verkfræðingunum, skal jeg ekki spá neinu um. Úr því verður atkvgr. að skera.

Þá kem jeg að ríkisprentsmiðjunni. Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að það eru prentsmiðjueigendurnir, sem nú eru komnir á stúfana og tala hjer fyrir munn hv. 3. landsk. Þó að hann reyndi af veikum mætti að færa rök fyrir því, að landinu gæti stafað hætta af þessu fyrirtæki, þá reyndi hann ekki að hrekja, að það gæti borgað sig fyrir ríkið að eiga sjálft sína prentsmiðju. Hann færði heldur engin rök fyrir því, að landinu væri betra að borga 300 þús. kr. til fyrirtækja, er verða að selja skilamönnum dýrt vinnu sína, af því að svo stórar fjárhæðir tapast á óskilamönnunum. Þess vegna vil jeg slá því föstu, að prentsmiðjueigendur og hagsmunir þeirra eigi hjer sinn málsvara, þar sem hv. 3. landsk. er. Honum þótti það goðgá af mjer, að hafa leitað til sjerfræðinga í þessu efni, eins lítið og jeg gerði úr verkfræðingunum. En sá er munurinn á mjer og hv. 3. landsk., að þegar jeg leita til sjerfræðinga, þá byrja jeg með að efast um, að þeir hafi á rjettu að standa, af því að jeg sje, að svo mörg spor liggja inn í holu ljónsins, en fá út þaðan. Þá fyrst, ef allar framkvæmdir sjerfræðinganna reynast vitlausar, eins og t. d. Skeiðaáveitan, standa þeir illa að vígi, sem gleypt hafa við órökstuddum áætlunum sjerfræðinganna. En fyr ekki. Því að sjerfræðingar, sem í eftirliti sínu og rannsóknum beita heilbrigðri skynsemi,

eru góðir og nauðsynlegir, en hinir, sem haga störfum sínum gagnstætt, eru hættulegir og mega ekki koma nálægt neinum framkvæmdum.

Jeg hefi leitt svo mörg rök að því með skýrslu þeirri, er jeg gaf í fyrri ræðu minni um málið, að hægt sje að vinna upp kostnaðinn við prentsmiðjukaupin á 3—5 árum, og þar sem þau rök hafa á engan hátt verið hrakin, sje jeg enga ástæðu til að endurtaka þau nú.

Hv. 3. landsk. ljet sjer sæma að drótta því að mjer, að jeg mundi villa sjerfræðingunum sýn með fjemútum. En jeg lýsi hann fullkominn ósannindamann að því og vísa öllum slíkum ógeðslegum getsökum heim til föðurhúsanna. En þetta sýnir ljóslega, að hv. þm. þykist vita, hvaða freistingar bíða sjerfræðinganna, og hefir ef til vill einhverjar endurminningar um það úr sínum eigin herbúðum, þó að hann sjálfur hafi væntanlega staðist freistingarnar. Hvort óttast þurfi, að sá maður, sem unnið hefir að rannsókn þessa máls fyrir stj. hönd, fái atvinnu við prentsmiðjuna, verður ekkert hægt að segja. Það er ekki minn vani að ráða menn til fyrirtækja, sem óvíst er um að komist á fót.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að það væri frelsisrán, að leyft yrði að gera ráðstafanir um, að ríkið yfirtaki skuld hjá landsins eigin banka. Jeg ætla að minna hv. 3. landsk. á fáein atriði, þar sem þingið hefir leyft þetta.

Á fyrsta þingári mínu í tíð stj., sem jeg ekki studdi, var kallað á hjálp Reykjavíkurbæ til handa um leyfi fyrir stj. að ábyrgjast miljón kr. lán vegna rafveitunnar, en það er fyrirtæki, sem hv. 3. landsk. ljet framkvæma á allra versta og dýrasta tíma og bærinn stynur nú undir, en er þó ekki, þrátt fyrir þá miklu fjárhæð, sem það kostaði, betur úr garði gert en svo, að nú í byrjun maímánaðar sloknaði hjá föður ljósanna í þessum bæ. Það hefir viðgengist að samþ. á þingmálafundum hjer í Reykjavík, að ríkið taki ábyrgð á hinu og þessu og ekki verið hafðar um það 6 umr. Það virðist líka óþarft, að hafa 6 umr. um jafneinfalda till. og þá, hvort ríkinu skuli leyfast að yfirtaka 155 þús. kr. ábyrgð hjá eigin bankastofnun. Það kemur líka fram í kvöld að greiða atkv. um, hvort veita skuli ábyrgðarheimild fyrir 200 þús. kr. til þess að koma upp dráttarbraut hjer við höfnina. Þó liggur engin rannsókn fyrir og engin gögn nje skilríki um fjárhag fjelagsins, sem að þessu fyrirtæki stendur. Menn vita aðeins, að hjer eru mörg stærri og smærri skip, sem þarf að gera við, og því nauðsynlegt að koma hjer upp dráttarbraut. Jeg skal engu spá um það, hvort till. þessi verði samþ. En ef svo fer, þá verður það vegna þess trausts, sem hv. fjvn. nýtur, því að hún hefir borið till. fram. Það kann að vera, að hv. 3. landsk. sje á móti því að veita Slippfjelaginu 200 þús. kr. ábyrgð landsins, en hann hefir a. m. k. ekki talað gegn því.

Jeg skal ekki rengja hv. 3. landsk. um það, að honum hafi gengið illa prentsmiðjurekstur í þann mund sem hann fjekst við hann. En jeg vil benda honum á, að þá stóð nokkuð öðruvísi á fyrir honum sem pólitískum spekúlanti heldur en ríkissjóði, og jeg þori að fullyrða, að ef hv. 3. landsk. þyrfti

að láta prenta fyrir 300 þús. kr. árlega, þá myndi hann áreiðanlega ekki fara til prentsmiðjanna hjer í bænum, heldur leita að annari hagkvæmari leið. Hv. 3. landsk. segist hafa reynslu á þessu sviði. En hvernig er þeirri reynslu háttað? Jú, hann gaf út pólitískt blað. Allir þeir, sem til slíkra hluta þekkja, vita það, að útgáfa slíkra blaða er í senn kostnaðarmikil og ábatalítil. Það eru því engin undur, þó reynsla hv. þm. hafi ekki verið alveg að óskum. (**JÞ**: Það bar sig nú). Jeg minnist þess nú, að jeg kom eitt sinn inn í prentsmiðju ensku kaupfjelaganna í Manchester. Þar voru 200 prentarar. Jeg spurði, hvort þeir prentuðu líka fyrir aðra. Þeir svöruðu því neitandi, kváðust eingöngu prenta fyrir kaupfjelögin; væri það aðeins eitt lítið blað og svo einkum miðar og álímingar á vörukassa og eyðublöð. Kaupfjelögunum datt ekki í hug að kaupa slíkt hjá öðrum.

Hv. 3. landsk. er gamall heimastjórnarmaður. Hann ætti því að muna það, að leiðtogi þess flokks, Hannes heitinn Hafstein ráðherra, hafði beinlínis viðbúnað um stofnun ríkisprentsmiðju og lagði ríka áherslu á framgang þess máls. En honum entist ekki aldur til þess að koma þessu áformi í framkvæmd, og ef til vill mun hann hafa rekið sig á prentsmiðjupúkann. En jeg tel það enga sönnun, þótt hv. 3. landsk. strandaði með prentsmiðjurekstur sinn. Slíks eru mörg dæmi með þessi litlu blöð, enda verða prentsmiðjurnar einatt fyrir miklum skakkaföllum af þeirra völdum, sem þær síðan láta ríkið greiða með dýrari prentun. Ríkið verður á þennan hátt að blæða fyrir mistök og fjárglæfra þessara miður þörfu fyrirtækja.

Að lokum vil jeg slá því föstu, að enginn hygginn atvinnurekandi myndi kaupa alla prentun, ef hann þyrfti að láta prenta fyrir 300 þús. kr. á ári, eins og ríkið gerir nú. Og jeg spái því, að ekki muni líða á mjög löngu, áður en ríkisprentsmiðjan mun verða reist, og þegar hún er komin á fót, mun það sannast, að ekki taki nema 3—5 ár til þess að vinna upp byggingarkostnaðinn með auknum sparnaði.

**Jón Jónsson**: Það fer nú óðum að líða að því, að fjárl. verði send til hv. Nd. á ný. Mjer þykir gott til þess að vita, að till. fjvn. hafa sætt litlum andmælum hjer í hv. deild. Flestar brtt. hv. þm. snerta ekki till. n., heldur ýmislegt það, sem áður var komið inn í fjárl., auk ýmissa nýrra liða, sem einstakir þm. vilja koma inn í lögin. Hv. þm. Seyðf. hefir flutt till. um að hækka tekjubálkinn nokkuð. Það er gleðilegt, að gamall og reyndur þm. skuli líta svo á þetta mál, að tekjurnar sjeu varlega áætlaðar í fjárlagafrv., og jeg vildi vona, að svo færi eftir. Jeg er nú að vísu ungur og óreyndur í þessum sökum, en mjer finst óneitanlega dálítið varhugavert að áætla tekjurnar til muna hærri en þær reyndust næstsíðasta ár. Nú eru tekjurnar áætlaðar um 12 milj. kr., en 1928 voru þær ekki áætlaðar nema 10.8 milj. kr. 1927 voru þær áætlaðar 10.4 milj. kr., 1926 10.8 milj. kr., 1925 9.8 milj. kr. og 1924 9.2 milj. kr. (**JóhJóh**: En hvað reyndust tekjurnar?). Það er að vísu rjett, að tekjurnar reyndust nokkuð meiri en þær voru áætlaðar, sjer-

staklega árið 1925. Þá voru tekjurnar miklu hærri, vegna skattahækkunar og sjerstaks góðæris. En nú eru tekjurnar áætlaðar miklum mun hærri en nokkru sinni áður. Og þó nú sú hafi orðið raunin á, að tekjur hafa farið fram úr áætlun, þá hefir löngum mátt sama segja um gjöldin. Og í þessi fjárl. er ýmislegt ekki tekið, sem þó sjáanlega kemur til útgjalda á þessu ári vegna laga frá þessu þingi. Væri það æskilegt, ef tekin væri upp sú þingregla, að taka öll slík útgjöld upp í fjárlögin. Með því gætu þau orðið glöggari spegill af fjárhagsástandinu eins og það raunverulega er á hverjum tíma. Jeg held því, að vel geti talist forsvaranlegt af fjvn. að áætla tekjubálkinn ekki hærri en þetta. Hinsvegar eru mestu vandræði að þurfa að afgr. fjárl. með miklum tekjuhalla. Með tilliti til þess höfum við lagt til, að lækkuð verði fjárframlög til verklegra framkvæmda um 80 þús. kr. Skal það fullkomlega játað, að í augum okkar er þetta hið mesta neyðarúrræði, og jeg hygg það flestum viðkvæmt mál, að skera framlög til verklegra framkvæmda mjög við neglur. En með því að við álítum fyrstu skyldu þingsins að ganga vel frá fjárl. og á hinn bóginn álítum við forsvaranlega sjeð fyrir verklegum framkvæmdum á næsta ári, þá hikum við ekki við að flytja þessar lækkunartillögur. Samkv. frv. er ætlað til nýbyggingar þjóðvega 372 þús. kr., en eftir skýrslu vegamálastjóra var miklu minna fje varið til þess á næstu undanförnum árum. 1926 var varið til slíkra vegalagninga ekki nema 125 þús. kr. og 1927 var varið til þeirra 297 þús. kr. og 1928 291 þús. kr. Eftir þessum tölum að dæma er í þessum fjárl. veitt 70—80 þús. kr. meira til nýbyggingar þjóðvega en nokkru sinni áður hefir verið varið til þeirra. Auk þess er nú veitt rúmum 40 þús. kr. meira til sýsluvega en undanfarið. Þau fjárframlög hafa áður ekki farið fram úr 70 þús. kr., en eru nú rúmar 110 þús. kr. Þetta sýnir og sannar ómótmælanlega, að í þessum fjárl. er ætlað miklu meira fje til vegabóta en áður, og þess vegna er það vel forsvaranlegt að lækka þau fjárframlög um þetta litla, sem n. hefir lagt til, því að enda þótt það nái samþykki, verður fjárveiting ríkissjóðs til vegalagninga eigi að síður miklu meiri en nokkru sinni áður. Jeg get ekki skilið, að þetta komi svo harkalega niður nokkursstaðar, að hv. Nd. umturni fjárl. fyrir þær sakir og sendi okkur þau aftur. Þessu til sönnunar vil jeg benda á, að formælendur þeirra vega, sem verða harðast úti, ef þessar till. n. verða samþ., hafa engum mótmælum hreyft hjer í d.

Jeg skal nú leiða hjá mjer að blanda mjer inn í deilu hæstv. dómsmrh. og hv. 3. landsk. Jeg skal játa það út af því, sem til orða hefir komið í sambandi við Skeiðaáveituna, að þessi leið er mjög tvísýn, en þó býst jeg við, að öllu athuguðu, að önnur leið væri ekki öllu ódýrari. Hjer er um fullkomið vandræðaástand að ræða; það hefir ekkert verið greitt í afborganir af þeim lánum áveitunnar, sem ríkið stendur í ábyrgð fyrir. Það er því fyrirsjáanlegt, að það lendir að lokum á ríkinu að greiða þessi lán, og þess vegna er best að gera þau upp fyr en

seinna. Í því trausti, að ríkisstj. gæti fylstu varúðar í þessum efnum og skipi ábyggilega og hæfa menn til þess að framkvæma rannsókn þá, sem að sjálfsögðu verður að fara fram, sje jeg mjer ekki fært annað en að verða með þessari ráðstöfun. Mjer er einnig kunnugt um, að hæstv. atvmrh. liggur þetta mjög ríkt á hjarta, og þykist jeg mega treysta honum til alls hins besta í þessu máli.

Jeg skal að lokum geta þess út af brtt. 35, þar sem ræðir um eftirlaun sr. Einars Jónssonar á Hofi í Vopnafirði, að þar hefir misritast, að bókin „Ættir Austfirðinga" verði eign þjóðskjalasafnsins, í stað Landsbókasafnsins. Það mun eiga betur við, að Landsbókasafnið fái bókina. Það gladdi mig, að þessi góði maður sætti sig við þessa skilmála. Varð það mjer nokkur sönnun þess, sem um þennan mann hefir verið sagt hjer í þessari hv. deild, og hygg af því og öðru, sem greinargóðir menn herma um þennan mann, að síst muni það lof um verðleika fram, sem á hann hefir verið borið hjer undir umr.

**Jón Þorláksson:** Mjer er sönn ánægja að slá því föstu, að hæstv. dómsmrh. sá þess engan kost að hrekja þá staðhæfing mína, að kostnaðaraukinn við Skeiðaáveituna stafaði að langmestu leyti af hækkun verðlags milli áætlana og framkvæmda. Meira að segja gerði hæstv. dómsmrh. enga minstu tilraun til þess að afsanna þetta. Einungis endurtók hann sömu fullyrðingarnar um það, að orsökin væri mistök verkfræðinganna. En slíkt nær engri átt, eins og jeg hefi greinilega sýnt fram á. Fullyrðing hæstv. ráðh. er þess vegna alveg út í bláinn, enda hefir hann enn ekki leitt hin minstu rök að henni. En síðar í ræðu sinni sagði hann, að sjerfræðingar þeir, sem hann leitaði til, væru undir eftirliti heilbrigðrar skynsemi. Jeg ætla þá að segja það, að verkfræðingar þeir, sem mæltu fyrir Skeiðaáveitunni, njóta engrar heilbrigðrar skynsemi af hálfu hæstv. ráðh., því ef svo væri, myndi hann viðurkenna, að kostnaðaraukinn stafaði af hækkuðu verðlagi. Þessir verkfræðingar njóta einskis annars af hendi hæstv. ráðh. en öfga og ósanngirni og órökstuddra getsaka. Að vísu má þeim vera það nokkur raunaljettir, að slíkt er ekkert einsdæmi úr þeirri átt, ef aðrir en pólitískir venslamenn ráðh. eiga í hlut. Þá reyndi hæstv. ráðh. að afsaka það atriði, að ríkisstj. væri falið sjálfdæmi um útgjöld til Skeiðaáveitunnar, og um það að taka lán til þess að setja á stofn ríkisprentsmiðju. En hæstv. ráðh. skjátlast í þessu, því engin stj. hefir heimild til þess að taka ríkislán af neinu tægi, nema því aðeins, að Alþingi gefi þar til samþykki sitt í hverju einstöku tilfelli. Nú ætlast hæstv. ráðh. til þess, að Alþingi selji stj. fyrirvaralaust sjálfdæmi í þessum málum. Jeg er slíku algerlega mótfallinn, enda þykist jeg hafa sýnt það ótvírætt, að því leyti sem jeg hefi haft afskifti af fjármálapólitík okkar, að full alvara liggur að baki þessum orðum mínum. Sem fjmrh. mun jeg hafa gengið lengra í því að forða ríkissjóðnum undan slíkum heimildum og ábyrgðum en fyrirrennarar mínir og eftirmenn. Jeg hygg, að eitt eða tvö ár í minni stjórnartíð hafi fjárl. verið afgr. án þess að nokkur slík heimild væri gefin stj. á

23. gr. fjárl. Annars sje jeg ekki ástæðu til að gera þetta mál sjerstaklega að umtalsefni. Það er hæstv. fjmrh. og flokkur hans, sem ber alla ábyrgð á slíkum ráðstöfunum, og hans er því að standa gegn þvílíkri ráðsmensku. Jeg mun síst verða til þess að hlaupa fram fyrir skjöldu ráðh. og flokksmanna hans, meðan það er ekki jeg, sem ábyrgðina ber á þessum hlutum. En jeg tek það einungis fram sem skoðun mína á þessum málum, að jeg tel sjálfsagt, að Alþingi eitt hafi ákvörðunarrjettinn um útgjöld ríkissjóðs. Hvað prentsmiðjuna snertir, þá eru engin tök á að sjá það nú, að svo stöddu, hvort slíkt fyrirtæki myndi borga sig og hvort ráðlegt sje að leggja út í það. Málið er algerlega ótímabært, meðan engin ábyggileg rannsókn er fyrir hendi.

Að lokum reyndi hæstv. dómsmrh. að lýsa mig ósannindamann að því, að rannsókn sú, sem hann að nafninu til ljet fara fram, hafi verið óábyggileg vegna þess, að atvinnuvonir þess, sem rannsóknina framkvæmdi, hafi verið að verulegu leyti bundnar við, hver yrðu úrslit þessa máls. En hæstv. ráðh. tókst þetta að vonum óhönduglega. Og mjer þykir satt að segja mjög leiðinlegt að þurfa að gera ráð fyrir slíku. En við hæstv. ráðh. vil jeg segja það, að ef þessi prentsmiðja kemst á fót, hvort sem það verður fyr eða seinna, þá er jeg ekki í efa um, hver verður ráðinn til að standa fyrir henni. Það mun því sannast á sínum tíma, hvor okkar hæstv. ráðh. hefir haft rjett fyrir sjer. Og við skulum í því trausti láta bíða að tala frekar um atvinnuvonir sjerfræðinga hæstv. dómsmrh. Það mun tíminn leiða í ljós, þegar þar að kemur.

**Halldór Steinsson:** Með því að hv. frsm. fjvn. hefir lýst því yfir, að hafnarlög Ólafsvíkur frá 1919 feli í sjer ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj. á láni til hafnargerðar í Ólafsvík, og með því að hæstv. fjmrh. hefir tekið í sama streng og haldið því fram, að óþarfi væri að taka þessa heimild upp á fjárl. af þessum sökum, þá tek jeg hjer með aftur brtt. 33 á þskj. 617.

**Forseti (GÓ):** Þá er umr. lokið.

Út af því, sem hv. 3. landsk. sagði í fyrri ræðu sinni í dag um prentsmiðjukaupin, og út af þeim ummælum hans, að forseta bæri að vísa slíkri till. frá, vegna þess að hún kæmi í bága við stjskr., þá skal jeg taka það fram, að enda þótt skilja megi 37. og 38. gr. stjskr. þannig bókstaflega, þá hefir sá skilningur aldrei verið viðhafður við afgreiðslu fjárl. (**JÞ:** Það var hæstv. dómsmrh., sem ljet sjer þessi orð um munn fara, en alls ekki jeg). Jeg gat ekki ráðið annað af orðum hv. þm. (**JÞ:** Jeg sagði, að till. færi út yfir þessi fjárlög). Já, þá hefi jeg tekið rjett eftir. Hv. þm. heldur því þannig fram, að í fjárlögin megi einungis taka þau útgjöld, sem lúkast eiga á því fjárlagaári, og að forseta beri að vísa öllum tillögum um önnur útgjöld frá. En jeg skal benda hv. þm. á, að stjskr. hefir ennþá ekki verið túlkuð svo strangt, enda væri slíkt vart framkvæmanlegt. Jeg þykist því hvorki brjóta þingsköp nje þingvenjur með því að taka till. þessa til greina og leyfa, að hún komi

til atkv. Hv. þdm. er það fullkunnugt, að hjer er um ekkert einsdæmi að ræða. Í hvert skifti, sem veitt er í fjárl. fje til byggingar spítala, skóla, hafnarmannvirkja og fleiri þvílíkra framkvæmda, er beinlínis gert ráð fyrir framhaldandi fjárveiting. Sama er að segja um margt það, sem nú hefir verið tekið upp í fjárlagafrv., svo sem heimild stj. til þess að kaupa hverajarðir í Ölfusi o. fl. Það er næsta erfitt að draga glöggar merkjalínur milli þess, hvort fjárveiting lúkist á því ári eða ekki. Hinsvegar get jeg verið hv. 3. landsk. fyllilega sammála um það, að skemtilegast væri, að þegar um meiri háttar fjárveitingar er að ræða, þá sjeu þær teknar upp í sjerstök lög í hvert skifti. En slíkt hefir alls ekki tíðkast í seinni tíð. Að þessu athuguðu get jeg með engu móti aðhylst þá skoðun hv. þm., að hjer sje um brot á stjskr. að ræða, þótt till. þessari verði ekki vísað frá. Jeg úrskurða því hjer með, að till. þessi skuli koma til atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 629) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 617,I. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 617,II. feld með 8:5 atkv.
— 617,III. feld með 9:2 atkv.
— 617,IV. feld með 8:6 atkv.
— 617,V.a—i samþ. með 8:6 atkv.
— 619,I. feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins, IHB.

**nei:** IP, JBald, JónJ. JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.

Brtt. 617,VI. samþ. með 8:4 atkv.
— 619,II.1 samþ. með 8:5 atkv.
— 617,VII. feld með 10:2 atkv.
— 617,VIII. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 617,IX. tekin aftur.
— 617,X. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JKr, EF, HSteins, IHB, IP, J-Bald, JónJ, GÓ.

**nei:** PH, BK, EÁ, JóhJóh, JÞ, JónasJ.

Brtt. 617,XI. samþ. með 11:1 atkv.
— 617,XII. feld með 9:4 atkv.
— 617,XIII.a samþ. með 9:4 atkv.
— 617,XIII.b samþ. með 9:3 atkv.
— 617,XIII.c feld með 7:7 atkv.
— 617,XIV. feld með 7:3 atkv.
— 629,1 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JóhJóh, JBald, JónasJ, JKr, PH, IP, EF.

**nei:** JónJ, JÞ, BK, EÁ, HSteins, GÓ.

IHB greiddi ekki atkv.

Brtt. 617,XV. kom ekki til atkv.
— 617,XVI.1.a—b samþ. með 9:5 atkv.
— 619,II.2 feld með 9:3 atkv.
— 617,XVI.2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 617,XVII. feld með 7:7 atkv.
— 617,XVIII. tekin aftur.
— 617,XIX. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, PH, BK, EÁ, HSteins.

**nei:** IP, JBald, JónJ, JónasJ, EF, GÓ.

Brtt. 617,XX. (aðaltill.) feld með 8:4 atkv.
— 617.XX. (varatill.) feld með 7:7 atkv.
— 617,XXI.1 samþ. með 8:6 atkv.
— 619,III. (aðaltill.) feld með 7:2 atkv.

Brtt. 619,III. (varatill.) feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JóhJóh, JBald, JÞ, JónasJ, PH, BK.
nei: JónJ, JKr, EÁ, EF, HSteins, IHB, GÓ.
Brtt. 619,IV. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 617,XXI.2 samþ. án atkvgr.
— 617,XXII. feld með 7:4 atkv.
— 617,XXIII.1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 617,XXIII.2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 629,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 617,XXIII.3 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 617,XXIV. samþ. með 8:4 atkv.
— 617,XXV. samþ. með 8:4 atkv.
— 617,XXVI. feld með 7:7 atkv.
— 619,V. samþ. með 8:3 atkv.
— 617,XXVII. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, EF, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH.
nei: HSteins, IHB, JÞ, JKr, BK.
JóhJóh, GÓ greiddu ekki atkv.
Brtt. 617,XXVIII. feld með 7:7 atkv.
— 617,XXIX. samþ. með 8:6 atkv.
— 629,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 617,XXX.a samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HSteins, IP, JóhJóh, JBald, JónJ, JónasJ, PH, BK, EF, GÓ.
nei: IHB, JÞ, JKr, EÁ.
Brtt. 617,XXX.b feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, JónasJ, PH, EF, IHB, IP, JBald.
nei: JKr, BK, EÁ, HSteins, JóhJóh, JónJ, GÓ.
Brtt. 617,XXXI. feld með 7:4 atkv.
Brtt. 619,VI.1 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónJ, JónasJ, PH, BK, EÁ, EF, IP, GÓ.
nei: JóhJóh, JÞ, JKr. HSteins, IHB.
Brtt. 617,XXXII.1 kom ekki til atkv.
— 617,XXXII,2.a samþ. með 8:2 atkv.
— 617,XXXII.2.b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 617,XXXII.2.c samþ. með 9:2 atkv.
— 617,XXXIII. tekin aftur.
— 617,XXXIV. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 619,VI.2 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 617,XXXV. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JónJ, JónasJ, JKr. PH.
nei: BK, EÁ, EF, JBald, JÞ, GÓ.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 68. fundi í Nd., 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 630).

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr. (A. 630, 646, 651).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 646 og 651. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Ingólfur Bjarnarson:** Það vill svo einkennilega til, að jeg stend hjer ekki upp sem frsm. fjvn., því að henni tókst ekki að verða samhuga um till. sínar, en ber þær fram í þrennu lagi. Jeg stend því aðeins upp til þess að gera grein fyrir 2 brtt., sem minni hl. n.

hefir leyft sjer að bera fram á þskj. 646.

Eins og hv. þd. er kunnugt, þá hefir hv. Ed. gert nokkrar breyt. á frv. síðan það fór út úr deildinni, bæði hækkað tekjurnar og lækkað útgjöldin dálítið, sjerstaklega með niðurfellingu vegagerða, en hefir hinsvegar bætt ýmsu inn á útgjaldahliðina. Hefir frv. tekið þeim breyt., að útgjaldahliðin hefir hækkað í heild, þrátt fyrir þessa 80 þús. kr. lækkun, um ca. 34 þús. kr., en tekjuhliðin hefir hækkað um 100 þús. kr., svo að nú er 18300 kr. tekjuafgangur, en var 47 þús. kr. tekjuhalli, þegar frv. var afgr. frá þessari hv. deild.

Að svo miklu leyti sem breyt. hv. Ed. hafa raunverulega miðað í þá átt að afgr. frv. án tekjuhalla, er ekki nema gott um þann tilgang að segja frá hendi okkar tillögumanna, en að okkar áliti orkar það nokkuð tvímælis, hvort verulegustu breyt. eru til bóta, en verulegustu breyt. eru hækkun tekna og lækkun á framlagi til vegagerða.

Hið fyrra hefir nú engin raunverulег áhrif á útkomu fjárl. á sínum tíma, en er aðeins breytt færsla á pappírnum. Og um lækkanirnar til vega vil jeg taka það fram, að okkur tillögumönnum þóttu það mjög erfiðir kostir að þurfa að grípa til þess ráðs, þar sem þörfin er svo knýjandi fyrir bætta vegi alment. En að því sem þetta miðar til raunverulegs sparnaðar, sáum við tillögumenn okkur eigi aðra leið færa, eins og komið var afgr. fjárl., en að láta okkur lynda þessa sparnaðarleið hv. Ed., og viljum ekki leggja út í að hefja stríð út af því. En því fjarstæðari verðum við að telja þá ráðstöfun hennar, að jafnhliða því, að fella niður framlög til margra stórnauðsynlegra vega, skuli hún taka upp framlag til nýs vegar, nefnilega akvegarins yfir Fjarðarheiði, sem að okkar áliti stendur mjög miklu fjær því að koma til framkvæmda heldur en vegir þeir, sem hv. Ed. feldi niður. Enda hefir vegamálastjóri lýst yfir því, að hann gæti eigi lagt til, að á þessum vegi yrði byrjað nú þegar. Kostnaðurinn er áætlaður hátt á fjórða hundr. þús. kr., lægsta áætlun, og þar sem hann kæmi ekki að gagni fyrr en hann væri allur lagður, telur vegamálastjóri, sem líka er auðsjeð, að eftir að byrjað væri á honum yrði að leggja kapp á að koma honum áleiðis, og yrði þá að binda til hans af vegafje árlega að minsta kosti 50 þús. kr., og yrði þá vitanlega að draga þá upphæð frá vegagerðum annarsstaðar.

Nú hagar svo til, að vegur þessi liggur yfir afartorsótta og háa heiði, kringum 2 þús. fet yfir sjávarmál, og má telja alveg víst, að vegurinn mundi liggja undir snjó mikinn meiri hluta ársins, og því að engu gagni koma þann tíma. Og hinsvegar hafa hjeraðsmenn þeir, sem ætlað er að hafa hans not, þegar annan miklu tryggari akveg til útflutningshafnar rjett samhliða þessum fyrirhugaða Fjarðarheiðarvegi, nefnil. Fagradalsbrautina, og liggja þessir tveir vegir upp frá sama punkti hjeraðsmegin. Þó að þessi Fjarðarheiðarvegur væri lagður, þá er það sjáanlegt, að aðalviðskiftastraumur hjeraðsbúa mundi eftir sem áður liggja til Reyðarfjarðar um Fagradalsbraut, þar sem sú leið yrði miklu öruggari. Okkur sýnist því, að hjer sje gerður hálfgerður leikur að

því að binda vegaframlög komandi ára í þennan tiltölulega þarflitla Fjarðarheiðarveg, meðan ýms önnur hjeruð bíða meira og minna vegalaus. Jeg held svo, að það sje ekki ástæða til að fara ítarlegar inn á að lýsa þessum vegi að sinni. Það var gert í hv. Ed., og jeg býst við, að margir hv. þdm. þekki afstöðuna þarna og geti myndað sjer skoðun um málið. Vil jeg svo vænta þess, að hv. d. geti gengið inn á þessa till. okkar.

Þá höfum við einnig leyft okkur að bera aðra brtt. fram á þessu sama þskj., sem er sú XVIII., og er þar farið fram á að taka upp aftur styrk til sandgræðslugirðingar á Rangárvöllum, sem hv. Ed. feldi niður. Við höfum tekið þetta upp aftur, en þó með þeirri breyt. frá því, sem áður var, að við höfum fært upphaflegu upphæðina niður um 2 þús. kr. Um leið höfum við gert hlutaðeigendum skylt að leggja fram helming kostnaðar, og er það bygt á því, að við álítum sæmilega sanngjarnt, að hjeraðsbúar leggi fram meira heldur en var ráð gert fyrir upphaflega, því að hjer er ekki um að ræða venjulega varnarráðstöfun gegn uppblæstri landsins, heldur er þetta sumpart girðing til varnar ágangi á engi sumra hlutaðeigandi manna. Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en skal aðeins taka það fram, að við töldum, að hv. Ed. hefði sýnt óþarfa harðleikni í þessu máli, sem er hjeraðsbúum, er hlut eiga að máli, hin mesta nauðsyn, og viljum mælast til þess við hv. deild, að hún samþ. þessa tillögu.

Jeg sje, að hjer er komin fram brtt um sama efni frá hv. 1. þm. Rang. Hún er 2 þús. kr. hærri en okkar till., eða eins og framlagið var áður sett. Jeg hefi nú gert grein fyrir, hvers vegna við sáum okkur fært að lækka framlagið, og vil nú fara fram á það við hv. flm. till., hvort hann geti ekki fallist á að taka hana aftur, bygt á því, að hann gæti fallist á, að okkar till. hefði við sæmilega sanngirni að styðjast. Hjer er að vísu ekki um neitt stórmál að ræða, en jeg vil samt beina þessu til hans.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg á hjer nokkrar brtt., en þar sem þær hafa sumar verið til umr. hjer áður og samþ. í þessari hv. deild, þá sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þær.

Fyrsta brtt. er um það, að gera orðabreytingu og jafnframt raunverulega breyt. á aths. við símalínuna frá Ögri um Æðey, þannig að í staðinn fyrir Snæfjöll komi Sandeyri sem endastöð. Það er upplýst, að rjett er að stytta símalínuna og láta hana ná aðeins til Sandeyrar. Um nauðsyn þessarar línu hefir verið talað áður og jeg ætla ekki að endurtaka það, en vænti, að hv. þdm. geti fallist á þessa till. mína, sem miðar til sparnaðar, sem nema mun 1500—2000 kr.

Önnur brtt. mín er um, að veittar verði til bryggjugerðar í Hnífsdal 9 þús. kr. Við 3. umr. fór jeg fram á 14000 kr. í þessu skyni; tel nú, að vel mætti vinna verkið á 3 árum, en áður var ráðgert að lúka því á 2 árum.

Jeg vænti þess, að hv. deild samþ. þessa fjárveitingu. Jeg hefi áður sýnt fram á, hve mikil nauðsyn er á bryggju á þessum stað. Það er alveg óvinnandi vegur að skipa öllum fiski upp í smábátum, og tekur 3—5 klst.

í hverjum sjóróðri, og dregur því stórum úr aflabrögðum manna. Auk þess myndu allar aðrar vörur fara um þessa bryggju, ef bygð verður. Það er enginn efi á því, að hreppsbúar geta staðið straum af ⅔ hlutum byggingarkostnaðarins með ábyrgð sýslunnar og styrk hreppsfjelagsins.

Þá er IX. brtt., sem fer fram á að hækka laun farkennara. Jeg sje í áliti fjhn. Ed., að hún leggur til, að frv. um laun farkennara, sem kom frá þessari hv. deild, verði samþ., en það hefir þá hækkun á launununum í för með sjer, sem brtt. fer fram á. Þetta má því heita aðeins leiðrjetting.

Í Ed. var feld niður fjárveiting til að leggja veg um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík. Jeg tek þessa fjárveitingu hjer upp aftur. Hjer er ekki um bein útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða, þar sem vegur þessi, sem er í áframhaldi af sýsluveginum, yrði ella kostaður af sýsluvegasjóði og ríkissj. að ⅓.

Þá á jeg brtt. við VI. lið 23. gr. Það er lánsheimild til Hjaltastaðahrepps. Þar segir svo í aths. við liðinn, að lánið sje veitt til greiðslu á skuldum hreppsbúa við verslanir. Þetta finst mjer óviðkunnanlegt, og vil því láta niður falla. Mjer finst betur við eiga, að sýslunefndin, sem ber ábyrgð á láninu, ráðstafi þessu fje í samráði við hreppsnefndina. Mjer finst, að þar sem litið er á þetta lán sem hallærislán, þá sje ekki ástæða til, að verslanirnar fái skuldir sínar greiddar nema menn geti greitt þær án opinberrar aðstoðar. Jeg hygg, að ef það fordæmi er gefið, að borga verslunarskuldir, gæti þá farið svo, að beiðnirnar yrðu nokkuð margar um slíkar fjárveitingar áður en lýkur.

Jeg hefi þá ekki meira að segja um fjárlfrv., nema það, að þótt eigi sje gert ráð fyrir beinum tekjuhalla á fjárl., þá er með samþ. á 23. gr. ráðið, að stór tekjuhalli verður á þeim, ef stj. notar allar heimildir í 23. gr. Stj. eru þar heimilaðar greiðslur, sem nema um 600 þús. kr., og þar sem þessar heimildir eru flestar frá sjálfri stj. runnar, og þá einkum frá hæstv. dómsmrh., má búast við, að flestar eða allar heimildirnar verði notaðar. Má þar til nefna heimildina um kaup á Gutenberg, byggingu fyrir opinberar skrifstofur og kaup á nokkrum jörðum fyrir austan fjall. Held jeg, að megi telja víst, að flest þessi útgjöld komi á ríkissjóð 1930. Má því búast við, að ekki verði lítill halli á fjárl. Vil jeg því vænta þess, að sparnaðartill. við þessa grein á þskj. 646 verði samþ.

**Einar Jónsson:*** Jeg vona, að hv. samþingismenn mínir í þessari hv. deild geti ekki borið mjer það á brýn, að jeg hafi þann tíma, sem jeg hefi setið á þingi, verið frekur til bitlinga fyrir mig eða mína nje heldur hjerað mitt. Jeg fann þó að þessu sinni ástæðu til þess að sækja um nokkrar nauðsynlegar fjárveitingar til hjeraðs míns. Á jeg þar við styrk til dragferju, fjárveitingu til rannsókna á vatnamálum og sandgræðslustyrk. Nd. tók vel í þessar umsóknir, en hv. Ed. fanst rjettlátt að fella tvær fjárveitingarnar niður, svo að nú stendur ekki nema ein eftir.

Vík jeg þá fyrst að dragferjunni yfir Hólsá. Mintist jeg á það við 3. umr., að umsóknin, eins og hún var þá, væri

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

miðuð við mælingar og rannsóknir þeirra Jóns Ísleifssonar verkfræðings og vegamálastjóra. Taldi Jón Ísleifsson, að ferjan myndi kosta 13500 kr., en samkv. áætlunum vegamálastjóra var kostnaður áætlaður 15000 kr. Við þm. kjördæmisins gengum inn á, að hjeraðið tæki að sjer helming kostnaðar, og fórum því fram á, að þingið veitti 7500 kr. Ætluðum við að vinna til að leggja á okkur helming kostnaðar. En Ed. feldi þessa fjárveitingu niður. Einn hv. þm. í Ed. tók málið upp í breyttri mynd að minni tilhlutun og fór fram á 1500 kr., gegn helmingi frá hjeraðinu. Skal jeg skýra frá því, hvernig á þeirri lækkun stendur. Í áætlunum Jóns Ísleifssonar og vegamálastjóra var gert ráð fyrir því, að ferjan gæti flutt hlaðinn bíl, og með því móti gat hún ekki kostað minna. En síðar komst Jón Ísleifsson og Landeyingar að því við nánari rannsókn, að mikil bót gæti verið að ferju, sem fermdi vörurnar af bílnum og ljeti annan bíl taka þær hinumegin. Með því móti væri hægt að komast af með 3000 kr.

Við þm. Rang. flytjum hjer brtt. á þskj. 646 sama efnis og áður hefir verið samþ. hjer, en Ed. feldi niður, að hækka sandgræðslustyrkinn úr 40 þús. upp í 52 þús., og gangi 12 þús. af þeirri upphæð til sandgræðslugirðinga á Rangárvöllum. Nú hefir hv. fjvn. fundið aðra leið, sem er ódýrari fyrir ríkissjóð, en dýrari fyrir okkur, en þó mun jeg láta til leiðast fyrir mitt leyti að taka brtt. okkar aftur, í þeirri von, að brtt. minni hl. fjvn. verði samþ.

Læt jeg svo úttalað um þetta mál. En á þskj. 646 á jeg eina brtt. enn. Hún er þess efnis, að liðurinn til Jóns Leifs falli niður. Ber jeg fram þessa till. í þeirri von, að okkur Rangæingum verði veitt sem því svarar til sandgræðslunnar. Ef við fengjum þörfum okkar lítilsháttar fullnægt í þessu efni, myndi jeg ekki setja mig upp á móti því, að Jón Leifs fengi þennan styrk, en mig fýsir að sjá, hvort hv. deild vill heldur styrkja þá, sem eiga að stríða við vatnabrot, sandfok og hverskonar náttúruörðugleika og láta Jón syngja svolítið minna, eða hið gagnstæða.

Jeg er ekki vanur því, að ræða brtt. annara þm. Þó get jeg ekki stilt mig um að minnast hjer á eina. Það er XXI. brtt. á þskj. 646, frá hv. þm. Barð., um að lækka styrkinn til stórstúkunnar um 2000 kr. Það er till., sem mjer líkar vel og jeg mun styðja, þó að þefað verði af mjer í kvöld eða á morgun eða hvenær sem það verður. Jeg leyfi mjer að síðustu að vænta þess, að hv. deild taki vel í þessar till. mínar, enda eru þær engar stórfeldar. Jeg er ekki vanur að betla fyrir hjerað mitt, enda er jeg ekki að því nú, en mjer finst Rangæingar eiga skilið að fá einhverja hjálp, þegar önnur hjeruð fá tugi þúsunda.

**Jón Ólafsson:** Eins og hv. þm. S.-Þ. gat um, stóð fjvn. ekki saman um neina brtt. við þessa umr. Hefir 2. minni hl. borið fram nokkrar brtt. og vil jeg gera nokkra grein fyrir þeim.

Vil jeg þá fyrst geta um till. 2. minni hl. um hækkun á framlögum til vegagerðar, eða með öðrum orðum um að færa fjárhæðir til vegagerða í sama horf og þær voru eftir 3. umr.

hjer í hv. Nd. Ed. hefir lækkað allar þessar fjárhæðir talsvert, og hefir það vakið allmikla óánægju ýmsra, sem vonlegt er. Okkur virðast ekki ríkar ástæður til þess að fara svo að. Við sjáum ekki, að það sje bein nauðsyn, þrátt fyrir það, þótt ýmislegt hafi slæðst inn í fjárl. í Ed., að færa þessa nauðsynlegustu pósta niður. Við höfum því lagt til að hækka tvo liði á tekjuhliðinni, til að vega á móti hækkuninni til vegagerða. Fyrri liður brtt. er um það, að aukatekjur sjeu áætlaðar 475 þús. í staðinn fyrir 450 þús. Þetta er bygt á reynslu undanfarinna ára. Þessi liður hefir hækkað um 30 þús. á ári í allmörg ár, og 1928 nam hann 468 þús. kr. Ef gera má ráð fyrir, að hann hækki um 30 þús. kr. þetta ár, eins og undanfarið, sjest, að þetta er varlega áætlað.

Þá höfum við viljað hækka vörutollinn um 25 þús. kr. Þessi liður er að vísu allhár, en þess ber að gæta, að hann hefir orðið hærri en við leggjum til, því að hann var 1600000 síðasta ár. Finst okkur því, að ekki sje sjerstaklega óvarlegt að áætla liðinn 1375000 kr. og ekkert óforsvaranlegt, að þessu athuguðu, þótt við leggjum til, að 65 þús. af vegafje verði aftur settar í fjárl., þegar þess er gætt, að með þessari hækkun á tekjuhliðinni fást 50 þús. kr. og 18 þús. kr. eru enn til umráða í fjárhagsáætluninni. Með þessu móti standa tekjur og útgjöld nokkurn veginn í járnum, og af því að við álítum, að þingið eigi síst að leggjast á móti svo nauðsynlegum fjárveitingum sem framlögum til vegagerða, höfum við til frekari tryggingar hallalausri afgreiðslu á fjárl. lagt til með XXIX. brtt. á þskj. 646, að heimildin um kaup á Gutenberg væri látin niður falla. Við teljum, að ekki sje gott að sjá, hvernig þetta fyrirtæki reynist. Getur vel verið, að ekki sje óheilbrigt að reka það, ef vel er á haldið, en vel gæti og svo farið, að landið hefði þess engar nytjar, nema síður væri. Um þetta vantar alla vitneskju enn, enda þótt gert væri ráð fyrir á síðasta þingi, að stj. ljeti rannsaka málið.

Þetta hefir algerlega skotist yfir hjá hæstv. stj., því að þessi till. kemur eins og andinn úr sauðarleggnum við 3. umr. í Ed., og til Nd. kemur hún án allra upplýsinga um það, hvernig þetta fyrirtæki liti út, ef í það væri ráðist. Okkur finst viðsjárvert að ráðast í þetta, þar sem upplýsingar um málið eru mjög litlar og okkur gafst ekki tími til að rannsaka það neitt, þar sem það er lagt fyrir þingið á síðustu stundu. Og mjer virðist, að hv. þdm. ætti ekki að vera það kappsmál að koma þessari till. fram, að ekki mætti fella hana niður um sinn, svo að hægt væri að athuga hana nánar. Það kann að vera, að rannsókn leiði það í ljós, að fyrirtækið geti verið arðvænlegt fyrir ríkið, en jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það geti orðið viðsjárvert. Þessi fyrirtæki geta að vísu borið sig, vegna þess, að þau hafa nærri ótakmarkað vald til þess að láta hvern þann, er línu les í þessu landi, greiða til þessarar starfsemi þann skatt, er fullnægir allri ráðleysu. Kvarta bókaútgefendur og rithöfundar sáran yfir því, að það sje nær ókleift að gefa út svo ódýrar bækur, að almenningur geti eignast þær. Jeg hygg, að enda þótt ríkið eignaðist þessa prentsmiðju og hún annaðist út-

gáfu bóka, myndi prentkostnaður verða sá sami og áður, ef ekki meiri. Frá mínu sjónarmiði er þetta því athugavert, og er ekki líklegt, að fyrirtækið gefi mikinn arð, nema þá að nota sjer það að setja verkin svo hátt, þrátt fyrir óeðlilega hækkun, að fyrirtækið geti borið sig.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar till. Þær eru allar í þá átt að færa fjárl. í það horf, sem þau voru í, þegar þau voru afgr. frá hv. Nd., og vænti jeg þess, að hv. þdm. hafi ekkert við það að athuga.

**Gunnar Sigurðsson:*** Hv. samþm. minn (EJ) hefir nú talað fyrir þeirri till., er við flytjum saman, og hefi jeg þar litlu við að bæta. Hv. samþm. minn hefir nú tekið sína till. aftur, sandgræðslustyrkinn, og gengið inn á till. minni hl. fjvn., að styrkurinn nemi 10 þús. kr. Hv Ed. feldi þennan styrk niður, og er þetta því mikil bót í máli, þótt jeg hefði heldur kosið, að till. hv. þm. yrði samþ.

Þá höfum við, hv. samþm. minn og jeg, borið fram brtt. við 13. gr. B. III., nýr liður: Til dragferju á Hólsá, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, alt að 1500 kr. Jeg skal taka það fram, að jeg er óánægður yfir því, að betri leiðin var ekki tekin og gerð örugg dragferja, sem tekið gæti bíla, eins og fyrst var til ætlast. Veit jeg ekki, hvort hlutaðeigandi hreppar sætta sig við, að þessi leið verði tekin, en treysti þó því, að þeir geri það, og vona jeg, að hv. deild samþ. þennan litla styrk.

Þá á jeg brtt. á sama þskj., sem jeg flyt ásamt hv. þm. N.-Þ., til Finns Jónssonar listmálara, 10 þús. kr., til þess að byggja vinnustofu, gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar. Jeg veit, að flestir hv. þm. hafa heyrt talað um þennan málara. Hann hefir stundað nám bæði við listskólann í Kaupmannahöfn og Dresden, og hefir verið lokið miklu lofsorði á hann bæði hjer og erlendis. Nú vil jeg benda hv. þdm. á það, að hjer er aðeins um lán, en ekki styrkveitingu að ræða. Ennfremur vil jeg geta þess, að þessi leið hefir verið farin áður, t. d. hvað snertir Einar Jónsson myndhöggvara, og mun það verða þjóðinni til ævarandi sóma. Samskonar lán hefir einnig verið veitt Ásgrími Jónssyni og Jóni Stefánssyni. Því er svo farið um listamenn okkar, að þeir eiga yfirleitt við mjög örðug kjör að búa, einkum sökum fámennis. Jeg tel, að það myndi margborga sig, að ríkið legði eitthvað af mörkum til þessara manna, annaðhvort sem lán eða styrki, því að á því getur enginn efi leikið, að einhver þeirra mun vinna þjóð sinni það gagn, er margfaldlega svarar þeirri fjárhæð, er fram væri lögð.

Þá hefir minni hl. fjvn. borið fram hækkunartill. á styrk til akvega. Jeg hefi jafnan verið því fylgjandi að auka samgöngur á landi, en þó neyðist jeg til þess að greiða atkv. gegn till. hv. minni hl. Er það þó ekki vegna þess, að jeg skilji ekki nauðsyn þess að leggja þessa vegi, heldur vegna þess, að jeg met það meira, að fjárl. verði afgr. tekjuhallalaus frá þinginu að þessu sinni, og vænti jeg þess þá ennfremur, að þessir vegir verði bættir á næstu árum.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg á þrjár brtt. á þskj. 646. Áður en jeg kem að þeim, þykir mjer þó rjett að geta þess, að jeg hefði helst kosið, að gengið yrði að fjárl. óbreyttum eins og þau komu frá hv. Ed. Er það þó ekki fyrir þá sök, að jeg sje ekki ýmsum liðum þeirra ósamþykkur, en jeg geri ekki ráð fyrir því, að þau batni neitt í meðförum þessarar hv. d., ef af líkum má ráða. En úr því að það varð ofan á, að fjvn. gerði brtt. við fjárl., svo og aðrir þm., má telja víst, að þeim verði eitthvað breytt, og sá jeg þá ekki ástæðu til annars en að koma með nokkrar brtt., þótt fáar sjeu.

Það er þá fyrst XII. brtt., við 15. gr. 14., nýr liður: Til útgáfu 50 ára minningarrits Möðruvallaskóla 1000 kr. Við 3. umr. fjárl. í þessari hv. deild bar jeg fram till. sama efnis ásamt átta öðrum hv. þm. Þessi till. var feld, þótt furðulegt sje. Skal jeg ekki endurtaka það, sem þá var mælt fyrir þessari till., en aðeins geta þess, að þetta rit verður eitthvert hið merkasta í sinni röð, mikilsverður kafli menningarsögu okkar Íslendinga á síðustu 50 árum. Það hefir hingað til verið talið sjálfsagt að styrkja slík rit, og sje jeg ekki, að hv. Nd. geti sóma síns vegna synjað um þessar 1000 kr.

Sá maður, sem annast á um ritstjórn og útgáfu ritsins, Sigurður Guðmundsson skólastjóri á Akureyri, er að dómi allra, sem til hans þekkja, svo vel til þess fallinn, að fullvíst má telja, að ritið verður hið prýðilegasta og fróðlegasta í alla staði.

Þá er XXVII. brtt. á sama þingskjali, að í stað þess að nú er heimilað að greiða Eimskipafjelagi Íslands styrk að upphæð 85 þús. kr., verði stj. gefin heimild til að kaupa hluti í fjelaginu fyrir sömu upphæð. Jeg vildi mega ætla, að óþarft væri að hafa mörg orð fyrir jafnsjálfsagðri till. og þessi er. Eimskipafjelagið hefir notið 60 þús. kr. styrks til strandferða á hverju ári, auk þess sem það er með lögum undanþegið ýmsum skattgjöldum. Síðan árið 1924 hefir það einnig notið aukastyrks, svo sem nú skal greina:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1924 | .... | 60 þús. kr. |
| — 1925 | .... | 60 — — |
| — 1926 | .... | 85 — — |
| — 1927 | .... | 85 — — |
| — 1928 | .... | 85 — — |

og í fjárl. þessa árs eru því enn ætlaðar 85 þús. kr. Auk þess er það upplýst, að stj. hefir lofað stj. Eimskipafjelagsins 11 þús. kr. til þess að jafna kaupdeilurnar á síðasta nýári, m. ö. o. keypt fjelagið með þessari upphæð til þess að losa skip sín, láta þau ganga. Samtals hefir þá ríkissjóður lagt til fjelagsins þessi 6 ár — auk strandferðastyrksins, 60 þús. kr. á ári — nærri hálfa milj. króna sem hreina og beina gjöf til hluthafa fjelagsins. Nú á ríkissjóður að vísu nokkra hluti í Eimskipafjelaginu, en það er svo lítill hluti af öllu hlutafjenu, að aðrir hluthafar bera ríkissjóð gersamlega ofurliði. Mjer virðist sjálfsagt, að ríkissjóður öðlist hluthafarjettindi í samræmi við það fje, er hann leggur fram til fjelagsins, því að fyrir afkomu fjelagsins út á við skiftir það engu, hvort það fær peningana sem styrk eða hlutafje.

Þá á jeg loks XXX. brtt. á sama þskj., að ríkisstj. sje heimilað að

ganga í ábyrgð fyrir lánum til sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði til kaupa á fiskiskipum, alt að ⅘ hlutum kaupverðs, samtals alt að 80 þús. kr., enda stofni þeir samvinnufjelag á sama grundvelli og Samvinnufjelag Ísfirðinga er reist á, setji samskonar tryggingar og hlíti sömu skilyrðum og sett voru fyrir ábyrgð ríkissjóðs fyrir láninu til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga í fjárl. yfirstandandi árs. — Eins og hv. þdm. er kunnugt, barst Alþingi umsókn frá tveim mönnum á Seyðisfirði, þar sem þeir fara þess á leit, að þeim verði veitt undanþága frá fiskiveiðalöggjöfinni, svo að þeir mættu taka um 5 þúsund skippund fiskjar af erlendum skipum til verkunar á Vestdalseyri, en þar eiga þeir eða hafa umráð yfir góðri fiskverkunarstöð. Jeg veit ekki, hvort hv. fjvn. þingsins hafa athugað þessa beiðni, en hvorug þeirra hefir lagt beiðninni liðsyrði. Á Seyðisfirði er gnótt fiskverkunarstöðva og mannafla, en verkefni lítil, svo að fólkið gengur þar atvinnulaust tímum saman. Þegar sýnt þótti, að þessi beiðni næði ekki fram að ganga, ritaði einn bæjarfulltrúanna á Seyðisfirði, Karl Finnbogason, Alþingi brjef, þar sem hann fór þess á leit, að stj. væri veitt heimild til þess að ganga í ábyrgð fyrir Seyðfirðinga, með sömu skilyrðum og sett voru fyrir ábyrgð til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga í fyrra. Í brjefinu er þess getið, að aðstæður sjeu svipaðar þarna eins og á Ísafirði. Þó skal það játað, að undirbúningur eystra er miklu miður og skemmra á veg kominn en á Ísafirði, en á það er líka að líta, að hjer er aðeins um að ræða ¼ þeirrar fjárhæðar, sem stj. var heimilað að ganga í ábyrgð fyrir til meðlima Samvinnufjelags Ísfirðinga. Ennfremur getur stj. gengið eftir þeim tryggingum, að öruggar þyki. Þættu mjer það æðiþungar búsifjar þeim Seyðfirðingum, ef þeim væri fyrst synjað um að taka fisk til verkunar, og einnig um allan styrk til þess að koma á útgerð, svo að þeir geti sjálfir aflað fisksins. Þeir væru þá jafnilla settir og áður. — Get jeg svo látið útrætt um þessa brtt. að sinni, en vísa að öðru leyti til ræðu minnar í fyrra í sambandi við ábyrgðina til Ísfirðinga.

**Halldór Stefánsson:** Þegar jeg lít yfir brtt. þær, sem fyrir liggja á þskj. 646, þá verð jeg að segja það, að þær eru í heild sinni þess eðlis, að jeg fyrir mitt leyti hefði heldur kosið, að það hefði verið gengið að fjárl. óbreyttum eins og þau komu frá hv. Ed. En það mun nú ekki þýða um það að ræða; það mun ekki vera hægt að ganga á móti þeim straumi, sem sýnilega kemur fram í framburði allra þessara till. Jeg mun þó greiða atkv. á móti þeim flestum; ei að síður get jeg játað það, að mjer er heldur sárt um að þurfa að greiða atkv. á móti þeim hækkunartill., sem eru hjer til vega, en þar sem eftir standa þó allríflegar upphæðir til nefndra vega, og þar sem það hinsvegar er jafnan látið óátalið, þótt meiru fje sje varið til slíkra framkvæmda heldur en veitt er í fjárl. og fúslega samþ. eftir á, þá vænti jeg, ef fje verður á annað borð fyrir hendi í ríkissjóði, að þá muni stj. leyfa það, að eitthvað verði framkvæmt fram yfir fjárveitingar. — Jeg mun svo ekki tala meira alment um málið, en snúa

máli mínu stuttlega að einstökum brtt., og þó fáum.

Fyrri minni hl. fjvn. ber hjer fram till., sem merkt er V, um það, að fjárveitingin til Fjarðarheiðarvegar falli niður. Eftir annari aðstöðu þess hluta hv. n. get jeg vel skilið þessa till. hennar, og það því fremur, sem margir, sem kunnugir eru, eru hálfdeigir í þessu máli, eða a. m. k. hikandi. Jeg get meðal annars bent á samþykt sýslufundar N.-M., þar sem sýslunefndin gerir það að skilyrði, jafnframt því að hún samþ. áskorun um ríflegt framlag til vegar yfir Fjarðarheiði, að það verði ekki látið draga úr fjárveitingum til annara framkvæmda innan hjeraðsins.

Jeg verð að nokkru að viðurkenna ástæður hv. þm. S.-Þ. um það, að heiði þessi sje örðug yfirferðar sakir hæðar sinnar yfir sjávarflöt og snjóþyngsla, og því lítil líkindi til, að bílvegur komi þarna að notum nema minni hl. árs. Jeg hygg, að brekkurnar báðum megin heiðarinnar muni því sem næst ⅔ af allri lengd vegarins, og bílvegur yrði lengri í brekkunum vegna sneiðinga.

Sjálfur álít jeg, að mörg verkefni bíði enn óleyst á Austurlandi, sem brýnni nauðsyn sje á en þessum vegi. Vil jeg því til stuðnings benda á, að þjóðvegir á Hjeraði eru að mínum dómi lítt ræktir á meðan t. d. ekki eru ætlaðar nema 10 þús. kr. til framlenginga aðalvegarins um hjeraðið. Stórvötn hjeraðsins eru enn óbrúuð á stöðum, sem ekki hafa verið nefndir enn í þingsalnum, og tel jeg þó, að fyr ætti að veita fje til brúa yfir þau en að leggja veg yfir Fjarðarheiði. Jeg álít einnig, að fyr bæri að auka vegakerfi um Hjeraðið og vil þá í því sambandi minna á, að jeg hefi borið fram till. við vegalögin um að tengja þjóðveginn við þá einu höfn, sem er við Hjeraðsflóa, en það er Unaós. Enn er ekki útsjeð um hvernig fer um afgr. þeirrar till. Þó má geta þess, að hv. samgmn. hefir ekki sjeð sjer fært að mæla með henni, og tel jeg það þó standa nær en akveg yfir Fjarðarheiði.

Þá vil jeg minna á aukning símakerfisins þar austur frá; margt brýnt verkefni er þar óleyst. Auk ýmsra símalína, sem þegar hafa verið teknar upp í lögin, en eru ólagðar enn, hafa nýjar línur verið samþ. á þessu þingi. Allar þessar framkvæmdir verða að teljast nauðsynlegri en akvegur yfir Fjarðarheiði, og bíða margir þeirra með mikilli óþreyju.

Loks vil jeg benda á eitt framkvæmdaatriði enn, sem að vísu er ekki fjárfrekt, en mikill áhugi manna á milli um að geta hrundið af stað sem allra fyrst, en það er að gera Lagarfljót fiskgengt og í sambandi við það fiskirækt í ám og vötnum Fljótsdalshjeraðs. Jeg bar fram við fyrri umr. fjárlagafrv. í þessari hv. deild till. í þessu efni, ásamt hv. 1. þm. S.-M. En sú till. fann ekki náð fyrir augum hv. þdm. og var feld. Nú er borin fram á ný till. um sama efni, en upphæðin lægri, og mun jeg víkja að henni síðar.

Af þessum ástæðum, sem jeg hefi nú rakið um stund, má sjá, að mörg verkefni bíða óleyst austur þar, sem öll ætti þó fyr að leysa en að lagður sje bílvegur yfir Fjarðarheiði. Býst jeg við, að ef byrjað verður á þessum vegi áður en önnur verkefni, sem jeg hefi nefnt, verða leyst af hendi, þá verði það til þess að draga úr fjárveitingum til þeirra og til ýmsra fram-

kvæmda annarsstaðar á landinu, sem nauðsynlegri verði þó að teljast. Og hver er svo ávinningurinn við þennan ½ milj. kr. veg? — Hann er sá, að hægt væri að fara á bílum á milli Fljótsdalshjeraðs og Seyðisfjarðar ca. 3 mán. ársins, í stað þess að fara á hestum. En Fljótsdalshjerað hefir — eins og kunnugt er — bílveg til Reyðarfjarðar.

Jeg skal þá minnast á, hvað vinnast mundi með því að fá bílveg yfir Fjarðarheiði í stað vegar, sem sæmilega væri haldið við sem hestavegi. Bílvegur yfir Fjarðarheiði mundi ekki fær bílum nema 3—4 mánuði á ári, og yrði það þó misjafnt og algerlega undir árferðinu komið. Sje litið á það, hvað há fjárhæð er ætluð til vegarins nú og hinsvegar athugað, hvað akfær bílvegur yfir heiðina kostar í heild, þá sjer maður fram á, að með álíka háu fjárframlagi á ári muni það taka um 16—18 ár að gera bílfæran veg yfir Fjarðarheiði, svo að slíkar framkvæmdir kæmu ekki til nota fyrir eldri hluta núlifandi kynslóðar. Ef á annað borð á að ráðast í að leggja þennan veg, þá er ekki forsvaranlegt, að það standi yfir nema 4—5 ára skeið, þá gæti vegurinn komið núlifandi kynslóð að notum og jafnframt styttri tími sem lagning hans yrði hemill á öðrum nauðsynlegri framkvæmdum.

Af þessum ástæðum, sem nú eru taldar, verð jeg að segja það, að lítil eftirsjón mundi mjer þykja í því, þó að fjárveiting þessi fjelli niður að þessu sinni, enda væru það hláleg örlög mála að austan, ef smávægilegar till, um fjárveitingu til brýnustu hluta yrðu feldar, en aðrar stærri samþ., og það till., sem tvímælalaust eru rjettminni og ýmsir telja rjettlausar með öllu.

Þá vil jeg að lokum leyfa mjer að víkja fáeinum orðum að brtt., sem jeg ber fram ásamt hv. 1. þm. S.-M. og er sú XX. í röðinni á þskj. 646. Brtt. þessi fer fram á fjárveitingu til þess að gera Lagarfoss laxgengan, ⅓ kostnaðar, alt að 3500 kr. Eins og jeg drap á áðan, höfum við borið fram við fyrri umr. fjárl. till., er fór í sömu átt, en var þó talsvert víðtækari. Þar var tekin með bygging klakhúss og ennfremur farið fram á nærri helmingi hærri upphæð til fossins sjálfs, og fram yfir venju, með því að biðja um ⅔ kostnar, í stað þess að venjan er, að styrkur ríkisins er ⅓ kostnaðar. Ástæðunni til þessa hefi jeg lýst áður, og er hún samkvæmt áliti Pálma kennara Hannessonar og náttúrufræðings: að þar sem ekki þarf að vænta tekna af þessari starfsemi fyrr en jafnvel eftir áratugi, en hinsvegar hefði slík tilraun í allstórum stíl almenna þýðingu fyrir landið, þá væri ekki nema rjett, að ríkið ljeti nokkru meira fje af höndum í þessu efni en venja hefir verið til áður. En sú till. átti hvorki þeim skilningi að mæta nje þeim vinsældum að fagna hjá hv. þdm., að hún næði samþ.

Með þeirri till., er við berum nú fram, er aðeins farið fram á endurveiting á styrk, sem staðið hefir í fjárl., en ekki verið notaður. Þó skal jeg ekkert fullyrða um það, hvort ráðist muni í þessa framkvæmd fremur en áður, en taldi þó rjettara að heimila styrkinn, því það er altaf leiðinlegt, ef það kemur á daginn, að neitun Alþingis um smávægilega fjárveitingu standi í vegi fyrir nytsömum tilraunum í þarf-

ir almennings. Hinsvegar þarf þá ekki að greiða þessa upphæð, ef ekki verður ráðist í að gera fossinn laxgengan.

Jeg get varla hugsað mjer, að till. þessi verði feld, þar sem samþ. hefir verið till. um endurveiting á styrk til þess að gera foss í Norðurá laxgengan, og þar sem þingið hefir ennfremur sýnt áhuga sinn fyrir þessum málum með því að veita manni í Húnavatnssýslu styrk til fiskiræktar í vötnum norður þar.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg hefi leyft mjer að flytja brtt. ásamt tveim öðrum hv. þdm., þar sem farið er fram á, að styrkurinn til Fjettastofunnar verði hækkaður upp í það sama og hann hefir verið undanfarin ár, en eins og menn hafa sjeð, var hann færður niður í frv. hæstv. stj.

Ástæðan til þess, að styrkurinn var lækkaður, mun aðallega hafa verið sú, að skeytasendingar höfðu lækkað í verði, og áleit þá hæstv. stj., að stofan mundi komast af með minni upphæð til starfsemi sinnar. En starf Frjettastofunnar hefir allmjög aukist, og meðfram vegna þess, að hún hefir tekið að sjer útvarpsfrjettir landssímans ríkinu að kostnaðarlausu, en sú starfsemi fjelli niður, ef styrkurinn lækkaði. Er hjer um lítið annað að ræða en tilfærslu á fje úr einum vasanum í annan, því að mestur hluti kæmi aftur í landssjóðinn fyrir skeytasendingar. Jeg get því varla trúað öðru en að hv. d. fallist á till. þessa, þegar sýnt er, að hægt er að kaupa mikil þægindi á ódýran hátt.

Eins og kunnugt er, hefir Frjettastofunni verið haldið uppi af flestum aðalblöðum höfuðstaðarins, en það eru þessi eftirtalin blöð: Tíminn, Vörður, Morgunblaðið, Ísafold, Vísir og Alþýðublaðið. Er með þessari upptalningu sýnt, að hjer er um algerlega ópólitíska stofnun að ræða, þar sem að henni standa blöð af öllum stjórnmálaskoðunum, enda hefir Frjettastofan reynst hlutlaus í frásögn sinni, og er það ekki lítill kostur í því moldviðri, sem vitlaus blöð þyrla upp til þess að lita frásagnir sínar. Það er því ekki lítið áríðandi fyrir allan landslýð að hafa frjettastöð, sem vitað er um, að treysta má, að segi satt og rjett frá því, sem gerist. Auk þess eru mörg blöð úti um landið, sem njóta frjetta stofunnar, og frjettafjelög stofnuð víðsvegar um land, sem standa í sambandi við þessa starfsemi, og í þriðja lagi safnar Frjettastofan saman öllum frjettum landssímans um skipakomur, veðráttu o. fl. og útvarpar þeim fyrir ríkið. Og þar sem liggur í loftinu að stofna hjer radióstöð, þá liggur í augum uppi, að þörf er á slíkri starfsemi sem þessari, að senda frjettir með útvarpi á meðan stöðin tekur ekki til starfa. Þetta er bæði ódýrt og þarft, og það sem mestu skiftir, eins og jeg hefi tekið fram, að allir eru sammála um hlutleysi Frjettastofunnar, af því að blöð allra flokka halda henni uppi.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Það er nú þegar ljóst orðið, af þeim sæg brtt., sem fyrir liggur, að hv. fjvn. hefir ekki getað orðið sammála um afgr. fjárlagafrv., og tel jeg það illa farið. Því að standi hv. fjvn. saman eins og að undanförnu, þá getur hún að miklu leyti ráðið um afgreiðslu fjárl. í deildinni.

Jeg skal þá ekki draga neina dul á

það, að jeg mundi helst kjósa, að frv. tæki sem minstum breyt. frá því hv. Ed. lagði síðustu hönd á það. Jeg geri líka ráð fyrir, ef miklar breytingar verða gerðar nú, að þær fari í þá átt að hækka útgjöldin að óþörfu, og gætu þá orðið þess valdandi, að hv. Ed. vildi ekki samþ. frv. óbreytt og tæki þann kost að senda það í sameinað þing.

Þegar litið er yfir brtt. þær, sem fyrir liggja, leynir sjer ekki, að þar er um margar afturgöngur að ræða, sem búið er að fella í báðum deildum. Og um flestar þessar till. verð jeg að segja það, að mjer fyndist enginn skaði skeður, þó að þær væru feldar.

Jeg ætla mjer ekki að gera að umtalsefni einstakar brtt., sem hafa í sjer fólgnar litlar breyt. til útgjalda. Heldur mun jeg aðallega snúa mjer að till. hv. fjvn., sem er þó tvískift og ber till. sínar fram í tvennu lagi, án þess að um nokkurn meiri hl. sje að ræða.

Jeg vil þá fyrst snúa mjer að brtt. um að fella niður fjárveitingu til Fjarðarheiðarvegar, og er þessi till. í raun og veru sú einasta af öllum brtt., sem fyrir liggja, er jeg tel sjálfsagt, að verði samþ., og því harðánægður, þó að allar aðrar brtt. fjellu.

Jeg held, að það beri ekki nauðsyn til að færa rök fyrir því í þetta sinn, hvers vegna liður þessi eigi að falla niður, enda hefir oft verið um það talað, og nú síðast tekið mjög greinilega fram af hv. 1. þm. N.-M., sem telja má, að þekki alla málavexti betur en nokkur annar hv. þdm. Hinsvegar er vitað, að með þessari fjárveitingu er verið að leggja til, að byrjað verði á stórfyrirtæki, sem kosta mundi ríkissjóð um ½ milj. króna um það er lokið er. Það er ekki upphæðin ein, eða þessar 27 þús. kr., sem veltur á, heldur hitt, að ef Alþingi byrjar með að veita þetta, þá verður það skoðað óbeinlínis sem loforð um það, að halda veginum áfram uns lokið er við að leggja hann. Ef taka á þennan veg fram yfir ýmsa aðra vegi, sem nú eru í smíðum, þá hlýtur framlenging þessa dýra vegar að draga úr framlengingum margra vega, sem nauðsynlegra væri þó að láta ganga fyrir. Seinna meir, þegar búið er að ljúka þeim aðalvegum, sem nú eru í smíðum, má vel vera, að sæmilegt verði talið að leggja veg yfir Fjarðarheiði, ef peningar eru þá fyrir hendi, en sem stendur verður það hvorki talið tímabært nje forsvaranlegt. Því að vitanlegt er, að þarna er um fjallveg að ræða í einhverju versta og snjóamesta hjeraði landsins. Jeg held, að allir, sem til þekkja, játi, að akvegur yfir Fjarðarheiði komi ekki að notum nema yfir hásumarið. Það geta komið fleiri ár í röð, að ekki væri hægt að nota veginn til bílaflutninga þann tíma, sem bændum er mest þörf á að ná til hafnar með afurðir sínar og að birgja sjálfa sig upp með vörur, en það er bæði að vor- og haustlagi.

Jeg sje, að þessi sami hv. minni hl., sem flytur till. um að fella Fjarðarheiðarveginn, á hjer aðra brtt. á sama þskj. um að hækka liðinn til sandgræðslu um 10 þús. kr., með þeirri aths., sem þar getur. Jeg skal ekki mæla sjerstaklega á móti þessari hækkun, þó að jeg hinsvegar verði að álíta, að sæmilega sje lagt fje til sandgræðslu eins og liðurinn er nú í frv. og því óþarft að hækka hann um 10 þús. kr. En eins og jeg tók fram, er jeg ekki

með þessu að leggja beinlínis á móti hækkuninni.

Hinn minni hl. hv. fjvn. ber fram till., sem fer fram á að hækka dálítið tvo tekjuliði, og aðra til aukinna útgjalda. Mjer skilst, að till. þessar vegi nokkurn veginn salt, enda mun það hafa vakað fyrir þessum hl. fjvn. að hækka ekki útgjöldin nema að benda á jafnháa upphæð teknamegin. En þó að tekjubálkurinn sje hækkaður um 50 þús. kr. til þess að geta eytt jafnhárri upphæð, þá bætir það ekki afkomu ríkissjóðs, enda er hjer aðeins um að ræða tilfærslu á pappírnum, sem vega á upp á móti auknum útgjöldum. Raunverulega vaxa tekjurnar ekkert, en útgjöldin hækka um 50 þús. kr. Þess vegna er ekki um annað að ræða en aukin útgjöld úr ríkissjóði. En með því að hv. Ed. hefir lækkað tillög til ýmsra vegagerða frá því, sem þessi deild gerði ráð fyrir, þá var með því dregið raunverulega úr útgjöldum ríkissjóðs. En nú er hjer farið fram á, að útgjaldabálkinum sje kipt í sama horf og áður en fjárl. gengu til hv. Ed., auk þess sem fjvn. eða nokkur hluti hennar hefir lagt til að bæta allmörgum útgjaldaliðum inn í. Að mínu viti miða till. þess minni hl. fjvn., sem á 1. lið á þskj. 646, ekki til þess að minka hinn raunverulega tekjuhalla fjárl., enda flytur sá minni hl. einnig margar hækkunartill. á útgjaldabálkinum. Ef fjárl. eiga að fá sæmilega afgreiðslu, þá verður að draga úr útgjöldunum. Nú ber á það að líta, að framlag það, sem fjárl. gera ráð fyrir eins og þau koma frá Ed., að veitt verði til vegamála, er svo mikið, að það hefir aldrei verið þvílíkt. Tel jeg mjög vafasamt, hvort nægilegar ástæður sjeu til þess að veita meira fje til vegagerða árið 1930 en fjárlagafrv. gerir nú ráð fyrir. Ef næsta ár verður góðæri til lands og sjávar, getur vel farið svo, að atvinna verði svo mikil í landinu, að menn fáist ekki til að vinna við vegagerðir. Þetta er nú að vísu aðeins spádómur, en mjer þykir þó engan veginn ósennilegt, að hann kunni að rætast, ef árferði verður gott. Hinsvegar get jeg vel skilið það, að menn þykist verða fyrir vonbrigðum, þegar farið er að lækka fjárframlög þau, sem þeir hafa gert sjer vonir um í þessu skyni. En það eru takmörk fyrir þoli ríkissjóðsins, og menn verða oft að neita sjer um margt það, er þeir ella myndu kjósa. Jeg greiddi sjálfur atkv. með því, að framlag til vegagerða í mínu hjeraði væri lækkað um þriðjung. Lágu til þess þær orsakir, að jeg mat meira sparnað á útgjöldum ríkisins heldur en hagsmuni míns hjeraðs. Vil jeg nú vænta þess, að hv. þdm. geti fallist á að neita sjer um þessar smáupphæðir, sem feldar hafa verið niður í Ed. Verð jeg þess vegna að mæla gegn því, að till. minni hl. fjvn., sem felast í IV. lið á þskj. 646, verði samþ., og yfir höfuð allar þær till., sem miða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, úr því sem komið er. Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fara út í einstakar brtt.; hefi þegar lýst skoðun minni alment á málinu. Vildi jeg óska þess, að fjárl. tækju sem minstum breyt. frá því, sem þau nú eru.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg vildi aðeins bæta nokkru við það, sem hæstv. fjmrh. sagði um fjárframlög ríkisins til vegamála á árinu 1930. Annar minni hl. fjvn. vill láta þau haldast óbreytt.

eins og hv. Ed. gekk frá þeim. Nú býst jeg við, að mönnum verði þessi lækkun bærilegri, er þeir hyggja að því, að ef næsta ár verður jafngott með vinnu og yfirstandandi ár, þá er alls ekki hægt að framkvæma allar þær vegalagningar og aðrar framkvæmdir, sem fje hefir verið veitt til. Nú er svo ástatt, að ekki er hægt að fá menn til þess að gera þær framkvæmdir, sem lögákveðnar eru. T. d. hefir vegamálastjóri tjáð mjer, að hann hafi ekki getað látið gera vegarspotta að brúarstæði einu á Suðurlandi, vegna vantandi mannafla, og þar af leiðandi ekki getað komið máttarviðunum í brúna á brúarstæðið í tæka tíð. Hinsvegar sje brúin smíðuð og ekki standi á öðru en mannafla til þess að koma henni upp. Þessu er vert að gefa gaum, því enda þótt gott sje, að opinberar framkvæmdir sjeu eins miklar og mögulegt er, þá er þýðingarlaust að gera ráð fyrir þeim meiri en svo, að hægt verði að hrinda þeim í framkvæmd. Ef næsta ár verður hinsvegar harðæri og tekjur ríkissjóðs rýrari en þær eru áætlaðar nú, þá er ekki um nema tvent að velja fyrir stj., að taka lán til þeirra framkvæmda, sem fjárl. gera ráð fyrir, og væri það út af fyrir sig forsvaranlegt, eða hitt, að draga saman seglin á sviði verklegra framkvæmda. Nú er það vitanlegt, að hvorki þing nje stj. getur vitað nokkuð fyrir um það, hvernig árferði verður næsta ár. Stj. verður því að vera við því búin að láta ekki framkvæma alt, sem fjárl. gera ráð fyrir. Sú leiðin verður æ heppilegri en hin, að safna lausaskuldum sem þessu svarar. Að þessu vel athuguðu ættu þeir hv. þm., sem óánægðir eru með þessa lækkun, að geta sætt sig við hana, enda mega þeir vel skilja það, að ef illa árar, þá getur ríkið ekki staðið við fjárlögin út í æsar. Ætti þingið að sjá sóma sinn í því að ganga vel og tryggilega frá fjárl., í stað þess að hver einstakur þm. reyni að ota sínum tota og síns kjördæmis.

Þá hefir hv. 1. þm. Reykv. flutt till. um að veita einkaskóla einum í Reykjavík 2000 kr. ríkisstyrk. Hjer er að vísu ekki um stórvægilega upphæð að ræða, en hinsvegar skal jeg einungis benda á það, að þessi skóli er stofnaður af fólki, sem eigi vildi láta svo lítið að nota skólastofnanir ríkisins, eða leit svo á, að það þyrfti þeirra ekki með. Heldur ríkið þó uppi tveim slíkum almennum skólum, sem Reykvíkingar hafa aðgang að og betri aðstöðu en aðrir landshlutar. En við því er ekkert að segja, þótt menn stofni og starfræki einkaskóla, en vitanlega verða þeir að ala önn fyrir þeim sjálfir og upp á sinn kostnað. Þessi skóli hefir öll einkenni þeirra einkaskóla, sem algengir eru meðal efnaðri stjettanna erlendis; að þeim stendur fólk, sem vill hafa sjerstaka kenslu og með sjerstöku sniði handa sínum börnum. Það er fjarri mjer að álíta nokkuð óheilbrigt við þetta; að mínu viti eru mörg verkefni fyrir slíkan einkaskóla í bæ upp á 25 þús. íbúa. Að jeg er því fremur mótfallinn, að þessi skóli sje tekinn upp á arma fjárveitingarvaldsins, kemur ekki til af andúð gegn skólanum sem slíkum, heldur af því, að jeg álít það tæplega hugsunarrjett. Þetta er stefnumál en ekki fjármál. Ríkið getur tæplega

byrjað á því að styrkja slíka skóla, vegna þess fordæmis, sem það gæfi með því. Hinsvegar á Reykjavíkurbær að bera hitann og þungann af þessum skóla, alt hvað hinir beinu hlutaðeigendur sjá ekki sóma sinn í því að leita ekki á náðir hins opinbera með þessa stofnun.

Þá vildi jeg gefa eina skýringu viðvíkjandi Flensborgarskólanum. Vildi jeg beina þeim tilmælum til hv. deildar, að hún ljeti ákvæði hv. Ed. standa óbreytt. Vona jeg, að deildin fallist á, að það sje ekki að öllu leyti heppilegt að láta ríkisskólanemendur greiða skólagjöld. Sú venja hefir þó viðgengist, enda er mjer kunnugt um, að þeirri reglu hefir verið fylgt víðast; a. m. k. er mjer kunnugt um, að bæði núv. og fyrv. rektor mentaskólans hafa gengið ríkt eftir skólagjöldunum. Nú hefir hv. 2. þm. G.-K. tekið þessa úreltu klásúlu upp aftur, að innanbæjarnemendur greiði skólagjöld eftir sömu reglum og við ríkisskólana, nema að þau renni í skólasjóð. Nú hafa skólagjöldin ekki verið innheimt í Flensborg síðastliðin 3 ár, og fjárlögin þar með þverbrotin 3 sinnum. Væri það ærin ástæða til þess að svifta þann skóla ríkisstyrk með öllu, ef ekki bæri fremur að líta á þörf æskunnar en verðleika forráðamannanna. Reyndar hefir engin landsstj. viljað fara svo harkalega að, en þetta dæmi sýnir ljóslega, hvaða afleiðingar það hefir að láta skólann starfa algerlega eftirlitslaust af hálfu hins opinbera, og styrkja hann sjerstaklega. Ef skólinn hinsvegar er settur á bekk með öðrum hjeraðsskólum landsins, eins og rjett er, þá getur fræðslumálastjóri litið eftir skólanum. Hingað til hefir skólanum verið afhentur ríkisstyrkurinn skilmálalaust og án nokkurs eftirlits, enda ber skólinn þess merki, að lítið er gert til að hlúa að honum. Jeg segi þetta ekki til áfellis neinum; það er ofureðlilegt, að skólinn sje ekki starfræktur á sem bestan hátt undir núv. fyrirkomulagi. Þess vegna gefur það að skilja, að full ástæða er fyrir ríkið að hafa eftirlit með þessari skólastofnun eins og öðrum hliðstæðum skólum. Með því er aðstandendum skólans gefið töluvert aðhald með að fara ekki illa með hann, en að öðru leyti gerir stj. ráð fyrir jafnháum styrk til hans og hv. 2. þm. G.-K. fer fram á. Það, sem á milli ber, er það, að í öðru tilfellinu er skólinn settur á bekk með öðrum unglingaskólum landsins og settur undir eftirlit kennslumálastjórnarinnar, en í hinu að láta hann starfa eftirlitslausan, eins og hingað til hefir viðgengist. Ætla jeg, að ekki þurfi orðum um það að eyða, hvort sje heppilegra, enda munu hv. þdm. sýna við atkvgr., að þeir hafi fullan skilning á þessu máli. Læt jeg svo úttalað um þetta atriði.

Þá hefir mjer borist til eyrna, að hv. 3. þm. Reykv. hafi, fyrir munn annars minni hl. fjvn., mælt á móti þeirri till., sem Ed. hefir tekið upp í fjárl., nefnilega að ríkið keypti prentsmiðjuna Gutenberg og starfrækti hana sem ríkisprentsmiðju. Mjer þykir ekki ósennilegt, að um þetta atriði verði nokkrar umr., sem líka sjálfsagt er, og því vil jeg leitast við að gefa nokkra skýringu á þessu máli.

Eins og hv. þdm. rekur minni til, var í fyrra samþ. þál. um það, að stjórnin ljeti rannsaka, hvort tiltækilegt væri að setja hjer upp ríkisprentsmiðju.

Stj. gerði þetta og fjekk hæfan mann til þess að takast þessa rannsókn á hendur. Niðurstaða hans var sú, að um þrjá möguleika væri að ræða. Í fyrsta lagi að reisa nýja prentsmiðju, kaupa vjelar, hús og allan útbúnað. Þetta væri nú að vísu ánægjulegast, en á það ber að líta, að ríkissjóður á í mörg horn að líta, og fer þá mjög eftir því, hvort handbært fje er fyrir hendi á þeim og þeim tíma. Og það er einnig hagkvæmara fyrir ríkisstj. að þurfa ekki að leggja nýja skatta á skattborgara landsins nje taka ný og ný lán til slíkra framkvæmda. Það eru almennar ástæður með og á móti þessari leið. Þá kemur önnur leiðin, að kaupa einhverja af prentsmiðjum bæjarins. Þær eru fjórar og þrjár af þeim gamlar. Sú stærsta þeirra er prentsmiðjan Gutenberg. Þar gerist mestur hluti þess prentverks, sem ríkið lætur vinna. Hinar eru Fjelagsprentsmiðjan og Ísafoldarprentsmiðja; þær eru báðar minni, en prentsmiðjan „Acta" er þeirra yngst og minst. Nú er sennilega ekki hægt að festa kaup á Fjelagsprentsmiðjunni nje Ísafoldarprentsmiðju með aðgengilegum kjörum, en hinar eru báðar fáanlegar til kaups eftir samkomulagsverði. Þess vegna er önnur leiðin í þessu máli að kaupa prentsmiðjuna „Acta" og þriðja leiðin að kaupa „Gutenberg", og það er sú leið, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Með kaupum á „Acta" mælir það, meðal annars, að henni fylgja nýjar vjelar og áhöld, en á móti mælir það, að hún er of lítil og húslaus, svo að yrði að byggja yfir hana. Hinsvegar er svo ástatt hjá „Gutenberg", að eigendurnir eru allfúsir að selja hana, enda þótt dráttur hafi orðið á formlegu tilboði. Niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem fram hefir farið að undirlagi stj., er sú, að þetta sje heppilegasta leiðin í þessu máli. Jeg verð að telja það mjög forsvaranleg kaup, ef landið fær prentsmiðjuna fyrir 150 þús. kr., eins og til orða hefir komið. Fylgja henni þá lóð, hús og vjelar. Það mun láta allnærri sanni, að sá sparnaður, sem við þetta ynnist, myndi greiða þetta fje á svo sem þremur árum. Jeg hefi í Ed. gert ráð fyrir 3—5 árum fyrir varúðarsakir. Það mun láta nærri, eftir þeim kunnugleikum, sem við leikmenn höfum til þessara mála, að ríkið greiði fimtungi meira fyrir prentun en það þyrfti, ef það ljeti sjálft prenta. Nú er prentað árlega fyrir um 300 þús. kr., og næmi þá sparnaðurinn 50—60 þús. kr. árlega. Nú er og fullvíst, að eigi þarf að kaupa nýjar vjelar nje önnur áhöld nje heldur að byggja yfir hana. Hinsvegar væri það ekki góð búmenska, ef ríkið reisti nýja prentsmiðju, en hafnaði kaupunum á „Gutenberg", vegna þess, að eins og sakir standa, þá er „Gutenberg" í raun og veru eign landsins, því að Landsbankinn á hana að mestu leyti. Hinsvegar má búast við, að ef landið hafnar þessum kaupum, þá muni Landsbankinn tapa þessu fje að mestu leyti. Þess vegna hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að lítil líkindi sjeu til þess, að landið láti reisa nýja prentsmiðju, þrátt fyrir ýmsa kosti þess, en að hinsvegar muni alt snúast um það, að yfirtaka eina af þeim gömlu prentsmiðjum, sem þegar eru til. Þá er auðvitað sjálfsagt að taka helst þá, sem nóg hefir húsrúm og fullnægt getur prentunarþörf landsins.

Viðvíkjandi fjárhagshlið þessa máls

skal jeg taka það fram, að kaupverðið er ekki nema sem svarar helmingi þess árlega prentunarkostnaðar, sem ríkið þarf að greiða. Áætlun við að kaupa „Gutenberg" er því ekki nema sem svarar missiriseyðslu ríkissjóðs fyrir prentvinnu. Hinsvegar má og geta þess, að fyrir rás viðburðanna bætast ný og ný verkefni fyrir landið á þessu sviði, t. d. þjóðvinafjelagsbækurnar. T. d. er það nú að gefa út hið stórkostlega rit um Jón Sigurðsson og nýtur í því skyni svo mikils styrks af ríkinu, að heita má, að sje um ríkisútgáfu að ræða. Ennfremur mun Menningarsjóður bráðlega hefja bókaútgáfu í stórum stíl, og má sú prentun teljast ríkisprentun. Loks má geta þess, að nú er í aðsigi að gefa út gullaldarrit Íslendinga, og hefir til þess verið valin sjerstök leturtegund, sem geymd er í „Gutenberg". Þetta sýnir, að það prentverk, sem ríkið hefir með höndum, fer sívaxandi, og að alt hnígur að því, að einmitt prentsmiðjan „Gutenberg" sje sjerstaklega til þess fallin að annast prentun fyrir ríkið.

Mjer finst það hafa mikið að segja, að útgefendur þessara gullaldarrita sem leggja sig í framkróka til þess að fá fráganginn sem allra prýðilegastan, þeir semja við Gutenberg. Á því er auðsjeð, að þeir gera ráð fyrir að fá þetta gert þar á myndarlegan hátt, enda er það ekki að efa.

Það virðist óhugsandi, að ríkið hafi skaða af prentsmiðjukaupunum, þar sem Landsbankinn er sá eiginlegi eigandi að Gutenberg. Gutenberg er vegna stærðarinnar vel fallin til þess að vera ríkisprentsmiðja. Húsið er að vísu gamalt, en það er á góðum stað í bænum, vjelarnar góðar og altaf hægt að bæta við þær. Má gera ráð fyrir, að hún endist ennþá í 25—30 ár með sæmilegu viðhaldi. Húsinu fylgir allstór lóð, og er það mikill kostur. Þegar á alt þetta er litið, húsið, lóðina og vjelarnar, þá er áreiðanlegt, að verðið er lágt í samanburði við, hvað það mundi kosta að byggja nýja prentsmiðju og kaupa alt til hennar. Ofan á þetta bætist, að salan verður ekki nema á pappírnum. Landsbankinn er sá virkilegi eigandi prentsmiðjunnar, því að hann hefir lánað henni stjórfje, og jeg efast um, að bankinn fái nokkurntíma þessa peninga aftur, ef kaupin fara ekki fram. Það er því hagsmunamál hans, að úr þessu verði. Ríkið getur alveg sagt fyrir um skilmálana. Það ræður því alveg, hvort það borgar Landsbankanum verð prentsmiðjunnar á 15, 20 eða 25 árum. Það er hægt að gera þessa verslun án þess að borga nema sárlítið af kaupverðinu í byrjun ársins 1930, en annars láta prentsmiðjuna borga sig á mörgum árum, því að hjer er aðeins verið að færa þessa eign frá einni stofnun ríkisins til annarar.

Menn geta væntst þess, að með þessu sparist ríkinu einar 40—60 þús. kr. á ári. Jeg ætla ekki að fara út í að líkja þessu við þjóðnýtingu, þó að sumir kalli það ef til vill því nafni. Jeg býst við, að þeir, sem ekki hafa trú á fjármálamensku núv. stj., geri ráð fyrir, að þetta verði í ólestri meðan hún fer með völd; en jeg vil þá benda þeim á það, að hún verður eflaust ekki eilíf í þessum valdasessi. Hvaða stj. sem er hlýtur að reyna að stjórna þessu fyrirtæki eftir bestu getu, og ef því er ekki vel stjórnað, þá geri jeg ráð fyrir, að andstöðu-

flokkarnir láti til sín heyra. Þessi mótbára er því ekki mikil á metunum, því að ef landið á annað borð eignast þessa prentsmiðju, þá verður hún áreiðanlega miklu langlífari heldur en eitt ráðuneyti.

Jeg hefi frjett, að hv. 3. þm. Reykv. hafi fundið að því að þetta mál skyldi koma svo seint fram, og skal jeg útskýra það stuttlega. Því er þar til að svara, að fjelagið, sem á Gutenberg, var svo lengi að afráða það við sig, hvort það ætti að selja prentsmiðjuna eða ekki. Það var leitað til þess strax um nýár viðvíkjandi þessu og óskað eftir skjótum svörum. Forstjórinn var hinn liðlegasti, en það er nú eins og gengur með þessi gömlu fjelög, að þau þurfa langan tíma til þess að taka svona mikilvægar ákvarðanir, og svarið kom ekki fyr en fjárl. voru komin til umr. í hv. Ed. Ef nokkuð átti að verða úr þessu á næsta ári, þá var ekki um annað að ræða en að fara fjárlagaleiðina. Þar sem Alþ. hafði óskað, að málið væri undirbúið, þá var það ekki nema sjálfsagt, og nú eiga menn kost á að kynnast þessu. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá er það áreiðanlegt, að á þessu mundu sparast a. m. k. 40—60 þús. kr. á ári, og munar þá mikið um hvert árið. Var því sjálfsagt að bera þetta fram undir eins og hægt var, og það því fremur, sem hver hv. þm. getur gert það upp við sjálfan sig, hvort honum finst hyggilegt að leggja út í þetta eða ekki.

Jeg mintist á það í hv. Ed., að á þeim tíma þegar hv. 3. landsk. var landsverkfræðingur, þá lá fyrir honum alveg sama vandamálið og hjer er á ferðinni. Hann stóð þá fyrir öllum brúargerðum og vegamálum landsins, og varð að kaupa öll áhöld og alt meiriháttar járnsmíði frá útlöndum. Þá fór svo fyrir honum, að hann sá sjer ekki annars úrkosta en að fá samþykki þáv. stj. til þess að setja á stofn landsverksmiðju, sem gæti haft þetta með höndum. Hann ljet síðan kaupa gamalt hús hjer í vesturbænum, sem var miklu ljelegra heldur en Gutenberg, og setti þar upp þessa smiðju. Í þessari smiðju eru smíðaðar allar járnbrýr og gert við áhöld, sem ríkið yrði annars að kaupa frá útlöndum. Jeg álít, að hv. 3. landsk. hafi sýnt alveg rjetta búmensku í þessu, og þáv. stj. gerði rjett í því að styðja hann í þessu máli, og Alþ. hefir einnig gert rjett með því að hlynna að þessu. Þarna var ekki um neina áhættu að ræða, ríkið var sjálft atvinnurekandinn og jafnframt kaupandi að framleiðslunni. Eins er ástatt með prentsmiðjuna. Ríkið á að reka hana sjálft, en leggur henni til verkefnið og kaupir alla hennar vinnu. Ríkið lætur Gutenberg prenta mikið fyrir sig á hverju ári og er besti viðskiftavinur hennar, en fær þó engin hlunnindi hjá henni. Það virðist því vera miklu hreinlegra, að ríkið eigi Gutenberg alveg og hafi sjálft af henni þann hagnað, sem hægt er. Ríkið getur lagt prentsmiðjunni til nóg verkefni, og þess vegna verður ekki um neina áhættu að ræða. Þetta er ekki sambærilegt við það, ef ríkið færi t. d. að gera út togara eða reka kúabú. Þá væri áhættan mikil vegna markaðsins, sem þá væri kominn undir þörf og kaupgetu neytendanna, og það er á þeim grundvelli, að því er haldið fram, að þjóðfjelagið geti ekki

lagt út í þetta. En hjer er engu slíku til að dreifa. Eins og allir vita, verður ríkið að láta prenta fyrir sig og hefir þannig sjálft sinn eiginn markað.

Það er auðvelt að gera hverjum leikmanni skiljanlegt, hvers vegna það getur verið gróðavænlegt fyrir ríkið að eiga Gutenberg. Hún er að vísu ekki gróðafyrirtæki nú, og það eru hinar prentsmiðjurnar ekki heldur. Þær eru víst allar heldur fátækar, nema ef til vill ein. Það gæti nú litið svo út, að það væri mótsögn í þessu, að þar sem Gutenberg ber sig tæplega eða ekki meðan hún er í eigu einstakra manna, þá væru ekki líkur til að ríkið gæti sparað neitt á að eiga hana. En þetta liggur í þeim kringumstæðum, að prentsmiðjurnar hafa ekki vissan markað fyrir það, sem þær prenta. Þær álíta, að einn markaður sje verulega góður, og það er ríkismarkaðurinn. Þar er mikil atvinna og skilvís borgun.

Það vill svo til, að prentsmiðjan Acta er í eigu eins af hinum mest áberandi andstæðingum mínum í stjórnmálum, en jeg er kunnugur manni, sem starfar þar, og hefi látið þessa prentsmiðju vinna ýmislegt fyrir mig. Það hittist líka svo á hjer á fyrri þingum, þegar jeg var í and stöðuflokki stj., að þá sá prentsmiðjan Acta um prentun á þáltill. og fyrirspurnum til stj. Á þeim árum fjekk jeg orð fyrir að framleiða nokkuð mikið af þessu, og þá var ekki laust við, að jeg fengi óorð af því að jeg væri að styðja þennan andstæðing minn með því að veita prentsmiðju hans góða atvinnu. Það var líka svo, að það munaði ekki svo lítið um þetta. Acta er lítil prentsmiðja, sú minsta af hinum stærri prentsmiðjum í bænum, og það skifti virkilega miklu fyrir hana, að mikið væri framleitt af þessu. Þetta voru bestu viðskiftin og voru mjög þýðingarmikil, þó að þau væru ekki meiri en þetta. B-deild þingtíðindanna, sem Ísafold prentar, er feitur biti, og kostaði sú prentun 30 þús. kr. í fyrra. Öll prentun fyrir það opinbera þykir mesti hvalreki fyrir prentsmiðjurnar. Það eru bestu viðskiftin, sem eru altaf vel og skilvíslega borguð. Prentun á hinum stærri dagblöðum eins og Vísi og Morgunblaðinu gefa líka mikla og örugga vinnu, en svo er líka þar með upp talið. Þegar þessu sleppir, prentun fyrir það opinbera og stærstu dagblöðunum, þá verða prentsmiðjurnar að leggja sig eftir óvissri atvinnu, og þar tapa þær. T. d. er það ekki lítið, sem allar prentsmiðjurnar hafa tapað á blöðum, sem gefin eru út í eitt ár eða skemmri tíma, en gefast svo upp í óbotnandi skuldafeni. Sama er að segja um marga bókaútgefendur. Þeir skulda stórar upphæðir í prentsmiðjunum, og mikið af þeim skuldum verður aldrei borgað. Þess vegna er það, að prentsmiðjurnar hafa ekki önnur ráð en að leggja mikið á skilamennina. Þeir verða að borga brúsann og taka á sig töpin, sem vanskilamennirnir eru valdir að. Þetta er alveg eins og í bönkunum, þegar þeir verða að taka háa vexti af skilamönnunum til þess að vinna upp töpin. Það er því áreiðanlegt, að ríkið verður að borga háa áhætturentu til prentsmiðjanna, af því að það er besti og stærsti viðskiftavinur þeirra, og sá viðskiftavinurinn, sem heldur þeim uppi.

Það, sem vinnst með því að ríkið

eigi sína eigin prentsmiðju, er aðallega það, að þá sleppur það við að borga þessa áhætturentu. Það lætur nær eingöngu vinna fyrir sjálft sig og sleppur þannig við að borga fyrir skakkaföllin, sem óskilamennirnir valda. Þetta er sparnaðarmöguleikinn. Þetta hefir verið á döfinni síðan í tíð Hannesar Hafsteins. Það sagði mjer einn af hans gömlu fylgismönnum, að hann hefði haft hug á að undirbúa þetta mál, en ekki endst aldur til að ljúka því. Það er ekki því að leyna, að þetta mál hefir mætt mikilli andstöðu hjá þeim, sem að prentsmiðjunum standa, því að þeir vilja ekki missa bestu viðskiftin, og jeg lái þeim það alls ekki. En þetta er einmitt besta sönnun þess, hvað það er góð búmenska hjá ríkinu að eiga sjálft prentsmiðju, en það verður auðvitað ekki eins gott fyrir þá, sem hafa haldið sjer uppi með ríkisprentun, sem er borguð 20—25% hærra heldur en þarf.

Jeg get líka bent á það, að með þessu nýja fyrirkomulagi verður hægt að viðhafa meiri hagsýni heldur en gert er. T. d. er nú svo ástatt, að skjalapartur þingtíðindanna er prentaður með annari línulengd en stjórnartíðindin, en það hefir í för með sjer, að það verður að rífa upp allan skjalapartinn og setja hann á nýjan leik í annari prentsmiðju. Þetta eru fjarstæð vinnubrögð, en svona verður það, af því að hver prentsmiðja vill reyna að fá sem mest af þessu fyrir sig og reynir að gera sem mest úr því verkefni, sem henni er fengið í hendur. Það eykur vinnuna, ef ráðdeildarleysið er nógu mikið.

Jeg get heldur ekki varist þeirri hugsun, þegar jeg lít yfir þetta stóra og fallega letur á Alþingistíðindunum, að þetta sje nú gert með vilja hjá prentsmiðjunum og í þeim tilgangi að fá meiri viðskifti.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. þdm. með fleiri dæmum og get látið þessi tvö nægja til þess að benda á, að það er áreiðanlega hægt að spara mikið með því að kaupa prentsmiðju. Jeg tel líka víst, að allir, sem ekki líta á þetta með hlutdrægni, hljóti að sjá, að hjer er um góða búmensku að ræða. Það er hægt að kaupa nógu stóra prentsmiðju alveg án þess að finna til áhættu, og verð hennar er ekki nema helmingur af árlegum prentunarkostnaði ríkisins. Prentsmiðjukaupin spara áreiðanlega 40—60 þús. kr. á ári, og þess vegna er um að gera að láta þetta ekki dragast lengur. Það munar mikið um þetta á hverju ári, og jeg get ekki sjeð, að ríkið sje svo vel efnum búið, að það hafi ráð á að fresta þessu lengur. Það er alveg ástæðulaust að vera gramur við stj. eða Gutenberg fyrir það, hvað þetta kom seint fram. Menn eiga bara að taka þessu tveim höndum, ef þeir á annað borð vilja vera „praktiskir“ og spara.

**Ólafur Thors:** Áður en jeg vík að till. þeim, sem jeg hefi sjálfur flutt, vil jeg fara örfáum orðum um till. þá, sem fram kom í hv. Ed. við 3. umr. fjárl., till. um að heimila stj. að kaupa prentsmiðjuna Gutenberg og starfrækja hana á kostnað ríkissjóðs. Jeg lít svo á, að þetta mál hafi tvær hliðar, formshlið og efnishlið. Og skal jeg

þá fyrst fara nokkrum orðum um formshliðina.

Málefni þetta er borið þannig fram, að það kemur ekki fram till. um kaup þessarar prentsmiðju fyrr en við 3. umr. fjárl. í Ed. Nú var það svo, að í fyrra var borin fram þáltill. í Sþ. á þskj. 772, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera fyrir næsta þing áætlun um stofnkostnað og starfrækslu ríkisprentsmiðju, er geti annast prentun ríkissjóðs og opinberra stofnana". Hjer er skorað á stj. að láta gera áætlun um stofnkostnað og starfrækslu ríkisprentsmiðju. Það hlýtur því að álítast, að það hafi verið vilji þingsins í fyrra, að slík áætlun yrði gerð og lögð fyrir þetta þing. Jeg fæ því ekki betur sjeð en með till. þeirri, sem hjer liggur fyrir, sje brotinn andi þál. frá í fyrra. Mjer er nú alls ekki kunnugt um, hvort nokkur rannsókn hefir farið fram um þessa hluti; þó minnist jeg þess, að hv. þm. Borgf. gat þess við eldhúsdagsumr., að maður að nafni Steingrímur Guðmundsson hafi fengið 1413 kr. fyrir vinnu við rannsókn á væntanlegri ríkisprentsmiðju. Hvort sem rannsókn þessi hefir verið framkvæmd eða ekki, þá er hitt þó víst, að árangurinn af henni hefir verið hulinn þeim, sem jeg hefi spurt um hana. Um manninn, sem rannsókn þessi hefir verið falin, veit jeg ekki annað en það, að hann kvað vera vjelsetjari. En sú kunnátta hans gefur ekki neitt til vitundar um það, að hann hafi verið fær til slíkra rannsókna sem þessara. Þó jeg viti þannig lítið um hæfileika þessa manns til þess að hafa rannsóknir þessar með höndum, þá veit jeg þó ennþá minna um niðurstöðuna af rannsóknum hans. Get jeg því ekki annað sagt en að bæði jeg og aðrir hv. þdm. renni blint í sjóinn um það, hvort hagnaður verður af þessu fyrir ríkissjóð eða ekki. En það er víst, að andi þál. frá í fyrra er alveg brotinn, ef nú verða knje látin fylgja kviði um það, að stofna ríkisprentsmiðju, með því að smeygja inn heimild til þess við 3. umr. fjárl. í Ed. Það hljóta nú allir að játa, að mál þetta er svo mikils vert, að það hefði átt að vera sjerstakt mál fyrir þinginu, og er því með öllu óviðeigandi að leggja inn á þá braut nú að brjóta þá þingvenju, sem verið hefir um slíka löggjöf sem þessa, með því að smeygja fyrirmælunum inn sem fjárlagaákvæði, og það við 3. umr. í Ed. Jeg verð því að segja, að formshliðin ein er nægileg til þess, að jeg get ekki aðhylst það, að ríkið eignist prentsmiðju með þessum hætti.

Hæstv. dómsmrh. skýrði frá því áðan, að hann hefði neyðst til þess að fara þessa leið, af því að eigendur Gutenbergs hefðu ekki ákveðið sig fyrr en á 11. stundu um að selja prentsmiðjuna. En jeg sje ekki, að þetta sje nein afsökun, þar sem hæstv. ráðh. skýrði frá því, að samningaumleitanir um þessi kaup hefðu staðið yfir síðan um nýár. Var því ekkert eðlilegra en að hann sækti þegar í byrjun þings um heimild til þess að gera þessi kaup, ef samningar tækjust, og legði slíkt frv. fyrir þingið.

Þetta er formshlið málsins. En um efnishliðina, hvort ríkið eigi að ráðast í það, að kaupa prentsmiðju og starfrækja hana, get jeg ekki dæmt, einmitt vegna þess, að sakir meðferðar málsins skortir eðlilegar og nauðsyn-

legar upplýsingar. Annars verð jeg að segja það, að mjer finst, að þm. megi ekki greiða atkv. með því, að ríkissjóður leggi í starfrækslu fyrirtækja, nema fyrirfram sje sannað, að af því verði meiri hagur en óhagur fyrir þjóðfjelagið.

Hæstv. dómsmrh. leitaðist við að færa nokkur rök fyrir ágæti þessarar till., sem jeg geri reyndar ráð fyrir, að sje undan hans rifjum runnin, en þau rök voru svo haldlaus og á svo miklu flökti, að ekki er hægt að telja þau mikils virði. Hæstv. ráðh. benti meðal annars á það, að af því að ríkið ætlaði sjálft að skifta við prentsmiðjuna, þá væru kaupin á henni alveg áhættulaus. En með þessum hætti myndi ríkissjóður kaupa prentunina alveg eins og nú. Spurningin er aðeins sú, hvort hann sem eigandi prentsmiðju kaupir hana ódýrari en hann ella mundi þurfa. Sú gáta er óleyst.

Hæstv. ráðh. segir á þessa leið: Hver einasti fullorðinn maður sjer, að ríkið græðir á kaupunum, — það er bókstaflega ekki hægt annað en spara 40—60 þús. kr. á ári. Þetta er sterk fullyrðing, en hæstv. ráðh. gerði enga tilraun til að færa henni allra minsta stað. Hann upplýsti ekki neinar tölur í þessu máli og gaf engar leiðbeiningar. Hafa nú allar prentsmiðjur hjer á landi grætt? Jeg er ekki kunnugur hag þeirra allra, en jeg get fullyrt um þær prentsmiðjur, sem jeg þekki, að þar gengur heldur illa.

Nú vil jeg beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., sem loksins er hjer staddur, ef hann á ekki svo annríkt að skrafa við hv. þm. að hann megi hlusta á mál mitt. (**Dómsmrh:** Þetta er alt þm. Dal. að kenna. — **SE:** Jeg er svo áhrifamikill hjer á þingi). Jeg vildi þá beina þeirri fyrirspurn — en þarna er þá hæstv. dómsmrh. farinn að tala við annan þm. Dal., hv. ritara þingsins. Margir gerast þeir nú, þingmenn Dal., og ilt er að fá hæstv. dómsmrh. til að gefa gaum að fyrirspurnum til stj. Sje jeg ekki annað, hæstv. forseti, en jeg verði að setjast að sinni. (**Forseti:** Jeg býst við, að hæstv. ráðh. heyri, hvað hv. þm. segir). Jeg hefði afargaman af, ef hæstv. forseti vildi biðja hæstv. 1. varaforseta að taka sæti snöggvast, því að það var hann, sem hæstv. ráðh. bað um að hringja á mig, þegar jeg var að hvísla hjerna um daginn.

Jæja, nú mun óhætt að byrja á fyrirspurninni. Jeg vil þá biðja hæstv. ráðh. að upplýsa okkur um það, hvort þessi prentsmiðja, sem hann býður okkur að kaupa, hefir haft góða afkomu undanfarin ár. Á þessum ríkisviðskiftum átti það að byggjast, að engin áhætta væri að kaupa prentsmiðjuna. En jeg hygg, að þessi prentsmiðja, sem hefir einmitt haft öll eða langmest ríkisviðskiftin, hafi haft mjög ljelega afkomu, og sýnist það benda á, að nokkur hætta geti verið á ferð, þótt ríkið eigi að heita eigandi prentsmiðjunnar.

Jeg vænti, að hæstv. ráðh. upplýsi þetta áður en þessu þingi er lokið, því að þetta tel jeg veigamikið atriði. Hitt eru spaugileg rök fyrir nauðsyn ríkisprentsmiðju, að hv. 3. landsk. hafi hjer á árunum bygt vjelaverkstæði, Það er eins og trúmaður hafi náð í biblíuna og vitni í hana, ef hæstv.

ráðh. getur náð í orð hv. 3. landsk. Jeg veit, að hv. 3. landsk. er þess verður, að orð hans sjeu mikils virt, en það er bara ekki alveg víst, að rjett sje að kaupa prentsmiðjuna, þó að hann fyrir mörgum árum hafi álitið rjett að ráðast í að ríkið bygði verkstæði. Samkepnina við hvora þessa stofnun verður að taka til greina ásamt öðru, þegar um þetta er rætt.

Jeg heyrði hæstv. ráðh. því næst færa þau rök fyrir sínu máli, að letrið á þingtíðindunum væri alt of stórt. Hann kvað títt að prenta upp stjtíð., og tók jeg svo eftir, að það væri ónauðsynlegt, ef notað væri rjett letur. En jeg sje enga nauðsyn á, að ríkið kaupi prentsmiðju til þess að gera við þessu. Ríkið hefir að sjálfsögðu þá aðstöðu sem svo stór viðskiftavinur, að það getur sagt við hverja prentsmiðju: Við skiftum ekki við ykkur, nema þið fullnægið þeirri þörf, sem við höfum. En annars vil jeg endurtaka það, sem jeg áðan sagði, að jeg renni alveg blint í sjóinn um það, hvort það sje hagur fyrir ríkið að kaupa prentsmiðju. Jeg get ekki dæmt um það frekar en hæstv. ráðh., sem sagði á þessa leið: „án þess að fara út í kosti „Gutenberg"-prentsmiðju — því að um það er jeg leikmaður og alls ekki dómbær" —. Jeg segi þetta með honum: jeg get ekkert um þetta sagt. Mjer var bent á það af einum keppinaut þessarar prentsmiðju, að það mundi þurfa að gera við hana fyrir 60 þús. kr., ef það ætti að koma að notum. Aðalvjelarnar sjeu svo slitnar, að það þurfi að endurnýja þær. Jeg veit ekki, hvort það er nokkurt orð rjett í þessu. Getur verið, að maðurinn hafi talað þetta sem keppinautur í þeim tilgangi að spilla fyrir sölunni. En það stendur þó eftir, að það er bókstaflega ekkert upplýst um þetta. Okkur er bara ætlað að hlýða. Hæstv. ráðh. gengur á undan, og við eigum svo að vera í taumi. En það er ekki sæmilegt að heimta, að maður greiði atkv. með því, að ríkið leggi í 160 þús. króna stofnkostnað, sem getur orðið 300 þús., og taki að sjer rekstur, sem veltur á 300—500 þús. kr. árlega, án þess að vita meira um málavexti. Það má vera að ríkið eigi að reka prentsmiðju, en það er engin viðleitni sýnd til þess að upplýsa það. Það er því ekki formshliðin aðeins, heldur efnishliðin, sem er alveg ósæmileg. Þegar ekki er vitað, hvort kaupin eru góð eða vond, þá festir enginn „prívat"-maður kaup að svo komnu máli. En hjer hefir engin rannsókn farið fram, eða ef hún hefir farið fram, er hún öllum hulin, eða langsamlega flestum. Getur verið, að hjer sjeu einhver pukursskjöl á ferð, sem einstöku stjórnargæðingar fái að líta á, en jeg hefi ekki fengið að sjá þau og ekki heldur þeir íhaldsmenn, sem jeg hefi talað við. Ef plöggin eru til, þá spyr jeg: Hvers vegna er höfð leynd á því, hvað í þeim stendur? Er það af því, að þau þola ekki gagnrýni okkar?

Hæstv. ráðh. sagðist hafa verið að styrkja einn mikilsvirtan stjórnarandstæðing — jeg tek orðið „mikilsvirtur" upp í þingtíðindin af því að jeg er óvanur því af vörum hæstv. ráðh. um andstæðinga sína —, verið að styrkja hann sem prentsmiðjuhluthafa með því á allan hátt að færa þessari prentsmiðju sem allra mest viðskifti. Jeg hygg, að þessi prentsmiðja sje nokkurt dæmi þess, hvernig ríkisprentsmiðja á

að vera, — prentsmiðjustjóri alveg eftir höfði hæstv. ráðh., prentarar alveg við hans hæfi, og góðar vjelar. Það er þetta, sem ráðið hefir viðskiftum ráðherrans, því aðaleigandinn, sem er jeg, er tæplega aðdráttarafl í augum ráðh.

En hvernig hefir nú afkoman orðið? Af því má kannske marka eitthvað um ríkisprentsmiðjuna. Sú litla reynsla, sem jeg hefi fengið af þessum fyrirtækjum fyrir þá slysni, sem mig henti, þegar jeg gerðist meðeigandi prentsmiðjunnar „Acta", hefir sýnt mjer, að ljelegra fyrirtæki en prentsmiðju muni varla hægt að ráðast í hjer á landi, því að jeg sje ekki annað en að hagur hennar versni æ meir eftir því sem fleiri ágætismenn — eins og hæstv. dómsmrh. — leitast samviskusamlegar við að halda henni uppi. Þegar jafnvel þessi dugnaðarforkur hefir með einlægum áhuga lagst á þá sveifina að sjá um, að prentsmiðjan gæti flotið, og árangurinn er þó svo sorglega ljelegur eins og hann hefir orðið, þá finst mjer lítið hægt að láta af slíkum atvinnurekstri í voru landi. Og jeg segi það, að sú litla reynsla, sem jeg hefi haft í þessu efni, hún talar öll á móti því, að ríkið eigi að ráðast í prentsmiðjurekstur. En jeg vil og endurtaka það, sem jeg áður sagði, að það getur verið eitthvert það ólag á þessari prentsmiðju, sem jeg hefi ekki komið auga á. Ef til vill geta kunnugir menn bent á, að ríkið geti með meiri hagnaði rekið prentsmiðju en mjer hefir tekist. Jeg játa, að það hefir að ýmsu leyti betri aðstöðu sem stór viðskiftandi. En jeg fullyrði það, að hv. bdm. hafa ekki neina aðstöðu til að dæma um það, enn sem komið er, af því að það er engin viðleitni sýnd til að upplýsa þetta mál. Þar með er brotið í bág við fyrirmæli og anda þeirrar þáltill., sem síðasta þing samþykti, því að þar var svo fyrir mælt, að það ætti að leggja fyrir Alþingi niðurstöðu af rannsókn þessara mála, — og þá auðvitað ekki að ráðast í að kaupa ríkisprentsmiðju fyrr en þm. hefðu þá eðlilegu aðstöðu til að dæma um ágæti þess fyrirtækis á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fram kæmu við slíka rannsókn og við þá áframhaldandi rannsókn, sem þm. hefðu getað lagt fram við meðferð málsins í n. þingsins og þremur umr. í báðum deildum.

Jeg verð að upplýsa hæstv. ráðh. um það, að þessi prentsmiðja, sem hann ber svo mjög fyrir brjósti, á þá raunasögu, að ef jeg má ráða, verður henni lokað, hvort sem nokkur ríkisprentsmiðja kemst á fót eða ekki. En þegar maður hefir þannig fyrirtæki, sem nýtir starfsmenn eru fyrir, eins og hæstv. ráðh. tók fram, en samt á það þessa raunasögu að baki, þá hlýtur hjer að vera tækifæriskaup fyrir ríkissjóð, ef hann vill eignast prentsmiðju. En jeg veit ekki til, að leitað hafi verið samninga um kaup á þeirri prentsmiðju. Jeg segi fyrir mitt leyti, að ef á annað borð væri búið að ákveða, að ríkið stofnaði og starfrækti prentsmiðju, þá er jeg allra manna fúsastur til að vinna að því, að ríkið gæti fengið ákaflega ódýr kaup á beirri prentsmiðju, sem jeg er svo ógæfusamur að teljast meðeigandi að. Heldur ekki þessi hlið málsins hefir verið neitt rannsökuð. Okkur er yfirleitt ætlað að greiða atkv. eins og sauðum, vitandi ekkert um það, hvort

ríkisprentsmiðja er arðvænleg eða hvort hægt sje að fá önnur og betri kaup.

Jeg læt útrætt um þessa till. með þeim orðum, að jeg veit ekkert um það, hvort rjett sje, að ríkissjóður ráðist í þetta. Mín lítilfjörlega reynsla í þessu efni mælir á móti því. Og jeg segi, að það sje skylda hv. þm. fyrir hönd ríkissjóðs að koma fram eins og hygnir kaupsýslumenn gera, að ráðast ekki í slík stórfyrirtæki nema rannsókn fari fram, er sýni, að fyrirtækið sje arðvænlegt.

Jeg skal þá víkja nokkrum orðum að brtt., sem jeg hefi leyft mjer að flytja við þessa umr. fjárl. Jeg tel óþarft að ræða um brtt. XI. á þskj. 646, um Flensborgarskólann, vegna þess, að um þá till. er áður búið að tala hjer í hv. deild, sem hefir lagt dóm sinn á þetta mál, — þann dóm, sem jeg óska, að hún staðfesti nú á ný. Og jeg geri ráð fyrir, að þótt Ed. hafi ekki í þessu máli viljað aðhyllast dóm Nd., þá muni Nd. samt standa fast við sinn fyrri dóm.

Þau rök, sem hæstv. dómsmrh. bar fram í Ed. fyrir breytingunni, voru þau, að með þessu væri trygt, að skólagjöld næðust af nemendum skólans. Vil jeg beina því sjerstaklega til jafnaðarmanna hjer í deildinni, að hæstv. dómsmrh. sagði, að aðalmunurinn á því, hvor leiðin væri farin, væri sá, að með hans till. væri það trygt, að skólagjöld næðust inn. Hv. jafnaðarmenn hafa stöðugt lagt ríka áherslu á, að skólagjöld fjellu niður, og geta þeir því ekki fylgt hæstv. dómsmrh. í þessu máli.

Jeg verð nú að játa, að það er algerlega rjett, sem hæstv. ráðh. sagði, að samkv. brtt. minni er fyrirskipað, að skólagjöld sjeu innheimt. En það er líka rjett, sem hann sagði, að þessi fyrirmæli, sem felast í minni till., hafa staðið í fjárl. ár frá ári og altaf verið brotin. Og jeg skal ekki draga dul á, að jeg er algerlega andvígur skólagjöldum, og álít þess vegna mjög ákjósanlegt, að þau falli niður, þar sem því verður við komið. Og þar sem það hefir þolast átölulaust að láta þetta niður leggjast árum saman, þrátt fyrir ákvæði fjárl., þá treysti jeg því, að ef mín till. verður samþ., verði skólagjalda ekki krafist. Þessi skólagjöld eru þungur og að ýmsu leyti óbilgjarn skattur á fátæka kaupstaðabúa. Einn aðalforvígismaðurinn í Hafnarfirði sagði við mig, að það væri kannske versti ljóðurinn á till. hæstv. ráðh., ef hann ætlaðist til, að skólagjöld yrðu innheimt, því að sjer væri persónulega kunnugt um, að það væru blóðpeningar, ef meiri hl. af skólagjöldum yrði krafist.

Jeg leiði aðeins að nýju athygli hv. deildar að því, að það má ekki sóma þingsins vegna rifta 50 ára gömlum samningi og 50 ára venju, sem hefir verið um viðskifti ríkissjóðs við Hafnarfjörð. Það hefir verið óbrigðult, að síðan ríkissjóður tók við gjöfinni, hefir hann kostað skólann skilmálalaust. Það er því óviðeigandi að kippa að sjer hendinni um þetta alveg tilefnislaust. Nú stendur fyrir dyrum gagngerð breyt. á fyrirkomulagi þessa skóla, og þá er tækifærið til að gera einhverja nýja samninga.

Þá hefi jeg leyft mjer að flytja á ný brtt. um að veita 800 kr. til stvrktarsjóðs Margrjetar Bjarnadóttur. Þessar tvær brtt. mínar voru einu hækkunartill. við fjárlagafrv., sem jeg flutti,

Hv. Ed. sýndi þá röggsemi að nema þær báðar í burt. Jeg vænti nú, að hv. Nd. haldi fast við áður upp kveðinn dóm í þessu. Og jeg vil leiða athygli hv. þm. að því, að þetta lítilfjörlega framlag til styrktarsjóðsins er fullkomlega hliðstætt framlagi, sem er á 17. gr. fjárl. Þar eru margir liðir nákvæmlega samskonar. Jeg vil sjerstaklega benda á tölul. 14—18, að báðum meðtöldum, í 17. gr. fjárl. eins og þau komu til 3. umr. í Ed. Það er undarleg röggsemi, sem hv. Ed. hefir sýnt í þessu máli. Og jeg verð að halda, að þessi góðu málefni hafi liðið við það, að jeg á harðvítugan mótstöðumann í Ed., sem sje ánægja að fella góð mál af því að jeg er flm. þeirra.

Þá hefi jeg leyft mjer að flytja brtt. um það, að Jakob Björnssyni, fyrv. yfirmatsmanni, verði greidd eftirleiðis til æfiloka 1600 kr. laun á ári, í stað þess, að Ed. hefir ætlað honum 1200 kr. Jeg get ekki rökstutt þessa brtt. mína á annan hátt nje betur en með því að lesa upp umsóknina frá þessum mæta manni til Alþingis, og vil gera það, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessu brjefi leyfi jeg mjer virðingarfylst að snúa mjer til hins háa Alþingis með þeirri ósk og bæn, að jeg framvegis til æfiloka fái að halda fullum og óskertum þeim launum, er jeg hefi undanfarið haft sem yfirsíldarmatsmaður á Siglufirði, sem sje kr. 1600.00 auk dýrtíðaruppbótar.

Vona jeg fastlega, að hið háa Alþingi sannfærist um, að þessi bæn mín sje ekki ósanngjörn þegar athugaðar eru allar hliðar málsins, enda mun hæstv. ríkisstjórn hafa litið þeim augum á þetta, er hún góðfúslega sýndi mjer þann mannúðarbrag, að ákveða mjer full laun uns Alþingi kæmi saman á þessum vetri og tæki endanlega afstöðu í málinu; og bætti hún við í brjefi sínu til mín: „Og vonandi að Alþingi sjái yður fyrir eftirlaunum eða hæfilegum ellistyrk".

Árið 1909 var jeg skipaður síldarmatsmaður á Siglufirði, og 1911 yfirsíldarmatsmaður á sama stað, og hjelt þeirri sýslan þar til er hún var lögð niður, er einkasalan var lögskipuð. Áður en jeg var skipaður síldarmatsmaður, hafði jeg í allmörg ár fengist við síldarverkun og sölu bæði fyrir mig og aðra. Hepnaðist mjer jafnan vel verkun síldarinnar, og fjekk jeg það orð í Kaupmannahöfn, að frá engum norðlenskum síldarkaupmanni kæmi jafngóð síld.

Laun mín við síldarmatsstarfið voru tvö fyrstu árin kr. 600.00 síðan kr. 1000.00 til 1919, og frá því ári kr. 1600.00 auk dýrtíðaruppbótar. En frá árinu 1920 var oss yfirsíldarmatsmönnum gert að skyldu að jafna niður á fiskpakkaðar tunnur í umdæminu öllum launum matsmanna, og sjá um og ábyrgjast innheimtu og greiðslu þeirra, án þess þó að nokkru væri bætt við laun vor, eða oss lagt nokkuð skrifstofufje, og var þó ekki laust við á stundum, að þetta hefði talsvert umstang í för með sjer, og jafnvel allmikla áhættu vegna ábyrgðar á launagreiðslunum. Síðan var yfirmatsmönnum fyrirskipað að gefa ýmsar skýrslur, einnig án nokkurra fríðinda. Auðvitað voru þessi viðbótarstörf mest á Siglufirði, því þar var langsamlega mest saltað, en samt hafði jeg fyrir mitt leyti ekkert við þetta að athuga, og inti þetta fús-

lega af hendi. En hitt hefir mjer ætíð þótt miður sanngjarnt, að yfirmatsmaður Siglufjarðar, sem vitanlega hafði langmest erfiði við síldarmatið, skyldi alls ekki vera frekar launaður en yfirsíldarmatsmennirnir á Seyðisfirði og Ísafirði, sem mörg árin höfðu mjög lítið að starfa, því flest árin voru $^3/_5$ til $^3/_4$ hlutar af allri útflutningssíld fluttir út frá Siglufirði.

Jeg er fastlega sannfærður um það, að enginn yfirmatsmannanna hafi stundað starf sitt betur en jeg, eða haft gleggri skilning á nauðsyn ábyggilegs síldarmats, og jeg veit með sjálfum mjer, að jeg lagði fram alla krafta mína og starfsþrek til þess að síldarverkunin gæti orðið góð og fullkomin, þótt mjer hinsvegar vegna ýmissa afla, er á móti stóðu, hafi eigi lánast að koma henni í það lag, sem jeg æskti, og veit jeg þó, að jeg hafði bæði vilja og þekking til þess að verða að verulegu liði í þessu velferðarmáli þjóðarinnar. Því miður gáfu lögin og erindisbrjef mitt mjer aldrei nægilegt vald til þess að koma í framkvæmd því, er jeg taldi nauðsynlegt til þess að koma síld vorri í verðskuldað álit á erlendum markaði.

Forstöðunefnd Síldareinkasölunnar veitti því þegar athygli, að ekki var sanngjarnt að yfirsíldarmatslaun á Ísafirði, Akureyri og Siglufirði væri jöfn, og greiddi hún því tveim hinum síðarnefndu kr. 260.00 hærra kaup en yfirmatsmanni Ísafjarðar, sem fjekk venjulegt yfirmatsmannskaup.

Starfinu sem yfirsíldarmatsmaður á Siglufirði, sjerstaklega fyrstu árin, fylgdu mjög miklar næturvökur og missvefn fyrir utan ábyrgðina og ýms önnur óþægindi, og get jeg með sanni sagt, að frá þeim árum stafar sjóndepra mín, sem nú er mjer sjerstaklega til baga. Og ef jeg hefði ekki talið það fullkomna skyldu mína að helga síldarmatinu alla starfskrafta mína og umhyggju, hefði jeg vafalítið getað grætt talsvert fje á Siglufirði, bæði á ófriðarárunum og síðar, en jeg hefi aldrei leyft mjer neina útúrdúra frá síldarmatsstörfunum. Efni mín hafa því alls ekki vaxið á þessum árum, þótt jeg hafi gætt hinnar mestu sparsemi.

Jeg verð nú 72 ára gamall hinn 18. sept. næstkomandi. Heilsa mín er að vísu góð enn, að undantekinni sjóndeprunni, sem nú ágerist, þótt jeg fyrir nokkrum árum kostaði miklu fje til utanfarar í því skyni að fá bætur á sjóninni. En með hliðsjón af aldri mínum, eru tæpast miklar líkur til þess, að ríkið þurfi um mörg ár að greiða mjer þau eftirlaun, er jeg hefi leyft mjer að fara fram á í þessu brjefi.

Jeg gæti fært fleiri rök fyrir sanngirni bænar minnar. En jeg læt mjer nægja það, sem komið er. Og jeg treysti fyllilega hinu háa Alþingi til þess að verða drengilega við þessari umsókn minni".

Jeg sagði, að jeg gæti ekki bætt við þau rök, sem þessi greindi og ágæti maður hefir fært fram. Þó vil jeg bæta því við, að hv. þdm. mega fyllilega treysta því, að hann segir satt. Rauplausari manni hefi jeg ekki kynst. Jakob Björnsson er alveg óvenjulegur sómamaður, sem fyrir sjerstakan dugnað og elju í starfi sínu hefir margverðskuldað, að hann fái að halda þessum sultareyri óskertum til dánardægurs. Jeg vænti því,

að jeg þurfi ekki að rökstyðja þetta frekar og till. verði samþ.

Þá hefi jeg flutt hjer brtt. á þskj. 651, við 23. gr., um að stj. verði heimilað „að ábyrgjast 11 þús. kr. lán fyrir bændur á Vatnsleysuströnd, gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu, til færslu þjóðvegarins um Vatnsleysuströnd, ef að því ráði verður horfið". Till. þarfnast skýringar og jeg tel fullvíst, að ef hv. þm. heyra, hvernig í málinu liggur, þá verði þeir till. ekki mótfallnir.

Svo er mál með vexti, að þjóðvegurinn um Vatnsleysuströnd liggur á nokkrum kafla ekki um bygð og allfjarri bæjum. Það eru 16 jarðir, sem þannig eru mjög illa settar, og bændur á þessum jörðum eiga mjög hag sinn undir, að vegarstæðið verði fært. Nú stendur svo á, að ekki verður hjá því komist að gera mikið við þennan veg. Hann er orðinn næstum ófær. Vegamálastjóri telur, að viðgerðin muni kosta 15 þús. kr., með því að byggja hann upp aftur á sama stað, en verði hann færður og lagður með sjó fram, svo að þessir 16 bændur hafi hans sömu not og aðrir, verði kostnaðurinn 30 þús. Hann hefir hinsvegar ekkert á móti færslunni, ef bændurnir vilja greiða mismuninn, þessar 15 þús. kr., og þeir telja þetta svo mikils um vert, að þeir vilja leggja á sig þennan kostnað. En bændurnir hafa ekki þetta fje handbært. Þó eiga þeir í sjóði 2 þús. kr. og hafa gjafaloforð fyrir 3 þús. og fara nú fram á ábyrgðarheimild fyrir 11 þús. kr. Þetta yrðu nú að vísu 16 þús. samtals. Eitt þúsund fyrir vanhöldum.

Jeg skal nú játa, að það er dálítið óviðfeldið að koma með þetta nú við eina umr. fjárl., en jeg hefi það mjer til málsbóta, að jeg vissi ekki um þetta fyrr en í dag, að bændur úr þessu hjeraði sneru sjer til mín með málaleitan um þetta. Vegna þess að þetta kom svo seint, sneri jeg mjer til vegamálastjóra og fór þess á leit við hann, að hann frestaði viðgerð vegarins til næsta árs, en hann taldi óhjákvæmilegt að snúa sjer þegar í sumar að henni. Þessu næst sneri jeg mjer til hæstv. fjmrh. og skýrði honum frá málavöxtum. Hann kvaðst að vísu yfirleitt vera á móti þessum ábyrgðarheimildum, en þessi væri síst ósanngjarnari en ýmsar aðrar, sem komnar væru þegar inn í fjárl., og hann sýndi málinu og mjer ennfremur þá vinsemd að orða með mjer till. Jeg er honum þakklátur fyrir það, ekki sjerstaklega af því, að till. sje betur orðuð en hún mundi hafa orðið hjá mjer, sem hún þó sjálfsagt er, heldur sjerstaklega vegna þess, að jeg vænti, að þessi afskifti hans af málinu afli till. þess fylgis, að hún verði samþ. hjer í hv. d.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg er einn þeirra, sem helst hefði kosið, að þessi hv. d. hefði gengið að fjárlögunum óbreyttum eins og þau komu frá hv. Ed. En úr því að farið er að breyta þeim, fanst mjer jeg mega til að koma með brtt. eins og hinir. En það er einkennilegt við mína brtt., samanborið við aðrar, að hún hefir ekki í för með sjer nein útgjöld fyrir ríkissjóðinn. Hún gengur í þá átt að gera ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara jafnhátt undir höfði og

ekkju Bjarna heitins Jónssonar frá Vogi, með því að endurgreiða henni úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem maður hennar hafði í hann greitt. Þetta getur ekki orðið fjárhagsatriði fyrir sjóðinn og jeg sje ekkert athugavert við þessa endurgreiðslu, enda hafa báðar deildir þingsins orðið sammála um þetta að því er snertir hina ekkjuna.

Jeg hirði ekki að tilfæra hjer aftur þær ástæður, sem jeg færði fram að því er snertir ekkju Bjarna heitins Jónssonar, en hjer um gilda þær hinar sömu að öllu leyti. Hið eina, sem gæti skilið á milli, er það, að hinn látni póstmeistari hafði notið styrks úr sjóðnum um 3 mánuði, og er þá ekki annað en draga það frá. Fleiri orð vona jeg, að jeg þurfi ekki að mæla fyrir þessari till.

Út af till., sem jeg flutti við 3. umr. þessa máls, um aukin eftirlaun Sigurðar Kvaran hjeraðslæknis, og þá var samþ., vil jeg minna á, að jeg tók það þá fram, að mín tilætlun væri sú, ef ekki kæmu andmæli fram, að hann fengi þennan eftirlaunaviðauka frá þeim tíma, er hann ljet af embætti. Nú hafa engin mótmæli komið fram, mjer vitanlega, og geng jeg því út frá, að byggja megi á þessu.

Jeg skal ekki fara út í að ræða þær till., sem fram hafa komið yfirleitt, en það er altaf svo, að þegar þingið er komið í vandræði með að skila fjárl. tekjuhallalausum, þá er úrræðið að ráðast á verklegar framkvæmdir í landinu, og þá fyrst vegina. Þó held jeg, að fátt sje jafnnauðsynlegt okkar þjóðfjelagi eins og samgöngubætur á landi.

Jeg tók eftir því, að hæstv. dómsmrh. sagði, að ef fje vantaði til einhvers þess, sem þingið hefir samþ., þá mundi það verða látið koma niður á verklegum framkvæmdum, og einkum vegunum. En úr annari átt hefi jeg heyrt, að ef fje verði fyrir hendi, muni því verða varið til vegagerða umfram það, sem fjárl. ákveða. Hæstv. fjmrh. taldi þetta hinsvegar raunverulega lækkun. Enda er það eðlilegt, að hver varasöm stj. vilji halda sig við fjárl. og ekki gefa mönnum vonir um annað eða meira. Venjulega vill verða nóg umframeyðsla á vegafje, þó ekki sjeu fyrirfram gerðar ráðstafanir til þess. En út af ummælum hæstv. dómsmrh. um það, að dregið kynni að verða úr framkvæmdum, þá vil jeg vona, að vegirnir verði ekki þar fyrir barðinu á eyðsluseminni, heldur þá eitthvað af þeim miklu fyrirtækjum, sem hæstv. ráðh. sjálfur hefir fengið samþ. Þó að ýmislegt sje nú athugavert, sem vert væri að gera að umtalsefni, þá tekur þó út yfir, þegar verið er að setja löggjöf um atvinnufyrirtæki í fjárl. sjálf, eins og nú á sjer stað um prentsmiðjuna, og sjerstaklega er þetta athugavert, þegar alveg vantar áætlun um rekstrarkostnað fyrirtækisins. Sú hliðin skiftir vitanlega mestu máli.

**Hákon Kristófersson:*** Jeg á hjer tvær brtt., og vildi jeg fara um þær örfáum orðum. Jeg ætla þá að byrja á því, að hjer hafa heyrst raddir um, að rjettast hefði verið að samþ. fjárl. óbreytt eins og þau komu frá hv. Ed. Jeg skal nú ekki mótmæla þessu út af fyrir sig, en hinsvegar finst mjer

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

undarleg sú undanlátssemi þessarar hv. deildar, sem hefir lýst sjer í því að taka við fjárl. ár eftir ár og samþ. þau hvernig sem hv. Ed. hefir látið sjer vel líka að misþyrma þeim. Ef þetta á að tíðkast framvegis, þá mætti líta svo á, að hv. Ed. sje einskonar yfirdeild þingsins og eigi að hafa úrslitaatkvæði um fjármálaefni þjóðarinnar. Þessum skilningi vil jeg harðlega mótmæla, að hv. Ed. hafi nokkurn yfirráðarjett yfir hv. Nd. eða sje henni að nokkru æðri, nema síður sje. — Jeg skal kannast við, að gæta beri fullrar varfærni í meðferð fjárl., en það máttu hv. þm. hafa hugfast þegar í byrjun. Eins hefði hv. Ed. mátt gæta betur sóma síns og sýna meiri varfærni og minni hlutdrægni í meðferð sinni á fjárl. Menn geta, því miður, ekki varist þeirri hugsun, að það skifti ekki litlu, hver í hlut á, þegar litið er á niðurskurð hv. Ed. á sumum sviðum og hækkanir á öðrum.

Þó talað sje nú um það af sumum, að gæta beri varúðar í fjármálum, þá virðist svo, að á því herrans ári 1929 sje ráðist í svo mikið, þar sem t. d. á að verja stórfje til jarðakaupa, prentsmiðjukaupa o. fl., að erfitt sje að hafa á móti smámununum. Jeg er ekki með þessu að hafa á móti þessum fyrirtækjum í sjálfu sjer, en þetta virðist ekki benda til, að fjárhagurinn sje mjög þröngur.

Fyrri brtt. mín er XIV. brtt. á þskj. 646, um 2 þús. kr. styrk til Samúels Eggertssonar til þess að semja og gefa út heildaruppdrátt af sögu Íslands. — Þetta er samskonar till. eins og áður hefir verið samþ. í þessari hv. deild. En meðal þeirra bjargráða, sem hv. Ed. fann til að rjetta við fjárhaginn, var að skera þetta niður. Jeg er þó ekki viss um, að alt það, sem Ed. hefir sett inn í fjárl., eigi meiri rjett á sjer en þetta. Jeg hefi áður mælt fyrir þessari till. og skal ekki endurtaka það nú, en vænti, að þeir hv. þm., sem ekki töldu sig glata sóma sínum með jáyrði sínu hið fyrra sinnið, greiði henni einnig nú atkv. sitt.

Þá er síðari brtt. mín XXI. brtt. á þskj. 646, um að upphæð sú, sem veitt er til stórstúku Íslands, verði færð í sama lag og hún var þegar frv. fór hjeðan frá þessari deild. Enda þótt jeg álíti, að þessi stofnun sje þörf og alls góðs makleg, ef rjett er með hana farið, þá tel jeg fullsómasamlegt að veita henni 10 þús. kr. styrk. Jeg vil ekki segja meira um þetta, nema að gefnu tilefni, ef mótmæli koma fram. Hinsvegar finst mjer, að ekki væri úr vegi, að þm. fengju einhverntíma að vita, hvernig þessu fje er varið. Jeg vil ekki ætla, að þessu fje sje varið til að koma upp danshúsum eða þess háttar, heldur vænti jeg, að unnið sje að því að þroska þjóðina, svo að hún skilji, hvað það er andstyggilegt og góðum borgurum ósæmilegt að neyta áfengis svo úr hófi sje. Jeg ætla svo ekki að svo stöddu að segja meira um þessa till., en fel hana á vald hv. d.

Í sambandi við vegagerðir skýrði hæstv. dómsmrh. frá því, að svo væri ástatt um brú eina fullsmíðaða, að ekki væri hægt að koma henni upp vegna þess að ekki fengjust menn til að gera vegarspotta að brúarstæðinu. Út af þessu vil jeg segja það, að sje þetta tilfellið einhversstaðar á landinu, þá væri rjett að láta það ganga fyrir að

byggja brýr í þeim hjeruðum landsins, þar sem meiri áhugi er fyrir samgöngubótum. Annars held jeg, að þetta geti ekki talist veigamikil ástæða gegn framlögum til vega- og brúargerða.

Jeg skal svo ekki tala meira um þær brtt., sem fyrir liggja. Flm. þeirra hafa nú talað fyrir þeim og um þær verður að fara sem verða vill. Jeg vænti, að jeg hafi nú stilt svo í hóf orðum mínum, að ekki þurfi að vekjast deilur af. Skal jeg svo láta máli mínu lokið.

**Sigurður Eggerz:** Mjer hefir virst það vera óheppileg leið, sem farin hefir verið undanfarið, þar sem úrslitaákvörðunin um fjárl. hefir verið lögð í hendur hv. Ed. Þungamiðja fjármálanna á að vera í Nd., og því er óheppilegt að koma þeirri venju á, að Ed. hafi síðasta orðið. Jeg vona, að brtt. þær, sem hjer hafa fram komið, sýni, að nú eigi að rjúfa þessa reglu. Einkum finst mjer þetta rjett af því, að mjer þykir hv. Ed. hafa sýnt, að hún skilji ekki, á hvað eigi að leggja mesta áherslu. Sjerstaklega finst mjer þetta skilningsleysi koma fram í lækkun á útgjöldum til vega, sem hv. Ed. hefir samþ. Að mínu áliti skiftir ekkert eins miklu máli fyrir landbúnaðinn og vegabætur. Þessu hefi jeg veitt eftirtekt, ekki síst í Dalasýslu, sem er eingöngu landbúnaðarhjerað. En þrátt fyrir hinn mikla landbúnaðaráhuga, sem er í þessari sýslu, þá hefir samgönguleysið staðið því fyrir þrifum, að landbúnaðinum fleygði þar fram eins og skyldi. Nú hefir verið fallist á þá rjettu leið, að leggja veg yfir Bröttubrekku. Í þessari hv. deild voru samþ. 30 þús. kr. í veginn. En Ed. færði þessa upphæð niður í 20 þús. kr. Eftir áætlun og till. vegamálastjóra átti þessi vegur að vera búinn 1934. Það var nógu langur tími að bíða þangað til, en ef lækkun Ed. verður látin haldast, verður drátturinn enn lengri. Allir, sem skilja þróun atvinnuveganna í landinu, sjá, að eitthvað verður að gera fyrir landbúnaðinn. En honum verður ekki hjálpað með fögrum orðum eingöngu. Búnaðarbankinn, sem stofnaður var hjer á þinginu, ætti að geta orðið að miklum notum, en þó ekki fyrr en hann fær fje til umráða. En höfuðskilyrðið fyrir landbúnaðinn verður eftir sem áður að fá markað fyrir afurðirnar. En til þess þarf vegabætur. Því er fyrsta boðorðið í þessum efnum að bæta samgöngurnar, einkum á landi. Ed. hefir alls ekki skilið þetta. Hún hefir ekki skilið þá algildu reynslu, að bættar samgöngur eru hvarvetna sem töfrasproti, sem vekur nýtt líf og þróun í kringum sig í framleiðslu og atvinnuvegum. Þá má furðulegt heita, að þeir, sem jafnan ganga með umhyggjuna fyrir landbúnaðinum á vörunum, skuli ekki skilja þetta. Þegar landbúnaðinum hafa verið opnaðar sem beinastar brautir á markaðina, þá er fyrst möguleiki til, að hann fari að borga sig. En þetta skilur hv. Ed. ekki. Hennar till. eru árásir á landbúnaðinn. Og mjer þykir sorglegt, að meiri hl. fjvn. hjer í Nd. skuli hafa látið blinda sig svo, að hafa fallið frá hinum upprunalegu kröfum Nd. um framlög til vegabóta.

Þótt jeg ætli hjer ekki að tala um aðrar brtt. en mínar eigin, verð jeg að segja það, að mjer þykir undar-

legt, ef á að fara að spara á vegum til þess að kaupa prentsmiðju. Mjer er sem jeg sjái framan í bændur þessa lands, ef þeir væru spurðir, hvort þeir kysu heldur. Þetta er blinda, sem stundum slær sjer niður hjer, og verður þó hvergi átakanlegri en nú, ef fulltrúar bænda láta teyma sig til þess að slá af vegaframlögunum til að kaupa prentsmiðju í höfuðstaðnum. Þetta er pólitík! Að draga úr fje til vegabóta til að kaupa gamalt prentsmiðjuskrifli í höfuðstaðnum! Að loka sumum hjeruðum fyrir samgöngum um óákveðinn tíma, af því að fulltrúar þeirra sumir vilja kaupa gamla prentsmiðju! En jeg ætla að vænta þess, að heilbrigð skynsemi verði ofan á í þessu máli í hv. deild, enda þótt meiri hl. fjvn. hjer hafi ekki borið gæfu til að mótmæla þessum óvitahætti Ed.

Vík jeg þá að mínum eigin brtt. Verður þá fyrst fyrir VIII. brtt. á þskj. 646, um 1000 kr. lokastyrk til Þórhalls Þorgilssonar. Jeg talaði fyrir svipaðri brtt. við 3. umr., en það var á næturfundi og fáir viðstaddir. Það var á einum þessara næturfunda, sem nú tíðkast hjer mjög og ekki eru til annars en að sljóvga löggjafana. Eitthvað 3 eða 4 menn hlustuðu á mig, er jeg talaði fyrir þessari brtt., og má vera, að það hafi verið orsökin til þess, að hún var feld með 14:14 atkv. hjer í deildinni. Þessi maður, sem hjer um ræðir, er fátækur maður, sem sýnt hefir mikinn dugnað við nám sitt. Fátæk systkin hans hafa lagt sig í líma til að hjálpa honum og reytt hvern skilding til að hjálpa honum og búið sjálf við örðug kjör.

Jeg verð að segja það, að mjer finst það gleðiefni, að okkar ungu menn, sem eru að gægjast út í heiminn, skuli leita víðar en til Kaupmannahafnar. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji gera lítið úr Hafnarháskóla. En við höfum gott af því, að sumir okkar yngri menn leiti til hinna stærri landa. Þeir öðlast meira andlegt víðsýni og yfirlit þar sem höfuðstraumarnir mætast, eins og í París.

Þórhallur Þorgilsson leggur stund á spönsku sem aðalgrein, en nemur auk þess frönsku og latínu. Jeg lít svo á, að spönskunám sje mikils virði fyrir okkur, þar sem höfuðviðskifti vor eru við Spán, en hinsvegar fáir hjer, sem spönsku kunna. Finst mjer því sanngjarnt, að Alþingi styrki þennan mann til að ljúka námi, sem getur komið oss að svo miklu haldi. Jeg treysti því þess vegna, að Alþingi samþ. þennan lokastyrk, þar sem hjer er um efnilegan og fátækan mann að ræða, sem, eins og jeg gat um, hefir hingað til stuðst við hjálp fátækra systkina sinna, er nú geta ekki meira af mörkum látið.

Þá kem jeg að brtt., er jeg ber fram ásamt hæstv. forseta þessarar deildar. Hv. þm. Ísaf. átti einnig að vera flutningsmaður að henni, en nafn hans hefir fallið niður í prentuninni. Þessi brtt. er um það, að færa skáldastyrk Stefáns frá Hvítadal aftur upp í 2000 kr. eins og hann var eftir 2. umr. fjárl. í þessari hv. deild. Hæstv. forseti talaði svo vel fyrir þessari till. þá, að jeg hefi þar litlu við að bæta, en vil aðeins vísa til þess, er hann sagði. Jeg gerði á síðasta þingi nokkra tilraun til að bregða upp mynd af honum sem skáldi og las upp kvæði úr síðustu ljóðabók hans. Jeg held, að

jeg megi segja hv. Nd. það til hróss, að það var hrifning yfir kvæðum skáldsins, sem var þess valdandi að styrkurinn var samþ. þá —, það var góður listsmekkur. Jeg ætla ekki að lesa upp nein kvæði nú, en vil taka það fram, að sú mynd, sem Stefán hefir skapað með ljóðum sínum, er föst í hug manna. En jeg mintist og þá nokkuð á hin örðugu æfikjör skáldsins. Því miður höfum við oft og tíðum sýnt skáldum okkar og hugsjónamönnum of mikinn kulda í lifanda lífi. Enginn veit, hve mikil andleg verðmæti hafa orðið úti vegna þess.

Hv. Ed. hefir sýnt það í þessu sambandi, að skilningur hennar á andlegum málum er ekki meiri en á hinum verklegu. Í fyrra feldi hún þá styrkveitingu, er Nd. samþ. til Stefáns, og nú lækkar hún styrkinn úr 2000 kr. í 1000 kr. En Stefán er ver settur með þá fjárhæð en hann hefir verið. Svona er skilningur hv. Ed. á listamönnunum. Jeg skýrði frá fátækt Stefáns síðast, og gerði það þó með hálfum hug, því hann er svo stoltur maður, að hann ber sjer aldrei um fátækt sjálfur. En mjer fanst bein skylda mín að gera það. En þó að kjör hans væru bág síðast, þá eru þau þó miklu verri nú. Hann hefir sjálfur altaf þjáðst af heilsuleysi. En nú er kona hans komin í sjúkrahús. Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að brýna fyrir mönnum, hve ríkar ástæður eru fyrir því að halda sjer við sömu till. og samþ. var við 2. umr. Og þegar litið er á það, hve há útgjöldin eru orðin, skil jeg ekki í, að neinn láti sjer í augum vaxa, þó einu af okkar bestu skáldum og hugsjónamönnum sje bjargað frá sárustu fátækt. Því að hver veit, hve mikið fer forgörðum af fögrum hugsjónum við að svelta þá menn, sem mestri birtu bregða yfir líf okkar.

**Magnús Jónsson:*** Jeg hefi leyft mjer að bera hjer fram tvær brtt. á þskj. 646. Þessar brtt. eru báðar gamlir kunningjar, því að báðar voru bornar hjer fram við 2. umr.

Fyrri brtt. er X. brtt. á þskj. 646 og er um það, að gagnfræðaskóli Reykjavíkur fái þær 2000 kr., sem voru samþ. hjer við 2. umr. En hv. Ed. hefir nú sýnt mannskap sinn á þessari till. og felt þennan styrk niður. Jeg ætla fyrir mitt leyti ekki að fara í neinn jöfnuð milli deildanna, en jeg verð að segja, að það er mjög einkennilegt, ef hið háa Alþingi vill ekki veita þessum skóla neinn styrk, og jeg veit sannast að segja ekki, af hvaða ástæðu það yrði gert. Hæstv. dómsmrh. mat þessa till. svo mikils að offra upp á hana nokkru af sinni dýrmætu ræðu hjer í dag, og færði hann fram sem aðalástæðu gegn þessari till., að hjer væri um einkaskóla að ræða, og gæti því ekki komið til mála að styrkja hann. Nú er það alkunna, að ýmsir af þessum skólum, sem styrktir hafa verið af hálfu ríkisins, hafa einmitt byrjað sem einkafyrirtæki og verið reknir þannig fram að þessu. Það má eiginlega segja, að ungmennafræðslan hafi komið þannig upp víðast hvar, a. m. k. til sveita, að einstakir menn hafa tekið sjer fram um að stofna skóla. Þeir hafa auðvitað haft á bak við sig einhvern

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

styrk, t. d. sýslufjelag, en það hefir verið undantekningarlaust reglan, að ef komið hefir upp myndarlegur og góður skóli, sem hefir fengið viðurkenningu fyrir að vera vel rekinn, þá hefir ríkið veitt til hans styrk. Í þessum skóla eru 42 nemendur þegar á fyrsta ári. Það er m. ö. o. svo stór skóli, að ef áframhaldið verður svipað og byrjunin, þá verður þegar í stað um tvískiftan skóla að ræða.

Bærinn hefir einnig litið á nauðsyn slíks skóla og styrkt hann. Enda er það viðurkent af öllum, að enginn staður á landinu sje ver settur með ungmennafræðslu en Reykjavík. Það mætti segja, að búið væri að sjá þessu máli borgið — og hæstv. ráðh. bar það fram — með lögum, sem samþ. voru um ungmennafræðslu í Reykjavík, og þeim skóla, sem samkv. þeim l. var stofnaður. Nú vil jeg ekkert segja um þann skóla, nema alt gott, þó að jeg þekki raunar ekki mjög vel til hans; en sá ljóður er á hans ráði, að húsnæði hans er mjög takmarkað, — alt of lítið í þessum bæ, sem hefir um 25 þús. íbúa. Og jeg hefi heyrt það jafnvel haft eftir forstöðumanni þessa skóla, að það sje svo fjarri því, að við þessum gagnfræðaskóla í Reykjavík sje vert að amast, heldur sje það gott, að einstakir menn hafi tekið sjer fyrir hendur að bæta úr því, sem áfátt hlýtur að vera í hinum skólanum, eins og að honum er búið að ýmsu leyti.

Hjer hafa nokkrir menn tekið sig saman um það að leggja fje og fyrirhöfn í skóla, og aðstandendur unglinganna vilja leggja á sig að greiða — að jeg held — helmingi meira kenslugjald heldur en annars er greitt við unglingaskólann í Reykjavík. Enginn maður efast um, að þessi skóli sje vel rekinn, að fyrir honum sje góður forstöðumaður og vandað sje til kennara. Jeg veit ekki, hvað það á að vera annað en blint flokkshatur, sem kemur mönnum til að neita þessum eina skóla um styrk. Það er bara ófsókn og ekkert annað. En jeg fyrir mitt leyti ætla að vænta þess, að þessi hv. deild láti ekkert slíkt ráða hjá sjer. Jeg vona, að hún standi við sína fyrri aðstöðu í þessu máli. Hjer er ekki farið fram á stór fjárútlát, heldur aðeins örlítinn styrk. Enda heyrðist það á hæstv. ráðh. í dag, að það var ekki fjárhagshliðin, sem hann setti fyrir sig, heldur að þetta væri einkaskóli.. En þá ástæðu hefi jeg nú athugað og gagnrýnt.

Nei, jeg álít, að ein ástæða gæti legið til þess að samþ. ekki þessa litlu fjárveitingu, nefnil. sú, að menn vildu ekki breyta fjárl., og út í það skal jeg ekki fara.

Þá hefi jeg borið fram 13. brtt. á þessu sama þskj., um það, að Karlakór Reykjavíkur fái 1500 kr. styrk til þess að fá sjer kenslu hjá söngkennara. Til þessa fjelags var hjer í deildinni samþ. 2000 kr. styrkur, en hv. Ed. lækkaði hann um helming með eins atkv. meiri hl. Samt sem áður fer jeg svo vægt í sakirnar og vil helminga það, sem á milli ber.

Þegar maður lítur á, að það eru milli 30 og 40 menn, sem ætla fyrir þetta að afla sjer kenslu, sem er alldýr og ekki til neins að taka, nema afla sjer hennar í nokkuð ríkum mæli, þá er auðsjeð, hvað þetta er afarlítið á hvern mann. Eins og gengið er frá styrknum í Ed., er það ekki nema 30

kr. á mann — sem sagt hreint ekki neitt. Úr því að verið er að líta á áhugastarf þessara manna, sem leggja mikið á sig endurgjaldslaust til þess að gera sig sem færasta í sönglist, þá eru 1500 kr. sú minsta viðurkenning til þessa stóra og ágæta söngflokks.

Ennfremur hefi jeg leyft mjer að bera fram tvær brtt., sem birtast á þskj. 651. Fyrst er það, að ofurlítil breyt. verði gerð á aths. við einn lið. Eins og hv. þdm. er kunnugt, var samþ. styrkur nokkur til Jóns Kristjánssonar nuddlæknis, 1200 kr. Svo var sú aths. sett þar við, að hann skyldi kenna nemendum læknadeildarinnar sína sjergrein og sömuleiðis halda uppi nokkurri ókeypis lækningu í sinni sjergrein. Þegar læknadeildin tók eftir þessu, sem ekki var fyr en svo seint, að ekki var hægt að snúa sjer til n., urðu þeir mjög óánægðir með þessa aths. við liðinn. Háskólinn á þann rjett, að ekki sje þangað skipaður kennari, nema umsagnar deildar háskólans sje leitað, en hjer er beinlínis skipaður kennari án þess að spyrja hana nokkuð ráða. Þar að auki á þessi kennari að hafa 200 kr. hærri styrk heldur en aðrir kennarar þessarar deildar, sem eru búnir að starfa þar nokkurn tíma.

Jeg vil leyfa mjer að lesa örstutt brjef frá núverandi forseta læknadeildarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Á 12. gr. fjárl. hefir verið tekinn upp 1200 kr. styrkur til Jóns Kristjánssonar nuddlæknis, sem skilyrði um að kenna stúdentum nuddlækningar. Hann er því, án þess að leitað hafi verið álits háskólans, gerður að aukakennara, og það með hærri launum en hinir aukakennararnir. Deildin mun ekki óska þessa, og afleiðingin er sjálfsagt sú að færa upp laun hinna kennaranna, ef þingið breytir hjer háskólalögunum og setur kennara að háskólanum fornspurðum".

Jeg býst við, að hv. þm. muni, að heyrðum þessum upplýsingum, ganga inn á, að þetta sje algerlega rjett á litið hjá læknadeildinni. Það er vitanlega meiningarlaust að skipa þann kennara, sem þeir kæra sig ekki um að fá. Jeg leyfi mjer að leggja til, að nýrri aths. verði skotið inn í: „ef deildin telur það æskilegt". Deildin getur látið það í ljós, ef hún vill fá einhvern kennara, en það er ekki hægt að útiloka lækninn frá styrknum með því að neita að taka við honum sem kennara í deildina.

Loks ber jeg fram 4. brtt. á þskj. 651, og er hún stærst af þessum till. Hún fer fram á að ábyrgjast alt að 60 þús. kr. lán til kvennaskólans í Reykjavík, gegn þeirri ábyrgð, sem stj. tekur gilda. Að þessi till. kemur svona seint fram, stafar af því, að ástæðan til hennar hefir ekki komið fram fyr en nú í þessum svifum. Eins og mönnum er kunnugt, hefir kvennaskólinn leigt húsnæði, sem er honum mjög hentugt að flestu leyti. Eigandi þessa húss hefir nú boðið skólanum það til kaups. Skólanefndin getur ekki ráðist í kaupin, en á það á hættu, að húsið verði selt öðrum fljótlega. Húsið er á mjög þægilegum stað í bænum, með góðri og fallegri lóð, og er því húsið áreiðanlega útgengilegt, svo að eiganda mun takast að selja það öðrum, ef skólinn gengur frá. Af því að þetta var komið í eindaga, sneri skóla-

nefndin sjer til mín með tilmælum um að flytja þessa brtt. Annars hefði hún að sjálfsögðu snúið sjer til n. með málaleitan þessa.

Um þetta mál hefir skólanefndin skrifað mjer brjef, frekar stutt, og vildi jeg því leyfa mjer að lesa það upp:

„Í brjefi því, sem sent var hinu háa Alþingi nú að áliðnu þingi fyrir hönd kvennaskólans í Reykjavík, um styrk til skólans, var þess getið, að nefndinni þætti nauðsyn til bera, að skólinn eignaðist sjálfur skólahúsið, og gæti að öðrum kosti að því rekið, að hann stæði uppi húsnæðislaus.

Nú er svo komið, að eigandi hússins hefir gert nefndinni tilboð um kaup á húsinu, eða áskilið sjer að henni frágenginni að leita annars kaupanda.

Leikur nefndinni mjög mikill hugur á að geta fest kaup á húsinu, og sjer fram á það að öðrum kosti, að til mik illa vandræða muni horfa fyrir skólann. En eins og hinu háa Alþingi er kunnugt, brestur skólann enn allmjög fje til þess að geta af sjálfsdáðum ráðist í kaupin.

Fyrir því leyfir nefndin sjer nú að fara þess á leit við yður, háttvirti herra alþingismaður, að þjer vilduð ásamt fleirum, er til þess vildu verða með yður, bera fram tillögu um, að hið háa Alþingi vildi á nokkurn hátt greiða fram úr þessu vandræði skólans, annaðhvort með lánsheimild úr viðlagasjóði fyrir alt að 60000 króna láni eða ábyrgðarheimild fyrir þeirri upphæð. Þótt húsið muni kosta allmjög miklu meira, væntir nefndin með þessari upphæð að geta fest kaupin og komist að viðunandi greiðslukjörum.

Virðingarfylst.

Í forstöðunefnd Kvennaskólans í Reykjavík, 15. maí 1929.
Anna Daníelsson. Guðrún J. Briem.
Bjarni Jónsson. Kristinn Daníelsson".

Jeg hefi sem sagt ekki fengið fleiri til að vera á þessari till., af því hvað tíminn var naumur. Það er víst svo, að ennþá hafa ekki tekist neinir samningar um verð á húsinu, og stj. hefir alt á sínu valdi þegar til þess kæmi að nota þessa ábyrgðarheimild, og þarf ekki að styrkja kaupin, nema henni þyki þau aðgengileg og hún hafi fengið þær tryggingar, sem hún vill heimta í þessu efni. Jeg þykist líka vita, að eftir því, hvernig skólinn hefir verið rekinn og eftir þeirri varúð, sem skólanefnd hefir sýnt í fjármálum skólans, þá megi reiða sig á, að hún fer ekki út í þessi kaup, nema þau sjeu hagfeld fyrir skólann. Jeg býst við, að hv. þdm. vilji kannast við, að þetta hús er mjög verðmæt eign. Það er prýðilega sett, en heldur út úr, steinhús og fylgir því talsvert rífleg lóð, um nokkuð á 5. þús. ferálnir. Það er vafalaust, að ef viðunandi verð fæst, þá er mjög hentugt fyrir skóla að kaupa þetta hús. Aftur á móti, ef húsið er selt öðrum, er ekki víst, að það verði leigt neinum skóla. Mundi þá þessi skóli standa uppi í vandræðum. Og ekki yrði öðrum skólum fyrir það betra um húsnæði, t. d. unglingaskólanum, ef kvennaskólinn gerðist þar keppinautur.

Jeg leyfi mjer þess vegna að fara fram á, að hv. deild samþ. þessa till., enda þótt jeg játi, að nóg sje komið

í 23. gr. af heimildum fyrir stj. Jeg vildi fara fram á við hv. deild, að hún yfirstigi þennan fyrsta þröskuld og muni, að ennþá er eftir hæstv. stj., sem þarf að yfirvinna, til þess að hægt sje að nota þessa heimild.

Jeg hafði hugsað mjer að minna hv. deild á eina brtt., sem kom inn í hv. Ed. og vikið hefir verið að af öðrum hv. þm., sem sje heimild stj. til þess að kaupa prentsmiðjuna Gutenberg, með tilheyrandi lóð og húsum, fyrir alt að 155 þús. kr. Jeg hefi ekki lagt það í vana minn að tala um brtt. annara og gera mig að yfirmanni í þeim efnum. En mjer finst þessi till. svo einkennileg, að það er ómögulegt annað en tala töluvert um hana, úr því að hæstv. dómsmrh. hefir valið þessa afarundarlegu leið, að koma með þetta mál inn í 23. gr. fjárl., og það við 3. umr. í Ed.

Það var annars einkennilegt, hvernig hæstv. ráðh. mælti fyrir þessari till. Hann varði mestum parti sinnar löngu ræðu til þess að bera saman kaup á þessari prentsmiðju og annari prentsmiðju hjer í bæ, eins og það væri afgert mál, að ríkið kaupi prentsmiðju, og í öðru lagi endilega þessa prentsmiðju. Og hann var lengi að sýna fram á, að betra væri að kaupa Gutenberg heldur en t. d. Acta. Það er mjög einkennilegt, hvað hann mintist lauslega á hinar prentsmiðjurnar, sem mjer skilst, að sjeu betri fyrirtæki en þessar tvær. Þetta eru hvorttveggja stórar prentsmiðjur, alveg eins stórar og hinar til uppjafnaðar. En jeg hefi heyrt það af þeim manni, sem var falið að rannsaka málið á milli þinga, að fyrir hann hafi verið lagt að fara ekki til þeirra prentsmiðja, heldur bara athuga kaup á Gutenberg og Acta. Jeg veit ekki, hvers vegna þetta er. Það er algerlega óhugsandi, að nokkur flokkapólitík hafi komist inn í þetta, enda er nú ekki mikil hætta á henni.

Hæstv. ráðh. sýndi fram á, hve miklu betra væri að kaupa Gutenberg heldur en Acta. Og jeg get fallist á, að þetta er það eina rjetta í ræðu hæstv. ráðh. En þá er það sennilega af því, að Gutenberg hefir verið einna óheppilegust fyrir ríkið af þessum fjórum. Hann sagði, að Acta væri ný prentsmiðja, svo að hennar áhöld væru ný. Hann heldur, að aldur prentsmiðju og aldur verkfæra sje það sama. Jeg er ekki fróður í þessum efnum, en jeg get upplýst hæstv. ráðh. um það, að þó að prentsmiðjan Acta sje ný, þá eru alls ekki hennar hlutir eða áhöld ný. Setjaravjelar t. d., sjerstaklega ef þær eru ekki af vandaðri gerð og standa ekki í heppilegu plássi og fá ekki góða meðferð, eru alls ekki endingargóðir hlutir. Um þetta veit maður það, að það er mjög fljótt að slitna við notkun, þannig að prentsmiðjur verður altaf að endurnýja með tiltölulega fárra ára millibili.

Það er sagt, að Gutenberg eigi að kosta 155 þús. kr. En er það svo? Ekki hefi jeg sjeð þá samninga. Eða er búið að gera samningana um kaupin? Það er alveg óheyrilegt, að þm. skuli ekki fá að sjá þá, ef svo er. Það stendur nú svo á, að jeg hefi umráð yfir nokkrum hlutabrjefum í Gutenberg. Jeg hefði því ekki nema hag af, ef hægt væri að prakka henni inn á ríkið. En ekki hefi jeg heyrt, að stj. prentsmiðjunnar hafi staðið í neinum samningum við ríkið. Hvaða skilyrði eru sett í þeim samningum?

Það er ómögulegt að samþ. þetta svona út í bláinn. Það er vanalega svo, að þingið vill leggja stj. lífsreglurnar. Því setur það lög og reglur, að það treystir jafnvel hinni bestu stj. ekki svo vel, að það láti hana hafa óbundnar hendur.

En setjum nú svo, að alt sje klappað og klárt og prentsmiðjan fáist fyrir 155 þús. kr. En er þá alt fólgið í þessu? Það hygg jeg að sje ekki. Það er vitanlegt, að eigi prentsmiðjan að koma að fullum notum fyrir ríkið, þá verður það að leggja í enn meiri kostnað. Gutenberg hefir ekki nema eina setjaravjel. En ætti hún að hafa undan önnum ríkisins, þyrfti hún að hafa 2—3 setjaravjelar. Hver setjaravjel kostar um 25 þús. kr. Það er undarlegt, að stj. skuli ekki biðja um heimild til að kaupa setjaravjelar. Það verður þó nauðsynlegt strax í byrjun. Kostnaðurinn verður því ekki 155 þús. kr., heldur 200 þús. kr. En ekki veit jeg, hvar á að koma fyrir nýrri vjel. Mjer sýnist sannarlega vera þröngt um þá einu.

Hæstv. ráðh. talaði um, að húsið væri hentugt. Jeg skal ganga inn á það að nokkru leyti. En það er þó gamalt og timburhús. Það getur brunnið hvenær sem er. Það er að sjálfsögðu vátrygt. En það er ekki nóg til að firra öllu tjóni. Af því leiddi stórkostlega vinnustöðvun, sem kæmi hart niður á ríkinu. Ef ríkisprentsmiðjan fjelli úr sögunni t. d. um sjálfan þingtímann! Það er alt annað eins og nú er, þegar prentun ríkisins er dreift milli margra prentsmiðja. Þá er hægt að færa baggana yfir á hinar, ef óhöpp steðja að einni.

Hæstv. ráðh. mælti mjög með þessu af því, að aðalupphæð kaupverðsins væri skuld við Landsbankann. Eins og þetta eigi að vera eitthvert bjargráð við Landsbankann! Það má búast við, að hæstv. ráðh. færi þessa hugmynd lengra út, að bjarga Landsbankanum, með því að taka á ríkið fyrirtæki, sem eru illa stæð og skulda honum. Þetta liggur beint við, ef farið er inn á þessa bjánalegu hugsun.

Öll ræða hæstv. ráðh. var bollaleggingar um það, hvaða prentsmiðju ríkið ætti að kaupa. En það er dálítið undarlegt að ræða fyrst um það, *hvernig* ríkið eigi að setja upp prentsmiðju, áður en ákveðið hefir verið, *hvort* ríkið skuli setja upp prentsmiðju. Það var samþ. hjer þáltill. í fyrra um þetta efni, er jeg skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera fyrir næsta þing áætlun um stofnkostnað og starfrækslu ríkisprentsmiðju, er annast geti prentun ríkissjóðs og opinberra stofnana“.

Þetta er alt og sumt. Þetta er nú öll heimildin, er stj. hefir fyrir því að setja upp og starfrækja ríkisprentsmiðju.

Alþ. í fyrra fer fram á það við stj. að láta rannsaka kostnað við stofnun og starfrækslu ríkisprentsmiðju. Hvar er árangurinn af þessari rannsókn? Í stað þess að lauma þessari heimild inn í fjárl. við 3. umr. í Ed. átti hann að sjálfsögðu að liggja skjallega fyrir þinginu, svo þm. gætu myndað sjer skoðun á málinu. Jeg vil spyrja hæstv. ráðh., hvort til sje nokkur skýrsla frá manni þeim, sem mjer er sagt, að

framkvæmt hafi þessa rannsókn. Jeg bíð eftir svari. — — Steinhljóð!

Jeg vil leyfa mjer að lýsa eftir þessari skýrslu hjá hv. þm. Er nokkur hjer inni, sem hefir sjeð hana? Jeg hefi heyrt, að eitthvert plagg um þetta mál gangi hjer um meðal rjetttrúaðra. Stj. var falið að láta framkvæma rannsókn, og svo heldur hún rannsókninni fyrir þingmönnum, en heimtar, að þeir samþ. heimild til sín, án þess að gefa nokkrar upplýsingar um málið. Það hefir oft verið samþ. vantraust á stj. fyrir minna en þetta. Þetta hlýtur að vera eitthvert voðaplagg. Það er sýnilegt, að það mundi verða til að drepa till. Annars væri engin ástæða til að halda því fyrir þm. Jeg skora á hæstv. ráðh. að lána mjer það snöggvast. Jeg ætla að doka við og sjá, hvort þetta hrífur! — —

Jæja, jeg verð þá að fara eftir sögusögnum um hitt og þetta, sem í þessu plaggi greinir. Jeg hefi heyrt, að rannsóknin hafi verið falin Steingrími nokkrum Guðmundssyni, sem sagt er að sje bróðir hv. þm. Ísaf. Jeg þykist vita, að það sje greindur maður eins og hann á kyn til, en ekki veit jeg, hvort hann hefir vit á þessu máli. En eitthvað virðist vera mislukkað, úr því hæstv. ráðh. þorir ekki að leggja skýrsluna undir dóm. þm.

Jeg hefi heyrt, að í þessu dularfulla plaggi sje áætlun um rekstrarkostnað prentsmiðjunnar, og kvað hann vera ætlaður um 200 þús. kr. á ári. Jeg er hræddur um, að þessi áætlun sje æðivarhugaverð. Yfirleitt vill áætlunum oft skeika, og það þarf ekki að skeika miklu á jafnstóru fyrirtæki, þó það skeiki um þær 50 þús. kr., er ríkinu á að sparast. Auk þess hefi jeg heyrt að engin áætlun hafi um það verið gerð, hvort prentsmiðjan mundi anna því verki, sem henni er ætlað. En þeirri prentun mun engin prentsmiðja á landinu anna. Þetta verður því að vera langstærsta prentsmiðjan, til að geta haft undan þegar mest liggur á. En hvernig á að fara að á þeim tímum árs, er prentsmiðjan hefir ekki undan? Þá yrði að kaupa út vinnu hjá öðrum prentsmiðjum, og ætti því einn liðurinn á kostnaðaráætluninni að vera um það. En það hlýtur t. d. að koma fyrir í þingönnunum. Jeg hygg því, að kostnaðaráætlunin, ef hún er eins og mjer er af henni sagt, sje öll ramskökk. Sennilegast er, að á prentsmiðjunni verði halli, hún muni sverja sig í ættina til annara ríkisfyrirtækja. Það er upplýst, að prentsmiðjurnar í höndum einstaklinga berjast í bökkum, og halda einstaklingarnir þó úti öllum spjótum til að berjast fyrir lífinu. Landsbankinn á eina, hv. 2. þm. G.-K. vildi láta loka sinni. En undir eins og ríkið eignast prentsmiðju á að verða ágóði, 50 þús. kr., 75 þús. kr. — eða guð má vita hvað. Það er leiðinlegt, að reynslan skuli stöðugt þurfa að vera að kenna sumum mönnum, — að þeir skuli ekki geta lært lexíuna á einu fyrirtæki. Það ætti að vera nóg.

Og hvernig mundi nú rekstur prentsmiðjunnar ganga? Það er auðsjeð, að það verður ákaflega misjafnt, sem verður að gera. Um þingtímann getur engin ein prentsmiðja annað störfunum. Nú eru það 4 prentsmiðjur, er skifta þeim milli sín, og þó verður Gutenberg oft að neyta sinna ýtrustu krafta til að hafa undan. Ef ríkið ætlar að skifta við eina prentsmiðju, þá verður hún annaðhvort að vera

óeðlilega stór, ef hún á að hafa undan þegar annirnar eru allra mestar, eða hún verður miðuð við minstu þarfir og vinna keypt út hjá öðrum prentsmiðjum. Þá mætti og grípa til þess ráðs að láta verkið dragast, prenta umræðupartinn t. d. ekki fyr en eftir þinglok. Nú er verið að stríða við að koma þingtíðindunum sem fyrst út. En þó að ríkisrekstur baki mönnum allskonar áhættu, tap og óþægindi, þá er ekki verið að horfa í það. Bara að ríkið fái að eiga! Löngun sumra í það er makalaus. Hún er eins og löngun krakkans í bolta.

Hæstv. ráðh. upplýsti það, að hann hefði orðið til þess, að ríkið fór að skifta við 4. prentsmiðjuna. Nú er það skiljanlegt, hvers vegna hann kom með allar sínar fyrirspurnir fyrst þegar hann komst á þing. „Alþjóðkjörið spurningarmerki" var hann nefndur þá. Nú sjer maður, til hvers það var. Það var gert til að skaffa nýrri prentsmiðju atvinnu. Þarna kemur skýringin á öllu fyrirspurnafárinu. Þetta getur maður kallað siðleysi kunningsskaparins, sem hæstv. ráðh. hefir talað um. Jafnvel fyrir mann, sem honum er nú ekki betur við en hv. 2. þm. G.-K., fer hann að bera fram fyrirspurnir, til þess að prentsmiðja hans fái atvinnu. Hvað mun þá vera um hið græna tríeð? Það er ekki að furða, þó sitthvað falli í skaut bestu vina hæstv. ráðh., úr því jafnvel hv. 2. þm. G.-K. hrærir hjarta hans til miður góðrar ráðstöfunar á ríkisfje.

Hæstv. dómsmrh. hugsar sjer, að prentaðar verði í ríkisprentsmiðjunni væntanlegu t. d. Þjóðvinafjelagsbækurnar. Menningarsjóðsbækurnar og Fornritaútgáfan. En það er bara eftir að vita, hvort hlutaðeigendur verða ánægðir með það. Jeg er ekki svo viss um það. Jeg er ekki viss um, að þeir sjeu nokkuð upp á það komnir að láta stj. segja fyrir um það, hvenær rit þeirra skuli vera tekin til prentunar. Það er nú svo, að þegar menn eru tilbúnir með rit sín, þá vilja þeir láta prenta þau strax, og yfirleitt vilja þeir láta haga prentuninni svo, að hún geti farið fram þegar þeir hafa bestar ástæður til þess að annast prófarkalestur o. þvíl. Og ef það fer nú svo, að þessar umtöluðu stofnanir vilja ekki láta prenta bækur sínar í ríkisprentsmiðjunni væntanlegu, þá held jeg, að ástæðurnar til þess að koma henni upp fari óðum að minka. Það væri þá helst til þess að hægt væri að segja, að ríkisprentsmiðja væri til. — Það á að gera öllum öll hugsanleg óþægindi til þess að ríkið geti átt prentsmiðju. En þetta má alt leysa strax með því að fella nú þegar brtt. úr fjárl. og standa í vegi fyrir öllum síðari tilraunum hæstv. dómsmrh., sem hann er viss með að gera, til þess að koma þessu fyrirtæki á fót.

Þá fór hæstv. ráðh. nokkuð út í það að gera upp gallana á ríkisrekstrinum yfirleitt. En heldur þótti mjer hann fara varlega í þær sakir. Það kann að hafa verið af því, að hv. þm. Ísaf. var inni í deildinni. Hann hefir ekki viljað móðga hann með því að tala neitt að ráði um galla þessa skipulags. Hann viðurkendi þó, að nokkrir gallar gætu verið á ríkisrekstri. Já, það gerði hann. Enn hann sagði, að aðalerfiðleikinn fyrir ríkisrekstur væri sá, að koma afurðum sínum í verð. Hann tók t. d., að ef ríkið ræki kúabú eða sauðfjárbú eða eitthvað

þvílíkt, þá væru þetta aðalerfiðleikarnir. En hjer væri alt öðru máli að gegna, þar sem ríkisprentsmiðjan ætti í hlut, því ríkið gæti lagt henni til nóg efni til þess að vinna úr. Já, þvílíkt dæmalaust raus! Það hefir víst engum í heiminum dottið það í hug fyrri, að það erfiðasta við ríkisrekstrurinn væri það að koma afurðunum í verð. Nei, erfiðleikarnir eru á öllum öðrum sviðum. En aðalhættan er þó í því fólgin, að þeir, sem að fyrirtækjum ríkisins standa, reki þau ekki eins vel og ef þeir ættu þau sjálfir.

Og þó að ríkið í þessu tilfelli geti útvegað prentsmiðjunni nóg verkefni, getur það samt gefist illa, á þann hátt að prentunin verði dýrari en ella. Jeg þykist líka vita það, að úr því þessi áætlun, sem gerð hefir verið, gerir ekki ráð fyrir nema 50 þús. kr. árlegum sparnaði, þá sje það fyrirfram ákveðið, að hann verði enginn. Mjer er alveg sama, þó hæstv. ráðh. segi, að þetta fyrirtæki muni gefa af sjer 100—200 þús. kr. árlega. Og skýrslan, sem samin hefir verið um þetta, hlýtur að vera ákaflega sannfærandi, ef hv. flokksbræður dómsmrh. treysta sjer til að samþ. þetta. Það væri annars nógu gaman að sjá þetta plagg, en það er líklega ekki nema fyrir sanntrúaðar framsóknarhetjur, en ekki fyrir okkur aumingja íhaldsmennina. Jeg sje nú, að hæstv. forseti hefir þetta plagg. Hann vildi máske vera svo góður að lána mjer þetta leyniplagg snöggvast. (Forseti rjettir þm. skjal mikið). Jæja, hjer er það þá loksins komið. (Blaðar í því). Jeg vona, að hæstv. forseti verði ekki mjög óþolinmóður, þó jeg líti aðeins yfir það. (**JAJ**: Vill ekki hv. þm. lesa það upp?). Það væri reyndar full ástæða til þess.

Hjer sje jeg þá fyrst, að Acta muni fást fyrir 90 þús. kr. (**ÓTh**: Jeg skal slá af henni 10 þús. kr.). Þarna svarar einn aðaleigandi hennar og segist vilja slá af henni 10%, svo ekki hefir nú verið leitað fast eftir því, hvaða prentsmiðja fengist með bestum kjörum. Jæja, jeg fæ máske að líta betur yfir þessa skýrslu þegar jeg hefi lokið þessari ræðu minni, og get svo gert þær aths. við hana, sem mjer kann að þykja ástæða til, í næstu ræðu minni.

Hæstv. dómsmrh. bar fram sem veigamikla ástæðu fyrir því, að ríkið ætti prentsmiðju, að þá væri hægt að prenta Alþt. með smærra letri og mundi það hafa nokkurn sparnað í för með sjer. En heldur hæstv. ráðh., að þetta sje ekki hægt nema ríkið eignist prentsmiðju? Jeg vil bara leyfa mjer að benda honum á, að hann þarf ekki annað en skipa prentsmiðjunni, sem prentar þau, að nota smærra letur, því honum er í lófa lagið að segja: Annaðhvort verðið þið að hafa þetta svona, ellegar þið fáið þetta ekki til prentunar. — Þá talaði hann og um það, að ef ríkisprentsmiðja kæmist upp, þá mætti geyma letrið úr Alþingistíðindunum í Stjórnartíðindin. Þetta er vitaskuld rjett. En jeg get ekki sjeð, að það þurfi að koma upp ríkisprentsmiðju til þess að hægt sje að gera þetta. Og jeg vil leyfa mjer að upplýsa hæstv. ráðh. um það, að þetta er sama sem gert. Letrið er að vísu brotið niður og svo sett upp aftur, en ríkinu algerlega að kostnaðarlausu. Það er nefnilega svo að það kostar prentsmiðjuna jafnmikið að geyma letrið

eins og að setja það upp aftur. En hún vill vinna þetta til, til þess að fá að halda samningunum við ríkið. Þannig fellur því þessi röksemd á tvennan hátt, því það er bæði hægt að gera þetta eins og nú er, og svo er það gert.

Jeg skal svo fara að stytta mál mitt um þessa dæmalausu till. Hún er bæði vanhugsuð og vitlaus. Auk þess er það gersamlega óhæfilegt og ósæmilegt að afgr. þetta mál á þennan hátt, þar sem meiri hl. hv. þm. hefir ekki fengið að sjá þau plögg, er þetta alt byggist á. Hafa því þeir þm. alls ekki leyfi til þess að samþ. svona mikil útgjöld fyrir ríkissjóð. Einn er og sá galli á þessu, að með þessu er verið að taka atvinnu af mörgum mönnum, er nú stunda prentiðn. Því ef engin prentsmiðja væri keypt, þá mundu þessi störf skiftast niður á önnur fyrirtæki. Og þó það megi máske stundum segja, að ekki dugi altaf að horfa í slíkt, þá er það gersamlega óhæfilegt, að ríkisvaldið svifti borgarana atvinnu að ástæðulausu. Því ber vitanlega að hafa sem flestra hag fyrir augum.

Að lokum vil jeg benda á það, að þetta hefir verið reynt áður. Nokkrir bókaútgefendur, er þurftu að láta prenta mikið, hugðu, að það væri vitleysa að láta prentsmiðjurnar hafa stórhagnað af því að prenta bækur þeirra. Þeir hlytu að komast betur út af því með því að gera þetta sjálfir. Þeir stofnuðu því prentsmiðju, er „Rún“ nefndist. En þeir voru fljótir að trjenast upp á því og þóttust góðir að losna við hana. Það er nefnilega svo, að prentsmiðjurekstur er nokkuð sjerstakur í sinni röð. Og ef þeim kröfum, er hann gerir, er ekki fullnægt, þá er stórhætta á því að mikið tap verði á honum. Þetta er reynslan, og jeg get ekki búist við því, að þetta gangi betur hjá ríkinu. A. m. k. er það reynslan, að það, sem ekki getur borið sig hjá einstaklingum, verður venjulega til stórkostlegs taps fyrir hið opinbera.

Loks er það sú röksemd hæstv. dómsmrh., að Jón Þorláksson hafi sett upp verkstæði, er ríkið átti, til þess að smíða í brýr, og hafi það verið lofað af öllum. Hv. 2. þm. G.-K. tók það fram í þessu atriði, er þurfti. En jeg vil aðeins benda á, að hjer er sá stóri munur, að þegar verkstæðið var sett upp, þá var verið að ná þeirri atvinnu inn í landið. Það var alls ekki af því að ríkið byggist við að fá ódýrara með þeim hætti. En svo framarlega sem hægt var að smíða þessa hluti eins ódýrt hjer í landinu, þá var vitanlega sjálfsagt að flytja vinnuna inn í landið. Ef öll prentun hjer færi fram í útlöndum, þá skyldi jeg vera fús til þess að athuga það, hvort ekki væri rjett, að ríkið eignaðist prentsmiðju. En hjer er alls ekki slíku til að dreifa, og passar því þessi líking hæstv. ráðh. ekki hjer í þessu tilfelli.

**Jón Sigurðsson:*** Sökum þess að nú er orðið alláliðið dags, mun jeg stytta mál mitt eftir föngum.

Undanfarin 2 ár hefir það verið venja, að Nd. hefir gengið að fjárl. eins og Ed. hefir gengið frá þeim. Lítur nú helst út fyrir, að þetta hafi stigið hv. Ed. til höfuðs, því síðan jeg kom til þings hefir hún aldrei sýnt

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

eins mikla hlutdrægni í meðferð á fjárl., sjerstaklega hvað snertir till. einstakra þm. í Nd. Virðist svo, sem þær till. hafi aðeins verið metnar á einn mælikvarða. En sá mælikvarði virðist hafa verið pólitískir verðleikar flm. Til þess að sýna, að jeg mæli þetta ekki út í loftið, skal jeg nefna nokkur dæmi.

Ein till., er hv. Ed. feldi niður, var lítið tillag til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, að upphæð 2000 kr. Flm. þessarar till. var hv. 3. þm. Reykv. En á sama tíma hækkar hún styrkinn til Blönduósskólans upp í 4000 kr. og bætir við nýjum lið til húsmæðrafræðslu, 20 þús. kr. Þá fellir hún niður styrk til sandgræðslu í Rangárvallasýslu, 12 þús. kr., og til dragferju á Hólsá, 1500 kr., samtals 13500 kr. En á sama tíma er ekkert hreyft við till., sem hv. þm. V.-Sk. flutti í Nd. og sem fór fram á styrk til sandgræðslu og fyrirhleðslu, samtals ca. 12 þús. kr. Maður hefði getað ályktað sem svo, að þetta alt ætti að verða samferða. Jeg nefni ekki þessar till. hv. þm. V.-Sk. af því að jeg álíti, að þær eigi ekki rjett á sjer, heldur tek jeg þær aðeins sem dæmi. Svo fellir og hv. Ed. niður styrk til Kristins Björnssonar læknis. Hún hækkar að vísu um leið námsstyrkina, en þar er ekkert tekið fram, að þessi maður skuli fá styrk af því fje. En á sama tíma og hún gerir þetta er látinn standa styrkur til Jakobs Gíslasonar, og er ekki hægt að sjá, að önnur ástæða sje því til grundvallar en sú, að þessi maður mun hafa farið til Rússlands í fyrra og mun vera allhandgenginn aðalstuðningsflokki stj. Þannig mætti margt tína til, er sýnir meðferð hv. Ed. á till. okkar Nd.-manna, en jeg ætla að láta þetta nægja.

Þá er það till. meiri hl. fjvn. Ed. um niðurskurð á framlögum til vega. Er ekki hægt að sjá, að n. hafi þar fylgt ákveðinni reglu, því hún sker niður alt frá $^1/_7$ til $^1/_3$ af upphæðunum. En að einu leyti hefir hún þó fylgt ákveðinni reglu, nefnil. að hreyfa ekki þeim upphaflegu upphæðum til vega í sínum eigin hjeruðum. T. d. hefir hún ekki hreyft við þeim upphæðum, sem ætlaðar eru til vega í Húnavatnssýslu og Múlasýslu. Þegar svona er að farið, er ekki ástæðulaust, þó mönnum sýnist ástæða til þess fyrir Nd. að ráða einhverja bót á þessum málum. Það er því ekki að ófyrirsynju, að minni hl. fjvn. hefir lagt til, að þessar upphæðir verði færðar í sitt fyrra horf.

Hæstv. fjmrh. gerði sjerstakl. að umræðuefni till. okkar minni hl. í fjvn. Skal jeg ekki fara langt út í það, en aðeins svara honum fáum orðum. Hann talaði fyrst um till. okkar um að hækka tekjubálkinn um 50 þús. Hann tók það rjettilega fram, að tekjurnar aukast ekkert við það, þó þær sjeu áætlaðar hátt, en engu að síður er þetta alveg sama aðferð, er hann og flokksbræður hans í Ed. hafa viðhaft. Því þar hækkuðu þeir tekjubálkinn um 100 þús. kr. Og eftir mínum kunnugleika á þessum málum, þá hygg jeg, að okkar till. sjeu alveg eins rjettmætar og þær, er hv. Ed. samþykti.

Þá voru þeir báðir hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh. að tala um það, að það þýddi ekkert að veita svona mikið fje til vega, því það mundi verða fullerfitt að fá menn til þess að vinna fyr-

ir það. En jeg vil benda á það, að það lítur út fyrir, að stj. líti ekki sömu augum á þessar framkvæmdir og aðrar, því hún fer einmitt fram á að fá heimild til þess að láta reisa ekki alllítið skrifstofubákn hjer í Reykjavík, er ekki mun kosta minna en ¼ milj. Get jeg ekki hugsað mjer, að það rísi upp án þess nokkur maður vinni við það. Hygg jeg, að ekki þurfi færri til þess að vinna við það en til þess að vinna fyrir þær 65 þús. kr. í vegum, er við höfum lagt til, að veittar verði umfram það, er hv. Ed. gerir ráð fyrir. Annars tel jeg ekki þörf á því að rökræða um vegagerð hjer á landi. Hefir oft fengist tækifæri til þess áður og það verið notað, og mun jeg því sleppa því að sinni.

Að einu leyti er jeg þó undrandi yfir því, að hæstv. stj. skuli vera svo ákveðin á móti till. okkar um framlög til vega. Þetta voru nefnilega upphaflega till. hæstv. stj. sjálfrar, og mjer er ekki ljóst, hvað fyrir henni vakir, þegar hún ber fyrst fram till. um aukna vegagerð, en lætur svo flokksmenn sína í hv. Ed. skera niður ⅕ af því framlagi, sem til þess er ætlað. Mjer er alls ekki ljóst, hverskonar skollaleikur er hjer á ferðinni.

Þegar litið er til ýmsra annara mála, sem útgjöld hafa í för með sjer, þá fer svo fyrir mjer og fleirum, að við förum að efast um, að sparnaðaráhugi hæstv. stj. liggi henni svo ríkt á hjarta sem hún vill vera láta. Það er ekki verið að tala um niðurskurð þegar á að leggja 1 milj. kr. í að byggja síldarbræðsluverksmiðju, eða þegar á að byggja skrifstofubákn í höfuðstaðnum fyrir ¼ milj. kr. Svo á að láta ríkissjóðinn „spekulera" í síld og ganga í stórfeldar ábyrgðir. Þá þarf ekki að spara. En þegar einhversstaðar á að fara að klípa utan úr, þá er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur og framlagið til vegagerða skorið við nögl. Það kemur harðast niður á sveitunum. Hæstv. stj. leggur svo mikla áherslu á að láta líta svo út, að fjárl. sjeu tekjuhallalaus, að hún svífist einskis. Hún hugsar ekkert um, þó hrúgað sje inn í 23. gr. lánsheimildum, sem nema stórfje, því að það hefir ekki áhrif á útkomuna. Það er aðalatriðið í hennar augum að sýnast. Hún vill láta fjárl. vera tekjuhallalaus á pappírnum, hvað sem það kostar, og þess vegna horfir hún ekki í að skera niður ⅕ af vegagerðafjenu. Slíkt er óhæfa. Jeg vona svo, að menn sjái, að brtt. okkar minni hl. á þskj. 646 eru svo sjálfsagðar og meinlausar, að þeir sjái sjer fært að samþ. þær.

Skal jeg svo ekki fara um þetta fleiri orðum, þar sem svo er orðið áliðið, enda þótt ástæða væri til að taka fleira til athugunar.

**Jón Auðunn Jónsson:*** Af því að hv. þm. Ísaf. er ekki viðstaddur, vil jeg segja nokkur orð um 2. brtt. á þskj. 651, sem við flytjum í sameiningu.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá var samþ. hjer í d. 3500 kr. sjúkrastyrkur til Ólafs Stefánssonar frá Ísafirði. Nú stendur svo á, að þessi maður er látinn af völdum sjúkdómsins, en ekkja hans lifir eftir og er svo nauðulega stödd, að það liggur við borð að

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

hún verði að gefast upp og leita á náðir hreppsins, ef henni kemur ekki nein hjálp. Í þessari till. okkar er farið fram á, að henni sjeu veittar 2400 kr., eða ⅔ af þeirri upphæð, sem manni hennar var ætluð. Jeg er þess fullviss, að hún kemst af, ef hún fær þennan styrk, og getur þá haldið uppi skóvinnustofu og lítilli skóverslun, sem maður hennar hafði. Af því getur hún lifað. Jeg vænti þess, að hv. þdm. sjái sjer fært að veita þennan styrk, þó að hann sje nokkuð óvanalegur, en það eru líka alveg óvanalegar ástæður, sem að liggja. Manninum varð ekki hjálpað, en þó er ekki síður ástæða til að styrkja eftirlifandi ekkju hans.

Það er víst að bera í bakkafullan lækinn að tala meira um þá till., sem samþ. var í hv. Ed. um að heimila stj. að gera kaup á prentsmiðju. Hæstv. dómsmrh. vildi halda því fram, að með þessum kaupum væri ekki verið að gera mikla breyt. í raun og veru. Það væri aðeins verið að færa þessa eign frá einni stofnun til annarar. Hann átti þar við, að Landsbankinn geti alls ekki fengið sitt fje frá Gutenberg nema því aðeins, að ríkið kaupi hana. Þetta finst mjer vera mjög varhugaverð stefna, og ef nú á að fara inn á þessa braut, að ljetta undir með lánsstofnunum á þennan hátt, þá hugsa jeg, að bráðum verði þröngt fyrir dyrum. Í annan stað hefir ekki verið gerð nægilega glögg grein fyrir þessari till. og ekki athugaðar nægilega þær afleiðingar, sem hún hefir í för með sjer. Jeg hefi litið á áætlun yfir starfrækslukostnað prentsmiðjunnar, og er þar gert ráð fyrir, að hann verði 175 þús. kr. á ári. Þetta er áreiðanlega of lítið. T. d. er mjer kunnugt um það, að ef þarna á að greiða svipað í verkalaun og í öðrum prentsmiðjum, þá eru þær 95 þús. kr., sem til þess eru ætlaðar, sýnilega alt of lítil upphæð. Ein prentsmiðja getur heldur ekki komið því af að prenta alt, sem þarf, meðan Alþ. stendur, og verður þá eftir sem áður að leita til annara um þann tíma. Annars virðast mjer þessi prentsmiðjukaup vera nokkuð mikið kappsmál hjá hæstv. dómsmrh. Framkoma hans í málinu minnir mig satt að segja mikið á dálítið skrítna sögu norðan úr landi. Þar var einu sinni fáráðlings-strákur vinnumaður á bæ. Einn góðan veðurdag kemur hann til húsbónda síns og segist endilega vilja kaupa hest. „Þú hefir ekkert við hest að gera", segir húsbóndi hans, „og svo lána jeg þjer líka altaf hest þegar þú þarft á að halda, ef þig langar að fara eitthvað á frídögum þínum. Það verður þjer alveg kostnaðarlaust, og hjá mjer færðu miklu betri hest heldur en þú getur nokkurn tíma keypt þjer". — „Já, jeg veit það", sagði strákur. „Hjá þjer fæ jeg miklu betri hest en jeg get keypt mjer. En mjer er ekki sama, hver hesturinn er. Jeg vil ekki hafa það hest, heldur hryssu, og það endilega rauða hryssu. Og jeg vil kaupa mjer rauða hryssu, þó hún sje bæði hölt og meidd".

Hæstv. dómsmrh. fer álíka viturlega að ráði sínu í þessu máli eins og strákurinn.

**Jóhann Jósefsson:** Jeg ætla mjer ekki að lengja þessar umr. óþarflega, en vil þó geta þess, að jeg hefi komið hjer fram með brtt. viðvíkjandi veginum í Vestmannaeyjum, sem hv. fjvn.

þessarar deildar hafði sett inn í frv., og lækkað framlagið frá því, sem upphaflega var farið fram á. Hv. Ed. hefir nú lækkað þetta framlag að nýju, en brtt. mín fer í þá átt að kippa þessu í lag og láta það vera eins og það var þegar frv. var afgr. út úr þessari hv. deild. Sama er að segja um sjúkrastyrk til Þorgils Þorgilssonar, sem var samþ. hjer, en hv. Ed. hefir þóknast að fella niður. Hv. Ed. hefir nú verið mjög átalin fyrir afgreiðslu sína á fjárl., og mig undrar það raunar alls ekki, þó þessi hv. deild taki því ekki með þökkum, hvernig þar er farið með hennar samþyktir. Ef sú venja á að geta haldist, að taka við fjárlagafrv. og samþ. það óbreytt eins og það kemur frá hv. Ed., þá verður um leið að vera tekin upp sú regla, að hv. Ed. sýni ekki hlutdrægni í fjárveitingum. Eins og hv. þm. Dal. sagði, þá er þessi hv. deild mannfleiri, og fjárlagafrv. er fyrst lagt hjer fram, svo að það virðist ekki vera ástæða til þess að láta hv. Ed. hafa úrslit fjárl. í hendi sjer.

Um aðrar brtt. ætla jeg ekki að tala, til þess að lengja ekki umr., en mun sýna afstöðu mína til þeirra við atkvgr.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Fyrsta brtt. mín að þessu sinni á skylt við aðra af þeim skriflegu brtt., sem hjer eru fluttar, og ef hv. flm. hennar vill ganga inn á að 1 þús. kr. af þeirri upphæð, sem þar er farið fram á að veita til styrktar sjúklingum, gangi til Unnar Vilhjálmsdóttur, en 3 þús. kr. til Þorgils Þorgilssonar í Vestmannaeyjum, þá mun jeg taka mína brtt. aftur, ef sú skriflega verður samþykt. Að öðrum kosti held jeg minni till. fram.

Önnur brtt. mín er sú XXII. á þskj. 646, og er um 2 þús. kr. styrk til styrktarsjóðs Maríu Össursdóttur í Flatey. Þessi fjárhæð var samþ. hjer við 2. umr., en var feld niður af hv. Ed., sem sýndi manndóm sinn í því að koma fyrir kattarnef styrkjum til berklavarna. Þessi till. hefir, eins og jeg sagði áðan, verið samþ. hjer áður, og jeg vænti þess, að hv. deild haldi nú fast við hana, þar sem hún á fullan rjett á sjer. Þessi sjóður er nú kominn upp í 8 þús. kr., og má ekki verja neinu úr honum fyr en hann er orðinn 10 þús. kr., en þá á að veita fje úr honum til styrktar berklavörnum. Eins og jeg hefi áður sagt, þá verður þetta til sparnaðar fyrir ríkissjóð, því að þessi sjóður kemur til með að ljetta undir kostnaðinn við berklavarnirnar, sem er nú svo tilfinnanlegur.

Þá flyt jeg einnig III. brtt. á þskj. 651, sem er um 200 kr. styrk til Jensínu Pálsdóttur ljósmóður. Þessa till. flyt jeg eftir beiðni hæstv. forsrh., og jeg vænti þess, að hv. þdm. láti till. ekki gjalda þess, að hann er veikur og getur því ekki mælt fyrir till. sjálfur. Þessi kona er komin yfir sjötugt og hefir verið ljósmóðir í 30 ár, svo að hún fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því að komast inn í þennan lið fjárl.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þessar till., þar sem nú er mjög liðið á fundartímann, en vil aðeins taka það fram, að jeg mun eins og áður greiða atkv. með styrknum til gagnfræðaskóla Reykjavíkur og að

Flensborgarskólinn fái sjerstakan styrk. Jeg sje ekki, að það sje þörf á að flýta því um eitt ár að setja Flensborgarskólann á bekk með hjeraðsskólunum, þar sem væntanlegt er heildarskipulag um alla þá skóla á nærliggjandi tíma, og hvað gagnfræðaskóla Reykjavíkur viðvíkur, þá veit jeg, að margir aðrir skólar eru styrktir, sem eiga það síður skilið.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg flyt hjer eina skriflega brtt., sem er brtt. við till. hv. þm. Vestm. um sjúkrastyrk til Þorgils Þorgilssonar í Vestmannaeyjum. Það hefir komið í ljós við flutning slíkra mála, að menn eiga erfitt með að neita þegar ástæður eru bágar, og get jeg vel skilið það. Sjúkir menn hafa oftast ekki til neinna sjóða að hverfa, og eiga því ekki annars úrkosti en að flýja á náðir Alþ., en mjer finst það illa til fallið, að í fjárl. sjeu veittir sjúkrastyrkir á nafn einstakra manna. Það vill svo til, að jeg er kunnugur þessum manni í Vestmannaeyjum og veit, að hann er ekki svo efnum búinn, að hann geti upp á eigin spýtur kostað sig til lækninga. Heilsu hans er svo háttað, að hann er næstum ófær til allra starfa og hefir þrautir altaf öðru hverju, en læknar hafa gefið honum góðar vonir um, að hann fái bót meina sinna, ef hann getur farið utan til lækninga og dvalið þar. Með till. minni er svo til ætlast, að sjúkrastyrkir sjeu ekki veittir á nafn, heldur ætluð til þeirra ákveðin upphæð árlega. Ef þessi till. verður samb., þá er það meining mín, að Þorgils Þorgilsson fái 3 þús. kr. af þessari upphæð, en 1 þús. kr. verði veittar þeirri konu, sem hv. þm. V.-Ísf. flytur brtt. um. Hinsvegar er svo til ætlast, að ríkisstj. úthluti þessu fje á sínum tíma, en þá vænti jeg þess, að það verði gert í samræmi við þann tilgang, sem Alþ. hefir ákveðið með samþykki sínu.

Um aðrar brtt. ætla jeg ekki að tala, þar sem svo er áliðið dags, en mun láta nægja að lýsa skoðun minni með atkv. mínu. Nú mun jeg greiða atkv. gegn mörgu, sem jeg þó gjarnan vildi verða við, en það getur orðið örlagaríkt, hvernig fjárl. verða afgr. Það er nauðsynlegt, að þau verði tekjuhallalaus, og fyrir þeirri nauðsyn ætla jeg að beygja mig.

**Jón Ólafsson:** Svo sem hv. þdm. er kunnugt, flyt jeg hjer skriflega brtt. um, að frú Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur sje veittur 1500 kr. ferðastyrkur til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín. Þessi kona hefir, eins og allir vita, haldið uppi málum kvenna hjer á landi um 50 ára skeið. Hún hefir altaf staðið fremst í flokki þeirra og starfað mikið að þjóðfjelagsmálum og fjelagsmálum kvenna. Því þarf jeg ekki að lýsa.

Nú langar hana til þess að sækja þennan fund, sem er kvenrjettindafundur og fjallar um þau mál, sem henni eru hjartfólgnust og hún hefir mest barist fyrir. Þó að hún sje orðin nokkuð öldruð, býr hún enn yfir svo miklum krafti og áhuga, að búast má við töluverðum árangri af för hennar.

Jeg þekki af eigin reynd starfsemi frú Bríetar. Jeg hefi til dæmis setið með henni í bæjarstjórn og mjer er kunnugt um, að enn er eftir svo mikið af skörungsskap hennar, að hún er þess verð, að henni verði gert kleift að

fara þessa ferð. Það væri verðug viðurkenning fyrir hennar mikla starf. Jeg varð fyrir vonbrigðum, þegar hv. Ed. feldi þetta við síðustu umr. þar, en jeg vona, að þessi hv. deild leiðrjetti það og samþ. þessa litlu fjárhæð. Þó að hún sje ekki nærri því nægileg, er hún þó viðurkenningarvottur þingsins fyrir áhuga hinnar merku konu um öll kvenrjettindamál bæði fyr og síðar.

**Jóhann Jósefsson:** Með skírskotun til þess, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um tilgang sinn með skrifl. brtt. við 3. brtt. á þskj. 646, og þess, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði um sama efni, skal jeg lýsa yfir því, að ef skrifl. brtt. hv. 1. þm. Árn. verður samþ., mun jeg taka aftur 3. brtt. á þskj. 646.

ATKVGR.

Brtt. 646,I.1 feld með 14:13 atkv.
— 646,I.2 feld með 14:11 atkv.
— 651,I samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, SE, SvÓ, ÁÁ, GunnS, HJ, BSv.
**nei:** HV, IngB, JörB, MT, PO, SÁÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HG.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 651,II (aðaltill.) feld með 16:6 atkv.
— 651,II (varatill.) feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JAJ, JÓl, LH, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, HG, HK, HV, JJós, BSv.
**nei:** JS, JörB, MG, MT, PO, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, IngB.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 664) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 664 samþ. með 14:11 atkv.
— 646,II og III teknar aftur.
— 646,IV.a—i feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG.
**nei:** MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, BSv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 646,V samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HV, IngB, JörB, LH, MT. BSv.
**nei:** SE, EJ, HG, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 646,VI samþ. með 16:1 atkv.
— 646,VII.1 tekin aftur.
— 646,VII.2.a—b feld með 16:10 atkv.
— 646,VIII samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÁÁ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, BSv.
**nei:** ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, IngB, JS, LH, PO, SvÓ.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 646,IX tekin aftur.
— 646,X samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÁÁ, BÁ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.
**nei:** ÞorlJ, BSt, EJ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, MT, SÁÓ, SvÓ.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 646,XI.1—2 feldar með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÁÁ, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl.
nei: JörB, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, BSv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 646,XII feld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, HStef, HG, HK, HV, JS, MT, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BSv.
nei: EJ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BÁ.
BSt, IngB, ÞorlJ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 646,XIII feld með 15:11 atkv.
— 646,XIV samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SÁÓ, ÁÁ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JörB, MG, MJ, ÓTh, BSv.
nei: SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HV, IngB, JS, LH, PO.
EJ, HG, MT greiddu ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 646,XV samþ. með 14:5 atkv.
— 646,XVI.1 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, MT, PO, ÞorlJ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, JAJ, JÓl, JS.
nei: ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BÁ, HG, HV, JJós, JörB, LH, MG, BSv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 646,XVI.2 tekin aftur.
— 646,XVII feld með 14:10 atkv.
— 646,XVIII samþ. með 20:3 atkv.
Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 665) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 665 samþ. með 15:8 atkv.
— 646,XIX samþ. með 14:9 atkv.
— 646,XX feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, ÞorlJ, BÁ, EJ, HStef, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MT, BSv.
nei: ÓTh, PO, SE, SÁÓ, ÁÁ, BSt, GunnS, HG, HK, HV, JS, MG, MJ.
HJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 646,XXI samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HStef, HJ, HK, HV, IngB, JAJ, JörB, LH, ÓTh, SvÓ, ÞorlJ, BÁ, EJ, GunnS, BSv.
nei: HG, JJós, JÓl, JS, MG, MJ, MT, PO, SE, SÁÓ, ÁÁ.
BSt greiddi ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 646,XXII samþ. með 14:9 atkv.
— 646,XXIII samþ. með 15:5 atkv.
— 646,XXIV feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, MJ, MT, SE, SÁÓ, ÁÁ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, BSv.
nei: JAJ, JS, JörB, LH, MG, PO, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, IngB.
HJ, ÓTh greiddu ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 651,III samþ. með 17:1 atkv.
— 646,XXV samþ. með 14:9 atkv.
— 646,XXVI feld með 14:10 atkv.
— 646,XXVII feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HStef, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ.
nei: SvÓ, BSt, BÁ, EJ, HK, JJós, J-

AJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.
HJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 646,XXVIII samþ. með 14:6 atkv.

— 646,XXIX feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

**nei:** HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ. ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BSv.

BÁ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 646,XXX feld með 14:8 atkv.

— 651,IV feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HG, HK, HV, JJós, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SÁÓ, ÁÁ, EJ.

**nei:** HStef, HJ, IngB, JörB, LH, MT, SE, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, BSv.

JAJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 651,V samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, ÁÁ, GunnS, HK, HV.

**nei:** JörB, LH, MT, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, BSv.

EJ, HG greiddu ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 646,XXXI samþ. með 15:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv. og endursent Ed.

---

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 666).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ með 10 shlj. atkv.

**Jón Baldvinsson:** Jeg vil einungis leyfa mjer að spyrjast fyrir um það, hvað hv. fjvn. hefir um fjárl. að segja eftir afgreiðslu þeirra í hv. Nd. Jeg skildi það svo, að nál. væri á ferðinni, með því að eyða var á dagskránni fyrir þingskjölum í fjárlögunum. Jeg bjóst við, að von væri brtt. frá hv. fjvn.

**Jón Jónsson:** Jeg get gert grein fyrir því sem form. fjvn., að hún hefir ekki gert neinar brtt. við fjárl. að þessu sinni, og sje jeg því ekki ástæðu til að ræða þau nú. Jeg legg til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

**Ingvar Pálmason:** Jeg hefi aldrei komist í þann heiðurssess að vera í fjvn. Það munu því margir telja, að illa sitji á mjer að fara nú að hefja umr. En orsakir liggja til alls. — Þegar fjárl. voru til einnar umr. í Nd., heyrði jeg, að ekki gæti komið til mála að samþ. þau eins og þau kæmu frá Ed. Jeg sje samt ekki annað en að þær breyt., sem Nd. hefir gert, sjeu hreinustu smámunir. Nd. virðist, þegar alt kemur til alls, hafa fallist á, að fjárl. væru sæmilega afgr. í Ed. Jeg held því, að óhætt hefði verið fyrir Nd. að samþ. fjárl. óbreytt. Jeg vildi láta þessa getið, af því að undanfarin ár hefir Nd. samþ. fjárl. óbreytt frá Ed., en nú var eins og Nd. liti svo á, að ekki kæmi til mála að halda

þeim óbreyttum. Jeg kann því illa við, að Ed. samþ. fjárl. alveg þegjandi. Hún ætti a. m. k. að þakka Nd. fyrir orðsendinguna.

**Páll Hermannsson:** Jeg stend aðallega upp til að gera hv. d. grein fyrir, af hverju n. á í raun og veru engan frsm. við þessa umr. Það stafar af því, að n. tók í raun og veru enga ákvörðun um fjárl. Það komu fram í n., án þess að vera samþ. af meiri hl. hennar, þær raddir, að rjett væri að taka við fjárl. eins og þau liggja fyrir. Það heyrðust líka raddir um það í n., að sumar breyt., sem Nd. gerði við eina umr., væru til hins verra frá því, sem Ed. hafði samþ. við 3. umr. Í því sambandi voru nefndir ýmsir liðir, svo sem styrkir til utanferða, sjúkrastyrkir og styrkir til ákveðinna minningarsjóða, en n. gerði enga ályktun um þessi atriði. Hinsvegar kom það skýrt í ljós, eins og hv. form. n. hefir getið um, að menn óskuðu ekki að gera neinar breyt. nú, svo að fjárl. þyrftu ekki að fara til Sþ. Jeg vænti þess, að hv. dm. skilji, af hverju enginn frsm. er fyrir n. hönd, og hefi jeg þá ekki fleiri upplýsingar að gefa.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg er eiginlega ekki við því búin að taka til máls við þessa umr. fjárl., en mjer finst afgreiðsla þeirra hafa orðið þannig í þetta sinn, að hún gefi tilefni til, að upplýst verði nánar en hv. form. n. hefir gert, hvers vegna engar brtt. liggja fyrir við þessa umr. fjárl. hjer í hv. deild. Og því miður verða það frekar óánægjuorð en hitt, sem jeg hefi fram að færa. Jeg vil fyrst taka það fram, að vegna tímaskorts hefir öllum nefndarstörfum fjvn. verið hagað með svo miklum flýti, að tæpast er forsvaranlegt, úr því að báðar deildir þingsins eiga að hafa fjárlögin til meðferðar og þess jafnvel vænst, að Ed. lagfæri það, sem kann að vera komið út á viðsjárverða braut hjá hv. Nd. Enginn má þó skilja orð mín svo, sem jeg sje að hnýta í samverkamenn mína í nefndinni. N. vann myrkranna á milli þá 5 daga, sem hún hafði til að afgreiða fjárl., og geta allir sjeð, að það var alt of naumur tími. Jeg hefi aldrei verið jafnókunnug þeim plöggum, sem legið hafa fyrir fjvn., og nú, og hefi jeg þó gert mjer alt far um að kynna mjer þau, eftir því sem tími vanst til.

Þá kem jeg að því, hvers vegna n. hefir engar brtt. borið fram nú. Það var vegna þess að meiri hl. hennar, sem vitanlega hefir töglin og hagldirnar, var ánægður með fjárl. eins og þau komu frá hv. Nd., enda þótt bert væri, að um brot á fjármálastefnu hv. meiri hl. n. væri að ræða. Jeg á einkum við sjúkrastyrkina og minningargjafasjóðina. Það eru engar stórupphæðir, sem hjer koma til greina, en ef um stefnubrot er að ræða, er það, brotið sjálft, aðalatriðið. Sannleikurinn er sá, að meiri hl. n. sættir sig við þetta stefnubrot, af því að hann fjekk sínu aðaláhugamáli framgengt, sem sje, að engin hækkun var gerð á tekjuliðum fjárl., önnur en 100000 kr. hækkun á tekju- og eignarskatti, og að tekjuhallinn var jafnaður með því að fella niður fje til verklegra framkvæmda, vegagerða. Vegna þess að hv. meiri hl. fjvn. Ed. gat ekki aðhylst till. minni hl. n. um mjög svo varlega hækkun á nokkrum öðrum

tekjuliðum, t. d. vörutolli og aukatekjum, var tekjuhallinn jafnaður með því að lækka framlag til verklegra framkvæmda. Þetta ljet hv. Nd. standa óbreytt, og tekur meiri hl. fjvn. Ed. því við frv. orðalaust og er hinn ánægðasti. Jeg veit, að hv. meiri hl. kemur ekki á óvart, þó að jeg gefi þessa yfirlýsingu. Mjer fanst það vera skylda mín. En hitt vil jeg taka skýrt fram, að í þessu felst engin ásökun til samverkamanna minna um vinnubrögðin í nefndinni.

Jeg öfunda ekki þessa hv. deild fyrir meðferð hennar á fjárl. En hjeðan af verður að skeika að sköpuðu. Við höfum ekki getað verið samtaka um það atriði, sem er eina og rjetta og besta lagfæringin, að hækka áður nefnda tekjuliði, sem vitanlegt er um, að þola mundu þá mjög svo varlegu hækkun, sem minni hl. fjvn. fór fram á. En minni hl. telur ekki gerlegt, eins og nú er komið, að fara að bera fram brtt. og hleypa fjárl. til Sþ.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg vil aðeins slá því föstu, að meiri hl. fjvn í Nd. hefir dyggilega fetað í fótspor meiri hl. fjvn. hjer, með því að rýra framlög til vegalagninga en hrúga saman styrkjum til einstakra manna og stofnana. Sem dæmi skal jeg nefna Fjarðarheiðarveginn. Framlag til hans hafði Ed. samþ. með miklum meiri hl. atkv., en Nd. feldi það niður. Hinsvegar hefir Nd. samþ. námsstyrki, sjúkrastyrki og hækkað eftirlaun. Ennfremur samþ. Nd. að endurborga úr lífeyrissjóði tillög, sem greidd hafa verið í hann af mönnum, sem vitaskuld voru orðnir aldraðir, þegar þeir byrjuðu að leggja í sjóðinn, en ekki er sanngirnisrjettur að leyfa endurgreiðslu á nema því aðeins, að miklu lengra verði gengið á þeirri braut, og er hjer því um háskalegt fordæmi að ræða. Jeg álít því, að í þessu efni sje ekki hægt að gera upp á milli meiri hl. n. hjer og í Nd. Samt varð niðurstaðan sú, að fjvn. gat ekki komið sjer saman um að gera brtt., þar sem samkomulag var um, að breytingarnar, sem samkomulag náðist um í fjvn. þessarar deildar, væru svo litlar, að ekki svaraði kostnaði að hleypa fjárl. í Sþ. þeirra vegna.

**Jón Jónsson:** Mjer finst allundarlegt að fara að hefja umr. um fjárl. hjer, þar sem engar brtt. liggja fyrir. Það hefði að vísu verið ástæða fyrir bæði mig og aðra Ed.-menn að andmæla sleggjudómum, sem Nd. hefir felt yfir okkur, en það er óviðfeldin aðferð, þar sem við mundum þá ráðast á menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer.

Mjer þóttu líka undarleg ummæli tveggja manna úr fjvn. Jeg hefi ekki orðið annars var en að í n. hafi alla tíð verið góð samvinna, svo að jeg bjóst ekki við, að við nm. færum nú að deila innbyrðis. Hv. 2. landsk. sagði, að hún öfundaði ekki d. af afgreiðslu fjárl. Jeg veit ekki, hvað hún á við, en mjer skilst það helst vera tvö atriði, sem ágreiningur varð um við 3. umr. Hv. 2. landsk. og hv. þm. Seyðf. vildu láta áætla tekjurnar hærra en gert var og töldu ekki þörf á þeim sparnaðartill., sem d. samþykti. En jeg uni vel við þann dóm, sem d. fær fyrir að hafa sýnt var-

færni í meðferð fjárl. Eftir ummælum meðnefndarmanna minna er því slegið föstu, að meðferðin er mjög gætileg. Ekki óttast jeg heldur harðan dóm fyrir að við höfum sint of lítið verklegum framkvæmdum, þar sem sýnt er, að þetta þing hefir varið meiru til verklegra framkvæmda en nokkurt annað þing.

Hv. 2. landsk. vjek að stefnubroti, sem við meirihlutamenn hefðum gert okkur seka í. Þetta má að nokkru leyti til sanns vegar færa; það skal jeg játa. Við hefðum getað verið því fylgjandi að hleypa fjárl. í Sþ. út af ýmsum þeim styrkjum, sem Nd. samþ., en þar sem um svo litlar upphæðir var að ræða, 3000—4000 kr., þá fanst okkur óforsvaranlegt gáleysi að láta fjárl. fara í Sþ. Það er því ósanngjarnt að deila á meiri hl. n. fyrir þetta.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg skal geta þess út af ummælum hv. form. og hv. frsm. fjvn., af því að þeir eru báðir nýir þm., að það hefir altaf verið venja í hvorri deildinni sem er, að þegar fjárl. hafa komið frá einni umr. í annari d., hefir í hinni verið skýrt frá meðferð þeirra síðan þau fóru úr þeirri deild og breyt. þeim, sem á þeim hafa orðið. Þetta kom ekki til í fyrra hjer í deildinni, af því að þá samþ. Nd. fjárl. eins og þau komu frá Ed.

Hv. 6. landsk. er að hugga sig við, að aldrei hafi verið veitt eins mikið til verklegra framkvæmda og nú. Það er nú að vísu rjett, enda er það ekkert undarlegt, þar sem útgjaldahlið og tekjuhlið eru um 2 milj. kr. hærri en að undanförnu hafa hæstar verið. Framlag til verklegra framkvæmda á því að vera þeim mun hærra en áður. En það er það ekki. Fólk úti um landið hefir vit á að taka tillit til þess líka, hvað upphæðirnar tekju- og gjaldamegin eru háar.

**Erlingur Friðjónsson:** Það virðist svo, sem sumum þyki undarlegt, að nokkur skuli tala um fjárl. nú. Jeg er ekki á þeirri skoðun, því að jeg mundi t. d. geta sagt mikið um þessi fjárlög. Jeg er að miklu leyti óánægður með tekjuhliðina, en ekki sjerstaklega á þá lund, að mjer finnist tekjurnar ekki áætlaðar skaplega.

Eins og fjárl. undanfarandi ára hafa verið, og eru raunar enn, þá hafa tekjulögin, sem bygt er á, mjög verið sett af handahófi og skattarnir lagðir á þegna þjóðfjelagsins algerlega í ósamræmi við vinnu þeirra og afkomu. En það verður að líta á fjárl. sjálf í því ljósi fyrst og fremst, að fjárhag ríkisins sje ekki stofnað í hættu. Mjer er sama, hvað hann heitir, sem með þjóðarkassann fer, hvort það er heldur íhaldsmaður eða samvinnumaður; jeg mundi jafnan stuðla að því, að fjárhag ríkisins væri ekki stofnað í vandræði. Jeg hefi verið sammála framsóknarmönnum í fjvn. þessarar hv. d. hvað það snertir að vilja áætla útgjöld ríkissjóðs hóflega og eftir því sem ætla mætti, að tekjurnar þyldu.

Að öðru leyti get jeg ekki sjeð, að hægt sje að tala um neinn sjerstakan meiri hl. í fjvn. Hv. 2. landsk. (IHB) var eitthvað að gefa í skyn, að meiri hl. n. væri ánægður með fjárlagafrv. eins og það er, en jeg þekki ekki þann meiri hl. að öðru leyti en því, að jeg hefi átt samleið með Framsóknarflokknum um það, að tekjurnar yrðu

ekki spentar of hátt til þess að stofna til útgjalda hreint og beint í óhófi. Þegar tekjurnar álítast ekki nægar til þess að standast þau útgjöld, er ríkið þarf að inna af höndum, þá geta altaf verið skiftar skoðanir um, hvar ráðast eigi á garðinn til þess að draga úr útgjöldum, hvort takmarka eigi framlög til verklegra framkvæmda, svo sem til vegagerða og brúa, eða framlög til einhvers annars. En það er auðsætt, að um marga pósta er ekki að ræða, þar sem hægt er að draga úr fjárframlögum. Mikill hluti gjalda ríkissjóðs er bundinn með lögum, svo sem laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, og er því óhægt að hrófla við þeim, enda mundi jeg ekki verða fyrstur manna til að klípa af launum embættismannanna, því að jeg tel þau í flestum tilfellum ekki of há. Jeg skal kannast við, að jeg hefi fylgst með í því að lækka fje til vega, þegar sýnilegt var, að útgjöldin yrðu of há á móts við tekjurnar og ekki sýnilegt, að hægt væri að skera annarsstaðar niður, og þegar líka er hægt að færa rök fyrir því, að þarna er eitthvað hægt að draga úr framkvæmdum, en árferðið sæmilegt og ekki sýnilegt, að brýn þörf sje á aukinni atvinnu vegna atvinnuskorts í landinu. Jeg vil haga mjer að nokkru eftir því, hvort brýn þörf sje á, að miklar framkvæmdir af hálfu ríkisins sjeu hafðar um hönd, af því að atvinnuvegirnir sjeu í kreppuástandi eða ekki. Það vill nú líka svo til, að þó að klipið sje af verklegum framkvæmdum, þá er þó eigi minna lagt til á þessu sviði en áður hefir tíðkast. Og úr því að hv. þm. Seyðf. hefir upplýst, að útgjöld til verklegra framkvæmda sjeu nú áætluð talsvert miklu hærri en venja er til, þá finst mjer það viðunandi, og því ekki rjett að bæta þar við, svo að í vanda stefni um afkomu ríkisins. Útgjöldin hafa líka aukist stórum vegna þeirra fjárhæða sem fara til verklegra framkv. í búnaði, til fræðslumála, heilbrigðismála o. fl. Af þessu hlýtur að leiða það, að tekjurnar verða að vaxa að sama skapi og útgjöldin aukast, eða að fara verður varlega í opinberar framkvæmdir.

Það má vitanlega deila fram og aftur um meðferð þingdeildanna á fjárl., en þó ætla jeg ekki að leggja þar mörg orð í belg, af því að mjer finst það ekki nema eðlilegt, að þingdeildirnar geti verið ósammála um ýms efni, og aðstaða Ed. þannig, að hún verður að ganga á móti sumum till. hv. Nd. og fella þær, þar sem Ed. þykir miður ráðið. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að heyrist hljóð úr horni, er Nd. þykir systurdeildin, sem minni er, hafa farið annan veg í till. sínum en hún hefði kosið. Annars verður auðvitað, eftir því sem kostur er á, að haga þann veg afgreiðslu fjárl., að báðar deildir sjeu ánægðar. Og eftir atvikum held jeg, að báðar deildir megi vera ánægðar með afgreiðsluna í þetta sinn. Eins og fjárl.-frv. liggur nú fyrir, er það að mestu í því formi, sem báðar deildir hafa óskað eftir, og nær verður tæplega komist en að báðar d. fái meginkröfum sínum fullnægt.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala um einstök atriði fjárl., en læt mjer nægja að vísa til þeirrar yfirlýsingar, er jeg gerði í upphafi: að á meðan fjárl.

liggja fyrir í því formi, sem beitt er um tekjuöflun ríkissjóði til handa, þá verð jeg altaf óánægður með þau, en hinsvegar vona jeg, að á komandi þingum verði gerðar þær breyt. í þessu efni, að jeg geti með meiri gleði greitt atkv. með fjárlfrv. en jeg hefi gert þessi tvö þing, er jeg hefi átt sæti í þessari hv. deild.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg þarf ekki miklu að svara hv. 6. landsk. og hv. þm. Ak. — Hv. 6. landsk. þótti undarlegt að hefja umr. um fjárl.-frv. í þetta sinn, þar sem engin brtt. lægi fyrir, og hitt vitanlegt, að meiri hl. d. ætlaði sjer að taka við þeim eins og þau liggja fyrir. Þetta er nú samt algeng venja, þegar líkt stendur á við eina umr., og furðar mig á, að hv. 6. landsk., sem annars fylgist vel með störfum þingsins og venjum, skuli láta þetta koma sjer ókunnuglega fyrir sjónir. Hv. 4. landsk. er víst á annari skoðun, að því er mjer skildist. Hv. þm. tók fram í byrjun ræðu sinnar, að það væri eins og jarðarför óþekts manns færi hjer fram. Þingmaðurinn ætlast eflaust ekki til, að þessi hv. d. taki þegjandi við frv. eins og hv. Nd. hefir þóknast að ganga frá því.

Jeg sagðist ekki öfunda hv. meiri hl. þingsins af afgreiðslu fjárl. í þetta sinn, og mun það sýna sig, þótt síðar verði, að meiri hl. er þar ekki öfundsverður. Eins mun það og koma í ljós, hvort ekki hafi verið forsvaranlegt að jafna tekjuhallann á þann hátt, sem minni hl. n. fór fram á í till. sínum.

Jeg verð að halda því fram, að það hafi verið óþarflega mikil varkárni, sem meiri hl. sýndi með því að skera niður allmiklar fjárveitingar til ýmiskonar verklegra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru, vegagerða. Að vísu hafa menn talað um, að þrátt fyrir þann niðurskurð hafi þó aldrei verið veitt jafnmikið til verklegra framkvæmda og í fjárlfrv. þessu. En mjer finst þetta ekkert undrunarefni, þegar litið er á, að afkoma ríkissjóðs hefir aldrei verið betri en hún er nú. Það er ekki langt um liðið, að hæstv. forsrh. gerði glögga grein fyrir því, að raunverulegur tekjuafgangur af ríkisrekstrinum síðastl. ár mundi nema um 1½ milj. króna. Þegar þjóðarbúskapurinn gengur svo vel, þarf engan að furða, þó að varið sje álitlegum fjárhæðum til verklegra framkvæmda í landinu.

Annars er ekki úr vegi að minna á, hvernig núv. stjórnarflokkur hagaði orðum sínum, þegar hann var í minni hl. Þá var sýknt og heilagt verið að stagast á því utan þings og innan og í blöðum flokksins, að forsjónin hefði með góðæri sínu lagt ríkissjóði til tekjurnar, svo að það hefði verið vandalaust fyrir þáv. stj. að ljetta á skuldum ríkisins og leggja ríflega til verklegra framkvæmda.

Nú er viðhorfið a. m. k. ekki lakara, heldur að öllum líkindum betra, þar sem um óvenjulega mikinn tekjuafgang er að ræða frá síðasta ári, auk þess aflabrögð í besta lagi, markaðshorfur góðar og atvinna með mesta móti, m. ö. o. forsjónin leggur upp í hendur hæstv. stj. óvenjulega árgæsku til lands og sjávar, svo að engum dylst, að líta má bjartari augum til framtíðarinnar um afkomu ríkissjóðs en nokkru sinni áður. En þrátt fyrir

þetta þykist hæstv. stj. og meiri hl. sá, er hana styður, verða að sýna þá varkárni um afgr. fjárl., að ekki mátti sinna till. okkar minni hl. um að hækka tvo tekjuliði fjárl. mjög varlega. Nei, við það var ekki komandi, heldur var hitt ráðið tekið, að takmarka verklegar framkvæmdir, svo sem að klípa af fjárhæðum til einstakra vega, sem vitanlegt er þó um, að hver einasta sýsla í þessu vegasnauða landi bíður með óþreyju eftir að fá, og sem hver einasti ferðamaður, er um vegina fer, hugsar sem svo: hjer vil jeg glaður fje til leggja. Jeg sný því ekki aftur með það, sem jeg sagði áður, að það hefði verið betra að fara þá leið, er við minni hl. bentum á: að hækka nokkra tekjuliði í stað þess að klípa stærri og minni upphæðir af fje því, sem áætlað var til vega.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í hvers vegna fjvn. hefir tekið við frv. eins og það er, enda þótt meiri hl. n. hefði lýst því yfir á fundi sínum í gær, að hann væri óánægður með frv. og teldi, að hv. Nd. hefði brotið stefnu þessarar hv. d. í tveimur atriðum. Sem sagt, jeg leiði hjá mjer frekari umr. um þetta.

Hv. þm. Ak. ljet sem það undraði sig mjög, að jeg skyldi vera að tala um meiri hl. í fjvn.; hann hefði enginn verið, sagði hann. Jeg var ekki að tala um meiri hl. til þess að gefa í skyn, að samvinna nefndarm. hefði ekki verið góð. En vitanlegt er, að í hverri þingnefnd eru í rauninni meiri og minni hluti, eins og í þinginu sjálfu, og þar sem þingflokka oft skilur hvað mest á í fjármálum, má nærri geta, og þing- meiri og minni hluta gætir ekki hvað síst innan fjárveitinganefnda. Skoðanamunur hlaut eðlilega að verða nokkur, eins og sýndi sig í því, að meiri hluti fjvn. þessarar hv. deildar lagðist á móti þessum 2 brtt. okkar minni hl. um mjög svo varlega tekjuhækkun, og sýndi með því öldungis óskiljanlega varfærni.

Annars komst hv. þm. Ak. að þeirri niðurstöðu, að hv. Nd. mætti vel við una afgr. fjárl. í þetta sinn, og ætla jeg ekki að mæla því gegn. En að sama skapi sýnist mjer þá, að þessi hv. d. megi lítt við una, þar sem breyt. Nd. hafa því sem næst allar gengið gegn þessari hv. d. og fjvn. hennar. Læt jeg svo þetta nægja og mun ekki taka til máls aftur við þessa umr., nema sjerstakt tilefni knýi mig til þess.

**Jón Baldvinsson:** Það gleður mig, að nú hafa allir aðstandendur fjárl. talað nema hæstv. fjmrh. einn, en væntanlega fá þm. bráðum að heyra hvað hann leggur til málanna.

Eins og frv. nú er komið frá fjvn. þýðir ekki að tala um einstaka liði. Nú er líka upplýst, að n. er þríklofin, enginn meiri hl., allir í minni hl., og hefði hv. fjvn. átt að láta okkur hina vita um þetta í framhaldsnál.

Hv. 3. landsk. sagði hjer á dögunum, að það mundi þýða 100 þús. kr. eyðslu að láta fjárl. fara til Nd. aftur. Það er leiðinlegt fyrir sjálfan hann, hvað hann er lítill spámaður, því mjer skilst, að útgjöldin hafi verið lækkuð í hv. Nd., þótt jeg sje að vísu ekki öllu því samþykkur. Um Fjarðarheiðarveginn tek jeg undir það, sem hv. þm. Seyðf. sagði. Það hefir verið þyrlað upp svo miklu moldviðri í því máli, að mörgum hefir verið vilt sýn. Það

hefir m. a. verið sagt, að svo mikill snjór lægi á Fjarðarheiði sumarmánuðina, að moka yrði honum á burt áður en byrjað væri á vegalagningu. En þetta eru slagorð, eins og fleira, sem notað hefir verið af sama tægi til þess að drepa till. um veg yfir Fjarðarheiði. En hvar eru þeir fjallvegir og heiðar á landi þessu, sem sagt verður um, að aldrei liggi undir snjó einhverja sumarmánuðina?

Þó Fjarðarheiðarvegurinn hafi fallið nú, þá getum við huggað okkur við það, að máli þessu eykst fylgi ár frá ári. Nú voru 20 þm. með till., og vantar því ekki nema herslumuninn, og því ráðlegt að senda einhverja 2 hv. þm. austur á Fjarðarheiði til þess að sannfærast um möguleikana fyrir því, að leggja veg yfir heiðina.

Jeg verð að taka það fram, að jeg er engan veginn ánægður með fjárl. Þess vegna hefi jeg verið að hugsa um að sitja hjá við atkvgr. um frv. Annars hefði jeg viljað víkja nokkrum orðum til hæstv. stj., ef hún gæti verið hjer nærri. — Jæja, jeg sje, að hún er þá komin, og ætla jeg þá að beina til hennar fyrirspurnum viðvíkjandi framkvæmd einstakra liða fjárl.

Jeg vil þá spyrja hæstv. stj., hvort hún muni ekki ætla að láta sína verkstjóra semja um kaup verkamanna við verkalýðsfjelögin í kaupstöðum og kauptúnum landsins, þar sem þau eru til og þar sem vegavinna fer fram í námunda eða aðrar opinberar framkvæmdir. Jeg álít þetta svo sjálfsagðan hlut, að í rauninni þyrfti ekki að æskja eftir því. En af því að þetta hefir samt sem áður dregist úr hömlu og af því að ekki hefir verið tekið undir þetta áður á þingi, þá vildi jeg, að því yrði einu sinni enn vikið að stj. Ljet jeg í ljós á dögunum, að jeg mundi koma með þál. um vegavinnukaupið og skora á ríkisstj. að semja við verkalýðsfjelögin á ýmsum stöðum. En af því að hæstv. atvmrh. veiktist og gat ekki verið til andsvara hjer, hefi jeg látið þetta vera. En mjer finst rjett, að einhver úr stj. vildi taka þetta til velviljaðrar athugunar. Minna finst mjer ekki hægt að gera í þessu máli, sem snertir þann mikla fjölda manna bæði í sveitum og sjávarþorpum, sem taka þátt í hinni opinberu vinnu ríkissjóðs víðsvegar.

Þetta er það, sem jeg helst vildi segja viðvíkjandi fjárl. og vildi fá svar við hjá hæstv. ríkisstj. Annars hefir komið fram ýmislegt skemtilegt við þessa umr. um afstöðu einstakra manna gagnvart fjárl. og hvað menn telja sjálfsagt, að þagað sje í hel þetta stærsta mál þingsins, þegar loksins á að gera það að lögum.

**Páll Hermannsson:** Á það hefir verið bent, að það væri venja, að frsm. fjvn. gerði deildinni grein fyrir þeim breyt., sem orðnar eru á frv. við eina umr. í hinni deildinni. Jeg hefi nú litið svo á, að mjer sem frsm. fjvn. bæri fyrst og fremst að gera grein fyrir þeim breyt., sem n. leggur til, og færa að meira eða minna leyti ástæður fyrir þeim, en bæri ekki bein skylda til að útskýra nákvæmlega, hvað kynni að hafa gerst í annari deild. Jeg taldi mig því eiginlega ekki eiga að koma fram sem frsm. n., einkum þar sem hún hefir ekki tekið neina ákvörðun, sem hún vildi auglýsa fyrir hv. deild. Hinsvegar virðast mjer þær breyt., sem orðið hafa á fjárlagafrv. í

Nd., ekki stórskornari en það, að hver einasti hv. þdm. hefir getað áttað sig á þeim.

Mjer virðist, að hv. Nd. muni hafa felt niður útgjöld úr frv. eins og það var, þegar það kom frá Ed., sem nemi 33 þús. Hinsvegar hefir þessi litli tekjuafgangur, sem í frv. var hjeðan úr deild, aukist um 3 þús. Nd. hefir þannig felt niður útgjöld upp á 33 þús., en bætt nýjum við upp á 30 þús. Þessar breyt. eru ekki flóknari en það, að jeg tel víst, að hv. þdm. hafi hver fyrir sig áttað sig á þeim álíka vel og jeg.

Annars virðist mjer það liggja ljóst fyrir, að það muni vera meining bæði n. og hv. deildar að samþ. fjárl. eins og þau liggja fyrir, þar sem enginn hefir borið fram brtt. Og jeg hefi ekki orðið var við, að sjerlega mikið hafi upplýst verið í þeim umræðum, sem fara fram að mestu leyti yfir tómum stólum. Býst jeg ekki við, að neitt vinnist við það, þótt jeg lengi þær umr. meira.

Eins og jeg áðan benti á, mun jeg stuðla að því með mínu atkv., að fjárlagafrv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Mjer kom það dálítið á óvart, að það skyldu verða svo miklar umr. um þetta fjárlagafrv., þar sem engar brtt. lágu fyrir. Það hefir verið minst á það, að eiginlega væri sjálfsagt að tala um fjárlög, þó að allir væru sammála um afgreiðsluna og engin brtt. lægi fyrir. Jeg sje nú í rauninni ekki, að það gildi önnur regla um fjárlagafrv. en önnur frv., að þegar allir eru sammála um það, sem á að gera (**IHB**: Uss!), þá sjeu allar ræður óþarfar. Það er vitanlega altaf svo, að þegar um afgr. bæði fjárlagafrv. og flestra annara frv. er að ræða, að það eru ekki allir ánægðir. Sitt hefir hver að kæra. En það mætti æra óstöðugan, ef allir ættu að verða ánægðir af eintómum ræðum.

Annars vildi jeg með örfáum orðum svara fyrirspurninni, sem mjer virtist hv. 4. landsk. beina að stj. út af kaupgjaldi, sem greitt kynni að verða við opinberar framkvæmdir, eða sjerstaklega vegagerð ríkissjóðs. Þetta atriði heyrir vitanlega undir hæstv. atvmrh., sem ekki getur verið hjer viðstaddur sakir veikinda. Þess vegna get jeg ekki sagt neitt um það annað en mitt álit.

Mjer skildist hv. þm. vilja láta leita samninga um kaupgjald við verkalýðsfjelög þau, sem væru á þeim stöðum, þar sem verkin ætti að framkvæma. Nú held jeg, að standi svo á víðast á landinu um vegagerðir, að þær eru annaðhvort uppi til fjalla eða frammi um sveitir, þar sem ekki eru verkalýðsfjelög starfandi á því svæði, sem um er að ræða. Jeg veit til þess, að það eru ýmsir sveitamenn, sem tínast í þessa vegagerð lengri eða skemri tíma. Þessir menn eru ekki í neinu sambandi við neitt verkalýðsfjelag, og jeg efast um, að þeir kæri sig um að binda þannig sína samninga, sem þeir gera við verkstjórana um kaupgjald.

Jeg verð nú að segja, að jeg lít svo á, að ríkissjóður verði að haga þessu líkt og gerist og gengur um einstaka menn og fyrirtæki, sem þurfa að kaupa vinnu, að hann sem sagt reyni að komast að þeim kjörum, sem algeng-

ust eru við vinnu á þeim stöðum og þeim tíma, sem vinnan fer fram. Þetta segi jeg sem mína persónulegu skoðun, án þess að það komi til minna kasta um það að ráða því, hvort samningar verði gerðir eða ekki við einstök fjelög um kaup við hinar opinberu framkvæmdir ríkissjóðs.

**Jón Baldvinsson:** Jeg vissi vel, að mál þetta heyrir ekki undir fjmrh. En jeg óskaði eftir, að einn úr stj. vildi svara. Og raunar hefi jeg ekkert svar fengið frá hæstv. ráðh. um þetta, ekki einu sinni það, að hæstv. stj. vildi taka þetta til athugunar. Það er hálfgerður útúrsnúningur, þegar hæstv. ráðh. segir, að vinnan fari fram uppi til fjalla eða frammi til sveita, þar sem ekki eru verkalýðsfjelög. Því að fólkið, sem vinnur uppi til fjalla og frammi til sveita, er að meiri hl. frá sjávarsíðunni og úr verkalýðsfjelögum. (**Fjmrh.**: Er það ekki færra af því?). Nei, það er mesti misskilningur. Mest af fólkinu, sem vinnur fyrir ríkissjóð, er í verkalýðsfjelögum. Hitt veit jeg vel, að í sveitunum er víða margt af yngri mönnum, bændasonum og námsmönnum, sem ekki eru í verkalýðsfjelagsskap, en vinna þessa vinnu. Þeir kæra sig ekki um að vera í verkalýðsfjelagsskap, sagði hæstv. ráðh. Það er upp og niður. Og mín reynsla er sú, að þegar bændur úr sveitinni koma til kauptúnanna, eru þeir óðara komnir í verkalýðsfjelög og halda vel á sínum rjetti. Gamlir bændur úr sveit eru venjulega hinir fremstu, ef til einhverra stórræða þarf að taka í kaupmálunum. Gæti jeg bent hæstv. ráðh. á mörg dæmi þess, ef út í það færi, en til þess er ekki tækifæri hjer.

En jeg vil þá árjetta það, að jeg tel ríkissjóði bera skyldu til að líta einnig á hag þeirra manna, sem hann lætur starfa að framkvæmdum sínum. Og það gerir hann því aðeins, að hann ekki einskorði sig við að pína niður kaupgjald eins og hægt er. Margir þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, ganga að lágu kaupgjaldi vegna þess, að þeir eiga ekki hægt um vik að fara annað. Það er ekki annað en að nota sjer neyð fólksins, þegar verið er að þrýsta niður kaupi þess við opinbera vinnu, eins og gert hefir verið mörg undanfarin ár. Í þessu efni hefir enginn munur verið á framsóknar- og íhaldsstj. Þær hafa báðar leyft sínum verkstjórum að fara óforsvaranlega langt niður með kaupgreiðslur. Og það er í rauninni þannig, að verkamenn í landinu hafa gefið talsverðan hluta af þessum opinberu framkvæmdum. Þegar veittar eru 6000—8000 kr. til vegagerðar, þá er tillag verkamannanna 3, 4 eða 5 þús., sem þeir gefa til framkvæmdanna, því að þeir eru píndir til þess. Þetta er tekið af sveitarsjóðum að sumu leyti, því að það er ekkert óalgengt, að þegar þessir menn koma tómhentir til sinna heimila, verður sveitarstj. að taka við og styðja þá. Jeg skil ekki þessa fjármálaspeki. Hún er ekki sú, sem stærstu fjármálamenn í Ameríku vilja viðhafa. Þeir telja hátt kaupgjald eitt með því blessunarríkasta fyrir þjóðina, því að það hafi líka svo mikla menningarlega þýðingu. (**Forseti:** Jeg vil benda hv. þm. á, að þetta fer að verða nokkuð löng aths.). Jeg tek til greina bendingu hæstv. forseta, enda hefi jeg þegar vikið að því, sem hæstv. ráðh. sagði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 687).

## 21. Laganefnd.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til laga um löggjafarnefnd** (stjfrv., A. 15).

Á 3. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Mál þetta er undirbúið af prófessor Ólafi Lárussyni, og hann hefir skrifað allrækilega greinargerð með því. Er því frá minni hendi ekki þörf á að lengja umr. um það að þessu sinni. Nái það fram að ganga, er ætlast til, að meginþorri íslenskra laga verði gefinn út á 5 ára fresti. Mundi það verða mikill ljettir fyrir borgara landsins, sem undir lögunum eiga að búa. Í aths. við frv. er gerð grein fyrir því, hvernig það er hugsað, að endurútgáfa þessi verði ekki mjög kostnaðarsöm. Er það á þann hátt, að láta letrið standa og nota sama letrið við útgáfu Alþt., stjórnartíðindanna og lögbókanna.

Þá er og í frv. þessu ætlast til, að skipuð verði þriggja manna nefnd til 4 ára í senn, til þess að samræma lögin og vera ríkisstj., alþm. og þingnefndum til aðstoðar við samningu lagafrv. og undirbúning löggjafarmála. Að vísu er hvorki hægt að skylda landsstjórnina eða þm. til þess að nota aðstoð þessarar n., en allar líkur eru þó fyrir því, að til hennar myndi verða leitað af þessum aðiljum. Hvað snertir val á mönnum í n. þessa, þá er ætlast til, að hún verði skipuð tveimur lögfræðingum, og þá að líkindum þriðja manni, sem valinn væri með tilliti til málþekkingar.

Það má nú kannske segja, að slíka n. sem þessa megi skipa án þess að fara að gefa lögin út 5. hvert ár, og eins hitt, að gefa mætti út lögin án þess að skipa þessa n. En þar til er því að svara, að jeg hygg, að margir sjeu þeirrar skoðunar, að þetta tvent fari mjög vel saman, og jeg er þess fullviss, að skipun slíkrar n. og útgáfa laganna með svo stuttu millibili myndi verða til þess að gera löggjöf landsins ljósari og fastari í sniðinu. Það er vitanlega aldrei nema eðlilegt, að löggjöfin taki miklum breytingum á þessum breytingatímum, en þess er vænst, að hún myndi smátt og smátt falla í fastari bálk fyrir íhlutun slíkrar n. sem þessarar.

Að lokinni þessari umr. óska jeg, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

**Sigurður Eggerz:** Jeg vil þegar á þessu stigi málsins leyfa mjer að gera nokkrar aths. við frv. þetta.

Aðalmarkmið frv. virðist eiga að vera það, að veita ríkisstj., alþm. og þingnefndum aðstoð um samningu lagafrv. Forsrh. á að skipa n. í þessu skyni, og má búast við, sjerstaklega eftir þeim stjórnarpraksis, sem nú er myndaður, við skipun slíkrar nefndar, að nefndin verði rampólitísk.

Ýmislegt má sjálfsagt finna að lagaundirbúningnum, en batnar hann með þeim ráðstöfunum, sem gera á í þessu

frv.? Að því er undirbúning stjórnarfrv. snertir, þá á stj. völ á margvíslegri aðstoð. Hún getur fengið sjer margvíslega faglega aðstoð; þannig getur hún snúið sjer til Búnaðarfjelagsins og Fiskifjel., hún getur snúið sjer til vegamálastjóra, vitamálastjóra, landlæknis o. s. frv. Og að því er snertir hið hreint lagalega, þá getur hún snúið sjer til prófessoranna við háskólann, sem mesta sjerþekkingu hafa.

Löggjafarstarfsemina er auðvitað ekki hægt að tryggja með neinni nefndarskipun, en hún er eingöngu undir því komin, að skipun þings og stj. takist vel.

Eitt sjerkennilegt verkefni þessarar n. er að gera áætlanir um, hvað löggefið skuli um á vissum tímabilum. Þar sem um pólitíska n. er að ræða, er auðsætt, hvernig það verkefni muni fara í höndum hennar. Auðvitað fylgir n. ákveðinni stjórnmálastefnu og byggir auðvitað till. sínar um löggjöfina á þeirri stefnu. Þannig t. d. ef einokunarstj. situr að völdum, eins og nú á sjer stað, þá verður verslunarlöggjöfin bygð upp á einokunargrundvelli. Komi svo ný stj., er fylgir öfugri stefnu, þá hrynur auðvitað alt tillöguhrófatildrið niður, sem n. var búin að byggja upp. Einn árangur verður væntanlega af nefndinni, að ungað verður út meiru af lögum en áður. En hver trúir á, að á því sje mikil nauðsyn?

Hvað snertir útgáfu lagasafnsins, þá er sýnilegt, að engin ástæða er til að skipa n. til þess að sjá um hana, þar sem altaf er völ á mörgum mjög vel hæfum mönnum til slíkra hluta hjer.

Þá liggur það í hlutarins eðli, að skipun slíkrar n. myndi fylgja mikill aukakostnaður fyrir ríkissjóð. Og ekki myndi ákvæði 6. gr. frv. draga úr kostnaðinum; þar segir svo: „Löggjafarnefnd er heimilt, með samþykki forsætisráðherra, að ráða sjer aðstoðarmenn við afgreiðslu einstakra mála, eftir því sem þörf krefur". Það er því sýnilegt, að hjer er ekki aðeins um það eitt að ræða að skipa þessa n., heldur á að setja á stofn allmyndarl. skrifstofu, sem með tímanum getur orðið ríkissjóði allverulegum baggi. Það er engin knýjandi nauðsyn, er rjettlæti að setja þetta „litla þing" á stofn, en gallarnir eru margvíslegir, eins og jeg hefi nú þegar tekið fram. Nei, aðalatriðið er að vandað sje til þingsins, þeir hæfustu kosnir, en ekki lögð áhersla á að fá þá kosna, sem hæverskastir eru í garð foringjanna, en missa strax trúna á sjálfa sig.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg býst við, að hæstv. dómsmrh. svari ræðu hv. þm. Dal. Vil jeg því nota tækifærið og beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort það sje meiningin, að n. sú, sem hjer er um að ræða, skuli skipuð fyrir kjörtímabilið. Jeg gæti vel skilið, að það væri ætlunin, að hún skyldi skipuð fyrir kjörtímabilið, því eigi nokkurt gagn að vera að n., verður stj. að skipa hana þannig, að hún geti búist við sæmilega góðri samvinnu við hana. Því verði hún t. d. skipuð tómum stjórnarandstæðingum, er ekki hægt að búast við góðri samvinnu. Hvað nafnið snertir, þá kann jeg mjög illa við að kalla hana löggjafarnefnd, sbr. löggjafarþing, því að það er þó ekki tilætlunin, að þessi n. setji lög.

Þá finst mjer óþarfi að gefa lög landsins út á fimm ára fresti, eins og

gert er ráð fyrir í frv., enda þótt jeg viðurkenni, að nauðsynlegt sje að gera það við og við. Og jeg hefi enga trú á, að hægt sje að geyma letrið von úr viti, því að til þess þyrfti mikið pláss, og myndi það því verða dýrt.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg skal þá fyrst víkja að ræðu hv. 1. þm. Skagf. Það er vitanlega alveg fyrirkomulagsatriði, hvort nefndarskipunin á að vera bundin við kjörtímabilið eða 4 ár, eins og gert er ráð fyrir í frv. Annars er ætlast til þess, að n. verði svo pólitískt litlaus, að allir flokkar geti með henni unnið, eins og t. d. skrifstofustjóra Alþingis. Það er líka fyrirkomulagsatriði, hve oft lögin yrðu gefin út. Svíar t. d. gefa helstu lög sín út á hverju ári, en það er algerlega óhugsandi fyrir okkur vegna kostnaðarins. Úr þessum atriðum verður því þingið að skera. Að því er snertir kostnaðinn við það að láta blýið standa, þá held jeg, að hann geti aldrei orðið mjög mikill. Verð blýsins er ekki mikið; yrði það þá helst húsrúmið, sem gæti komið til með að kosta eitthvað. En sem sagt, jeg held, að hvorugt yrði tilfinnanlegt.

Hv. þm. Dal. var mótfallinn anda málsins; er því ekki ástæða til þess að deila við hann nú. Mjer skildist á ræðu hans, að hann beinlínis hefði enga trú á nauðsyn þessa máls, og finst mjer það óneitanlega undarlegt af honum, jafnkunnugum manni þeim önnum, sem þm. eru hlaðnir um þingtímann. Því að það er öllum vitanlegt, að þm. geta ekki athugað hvert mál nákvæmlega viðvíkjandi formi og samræmi, þótt þeir að sjálfsögðu gæti vel að efnishliðinni, þegar t. d. 7—10 mál eru á dagskrá í einu. Hjer er því reynt að gera tilraun til þess að gera þm. hægara fyrir, og jafnframt stigið spor í þá átt, að koma á sem bestum heildarlögum. Hinn ágæti lögfræðingur prófessor Ólafur Lárusson, sem samið hefir frv. þetta, skrifaði fyrir nokkru um lögbók Íslendinga og stakk upp á því, að unnið yrði að henni af miklu kappi fyrir 1930. Og nú þegar er búið að fella töluvert af löggjöfinni í bálka, og myndi það aukast. Sem dæmi þessa mætti nefna vatnalögin, sem höfðu fengið mikinn undirbúning hjá mþn. og verið rædd á mörgum þingum. Jeg vona, að hv. þm. Dal. skilji það, er hann hefir fengið tíma til að átta sig á því, að varla er við því að búast, að þingið, með því mikla starfi, sem á það hleðst árlega, fái tíma til að samræma lagagerðina, þannig að hún falli mjúklega inn í hina ýmsu bálka laganna. Þetta er því ekki á rökum reist hjá hv. þm., nema honum takist að sanna það, að slík óreiða eða ósamræmi í lagagerðinni hafi ekki átt sjer stað á undanförnum þingum, og þá heldur ekki í stjórnartíð þessa hv. þm.

Þá er það einnig misskilningur hv. þm., að n. þessi eigi að hafa annað og meira en ráðgefandi vald, því ef t. d. þessi hv. þm. vill ekkert sinna henni nje veita henni neina hollustu, þá er hún vitanlega ekkert að angra hann.

Annars verð jeg að segja það, að jeg tel enga ánægju í því að koma þessari n. á, ef það er gert í trássi við vilja nálega hálfs þingsins. Gagnið myndi þá lítið verða af henni, og mætti þá búast við, að hún yrði lögð

niður aftur fljótlega, eða þegar kosningar fjellu svo.

**Ólafur Thors:** Jeg verð að líta á frv. þetta sem gleðilegan vott um framför og sjálfsþekkingu hjá hæstv. dómsmrh., sem ber það fram, því eins og kunnugt er, þá hefir þessi hæstv. ráðh. allra þm. mest brotið formsins rjett í þeim málum, sem hann hefir borið fram eða haft afskifti af. En mjer finst þó, að honum fari líkt og sumum gömlum ofdrykkjumönnum, sem hverfa frá villu síns vegar. Þeir verða oft mestu ofstækismenn. Jeg hygg, að hæstv. ráðh. gangi alt of langt í frv. þessu og geri sjer alt of bjartar vonir um árangurinn af þessari nefndarskipun. Að vísu er trúlegt, að n. myndi geta afrekað margt gott. En svo bjartsýnn er jeg ekki að ætla það, að hringlið, sem einkent hefir meðferð sumra mála á undanfarandi þingum, myndi hverfa með öllu. Mjer dettur t. d. ekki í hug, þótt slík n. hefði verið til í fyrra, að stjórnarflokkurinn núverandi hefði neitað sjer um að fremja hið pólitíska glapræði, sem hann vann í bankamálinu á síðasta þingi. Það mál hafði þó fengið mikinn undirbúning og ítarlegri en ætla má, að það hefði fengið, þótt slík n. sem hjer er gert ráð fyrir hefði haft undirbúning þess. Það mun sýna sig, að sá flokkur, sem hefir undirtökin, breytir málunum eftir geðþótta, þrátt fyrir góðan undirbúning.

Þá tel jeg þær vonir, sem hæstv. dómsmrh. gerði sjer um það, að slík n. mundi samræma löggjöfina að fullu, fásinnu eina. Þótt till. n. stefndu í þá átt, þá myndi hinn ráðandi þingflokkur á hverjum tíma marka löggjöfina sínu marki. Mjer sýnist og, að valdsvið n. yrði alt of mikið, a. m. k. óbeint, þar sem n. er ætlað að fara hendi um öll eða vel flest frv., sem fyrir þingið væru lögð, og það ótilkvödd.

Jeg skal játa það, að jeg hefi ekki athugað þetta mál til fullnustu. Vildi aðeins benda á þessi atriði. En það er mjer ljóst, að mjög miklar breyt. þarf á því að gera, ef það á að vera viðunandi.

**Sigurður Eggerz:** Jeg get vel fallist á það, að ræða þetta mál við hæstv. dómsmrh. við 2. umr. þess. Þarf því litlu að svara nú, þar sem ekkert nýtt kom fram hjá hæstv. ráðh. Eins og áður lagði hæstv. dómsmrh. aðaláhersluna á það, að þessi n. ætti að samræma lögin og fella þau í bálka. En jeg hygg, að ekki verði sjeð betur fyrir því en nú er, þar sem stj. getur nú leitað álits og aðstoðar færustu lögfræðinga. Og eftir sem áður mundu mistök koma fram á löggjöfinni, sem leiðrjetta yrði smátt og smátt.

Þá er og hætta á, að ekki yrðu jafnan valdir í n. sem þessa færustu lögfræðingarnir, heldur öllu fremur þeir, sem að áliti stj. væru gæddir því rjetta hugarfari frá pólitísku sjónarmiði. Og ef illa skyldi takast til um skipun slíkrar n., er beinlínis hætta á ferðum.

Þá kemur og fram í þessu frv. nokkurskonar vantraust á Alþingi. Og jeg tel það í raun og veru nokkurskonar uppgjöf hjá Alþingi að samþ. frv. sem þetta. Þessi 3 manna n. yrði á vissan hátt sett yfir það, yrði nokkurskonar yfirþing. Þar sem ætlast er til eftir 4. gr. frv., að n. leggi fram

áætlun um lagasetningu næstu ára, er ljóst, að þær till. verði bygðar á þeirri stjórnmálastefnu, sem n. fylgir, sem væntanlega mundi verða stefna þeirrar stj., sem skipaði hana. T. d. ef stj. sæti, sem væri andvíg frjálsri verslun, þá myndi verslunarlöggjöfin væntanlega verða meira og minna mótuð af einokun.

Mjer þótti mjög leiðinlegt, hve hv. 2. þm. G.-K. tók ekki öfugt í frv. þetta. Af orðum hv. þm. var ekki hægt að heyra annað en að hann væri frv. hlyntur. Jeg verð að segja, að mjer þótti það leitt. Jeg er sannfærður um, að hjer er verið að hrinda af stað bákni, sem kostar mikla peninga. 3 nefndarmennirnir mundu væntanlega fá meðalembættislaun, og svo fylgir kostnaður við skrifstofubákn, sem gæti orðið mikill.

**Magnús Jónsson:** Jeg ætla ekki að lengja umr. að mun, en vil þó koma strax fram með aths. mínar við frv. þetta, af þeirri ástæðu, að jeg tel, að það eigi aldrei að komast til 2. umr., og mun jeg greiða atkv. gegn frv. nú þegar.

Þetta er að mínu áliti hjegómamál, og þó verra en það. Hæstv. dómsmrh. vildi í svari sínu til hv. þm. Dal. halda því fram, að andstæðingar yrðu að sanna, að málið væri *ekki* þess virði að bera það fram á þingi. En þetta er bara hugsunarvilla hjá hæstv. ráðh. Sönnunarskyldan hlýtur hjer að vera á þeim, sem málið ber fram. Hann verður að sanna, að málið sje þess virði, að þingið taki það til meðferðar, og það finst mjer hæstv. ráðherra hafi miður tekist að því er til þessa frumvarps kemur. Annars er það engin tilviljun, að frv. sem þetta er fram komið frá hæstv. dómsmrh. Hann veit að vonum best, hvar skórinn kreppir að um undirbúning frumvarpa. Frá honum hafa komið langverst undirbúnu málin, sem þingið hefir haft til meðferðar, bæði áður en hann varð ráðh. og jafnvel síðan hann komst í stj. En hroðvirkni eins þm. getur engan veginn rjettlætt þessa aðferð, sem hjer er stungið upp á. Jeg verð því að taka undir með hv. þm. Dal., að slík n. sje algerlega óþörf. Hver stj. getur á hverjum tíma kvatt þá menn til aðstoðar við lagasetninguna, sem hún telur færasta til þess. Þetta yrðu því bönd, sem lögð væru á stj. og n. gæti hæglega orðið skipuð þeim mönnum, sem margir þm. og jafnvel stj. bæru ekkert traust til og vildu ekki nota sjer til aðstoðar. Það virtist rjettara, að þingið sjálft, eða forsetar þess, rjeðu mann til leiðbeiningar, ef eitthvað á að gera. En að skipa til þess fasta n. nær ekki nokkurri átt.

Jeg vil vekja athygli á því, að ef slík n. ætti að fylgjast vel með gangi málanna um þingtímann, frv., brtt. og nál., þá hefði hún ærið verk að vinna og væri alls ekki ætlandi annað starf. Það var rangt hjá hæstv. dómsmrh., að ef nálega helmingur þingsins vildi ekki notfæra sjer þessa n., þá yrðu störf hennar lítil, því samkv. 3. gr. frv. er henni skylt að taka til athugunar þau lagafrv., er fram koma, og breyt. á þeim og senda Alþ. aths. sínar um þau. Með þessu ákvæði er þessari n. í raun og veru gefið mikið vald. Áhrif slíkrar n. gætu orðið afarmikil í þinginu og mundu draga úr þingræðinu, þar sem till. hennar mundu ráða gangi málanna á margan hátt. Vald Alþingis myndi minka og þetta

vera byrjun að „sovjet"-stjórn. Sagan segir það og sannar, að sterkustu völdin eru jafnan hin ráðgefandi völd, eða umsjónarvöld. Hjer yrði um nokkurskonar „eforat" að ræða, sem yrði sett yfir þingið.

Þetta eru aðeins fá orð um þennan lið frv., sem sýna það, að þegar af þessum ástæðum vil jeg eigi greiða því atkv. til 2. umr.

Um undirbúning laga og áætlun um lagasetningu í framtíðinni samkv. 4. gr. frv. er jeg sammála hv. þm. Dal. Það væri þvert á móti öllu þingræði og hreinasti skrípaleikur, ef leggja ætti svona „plan" að lagasmíðinni. Hv. þm. Dal. nefndi verslunarlöggjöfina þessu til sönnunar. Sjá allir, hve gagnslítið það væri, ef þessi stj., sem nú situr, færi að planleggja um þau mál fyrir Íhaldsflokkinn, eða þá hann fyrir Framsóknarflokkinn. Hjer kemur skýrt fram oftrú þeirra, sem halda fram löngum „plönum", eða að það að setja alt í kerfi sje hið eina sáluhjálplega.

Útgáfa lagasafns er óskylt mál þessu. Jeg kannast vel við grein, sem Ólafur Lárusson prófessor ritaði fyrir nokkru um þetta efni. En þrátt fyrir það, að jeg hefði ekki átt að líta á þá till. með óvildaraugum, þar sem höf. er mágur minn og vinur, þá var jeg þó ekki sannfærður af grein hans um það, að íslensk lögbók hefði svo mikil áhrif á menn til góðs eins og hann hjelt þar fram. Jeg gat ekki orðið viss um, að þjóðin yrði neitt betur farin eða löghlýðnari fyrir því, þó farið væri að gefa út heila lagabálka. Hitt er annað mál, að það er sjálfsagt þarft og gott, að lagasöfn, líkt og áður hefir gert verið, sjeu gefin út við og við, og kemur þá til athugunar, hvaða form sje heppilegast á þessháttar söfnum. En ef stj. hefði óskað eftir að gefa út slíkt safn, nægði að veitt væri til þess fje í fjárlögum. Til þess þurfti enga löggjöf um fasta n., heldur aðeins upphæð í fjárlögum. Eins virðist óþarfi að miða útgáfu þessa við 5 ára tímabil. Heppilegra að láta reynsluna skera úr um það, hversu oft þörfin krefur útgáfunnar. Ef til vill mætti oft að skaðlausu láta lengri tíma líða á milli. Stundum gæti líka verið um svo stórfeldar breyt. í lagasetningu að ræða, að nauðsyn bæri til að gefa lögin út á næsta ári.

Um kostnað við þessa nefndarskipun er ekki auðið að segja með neinni vissu. En víst má telja, að hann verði mikill. Ef n. verður mikið notuð, hlýtur hún að fá mikið að gera og verður þá vitanlega dýr. Hvað hún verður dýr, er ekki gott að segja, en líklegt má telja, að hún kosti aldrei minna, með aðstoð og öllu, en 30—40 þús. kr., a. m. k. þau árin, sem lagasafnið yrði gefið út.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni. — Mun jeg eins og áður sagt greiða atkv. móti frv.

**Ólafur Thors:** Hv. þm. Dal. ljet í ljós óánægju sína yfir því, að jeg hefði tjáð mig fylgjandi frv. þessu. En sú óánægja er með öllu ástæðulaus. (**SE:** Þá tek jeg það aftur). Jeg hefi aðeins látið í ljós ánægju mínu yfir því, að sá maður, sem ferlegast hefir brotið formsins hlið á undanförnum þingum, hæstv. dómsmrh., skuli hafa komist til þess skilnings á afbrotum sínum, að hann ber fram slíkt frv. En um leið og jeg skýrði frá, hverja agnúa jeg

teldi vera á frv., þá kvaðst jeg vilja stuðla að því, að við þyrftum ekki lengur við að búa svo afkáraleg brot á formshliðinni eins og við höfum undanfarin þing orðið við að búa hjá jafnfyrirferðarmiklum þm. eins og hæstv. dómsmrh. er. Þetta er nú það, sem jeg sagði um málið að svo stöddu, og jeg tel ástæðulaust fyrir hv. þm. Dal. að gráta fögrum tárum yfir fylgi mínu við það. Við hv. þm. Dal. höfum oft átt samleið á undanförnum þingum, og vona jeg, að svo verði enn, enda erum við báðir frjálslyndir menn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:5 atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15. n. 348).

**Magnús Torfason:** Meiri hl. allshn., sem stendur að nál. á þskj. 348, telur, að nokkur bót megi vera að frv. þessu og engan vafa á því, að með tíð og tíma muni n. þessi vinna þarft verk.

Að því er einstakar brtt. snertir, hefir n. lagt til, að þetta verði heimildarlög. Henni fanst fara betur á því í alla staði.

Þá hefir n. lagt til, að nafni nefndar þessarar verði breytt og hún kölluð laganefnd, í staðinn fyrir löggjafarnefnd, því vitaskuld er það ekki tilætlunin, að hún hafi nein áhrif á löggjafarstarfið. Alþingi afsalar sjer vitanlega ekki neinu í því efni. Ennfremur hefir n. lagt til, að 2. gr. verði breytt að því leyti, að þessi n. aðstoði einnig við samræmd laga.

Þá hefir n. enn lagt til, að 3. og 4. gr. falli niður og greinatalan breytist eftir því. Enn vill n. rýmka nokkuð ákvæðin um, hversu oft lagasafnið skuli prentað upp, og vill n. hafa það svo, að í staðinn fyrir, að eftir frv. á að prenta það upp á 5 ára fresti, komi „að minsta kosti á 10 ára fresti". Og felst í því, að það skuli gefið út svo oft sem nauðsynlegt og hentugt þykir. Fleiri brtt. hefir n. ekki borið fram við frv., og vil jeg að svo mæltu mælast til þess, að það fái góðar viðtökur í þessari hv. deild.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Hv. samnefndarmaður minn hefir nú að mestu tekið af mjer ómakið að tala hjer af hálfu n. fyrir þessu máli, og skal jeg því bæta fáu einu við.

N. var öll sammála um, að þessi n., sem hún vill að heiti „laganefnd", skuli vera hlutlaus leiðbeinandi og engin áhrif hafa á löggjöfina að öðru leyti. Jeg hefi altaf litið svo á, að nauðsynlegt væri, að til væru menn, sem hægt væri að snúa sjer til með undirbúning frv. Enda hafa sumar þjóðir sett slíkar ráðgjafarnefndir hjá sjer, t. d. Svíar, sem eru komnir þjóða lengst í löggjafarþroska. Þeir hafa sett n. með svipuðu ætlunarverki eins og þessi fyrirhugaða n. okkar á að hafa, og heitir hún „Lagrådet". Það er líka oft á það minst hjer hjá okkur, að stj. eyði miklu fje í undirbúning þingmála, og jeg veit, að þetta fyrirkomulag mundi spara talsvert fje á þeim vettvangi. — N. hefir öll orðið sammála um, að þörf væri á, að gildandi lög væru gefin út í heild og að lögunum yrði þar raðað eftir efni, en

ekki eftir aldri eins og verið hefir um eldri útgáfur.

Jeg hygg, að þótt ekki hafi komið fram sjerstakt nál. frá minni hl. n., þá muni hann ekki vera mótfallinn útgáfu lagasafnsins, heldur hefir mjer skilist, að minni hl. telji ekki þörf á sjerstakri n., með því að hægt sje að snúa sjer til einstakra manna í þessu efni. Við leggjum sem sagt, eins og hv. 2. þm. Árn. tók fram, aðaláhersluna á það, að þessi n., sem heiti „laganefnd", verði aðeins hlutlaus leiðbeinandi við undirbúning þingmála og annist útgáfu lagasafnsins, svo oft sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en á 10 ára fresti. — Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að svo stöddu.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg þakka þeim hv. þm. í allshn., sem hafa unnið að þessu máli, fyrir afgr. þess. Jeg býst við, að brtt. þær, sem n. ber fram, sjeu margar til verulegra bóta á frv. eins og á stendur, bæði nafnbreyt. og eins það, að þetta sjeu heimildarlög, en ekki beint skipandi.

Jeg er sem sagt engu síður ánægður með frv. með breyt. hv. meiri hl. allshn. en eins og það var, þegar það var lagt fyrir þingið. Tel það sem sagt hafa batnað við meðferð n.

**Magnús Guðmundsson:** Það hefir orðið útundan hjá okkur minni hl. allshn. að koma fram með nál. í þessu máli, og bið jeg velvirðingar á því.

Jeg má þó til með að svara með nokkrum orðum þeim tveim hv. frsm. meiri hl., sem hjer hafa tekið til máls.

Jeg hjó eftir því hjá öðrum hv. frsm. meiri hl. (GunnS), að hann sagði, að til væru hliðstæðar n. með öðrum þjóðum. Um þetta er mjer ekki kunnugt. Að vísu hafa Svíar sitt Lagráð, en hvert starfsvið þeirrar nefndar er, er mjer ekki kunnugt. Hitt er mjer kunnugt um, að Danir hafa sjerstaka n., sem eftir því sem jeg veit best vinnur eingöngu að því að laga málið á lagafrv., en ekki öðru, enda bendir nafnið til þess. Hún heitir: Udvalget for Lovforslages sproglige Affattelse.

Því er haldið fram, að það sjeu sjerstök þægindi fyrir stj. og jafnvel einstaka þm., að geta snúið sjer til þessarar n. um leiðbeiningar og aðstoð við undirbúning ýmsra mála. Jeg sje ekki annað en þetta geti alt átt sjer stað, eins og það líka hefir átt sjer stað, þó ekki sjeu sett sjerstök heimildarlög í þessu efni. Ef þessi n. verður sett og hún starfar eftir þeim tilgangi, sem gert er ráð fyrir í frv., þá verður ekki hjá því komist, að hún hlýtur að hafa nokkur áhrif á löggjöfina, verður einskonar yfirþing, eða að minsta kosti nokkur hluti af hinni löggefandi ráðstefnu. Jeg er þess fullviss, að raunin verður sú, að það verður oft spurt um, hvort þetta eða hitt frv. hafi verið lagt fyrir laganefndina, og það verður talinn galli á undirbúningi málsins, ef svo er ekki. Af þessu hlyti auk þess að leiða nokkurn aukinn kostnað, því að jeg hygg, að ekki yrði hjá því komist að greiða nefndarmönnum fasta þóknun fyrir starf sitt.

Við 1. umr. málsins benti jeg á, að nafnið væri illa valið, og hefir nú n. lagt til, að því yrði breytt til hins betra. Auk þess var því hreyft þá, að n. yrði ekki skipuð nema á milli kosninga, og fanst mjer hæstv. dómsmrh.

ganga inn á, að eðlilegast væri, að hver ný stj. hefði aðstöðu til að velja sjer n. til aðstoðar, sem hún á að starfa með. Mjer virðist eftir frv. eins og það er, að ekki sje hægt að skifta um menn í n. fyrr en 4 ár eru liðin frá skipun þeirra.

Ekki kann jeg heldur við brtt. meiri hl. við 2. gr., um að bæta við „samræmd laga". Mjer finst, að þar skjóti upp kollinum þetta sama, að n. eigi að hafa áhrif á löggjafarstarfið.

Um útgáfu lagasafnsins er það að segja, að það er rjett hermt hjá hv. frsm. (GunnS), að um það var öll n. sammála. En til þess þarf ekki annað en sjerstaka fjárveitingu í fjárlögum. Hversu oft safnið skuli gefið út, fer auðvitað eftir því, hvað stórvirk þingin eru á hverjum tíma, og sje jeg ekki, að um þetta þurfi sjerstaka lagasetningu. Það er vitanlega nauðsynlegt að fá lagasafnið gefið út í aðgengilegri heild, og að það sje endurnýjað á hæfilegum fresti. Hitt er jeg ekki alveg viss um, að nokkuð sje rjettara eða heppilegra að raða því eftir efni heldur en aldri. Mjer finst öllu eðlilegra, að því sje raðað eftir aldri og að aftan við sje handhæg skrá yfir lögin, og má þá finna eftir henni, hvaða lög gilda um þetta og þetta efni. Að öllu þessu athuguðu sje jeg ekki, að ástæða sje til að setja sjerstök lög um þetta efni. Sjerhver stj. hefir á hverjum tíma viðurkendan rjett til þess að fá sjer þá aðstoð, sem henni þykir ástæða til, og um einstakar nefndir veit jeg, að það hefir a. m. k. komið fyrir, að þær hafa fengið greiddan kostnað, sem þær hafa haft af undirbúningi mála. Jeg mun því ekki sjá ástæðu til að ljá þessu frv. mitt atkv.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Eftir því sem mjer virðist er bitamunur en ekki fjár á skoðun hv. 1. þm. Skagf. og meiri hl. allshn.

Hv. 1. þm. Skagf. vill fá lögin gefin út o. s. frv., og er því sammála meiri hl. um annan helming málsins. Nú er það svo, að auk þeirra raka annara, sem færð hafa verið fram með þessu máli, þá hafa aðrar þjóðir, t. d. Svíar, sett sjerstaka n. hjá sjer til aðstoðar stj. og þingi, hliðstæða þeirri, sem hjer er um að ræða. Af okkar nágrannaþjóðum eru Svíar ein þeirra, sem vandar best sína löggjöf. Það er þetta, sem hv. 1. þm. Skagf. vill ekki, að við höfum n., sem stj. og þing geti snúið sjer til um aðstoð við undirbúning mála.

Hvað útgáfu lagasafnsins snertir, þá fer það, hversu oft það skuli gefið út, auðvitað eftir því, hvaða kröfur við gerum um það, að okkar lögbók verði fullkomin heimild um gildandi lög. Jeg hefi hugsað mjer, að n. starfi með svipuðum hætti og skrifstofustjóri Alþingis. Hann er altaf hlutlaus í sínu starfi fyrir þingið. Jeg held, að menn þekki engin dæmi þess, að skrifstofustjóri þingsins hafi nokkurntíma sýnt hlutdrægni í sínu starfi, enda mun hver maður í þeirri stöðu telja sjer skylt að forðast slíkt. Á sama hátt hugsa jeg mjer, að þeir, sem yrðu skipaðir í þessa fyrirhuguðu nefnd, myndu telja sjer skylt sóma síns vegna að gæta þess, að sýna í starfi sínu sömu lipurð og óhlutdrægni eins og skrifstofustjóri Alþingis sýnir og hefir altaf sýnt. Enda væri þá hægt um

vik að skifta um menn að 4 árum liðnum, ef ástæða þætti til, og er tímabil þetta tiltekið með tilliti til þess, að n. sitji sem svarar kjörtímabili. (**MG**: En nú verður hún skipuð á miðju kjörtímabili). Já, en þetta kemur í sama stað niður, því að sá meiri hl., sem skipar n. og hefir hana með sjer lengur en hann fer með völd, fær hana aftur á móti sjer sama tíma, þegar skift er um hlutverk næst á eftir, ef n. væri skipuð með flokkshagsmuni fyrir augum, sem jeg hygg að engin stj. myndi gera. En sem sagt, hún á að vera hlutlaus leiðbeinandi um form og samræmd laga o. s. frv.

Jeg held, að í framkvæmdinni yrði það svo, að n. hefði einkum þau áhrif að gera lögin gleggri og ljetta nokkuð störfin fyrir þingi og stj. Það er nú svo, og hv. 1. þm. Skagf. má vel vera það ljóst, að okkar löggjafarstarfsemi er öll í molum, og ástæðan er einkum sú, að þingið hefir ekki nægan tíma til að vinna að málunum eins og þörf væri á. Þm. eiga auðvitað einir að ráða efni laganna, en mjer finst óeðlilegt, að þeir hafi á móti því að fá hjálp til þess að ná fullkomnara formi.

**Sigurður Eggerz**: Jeg var satt að segja farinn að vonast eftir því, að þetta mál myndi sofna hjer í þinginu, og jeg taldi það vel farið, ef svo hefði orðið.

Nú skilst mjer að vísu, að till. hv. meiri hl. allshn. og ummæli frsm. beri vott um, að í n. hafi ekki verið um að ræða sjerstakan áhuga fyrir þessu máli, en þó á það sýnilega að ganga í gegnum þingið. Jeg skal játa, að brtt. n. eru að sumu leyti til bóta. Þær ganga í þá átt að nema burt atriði úr frv., sem frá mínu sjónarmiði eru sjerstaklega hneykslanleg, og á jeg þar við áætlanir um, hvað löggefa skyldi um á hverju tímabili.

Svo var að heyra á hv. frsm., að hann væri ekki sjerlega spentur fyrir því, að forsrh. notaði heimildina til að skipa nefndina. Það var eins og vonda samviskan væri að smágrípa í strengina. (**GunnS**: Þetta er alls ekki rjett). Um útgáfu lagasafnsins er það að segja, að til þess þarf engin sjerstök lög, eins og hv. 1. þm. Skagf. rjettilega tók fram. Til þess þarf aðeins einfalda fjárveitingu í fjárl. Þetta ber því alt að sama brunni. Till. hv. meiri hl. bera allar vott um, að hann hafi afgr. málið með hálfum huga.

Jeg kann ekki við að fara að rifja það upp aftur alt, sem jeg sagði við 1. umr. um málið. En jeg vil þó enn benda á, að stj. hefir nú völ á að fá þá bestu aðstoð, sem til er í landinu við undirbúning stjfrv.

Nefndin, sem skipa á, getur undir engum kringumstæðum veitt stj. eins alhliða aðstoð og hún nú á völ á.

Hv. frsm. talaði svo um starf n., að hún ætti aðallega að hugsa um hina formlegu hlið laganna. En í sjálfu frv. er n. ætlað annað og meira starf. Líklega hefir hv. frsm. aðallega verið að friða samvisku sína með þessum ummælum, enda stendur 6. gr. óbreytt. En eftir þeirri gr. getur n. ráðið sjer menn til aðstoðar, og það sýnir, hvað starf hennar er hugsað víðtækt og áhrifamikið. Jeg sje ekki, að neitt hafi komið fram, er sýni, að þörf sje á nefndinni. Kostnaðurinn við hana er þó ómótmælanlegur. Um þriggja manna laun er hjer að ræða og enn skrifstofukostnað að auki. Og þó að

mönnum þyki kostnaður eins og þessi lítill hjer á þinginu, þá má vera, að þjóðin reki augun í hann. Að minsta kosti er lítil samviskusemi í því að ausa út fje úr ríkissjóði til þess, sem er hjegóminn einn að ætlun góðra manna.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Jeg býst við, að hv. 1. þm. Skagf. sje það jafnkunnugt og mjer, að aðrar þjóðir hafa fyrir löngu sjeð, hvílíkt böl það var, að undirbúningur laga var miklu verri en skyldi. Það er satt, að í Danmörku eru frv. aðeins leiðrjett. Í Svíþjóð er þar á móti lagaráð. Um verksvið þess hefi jeg að vísu ekki nein skjöl sjeð, en mjer er tjáð, að það sje svipað og það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er fjarstæða, að hægt sje að halda því fram, að hjer verði um yfir-Alþing að ræða. Eftir brtt. og skýringum mínum er glögt, að svo er ekki. Sú n. mundi áreiðanlega vera hlutlaus um efnishlið málanna. Hún starfaði aðeins að því að bæta formshliðina og samræma lögin. Engin stj. mundi heldur láta slíka n. sitja, ef hún starfaði í bága við stefnu hennar. Önnur ný yrði þá skipuð. En slíkt mundi varla koma til. N. mundi telja það skyldu sína að starfa hlutlaust. Nú mun það meiningin, að einn ákveðinn maður, sem allir hv. þm. þekkja að góðu og treysta vel, taki sæti í þessari n. Sá maður er Jón Sigurðsson skrifstofustjóri. Með tveim lögfræðingum, sem gert hefðu lestur laga og lagasmíð að lífsstarfi, fullyrði jeg, að breyting yrði til stórbóta á lagasetningu þingsins við skipun slíkrar laganefndar.

Hv. þm. Dal. sagðist hafa sjeð það á svip mínum, að jeg fylgdi þessu frv. ekki fast fram. En hv. þm. skjátlast þar. Það er að vísu rjett, að jeg legg megináherslu á útgáfu laganna. En jeg hefi líka opið auga fyrir þessari þörf og vil bæta úr því böli, sem af því leiðir, að frv. koma illa undirbúin bæði fyrir þingið og eins meðan þing stendur yfir. Og með starfi slíkrar n. mundi mikil bót ráðin á því.

Þá er það kostnaðarhliðin. Jeg benti á það við 1. umr., að altaf væri mikill kostnaður samfara undirbúningi frv. Og jeg benti á, og vil fullyrða það enn, að sá kostnaður yrði enganveginn neitt meiri, þótt föst n. annaðist þann undirbúning. Það hefir verið sagt, að bæta þyrfti samræmi laganna, og jeg geng inn á það. Það væru afarmikil þægindi að skipa lögunum í heild eftir efni og máske aldri líka og fá heilsteypta lagabálka. Jafnvel æfðustu lögfræðingar eru nú í vandræðum með að finna, hvað eru lög.

Jeg skal aftur víkja að því, sem hv. þm. Dal. sagði um skort á lifandi áhuga hjá mjer fyrir þessu máli. Í fyrsta sinn, sem jeg bauð mig fram til þings, 1919, var einmitt þetta eitt af þeim atriðum, er jeg tók fram að þyrfti að lagfæra. Og jeg hefi alls ekki skift um skoðun í því efni. — Hv. þm. talaði um, að stj. gæti snúið sjer til fagmanna með undirbúning laga. En það yrðu nú einmitt fagmenn á sínu sviði, með æfingu og reynslu, því það verður hverjum að list, sem hann leikur.

Jeg þarf ekki að eyða löngum tíma í að hrekja það, að n. muni hafa áhrif

á efnishlið þingmála. Það verður aðeins á formshliðina, sem hún hefir áhrif. Hún mun ekki snúa sjer að efni laganna, aðeins að formshliðinni.

Hvað 6. gr. viðvíkur, þá hygg jeg, að sama sje, hvort hún er samþ. eða ekki. Þó hún yrði feld, mundi eftir sem áður verða leitað ráða hjá sjerfræðingum þeirra mála, sem hver einstök lagasetning fjallar um. Jeg hygg, að það hefði verið betur til fundið af hv. þm. Dal. að tala um þessi 3 embætti, sem verið væri að stofna, við hv. kjósendur sína vestur í Dölum, sem eðlilega þekkja lítið til þessara mála, heldur en að flytja slíkt yfir skynsömum mönnum hjer í hv. deild. Hv. þm. má líka vita það, að við, sem mælum með því, að frv. þetta verði samþ., erum ekki einir um þá skoðun, að þörf sje á þessu. Og svo jeg bara minni á einn merkan mann, sem hefir haldið hinu sama fram, þá skrifaði Lárus H. Bjarnason núv. hæstarjettardómari um þetta fyrir mörgum árum síðan. Og það hafa áreiðanlega margir fleiri sjeð þörfina á þessari n.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg sje eftir þeim tíma, sem fer til að ræða þetta, en verð þó að svara hæstv. dómsmrh. með nokkrum orðum. Hann vildi segja, að jeg væri sammála þessu frv. að hálfu leyti, eða að því er snertir útgáfu laganna. Það er rjett, að jeg er ekki mótfallinn prentun laganna. En til þess þarf ekki nein lög eða nefnd, þótt gefið sje út lagasafn. Og það skiftir engu máli fyrir okkur, þótt lögin sjeu gefin út árlega í Svíþjóð, því slíkt getum við ekki. Hann var að halda því fram, að n. yrði ópólitísk. En jeg verð að segja, að hæstv. dómsmrh. bregður þá út af venju sinni, ef valið verður óhlutdrægt. (**Dómsmrh:** Það er forsrh., sem skipar hana!). Rjett, en það er sagt, að hæstv. dómsmrh. ráði nokkuð freklega yfir þessum embættisbróður sínum. Jeg þykist vita, hvernig n. verður skipuð, ef frv. verður samþ. Það kunna að vera góðir menn á sínu sviði, en þeir eru það ekki til þessa. (**JAJ:** Er beinið lofað? — **Dómsmrh:** Hv. 1. þm. Skagf. er víst búinn að því, þegar hann kemst til valda aftur!). Nei, jeg hefi ekki verið svo forsjáll. En það væri ólíkt öðru, sem hæstv. dómsmrh. hefir gert, ef þessi n. yrði ekki pólitískt lituð. Annars er það undarlegt að vilja skipa þessa n. lengur en fyrir kjörtímabil. Ef hún á að vera stj. til aðstoðar, þá væri það eðlilegt og sjálfsagt, því ef stj. vill ekki nota hana, þá er hún gagnslaus og tilgangslaust að stofna hana. Þá hjeldu þeir því fram báðir, hæstv. ráðh. og hv. frsm., að meiningin væri, að þessi n. liti yfir frv. þm. Ef svo er, þá kemur fram nokkurskonar yfir-Alþ. Ef hver maður, sem ber fram frv., á að láta n. skoða sín mál, þá hygg jeg, að það ætti örðugt uppdráttar, sem n. ekki í alla staði teldi gott og rjett. En ef engin skylda hvílir á neinum með að láta n. skoða frv., þá er úr engu bætt.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að oft þyrfti að breyta l. fljótlega vegna ónógs undirbúnings. Það er rjett, að oft þarf að breyta l., en það er aðallega af því, hvað brtt. koma oft seint fram, að ekki vinst tími til að athuga þær nægilega. En til þess að bæta úr því, yrði n. líka að skoða og meta allar brtt., sem fram koma. En slíkt gæti orðið nokkuð tafsamt, ef allar

brtt. ættu fyrst að ganga til þessarar n. Og skriflegar brtt. væru þá alveg útilokaðar. Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði komið fyrir, að borið hefði verið fram frv. um efni, sem verið hafði í lögum áður. Getur verið að þetta sje rjett, en það hefir þá uppgötvast á því sama þingi og þá engan skaða gert.

Jeg geri ráð fyrir því, að milliþinganefndir eigi líka að nota þessa n. til að undirbúa sín frv. Ekki veit jeg, hvaðan hv. frsm. hefir það, að skrifstofustjórinn hjer eigi að vera í þessari n. Eg a. m. k. hefi ekkert um það heyrt. En það þarf ekki að samþ. þetta til þess að fá aðstoð hans. Hann er hjer við hendina, er okkar maður og þarf því ekki að skipa hann. (**GunnS:** Ekki milli þinga). Þingmenn fást yfirleitt ekki við lagasmíð milli þinga.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Það, sem einkennir andstöðu hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal., er smekkleysi þeirra fyrir lögum landsins. Það var sagt um rithöfund einn, sem mikið hafði lesið miðaldalatínu, að hann væri búinn að tapa öllum smekk fyrir góðri latínu. Þessir hv. þm. hafa báðir starfað sem ráðherrar, þegar mestur glundroði var á stjórn og lagasmíð. Og þeir vilja halda því fram, að sama eigi að gerast í nútíðinni. Þeir eru orðnir því svo vanir, að þeir sjá enga galla á þessu. Flestir eða allir betri lögfræðingar sjá það og telja þetta allsherjar skipulagsleysi alveg óþolandi til lengdar. Þeir álíta það alveg nauðsynlegt, að lögin verði gerð heilsteyptari, gleggri og fullkomnari. Um þetta er barist og annað ekki. Annaðhvort vilja þessir menn ekki sjá, eða sjá ekki þessar ófrægilegu ástæður, sem gera laganefnd nauðsynlega, eða þeir vilja bara vera á móti þeim, er ber þetta mál fram. Ef rök þeirra móti þessu frv. ættu að vera góð og gild, þá yrðu þeir að sanna það, að þeir hafi jafnan sem ráðh. komið með góð frv. og vel undirbúin og að öll formsmeðferð í þingum hafi verið góð og skipulagsbundin. En allir vita, að svo hefir ekki verið, og verður fráleitt aldrei; þar sem sífelt er verið að skifta um stjórn, þar verður alt í molum. Í þinglokin eru svo frv. drifin í gegn á fáum dögum, oft án nauðsynlegrar gagnrýni.

Þá sagði hv. þm. Dal., að stj. hefði eða gæti haft menn eins og t. d. vegamálastjóra, vitamálastjóra og svo Búnaðarfjelag Íslands sjer til aðstoðar við lagasmíði. Þetta sýnir, að hv. þm. veit ekki, um hvað er að ræða. Þetta eru vitanlega góðir menn, er vita, hvaða innihald þau einstöku lög eiga að hafa, en þeir þurfa alls ekki að vera góðir, þrátt fyrir það, til þess að fást við formshliðina og koma efninu í góðan búning. Hv. þm. blandar hjer því algerlega saman efni laga og formi þeirra, sem vitanlega er sitt hvað. Þá vísaði og hv. þm. til þeirra lögfróðu manna, er væru við háskólann. En jeg verð að segja það, að það er alls ekki víst, að það sjeu ætíð bestu lögfræðingarnir, sem eru við háskólann. Jeg hefi t. d. þá trú, að þeim þó alveg ólöstuðum, að t. d. skrifstofustjóri Alþingis sje alveg eins góður að „formulera“ lagagreinar eins og prófessorar háskólans.

Þá hefir hv. þm. Dal. líklega mint, að hann væri að tala við kjósendur

sína í Dölunum, og það þá lökustu, er hann var að tala um, að hjer ætti að fara að stofna 3 ný embætti. Í því sambandi verð jeg að segja það, að jeg held, að hægt væri að starfrækja þessa nefnd fyrir lítinn hluta af þeim kostnaði, er fer til þess að launa **einn** bankastjóra Íslandsbanka **nú,** hvað þá ef launin væru eins og hv. þm. hafði upphaflega skamtað sjer þau. Jeg býst meira að segja við, að kostnaður við þessa n. verði ekki nema lítill hluti þeirra **eftirlauna,** er greiða þarf ýmsum, er hafa starfað við þennan banka. Og ef það er athugað, hve þingkostnaðurinn er mikill, þá býst jeg við, að flestum hugsandi mönnum mundi þykja það tilvinnandi að kosta nokkru til þessarar nefndar, ef það gæti orðið til þess, að nokkuð gæti sparast af þingkostnaðinum, vegna þess að málin væru betur undirbúin.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að það væri óhæft, að n. þessi væri ekki bundin við kjörtímabil. Við þetta er vitanlega ekkert að athuga, og það er bara tilviljun, ef hún er sett á laggirnar á miðju kjörtímabili. Nú veit enginn, hvenær nýjar kosningar fara fram. Það gæti t. d. hent sig, að þær færu fram strax í vor. Hv. þm. sagði, að það væri látið svo, sem n. þessi ætti að bæta löggjöfina, en henni væri þó ekki skylt að gera það. Og hann nefndi t. d. að svo gæti farið, að skrifleg brtt. kæmi fram rjett fyrir atkvgr. Væri þá ef til vill ekki tími til þess að bera hana undir n., og yrði því að þessu leyti ekkert gagn að henni. En þetta sýnir best, að hv. þm. skilur alls ekki, hver er aðaltilgangur þessa frv. Hann hefir ekki gætt að því, að n. á **yfirleitt** að vera ríkisstj. og þm. til aðstoðar við samningu frv. Er gert ráð fyrir því, að þessir aðilar geti leitað til hennar eftir því sem þeir vilja. Enda mun það verða svo, að allir. sem hafa smekk fyrir því, að löggjöfin sje í heilsteyptu formi, munu leita til hennar. Og það eykur ekki álit mitt á því, að lögfræðin sje mentandi, að tveir þeirra manna — og báðir lögfræðingar —, er hafa verið æðstu embættismenn þjóðarinnar á þeim tímum, þegar löggjöfin þurfti mestra endurbóta við, skuli ekki ennþá hafa skilið, hve mikil nauðsyn er á endurbótum á þessu sviði. Þetta er það, sem almenningur skilur og krefst. En hann vonast ekki eftir því frá öðrum eins mönnum og hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Skagf. Til þess hefir hann sjeð of mikið af vinnubrögðum þeirra við lagagerð.

**Hannes Jónsson:** Allir hljóta að viðurkenna það, að löggjöf vor er ekki eins heilsteypt og æskilegt væri. En eðlilegt er, að menn greini nokkuð á um það, hvernig bæta skuli. Jeg fyrir mitt leyti skal játa það, að mjer finst mjög örðugt að koma umbótum svo fyrir, að vel fari, og mjer finst spursmál, hvort þetta frv., þó að lögum yrði, næði tilgangi sínum. Sjerstaklega vil jeg benda á, að mjer finst hæpið, að þessi n. geti annað öllu, er hún að sjálfsögðu þyrfti að gera, um þingtímann. Annars er jeg ekki í vafa um það, að n. getur komið til með að gera mikið gagn, sjerstaklega þó, ef lögð væri sú skylda á þm., að þeir skyldu leggja fyrir hana þau frv., er þeir bera fram á þinginu. Því það er svo með þá lögfróðu menn, er sitja á þingi, að þeir eru flestir hlaðnir mikl-

um störfum utan þings og hafa því ekki tíma, þó þeir vildu, til þess að leiðbeina okkur ólögfróðu mönnunum. Þeir ættu vitanlega að vera þeir hæfustu til að segja um það, hvort frv. eða annað bryti í bága við gildandi lög og reglugerðir. Eigi að síður er það ekki ómögulegt, að þeim geti skeikað. T. d. veit jeg til þess, að staðfest hefir verið í stjórnarráðinu reglugerð, sem braut beint í bága við gildandi lög. Þetta er vitanlega mjög óheppilegt og leiðir af sjer málaþras, sem annars væri hægt að komast hjá. Hefi jeg oft fundið til þess, hve mikið ósamræmi er í allri löggjöf okkar, og vildi gjarnan gera mitt til, að hægt væri að bæta úr því.

Þó jeg sje, eins og jeg hefi áður tekið fram, ekki viss um, að þetta frv. nái tilgangi sínum, þó að lögum verði, þá finst mjer samt nokkur ábyrgðarhluti að leyfa því ekki að ná fram að ganga. Er og engu spilt, þó þessi tilraun sje gerð. Vil jeg alls ekki fallast á þá skoðun, sem haldið hefir verið fram, að með þessu væri verið að takmarka löggjafarvald Alþingis. Það er að vísu tekinn nokkur rjettur af þm., nefnilega sá, að bera fram það, sem ekki getur staðist eða fer illa í löggjöfinni. En jeg fæ ekki skilið, að það geti orðið þjóðinni til ófarnaðar, þó slíkur rjettur sje tekinn af þingfulltrúum hennar. Löggjafarvaldið er jafnt eftir sem áður hjá Alþingi.

Þetta vildi jeg aðeins hafa sagt til þess að skýra afstöðu mína til þessa máls. Mun jeg greiða frv. atkv. mitt, þó jeg sje í vafa um, að það nái tilgangi sínum, og þó jeg viti, að þetta muni hafa nokkurn kostnað í för með sjer, sem geti þó unnist upp á öðrum sviðum.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skal ekki segja nema fáein orð. Hæstv. dómsmrh. var alveg hættur að tala um málið sjálft, en talaði aðeins persónulega um okkur hv. þm. Dal. og mig og hvernig við hefðum reynst undanfarin þing, meðan við vorum ráðherrar. Skal jeg ekki fara frekar út í það, því það kemur ekki þessu máli neitt við.

En eitt var það í ræðu hæstv. dómsmrh., sem jeg hjó eftir. Hann sagði, að meðal annara ætlunarverka þessarar n. væri það, að hún ætti að hafa skapandi áhrif á löggjöfina. Hæstv. dómsmrh. virðist því ætlast til, þrátt fyrir till. meiri hl. allshn. um að fella niður 3. og 4. gr., að n. þessi hafi samt sem áður skapandi áhrif. Þá var hann og að bregða mjer um það, að jeg skildi ekkert í frv. En það er einmitt hann sjálfur, sem ekki skilur í sínu eigin frv. Jeg skal ekki fara að deila við hann um það, hver okkar er hæfastur til löggjafarstarfa. En það ber ekki vott um mikil rök hjá hæstv. ráðh., að hann skuli þurfa að fara út í persónuleg illyrði þegar hann á að rökræða mál hjer í hv. deild. Og hvað koma laun bankastjóra Íslandsbanka þessu máli við?

Þá sagði hæstv. ráðh., að það mundi ekki auka álit mitt eða hv. þm. Dal. úti um land, ef við værum á móti þessu frv. En jeg ætla að segja hæstv. ráðh. það, að jeg fer aðeins eftir því, sem jeg álít rjett, en er ekki að seilast eftir því að gera það eitt, er almenningi mundi falla best í geð. Og varla getur það orðið til þess að auka álit

þingsins út á við, ef því verður slegið föstu með lögum, að það sje ekki einfært um að fást við löggjafarstörfin með þeim kröftum, sem það hefir á að skipa. (**Dómsmrh:** Er þá laganefnd Svía þingi þeirra til vanvirðu?). Það veit jeg ekkert um, en mjer þykir líklegt, að hún sje svipuð og starfi á svipuðum grundvelli og danska laganefndin. Hefi jeg reynt að afla mjer upplýsinga um þetta, en ekki tekist.

Hv. þm. V.-Húnv. kvaðst vilja fá bætt úr þeim göllum, er væru á löggjöf vorri. Er það rjett hjá honum, að þess er að ýmsu leyti þörf. Er oft svo mikið að gera undir þinglok, að ekki er furða, þótt eitthvað skjótist framhjá, er betur mætti fara, í öllu því annríki. En jeg býst við því, að þetta geti eins komið fyrir, þó þessi n. verði sett á stofn. Það er svo, að seinni hluta þings berst svo mikið að af frv. og allskonar þskj., að þm. hafa varla tíma til þess að lesa þau yfir, hvað þá að lesa þau vandlega og bera þau saman við gildandi lög, en mjer er samt ekki kunnugt um, að þetta hafi komið að sök. Og þó svo hafi verið, að villa hafi slæðst inn í lög á einu þingi, þá hefir ávalt verið hægt að leiðrjetta það á næsta þingi. Hinsvegar má ekki ætla, að allar breyt., sem gerðar eru á lögum, stafi af göllum á meðferðinni hjá Alþingi. Það er oft svo, að nauðsynlegt er að breyta lögum vegna breyttrar aðstöðu, og yfirleitt munu lagabreyt. ekki tíðari hjer en víða erlendis.

**Sigurður Eggerz:** Það var ekki lítið, sem jeg skrifaði upp af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði. En þegar jeg svo fór að lesa það yfir, sá jeg, að innihald þess var nauðalítið. Hann talaði einna mest um Íslandsbanka, en jeg geri ráð fyrir, að hann komi þessu máli nauðalítið við. Annars er það ekki nýtt, að hæstv. ráðh. gerir bankann og stj. hans að umræðuefni hjer í þinginu.

Jeg vil víkja því að hæstv. dómsmrh. af fullum velvilja, að það væri hyggilegra, þegar hann er að ræða málin á löggjafarþingi Íslands, að hann talaði meira um kjarna þeirra mála, er fyrir liggja, en væri ekki að segja æfisögur þeirra manna, er mæla honum í gegn. Það er þreytandi að heyra hæstv. ráðh. hvað eftir annað, þegar stórmál eru til umr., draga fram atvik úr „prívat"-lífi þeirra, er mæla á móti honum, en minnast aldrei á málið sjálft. Jeg er hræddur um, að það hafi ekki góð áhrif á löggjöf landsins, þegar hinir leiðandi menn haga sjer svo. Og hvað margar n. sem skipaðar væru, mundu þær ekki geta unnið á móti hinni óviðráðanlegu tilhneigingu hæstv. ráðh. til þess að blanda mönnum og málum saman, á þann hátt sem nú er orðin raun á.

Jeg held, að hæstv. dómsmrh. hafi gott af að heyra þetta. Og jeg held líka, að hv. stuðningsmenn hans hafi gott af að athuga, hvernig þær leiðir eru, sem hæstv. ráðh. dregur þá út á.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um glundroða og grautarlega löggjöf meðan jeg hefði verið í stj. landsins og sömuleiðis meðan hv. 1. þm Skagf. hefði farið með stjórn. En hann benti ekki á neitt dæmi máli sínu til sönnunar.

Það mundi nú ekki drýgja þingtímann, ef fljetta ætti inn í umr. um einstök mál dóma um löggjafarstarf fleiri ára. En vel gæti jeg, ef mjer væri

ætlaður tími til þess, bent á merka löggjafarbálka frá þeim tíma, er jeg var í stjórn. En af því, sem hæstv. ráðh. sagði, var auðsjeð, að hann ætlast til þess, að n. yrði allsherjarlæknisráð til þess að koma öðru og betra skipulagi á löggjöf þjóðarinnar en hingað til hefir verið. Í ræðu hans kom ekki fram trúin á þingunum, hvorki fyrri þingum eða komandi þingum. Hið nýja löggjafarljós, sem ætti að leiða þingin út úr aldadimmunni, ætti að kveikja í þessari nýju stjórnarnefnd. Auðsjeð er, hvert stefnt er. Það á að skipa yfirþing af stjórnarnáð.

Eftir ræðu hæstv. ráðh. er hlutverk n. ekkert smáræði. Það er nokkuð langt frá þeim skilningi hv. 2. þm. Rang., að hún eigi aðeins að fást við leiðrjettingar. Svo framarlega, sem annars á að taka mark á ræðunni.

Það er hjegómi, þótt hjer sje verið að stofna 3 ný embætti, í samanburði við það, að þessi n. á í raun og veru að verða nokkurskonar yfirþing. Jeg trúi því ekki, að nokkur, er hlustaði á ræðu hæstv. ráðh., geti misskilið það, að hann væntir **alls af nefndinni, en einskis af þinginu.** (**Dómsmrh:** Jeg vænti einskis af hv. þm. Dal. eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi af honum). Jeg veit ekki, hvort jeg á frekar að trúa því, sem hæstv. ráðh. segir nú, eða því, sem hann sagði um daginn — jeg stóð þá með honum í einhverju máli. Þá sagði hann, að jeg væri einhver helsti maður þessarar þjóðar. (**Dómsmrh:** Hvenær var það?). En nú skipar hann mjer í langtum óæðra sæti. En eitt er það, sem jeg hefi tekið eftir, og það er það, að þó hæstv. ráðh. skipi mjer nú á hinn „úæðra bekk", þá er þó svo að sjá, að honum þyki það nokkurs vert, er jeg segi, því engum svarar hann eins ítarlega.

Hæstv. ráðh. sagði áðan, að öll löggjöf vor væri í brotum og að hana vantaði heilsteyptari svip. Þessi n. sagði hann, að ætti að lækna þetta alt. Hann talaði um hinn „organiska" kraft laganna. Hvernig þau væru knúð í gegnum þingið í fljótræði. Þetta ætti hin marglofaða n. alt að lækna. En eftir þessum skilningi ætti hún að standa við stól hvers einasta þm. og vaka yfir gerðum hans við hverja atkvgr.

Þá vildi hæstv. ráðh. gera lítið úr því, þegar jeg var að tala um, að stj. gæti altaf haft fagmenn og sjerfræðinga, svo sem eins og vita- og vegamálastjóra, Búnaðarfjelag Íslands o. fl. Því hvað gæti stj. sótt til þeirra, nema aðeins efnið í lögin!

Hvílíkur djúpur skilningur á löggjöf einnar þjóðar, ef efnið í lögunum er smáatriði. Það er auðvitað aðalatriðið. Löggjöf er dæmd eftir því, hvernig efnið í henni er.

En þó að þetta væri nú rjett hjá hæstv. ráðh., þá var svo langt frá því, að jeg gleymdi forminu. Jeg sagði, að stj. gæti á öllum tímum snúið sjer til hina lögfróðustu manna í landinu, sem eru háskólakennararnir.

Hæstv. ráðh. var að tala um mína kjósendur og sagði, að það væru bara þeir aumustu þeirra, sem mundu taka mark á mjer í þessu máli. Hæstv. ráðh. sagði það út af því, að jeg taldi, að hjer væri verið að stofna þrjú embætti. Jeg vil segja hæstv. ráðh., að kjósendur mínir fylgjast nákvæmlega með því, hvernig haldið er á fjár-

málum þjóðarinnar. Og þeir eru mjer áreiðanlega sammála um það, að síst sje ástæða til fyrir okkar litlu þjóð að bæta við slíkum embættum, nema nauðsyn kalli. Þetta er viðurkent í mínu kjördæmi sem annarsstaðar þar, sem vitrir menn ráða.

Hæstv. ráðh. var að tala um vinnubrögð mín hjer á þingi. En jeg verð að segja, að jeg þykist gegna vinnu minni hjer eins samviskusamlega og jeg get. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara inn á það.

Um ræðu hv. frsm. meiri hl. get jeg vísað til þess, sem jeg tók fram í fyrstu ræðu minni. Hjá honum kom ekkert nýtt fram. Hann talaði um, að bæði vegna breyt. á frv. og skýrri yfirlýsingu frá honum sem frsm. n. hlyti mönnum að vera það ljóst. að þessi n. ætti ekki að hafa skapandi áhrif á löggjöfina. (**Dómsmrh.**: Má hún ekki hafa skapandi áhrif?). Jeg álít, að löggjafar þjóðarinnar eigi að vera sá skapandi kraftur í löggjöfinni, en ekki einhverjir menn úti í bæ. Það er sú mesta vantraustsyfirlýsing á Alþingi, sem nokkurntíma hefir komið fram, þegar á að fara að sækja menn út í bæ til að vinna starf hinna kjörnu fulltrúa þjóðarinnar. Jeg verð að ætla, að þjóðin taki í streng með mjer og segi: „Þess vegna kjósum við þingmenn okkar, af því að við trúum þeim sjálfum til að semja löggjöfina". Ef svo þjóðin kemst að þeirri niðurstöðu, að löggjafarnir hafi kastað löggjafarstarfinu frá sjer, þá sendir hún nýja menn á þing.

Ef frv. þetta á að skiljast eins og hæstv. dómsmrh. skilur það, er það hættulegt, og þá á hver einasta hönd að vera á móti því. En ef það er skilið eins og hv. frsm. skilur það, þá er það gersamlega óþarft, þar sem reynslan hefir sýnt, að ríkisstj. getur fengið nóga sjerfræðinga til þess að undirbúa stjfrv. Og þegar verið er að tala um hörmulega löggjöf frá Alþingi, vil jeg eindregið mótmæla því. Alþingi hefir afgr. hvern lagabálkinn á fætur öðrum, sem alt eru vönduð lög. Hvar í veröldinni eru sköpuð lög, sem standi óhaggað frá ári til árs, frá öld til aldar? Lífið gerir margfaldar kröfur til margfaldra breytinga. Halda menn kannske, að júristar úti í bæ, sem að vísu hafa góða einkunn í lögum, að þeir geti hindrað þær breyt. lífsins, sem hafa í för með sjer rjettmætar kröfur um breytta löggjöf? Löggjöf, sem ekki samsvarar kröfum lífsins, á að fella úr gildi. Nú er okkar viðskiftalíf og alt okkar líf altaf að verða margvíslegra og breytilegra, og við verðum auðvitað að haga löggjöf okkar eftir því. Breytingar á löggjöfinni eru því óumflýjanlegar. Og þær munu ekki verða minni, þótt stj. takist að kveikja á þessari nefndartýru.

**Magnús Torfason**: Hv. þdm. mega ekki búast við, að jeg taki eins háa tóna og hv. næstsíðasti ræðum. (SE). Það er hvorttveggja, að mjer er það ekki sjerstaklega lagið og að rjettara mun að byrja svo lágt, að maður sje viss um að springa ekki á því. Mjer er það heldur ekki lagið eins og honum að fara upp fyrir skýin, enda hættir mönnum þá til að gerast glapsýnir, þannig að þeir sjá ekki, hvað gerist hjer niðri á jörðinni, það sem nær þeim er. (**SE**: Hefir hv. þm. aldrei komist upp í skýin?). Ekki eins hátt og hv. þm. Dal., og alls ekki

svo hátt, að jeg hafi nokkuð nálgast „bláa" gatið.

Það gleður mig auðvitað, að það er síður en svo, að hv. andmælendur þessa frv. hafi nokkuð við brtt. meiri hl. n. að athuga. Enda var með þeim tekið tillit til þeirra radda og aths., sem komu fram hjá hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Skagf. við 1. umr. þessa máls. Helst hefir það verið fundið að þeim, að meiri hl. hafi ekki gengið nógu langt í að breyta frv. En hinsvegar hefir minni hl. n. og andstæðingar frv. eigi komið fram með neina brtt.; það er vitanlega ekki úrhættis enn, og geta þær komið fram við 3. umr., enda er það oft svo, að það er heppilegra að koma þá fram með smábrtt., þegar n. er búin að bera fram aðalbreyt. á frv.

Af brtt., sem minni hl. ympraði á, skal jeg sjerstaklega nefna bráðabirgðaákvæði þess efnis, að laganefndin ætti að vera skipuð í samræmi við starfandi stj. Þá ætti andstæðingum frv. að vera auðvelt að koma fram með brtt. þess efnis. En jeg hygg, að það sje álitamál, hvernig sú till. ætti að vera; enda færi það svo, að með því að skifta um nefndina jafnoft og stjórnarskifti fara fram, þá fengist ekki sú framsýni yfir málin og lagasmíðið, sem ætlast er til, að þessi n. hafi.

Það er sjálfsagt hægt að þræta mikið um, hvað þessi n. muni kosta mikið fje, og telja þar aðrir klipt, en hinir skorið. En á það má benda, að varið hefir verið eigi alllitlum upphæðum til undirbúnings lagafrv. á undanförnum árum, og mun það yfirleitt aukast. Jeg bendi ekki á þetta til þess að álasa neinum fyrir það, síður en svo, jeg tel það eðlilegt. Það er tæplega hægt að ætlast til þess af starfsmönnum stjórnarráðsins, að þeir geti verulega snúið sjer að lagasmíði, vegna þess að tími þeirra er bundinn við önnur dagleg störf, og svo eru sjerstakar ástæður á hverjum tíma, sem kalla að, og fer jeg ekki lengra út í það.

Stjórnir landsins hafa líka á síðari árum skipað sjerstakar n. til þess að undirbúa ýms lagafrv. og oftast verið álasað fyrir það. Það er ekki svo að skilja, að jeg telji, að þessi laganefnd geti komið í staðinn fyrir slíkar n., sem skipaðar eru til að athuga sjerstök mál, en hún ætti að geta hjálpað þeim mikið, og kem jeg að því atriði síðar.

Þá vil jeg víkja að því, sem hæst hefir verið látið um, að með þessari n. væri sett nokkurskonar „yfirþing". Jeg verð að segja það, að jeg skil ekki þennan hugsunarhátt, allra síst sjeð frá dyrum þeirra manna, sem gera svo mikið úr hinni víðtæku þekkingu og menningu þingsins, og það á ýmsan hátt með rjettu. Á hinn bóginn segja þeir með þessari fullyrðingu sinni um n., sem skipuð verður þremur mönnum, að hún geti algerlega ráðið yfir þingmönnum. Með öðrum orðum, að þm. sjeu svo miklir ræflar, að þeir muni láta þessa þrjá utanþingsmenn, sem nefndina skipa, stjórna sjer. Mjer dettur ekki í hug, að þeir geti það. Enda eru þeir samkv. brtt. n. settir á afmarkaðan bás sem þjónar þings og stjórnar.

Í 2. gr. frv. er það beinlínis sagt, að laganefndinni skal skylt að vera ríkis-

stj., alþingismönnum, alþingisnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrv. og annan undirbúning löggjafarmála. Þessi n. er því alstaðar sett í þjónsaðstöðu, og getur það ekki orðið skýrar sagt en hjer er gert í lögunum. Og málefnið, sem 4. gr. fjallaði um, er sett í 2. gr., beint til þess að laganefndin líka skuli rækja það sem þjónn þings og stj. Enda er það beinlínis skýrt tekið fram í nál.. að n. sje ekki ætlað að hafa áhrif á löggjafarstarfið að efninu til. Hv. frsm. meiri hl. og jeg sem annar maður úr n. höfum báðir lagt sterka áherslu á þetta. Mótmæli andstæðinga frv. gegn þessu herða líka á þeim skilningi, og má því líta svo á, að sjaldan hafi verið gengið svo vel frá nokkru lagaákvæði eins og þessu, sem kveður á um það, að nm. eigi að vera þjónar þings og stj. — Jeg verð að segja, að „máttugur er Jónas", ef hann getur haggað þessu. (**Ýmsir þdm.**: Hvaða Jónas?). Þetta er orðtak, sem haft er eftir einum besta ritsnilling þessa lands, sem hann hafði gert greiða. (**Forseti**: Þetta verður eigi skoðað sem fordæmi þess, að nefna megi þm. með eiginnöfnum hjer í deildinni). Þetta er og ber að skoða sem málshátt.

Jeg veit til þess, að elskulegir bræður okkar og hv. þm. Dal. við Eyrarsund hafa starfandi nefndir, er þingflokkarnir nota sem ráðunauta. Nágrannaþjóðirnar hafa mismunandi form á þessu. Jeg held, að þessi laganefnd okkar verði eins ópólitísk og unt er í þessu landi kunningsskaparins, þar sem hver þekkir annan, og það form er okkur heppilegast. Það er enginn vafi á því, að við höfum mikla þörf fyrir slíka ráðunauta, eins og aðrar þjóðir, og jafnvel fremur, sakir þess að við erum umkomulausari en þær og verðum að hafa þingið eins stutt og unt er og láta störfin ganga hraðara en í þingum annara menningarlanda. Verkefni þessarar n. er síst minna hjer en annarsstaðar, vegna þess að hjer verður alt að skapast frá grunni í löggjöfinni. Það má heita svo, að við höfum búið með fornaldarsniði í þeim efnum, þangað til fyrir rúml. 50 árum síðan, er byrjað var á að tosa löggjöf þjóðarinnar í framfaraáttina. Á þessu hálfrar aldar tímabili hafa orðið óvenjulegar breyt. í þjóðlífinu. Alt þetta, sem jeg nú hefi nefnt, bendir til þess, að í þessu landi sje einmitt sjerstök þörf fyrir starf slíkrar n. Ef við lítum á starf og aðstöðu þessarar n. án þess að þjóta upp í hápólitíkina, þá eigum við smámsaman á þennan hátt að geta alið okkur upp lagasmiði.

Jeg býst ekki við því, að við myndum kenna mikilla breytinga allra fyrstu árin, þótt n. verði sett, þótt þær að sjálfsögðu verði einhverjar. Hinsvegar er jeg ekki í vafa um það, að störf n. verða þýðingarmeiri og betri með hverju árinu, ef þess er gætt, að endurnýja hana smátt og smátt að góðum og nýtum kröftum. Við þurfum á sjerfræðingum í lagasmíði að halda, einkum vegna þess, að hjer er ekki einn einasti maður, sem getur helgað sig óskiftan stjórnmálum þessa lands. Í öðrum löndum er fjöldi manna, sem ekkert gera annað en að gefa sig að stjórnmálum. Er því sýnu meiri þörf slíkrar nefndar hjer en þar. Og það er enginn vafi á því, að slík n. sem þessi mundi smátt og smátt

gefa oss betra yfirlit yfir löggjöf þjóðarinnar.

Jeg býst heldur ekki við, að þessi n. verði skipuð með það fyrir augum sjerstaklega, að hún verði einhver skapandi kraftur, en hinsvegar er jeg í engum vafa um það, að n. muni frjóvgast af samvinnu við löggjafana og þá menn, sem bera hag þjóðar og lands sjerstaklega fyrir brjósti, og er þá ekki að vita nema myndast geti þar skapandi kraftur, og er þá ekki nema gott til þess að vita. Það er rjett, sem hv. þm. Dal. sagði, að þessir menn komast í nánara samband við hagsmuni þjóðarinnar á þennan hátt. Það er misjafnt, hvað menn eru bjartsýnir á slíka hluti. Jeg er nú farinn að verða nokkuð við aldur, eins og hv. þm. Mýr. var að brýna mig á í gær, og því eðlilegt, að jeg sje ekki eins bjartsýnn og þeir, sem eru í broddi lífsins.

Jeg hygg nú, að ekki verði miklar umbreytingar fyrst í stað við skipun þessarar n., en hinsvegar er jeg í engum vafa um það, að n. verði til mikils gagns er frá líður, ef vel er á haldið.

Meira hefi jeg ekki að segja, en jeg lít svo á, að alt sje betra en það ástand, sem nú er, svo að frá því sjónarmiði hygg jeg, að hv. deild geti með góðri samvisku greitt þessu máli atkv. sitt.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Þar sem hv. 2. þm. Árn. hefir nú svarað efnishlið þeirra ræðna, er fluttar hafa verið á undan, þarf jeg litlu við að bæta. Þó vil jeg rifja upp tvö atriði í þessu máli.

Það er þá fyrst að koma skipulagi á það, að íslensk lög verði gefin út á handhægan hátt almenningi og til þæginda fyrir þá, sem við þau þurfa að sýsla. Um þetta eru engar deilur; allir eru sammála um það, að slíkt lagasafn eigi að gefa út. Af þessu mundi leiða það, að komið yrði á meira samræmi um útgáfu Alþingis- og Stjórnartíðinda. Öllum er kunn sú mikla óverkhyggni, að rifinn er upp stíllinn í Alþingistíðindunum og settur að nýju í Stjórnartíðindin, aðeins með dálítið annari línulengd. Ef sá siður kæmist á framvegis að gefa lögin út á nokkurra ára fresti, mundi letrið úr Alþingis- og Stjórnartíðindunum látið standa, og því yrði skotið inn á viðeigandi hátt í næstu útgáfu. Þetta væri sjálfsögð breyt., en þetta sýnir, hve lítið hefir verið gert í þessu efni, að mönnum skuli ekki hafa dottið þetta í hug fyrir löngu. Einn af prófessorum háskólans hefir verið að basla við að gefa út lög Íslands undanfarið og beðið um styrk í því skyni, en altaf orðið að hætta og lögfræðingar og leikmenn í lögum eru oft í vandræðum að hafa texta gildandi laga. Jeg tel það góðs vita, að allir þm. virðast vera sammála um það, að gott væri að gefa lögin út á nokkurra ára fresti. Um þýðingu n. hefir verið mikið talað, einkum af hv. 2. þm. Árn. Sjá allir, að slík n. sem þessi er sett til þess að vera þjónn þingsins, til þess að ljetta verkið, gera það betra og ódýrara. Þetta er tilgangurinn með n. Hv. 1. þm. Skagf. gat þess, að stj. væri innanhandar að fá sjer aðstoð við samningu lagafrv.; þm. yfirleitt hafa ekki aðstöðu til þess. Og þótt 42 þm. leiti sjer aðstoðar hjá einum í dag og öðrum á morgun, getur það ekki orðið til þess að bæta löggjöfina yfir-

leitt, heldur aðeins einstök mál. Hv. þm. (MG), sem annars er mótfallinn öðrum hluta frv., játaði þó, að annríki væri svo mikið síðari hluta þings, að menn hefðu ekki tíma til þess að rannsaka hvert mál ítarlega. Með þessari viðurkenningu hv. þm. er það ljóst, að grundvallarskoðun manna er hin sama, því að jeg tel hv. þm. einn af þeim helstu, sem eru á móti þessum lið, en talar þó þannig, að hann ætti að vera því fylgjandi samkv. röksemdafærslu sinni. Sami hv. þm. sagði, að hægt væri að breyta lögunum næsta ár, ef þau hefðu mistekist. Jú, að vísu, en það kostar 6 umr. í þinginu, og það kostar líka peninga.

Þá get jeg verið stuttorður um ræðu hv. þm. Dal. Hv. þm. byrjaði að berja barlómsbumbuna, eins og hans er venja, og spurði, hvaðan ætti að taka peninga til þess að kosta slíka aðstoð. Það er ekki úr vegi að benda hv. þm. á það, að hann vill hjer slá á strengi síngirni aumustu kjósenda, til þess að eyða góðu máli og láta það stranda á litlum kostnaði, en að sjálfur lifir hann þvert á móti þessari kenningu sinni. Hann hefir sjálfur átt þátt í að ákveða laun bankastjóranna í Íslandsbanka, sem hafa helmingi hærri laun en þau, sem ætluð eru ráðherrum. Jeg veit, að hv. þm. segir, að það sje óviðeigandi að minnast á persónulega bitlinga, en hv. þm. verður að gæta þess, að bæði hann og aðrir verða að lifa í samræmi við kenningar sínar. En hv. þm. lifir ekki eftir þessum kenningum sínum; hann hefir sem stjórnandi landsins breytt þvert ofan í þær. Jeg þori vel að standa við það og mun ekki kvarta, þótt gagnrýndur verði sá kostnaður, sem af skipun þessarar n. leiðir. Jeg þori að leggja málstað minn undir dóm almennings. En þegar hv. þm. er svo kjarklaus, að hann þorir ekki að leggja sínar gerðir undir almenningsdóm, sýnir það aðeins, að hann vill fá að eyða fje landsins eins og honum þóknast til sinna persónulegu þarfa, án opinberrar gagnrýni, en eyða almennum umbótamálum eins og þessu með heimskulegu sparnaðarhjali.

Jeg þarf ekki að minnast á aðra eins fjarstæðu og þá, að þingið verði gert að afskræmi, þótt það fái aðstoð sjerfræðinga. Jeg get tekið dæmi úr okkar hópi. Væri það ekki ávinningur fyrir okkur alla, ef jafnóvenjulega ritfær maður og hæstv. forseti (BSv) hefði aðstöðu til þess að laga málið á frv. þm. Allir vita, að hann er sjerstakur smekkmaður á íslenskt mál og hefir lag á því að segja skoðun sína í stuttu máli og ljósu. Slíkir menn eru fleiri, sem betur fer, en hvers vegna á ekki að nota sjer aðstoð þeirra til þess að fá lög þjóðarinnar á betra máli. Það er afskræmishugsunarháttur hjá hv. þm. Dal. að vilja hindra, að þekkingin í landinu sje notuð.

Þá talaði hv. þm. um frelsið, sem taka ætti af þm. Segjum, að búið væri að fá málhagasta mann Íslands til aðstoðar þinginu í þessu efni og að helmingur þm. færði sjer aðstoð hans í nyt. Hvað hefir þá gerst? Hafa þessir 20 þm. afsalað sjer einhverjum rjetti? Nei, það er síður en svo. Og það er ekki eins og verið sje að neyða þm. til þess að leita sjer aðstoðar hjá n. Ef hv. þm. Dal. sæti á þingi eftir að slík n. væri komin og hann leitaði ekki aðstoðar n., þótt hann vissi, að frv. hans gætu batnað við það, þá er honum

það heimilt; þingvinna hans yrði aðeins ennþá ófullkomnari en hún þyrfti að vera. Hann heldur frelsi sínu að hafa frv. ófullkomin. Í stuttu máli, alt þetta frelsishjal er aðeins til þess, að sama ólagið haldist og ljelegri lög fari frá þinginu en þarf að vera.

Hv. þm. tók það illa upp fyrir mjer, að jeg gæti ekki sjeð annað en grautarlega starfsemi hjá þeim, sem forystu hafa haft um lagasmíðar þessa lands, t. d. hv. andmælenda minna. Jeg vil biðja þá að taka einhvern þátt löggjafarinnar út úr og sanna, að þeir hafi undirbúið hann svo að formi, efni og máli, að það geti talist stórvel gert. Það kann að vera, að þeir hafi gert þetta; jeg hefi bara ekki orðið var við það. Annars vil jeg ekki kasta steini á þá að þessu leyti fremur en ýmsa aðra, en jeg hreyfi þessu vegna þess, að þeim er ekki nóg að hafa staðið ljelega í þessum efnum sjálfir, heldur vilja þeir líka hindra, að aðrir geri vel. Jeg vil láta skipa þessa n. af því að jeg finn, að þess er full þörf, og að hvorki jeg nje flestir aðrir geta leyst þingstörfin að þessu leyti nógu vel af hendi aðstoðarlaust um form og samræmi. En vegna þess að hv. þm. Dal. er svo ánægður með ástandið eins og það er og hefir verið, vil jeg minnast á einn þátt löggjafarinnar, sem jeg hefi unnið að umbótum á meira en fyrirrennarar mínir, þó jeg hinsvegar finni, að miklu meira þarf að gera í þessu efni en jeg get gert. Það eru hegningarmálin. Þau eru nú meira en hálfrar aldar gömul og skammarlega úrelt, en þó hefir engin tilraun verið gerð til þess af nokkurri stj. eða þingi að lagfæra þau. Hv. þm. veit einnig, að hegningarhús okkar er svo lítið og vont, að neitt svipað því þekkist ekki í nálægum löndum. Og engin hegningarskrá er til á öllu landinu. Ef einhver maður þarf að fá vottorð um það, hvort honum hafi nokkurn tíma verið hegnt eða ekki, þarf kannske að fara í margar sýslur til þess að geta fengið þær upplýsingar, er með þarf. Svo óskapleg er eymdin í stjórnarráði Íslands, að þar er engin hegningarskrá til, þótt svo sje í hverju siðuðu landi. Fangelsisleysið, úrelt hegningarlöggjöf, vöntun á hegningarskrá — alt sýnir þetta, hve ástandið er aumt. Úr þessu hefi jeg reynt að bæta af veikum mætti.

Tveir ágætir menn vinna nú að endurskoðun hegningarlaganna. Það kann að vera, að það taki mörg ár að fá þau endanlega samþ., en þetta er þó byrjunin. Það er verið að gera við hegningarhúsið og gera hegningarskrána. Ekkert af þessu getur hv. þm. Dal. kallað óþarft. En nú vil jeg biðja hv. þm., sem kastar steini að mjer fyrir þessa viðleitni mína, að skýra frá því, hvað hann gerði meðan hann sat að völdum til þess að framkvæmdin á löggjöf okkar væri færð í samræmi við kröfur nútímans. Og mig uggir, að flest í okkar löggjöf sje alveg á borð við framkvæmdir hegningarlaganna.

**Bjarni Ásgeirsson:** Hv. 2. þm. Árn. mintist á það, að jeg hefði í gær látið þau orð falla, að hann væri farinn að gerast aldraður. Það, að menn gerast aldraðir, hefir á sjer tvær hliðar, og er önnur þeirra góð, en hin lakari. Með aldrinum verða menn stundum glapsýnir á þarfir sinna tíma, og er það hin lakari hliðin, en þeir hafa

líka oft eignast þá reynslu, er víða má að notum koma, og er það hin betri hliðin. Eins og jeg nefndi í gær, þótti mjer lakari hlið aldursins koma nokkuð fram í því máli, er þá var til umr., en jeg álít, að betri hlið aldursins hafi einmitt komið fram núna, eins og í svo mörgum málum öðrum, sem hv. þm. er riðinn við.

Mjer er það fullkomlega óskiljanlegt, hvernig þeir, sem eru á móti þessu máli, finna út úr frv., að ef það nái samþykki, sje hjer verið að búa til einhvers dreka, sem gleypti löggjafann með húð og hári og rjeði einn öllu. Fyrir mjer er þetta ekkert annað en formsatriði, sem jeg hygg, að yrði til mikilla bóta.

Menn hafa haldið því fram, að löggjafarnefndin yrði allsráðandi í þessu efni og mundi taka sjer vald þingsins. Jeg er sannfærður um, að um þessa n. mundi fara eins og t. d. skrifstofustjórana í stjórnarráðinu. Þeir menn hafa sínar ákveðnu pólitísku skoðanir, en það dettur auðvitað engum í hug að hrófla við þeim, því að þeir eiga aðeins að koma fram sem ráðunautar stj. í formshlið á framkvæmdum mála.

Jeg lít þannig á, og býst við að allir fylgismenn frv. líti þannig á, að aðalstarf laganefndar eigi að vera það, að aðstoða löggjafana um hið ytra borð laganna; þeir eigi að koma með efnið í þá löggjöf, sem þjóðin þarfnast á hverjum tíma. En hitt vita allir, að það þarf að vera ákveðið form fyrir þessum lögum, og að stundum vill verða nokkur misbrestur á því formi hjer, sem ætti að vera skiljanlegt fyrir þá, sem hafa hlustað á skilgreining hv. 1. þm. Skagf. um það, hve miklar annir þm. oft hafi, þegar þeir verða að starfa bæði daga og nætur hjer á þingi, enda eru dæmin deginum ljósari.

Jeg held, að það sje sambærilegt að minnast á það hjer, að á meðan okkar byggingarlist var á sínu frumstigi, þá var það svo, að þegar einhver þurfti að byggja hús, þá ákvað hann sjálfur að öllu leyti, hvernig það skyldi vera, og vann svo að byggingunni sjálfur og kom því upp á eigin spýtur. En eftir því sem byggingarlistin komst á hærra stig, varð meiri nauðsyn á að fá sjerfróða menn til að sjá um, að alt væri gert eftir hinum föstu reglum byggingarlistarinnar. Maður, sem vill byggja sjer hús, kemur nú til sjerfræðinganna og segir: Svona hús vil jeg fá, nú skuluð þið gera nákvæma teikningu af húsinu, eftir því sem jeg segi ykkur fyrir um húsið, og svo læt jeg byggja húsið eftir henni, svo að það verði eftir listarinnar lögum. — Alveg það sama er hjer á ferðinni. Löggjafarnir gera sjer það ljóst, um hvaða efni lögin eiga að vera, en það þarf líka sjerfræðing til þess að tryggja það, að lögin sjeu eftir þeim lagalistarreglum, sem krafist er í hverju þjóðfjelagi. Það er ekkert annað, sem hjer er á ferðinni, og mig undrar það stórlega, að menn skuli láta sjer detta það í hug, að hjer sje um eitthvað annað að ræða.

Það er verið að benda hjer á 4. gr., þar sem segir, að löggjafarnefnd skuli láta ríkisstj. í tje till. um það, hver löggjafarefni skuli tekin til meðferðar á tilteknu tímabili og hvernig því starfi skuli hagað, og jeg sje ekkert ósamræmi við það, sem jeg hefi haldið hjer fram. Maður veit um hið mikla löggjafarstarf á síðustu árum, sem er

afleiðing af hinum miklu breyt. og stórkostlegu framförum, sem orðið hafa í mörgum greinum, en sem gerir það að verkum, að margt, sem gert hefir verið á því sviði, hefir rekist á við ákvæði eldri laga. Okkar lagasmíð er að mörgu leyti orðin einn hrærigrautur, og það er nú farið fram á það að koma föstu skipulagi á lagabálkana í heild. En til þess þarf að taka eina og eina grein laga og samræma hana og koma henni í fastar skorður. En það er ekki sagt, að þeir menn, sem gera till. um, hvað taka skuli og gefa bendingar um formshliðina, eigi að ráða neinu öðru, t. d. um efni laganna. Þetta starf hefir vitanlega kostnað í för með sjer, en það kostar líka nokkuð, þegar þeir, sem eru önnum kafnir í öðrum störfum, bera fram og samþykkja frv., sem svo hljóta að reka sig á gildandi lög, svo að þar af leiðandi fari mikil vinna í það hjá þm. að laga lögin og koma þeim í það horf, sem þarf til þess að mynd sje á þeim. Það kostar líka mikið að verða þing eftir þing að eyða tíma í það að breyta lögum, sem eru gölluð að formi vegna vöntunar á lagaþekkingu þeirra, er semja þau, og jeg er sannfærður um það, að sá sparnaður, sem fæst gegnum slíka löggjafarstarfsemi, vinnur fullkomlega upp þann beina kostnað, sem af slíku starfi leiðir. Jeg verð ennfremur að segja það, að jeg álít, að hjer sje gerð merkileg tilraun til þess að koma vinnubrögðum þingsins í betra horf en verið hefir. Mun jeg þess vegna fylgja frv.

**Magnús Jónsson:** Jeg get tekið undir með þeim, sem hafa talað um það, að frv. hafi heldur batnað í meðförum hv. n., því að maður getur náttúrlega sagt það, að þegar tvær af átta illum greinum eru strikaðar út, þá batni frv. við það. Og hæstv. dómsmrh. hefir eiginlega játað þetta og kveðið upp merkilegan dóm um þetta frv. sitt, með því að ljúka lofsorði á verk hv. n., sem hefir sniðið af því fjórða partinn. Jeg get sagt eins og kongurinn forðum: Betri eru fjórar ferlegar tær en fimm.

Annars finst mjer aðalgallinn það, sem hv. þm. Dal. sagði í sinni fyrri ræðu, að hjer er verið að löggefa um mál, sem ekki er þörf á að setja nein lög um. Það er alþektur viðvaningsháttur, sem maður sjer altaf, þegar nýr maður kemur inn á þing, að vilja koma með löggjöf um ýms hjegómamál, og átti jeg þar óskilið mál með öðrum. Það er reynsla margra, að þegar þeir koma fyrst á þing, þá sjá þeir margt, sem þeim finst þörf á að bæta úr, og undir eins koma þeir með frv. um það. Þetta er mesti ósiður, og síst af öllu sætti stj. að falla í þessa gröf.

Það, sem á að nást með þessu frv., er aðallega tvent, og skal jeg nú fyrst minnast á það smávægilegra. Það er um það, að gefa út lögin á einhverju vissu árabili. Það hefir verið sýnt fram á það af hv. 1. þm. Skagf., að það þarf ekki nokkur lög til þess, ekkert annað en fjárveitingu. Jeg efast jafnvel um, að það þurfi nokkuð nema fjárveitingu eftir á, því jeg býst við, að hver stj. myndi telja sjer heimilt að láta gera þetta. Jeg skal svo ekkert deila um það, hvort betra er að safna lögunum saman í bálka eftir efni eða raða þeim

eftir aldri, en það er alveg víst, að það þarf enga löggjöf til að ákveða um það.

Hitt atriðið er svo leiðbeiningarstarf þessarar n. Það er nú í fyrsta lagi, að hún á að vera til leiðbeiningar fyrir stj., og meira að segja var í upphaflega frv. svo ríkt að orði kveðið, að þessi löggjafarnefnd átti beinlínis að senda stj. till. um það, hvað ætti að löggefa um á næstu árum, en n. vill fella þetta atriði niður og hæstv. ráðh. felst á það. Annars er það alveg augljóst og margsýnt fram á það, að stj. þarf ekkert á þessu að halda, því að hún hefir aðgang að öllu og öllum, sem hún vill nota. Ef einhver stj. vill nota sömu mennina ár frá ári, þá getur hún svo hæglega gert það. Og hvað er svo betra, að þeir heiti nefnd? Ætli þeir starfi nokkuð betur fyrir það? En fyrir næstu stj. er það aftur talsvert viðkunnanlegra að mega leita til þeirra manna, sem hún vill helst, en hafa þá ekki fasta n. frá tíð fyrv. stj. Fyrir þm., sem talað hefir verið um að þyrftu aðstoð, skal jeg játa, að væri gott að hafa aðgang að manni, sem væri glöggur lagamaður og smekkvís á íslenskt mál, en mjer finst það dálítið sjerkennileg aðferð að fara að skipa menn, sem eru hlaðnir öðrum störfum, í nefnd, og sem þm. því varla geta náð í, í stað þess að forsetar þingsins geta leyst þetta með því að ráða einhvern glöggan mann í skrifstofu þingsins þeim til aðstoðar. Það er oft, ef maður vill gera brtt. við eitthvert frv., kannske undir umr., að það er ekki alveg víst, að hægt sje að hlaupa til og kalla heila n. manna saman til þess að ráðgast við; væri því miklu betra að hafa slíkan mann í skrifstofunni. En til þess þarf enga löggjöf, og það þarf yfirleitt enga löggjöf til að ráða fram úr öllum þessum vandræðum, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um að hefðu verið á öllu, og sem hann er stöðugt að reyna að kippa í lag. En besta dæmið upp á það, hvað þetta frv. er í raun og veru lítilfjörlegt, er það, hvað það er erfitt að sýna fram á gagnið af því, ef það yrði að lögum. Hv. 2. þm. Árn. hjelt t. d. langa og snjalla ræðu, og hæstv. ráðh. gerði ekkert annað en að vitna í þá ræðu, en hvað var það þá, sem hv. þm. (MT) sagði? Það var ekkert annað en svona almennur skáldskapur, að þessir menn ættu að „frjóvgast' einhvern veginn í samvinnu við stjórnmálamenn, og þá kynni kannske að myndast af því einhver skapandi kraftur. Ef þetta er ekki orðaglamur, þá veit jeg ekki, hvað er orðaglamur, og það er líka sannast að segja, að það er ekki hægt að mæla með þessu frv. öðruvísi en með einhverju svona löguðu rausi, t. d. þegar hæstv. ráðh. var að tala um það, að einhver smekkvís maður færi höndum um hvert frv. Hvers vegna er þá ekki hið merkilegasta mál á hverju stjfrv.? Stj. gæti sannarlega snúið sjer til einhvers hugvitsmanns á því sviði, en maður sjer ekki, að þau frv. sjeu neitt betri að máli til en gengur og gerist um alment lagamál. Og hví þá ekki að skipa skynsamasta manninn í landinu til þess að ráða efninu líka? Og hvaða trygging er svo fyrir því, að einhver samvinnuskólapiltur, sem þessi hæstv. ráðh. svo skipar, væri hinn smekkvísasti? En það er ekki hægt að skipa vitrustu menn landsins í n. til þess að semja lögin, af því að það er svo erfitt

að finna þá, og málsnjallasta manninn er ekki heldur hægt að finna.

Þá hefir verið talað um þetta afskaplega ólag, sem væri á okkar löggjafarstarfi, og þann „voðalega hræri-graut", sem verið væri að unga hjer út. Mjer skildist helst, að allar lagabreyt. þingsins væru að kenna því, að illa væri frá lögunum gengið; en þetta er alls ekki rjett. Það er hið látlausa athafnalíf, sem gerir það, að ekki er altaf hægt að búa undir sömu lögunum. Jeg hefi ekki rekist á, að það væri svo mikið ólag á íslenskum lögum, og jeg held yfir höfuð, að það hafi ekki verið gerð nein gagnrýning á því, en alt um það býst jeg við, áð eitthvað myndi finnast, ef vel væri leitað. Nei, þessari hæstv. stj., sem myndi eiga að skipa þessa n. í fyrsta skifti, hefir ekki lukkast það neitt betur en gengur og gerist að bera fram frv., er sjeu óaðfinnanleg. Hún er víst sú fyrsta stj., sem hefir fundið upp á því að skella aftan í sum frv. sín klausu, eitthvað á þessa leið: Með þessum lögum eru öll önnur lög, sem brjóta í bág við þessi, úr gildi numin. — Og þeir menn, sem hæstv. stj. skipar í n., verða sennilega ekkert fullkomnari en hinir, sem hún hefir látið undirbúa fyrir sig frv. Jeg hefði haldið, að það myndu verða færðar talsvert veigameiri ástæður fyrir nauðsyn þess að samþ. þetta frv. heldur en hjer er gert.

En það er ekki nóg með það, að hjer sje verið að gefa lög um það, sem enginn þörf er að löggefa um, því þá gæti maður þó sagt, að þetta gerði hvorki til nje frá, heldur er jeg, eins og jeg sagði við 1. umr. þessa máls, alveg viss um, ef nokkurt mannsmót er að þeim mönnum, sem n. skipa, og ef hún ekki vinnur sjer til óhelgi strax, getur hún þó haft meiri og minni áhrif á alla löggjöf þingsins. Þess vegna er það algerlega villandi, þegar hv. 2. þm. Árn. segir, að þm. sjeu ekki þeir ræflar, að þeir láti hafa nokkur áhrif á sig. Það verður samt svo, og það þarf engan ræfilsskap til. Það er að vísu svo, að það kemur alstaðar fram í frv., að þessir menn eigi að vera þjónar, ekkert annað en þjónar, og eigi ekki að hafa nein áhrif á löggjöfina, nema þá að forminu til, en hv. 1. þm. Skagf. benti strax á það, að ef þetta væru góðir og þektir menn, þá myndi verða tekið mjög mikið tillit til þess, sem þeir segðu um málin. Jeg er meira að segja viss um, að það myndi oft verða birt álit þeirra um ýms mál í þskj. og að mjög oft yrði spurt: Hvað segir löggjafarnefndin um þetta? Er hún með því? Og þetta myndi ráða úrslitum í fjölda mörgum tilfellum. Jeg er viss um, að þessir menn mundu verða völdugustu löggjafarnir í landinu, ef það væru á annað borð sjerlega vel færir menn.

Við skulum svo koma aftur að frjóvgun hv. 2. þm. Árn. Ef meðgöngutíminn yrði nú svo stuttur, að þeir væru búnir að fæða áður en þeir færu frá eftir fjögur ár, hvað þýddi það, ef þeir ættu aðeins að leiðbeina um málin? Nei, hv. þm. var að vonast til, að þeir, við að vera daglega með stjórmálamönnum, myndu fara að leggja eitthvað verulegt til málanna sjálfir. Það er með öðrum orðum, að þessi draugur, sem hv. nefnd hjelt, að hún hefði kveðið niður í 3. gr., með því að fella greinina niður,

rís þarna upp aftur hjá hv. 2. þm. Árn., og jeg gæti best trúað því, að hv. þm. yrði að von sinni, að þeir myndu ráða nokkuð miklu.

Það er ákaflega einkennilegt, að nokkrar af voldugustu stofnunum sögunnar hafa komið fram í þjónsmynd í fyrstu, þannig að enginn hefir vitað neitt um, að þetta embætti ætti að verða nokkurs ráðandi, kannske verið einhver hirðstjóri, sem átti að hafa eftirlit með fatabúri konungsins, en svo smátt og smátt náð meiri og meiri völdum, fyrst yfir hirðinni, svo yfir konunginum, og kannske að lokum rekið konunginn frá völdum og tekið sjálfur sæti hans. Það kemur svo oft fyrir, að menn geta orðið ofjarlar þar, sem menn eiga aðeins að hafa eftirlit með einhverju. Jeg er ekki að segja, að þessi löggjafarnefnd þyrfti að verða þannig, en hún gæti vel orðið það, ef um mikla áhrifamenn væri að ræða, en þingið kannske heldur ljelegum kröftum skipað; hún gæti þá fært sig upp á skaftið, og þetta væri þá í áttina til að koma upp ráðstjórn, í staðinn fyrir þingstjórn. Þetta yrði þá eins og ráð, sem væri skipað, og yrði að því leyti fastara í sessi, að það er ráðið til ákveðins tíma, og það getur vel farið svo, að það verði ofjarl þingsins.

Eitt af því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um þetta, var það, sem jeg reyndar held, að hv. frsm. n. hafi verið nýbúinn að segja, að skrifstofustjóri þingsins hafi verið „sjeður út" til að taka sæti í þessari n. Já, ætli það verði nú nokkur frekari frjóvgun fyrir það? Hafa ekki þm. einmitt núna aðgang að þessum manni, og hvað mundi hann betur leiðbeina þm., þó að hann hjeti nefndarmaður heldur en skrifstofustjóri Alþingis? Ef það er meiningin, að hann eigi sæti í n., þá sýnir það best, hvað þetta er mikið „humbug" á „humbug" ofan.

Jeg vík þá aftur að því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að þetta ætti að verða sjerstakur skóli í lagasmíð. Nei, hv. þdm.! Þetta er aðeins koddi fyrir þm. til að sofna á, en ekki skóli til að læra neitt í, því að einmitt það, að þm. hafa verið neyddir til að spila nokkuð upp á eigin spýtur, hafa verið neyddir til að vinna sjálfir, hefi jeg fyrir satt, að hafi orðið til þess, að þm. eru hjer yfirleitt furðu slyngir lagasmiðir. En það er einmitt vegna þess, að þeir hafa ekki altaf vanist því að geta hlaupið í einhvern smekkvísan mann og sagt við hann: Jeg vil fá brtt. í þessa átt; búðu hana snöggvast til fyrir mig. — Nei, það að spila á eigin spýtur verður áreiðanlega besti skólinn.

Jeg held jafnvel, að þessi n. myndi heldur spilla löggjöfunum sjálfum að því leyti, að þeir yrðu ekki eins færir til að vinna að málunum.

Þetta er þá það, sem jeg ætlaði að segja um þau áhrif, sem jeg álít, að n. mundi hafa. En það, sem mjer finst einkum galli við þessa nefndarskipun, er það, að hún mundi innleiða nokkurskonar einokun í þessum efnum. Hingað til hefir hverri stj. verið frjálst að leita til hverra, sem hún hefir viljað, og það er engin hending, að stj. leitar allvíða til að fá sjer upplýsingar. Það er af því, að maður treystir þessum manninum best í þessari greininni, en hinum í hinni; þessi hæstv. stj. treystir t. d. hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) svo vel, að hún felur honum að

undirbúa siglingalögin, en nú skulum við hugsa okkur, að þessi n. hefði þegar verið komin, svo að hans dýrmæta aðstoð hefði tapast. Jeg sje, að hæstv. ráðh. hlær, — heldur máske, að hans leiðbeining hafi ekki verið svo mikils virði. Setjum nú, að hæstv. ráðh. hafi þessa n. frá íhaldsmönnum, sem ekkert hafa hugsað um hegningarlögin, og þar er auðvitað enginn, sem hæstv. ráðh. treystir. Er það nú heppilegt að þurfa að leita í þennan íhalds-afkima, eða eins og nú, að geta valið þá menn, sem ráðh. treystir best, og mundi það ekki altaf verða betri samvinna, að geta snúið sjer til þeirra manna, sem ráðh. persónulega treystir?

Í frv. er svo heimild til þess að snúa sjer til annara manna í þessum efnum. En hvað er þá orðið af nefndinni? Á hún þá bara að vera til þess að sitja á gullstóli, eins og prúðbúin heimasæta og bíða eftir „frjóvguninni" frá hv. 2. þm. Árn. og öðrum hv. þm., en láta aðra vinna alt starfið? Jeg vil ekki leggja mitt lið slíkri löggjöf.

Annars er það ekkert nýtt, þó að maður heyri raup hæstv. dómsmrh. um þessi undur og skelfing, sem hann hefir gert. Hann tekur aldrei svo til máls í þessari hv. d., að hann þurfi ekki að minna á eitthvað, sem hann hefir gert eða látið gera. Ef hv. þm. Dal. man alt, sem hann hefir gert á meðan hann var ráðh., þá mundi hann eflaust hafa frá mörgu að segja. En hann er ekkert raupsamur, og svo er um fleiri, sem verið hafa ráðh. á undan núv. hæstv. dómsmrh. Hvað skyldi t. d. hæstv. dómsmrh. hafa sagt okkur oft frá viðgerðinni, sem hann ljet framkvæma á hegningarhúsinu eða mentaskólanum? Bara hann gleymi nú ekki þessum tveim klefum, sem hann hefir lofað, að standa skyldu óbreyttir í hegningarhúsinu til þess að sýna, hvernig þar var umhorfs, er hann hóf umbótastarfsemi sína. Það er altaf þörf góðra verka, og það er hvorki til hróss nje lasts neinni stj. að láta framkvæma slíkt. Allir stj. reyna að vinna eitthvað til gagns, og vonandi er, að við fáum aldrei svo ljelega stj., að hún hugsi ekki um að láta eitthvað gott og gagnlegt eftir sig liggja.

En það er þessi einokun í löggjafarstarfi okkar, sem jeg er mótfallinn. Og jeg tel það óviðkunnanlegt og skaðlegt að hafa slíka yfirnefnd til þess að segja fyrir um löggjafarstarfið, af því að mennirnir hljóta að verða misjafnir og ekki jafnvígir á að gera öllu því skil, sem fyrir slíka n. yrði lagt. Jeg veit t. d. ekki, hvort það þætti viðeigandi, er slík n. væri setst á laggirnar, að snúa sjer þá til hinna ýmsu sjerfræðinga stj., svo sem búnaðarmálastjóranna, forseta Fiskifjelagsins, vitamálastjóra og fleiri ráðunauta, sem stj. getur jafnan leitað til. (Gunnl. S.: Þetta stendur alt í frv.). Jæja, hvað er þá orðið eftir handa n. að vinna? Jeg sje ekki, að n. sje þá annað en einskisvert punt, ef stj., og eflaust Alþingi líka, á að snúa sjer til sjerfræðinganna eftir sem áður.

Að lokum er það kostnaðurinn við þessa n., sem jeg vildi minnast lítið eitt á, þó að jeg játi, að það sje ekki stórkostlegt atriði fyrir mjer. Jeg ætla þó ekki að blanda mjer inn í þá deilu, sem orðið hefir um þetta á milli hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Dal. Það eru engin rök í þessu máli, ef hæstv.

dómsmrh. heldur, að við sjeum fúsir að leggja í þennan kostnað nú, af því að undanfarandi stj. hafa lagt í svipaðan kostnað áður vegna undirbúnings einhverra sjerstakra frv. Og það kemur heldur ekki þessu máli við, hverju hv. þm. Dal. kann að hafa eytt í sinni stjórnartíð í þessu skyni. En kostnaðurinn við þessa n. verður áreiðanlega mikill; það sjer hver heilskygn maður. En það er forðast vendilega að kveða upp úr með það, hvað mikill hann muni verða, því að sú kostnaðaráætlun, sem drepið er aðeins á í grg. frv., er hvorttveggja í senn, ófullkomin og villandi.

Svo vill nú svo vel til, að maður kannast dálítið við, hvernig þessar ýmsu áætlanir gefast í reyndinni.

Hvað átti t. d. sendiherrann í Kaupmannahöfn að kosta í upphafi? Mig minnir, að áætlunin, sem þá var nefnd, talaði um 8—9 þús. kr. á ári. Og hvað var sagt, að berklavarnirnar mundu kosta? Og hvað kostar þetta eða hitt, sem verið er að smeygja inn á ríkissjóðinn, annaðhvort í fjárl. eða þá með sjerstökum lögum, en oftast að alveg órannsökuðu máli?

En að kosta stórfje upp á skrautdúkku, sem á að sitja og bíða eftir væntanlegri frjóvgun, vil jeg ekki vera með til. Fyrir slíkt „humbug" vil jeg ekki greiða einn einasta eyri.

Jeg ætla þá að láta máli mínu lokið. Jeg mun ekki geta fylgt þessu frv. í hvorugri þeirri mynd, sem það nú er fram borið, vegna þess að jeg tel, að lagasetning í þessu efni geti aldrei orðið annað en „humbug", og þó skaðleg löggjafarstarfsemi okkar, en hljóti altaf að kosta mikið fje.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg þarf ekki margt að segja, því að hæstv. dómsmrh. var, aldrei slíku vanur, laus við persónulegan skæting í svari sínu, og mun jeg því halda mjer við málið.

Hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Mýr. höfðu það báðir eftir mjer, að jeg hefði átt að segja, að annríki væri svo mikið seinni hl. þings, að þm. gætu ekki fylgst með málum þess. Þetta er nú vitanlega dálítill útúrsnúningur, svo að jeg segi ekki meira. Jeg átti við, að sökum annríkis þegar liði á þingið ættu einstakir þm. þess vart kost að setja sig inn í málin. En hver einstök n. á kost á því, þ. e. a. s. um þau mál, sem til hennar er vísað. Og eftir skipun þingsins liggur tryggingin á afgreiðslu málanna í þeirri meðferð og þeim undirbúningi, sem málin fá í hinum einstöku nefndum. En hvernig ættu 3 menn, búsettir einhversstaðar úti í bæ, að leysa þetta starf betur af höndum en 42 þm., sem dreifðir eru í hinar ýmsu n. þingsins?

Jeg ætla ekki að fara út í það, hvað við hv. þm. Dal. höfum gert í löggjafarsmíði okkar. Þó býst jeg við, að benda mætti þar á ýmislegt, sem við höfum unnið til bóta, en það kemur ekki þessu máli við.

Um hegningarlögin, sem hæstv. dómsmrh. var að nefna, er það að segja, að beðið hefir verið í mörg ár eftir því, að n. manna á Norðurlöndum, sem haft hefir endurskoðun hegningarlaganna með höndum, lyki störfum sínum. Nú hefir hún gert það og í vetur hafa Danir, að því er jeg best veit, samþ. ný hegningarlög, en um hitt veit jeg ekki, hvort Norðmenn eða Svíar hafa gert það, en þeir gera það

þá eflaust á næsta ári. Munum við því geta notið ávaxtanna af því starfi, er við förum að endurskoða okkar hegningarlöggjöf, enda geri jeg ráð fyrir, að við förum í því efni sömu leið og frændþjóðir okkar á Norðurlöndum.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að engar skrár væru haldnar í stjórnarráðinu yfir menn, sem hefir verið refsað, en það kemur ekki þessu máli við. En um þessar skrár er þó það að segja, að þær eru til í hverju lögsagnarumdæmi landsins. En hann á víst við, að hjer í Reykjavík þurfi að vera til ein allsherjarskrá. En það er ekki nóg; þær þurfa að vera 17, eða jafnmargar og lögsagnarumdæmin eru. Því hvaða gagn væri að því, þó að hjer lægi fyrir ein skrá, ef sakamál kæmi t. d. upp í Austfirðingafjórðungi? Svo er það ekki heldur sjerlega mikil fyrirhöfn að senda símskeyti á þá staði, sem vitað er um, að ákærði hefir dvalið á, til þess að fá vitneskju um, hvort honum hefir verið refsað áður eða ekki. Þetta eru því smámunir, sem engin ástæða er að eyða fleiri orðum að.

Jeg má ekki vera að svara hv. þm. Mýr. miklu. Hann líkti lagasmíðinni við húsasmíð, sem fengin er öðrum manni í hendur til þess að framkvæma. En hjer er ólíku saman að jafna. En sje svo, að þetta sje meiningin með frv., þá er Alþingi að afsala úr höndum sjer rjetti, sem það hefir um löggjöf landsins, til fárra manna utan þingsins. Og móti því verður að berjast af öllu afli, því að heiður Alþingis er í veði, ef það setti sjer slík lög.

En þetta hlýtur að vera misskilningur hjá hv. þm. Mýr.; frv. er ekki svona slæmt eins og hann vill vera láta.

**Sigurður Eggerz:** Jeg þarf svo margt að taka fram, að jeg hefi lítið gagn af 5 mínútna aths. Um ræðu hv. 2. þm. Árn. vildi jeg segja það, að hann ætlaðist víst til, að hún snerist mest um það, að ekki kæmi til mála, að n. hefði skapandi áhrif á löggjafarstarfsemi þingsins. En þegar hv. þm. fór að tala í hita um málið, hrökk þessi gullvæga setning frá honum, sem jeg henti þegar á lofti og ritaði niður hjá mjer: „Býst ekki við" — það er orðrjett haft eftir þm. — „að nefndin verði skapandi kraftur, en að hún smátt og smátt frjóvgist af samvinnu við löggjafana og þar í gegnum verði skapandi kraftur". — M. ö. o. í svip er ekki að vænta stórrar umbreytingar, en þó gægist fram í þessum orðum hv. 2. þm. Árn., að hann álítur, að smátt og smátt verði n. hinn skapandi kraftur í löggjafarstarfsemi Alþingis.

Nú liggur það í hlutarins eðli, að eins og hv. þm. hafa talað um löggjöf okkar, sagt að hún væri stór grautur og svo mikill glundroði í henni, að ekki mætti við una, að þá álíta hinir sömu menn, ef slík n. kæmist á laggir, að lagasmíð okkar tæki þegar miklum breyt. til bóta. Alt ber því að sama brunni fyrir þeim hv. þdm., sem fastast hafa lagt með frv. þessu. Þeir búast við, að hinn skapandi kraftur n. verði svo mikill, að hans vegna sje sjálfsagt að yfirfæra vald þingsins, sem þjóðin hefir gefið þeim, í hendur fárra manna, þ. e. þeirra, sem framvegis eiga að vera hinn skapandi kraftur í löggjöf Íslendinga!

Ummæli hæstv. dómsmrh. að því leyti, er þau snertu mig, snerust aðallega um það, að jeg mætti ekki tala

um sparnað, af því að jeg væri sjálfur svo ósparsamur. Ef hann hefir átt við bankastjóralaunin í Íslandsbanka, þá vil jeg geta þess, að það var jeg, sem varð til þess að færa þau niður um 16 þús. kr., og Alþingi hefir notað sjer það fordæmi, eins og kunnugt er. Jeg held, að vegna þessara ráðstafana geti jeg talað um sparnað rjett eins og hver annar.

Hæstv. dómsmrh. óskaði eftir, að jeg færi í mannjöfnuð við sig út af opinberum framkvæmdum okkar beggja. Það kemur mjer ekki til hugar, og það af þeirri einföldu ástæðu, að jeg stend á öðrum grundvelli en ráðh. að ýmsu leyti, þannig að ýmislegt, sem hann hrósar sjer af, tel jeg með öllu óleyfilegt og vildi ekki gera. Annars get jeg til samanburðar þessari margumræddu viðgerð hans á mentaskólanum nefnt það, að jeg ljet gera við Akureyrarskólann, og nam sú viðgerð milli 60 og 70 þús. kr., en að sjálfsögðu á jeg ekkert hrós skilið fyrir. Sá kostnaður var vitanlega greiddur úr ríkissjóði, enda bjóst jeg fremur við skömmum fyrir það heldur en þakklæti, af því að þetta var gert milli þinga. En það var nauðsynlegt að gera þetta, og það rjeði framkvæmdum mínum. Það er misskilningur, þó að stj. láti gera hitt eða þetta, sem nauðsynlegt er, á kostnað ríkissjóðs, að þá sje ástæða til að leggja lárviðarsveig um höfuð stj. Mjer hefir a. m. k. aldrei dottið í hug að ætlast til sjerstaks þakklætis fyrir það, sem jeg hefi látið framkvæma á kostnað ríkissjóðs.

Um hegningarlögin er það rjett, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að við höfum verið að bíða eftir endurskoðun slíkrar löggjafar á Norðurlöndum, sem nú er nýlega lokið. Það hafa allir viðurkent, að nauðsynlegt væri að endurbæta hegningarlöggjöf okkar, og í raun og veru hefir verið unnið að því á undanförnum þingum. Á síðasta þingi bar jeg t. d. fram till., sem dálitla þýðingu hafa til bóta í þessu efni. Annars vil jeg benda á það í þessu sambandi, að þar sem hegningarlöggjöfin er notuð sem sjerstakt dæmi um það, hvað Íslendingar standi öðrum þjóðum að baki, að það er ekki fyr en nú alveg nýlega, að Danir hafa endurskoðað og samþ. nýja hegningarlöggjöf hjá sjer. Jeg skal líka geta þess, að þegar jeg tók við stj. af Jóni heitnum Magnússyni, þá fann jeg í skrifborði hans í stjórnarráðinu uppkast að frv. um breyt. á hegningarlögunum. Það sýnir a. m. k., að Jón heit. Magnússon hefir haft hug á því að lagfæra þessa löggjöf. Mjer var líka fast í huga að skipa n. manna í þessu skyni, en það fórst fyrir af því að svo mörg verkefni kölluðu að. Þar á meðal kom jeg með till. til þess að draga úr embættabákninu, gera það einfaldara og óbrotnara og kostnaðarminna, og þó þær till. fengju ekki nægilegt fylgi í þinginu, þá var þó mikil vinna lögð í þær. Jeg ræddi nokkuð á síðasta þingi við dómsmrh. um undirbúning hegningarlaganna. Lögfræðingum mun hafa verið falinn undirbúningurinn, en spursmál er, hvort ekki hefði verið rjett að hafa einnig ólöglærðan mann með í þeim undirbúningi.

Um hitt, sem hæstv. dómsmrh. dró inn í umr. um þetta mál, er hann vildi krefjast þess, að fráfarandi forsrh. hefði jafnan skriflegt yfirlit yfir alt, sem stj. hefði látið gera á meðan

hún fór með völdin, ætla jeg ekki að eyða mörgum orðum til að svara, enda er hæstv. forseti að minna mig á, að 5 mínúturnar sjeu tæmdar. Jeg skal aðeins taka fram, að það er mesti misskilningur að draga slíka fjarstæðu inn í umr. sem þessar.

Mjer er ekki markaður lengri ræðutími, en áður en jeg setst niður vil jeg taka fram, að jeg tel sannað, að frv., eins og hv. frsm. meiri hl. skilur það, sje gagnslaust með öllu, en með þeim skilningi, sem hæstv. dómsmrh. og hv. 2. þm. Árn. leggja í það, þá er frv. beinlínis hættulegt, því að þá er með því gengið inn á einkasvið löggjafanna, en í báðum tilfellum er mikill kostnaður samfara þessu frv.

Hæstv. dómsmrh. hjelt því fram, að mótstaðan gegn frv. stafaði af því, að hann hefði borið það fram; en því fer fjarri. Rökin, sem færð hafa verið gegn frv., sýna, að andstaðan gegn því er ekki persónuleg. En frv., sem miða að því að rýra það vald, sem þjóðin hefir ætlað löggjafarsamkomunni, hljóta í lifandi þingi jafnan að mæta sterkri andstöðu.

**Einar Jónsson:*** Þar sem hjer er að ræða um löggjöf og lögfræði, færi eflaust best á því, að löglærðu mennirnir í þessari hv. d. leiddu saman hesta sína, eins og þessar umr. byrjuðu með. En síðar hafa fleiri og ólöglærðir bætst í hópinn, og vona jeg, að mjer fyrirgefist, þó að jeg feti í fótspor þeirra.

Annars undrar mig á því, ef þetta mál er jafnnauðsynlegt og af er látið, að þá skuli hafa verið dregið svo lengi að skila því úr höndum hv. allshn. eins og raun ber vitni, því að enn hafa þó umr. ekki staðið um það nema einn dag. En þannig leitst mjer á þetta mál í upphafi, eins og raunar fleiri, að það hefði betur aldrei komið fram til þess að tefja fyrir störfum þingsins.

Fyrstu málin, sem tekin voru á dagskrá á þessu þingi, voru flest svo að efni til, að þau hefðu alls ekki þurft að koma fram. Tvö af þeim smábátaútvegi landsmanna til íþyngingar og hafta, og hið þriðja um aukin, ný og vafasöm embætti.

Þetta mál hefir nú verið í n. rúmar 7 vikur. Hvers vegna hefir það verið dregið svo á langinn, hafi hjer verið um nauðsynjamál að ræða, og hví er það þá ekki komið fyr til 2. umr.? Nú er mjer spurn, hvort það hafi verið með ráðnum huga gert, hvað langar umr. fóru fram um ýms mál við 1. umr. þeirra. Jeg man þó eftir nokkrum málum, sem rædd voru sjerstaklega lengi við 1. umr., en sem allar líkur benda til, að ekki eigi að stinga upp höfðinu aftur á þessu þingi. Þessi mál voru til dæmis: Vinnudómsfrumvarpið, sem rætt var í 4 daga, till. um rannsókn togaraútgerðarinnar, sem tók 3 daga, og verðfestingarfrv., eða stýfingin, sem tók 5 daga. Skyldi það nú verða verkefni þessarar löggjafarn. að koma í veg fyrir slíkar óþarfa málalengingar á komandi þingum? Jeg efast um það; hygg fremur, eins og margir hafa haldið fram, að n. verði máttlítil gegn mælgi einstakra þm. og óþörf með öllu.

Þó að jeg hafi nú hlustað á öll þau meðmæli, sem borin hafa verið fram

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

um nauðsyn slíkrar n., þá get jeg samt ekki trúað, að starf hennar geri meira gagn en það vantraust á þingið, er hún kemur til með að fela í sjer. Því með lögtöku slíkrar n. setur Alþingi á sig argasta vantraust. Og hver finnur það hjá sjálfum sjer af hv. þdm., er ákveðna stöðu hafa, að hann vilji láta annan skipa sjer yfirráðamann? Jeg hefi aldrei heyrt um þann bónda getið, sem hafi látið annan skipa sjer að taka ráðsmann til þess að segja fyrir verkum. Jeg hefi heldur aldrei þekt þann bónda, sem treysti ráðsmanninum betur en sjálfum sjer, þegar vanda ber að höndum. En það er einmitt þetta, sem ætlast er til, að verði gert þegar frv. þetta er orðið að lögum. Þingið ætlar með þessu að skipa sjálfu sjer yfirráðamenn, svo að þm. hafi ekkert að gera.

Mjer datt í hug undir umr., hvort hæstv. dómsmrh. hefði borið þetta frv. fram fyrir þá sök, að hann er fyrsti ólögfróði maðurinn, sem skipar þann tignarsess, auk þess sem alkunnugt er, að hann er fljótfær í allri lagasmíð sinni og hefir hrúgað inn í þingið vitlausari frv. en dæmi eru til. Eða þá að hin væri orsökin, að einhverjir fylgispakir og auðsveipir flokksmenn hans hefðu kannske lítið að borða, og þyrfti því að bjarga þeim frá hungri með því að koma þeim á spenann hjá ríkissjóði. Hvorttveggja gæti verið hugsanlegt, og ekki hvað síst það síðarnefnda, þegar litið er á allan þann sæg nefnda, sem þessi hæstv. ráðh. hefir stofnað á rúmu ári og að því er virðist eingöngu vegna gæðinga sinna, sem launa þurfti gott brautargengi.

En ef hvorugu þessu er til að dreifa um framkomu þessa frv., heldur sje það álit hæstv. dómsmrh., að þm. sjeu yfir höfuð ekki vaxnir því starfi, er þjóðin hefir kjörið þá til, þá mundi jeg telja, að í óefni væri stefnt, ef þingið fjellist á slíka skoðun með því að samþ. frv. Jeg ætla ekki að trúa því fyr en jeg tek á, að bændur, sem sendir eru að heiman til þess að starfa að málum sveitanna á Alþingi, gerist þær mannleysur að verða undirtyllur nýrrar n., sem sett er þinginu til höfuðs.

En komist hún á þessi almáttuga n., þá má fullyrða, að þing og stj. er þar með óþarft orðið.

Þá hafa mjer fundist fullyrðingar hæstv. dómsmrh. um gagnsemi og óskeikulleik þessarar n. dálítið einkennilegar, þegar maður minnist ummæla hans um hæstarjett, sem fallið hafa bæði fyr og síðar. Engum dettur þó í hug að efast um, að dómarar hæstarjettar sjeu vel færir menn á sínu sviði. Eða dettur hæstv. ráðh. í hug að ætla, að val þessarar n. muni hepnast betur en val dómara hæstarjettar? A. m. k. kemur mjer ekki slík firra til hugar.

Í viðbót við það, sem talað hefir verið um frjálsræði bændanna í sambandi við þetta mál, þá vil jeg taka það fram, að mjer er ekki með öllu grunlaust um, að þeir bændur, sem sæti eiga í þessari hv. deild og leggja þessu frv. stuðning, geri það ekki af eigin hvötum, heldur vegna áhrifa annara. Að þetta sje ekki hugarburður einn, leiðir beinlínis af eðli málsins. Bændur, sem á þingi sitja og leggja þessu lið, þeir eru að afsala sjer sjálfstæði að verulegu leyti og gefa sig undir herradæmi annara. En slíkt brýtur algerlega í bága við eðli bónd-

ans. Og ef þessi n. verður komin á laggirnar fyrir næsta þing, þá ganga hinir sömu þm., sem nú greiða þessu atkv. á Alþingi, á hið þúsund ára gamla löggjafarþing okkar, ekki sem frjálsir menn, heldur sem undirlægjur þeirra yfirráða, sem þeim ber nú að sporna við.

Jeg skal játa það, að frv. hefir tekið nokkrum bótum við þær breyt., sem n. hefir lagt til að gera á því. Aðalbreyt. n. er í 1. gr., þar sem setja á heimild fyrir beina skipun, þannig að lög þessi ber að skoða sem heimildarlög. En jeg verð nú að segja, að eins og málum er nú skipað og ef það verður núv. stj., sem fær þessa heimild, þá getur engum blandast hugur um, að það kemur út á eitt, hvort hjer er um skipun eða heimild að ræða. Jeg gæti þó greitt því atkv., að skipun væri breytt í heimild, en annars álít jeg það tæplega vansalaust að láta slíkt endemi komast lifandi í gegnum þingið. Jeg verð að vona það, að slíkt hendi ekki.

Þá þótti mjer alleinkennileg fullyrðing hjá hv. þm. Mýr., þegar hann sagði, að breyt. sú, sem við þetta yrði á aðstöðu þingsins, væri einungis að forminu til, en ekki að efni til. Hjer hefir hv. þm. gersamlega hausavíxl á hlutunum; breyt. verður mest að efni til, en miklu minna að formi. Það er margbúið að taka fram í þessu sambandi, að þinginu stendur ávalt til boða sjerfræðileg aðstoð færustu manna, hver í sinni grein, og því þá ekki að nota þessa aðstoð? Fyrst og fremst stendur þm. ávalt til boða aðstoð skrifstofustjóra Alþingis, sem er fær maður og vel hæfur til að leiðbeina þm. um mörg þau atriði, sem sjerstaklega skifta máli, svo sem form o. fl. Því næst eru fjölmargir sjerfræðingar úti um bæ, sem þingið hefir hingað til mjög leitað til, ef vantað hefir upplýsingar, sem að haldi gætu komið. Í þessu sambandi má geta þess, að stj. hefir verið alvarlega mint á fyrir skömmu alt það nefndafargan, sem hún hefir hlaðið upp í kringum sig nú upp á síðkastið. Segja reikningsfróðir og greinagóðir menn, að þær sjeu nú orðnar nær 20 talsins. Alt eru þetta launuð störf, umfram það sem undanfarið hefir átt sjer stað. En alt er þetta til að gera stj. hægra um hönd, til þess að ljetta störfum af henni og koma þeim á aðra og láta ríkissjóð borga brúsann. Nú á að halda áfram á þessari braut; nú er röðin komin að Alþingi sjálfu. Það á að gera þinginu hægra um hönd með því að taka vald þess að verulegu leyti af því og fá í hendur þessari n., sem frv. gerir ráð fyrir. Afleiðingin af þessu verður sú, að þjóðin hættir að senda menn á þing. Virðingu þjóðarinnar fyrir Alþingi verður lokið, enda væri þingið einungis málamyndaþing að löggjöf og allri starfsemi. Ef þingið núna samþ. þetta frv., þá væri það því til háborinnar skammar, þjóðinni til lítilsvirðingar og stj. væri það vitni um ófært kæruleysi og ábyrgðarleysi. Jeg hefi enga ástæðu til þess að ætla, að núv. ráðh. sjeu óstarfhæfari eða latari menn en alment gerist. En hvað er það þá, sem knýr hæstv. stj. til þess arna? Skyldi það vera það, að hún þyrfti að fæða fleiri flokksmenn sína og koma þeim á spenann? Því að enginn skyldi láta sjer detta í hug,

að það yrðu íhaldsmenn, sem fyndu þá náð fyrir augum hæstv. stj. að vera settir í þessa nefnd; það yrðu áreiðanlega einhverjir af gæðingum stj. Með því er þó alls eigi sagt, að það gætu ekki verið eins góðir menn, þrátt fyrir það, en þetta sýnir einungis hlutdrægni þá, sem stj. hingað til hefir oftsinnis gert sig seka í, og sem búast má við, hvert skifti sem tækifæri gefst.

Það hefir verið minst á þann mun, sem fram hefir komið á skoðunum hv. frsm. og hæstv. ráðh., og skal jeg játa, að hann er eigi lítill. Jeg skal þó geta þess, hv. frsm. til verðugs hróss, að skoðun hans er þó skömminni til betri en skoðun hæstv. dómsmrh. En annars vildi jeg segja hv. 2. þm. Rang. það í fullri alvöru, að jeg verð þá ekki ofar moldu við næstu þingkosningar, ef jeg sje ekki svo um, að mitt kjördæmi sendi ekki þann mann á þing, sem lætur hafa sig til slíkra verka.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg þarf að svara hv. 1. þm. Skagf. nokkrum orðum, þar sem hann vjek að húsbyggingum mínum og vildi reyna að finna þar eitthvað máli sínu til stuðnings. Jeg skal þá upplýsa hv. þm. um það, að jeg hefi bygt hús sjálfur og ákveðið fyrirfram gerð þess og lögun í aðaldráttum. En til þess að laga formshlið þess og til þess að gera teikningar og koma samræmi á bygginguna, fjekk jeg sjerfróðan mann, og að lokum varð húsið alveg eins og jeg vildi vera láta. Hann var verkinu vanur, og jeg sá fram á það, að með þessu móti yrði verkið í heild sinni ódýrara og þó um leið haldbetra og fullkomnara. Jeg hefði að vísu getað komist af án aðstoðar hans, en jeg kaus þennan kostinn heldur af skiljanlegum ástæðum.

Út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um það, að þeir bændur, sem þessu frv. fylgdu, væru að svifta sig sjálfstæði og gefa sig undir yfirráð annara, þá vil jeg svara honum hinu sama og hv. 1. þm. Reykv., að þeir hafa báðir fengið menn til að aðstoða sig við verk án þess að afsala sjer að nokkru leyti fullveldi yfir þeim málum. En að við, sem þessu máli fylgjum, sjeum fremur „undir áhrifum" en þeir, sem á móti því snúast, um það geta kunnugir dæmt.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Mjer þykir leitt, að nú skuli vera orðið svo áliðið dags, að maður skuli þurfa að eyða matmálstímanum í að ræða um þetta mál, en hjá því verður sennilega ekki komist, og tel jeg engin líkindi á því, að jeg komist af með minna en hálftíma ræðu.

Jeg vil þá fyrst snúa mjer að hv. 1. þm. Rang. Hann talaði svo um þetta frv., að engu var líkara en um beinan háska væri að ræða. Hann brígslaði okkur fylgismönnum málsins um, að við værum undir áhrifum, en jeg vildi þá biðja hann að stinga hendi í sjálfs sín barm og reyna að gera sjer grein fyrir, af hvaða rótum andstaða hans gegn málinu er runnin. Hv. þm. hafði í hótunum, að hann skyldi sjá svo til, að Rangæingar kysu mig ekki á þing næst, ef jeg ekki fjelli frá þessu máli. En jeg læt mig nú litlu skifta hótanir þessa hv. þm.; jeg skal einungis benda honum á, að 1919 bauð jeg mig fram í Rangárvallasýslu, og með sem eitt

af aðaláhugamálum fyrir augum að fá unnið að því að ráða bót á hinu bagalega missmíði og mistökum á löggjafarstarfsemi vorri. Þá fóru nú svo leikar, að jeg hlaut nærfelt tvöfalt hærri atkvæðatölu en sá, sem næstur var, og meira en helmingi hærri atkv.tölu en hv. samþm. minn fjekk.

Jeg get verið stuttorður viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann er vanur að halda sjer við efnið, og auk þess er hann nú „dauður", að því jeg best veit. Hann áleit, að það væri skylda stj. að leita til n., en þessi skoðun hans er á misskilningi bygð. Jeg skal nú koma með veigamiklar upplýsingar viðvíkjandi gagnsemi þessa máls. Mesta löggjafarþjóð Norðurlanda, Svíar, hefir um nokkurt skeið haft þessa tilhögun. Eins og hv. þdm. mun vera kunnugt, hefir próf. Ólafur Lárusson samið þetta frv. fyrir stj., og mun hann hafa sniðið það einkum eftir hinni sænsku löggjöf. Ganga Svíar öllu lengra en frv, gerir ráð fyrir. Þeir leggja þm. blátt áfram þá skyldu á herðar að leggja hvert einasta frv. fyrir laganefndina. Jeg get ekki betur sjeð en að hjer sje um ekki óverulegar upplýsingar að ræða, enda býst jeg ekki við, að hv. þdm. taki mig og próf. Ólaf Lárusson sem ósannindamenn að þessu. (MG: Hve lengi hefir nefndin starfað?). Jeg veit það ekki gerla, en jeg hygg það sjeu þegar liðin allmörg ár, síðan tilhögun þessi var tekin upp.

Þá hneyksluðust bæði hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Skagf. á því, að jeg talaði um, að n. yrði hlutlaus og að til mála gæti komið, að skrifstofustjóri Alþingis tæki sæti í henni. Það kann nú að vera, að einstöku þm. hafi beðið skrifstofustjóra að búa til og semja lagafrv. fyrir þá, enda álít jeg það alveg ósæmilega áníðslu á skrifstofustjóra, sem hlyti að glepja hann frá skyldustörfum sínum, ef slíkt væri alment gert. (MJ: Á þá að hætta að nota skrifstofustjóra?). Hv. 1. þm. Reykv. ætti að skilja, að þetta er ekki skyldustarf skrifstofustjóra, enda vita allir, að hann hefir nógum öðrum störfum að gegna. Auk þess á n. að starfa á milli þinga og hefir þá meðal annars með höndum að semja og undirbúa frv. fyrir ríkisstj. En við þetta ætti að öðru leyti að minka til muna undirbúningskostnaður stjórnarfrv., og ef skynsamlega er á haldið, ætti það að geta orðið til þess að stytta þingið. Hv. 1. þm. Skagf. talaði um annríki þm. undir þinglokin, og er það rjett athugað, en þá einmitt er það, sem mest verða mistökin í löggjafarstarfsemi okkar Íslendinga. Þessu á nefndin að ráða bót á.

Jeg skal nú vera stuttorður í svari mínu til hv. þm. Dal.; hann er nú „dauður" í þessu máli, svo að jeg mun reyna að haga svo orðum mínum, að hv. þm. gefist lítil ástæða til andsvara. Hann brýndi hæstv. dómsmrh. til þess að halda sjer betur við efnið í ræðum sínum. Jeg get tekið undir þetta, en hv. þm. hefði þá sjálfur átt að breyta eftir þessu heilræði. En það gerði hann ekki. „Það, sem hann varast vann, varð þó að koma yfir hann", segir í passíusálmunum. Hann kom sjálfur nauðalítið inn á kjarna þessa máls, nema að því leyti, sem jeg hefi marghrakið í fyrri ræðu minni. Hvað það atriði snertir, að n. þessi eigi að hafa skapandi áhrif á lög-

gjafarstarfsemina, þá er þetta rangfærsla á ummælum okkar, sem frv. fylgjum. Fyrir mitt leyti legg jeg aðaláhersluna á það, að n. eigi að bæta úr formgöllunum og veita þingi og stj. aðstoð á því stigi.

Yfirleitt var síðasta ræða hv. þm. Dal. ágæt sem tilfinningaræða, sem átt hefði að haldast í Dölum, en kom lítið inn á efnið sjálft. Þó verð jeg að andmæla þeim ummælum hv. þm., að n. eigi að hafa áhrif á þingið og löggjafarstarfsemi þess um leið. Það er allsvæsin vantraustsyfirlýsing á þinginu, ef gefið er í skyn, að það geti ekki afstýrt slíku.

Jeg kemst ekki hjá því að svara hv. 1. þm. Reykv. nokkrum orðum, en mun haga orðum mínum á þann veg, að hann þurfi ekki miklu að svara. (**MJ**: Jeg er „lifandi"). Jæja, það er ágætt, en jeg er líka lifandi, ef á þarf að halda. Hann talaði um, að það væri viðvaningslegt að setja löggjöf um þetta efni. Jeg álít slíkt þvert á móti ótvírætt þroskamerki, að leitað sje til hæfustu manna bæði um formhlið löggjafarinnar og málhlið hennar. Hv. þm. mintist á, að þetta hvorttveggja væri í sjálfu sjer nauðsynlegt. Því þá ekki að fá tvo hæfa menn, annan með formþekkingu og hinn með málþekkingu. Við erum hjer óneitanlega nálægt hvor öðrum. Hann vill aðeins fara aðra leið; hann vill hafa sjerstaka menn til slíkra starfa, en að hafa sjerstaka n. til þess, það er honum mikill þyrnir í augum. Þetta kom greinilega fram í ræðu hans. Hv. þm. hjelt því einnig fram, að undirbúningi laga væri eins vel borgið í höndum eins sjerfróðs manns eins og í höndum þessarar n. Þetta er ekki rjett. Betur sjá augu en auga í þessu tilfelli sem öðrum. Enginn lögfræðingur er svo góður, að ekki sje tryggara að hafa fleiri með í ráðum. Þá sagði sami hv. þm., að þetta yrði til þess að spilla löggjöfinni. Þetta er öfugmæli, enda hefi jeg hrakið það áður hjer við umr. N. hlýtur að verða til þess að sníða mestu ágallana af löggjafarstarfsemi okkar, og er þess full þörf. Sem dæmi þess get jeg nefnt það, að á þessu þingi hefir komið fram frv. um að leiðr. villu í lögum frá 1927 um bifreiðatryggingar, þar sem svo var vaxið, að ekki var hægt að tryggja bifreiðar eins og gr. laganna var orðuð.

Þá sagði sami hv. þm., að hjer væri farið fram á einveldi í löggjafarstarfinu. (**MJ**: Einokun). Hann sagði nú einveldi, en það má vel vera, að hitt hafi vakað fyrir honum. Annars er þetta atriði marghrakið, svo jeg eyði ekki tíma í að tala um það.

Hv. þm. talaði um, að stj. myndi ekki leita til sjerfræðinganna, eftir að n. þessi væri komin á laggirnar. Sömuleiðis talaði sami hv. þm. um nefndina sem „humbug". Það eru óneitanlega hörð ummæli um þá færustu lögfræðinga, einn eða tvo, sem í n. væru valdir.

Þá er að lokum kostnaðarhliðin. Hv. þm. viðurkendi, að ef n. þessi væri til bóta, þá væri ekkert í kostnaðinn horfandi. En nú hefir verið sýnt fram á með óyggjandi rökum, að n. þessi yrði til ómetanlegs gagns, ef vel væri á haldið. Hún myndi vinna að meira samræmi í löggjöf vorri, vinna að undirbúningi lagafrv. og þingmála alment, og að líkindum verða til þess að stytta þingið til verulegra muna.

Jeg vonast til þess, að jeg hafi ekki

orðið til þess að teygja umr. um málið. Jeg hefi hagað orðum mínum svo kurteislega, að jeg býst ekki við, að menn finni sjerstaklega ástæðu til að þvæla málið meira en þegar er búið. Annars skal jeg geta þess, að enn er jeg ekki „dauður" sem frsm.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 15, n. 348).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 348,1.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 348,1.b samþ. með 15 shlj. atkv.

— 348,1.c samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HJ, HV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, BSv.

**nei:** JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, PO, SE, EJ.

Fimm þm. (ÁÁ, HG, HK, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 348,2.a samþ. án atkvgr.

— 348,2.b samþ. með 15:4 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14:4 atkv.

Brtt. 348,3 (3.—4. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 348,4.a samþ. með 17 shlj. atkv.

— 348,4.b samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.

6. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, HJ, HV.

**nei:** JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, PO, SE, BÁ, EJ, HK, BSv.

Fimm þm. (HG, JJós, JörB, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 348,5 samþ. án atkvgr.

7. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 348,6 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 348,7 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:8 atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um laganefnd.**

---

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 514, 523).

**Magnús Jónsson:** Jeg skal ekki mæla lengi fyrir þessum brtt. mínum á þskj. 523; jeg geri ráð fyrir að greiða atkv. á móti frv., en alls ekki með því, í hvaða mynd sem það verður. En ef frv. verður samþ., þá vildi jeg gjarnan, að brtt. mínar kæmust fram.

Fyrsta brtt. mín gengur út á það, að laganefndin skuli aðeins skipuð til eins árs í stað fjögurra ára, sem ákveðið er í frv. Jeg hefi bent á það áður, hversu óeðlilegt það er, ef stjórnarskifti fara fram, að hin viðtakandi stj. þurfi að starfa mest af þeim tíma, sem hún er við völd, með þá n. sjer til ráðuneytis, sem hún kynni alls ekki við að starfa með og sem skipuð er af annari stj. Mjer skilst, að þó þessi brtt. yrði samþ., þá gerði hún engan skaða, en gæti fremur orðið til gagns. Stj. verður að geta látið n. starfa eins og hún vill; og þetta er spor í frjálslyndisáttina, að sú stj., sem er við völd,

geti eftir eitt ár losnað við þá n., sem er í ósamræmi við hana.

Önnur brtt. mín lýtur að því að fella úr 3. gr. ákvörðun um, að lögunum skuli raða í bálka. Virðist mjer óþarfi að mæla nokkuð fyrir um það í lögum, hvernig lögunum skuli raðað, aðeins að hafðar sjeu fullkomnar efnisskrár, og út á það gengur till. mín.

Þriðja brtt. mín er um það, að 4. gr. verði feld úr frv. Jeg sje ekki ástæðu til, að það sje tekið fram í lögunum, að n. sje heimilt að ráða sjer aðstoðarmenn við afgreiðslu einstakra mála. Það virðist sjálfsagt, ef hún þarf á sjerfræðingum að halda og ráðh. samþ. það. Með þessu er gefið í skyn, að þetta eigi að gerast, hvort sem brýn þörf er til þess eða ekki. Og ýmsum þdm. er nú þegar farið að þykja nóg um þann kostnað, sem af nefndarskipuninni kynni að leiða, þó að eigi væri bætt við.

Jeg fjölyrði ekki meira um þessar brtt. Jeg áleit rjett að flytja þær, því að þær eru til bóta, ef frv. á að ganga fram.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** N. hefir ekki haft tíma til að athuga þessar brtt. í heild, en jeg hefi talað við einn samnefndarmann minn um þær og við álítum, að þær sjeu meinlausar og þýðingarlitlar og að þær spilli ekki að verulegum mun. Jeg tók það fram við 2. umr., að það væri stórt atriði, að sömu menn ættu sem lengst sæti í n., og þá væru mestar líkur til, að þeir yrðu óhlutdrægir. Ef hægt er að víkja þeim frá eftir eitt ár, þá má búast við, að sömu menn verði ekki lengi í sessi. Jeg get ekkert sagt um þessa till. fyrir hönd allshn., og eru atkv. hennar því óbundin; þetta er ekki stórt ákvæði, en þó greiði jeg atkv. á móti því.

Brtt. við 3. gr. fer fram á, að handhæg og fullkomin efnisskrá verði látin fylgja útgáfu laganna. Það er vitanlega til bóta, en þetta hefir vafalaust vakað fyrir öllum, og þurfti ekki að setja það inn í lögin.

Þá er brtt. um, að 4. gr. verði feld úr frv. Jeg er sammála hv. 1. þm. Reykv. um, að altaf geta komið þau tilfelli, að n. þurfi að leita aðstoðar sjerfræðinga, hvort sem þessi heimild stendur í lögunum eða ekki, og það verður gert. Þessi till. er því bæði meinlaus og gagnslaus.

**Hákon Kristófersson:*** Jeg vil taka það fram, að það hefir engin áhrif á mig, hversu góður maður það er, sem kann að vera höf. þessa frv. Jeg er því mótsnúinn af því að það er hið mesta „humbugs"-mál, að tildra upp þessum þremur nefndarstoðum. Stj. hefir það altaf í hendi sjer að ráða sjer menn til aðstoðar við undirbúning lagafrv. Jeg held það sje ekki hægt að segja með sanni, að þm. hafi á síðustu árum verið án aðstoðar í þessu efni, þar sem þeir hafa, hver og einn, altaf getað snúið sjer til hins ágæta skrifstofustjóra um málfegrun og annað, er lýtur að formi á frv. og till.

Þessu frv. hefir nú verið snúið upp í heimild, og er því ekki orðið mikils um það vert. En ef fylgismönnum frv. hefir þótt það svo ákaflega þýðingarmikið, hvers vegna vildu þeir þá ekki

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

gera það óbreytt að lögum, í stað þess að útbúa það aðeins sem heimild fyrir stj.?

Þessar breyt. eru sönnun þess, að hv. frsm. meiri hl. lítur smáum augum á málið. Það hefir líka komið í ljós, að tveir nm. úr meiri hl. lýsa hlutverki n. þveröfugt hvor við annan. Hv. 2. þm. Árn. telur, að n. eigi að vera eins og þjónn þings og stj. og gerir sem minst úr henni, en hv. frsm. telur, að hún hafi mjög veglegt hlutverk. Á þetta hefir hv. þm. Dal. bent. Innan meiri hl. allshn. er talsverður ágreiningur um það, hvert valdsvið n. ætti að hafa.

Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að það hefir engin áhrif á afstöðu mína til þessa máls, hver er upphafsmaður þess. Reynslan af þessari n. verður ólygnasta vitnið. — Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, enda er það svo í garðinn búið, að meiri hl. hv. d. hefir það í hendi sjer að koma því fram, enda ber það hans mark. Þó virðist þetta ekki vera meira nytjamál en svo, að stj. er *heimilað* að skipa þessa nefnd.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Jeg þarf litlu að svara ræðu hv. þm. Barð., því að ekkert nýtt kom fram í ræðu hans. Jeg nenni heldur ekki að endurtaka ummæli mín við 2. umr. þessa máls, en jeg vil undirstrika það, að jeg álít það mjög nauðsynlegt fyrir þingið að hafa þessa n., skipaða lögfróðustu mönnum, sjer til aðstoðar. Og jeg hjelt, að hv. þm. Barð. sem allshnm. hlyti að geta fallist á það.

Hv. þm. tók það eftir öðrum að minnast á aðstoð skrifstofustjóra og að hún ætti að vera þm. nægileg. Jeg vil aðeins benda hv. þm. á það, að skrifstofustjóri er alls ekki skyldugur til þess að veita slíka aðstoð, og hann hefði engan tíma til þess, ef hann ætti að gera það í verulegum stíl.

Þá kom hv. þm. að því, að þetta ættu að vera heimildarlög. Jeg játa það, að mjer er ver við, að einungis um heimildarlög er að ræða, en það skiftir engu máli, þar sem þetta er áhugamál hæstv. stj., og mun hún skipa n. eins fyrir því. Annars er seinni hl. frv. aðalatriðið fyrir mjer, þ. e. útgáfa laga.

Að því er snertir ummæli hv. þm. Barð. um ágreining milli mín og hv. 2. þm. Árn., vil jeg taka það fram, að það er alls ekki rjett. Við hv. 2. þm. Árn. erum einmitt sammála um það að þurka út alt, er geti gert n. þessa pólitískt hlutdræga. Hv. 2. þm. Árn. hefir einnig neitað því að hafa sagt nokkuð í aðra átt.

Jeg hefi altaf lagt áherslu á það, að n. skoði sig ópólitíska hvað störfin snertir, svo að hún geti á engan hátt dregið vald þingsins úr höndum þess.

**Magnús Torfason:** Sumir hv. þdm. hafa skilið orð mín þannig, að jeg ætlaðist til, að n. hefði pólitísk áhrif. Mjer hefir aldrei dottið neitt slíkt í hug. Jeg átti einungis við það, að hverjum manni, sem fer að fást við löggjafarmál, eykst skapandi kraftur. Það er t. d. vitað, að þeir, sem hafa verið skrifarar á Alþingi, hafa oft orðið þm., og það er vegna þess að þeir hafa fengist við þingmál. Eins gæti ef til vill farið um ýmsa þá menn, er í n. ættu sæti, og átti jeg við það,

en ekki að þeir hefðu áhrif á löggjafarvald þingsins. Ef þeir hefðu þann skapandi kraft, myndi það sannast, að þeir yrðu þingmenn öðrum fremur, og á þann hátt kæmi hann fram hjá nefndinni.

**Hákon Kristófersson:*** Það er ekki ætlun mín að vekja sennur, og mun jeg því verða stuttorður. Hv. frsm. sagði, að jeg hefði það eftir öðrum, er jeg nefndi hinn ágæta mann skrifstofustjóra Alþingis. Jeg þurfti ekki að láta aðra segja mjer neitt um það; jeg fór þar eftir minni eigin reynslu. En nú vil jeg leyfa mjer að spyrja hv. frsm. að einu: Álítur hann, að hverri stj. beri skylda til að skipa slíka n.? Það gæti setið sú stj. við völd, sem áliti, að slík n. væri óþörf. Og hvað verður þá úr þessum leiðtogum, þessum skapandi krafti og mentandi löggjöf, sem þjóðinni áskotnaðist fyrir atbeina hinnar ágætu n.?

Þá bar hv. þm. sig þeim ómaklegu brigslum, að vantaði lögfræðilega aðstoð í allshn., þar sem hv. þm. hefir átt sæti um undanfarin ár, að því ógleymdu, að hv. 2. þm. Árn. á einnig sæti í þeirri n. — Jeg vil algerlega mótmæla þessum ummælum hv. þm.; mjer finst að þau sjeu alveg ómakleg. (**GunnS:** Þetta er ekki rjett haft eftir). Jeg sem allshn.maður hefi ekki fundið annað en að hv. þm. sje mjög skýr á lögfræðileg málefni og veiti góðar upplýsingar í þeim efnum, en það kann að vera, að mig skorti dómgreind til þess að dæma um slíka hluti, og mun jeg því ekki deila við hv. frsm.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Hv. þm. Barð. bar fram þá spurningu, hvort stj., er síðar sætu að völdum, myndu ekki geta látið undir höfuð leggjast að skipa þessa n. Jeg lít svo á, að svo framarlega, sem lögin verða samþ., beri stj. að skipa n., og ef hún er einu sinni hlaupin af stokkunum, mun það sýna sig, að hún er til svo mikils gagns fyrir þingið, að menn vilja ekki missa hana.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði kvartað undan því, að skorti lögfræðilega aðstoð í allshn. Þetta sagði jeg ekki; jeg vildi aðeins benda á það, hve mikil þægindi það væru fyrir allshn., sem ætíð er störfum hlaðin, eins og hv. þm. veit best um, ef hún gæti leitað aðstoðar hjá sjerfræðingum í þessu efni, og hafði jeg þá aðallega í huga prófessora háskólans. Og þótt 2—3 lögfræðingar eigi sæti í allshn., er hún svo störfum hlaðin, að þeir hafa engan tíma til þess að gefa sig að því að rækja málin vísindalega með lögfræðilegum samanburði t. d. við erlenda löggjöf. Annars þýðir ekki að fara um mál þetta fleiri orðum; við hv. þm. Barð. höfum hvor sína skoðun í þessu máli, og býst jeg ekki við, að hún muni breytast neitt við umr. hjá hvorugum okkar.

**Einar Jónsson:*** Jeg þóttist hafa talað svo greinilega við 2. umr. þessa máls, að jeg hugði, að jeg þyrfti ekki að taka til máls í annað sinn. Þá gaf jeg hv. samþingismanni mínum alvarlega áminningu, en þar sem jeg sje, að hann hefir ekki látið sjer segjast við þá hótun, verð jeg að áminna hann

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

enn á ný, og segi jeg honum það, að ef hann heldur áfram þessum hætti sínum og beitir sjer fyrir máli þessu með Framsóknarflokknum, kemur hann ekki með mjer á þing framar.

Jeg vil taka það fram, að svo fremi, sem þetta frv. á að ganga lengra en það er komið, þætti mjer betur farið, að brtt. hv. 1. þm. Reykv. yrði samþ. Sú brtt. er til mikilla bóta, þar sem lagt er til, að 4. gr. falli niður, en þar er þessari n. heimilað að leita sjer aðstoðar, er henni þurfa þykir. Það væri hin mesta óhæfa að velja fyrst n. til aðstoðar þingi og stj., stofna þrjú ný embætti, en þó er traustið ekki meira á n. en svo, að þessum mönnum er heimilt að fá aðstoð annarsstaðar hvenær sem er. Annars er skipun þessarar n. hið svartasta vantraust á þingi og stj., og það vildi jeg, að jeg mætti segja 10 sinnum nei, er til atkvæða kemur, — til þess væri jeg fús.

**Sigurður Eggerz:** Við 2. umr. þessa máls beindi jeg fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., en þar sem hann er fjarstaddur nú, mun jeg ekki fara nánar út í það mál. Jeg vil aðeins, úr því að jeg er staðinn upp, mæla með brtt. hv. 1. þm. Reykv., sjerstaklega vegna þess, að hún dregur úr útgjöldum þeim, er þetta frv. hefir í för með sjer.

Þá hefir hv. 2. þm. Árn. lýst því, hvað hann meinti með ummælum sínum um „skapandi kraft" í n. Jeg skal ekki fara neitt út í þá skýringu, sem hann gaf, en ærið virðist mjer hún loðin.

Annars væri gaman að vita, hvernig slík n. hefði haft áhrif á þetta þing. Öllum kemur saman um það, að á þessu þingi hafa smámálin verið mest rædd, en stóru málin, eins og t. d. vinnudómurinn o. fl., hafa verið að gægjast inn á dagskrá við og við, en sárlítið komið til umr.

Hefði nú slík n. getað bætt úr þessu? Eftir síðasta skilningi hv. 2. þm. Árn. hefði n. engin áhrif haft í því efni. Annars hefir það verið tekið rækilega fram, að þessi n. er hinn mesti hjegómi og til einskis annars en aukins kostnaðar. Og nú er svo komið, að þeir, sem málinu voru fylgjandi í upphafi, óska þess, að þessi n. hafi sem minst að segja. Væri því vel, ef þeir gætu snúist að fullu og greiddu allir atkv. gegn þessu máli, því að þá hefði það hlotið þau úrslit, er því væru makleg.

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Hv. samþm. minn (EJ) er farinn burt úr d. og get jeg því illa svarað honum. Hv. þm. gat þess, að ef jeg beitti mjer fyrir þessu máli, skyldi hann koma mjer út úr þinginu. Hann hefir tvisvar gert tilraun til þess áður, en tókst ekki, og ef honum ætti að takast tilraunin nú í þriðja skifti, yrði honum að vaxa fiskur um hrygg, en slíkt er nú ekki útlit fyrir, að minsta kosti ekki sem stendur.

Ýmsir hv. þm. hafa orðið til þess að segja, að laganefndin yrði til þess að draga úr áliti þingsins. Þetta er hreinasti misskilningur. N. hlyti altaf að verða til mikils gagns fyrir þingið og bæta löggjöfina að forminu til. Og í því sambandi vil jeg benda á, að sú af nágrannaþjóðum okkar, sem viðurkend er að hafa lög sín best úr garði

gerð, hefir slíka n. til aðstoðar þinginu, en það eru Svíar.

**Einar Jónsson:*** Jeg ætla ekki að tefja umr. þessa máls með því að þrátta við hv. samþm. minn (GunnS). Af hlífð við hv. þm. hefi jeg ekki viljað minna hann á, á hvern hátt hann komst inn í þingið. Hv. þm. var kosinn á þing í Rangárvallasýslu vegna þess, að hann þóttist vera flokksleysingi. Nú gortar hann af því, að hann sje það ekki lengur, og það bregst aldrei, að hann fyllir flokk stj. og snýst öndverður gegn mjer. Jeg skyldi virða hv. þm. meira, ef hann hefði kjark í sjer til þess að viðurkenna, að hann tilheyrði þessum flokki. Og það segi jeg hv. þm. í fullri alvöru, að fylgi hann stj. í þessu máli, verður hann ekki oftar kosinn af Rangæingum á þing, því að þetta mál er bæði þingi og stj. til skammar, og öllum þeim, sem að því standa. (**LH:** Það eru fleiri en framsóknarmenn, sem fylgja þessu máli). Hv. þm. V.-Sk. er ekki ennþá, sem betur fer, búinn að færa svo út kvíarnar með kaupfjelagsskapinn og samvinnuna, að hann fái Rangæinga til þess að fylgja stj. blint að málum, a. m. k. fær hann mig ekki til þess. Og hv. þm. munu sjá, þótt síðar verði, hvað þeir hafa gert, ef þessi n. verður skipuð, því að það mun koma að því, að hún svifti þm. alla ráðum og dáð og dragi úr áhrifum þingsins, enda er þetta það hastarlegasta mál, sem jeg man eftir síðan jeg kom hingað á þing, fyrst fyrir 20 árum. Og jeg skil ekkert í því, að hv. þm. V.-Sk., sem ætíð hefir reynst dugandi við störf þingsins, skuli geta fallist á skipun þessarar n. Grunur minn er sá, að hann og fleiri beygi sig hjer fyrir hinum stranga flokksaga, því að jafngreindir menn og hann hljóta að sjá, hvert stefnir.

**Lárus Helgason:** Hv. 1. þm. Rang. fór að minnast á kaupfjelagsskap í sambandi við þetta mál og hjelt auðsjáanlega, að það væri mjer veikur punktur. Jeg get ekki sjeð, hvað kaupfjelög koma máli þessu við, en úr því að hv. þm. drap á þau, vil jeg benda á það, að óvíða mun sá fjelagsskapur hafa gert eins mikið gagn og í Skaftafellssýslum, og hygg jeg, að þó það mál væri rannsakað, væri ekki hægt að finna, að jeg hefði gert minni sýslu ógagn með þeim málum. Hitt er annað mál, að hv. 1. þm. Rang. mun hafa staðið framarlega í kaupfjelagsskap í sinni sýslu, sem ekki varð góður endir á.

ATKVGR.

Brtt. 523,I feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ.

**nei:** HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HStef, BSv.

Þrír þm. (BSt, TrÞ, ÞorlJ) fjarstaddir.

Brtt. 523,II samþ. með 18 shlj. atkv.

— 523,III samþ. með 14:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:11 atkv. og afgr. til Ed.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Á 62. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 538).

Á 64. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

**Halldór Steinsson:** Jeg vil leyfa mjer að biðja hæstv. forseta um að bera það undir d., hvort hún vill láta halda umr. áfram. Það er nú orðið nokkuð áliðið, og mjer finst það ómannúðlegt og órjettlátt að pína hv. þm. með fundarhöldum nótt eftir nótt.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Þar sem þetta er 1. umr. málsins og nú er orðið mjög áliðið þingtímans, þá finst mjer vera full ástæða til þess að skera úr því nú, hvort hjer á að beita málþófi eða ekki.

**Jón Þorláksson:** Það var alls ekki tilætlun mín að fara að beita hjer málþófi, en jeg þarf nauðsynlega að halda alllanga ræðu nú við 1. umr.

**Forseti (GÓ):** Jeg vil verða við beiðni hv. 1. þm. Snæf. og bera það undir d., hvort hún vill halda umr. áfram.

ATKVGR.

Felt að halda umr. áfram með 7:7 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Jón Þorláksson:** Jeg hefi skilið það svo, sem þetta væri stjfrv., og hefði þess vegna búist við því, að hæstv. stj. mundi gera þd. einhverja grein fyrir nauðsyn þess. Frv. kemur mjer þannig fyrir sjónir, að það sje eða ætti að vera eitt af því minst nauðsynlega, sem gert hefir verið á seinni árum til þess að fjölga embættis- og starfsmönnum landsins.

Það er gert ráð fyrir að skipa þrjá menn, þar af tvo lögfræðinga a. m. k., til þess að vera ríkisstj., alþm., þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar og leiðbeiningar um samningu frumvarpa, samræmingu laga og annan undirbúning við lagasetningu. — Jeg hefi ekki orðið var við það, að alþm. væru í neinum vandræðum með að koma með sínar till. hjer á þingi, og því síður þingnefndir, því að þær geta jafnan kvatt sjer til aðstoðar þá, sem þeim þykir best henta. Sama er að segja um mþn. Þeim er fengin sú aðstoð, sem þær þurfa með, einkum eftir að farið er að tíðkast í tíð hæstv. núv. stj. að skipa ekki nefndir þannig, að þær hafi innan sinna vjebanda þá krafta, sem þær þurfa á að halda, en það var siður áður. Aðalverkefni þessarar n. skilst mjer eiga að vera það, að ljetta af ríkisstj. æðimiklu af því verki, sem hingað til hefir hvílt á hennar herðum. Það getur engum manni dulist, sem hefir fylgst með þingstörfum eins og þau hafa verið leyst af höndum alt fram til síðustu ára, að það var yfirleitt gerð sú krafa til landshöfðingjans, á meðan hann var, en til ráðherranna þar á eftir, að þeir væru þinginu til leiðbeiningar um alt það, sem gæta þyrfti til þess að lagasmíðin færi vel úr hendi. Þar fyrir utan var gerð sú krafa til stjórnanna, að þau frv., sem þær ljetu frá sjer koma sem stjfrv., væru óaðfinnanleg að því er formið snerti; um efnið gat

náttúrlega orðið ágreiningur eins og um hvað annað.

Það er nú ekki hægt að neita því, að þessi síðustu árin er sú tilfinning orðin mjög ríkjandi, að þetta verkefni ráðherranna sje nú miklu miður rækt en áður var. Þess verður satt að segja lítið vart, að ráðherrarnir sjeu nefndum þingsins eða þingdeildunum til þeirrar aðstoðar, sem áður var krafist; og að því er stjórnarfrumvörpin snertir, þá er það nú orðið svo allra síðustu árin, að það er ekki nokkur trygging fyrir, að sómasamlegur frágangur sje á lagafrv. frá formsins hlið, þótt þau komi fram sem stjfrv. eða sjeu flutt að tilhlutun stj. og samin af henni. Að því leyti má náttúrlega segja, að í því frv., sem hjer liggur fyrir, felist viðurkenning frá núv. stj. á því, sem alment er orðið viðurkent af öðrum, að henni hafi, það sem af er, tekist alveg sjerstaklega illa að fullnægja rjettmætum kröfum, er áður voru gerðar til stjórnanna að því er snertir beina og óbeina þátttöku í lagasmíð, beina með forsvaranlegum frágangi á stjfrv., og óbeina með að vera til taks til ráðleggínga fyrir þingdeildina til þess að hindra, að ósamræmi eða missmíðar komist inn í löggjöfina. Jeg lít þá svo á, að fyrst og fremst ætti það að vera aðalstarf þessara manna að bæta úr því, sem áfátt er hjá hæstv. núv. stj., enda segir svo í frv., að þeir skuli fyrst vera stj. til aðstoðar um samningu stjfrv. og svo þinginu. Náttúrlega getur það ekki annað en glatt stjórnarandstæðing eins og mig, að viðurkenning á þessu skuli vera orðin svo almenn, að hæstv. stj. sjálf gengst fyrir því að flytja frv. um stofnun þriggja manna n. til þess að hjálpa ráðherrunum til þess að inna af hendi ráðherrastörfin. Í mínum augum er þetta ekkert annað en þrír aðstoðarráðherrar, sem taldir eru nauðsynlegir til að bæta úr því, sem núv. stj. er svo átakanlega áfátt með. En jeg lít ekki svo á, að löggjöfin eigi með lagasetningu að miða svo fast við það, þótt bágborið ástand sje um tiltekinn tíma um einhver þannig löguð málefni, álít, að ekki eigi að heimila með lögum að kveðja til þrjá aðstoðar-ráðherra, þótt í rauninni megi viðurkenna, að þeirra sje þörf rjett eins og stendur.

Þá ætlar frv. þessari n. annað verk, það, að gefa út íslensk lög, og á að leysa þá útgáfu af hendi á ríkisins kostnað. — Það er sjálfsagt gott og þarft verk, ekki síst eftir þá hálfgerðu óreglu, sem komin er á samningu laga hjer á síðustu árum, til þess að almenningur eigi kost á að fylgjast með í því, hver lög gilda, en ýmislegt svipað þessu hefir verið framkvæmt hjer áður án þess að þurft hafi að setja á stofn til þess sjerstaka n. með háum launum. Það hefir verið gefið út fullkomið lagasafn, sem jeg ætla, að nái til ársins 1909; síðan hefir verið farið að gefa út safn af gildandi lögum, en jeg held, að sú útgáfa hafi stöðvast hálfgerð, vegna þess að þingið neitaði um styrk til útgáfunnar, sem áreiðanlega ekki nam nema litlu broti af þeim fjárhæðum, sem hjer er farið fram á að eyða í þessu skyni. Þá má og geta þess, að ef þörf þætti að annast þessa útgáfu af ríkisins hálfu, þá eru við hendina 3—4 bóka-útgáfufjelög, sem ríkið styrkir. Ef endilega þykir þörf á, að ríkið fari að blanda sjer í slíkt verk, þá sýnist mjer nær að brúka til þess

einhverja af þeim stofnunum, sem ríkið nú styrkir og hafa alla aðstöðu til að geta framkvæmt þetta án þess að þurfa að bæta við nýjum starfsmönnum. Jeg sje heldur ekki, með tilliti til þessa síðasta verkefnis nefndarinnar, hversu gagnlegt sem það er, að það ætti að vera nauðsyn á slíkri lagasetningu sem þessari.

Jeg býst við fyrir mitt leyti, að jeg geti setið hjá við atkvgr. um þetta mál við 1. umr. þess, en vildi beina þessum ummælum mínum til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, og leggja henni þetta á hjarta: Að fyrri hluti frv. er ekkert annað en auglýsing fyrir alþjóð um þörf á umbótum á núv. stj., en það er þingsins að sjá fyrir því á annan hátt en með þessari lagasetningu. Seinni hlutinn er að vísu úrlausn á allmikilsverðu verkefni, en það eru aðrar leiðir miklu nær hendi og hagkvæmari til þeirrar úrlausnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:2 atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 538, n. 631 og 641, 660).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 660. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Svo sem sjá má af nál. á þskj 631 og þskj. 641, hefir allshn. ekki orðið á einu máli um þetta mál. Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ., en minni hl. að það verði felt.

Jeg geri nú ekki ráð fyrir langri framsögu, þar sem nú er orðið mjög áliðið, og vildi jeg helst, að umr. lyki um þetta mál í nótt.

Frv. gerir ráð fyrir, að skipuð verði þriggja manna n. til þess að aðstoða ríkisstj., þm., þingnefndir og mþn. við samningu lagafrv., samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála. Ennfremur skal laganefnd gefa út safn af gildandi lögum landsins í handhægri útgáfu með nákvæmum efnisskrám. Skal þetta gert á mest 10 ára fresti. Kostnaður við nefndarstörf og útgáfu lagasafns skal greiðast úr ríkissjóði, en hinsvegar skulu tekjur allar af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð. — Það, sem nú olli ágreiningi í n., var það, að minni hl. áleit slíka nefnd óþarfa; yrði hún til kostnaðar eins, en einskis gagns, hvorki til þess að vanda undirbúning mála nje til þess að flýta afgreiðslu þeirra. Á þetta vildi meiri hl. ekki fallast. Reynsla síðustu ára hefir fært okkur ljóslega heim sanninn um það, að málatilbúningur allur og reyndar löggjafarstarfsemi yfir höfuð, hefir verið mjög ófullkomin, einkum að því er snertir form og samræmi. Nú ber því ekki að neita, að n. þessi myndi hafa nokkurn kostnað í för með sjer fyrir ríkissjóð, en meiri hl. lítur eindregið svo á, að sá kostn. sje hverfandi lítill í samanburði við það gagn, sem af henni myndi leiða. Jeg hefi ekki aflað mjer nákvæmra upplýsinga um það, hvað hver dagur þingsins kostar, en jeg ætla, að það láti nærri tveim þús. króna. Hinsvegar fer kostnaður við n. aldrei fram úr því, sem svarar einu þús. kr. til hvers nefndarmanna, auk nokkurs annars kostnaðar við nefndarstörf. Að

vísu er þóknun nm. hreint samningsatriði, og vel má vera, að þeir fái ekki svo mikla þóknun sem jeg gat til, enda eru störf þeirra mjög misjöfn; sjerstaklega yrðu þeir dýrari en endranær um það leyti, sem útgáfa lagasafnsins stæði yfir. Annars held jeg lítt tiltækilegt að slá nokkru föstu um laun nefndarmanna. En hitt er ljóst, að slík n. verður að vera launuð og hlýtur að hafa nokkurn kostnað í för með sjer, en ef nokkur árangur verður af störfum n., þá fæst sá kostnaður margfaldlega greiddur. Þingstörfin myndu verða stórum umfangsminni og þingið þar af leiðandi styttra. Af þessu leiðir beinan fjárhagslegan sparnað. Hinsvegar myndi n. vinna að auknu samræmi í löggjafarstarfsemi og lagasetningu. Væri þar um stórmikinn óbeinan sparnað að ræða. Að n. kasti rýrð á þingið með þessari starfsemi, það get jeg ekki sjeð, að nái nokkurri átt. Hinsvegar er varla hægt að ætlast til þess, að einstakir þm. sjeu færir um að klæða góða hugsun í þann lagabúning, sem best ur má vera. Jeg þykist engri rýrð kasta á þm., þótt jeg segi þetta. Efni laga og ytra form er sitt hvað, og menn geta haft mikið vit á löggjafarmálum, þótt þeir hafi ekki lögfræðilega formþekkingu til að bera í nægilega ríkum mæli. Reyndar veit jeg, að andmælendur málsins leggja aðaláhersluna á kostnaðarhliðina. En menn verða að líta á það, að tímarnir eru breytilegir, og menn verða að haga sjer eftir því, hvað best á við á hverjum tíma. Fyrir 20 árum var löggjafarstarfsemi vor stórum óbrotnari en nú. En eins og þeim málum er nú háttað, þá er meiri hl. sannfærður um, að n. gæti unnið stórþarflegt verk, bæði til aðstoðar löggjafarvaldinu við samning og setning laga, og eigi síður við útgáfu lagasafns þess, sem um ræðir í 3. gr. frv. Eins og nú standa sakir, eru lög okkar ekki tiltæk almenningi; þau eru öll á tvístringi, svo að jafnvel lögfróðir menn eru oft í vafa um, hvar sje að leita einstakra lagastaða. Meiri hl. leggur mikla áherslu á útgáfu þessarar lögbókar á vissu og hæfilegu árabili. Mjer hefir verið tjáð, að núgildandi lög væru til í handriti hjá Einari prófessor Arnórssyni. En slíkt kemur að engu haldi, úr því það er ekki gefið út. Að svo er, stafar af því, að einstaklingar vilja ekki ráðast í að taka að sjer útgáfuna, vegna þess að það er álitið lítt gróðavænlegt fyrirtæki. Þá er ekki önnur leið fyrir höndum en að ríkið gefi lögin út á sinn kostnað. Enda verður það að teljast skylda ríkisins að gefa öllum landslýð kost á að vita, hvað lög eru á hverjum tíma, og gefa honum aðgang að þeim á einum og sama stað, í handhægri og skipulegri útgáfu. Nú má ekki búast við mörgum kaupendum að slíku lagasafni, því það myndi verða minna keypt en t. d. sögubækur. Það má því gera ráð fyrir, að útgáfa lagasafnsins beri sig ekki fjárhagslega, en jeg tel ekki í þann kostnað horfandi, þegar litið er á þá þörf, sem hjer er fyrir hendi. Jeg hefi heyrt roskna lögfræðinga kvarta yfir þeim miklu örðugleikum, sem væru á því að vita, hvað lög væru í landinu. En hvað er þá um alþýðuna?

Jeg vænti þess nú, að d. sýni fullan skilning á þessu máli og greiði því atkv. Í því trausti mun jeg ekki hafa mál mitt lengra að sinni.

**Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson):** Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, þá klofnaði n. út af þessu frv., og gat jeg ekki orðið meðnm. mínum samála um afgreiðslu þess. Jeg hefi gert grein fyrir skoðun minni á málinu í nál. á þskj. 641. Af því að nú er orðið alláliðið nætur, mun jeg ekki að þessu sinni verða langorður um frv. þetta, en leyfi mjer að öðru leyti að skírskota til nál. á þskj. 641.

Jeg skal taka það fram, að jeg hefi hvorki af frv. nje af ræðu hv. frsm. meiri hl. getað sannfærst um hina „knýjandi þörf" þessarar nefndar, sem formælendur frv. vilja halda fram. Það má vel vera, að nokkurt gagn mætti af nefnd þessari hljótast, bæði sem lögfræðileg aðstoð og til þess að gefa út lagasafnið, en hinsvegar verður ekki framhjá því gengið, að kostnaður hlýtur að verða ærinn við n. þessa, og sennilega miklu meiri en fylgismenn frv. gera sjer grein fyrir. En á það ber að líta, að þá og því aðeins gerir n. þessi gagn, að í hana sjeu valdir góðir menn. Það er aðalatriðið. En ef góðir og nýtir menn verða valdir í nefndina, þá getur ekki hjá því farið, að greiða verður þeim sæmilega þóknun fyrir starfa sinn. Jeg sje á brtt. á þskj. 660, frá hv. þm. Snæf., að hverjum nm. eru ætlaðar 500 kr. Hinsvegar gerði hv. frsm. meiri hl. ráð fyrir 1000 kr. þóknun til hvers. Jeg hygg, að hvorttveggja þetta sje fjarri sanni.

Eins og búið er að benda á, þá er þessari n. ætlað ærið starf. Hún á altaf að vera til taks þegar stj., Alþ., þm. eða milliþinganefndir snúa sjer til hennar, og um þingtímann verður hún bundin við þingið eins og þm. Á öðrum tímum eiga þm. ekki að þurfa annað en að senda henni einhverja hugmynd og segja henni að búa til frv. með þessa hugmynd fyrir augum, Milliþinganefndir sitja oft á rökstólum, og þær þurfa að sjálfsögðu oft að fá aðstoð þessarar n., og ríkisstj. getur á öllum tímum árs haft mikið verkefni handa henni. Þessir menn, sem í n. verða, geta því búist við að þurfa að vinna mikið starf, og það taka þeir ekki að sjer nema fyrir mikla borgun. Það má því ganga út frá því vísu, að kostnaðurinn verði talsverður. N. á að vera skipuð úrvalsmönnum, sem eflaust hafa þá frá einhverjum launuðum störfum að hverfa, því ekki geta þeir haft nefndarstörfin í hjáverkum. Kostnaðurinn hlýtur því að verða meira en lítill. Ef litið er á það, hvað framkvæmdarstjórar síldareinkasölunnar fá fyrir sitt starf, sem er varla meira heldur en þetta, þá sjest best, hve dýr n. getur orðið, því að eftir því sem jeg veit rjettast, þá fær hver framkvæmdarstjóri 12 þús. kr. í laun á ári, og þó stendur síldveiðin ekki yfir nema í mesta lagi í 3—4 mán., en n. eru ætluð störf alt árið. Jeg álít starf þessara nefndarmanna síst vandaminna heldur en starf framkvæmdarstjóranna, og þeirra starf verður sennilega eins mikið, svo að eftir því að dæma ættu þeir heldur ekki að fá lægri laun.

Í frv. er gert ráð fyrir, að útgáfa lagasafnsins kosti 15600 kr. Það kann að láta nærri, en þó verður það að sjálfsögðu miklu minna, ef einstakir menn eða útgáfufyrirtæki eru látin sjá um útgáfuna. Það er regla, að all-

ir embættismenn fái ókeypis eitt eintak af öllu, sem ríkið gefur út, eins og t. d. Stjórnartíðindum, Alþt. o. fl., og þá fá þeir lagasafnið líka ókeypis, en það hefir auðvitað aukinn kostnað í för með sjer og dregur mjög úr sölu lagasafnsins. Þetta mundi sparast, ef einstakir menn hefðu útgáfuna með höndum.

Jeg held nú, að það ætti að vera öllum ljóst, að kostnaðarhlið þessa máls er svo mikil, að það er ekki fært að leggja út í þetta, sjerstaklega þegar nauðsynin er ekki brýn. Jeg get ekki verið því samþykkur að bæta þarna við þrem nýjum embættismönnum, og legg þess vegna til, að frv. verði felt.

Jeg vil svo að síðustu benda á það, að það er ekki svo lítið fje árlega, sem fer í nýja starfsmenn. Í fjáraukalögum fyrir síðasta ár, sem nýlega voru hjer til umr., eru 32 þús. kr. útgjöld vegna nýrra starfsmanna, og ef nú á að bæta við öðru eins, þá fer það að verða tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Mig furðar satt að segja á því, að hjer á Alþ. skuli koma fram mótstaða gegn jafnsjálfsögðu frv. og þessu. Mig furðar þó ennþá meira á því, að einn af elstu lögfræðingum landsins, sem jafnframt er gamall þm. og gamall embættismaður, að hann skuli mæla á móti þessu. Hann ætti þó manna best að finna, hvað þetta er nauðsynlegt. Eftir langa þingsetu og dómarastarf hlýtur hann að hafa fundið, hve íslenskri löggjöf er áfátt nú á síðari tímum. Að minsta kosti hefir hann haft bestu aðstöðu til þess að verða þess var.

Jeg ætla þá fyrst að víkja að því, hvaða drög liggja til þessa máls. Það mun hafa verið fyrir 2—3 árum, að sá af lögfræðingum landsins, sem nýtur einna mests trausts fyrir gáfur og mentun, prófessor Ólafur Lárusson, skrifaði ritgerð um galla á löggjöfinni í eitt af tímaritunum hjer. Í þessari ritgerð kom fram ákaflega skörp gagnrýni á þann glundroða, sem nú er í hinni íslensku löggjöf, og þar var slegið fram þeirri hugmynd að gefa út íslenska lögbók árið 1930, sem auðvitað var ekki ætlast til að stæði í stað. Jeg hefi sjálfur stungið upp á því í bók, sem jeg skrifaði um pólitísk málefni fyrir nokkrum árum, að komið væri upp nokkurskonar vinnunefnd við Alþ., sem aðstoðaði þm. í að samræma lögin að efni og orðalagi, en auðvitað datt mjer ekki í hug, að þetta yrði neitt yfirþing, sem rjeði um efni laganna. Svo kom þessi grein prófessors Ólafs Lárussonar, og þá fór jeg að athuga þetta að nýju. Við fórum að tala um málið, og niðurstaðan varð sú, að prófessorinn bjó til þetta frv., sem hv. Nd. hefir nú breytt og ekki að öllu leyti til bóta. Hv. Nd. leit svo á, að þetta mundi ef til vill þrengja að þm., ef nefndin hefði annað en tillögurjett, og til samkomulags gekk jeg inn á að draga úr valdi hennar, til þess að hægt væri að sjá, hvernig n. gæti starfað að útgáfu laganna og með því að aðstoða stj. og þm. við undirbúning þeirra.

Nú finst mjer rjett að líta á, hvernig þessu er háttað nú sem stendur. Af lögbókum er til lagasafn, sem Magnús Stephensen gaf út, og inniheldur það mikið af l., sem almenning varða, en ekkert af l. síðasta manns-

aldurs. Fyrir hjerumbil 15 árum byrjaði Einar Arnórsson prófessor að gefa út lagasafn að nýju, en útgáfan hefir verið í höndum ýmsra manna og gengið illa, svo að lítið hefir komið út, og er það alt í molum. Þó ber þetta ekki svo að skilja, að það sje prófessornum að kenna. Jeg efast ekkert um, að hann sje maður mjög duglegur. Niðurstaðan verður þá sú, að til eru tvö lagasöfn, en annað er úrelt og hitt verra en úrelt, aðeins lítill hluti gildandi laga. Ofan á þetta bætist, að Alþ. gefur árlega út mikið af l. í Stjórnartíðindunum, sem allur þorri manna á ilt með að átta sig á. Þeim er altaf breytt meira og minna á hverju ári, og nú er svo komið, að jafnvel færustu lögfræðingar eiga ilt með að átta sig á, hvað sjeu l. og hvað ekki. Auk þess er kominn svo mikill glundroði í þetta, að enda þótt færir menn í þessari grein undirbúi frv., þá getur svo farið, að lögin verði alveg ófær í framkvæmdinni, vegna þess að hvað rekur sig á annað. Jeg skal taka eitt dæmi þessu til skýringar.

Núna í vetur voru samþ. hjer á Alþ. l. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Áður voru til tiltölulega ný l. um þetta, undirbúin af hv. 1. þm. Skagf. Jeg veit ekki annað en að til þeirra hafi verið vandað eftir föngum, og jeg býst við, að þessi hv. þm. sje ekki ófærari til þessara starfa heldur en aðrir lagamenn. Niðurstaðan varð samt sú, að þessi l. reyndust alveg ónothæf í hverjum bænum á eftir öðrum, og bæjarstjórnarkosningar urðu sumstaðar hreint og beint tóm vitleysa. Stjórnarráðið reyndi eftir bestu getu að bjarga þessu við með því að gefa út úrskurði, en málið var vonlaust, nema þingið stórbætti form laganna, og hefir það nú verið gert. Með þessu vil jeg þó ekki kasta neinum skugga á þá menn, sem að l. stóðu, en tók aðeins þetta dæmi, af því að það var nýtt og öllum í fersku minni. Þetta mun hafa ýtt nokkuð undir, að frv. um þetta sama efni var samþ. hjer á þinginu í vetur, en sama sagan getur altaf endurtekið sig, sjerstaklega í annríkinu og glundroðanum í þinglokin.

Andstæðingar málsins þvæla sömu sjúku hugsunina og leyfa sjer að koma fram með gagnrýni á því, að nokkrum hlutlausum mönnum sjeu borgaðar smáupphæðir fyrir nauðsynlega vinnu, og kalla það stóreyðslu. Það er fróðlegt að heyra nú til fulltrúa íhaldsmanna, eftir frammistöðu þeirra í Nd., þegar 6 samflokksmenn mótmæla því af öllum kröftum, að ríkið kaupi prentsmiðju og spari árlega svo sem 50 þús. kr. Enginn andmælir þeim með einu orði og till. er samþ. Þar sem góð vinnubrögð eru viðhöfð, láta menn sjer nægja að hafa einn frsm., sem talar fyrir munn flokks síns. Jeg ásaka Íhaldsflokkinn í Nd. fyrir hóflausa eyðslu og málþóf og brot á þingvenjum og þingsiðum. Og eftir aðra eins frammistöðu og þessa leyfa íhaldsmenn sjer að tala um eyðslu, þó að 2000—3000 kr. sje varið til að bæta lög landsins, bæði að efni og máli. Þeir skeyta því engu, þó best mentaða þjóðin á Norðurlöndum hafi gert þetta, vita varla af því.

Jeg hefi leitt að því rök, að megnið af löggjöf síðustu tíma er flýtisverk. Jeg er ekki að ásaka neinn; þetta er

afleiðing af þreytustörfum þingsins. Það er ákaflega leitt, að þingið skuli ekki fyrir löngu hafa gert alvarlegar tilraunir til að bæta vinnubrögð sín með því að fá sjerfróða aðstoð. Jeg held, að allir lögfræðingar þingsins hafi verið á móti þessu máli, nema hv. 2. þm. Árn. (MT), og þó dró hann heldur úr því. Þetta er ekki til sóma fyrir hið lögfræðilega ástand á Alþingi, enda er lögfræðistarfið á mjög lágu almennu stigi í landinu. Þegar frá eru teknir fáeinir fræðimenn, er lögfræðileg þekking á lágu stigi og ekki að vænta umbótatilrauna frá þeirri stjett. Jeg skal taka eitt dæmi til að sýna mentunarástandið í þeim málum, sem lögfræðingar eiga að hafa forgöngu í. Við búum við hegningarlöggjöf, sem er á þriðja mannsaldrinum. Hún er auðvitað orðin úrelt fyrir löngu, eins og nærri má geta, þar sem þjóðlíf okkar hefir breytst svo mikið. En svo er áfátt lögfræðingaforustu hjer, að það var ekki fyr en kom í stj. maður, sem ekki er lögfræðingur, að hafist var handa að undirbúa nýja hegningarlöggjöf. Lögfræðingunum bar þó embættisleg skylda til þess, en þeir höfðu ekki vit á því og ekki smekk fyrir því. Mín dygð er engin önnur en sú, að jeg kom með leikmannsins tilfinning fyrir því, að þetta var ósæmilegt, og fjekk þess vegna tvo bestu lögfræðingana í bænum mjer til aðstoðar og vonast nú til að geta að ári borið fram um þetta efni ítarlegt frv. En samhliða okkar athafnaleysi hafa frændþjóðir okkar haft mikinn viðbúnað til umbóta. Hugmyndir manna um hegningarmál hafa gerbreytst, en þær breyt. hafa ekki náð hingað. Um sjálfa framkvæmd hegninganna er það að segja, að við höfum enn okkar gamla tugthús, sem fyrir löngu er orðið of lítið og úrelt. Bæjarfógetinn í Reykjavík varð að lýsa yfir því, að oft yrði að líða missiri, jafnvel ár, svo að ekki væri hægt að framkvæma hegningar í landinu. Menn, sem hafa verið dæmdir, sleppa, af því að tugthúsið er svo óhentugt. Jafnvel skaðlegum afbrotamönnum verður að sleppa. Vilja menn nú leggja mikið upp úr þeim dómi þeirra lögfræðinga á Alþingi, sem hafa látið þetta viðgangast? Nei, það er ekkert hægt að gera við þeirra dóm. Ástandið hefir meira að segja verið svo slæmt, að nú liggur fyrir nokkurra missira gömul rannsókn um, að allir fangarnir í hegningarhúsinu hafi verið á syngjandi fylliríi í heila viku. Samt var ekkert gert. Hvar í veröldinni annarsstaðar en í Reykjavík myndi þetta hafa verið látið viðgangast? Geta menn hugsað sjer meiri vanrækslu?

Þá get jeg bent á það, að enn er engin hegningarskrá til í okkar stjórnarráði. Það er til hjá sumum sýslumönnum bók yfir þá, sem hefir verið hegnt. En í stjórnarráðinu er engin slík skýrsla til, engin almenn skrá yfir hegningar í landinu. Ef menn í útlöndum vissu þetta, yrði það til að stimpla okkur sem illa siðaða þjóð. Jeg tek þessi dæmi til að sýna, að það getur vel verið, að lögfræðingar sjeu sæmilegir menn hversdagslega, geti innheimt gjöld og skift búum o. s. frv., án þess að þeir hafi nokkra starfandi vitund um, hvernig hinir miklu andans straumar eiga að ná til okkar, eða löngun til að breyta ástandinu til batnaðar. Hjá flestum lögfræðingum okkar

kemur fram alger uppgjöf til að fylgjast með því, sem gerist í hinum mentaða heimi. Jeg skal segja eitt dæmi, sem kom fyrir í Nd. fyrir skömmu. Einn af merkismönnum íhaldsflokksins, hv. 1. þm. Skagf., segir, að þetta sje alt óþarft og dýrt. Síðan berst talið að hegningarmálum og hegningarlöggjöf. Hv. þm. segir, að það sje mikið deilt um þau mál á Norðurlöndum og að nú sje hegningar„reform" komin fram í Danmörku. Hv. þm. fullyrðir sem sje, að ný hegningarlöggjöf sje komin á í Danmörku. Nú vitum við mest um Dani af öllum þjóðum, en sannleikurinn er sá, að hegningarlagaumbótin, sem deilt hefir verið um í mannsaldur, er ekki komin þar enn. Og einn af þeim mönnum í Nd., sem talaði með mestu „autoriteti" á móti því, að þingið hefði þessa lærðu þjóna, vissi ekki, að löggjöfin er ekki komin fram í Danmörku, sem búið er að berjast fyrir í heilan mannsaldur.

Annars eigum við ekki að hugsa okkur, að löggjöf okkar sje yfirleitt mjög fullkomin nje mjög ófullkomin. Hún er grautarleg. Sumt er úrelt, annað nýtt og barnalegt. Úr því þarf að bæta með því að fá handa öllum borgurum landsins boðorðin, sem þeir eiga að lifa eftir. Það er ekki lítil afsökun fyrir menn, sem brjóta eitthvað smávægilega af sjer, að engin almenn lögbók skuli vera til. Hvernig eiga þeir að vita í öllum atriðum, hvað eru lög og hvað ekki? Auk þess verður í landi með lýðstjórn að leggja mikla áherslu á að gera borgurunum sem hægast fyrir að fylgjast með í fjelagsmálum. En það ástand, sem er, er auðvitað það besta fyrir „lommeprokuratora", hina aumustu stjett lögfræðinga. Þeir geta gert sjer það að fjeþúfu. Lögin verða að vera til í handhægri útgáfu, skipulega og vel niðurraðað. Í útgáfu Einars Arnórssonar áttu lögin að vera eftir tímaröð, í stað skyldleika, og þá fjekst heldur ekkert yfirlit. Ólafi Lárussyni mundi ekki detta í hug annað en að flokka lögunum eftir efni. Menn sæju þá, að í nútíðarlöggjöf er margt, sem grípur hvað inn í annað og hefir enn ekki verið brætt saman. Skilningur á „kodifikation" mundi þá vakna. Að fá þessa viðurkenningu hjá borgurum landsins og þinginu, yrði þá undirstaða þess, að meira yrði fest í bálka en áður.

Kostnaður af útgáfu lagasafns í fyrsta sinn verður um 15000 kr. Ef við skiftum kostnaðinum á 10 ár, verður þetta 1500 kr. á ári, en það er nokkur hluti þess, sem einn alþingisdagur kostar. Þegar litið er á vinnubragðaframkomu íhaldsmanna í þinginu, gegnir furðu, að þeir skuli leyfa sjer að kalla þetta eyðslu.

Jeg skal strax lýsa yfir því, að mjer hefir aldrei dottið í hug, að hjer yrði um sjerstök embætti að ræða. Fyrst og fremst er það að öllu leyti óþarft og heimskulegt, en þó að ættu að vera sjerstök embætti, er ekki hægt að fá þrjá hæfa menn í þetta, enda þótt þeim yrðu greidd meðalembættismannalaun. Dettur nokkrum í hug, að til dæmis Ólafur Lárusson mundi vilja fara frá prófessorsembætti sínu og vinna eingöngu í laganefnd nokkur missiri? Jeg nefni hann til dæmis, af því að það er hann, sem hefir undirbúið þetta frv. Nei, það er óhugsandi að fá lögfróðustu eða málhæfustu menn í slíkt embætti, þó að þeim væri

sæmilega borgað. Hinsvegar er hægt að fá góða menn til þess að taka þetta að sjer sem aukavinnu fyrir væga borgun, af því að margir gáfaðir og duganði menn eru svo gerðir, að þeir vilja leysa af hendi ýms gagnleg og skemtileg störf, þó að þeir fái lítið fyrir það. Jeg get nefnt n., sem jeg er í. Vinnan er ekki mikil, en skemtileg. Við erum fjórir í n. og fáum ekkert fyrir vinnuna, en samt er unnið eins vel og meðan borgaðar voru 2000 kr. Í Þingvallanefnd erum við 7, flestir þingmenn. Við höfum haldið víst eina 100 fundi; stundum er fundur tvisvar í viku. Við fáum ekkert fyrir starf okkar, nema skammir á sínum tíma. Okkur til aðstoðar höfum við fengið Jón Sigurðsson, skrifstofustjóra Alþingis, til að annast brjefaskriftir o. s. frv. Jeg held, að hann fái 1000 kr. fyrir sitt mikla starf. Við gætum alls ekki fengið eins góðan mann og hann, ef þetta væri sjerstakt embætti. Þetta er einmitt aukastarf fyrir gáfaðan mann, sem hefir gaman af því.

Eins og hv. 2. þm. S.-M. hefir tekið fram, er till. hv. þm. Snæf. óheppileg að tvennu leyti. Vinnan er svo misjöfn ár frá ári. Ef nú frv. verður samþ. og heimildin notuð og mikið af íslenskum lögum gefið út, yrði það 1929 og 1930, og auðvitað töluvert mikil vinna, miklu meiri en næsta ár á eftir. Annars vil jeg benda hv. þm. Snæf. á það, ef honum er alvara, að það er sama sem að fella frv. að fara að samþ. breyt. á því nú.

Jeg ætla að síðustu að draga saman skoðun mína um þetta mál. Jeg held því fram og þykist vera búinn að sanna, að það hefir vantað samhangandi forsjá í lagastarfsemi okkar síðari árin, eftir að þjóðlífið fór að verða fjölþættara og viðfangsefnin margbreyttari. Stjórnir hafa skift og þingmenn hafa skift, en tilviljun ein hefir ráðið meira en nokkuð annað, hvað hefir verið tekið fyrir og hvernig. Nú hefir Nd. að vísu álitið, að það ætti ekki að gefa þessari n. alment yfirlitsvald. En jeg segi, að eins og frv. gerir ráð fyrir nú, færi ekki hjá því, að störf þessarar n. — ef annars sætu í henni hæfileikamenn — mundu styðja að meiri festu í löggjöfinni.

Í Nd. var því haldið fram, að ef nefndarmenn væru kosnir til fjögurra ára og væru þeir ákveðnir flokksmenn, gæti verið óþægilegt fyrir þá stj., sem kæmi á miðju þessu tímabili, að þurfa að starfa með þeim. Jeg álít að vísu eðlilegt, að stj. skipi flokksmenn til sumra starfa, þar sem um innihaldsbaráttu er að ræða. En hjer er ekki því til að dreifa. Það er enginn ávinningur fyrir Framsóknarflokkinn sjerstaklega, þó t. d. lög Íslands verði betur orðuð og á fallegra máli en oft hefir verið. Það er þjóðarávinningur. Þess vegna segi jeg það, að jafnvel þó að stj. skipaði ströngustu flokksmenn í þetta, þá lætur þó engin stj. hafa áhrif á sig um innihald frv. og stefnu. En það er ávinningur að því, að hugmyndirnar, hverjar sem þær eru, sjeu klæddar í sem ljósastan búning og sem best fyrir komið. Í okkar stjórnarráði er því svo varið, að skrifstofustjórar og þeirra undirmenn hafa vitanlega sínar stjórnmálaskoðanir eins og aðrir borgarar í landinu, en þeir geyma þær fyrir sig og fyrir kjörborðið, en vinna í stjórnarráðinu með hverri stj. og „loyalt“ fyrir hverja stj.

Á sama hátt mundi slík n., jafnvel

þótt hún væri útnefnd með einhverjum pólitískum blæ, vera ópólitísk í framkvæmdinni, af því að starfið er þess eðlis, að ómögulegt er að koma inn neinni flokkapólitík. Jeg harma það satt að segja, að það skuli hafa komið fyrir, að annar stærsti flokkurinn í þinginu hefir missjeð sig í þessu máli. Því var nú haldið fram í fyrra af helstu leiðtogum Íhaldsflokksins, að ef byggja ætti nýtt fangelsi, þá mundi það kosta mörg hundruð þús. kr. Sjerstaklega tóku þeir það fram, að það væri mesta vitleysa að taka spítalann á Eyrarbakka. Jeg vil benda á þetta sem dæmi um það, að það, sem einum góðum og merkilegum flokk sýnist vitleysa í ár og að mundi kosta 400 þús. kr., er reynslan búin að sanna að ári, að framkvæmanlegt var með rúmum 20 þús. í viðgerð á gömlu húsi, svo að þetta viðbótarfangelsi hefir nú alveg undan þörfinni. Og þessar fáu vikur, sem þetta fangelsi hefir starfað, hefir það fengið þann vitnisburð hjá einum af helstu ræðismönnum í bænum, sem jeg þekki ekki neitt persónulega og hefi enga ástæðu til að halda, að mæli af vilhylli við núv. stj. — að fangelsið á Eyrarbakka muni vera eitthvert besta fangelsið, sem til er hjer á Íslandi.

Jeg vil þess vegna vara hv. þdm. við oftrú á það, að þessi hugmynd um laganefnd sje svo vitlaus. þó að sumir menn skilji hana nú ekki að fullu. Jeg vil ekki halda því fram, að jeg sje sjerfræðingur í lögum; mig langar ekki einu sinni til að vera það, ef áhrifin á almenna skynsemi eru jafndeyfandi eins og sýnist. Samt sem áður tókst mjer að leysa fangelsisspursmálið, sem var ógert af hinum lærðu fyrirrennurum mínum. Og ekki hefir neitt á síðustu árum haft eins blessunarríkar afleiðingar fyrir lagamálefnin eins og þessi litla og ódýra tilraun, sem síðasta þing gekk frá, hvort sem þetta frv. nær samþ. í kvöld eða ekki. En jeg vil segja, að þeir, sem greiða atkv. móti þessu máli, þeir standa með því kerfi, sem þau eldgömlu hegningarlög byggjast á, og með því kerfi, þar sem engin er hegningarskrá. Þeir standa með þessu kerfi, sem vilja ekki hafa meiri þjóðarmetnað en svo, að hafa alla löggjöfina í sundurlausum molum, og helst danska eftirlíkingu.

En það er í raun og veru mikill munur á skoðun minni í þessu efni og þeirra, sem standa andspænis þessu máli. Þegar talað var um hegningarlöggjöfina í Nd., sagði hv. 1. þm. Skagf., að ástæðan til þess, að ekkert var gert í hegningarlöggjöfinni, sje sú, að við sjeum að bíða eftir slíkri löggjöf á Norðurlöndum, t. d. Danmörku. Þetta er í fyrsta lagi rangt, og svo dæmalaust lítilsiglt, að við eigum ekki að þora að taka löggjöfina í okkar hendur. Við eigum þá að nota gamla og úrelta löggjöf, af því að Danir eru ekki búnir að koma sinni löggjöf í það horf, að við getum líkt eftir, án sjálfstæðrar athugunar og rannsóknar.

Dýpsti kjarni í þessu máli er það, að fyrir mjer vakir að fá sterka, þroskaða og heilbrigða löggjöf, — löggjöf fyrir Íslendinga á 20. öld, en ekki fá lánaða larfa af öðrum þjóðum. Það er húsgangshugsunarháttur, sem kemur fram í mótbárunum gegn þessu frv. Gagnstæð hugsun er sú, að við eigum að þora að hugsa okkar eigin hugsan-

ir; við eigum að láta okkar bestu menn hjálpa til þess við löggjöfina að draga að það besta í heiminum, en ekki bíða eftir nokkurri einni þjóð, að hún búi til föt til að lána okkur.

Jeg lýk þessum orðum mínum með því að segja, að okkar löggjafarmálefni, okkar lagaútgáfa og lagasetning er svo ákaflega ófullkomin og ljeleg, að það er alstaðar hægt að stinga í hana með hvössum lögum og ekki hægt að koma vörn fyrir, af því að forustuna hefir vantað í þessum málum að undanförnu. Það er hægt að bæta úr þessu á ógnarlega ódýran hátt. Eftir þeirri áætlun, sem liggur fyrir, kostar ekki útgáfa þessa alþýðlega og fróðlega safns nema 1500 kr. á ári, og þar upp í koma einhverjar tekjur.

Svo er hægt eftir minni meiningu að koma við aukinni festu, veita andlegu frjómagni inn í löggjafarstarfið með þeim kostnaði árlega, sem svarar einum eða hálfum öðrum degi þingsins.

**Halldór Steinsson:** Jeg er satt að segja hálfsyfjaður, eins og fleiri, og ætla ekki að gera mig sekan í málþófi, enda finst mjer hæstv. dómsmrh. taka það óstint upp. En mjer finst hann ekki fara eftir sinni kenningu, því að hann hefir nú haldið meira en klukkutíma ræðu. Er vel við eigandi, að hann reiknaði út, hvað sú ræða kostaði landið, ekki síður en ræður íhaldsmanna í Nd.

Jeg verð að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem fyrir liggja. Skal jeg strax taka það fram, að jeg álít þetta frv. eitthvert alóþarfasta málið, sem lagt hefir verið fyrir þetta þing. Það hefir nú svo til gengið hingað til, frá því að löggjafarþingið var stofnað, að þm. hafa oftast nær sjálfir samið sín frv. Og í byrjun a. m. k. samdi stj. sín frv. sjálf með þeim mönnum, sem hún hafði þá í stjórnarráðinu, eða landshöfðinginn með landritara. Og þó að það megi segja, að gallar hafi verið á frv. og lögum hafi verið nokkuð breytt eftir að þau voru samin, þá held jeg, að yfirleitt hafi ekki íslensk l. verið ver undirbúin en gengur um lög annara þjóða. Því að þótt þm. sjeu yfirleitt ekki lögfróðir, hefir þingið oftast nær verið skipað ágætum lögfræðingum. Þessir lögfræðingar starfa í nefndum og hafa með formshlið laganna að gera. En mjer skilst þetta frv. ekki fara fram á annað en að laga formshlið frv. En þetta hefir sem sagt hingað til gengið stórslysalaust, og finst mjer satt að segja hálfgerð lítilsvirðing við þingið að fara að skipa nokkurskonar yfirembættismenn yfir þingmönnum, eða einskonar kennara, til þess að leiðrjetta stíla þeirra.

Jeg minnist þess, að fyrir nokkrum árum kom fram till. um það að launa lögfræðing til þess að leiðbeina þm. við lagasmíð. Sú till. var borin undir alla flokka þingsins, en fjekk meiri hl. á móti. Sýnir þetta, að þm. þótti ekki æðimikil þörf á slíkri aðstoð. Enda hefir það venjulega verið svo, að þeir fáu, sem ekki hafa haft vit á að búa frv. sín sæmilega úr garði, hafa getað fengið aðstoð innan þingsins, hjá þm. eða skrifstofustjóra, sem mun jafnfær og margir lögfræðingar í þessum efnum, a. m. k. hvað formshlið frv. snertir. Jeg veit, að hann hefir aðstoðað marga þm. við lagasmíð.

Jeg tel það takmark þarft, sem frv. á að stefna að, að gefa út safn af

íslenskum lögum, en mjer finst ekki þurfa að stofna sjerstaka nefnd fyrir það. Þetta hefir hingað til verið gefið út af einstökum mönnum, og skilst mjer mega gera það framvegis með styrk af ríkisfje án þess að stofna sjerstaka n. til þess.

Jeg tel þetta frv. sem sagt algerlega óþarft. En ef það yrði samþ., vildi jeg reyna að stilla nokkuð í hóf kostnaðinum, sem þetta hefir í för með sjer, með því að koma með þá brtt., að kostnaður til hvers nefndarmanns megi ekki fara fram úr 500 kr.

Hæstv. dómsmrh. hjelt því fram, að hann gæti ekki felt sig við till., vegna þess, að sum ár yrði þetta of lítil upphæð, en sum árin of há. En jeg held það sje ósköp hægt að jafna henni svo, að meðaltalið verði ekki meira en 500 kr.

Hv. 2. þm. S.-M. hjelt því fram, að þetta yrði til þess að stytta þingtímann. Jeg á ómögulegt með að skilja það. Hvað gerir nefndin? Hv. þm. sagði, að starf hennar fyrir þingið yrði ekki annað en að undirbúa formshlið frv. Jeg verð að segja, að það er það langminsta við samningu frv. Og hvaða starfi mundi n. að öðru leyti ljetta á þm.? Ekki nokkru. Ekki skrifaði hún nál. fyrir þm. Nei, það er alveg fullvíst, að þingtíminn mundi sama sem ekkert styttast fyrir þetta.

Hæstv. dómsmrh. benti á, að það hefðu komið fram ýmsir mjög miklir gallar á frv., sem merkir lögfræðingar hefðu samið. Þetta kann að vera. En er nokkur trygging fyrir því, þótt laganefnd sje sett á stofn, að fengjust svo fullkomnir lögfræðingar í hana, að ekki mundu finnast síðar missmíðar í þeim frv., sem hún undirbyggi? Hæstv. dómsmrh. kemur ekki auga á nema einn einasta. sem hann treystir. (**Dómsmrh.**: Jeg sagði það ekki. Jeg nefndi aðeins einn). Mjer skildist hann ekki treysta nema einum til að taka sæti í n. Það er vissulega of mikið vantraust á lögfræðingum landsins. (**Dómsmrh.**: Jeg sagði það ekki. Jeg tók hann sem einn af þeim færustu). Jeg held samt, að fleiri hafi tekið orð hæstv. ráðh. svo, að ekki væri um annan lögfæran mann að ræða. En jeg held nú, að marga ágæta lögfræðinga munum við eiga. Jeg veit, að þessi lögfræðingur, sem hæstv. ráðh. talaði um — þó að hann nefndi hann ekki á nafn —, er einn af allra bestu lögfræðingum landsins, þó að mál hans á frv. kunni ekki að hafa fallið í smekk sumra málfræðinga.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að hefja frekara málþóf um þetta mál.

**Jón Þorláksson**: Hæstv. dómsmrh. ásakaði íhaldsflokkinn í Nd. fyrir málþóf, en undantók nú þessa deild frá því. Jeg þori hreint að segja það, að ef einhver af andstæðingum þessa frv. hefði haldið ámóta langa ræðu og hæstv. ráðh. nú og vaðið út um alla heima og geima eins langt frá efninu og hann gerði, þá hefði hann kallað það málþóf hjá andstæðing sínum. Það er nú svona hjá hæstv. ráðh., að það er hægara fyrir hann að sjá flísina í auga bróður síns en bjálkann í sínu eigin auga.

Annars vil jeg nú segja það, að það hefir komið fram hjá fleiri ráðherrum en honum á þessu þingi, að þeim þótti það skemtilegra, þegar þeir sjálfir

voru í stjórnarandstöðu og gátu valið sjer umræðuefni og haldið langar ádeiluræður á andstöðustjórn, heldur en sitja nú og hlusta á upptalningu sinna eigin ávirðinga. En þetta mun nú vera mála sannast, að hafi orðið margar og langar ræður af hálfu Íhaldsflokksins í Nd. á þessu þingi, þá hafi legið til þess góð og gild rök. Fyrst og fremst var það, að þegar farið var í eldhúsið til þess að minnast á það, sem aflaga þótti hafa farið í stj. landsins síðastl. ár, þá entust ekki minna en fimm dagar, af því að það var svo margt og mikið, sem um þurfti að tala.

Svo þegar frv. stj. voru rædd í þinginu, þá hefir sannast að segja borið ákaflega mikið á því, að þessari hæstv. stj., sem nú situr að völdum, er þörf á svona nefnd, sem farið er fram á í þessu frv. — nefnd, sem getur haft það verkefni á hendi fyrir ráðherrana að koma hugsunum þeirra í frambærilegan búning fram fyrir þingið. Þessi nefnd hefir nú ekki verið til. Og það hafa þá aðrir — og þar á meðal andstæðingar stj. — orðið að taka að sjer það verkefni að sýna fram á, hverju áfátt er um frv. hæstv. stj. Hæstv. ráðh. nefndi sem dæmi, að sex þm. í Nd. hefðu gert að umtalsefni till. hans í 23. gr. fjárl. um það að heimila með ákvæði þar að kaupa til handa ríkinu prentsmiðju, sem vitanlega er sama sem heimild til ákvörðunar um að setja á stofn alveg nýtt ríkisfyrirtæki. Jeg veit ekki, hvort hæstv. ráðh. er orðið það ljóst ennþá, hve mikil óhæfa það var að forminu til, þó að maður fari ekki út í ágreining um efni þess, sem hann bar fram. Það, sem hann var að gera, var að setja heila og víðtæka og sjálfstæða löggjöf með ákvæðum í fjárlögum. Það er eitt af því, sem lögfræðingum bæði hjer og í nágrannalöndunum hefir hingað til komið saman um, að ekki megi nota fjárlög til þess að skjóta inn í þau almennri löggjöf. Það getur verið náttúrlega, að ef þessi lagan. hefði verið komin, að hún hefði forðað hæstv. dómsmrh. frá því að brjóta þarna þessa mikilvægu reglu. En jeg er ekkert viss um það. Því að það hefði sjálfsagt komið nokkuð mikið undir því, hve miklir þægðarmenn gagnvart þeirri ríku stj. þeir væru, sem ættu sæti í nefndinni.

Annars veit jeg ekki almennilega — og þarf að fá skýringu hjá hæstv. ráðh. —, hvað þetta umtal hans um málþóf kom við frv. því, sem liggur fyrir. Hann setti þetta tvent í svo náið samband hvað við annað, eins og hv. deild heyrði. Á að skilja það svo, að laganefndin eigi á einhvern hátt að koma í veg fyrir, að þm. haldi ræður svo sem þeim þykir þörf, ef þeirri stj., sem situr, þykir ræðuhöldin eitthvað óþægileg eða leiðinleg? Mjer skilst hljóta að vera eitthvert slíkt samband þarna á milli, svo framarlega sem hæstv. ráðh. hefir verið með rjettu ráði, þegar hann talaði um málþóf sjerstaklega í sambandi við þetta frv.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um missmíð á lagasetningu Englendinga. Jeg veit heldur ekki, hvað okkur kemur það mál við; jeg hefi a. m. k. ekki búist við því, að starfsvið n. ætti að ná inn í Parlamentið breska. Þá talaði hann um fyllirí fanganna í hegningarhúsinu hjer í Reykjavík. Ekki er mjer heldur ljóst, hvaða samband er

á milli þess og þessarar fyrirhuguðu nefndar, en sjálfsagt finst ráðh. það vera eitthvað.

Þá talaði hæstv. ráðh. um hegningarlög Dana. Jeg veit nú ekki betur en að lokið hafi verið undirbúningi í því máli utanþings og þingið mun hafa verið vel á veg komið með að afgreiða það, þegar nokkuð óvenjulegur atburður olli því, að það var rofið og varð að hætta störfum skyndilega.

Þá sagði hæstv. ráðh., að okkar löggjöf væri grautarleg. Jeg skal nú ekki neita því, að henni sje í ýmsu áfátt, og það virðist því miður svo, að ágallarnir fari vaxandi. Það datt af vörum hæstv. ráðh., að frv. væri lítil bót. Það var það sannasta og rjettasta, sem hann sagði í allri hinnu löngu ræðu sinni. (**Dómsmrh.**: Jeg sagði, að það væri vísir að vaxandi umbótum).

Jeg skil ekki, hvernig n. getur komist að með að vinna það aðgæslu- og eftirlitsstarf, sem hingað til hefir hvílt á ráðh. Þegar t. d. brtt. eru ekki lagðar fram fyr en í fundarbyrjun, eins og oft á sjer stað, veit jeg ekki, hvernig utanþingsmenn geta haft sín bætandi áhrif á orðalag þeirra. Hitt veit jeg, að sjerhvert lagafrv. heyrir undir einhvern ráðherranna og þeir eiga að vera við því búnir undir umr. að segja til, ef till., sem fram koma, eru í ósamræmi við önnur gildandi lög, o. s. frv. Jeg held, að samræmi milli hugsunar og forms lagafrv. fáist ekki nema þeir, sem bera þau fram, sjeu færir um að hugsa rjett sjálfir. Jeg vil taka til dæmis eitt frv., sem legið hefir fyrir þessari hv. deild, skólafrv. Um efnisákvæði þess hefir ekki verið verulegur ágreiningur, en þó hafa allmargar brtt. komið fram við það, sem samkomulag hefir náðst um, og snerta þær að miklu leyti formshliðina. Mjer er sem jeg sjái það gagn, sem orðið hefði af því að fleygja þessu frv. í þessa laganefnd, sem ekkert átti að hafa um efnið að segja, en aðeins formið. Jeg held, að slík n. geti ekki komið að neinum notum, nema þá að um einhverja sjerfræðilega lagasmíð sje að ræða, sem nefndarmenn hafa sjerþekkingu í.

Hitt get jeg skilið, að þetta getur orðið skálkaskjól fyrir þingflokka til þess að setja í ráðherrastól óhæfa menn, og sömuleiðis jafnvel skálkaskjól fyrir kjósendur til að senda á þing menn, sem ekki eru færir um að orða hugsanir sínar. Til þessa gæti auðvitað sumum komið vel að hafa laganefnd. Jeg held líka, að alment geti þetta orðið til þess, að þingmenn geri ekki eins strangar kröfur til sín sjálfra eins og þeir annars mundu gera.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að löggjöf okkar væri góð fyrir „Lommeprokuratora". Það er nú svo, að það er víða allgóður bithagi fyrir þá stjett manna, ekki hvað síst hjá núv. hæstv. stj. Í því sambandi má t. d. minna á það, að svo sem kunnugt er fann stj. ástæðu til að skifta um sýslumann í Barðastrandarsýslu, og við þá ráðstöfun hefi jeg í sjálfu sjer ekkert að athuga. En hæstv. stj. tókst að finna lögfræðilegan ráðunaut, sem ráðlagði henni að innheimta hjá fráfarandi sýslumanni allar ríkissjóðstekjur, sem tilfallið höfðu á því ári, þegar sýslumannaskiftin urðu, en voru eigi komnar inn þann dag, er skift var um.

Hann taldi sem sagt hæstv. stj. trú um, að fráfarandi sýslumaður ætti að standa skil á þeim öllum, jafnt því, sem óinnkomið var, þegar hann vjek úr embætti. Það er nú öllum ljóst, að það þarf meira en ljelegan „Lommeprokurator" til að ráða til þessa og meira en meðallagi vitgranna stj. til að láta telja sjer trú um slíkt. Vitanlega var það viðtakandi, en ekki fráfarandi sýslumaður, sem átti að gera skil fyrir og bera ábyrgð á þeim tekjum reikningsársins, sem óinnheimtar voru við embættismannaskiftin. Og hæstv. stj. gekk svo langt, að hún fór í mál, sem hún auðvitað tapaði að því er þetta atriði snertir. En hvað borgaði hún þessum „Lommeprokurator" sínum fyrir?

Þá fór hæstv. ráðh. þessu næst að hæla sjer af letigarðinum, sjerstaklega af því, hvað hann hefði fengið húsið ódýrt. Jú, ríkið komst þarna að svipuðum kaupum eins og húsabraskarar komast stundum. Það eignaðist hús, sem aðrir höfðu lagt fje sitt í að koma upp, án þess að greiða það fje, sem lagt hafði verið í það. Jeg skildi nú ekki heldur alminnilega, að hverju leyti þetta stendur í sambandi við laganefndina.

Þá talaði hæstv. ráðh. um húsgangshugsun og tilbúin og lánuð föt. Það er nú svo, að sumir kaupa sjer tilbúin föt vegna fátæktar, og við því er ekkert að segja, en aðrir af smekkleysi, og er það lakara. Jeg held, að þetta gæti passað nokkuð vel um laganefnd hæstv. ráðh. Jeg held, að þegar þm. koma til n. til þess að fá tilbúin föt handa hugsun sinni, þá muni þau ekki fara vel, einkum ef fata er ekki leitað af fátækt, heldur smekkleysi.

**Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson)**: Hæstv. dómsmrh. talaði um þetta frv. eins og hann vildi, að það væri, en jeg hefi talað um það eins og það er. Hann taldi upp ýmislegt, sem nefndinni væri ætlað að vinna, en jeg get ekki fundið í 2. gr. frv., en þar er starfsvið hennar ákveðið. Nefndin á að vera stj. og þingi til aðstoðar um samning lagafrv. og samræmd laga og annast um útgáfu lagasafnsins. En til dæmis „Codification" laga, sem hæstv. ráðh. talaði um, liggur alveg fyrir utan starfssvið n. eftir frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að okkar löggjöf væri úrelt og okkur vantaði lög um ýms efni. Þetta er satt í mörgu tilliti, en úr því getur n. ekki bætt eftir 2. gr. frv. Jeg held, að n. mundi a. m. k. mjög lítið bæta úr þeim ágöllum, sem á löggjöfinni eru, enda á hún ekki að eiga frumkvæði að lagasetningu.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að lögin væru á slæmu máli og ekki á sama máli og „Grágás". Jeg er nú alls ekki viss um, að almenningi nú á tímum gengi vel að skilja lögin, ef þau væru á Grágásar-máli. Jeg held, að hitt sje heppilegra, að hafa lögin á því máli, sem nú er rætt og ritað.

Það er nú ekkert undarlegt, þó hæstv. ráðh. líti öðruvísi á frv. en jeg, þegar þess er gætt, að hann talar um það eins og hann vildi að það væri, en jeg tala um það eins og það er.

Þá finst mjer koma fram mótsögn hjá hæstv. ráðh. í því, að ætla n. öll þau störf, sem hann hefir talið upp, en gera þó ráð fyrir jafnlitlum kostnaði við nefndarstörfin og hann gerir ráð fyrir. Það er alveg óhugsandi, að hægt sje að fá hæfa menn til svo mikils starfs með svo litlum launum.

Þá hjelt hæstv. ráðh. því fram, að með aðstoð þessarar n. mætti stytta þingtímann, en hv. 3. landsk. hefir nú sýnt fram á, að það getur ekki orðið. Eins hefir hv. 3. landsk. sýnt fram á það, að það er oft ómögulegt fyrir menn, sem ekki eru í þingsalnum, að hafa eftirlit með því, að ósamræmi komist ekki inn í lögin. Missmíði á lögunum stafa heldur ekki mest af getuleysi þm. til að semja þau svo í lagi sje, heldur miklu fremur af hinu, að þingið gefur sjer ekki tíma til að sinna löggjafarstarfinu eins og vert væri og flaustrar málunum af, af því að of mörg mál eru til meðferðar samtímis.

Þá fór hæstv. ráðh. óvirðulegum orðum um lögfræðingastjett landsins og taldi lítið liggja eftir hana. Jeg tel þetta alveg ómakleg ámæli. Hjer höfum við til skamms tíma ekki haft aðra lögfræðingastjett en embættismennina, og þeir hafa haft nóg að starfa í embættum sínum. Það var fyrst eftir að hjer var stofnaður lagaskóli og síðar háskólinn, að nokkuð bættist úr í þessu efni. En þeir menn. sem einhvers var að vænta frá, nefnilega lagakennararnir, áttu við þá erfiðleika að stríða, að allar kenslubækur voru fyrst á útlendu máli og gekk því fyrst allur tími þeirra í að semja þær á íslensku. Og á því sviði hefir mikið starf verið unnið á fáum árum. Það er því alls ekki lögfræðingunum að kenna, þó löggjöfinni sje áfátt.

Þá talaði hæstv. ráðh. sjerstaklega um hegningarlögin og taldi, að þau væru þriggja mannsaldra gömul. Þau eru frá 1869, eins og allir vita. Hegningarlög Dana eru frá 1866. Þeir byrjuðu að endurskoða þau um aldamótin, þrjár milliþinganefndir hafa unnið að þeim og þau hafa hvað eftir annað verið lögð fyrir þingið, og ef stj. í Danmörku situr út kjörtímabilið, má telja víst, að þau verði að lögum.

Ennfremur talaði hæstv. ráðh. um, að engin hegningarskrá væri til í stjórnarráðinu. Jeg veit ekki til, að í neinu ríki sje til ein hegningarskrá yfir alt ríkið, heldur sjerstök fyrir hvert lögsagnarumdæmi. Í stjórnarráðinu hjer er aðeins til skrá yfir sektaða togaraskipstjóra. Aftur á móti, þegar um almenn afbrot er að ræða, er ákærður yfirheyrður um, hvar hann hafa dvalið eftir 16 ára aldur, og þá fengið hegningarvottorð frá hlutaðeigandi yfirvöldum.

Hæstv. ráðh. vildi líkja laganefndinni saman við ráðgjafarnefndina og alþingishátíðarnefndina, en þær eru alls ekki sambærilegar. Ráðgjafarnefndin hefir haft mjög lítið að gera, en alþingishátíðarnefndin hefir mikið starf með höndum. Hinsvegar má búast við, að laganefndin, ef hún á að verða eins og hæstv. ráðh. hugsar sjer, fái enn miklu meira að gera en sú nefnd.

Hæstv. ráðh. þóttist hafa leyst hegningarhúsmálið, svo að það væri nú komið í gott horf. Jeg get ekki verið hæstv. ráðh. sammála þar; hegningarhúsið hefir verið lítið bætt síðan hann tók við, og a. m. k. þarf það mikilla umbóta við ennþá til þess að geta talist sæmilegur fangabústaður, einkum fyrir þá, sem dæmdir eru til langra hegninga.

Þá sagði hæstv. ráðh., að aðalatriðið fyrir sjer með skipun n. væri það, að hjer vantaði alla forsjá í löggjafarefnum, en eftir frv. því, sem fyrir liggur, er n. ekki ætlað neitt slíkt. Það var að

vísu upphaflega í stjfrv., en var felt í Nd. Starf nefndarmanna verður svo mikið og þeir verða svo bundnir, að enginn mun fást í n. fyrir þá borgun, sem hv. frsm. nefndi, hvað þá heldur þá borgun, sem hv. þm. Snæf. stakk upp á. Þessi n. á ekki að hafa forystu í löggjafarmálum eftir frv., og því síður að því er snertir úttökur refsinga.

Þá sagði hæstv. ráðh., að okkur vantaði sterka löggjöf. Þetta er rjett, en n. gæti ekki úr því bætt. Ennfremur gat hæstv. ráðh. þess, að fátæklingar keyptu tilbúin föt, sem oft færu illa, og líkti löggjöf okkar við það. Því ber ekki að neita, að við erum fátækir samanborið við aðrar þjóðir, og er því ekki tiltökumál, þó við stöndum þeim ekki á sporði bæði hvað fullkomna löggjöf og annað snertir.

Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti og horfast í augu við þann veruleika, að við erum fáir, fátækir og smáir, en margar eru þarfirnar, sem kalla að. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ófyrirgefanlegt, að við værum ekki búnir að byggja nýtt hegningarhús fyrir löngu, en hann gat þess ekki, að við höfum altaf haft nóg verkefni fyrir höndum. Það er t. d. ekki kominn ríkisspítali ennþá, og því verður ekki neitað, að það er engu síður nauðsynlegt að fá fullkomið sjúkrahús en að byggja nýtt hegningarhús. En það er ekki vegna þess, að menn hafi ekki sjeð nauðsynina á því að byggja hegningarhús, að það hefir ekki verið gert, og vitanlega er sjálfsagt að vinda eins bráðan bug að byggingu þess og auðið er og ríkissj. er talið fært. Það skilja allir þörfina, en forráðamenn ríkissjóðs hafa talið, að önnur verkefni væru fyrir hendi, sem væru meira aðkallandi.

Jeg hefi hvorki samfærst um það af ræðu hæstv. ráðh. nje ræðu hv. frsm. meiri hl., að það væri verjandi, hvað þá óumflýjanlegt, að bæta við hinn fjölmenna hóp starfsmanna ríkisins þrem mönnum, sem hlytu að verða hátt launaðir, og hefi jeg því ekki getað skift um fyrri skoðun mína við þessa umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 660 feld með 7:5 atkv.

4. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 538).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.

**nei:** JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins, IHB.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

## 22. Stjórn póstmála og símamála.

Á 31. fundi í Ed., 25. mars, var útbýtt:

**Frv. til. l. um stjórn póstmála og símamála** (þmfrv., A. 195).

Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Það liggja nokkur drög að því, að frv. þetta er hjer fram komið. Árið 1927 var í Nd. borin fram þáltill., þar sem skorað var á stj. að láta athuga, að hve miklu leyti væri framkvæmanlegt að sameina síma- og póststörf í landinu. Jeg veit ekki, hvort mikið var gert til þess að láta þá rannsókn fara fram fyrir þingið 1928. Þó vissi jeg, að upplýsinga var leitað t. d. hjá þeim mönnum, sem telja má, að sjeu þessum málum kunnugastir, aðalpóstmeistara og landssímastjóra. Skoðanir þeirra voru sundurleitar á þann hátt, að landssímastjóri taldi vel mögulegt að sameina þessi störf annarsstaðar en í stærstu kaupstöðum, en aðalpóstmeistari taldi ekkert því til fyrirstöðu að sameina þau alstaðar á landinu. Sem afleiðing af þessari málaleitun var það, að á þinginu 1928 var borið fram frv. um þetta hjer í deild. Það frv. miðaði einkum að því að sameina yfirstjórn póst- og símamála hjer í Reykjavík, og svo smám saman úti um landið, eftir því sem á stæði. Frv. var vísað til n. og nál. komu fram. N. klofnaði þannig, að meiri hl. lagði til, að frv. yrði samþ. með litlum breyt., en minni hl. vildi fella það, og færði það til, að frv. mundi ekki hafa fjárhagslegan sparnað í för með sjer, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Málið kom aldrei á dagskrá eftir þetta og dagaði á þann hátt uppi.

Í október síðastl. ár skipaði stj. n. til að rannsaka þetta mál og gera till. um það. Í n. voru valdir 5 menn, einn úr hverjum landsfjórðungi, og formaður skrifstofustjóri í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu. Stj. hafði afmarkað verkefni n. svo sem hjer segir:

1. Að athuga, hversu póstgöngum um landið verði hagað á sem ódýrastan en þó fullnægjandi hátt, og sje út frá því gengið, að ríkið starfræki tvö strandferðaskip.
2. Að athuga, hversu megi á sem víðtækastan hátt sameina starfrækslu síma og pósts víðsvegar um landið, og
3. Að bera fram tillögur um breyttar póstgöngur, síma- og póststöðvar á grundvelli þessarar athugunar.

Þetta frv. er bein afleiðing af störfum nefndarinnar. Niðurstöður hennar á þessu sviði verkefnisins eru hjer fram bornar í frv.formi. Hæstv. atvmrh. bað samgmn. þessarar d. að athuga frv. og komast að niðurstöðu um, hvort hún gæti ekki orðið ásátt um að flytja frv. hjer á þingi. N. hefir athugað frv., einkum í því augnamiði að taka ákvörðun um, hvort hún flytti það eða ekki. Kom þá í ljós, að aðeins 2 af þrem nm. vildu flytja frv., hv. 2. þm. S.-M. og jeg, en hv. þm. Snæf. var okkur ekki sammála í því efni. Þó má um hans stöðu segja, að hann er ekki beinlínis mótfallinn frv., enda þótt hann sæi ekki ástæðu til að gerast flm. þess.

Í frv. virðast einkum vera tvö breytingaratriði. Í fyrsta lagi það, að samkv. 1. gr. frv. skuli atv.- og samgmrn. hafa yfirstjórn allra póst- og símamála í landinu. Undir ráðuneytið heyra svo embættismennirnir hjer í Reykjavík, sem annars hafa hvor um sig yfirstjórn þessara mála að öðru

leyti. Það er ætlast til, að aðalpóstmeistari verði kallaður póstmálastjóri, sem er hliðstætt landssímastjóri. En aðalpóstmeistari hefir ekki að undanförnu heyrt undir ráðuneytið, heldur beint undir hlutaðeigandi ráðh. Hann hefir því haft nokkurskonar sjerstöðu við aðra hliðstæða embættismenn.

Í öðru lagi stefnir frv. að því að sameina póst og síma sem fyrst á öllum stærri stöðvum utan Reykjavíkur, og fyrra atriðið stafar fyrst og fremst af þeirri breytingu. En nú leiðir af þessu, einkum þar sem um meiri háttar stöðvar eða póstafgreiðslu er að ræða, að það gæti verið álitamál, hvort þessir tveir embættismenn gætu komið sjer saman um val á þeim, sem ætti að hafa á hendi bæði embættin. Það verður að velja menn, sem bæði hafa þekkingu á að starfrækja símann og annast um póstmálin. Nú segir í frv., að ef ágreiningur yrði um val á þessum manni, sker ráðuneytið úr, og verður það að teljast nauðsynlegt. Aftur á móti mun fyrir n. hafa vakað þrent í sambandi við síðari breyt. Í fyrsta lagi fjársparnaður, og á það einkum við um hinar stærri stöðvar í kaupstöðunum. Eins og sjá má á fskj. nr. II., sem fylgir frv., gerir n. ráð fyrir, að sparnaðurinn kunni að nema nálega 35½ þús. kr. á 30 stöðvum. Þetta er að vísu aðeins áætlun, og þó eiginlega ekki nema að nokkru leyti. N. gerir ráð fyrir að halda sjer við laun símastjóra eins og þau eru nú, svo að það, sem áætlað er, er sú viðbótargreiðsla, sem þyrfti að koma, bæði vegna aukinnar ábyrgðar og aðstoðar, sem þyrfti að bæta við. N. gerir ráð fyrir, að þeir, sem fengju þennan starfa, yrðu aðallega þeir, sem nú standa fyrir landssímastöðvunum, þar sem svo verður að álíta, að nauðsynlegri sje sjerþekking í rekstri síma en meðferð póstmála. Þetta þarf að vera lífvænleg staða fyrir þá, sem að henni vinna, en hún hefir hingað til verið mjög lágt launuð. En ef sameiningin kemst á, gæti þetta víða orðið fullnægjandi atvinna, svo að menn þyrftu minna að vinna í aukavinnu og gætu því sint þessu aðalstarfi þeim mun betur. Þá vakti það einnig fyrir n., að mjög væri hentugt fyrir almenning, einkum á hinum minni stöðvum, að hafa póststöð og símastöð á sama stað, því að oft stendur svo á, að menn eiga erindi samtímis í báðar stofnanirnar.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Þegar samskonar frv. lá fyrir í fyrra, var því vísað til fjhn., en þar sem hæstv. ráðh. hefir afhent samgmn. málið, lít jeg svo á, að það sje eiginlega komið í n., enda heyrir það ekki síður undir samgmn. en fjhn.

**Halldór Steinsson:** Út af síðustu orðum hv. frsm. vil jeg benda á, að máli þessu var vísað til fjhn. á síðasta þingi, og jeg verð að segja, að það er að öllu leyti miklu eðlilegra að vísa því til fjhn. en samgmn., því að þó að frv. fjalli um póst og síma, sem auðvitað verða að teljast til samgöngumála, fjallar það einungis um fjárhagshliðina. Og þó að meiri hl. samgmn. flytji frv. núna, er ekki endilega sjálfsagt að vísa því til þeirrar n.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil einungis þakka hv. meiri hl. samgmn. fyrir að flytja þetta frv. og hv. frsm. fyrir orð hans. Jeg hefi þar engu við að bæta. Hitt geri

jeg ekki að neinu kappsmáli, til hvaða n. því verður vísað, en það liggur í augum uppi, hvaða skoðun jeg hefi á því atriði, þar sem jeg hefi beðið hv. samgmn. fyrir frv. Ef hv. þm. Snæf. er því mjög mótfallinn, að málinu verði vísað til samgmn., hefði hann átt að benda á það strax, að jeg hefði farið nefndavilt.

**Halldór Steinsson:** Jeg vil benda á, að það er venja um öll mál, sem snerta fjárhag ríkisins meira eða minna, að vísa þeim til fjhn. Þó að þetta sje kallað samgöngumál, þá á það í raun og veru að fara til fjhn., en ekki samgmn.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg álít, að það sje ekkert aðalatriði, hvaða n. fjallar um þetta mál, heldur það, að málinu sje vísað til ákveðinnar n., sem í eðli sínu hafi rjett til að fjalla um það. Mjer þykir það leiðinlegt, ef málið skyldi lenda aftur til samgmn., að samverkamaður minn í n., hv. þm. Snæf., hefir mælt á móti því. Hinsvegar má geta þess, að þó að n. hafi athugað frv. til þess að taka ákvörðun um að flytja það hjer í hv. þd., þá hefir hún samt fullkomna aðstöðu og óbundnar hendur til þess að athuga frv. nánar og bera fram breyt. á því, ef henni sýnist. Annars geri jeg það að engu kappsmáli, hvaða n. fær þetta mál til meðferðar. En jeg lít svo á, að frv. sje nú í n., þar sem það er flutt af meiri hl. samgmn.

**Halldór Steinsson:** Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að þessu frv. verði vísað til fjhn.

**Jón Baldvinsson:** Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að frv. verði aftur vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 8:6 atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 399).

**Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):** Samgmn. hefir klofnað um málið. Meiri hl. hefir skilað nál. á þskj. 399, en minni hl. hefir enn ekki skilað áliti. Jeg hefi ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þann ágreining, sem klofið hefir n. Jeg er ekki vel kunnugur skoðun minni hl. á þessu máli, en jeg geri þó ráð fyrir, að hann leggi til, að frv. verði felt. Annars þykist jeg vita, að minni hl. samgmn., hv. þm. Snæf., muni færa fram ástæður fyrir sínu máli.

Við 1. umr. þessa máls hjer í hv. d. fór jeg nokkrum orðum um þetta frv. og þær breyt., sem jeg taldi í því felast frá núgildandi fyrirkomulagi. Það, sem jeg nú segi, verður því óhjákvæmilega að allmiklu leyti endurtekning af því, sem jeg hefi áður sagt um málið. En með því að jeg býst við, að fundið verði að ýmsum atriðum frv., eða jafnvel að frv. í heild, þá finst mjer bera nauðsyn til að tala nokkuð um það, sem frá mínu sjónarmiði er þungamiðja málsins.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sá embættismaður, sem nú nefnist aðal-

póstmeistari, en eftir frv. kallast póstmálastjóri, öðlist samskonar aðstöðu til ráðuneytisins og sá embættismaður, sem er honum hliðstæður, sem sje landssímastjóri. Báðir þessir embættismenn eru hinir æðstu í sínum greinum, og þar sem landssímastjóri stendur nú beint undir ráðuneytinu, þá virðist eðlilegast, að póstmálastjóri geri það líka. Jeg fæ ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess, að þessir tveir embættismenn hafi sína aðstöðuna hvor. Verkahringur þeirra er hinn sami hvors á sínu sviði, svo að sjálfsagt er, að þeir njóti báðir hinnar sömu aðstöðu til landsstjórnarinnar. Auk þess leiðir það beint af frv. sjálfu, að ráðuneytið þarf að hafa hina sömu aðstöðu til þessara tveggja embættismanna, því að þeir þurfa báðir í senn að gera till. um val á sama manni til þess að hafa á hendi póst- og símamál. Sjerstaklega verður slíkt nauðsynlegt, ef til ágreinings kæmi milli þessara tveggja embættismanna um valið.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir samskonar skipulagi á starfrækslu pósts og síma í Reykjavík eins og nú á sjer stað. Hjer í Reykjavík er vitanlega langmest að gera, fjölmenni mest og þar af leiðandi mest viðskifti. Og enda þótt sameining pósts og síma verði að mörgu leyti æskileg einnig hjer í Reykjavík, þá getur meiri hl. fallist á, að svo sje eigi gert, a. m. k. ekki að svo stöddu. Reynslan annarsstaðar gæti þá gefið um það bendingar síðar, hvort slíkt væri einnig fært hjer í Reykjavík. Fyrir þessu eru færðar þær ástæður sjerstaklega, að hjer mun ekki vera til húsnæði, sem leyfi, að öll þessi starfsemi fari fram í senn undir sama þaki, en slíkt væri að sjálfsögðu óhjákvæmilegt skilyrði fyrir sameiningunni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að þar, sem eru 1.—2. flokks símastöðvar og póstafgreiðsla, þá lúti hvorttveggja sömu yfirráðum, og að símastjórinn sje um leið póstafgreiðslumaður. Á þetta getur meiri hl. n. fallist og þykist sjá ýmsa ekki óverulega kosti á þeirri tilhögun. Í fyrsta lagi álítur n., að af þessu geti leitt sparnað allmikinn, sjerstaklega á stærstu stöðvunum. Ekki veit meiri hl. gerla, hverju sá sparnaður mundi nema, en álítur hann þó ekki óálitlegan. N. sú, sem undirbjó þetta frv. og samdi það, hefir giskað á, að á 30 stöðvum myndi sparnaðurinn nema 35 þús. kr. Hvort sú ágiskun er rjett, getum við ekki sagt um til fullnustu, en þó sýnist okkur, að þetta mundi láta nokkuð nærri lagi.

Í öðru lagi er meiri hl. algerlega sammála póst- og símamálanefndinni um það, að af þessari skipulagsbreyt. myndi að sjálfsögðu leiða verulega umbót á kjörum nauðsynlegra starfsmanna ríkisins á þessu sviði. Það verður að teljast mjög þýðingarmikið atriði. Svo sem kunnugt er, heyrast eigi ósjaldan háværar raddir um það, að laun starfsmanna ríkisins sjeu svo ljeleg, að tæplega sje viðunandi. Á það atriði skal jeg engan dóm leggja, en líklegt þykir mjer, að víða hafi kvartanir þessar við nokkur rök að styðjast. En það eitt er víst, að ríkinu mun verða um megn að bæta úr þessu til fullnustu, nema því aðeins, að sem mest verði færð saman þau störf, er þjóðfjelagið þarf að láta vinna. Þetta, sem í frv. ræðir um, er að vísu ekki nema lítið brot af öllu starfsmannakerfi ríkisins, en það er þó ótvírætt

spor í áttina og ætti að geta orðið til verulegra umbóta.

Í 4. gr. frv. eru settar reglur um laun hinna væntanlegu nýju embættismanna á 7 fjölmennustu stöðvunum. Þar er svo ákveðið, að 2 af þeim, stöðvarstjórinn á Akureyri og Seyðisfirði, skuli hafa 3500 kr. byrjunarlaun, og 4500 kr. þegar á líður. En á hinum fimm stöðvunum eru byrjunarlaunin 3000 kr., sem hækka upp í 4000 kr. Auk þessara launa reiknast þeim dýrtíðaruppbót sem öðrum embættismönnum ríkisins. Ennfremur skulu þeir hafa ókeypis húsnæði, ljós og hita. Jeg get nú ímyndað mjer, að einhver hafi út á þetta að setja og líti svo á, að laun þessara tveggja starfsmanna sjeu hærri en eðlilegt mætti teljast, t. d. að þeir hafi hærri laun en landssímastjóri. Þessu veitti n. athygli, en leit svo á, að hjer væri um ábyrgðarmeiri og fyrirferðarmeiri störf að ræða en áður hjá símastjórum úti um land, og þess vegna eðlilegt, að hlutfallið við aðra starfsmenn símans raskaðist. Hinsvegar sá n. ekki ástæðu til að koma fram með brtt. við launalögin, þótt svo kynni að virðast, að hlutföllin milli hinna einstöku starfsmanna röskuðust eitthvað.

Jeg hefi þá í stuttu máli bent á það helsta, sem í frv. þessu felst, og að síðustu vil jeg geta þess, að meiri hl. n. leit þannig á, að þau ákvæði, sem felast í niðurlagi 7. gr. frv., þar sem svo er að orði komist, að póstmálastjóraembættið komi í stað aðalpóstmeistaraembættisins og að núv. aðalpóstmeistari skuli halda þeim launum, sem hann hefir nú, á meðan hann gegnir póstmálastjóraembættinu, þá sje átt við þau laun, sem honum eru ákveðin í launalögunum. En þau eru samkv. launalögunum frá 1919 6000 kr., hækkandi upp í 7000 kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót. Meiri hl. n. leit því svo á, að þar sem talað er um laun aðalpóstmeistara, þá sje átt við þau laun, sem honum ber að lögum. Jeg segi, sem honum ber að lögum, af því að núv. aðalpóstmeistari hefir persónulega launauppbót, sem honum mun hafa verið ákveðin 1920, að upphæð 4000 kr. Um uppbót þessa vil jeg ekkert fara að ræða, að öðru leyti en jeg vildi geta þess, að þessi er skilningur meiri hl. n. á niðurlagi 7. gr. frv.

Eins og kunnugt er, hefir engin brtt. komið fram við frv. þetta, og leggur meiri hl. n. því til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

**Erlingur Friðjónsson:** Það væri ef til vill rjett að lofa hv. minni hl. n. að taka til máls, áður en óbreyttir liðsmenn kveðja sjer hljóðs. (**Forseti:** Það hafði enginn annar kvatt sjer hljóðs). Það er aðeins örlítið, sem jeg vildi segja um frv. þetta, og þá sjerstaklega að því leyti, sem það lýtur að Akureyri. Eins og sjá má af skýrslum þeim, sem prentaðar eru með frv. þessu, er afgreiðsla pósts og síma á Akureyri langumfangsmest af þeim stöðum, sem talað er um, að sameining þessara starfa geti átt sjer stað. Þá hefi jeg líka tekið eftir því, að n. sú, sem um mál þessi fjallaði í vetur, hefir áætlað sparnaðinn með sameiningu þessara mála á Akureyri rúmar 2000 kr. En það leynir sjer ekki, að henni hefir þar sjest yfir einn póst, sem er ljós og hiti, símakostnaður og

annar skrifstofukostnaður, sem nemur 1600 kr. Verður sparnaðurinn af sameiningunni því ekki nema tæpar 500 kr. Verði nú að því horfið að sameina póst- og símamálin á Akureyri, og vinnist ekki meira við það en þessar 500 kr., þá gæti jeg búist við, án þess þó að jeg viti það með fullri vissu, að Akureyringar yrðu ekki neitt spentir fyrir að fá þessa sameiningu. Ræð jeg það af því meðal annars, að hvort þessara starfa út af fyrir sig mun vera fullkomið starf fyrir einn mann. Líka hefir borið á því, að okkur þarna norður frá hefir ekki þótt afgreiðslan á símastöðinni þannig, að á stöðina væri bætandi meira starfi. Er því ekki nema eðlilegt, að menn væru ragir að leggja póstmálin líka þar undir, nema þá því aðeins, að skift yrði um forstöðumanninn. Annars virðist mjer rjett að taka það fram hjer, að stjórn símamálanna á Akureyri er ekki talin í sem bestu lagi; er sumt starfsfólkið við símann þannig, að mínu áliti, að það myndi hvergi vera notað til slíks starfa hjá einstökum mönnum. Og þó að meiri hl. starfsfólksins sje að vísu ágætt fólk, þá virðist hitt alveg ólíðandi, að hafa við slík ríkisfyrirtæki fólk, sem er með öllu til vansæmdar fyrir stofnunina, enda þótt fátt sje. Jeg vildi láta þessi fáu orð fylgja frv., þó að jeg greiði því atkv., a. m. k. til 3. umr., til þess fyrst og fremst að vekja athygli á því, að verði sameining þessi framkvæmd á Akureyri, þá sje þar um mjög erfitt starf að ræða, sem verði að skipa meira en meðalmann í, ef hann á að geta annað því. Jeg mun nú, enda þótt jeg sje dálítið hugsandi út af sameiningu þessara mála á Akureyri, ekki spyrna á móti henni, ef jeg fæ vissu fyrir því, að góður maður verði látinn taka við starfinu.

**Halldór Steinsson:** Jeg hefi ekki skrifað neitt nál. fyrir minni hl. n. En jeg skal taka það fram, að jeg er mótfallinn frv. þessu, og það af ýmsum ástæðum. Eins og kunnugt er, hefir slík sameining, sem hjer er farið fram á að lögbjóða, þegar farið fram á nokkrum stöðum og gæti það framvegis án þess að lagaboð kæmi til. Auk þess virðist mjer frv. þetta hvorki vera fugl nje fiskur, þar sem aðeins á að taka nokkra kaupstaði út úr til þess að sameina þessi störf í, en láta t. d. það skipulag þessara mála, sem nú er, haldast hjer í Reykjavík. Ef gera ætti slíka breyt., virtist mjer, að hún ætti að vera miklu yfirgripsmeiri, ná yfir stærra svið en gert er ráð fyrir í frv.

Að því er snertir einstakar gr. frv., þá er jeg sjerstaklega mótfallinn launaákvæðunum, þar sem t. d. er ætlast til, að þessir nýju embættismenn hafi hærri laun en landssímastjórinn sjálfur. Slíkt misrjetti verð jeg að telja alveg óviðeigandi. Þá er jeg og alveg á andstæðri skoðun við hv. frsm. meiri hl. um það, að þessar nýju stöður, t. d. á Akureyri og Ísafirði, sjeu ábyrgðarmeiri en sjálft landssímastjóraembættið. Mjer virðist nefnil. enginn vafi geta leikið á því, að embætti landssímastjóra sje eitt með allra ábyrgðarmestu embættum ríkisins, þar sem á honum hvílir stjórn allra símamálanna. Sá maður, sem því embætti gegnir, á því að hafa hærri laun en undirmenn hans. Að þessu athuguðu legg jeg til fyrir hönd minni hl., að frv. þetta verði felt.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Aðeins örfá orð. Þegar jeg kom inn í deildina, heyrðist mjer hv. þm. Ak. vera eitthvað að víkja að starfrækslu landssímans á Akureyri, og skildist mjer helst, að hann hefði borið fram einhverjar kvartanir, en jeg minnist þess ekki, að til ráðuneytisins hafi komið neinar kvartanir um starfrækslu símans á Akureyri. (**EF:** Mætti jeg biðja hæstv. ráðh. að lesa ræðu þá, sem jeg flutti áðan, þegar hún verður lögð fram?). Það skal jeg gera. En álíti hv. þm., að um miklar misfellur sje að ræða að því er snertir starfrækslu símans á Akureyri, þá býst jeg ekki við, að hann telji eftir sjer að rita ráðuneytinu brjef um þær, til þess að úr þeim væri þá hægt að bæta.

Hv. þm. Snæf. lagðist á móti frv. þessu, en alls ekki með neinum ákafa eða þunga, enda voru ástæður þær, sem hann bar fram gegn því, mjög ljettvægar. Hann sagði, hv. þm., að sameining sú, sem hjer er gert ráð fyrir, væri aðeins á nokkrum stöðum. En sannleikurinn er sá, að það er gert ráð fyrir henni á öllum stöðum, þar sem hún getur komið til greina, nema hjer í Reykjavík. En eins og sakir standa, er ekki gert ráð fyrir, að afgreiðsla síma og pósts verði framvegis í sama húsinu hjer. Myndi því lítill sem enginn sparnaður verða við sameiningu þessara mála hjer. Annars býst jeg við, að það hafi verið launaatriðið, en ekki skipulagið, sem aðallega hefir knúð hv. þm. til þess að leggjast á móti frv. þessu. En þar sem nú það stendur fyrir dyrum, að endurskoða launakjör embættismanna mjög bráðlega, vænti jeg, að hv. þm. sjái, að um ósamræmi í þessum efnum getur ekki verið lengi að ræða.

**Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):** Hv. þm. Ak. mintist á, og það rjettilega, að sameining sú, sem hjer er um að ræða, gæti valdið nokkrum örðugleikum á Akureyri. Út af þessum ummælum hv. þm. skal jeg geta þess, að bæði póstmálanefndin og meiri hl. samgmn. líta alveg eins á þetta atriði. Þær telja, að sameining póst- og símamála á Akureyri muni reynast örðugust. Þess vegna geri jeg ráð fyrir, að Akureyri verði sá staður, þar sem lengst verður dregin sameining þessara mála, því að gert er ráð fyrir, að hún muni dragast sumstaðar. Og í 3. gr. frv. er ráðuneytinu veitt heimild til þess að gera undanþágur með sameiningu á þeim stöðum, þar sem sýnilegt er, að sameiningin verði dýrari, enginn fáist í embættið, eða af öðrum ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Þá benti hv. þm. á, að gleymst hefði hjá póstmálanefndinni einn útgjaldaliður við póststofuna á Akureyri, sem sje ljós og hiti. Um þennan lið held jeg, að það hafi yfirleitt gilt að undanförnu, að póstmeistarar og póstafgreiðslumenn hafa goldið þetta sjálfir, en þó má vera, að undantekning hafi verið á Akureyri hvað þetta snertir. Annars ættu þessir menn ekki að standa ver að vígi að gera þetta framvegis, þegar þeir hafa fengið hærri laun en áður.

Hv. þm. Snæf. færði fram nokkrar ástæður gegn frv. þessu. Á sumar þeirra hefir hæstv. forsrh. minst, og þarf jeg því ekki að segja neitt um þær hjer. Þó vildi jeg leiðrjetta mis-

skilning, sem kom fram hjá hv. þm., þar sem hann sagði, að jeg hefði talið störf hinna nýju starfsmanna miklu ábyrgðarmeiri en landssímastjóraembættið. Þetta voru alls ekki mín orð, heldur sagði jeg, að þau yrðu ábyrgðarmeiri en samskonar störf hafa verið, þ. e. stöðvarstjórastöðurnar á símastöðvunum á sömu stöðum, og gætu því eðlilega komist í ósamræmi við störf símamanna yfirleitt um launakjör.

Hvað launaatriðið snertir, þá lít jeg á það eins og hæstv. forsrh., að enda þótt dálítið ósamræmi kunni að verða á launum við þessi nýju störf og t. d. landssímastjóraembættið, þá þurfi það ekki að verða mönnum neinn þyrnir í augum, þar sem endurskoðun launalaganna stendur fyrir dyrum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8:3 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:5 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 195).

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 65. og 66. fundi í Nd., 10. og 11. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 13. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 195, n. 570, 592).

**Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson):** Frv. þetta er samið af póst- og símamálanefndinni og hefir farið óbreytt í gegnum hv. Ed.

N. er að ýmsu leyti ósamþykk um efni frv., en meiri hl. hennar telur þó rjett, að það verði að lögum. Einstakir nm. eru þó óbundnir um atkv. gagnvart b. t., sem fram kunna að koma. N. hefir haft tækifæri til að tala við póstmeistara og landssímastjóra. Af þeim umræðum og öðrum, sem fallið hafa um þetta mál, virðast það vera 4 atriði í frv., sem helst valda ágreiningi. Vil jeg nú fara nokkrum orðum um hvert þessara ágreiningsatriða.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að póstmálastjóri og landssímastjóri standi undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu. Í þessu efni er engin breyt. frá gildandi lögum um afstöðu landssímastjóra. Aftur á móti hefir aðalpóstmeistari síðan 1919 staðið beint undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og ráðuneytinu þannig kipt burt sem millilið. Þegar þessi breyt. var gerð, var færð sú ástæða fyrir því, að sjálfstæði landsins krefðist slíkrar skipunar á póstmálum vorum.

Nú hefir, mjer vitanlega, ekkert komið fram, sem sanni, að sú ástæða hafi verið á rökum bygð. Önnur ástæða, sem líka var færð fyrir þessari breyt., var sú, að svo væri háttað stj. póstmála annara þjóða, t. d. hefðu allir flokkar í Danmörku komið sjer saman um þetta fyrirkomulag 1917. Nú er á það að líta, að stjórnarstörf hinna stærri þjóða eru mikið meira aðgreind en okkar, t. d. hafa Danir 12 ráðherra, en við aðeins 3. Það virðist því ekkert óeðlilegt við það, þó stjórnarskrifstofurnar sjeu líka minna aðgreindar hjer en þar. Enda hefir landssímastjóri, vegamálastjóri og vitamálastjóri ætíð staðið undir atv.- og samgöngumrn., og hefi jeg ekki heyrt, að það hafi valdið neinum óþægindum í framkvæmdinni. Jeg vil líka benda á það, að samkv. því er ætlast til, að sameinuð verði starfræksla pósts og síma alstaðar á landinu utan Reykjavíkur, þar sem 1. og 2. flokks stöðvar eru, og að stj. veiti þessar stöður að fengnum till. póstmálastjóra og landssímastjóra. Virðist þá sjálfsagt, að þessir tveir embættismenn hafi sömu aðstöðu til ráðuneytisins. Því hefir og verið haldið fram, að það fyrirkomulag, sem verið hefir á stj. póstmálanna síðan 1919, komi í veg fyrir óþarfa skriffinsku, og í því efni vísað til reynslu annara þjóða. En hjer er engu saman að jafna.

Póstmálastarfsemi hinna stærri þjóða er svo yfirgripsmikil, að sumstaðar er jafnvel sjerstakur póstmálaráðherra. Í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum, verðum við að sætta okkur við annað og ófullkomnara skipulag en hinar stærri þjóðir hafa ráð á.

Önnur ástæðan, sem hefir verið færð gegn frv., er sú, að óþarft sje að setja lög um sameiningu pósts og símastarfa úti um land, af því að stj. hafi heimild til að sameina þessi störf þar, sem hentugt þykir.

Stj. hefir að vísu heimild til að sameina starfrækslu pósts og síma þar, sem það þykir hentugt. Aðalpóstmeistari og landssímastjóri eiga að ráðgast um það samkv. núv. fyrirkomulagi, þegar önnurhvor staðan losnar, hvort heppilegt muni að fela einum manni bæði störfin. Sameining gæti með þessu móti komist á á löngum tíma, *svo framarlega sem þessir tveir menn hafa vilja á að bera fram till. um það, þegar stöðurnar losna*, en þess munu dæmi, að um þetta hafi ekki verið hirt, og jeg geri ráð fyrir, að þessi sameining ætti langt í land, ef því fyrirkomulagi verður haldið, sem nú er um þessi mál.

Þá er því haldið fram, að ástæðulaust sje að sameina þessi störf nema um einhvern beinan sparnað verði að ræða. Póstmálanefndin er þó á annari skoðun, því hún leggur til að sameina þessi störf þar, sem ekkert sparast við sameininguna, ekki síður en á hinum stöðunum, þar sem hún gerir ráð fyrir beinum sparnaði. Þetta álít jeg líka rjett. Það ber að líta á fleira í þessu sambandi en beinan sparnað. Launakjör flestra þessara starfsmanna eru víðast svo slæm, að störfin verða að vera hjáverk manna, sem alt aðra atvinnu stunda. Svo er það nálega alstaðar á minniháttar póstafgreiðslum og símastöðvum. Nú heyrast háver-

ar raddir um endurskoðun launalaganna frá embættis- og starfsmönnum ríkisins. Og við vitum allir, að sú endurskoðun hlýtur að hafa í för með sjer stórfeld aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Nú eru fleiri starfsmenn í þjónustu ríkisins en þeir, sem eru í launalögunum, og jeg geri ráð fyrir, að eigi verði frekar komist hjá að bæta kjör þeirra, þar á meðal póst- og símamannanna víðsvegar um landið; a. m. k. virðist sú stefna, sem nú er ríkjandi í því efni hjer á þinginu, benda í þá átt. Þetta er hægt að gera á tvennan hátt. Annaðhvort að láta störfin vera í höndum tveggja manna, eins og nú er víðast hvar, og hækka laun beggja, eða hitt, að fela sama manni bæði störfin og greiða fyrir hæfilega þóknun. Jeg efast ekki um það, að verði síðari leiðin valin, eins og lagt er til í þessu frv., þá muni ríkissjóður komast af með stórum minni launagreiðslur til þessara manna en annara, ef skifta ætti störfunum milli tveggja. Þetta er þá hagsmunamál fyrir báða, ríkissjóð og starfsmennina, því á þennan hátt gætu starfsmennirnir búið við sæmileg launakjör, og ríkissjóði mundi ljettara að gera viðunanlega við einn mann en tvo. Þetta álít jeg stærsta atriðið í þessu sameiningarmáli, og með þessu er bent á leið, sem sjálfsagt virðist að taka til athugunar, þegar launalögin verða endurskoðuð, og rannsaka á fleiri sviðum en þessu, hvort ekki muni hægt að sameina skyld störf meira en nú er gert, til þess að skapa starfsmönnum ríkisins sæmileg kjör, án þess að auka launagreiðslurnar til muna frá því, sem nú er. Jeg tel því fyllilega rjettmætt að sameina póst- og símastörf, þó að um engan beinan sparnað væri að ræða, og þess heldur, þar sem gert er ráð fyrir, að það muni hafa í för með sjer talsverðan beinan sparnað.

Sparnaðaráætlunin byggist á því, að einn maður muni betur settur með minni launaupphæð en launin eru nú samanlögð handa tveimur, vegna þess að hann geti notað sama húsnæði fyrir bæði störfin og að nokkru leyti sama mannafla; a. m. k. er óhætt að gera ráð fyrir því á smærri stöðunum.

Því hefir verið haldið fram, að sparnaðaráætlun sú, er frv. fylgir, muni ekki standast; jeg býst við, að ýmsir erfiðleikar sjeu á því að gera áætlun um launagreiðslur á þessum grundvelli svo úr garði, að hún raskist ekki eitthvað, þegar til framkvæmdanna kemur. En jeg get upplýst það, að sumstaðar er farið eftir upplýsingum frá kunnugum mönnum og launin ákveðin eftir því, hvað þeir teldu sjer hæfilega greitt fyrir þessi störf; og jeg tel það víst, að ekki muni standa á mönnum að taka þessi störf að sjer fyrir þau laun, sem n. hefir ákveðið.

Þá er fjórða atriðið, sem fundið er frv. þessu til foráttu, að sumum stöðvarstjórum úti á landi sjeu ætluð hærri laun en landssímastjóri hefir samkv. launalögunum. Bendir þetta á, að n. hafi a. m. k. sumstaðar farið varlega í sparnaðaráætlun sinni, þó hitt kunni að vera, að einhversstaðar sje of lágt reiknað. En óviðfeldið er að heyra því slegið föstu, að sparnaðaráætlunin sje of há, þar sem launin eru sett hærri en rjett er. Því að ef launin væru óþarflega há, mætti lækka þau, og við það myndi sparnaðurinn að sjálfsögðu aukast, en ekki minka.

Póstmálanefndin taldi vafasamastan

hagnað af sameiningu á Akureyri, vegna þess hvað störfin eru þar umfangsmikil, en áætlar þó nokkurn sparnað, ef sameinað yrði. Póstmeistarinn á Akureyri hefir upplýst með brjefi til aðalpóstmeistara, að af þeim 4 þús. kr., sem n. telur skrifstofukostnað póststofunnar, hafi aðeins 2400 kr. farið til aðstoðarmanns en 1600 kr. fyrir hita, ljós, ræstingu og símaleigu. Til aðstoðar við hið sameinaða embætti hefir póstmálanefndin áætlað 5000 kr. — Það má sjálfsagt um það deila, hvort hjer er nægilega áætlað fyrir aukinni aðstoð, ef dregið er frá fyrir ljósi og hita, eins og áður hefir verið. En með sameiningu embætta er stefnt að því að greiða hærri laun fyrir aukin störf; og vilji forstjórinn ekki leggja á sig þessi störf, getur hann varið launahækkuninni til þess að kaupa sjer aðstoð fyrir. Því er oft slegið föstu, að embættismenn þjóðarinnar verði að vinna ýms. störf utan embættisins til þess að auka tekjurnar, en ekkert er eðlilegra en að þessi auknu störf sjeu við embættið sjálft. Póstmálanefndin hefir gert ráð fyrir um 2 þús. kr. sparnaði á sameiningu á þessum störfum á Akureyri; en þó að ekkert sparaðist við hana, þá álít jeg jafnrjettmætt að sameina störfin þar, af sömu ástæðu og jeg gat um áður. Með endurskoðun launalaganna er ekkert líklegra en að hækkuð verði laun beggja þessara manna, sem ríkissjóður myndi sennilega komast hjá, ef störfin yrðu nú sameinuð, ekki síst ef varið yrði til þessa embættis jafnmiklu og nú er varið til pósts og síma á Akureyri. Tel jeg þetta mikil meðmæli með þessu breytta fyrirkomulagi, þó að ekkert sparist fyrst í stað.

Þá eru nokkur önnur smærri atriði, sem færð hafa verið gegn því, en sem skifta minna máli og ættu ekki að valda verulegum ágreiningi. Vil jeg þar til nefna fyrst, að forstöðumaður póstmálanna er nefndur póstmálastjóri, í staðinn fyrir aðalpóstmeistari. Þetta er í fullu samræmi við heiti annara forstjóra, t. d. landssímastjóri, vegamálastjóri, fræðslumálastjóri o. s. frv., og virðist mjer það vel fara. Annars er þetta svo lítið atriði, að jeg nenni ekki að eyða orðum að því. En fyrir nafnið eitt er ekki ástæða til að þvæla frv. milli deilda.

Þá er og því haldið fram, að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv. um greiðslu á aðstoðarfje vegna póstafgreiðslunnar, sje ekki heppilegt. Ráðuneytið á að ákveða þeim skrifstofufje eins og tíðkast um skrifstofufje sýslumanna. Því er haldið fram, að stöðvarstjórarnir muni freistast til að nota of lítinn mannafla við störfin og græða þannig sjálfir á kostnað afgreiðslunnar. Þetta hygg jeg, að sje mjög veik ástæða, enda hefir ekki borið á því, þar sem nú er sameinað, að starfrækslan væri verri þar en annarsstaðar, þar sem ekki er sameinað.

Að endingu vil jeg taka það fram, að eitt af veigamestu meðmælum með þessu frv. er það, að þar, sem sameinað hefir verið starf pósts og síma, virðist fullkomin ánægja vera ríkjandi með það fyrirkomulag, og jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þeir, sem hafa þessi störf með höndum, muni ekki kæra sig um, að störfin yrðu aðgreind aftur. Ætti það að vera

ljós bending um það, að þeir telja sig betur launaða með þessu fyrirkomulagi heldur en því, sem áður var.

Jeg held það sje svo ástæðulaust að hafa fleiri orð um þetta, a. m. k. þangað til hv. minni hl. hefir gert grein fyrir sinni aðstöðu.

Jeg verð að taka fram, að það, sem jeg hefi sagt um þetta efni, ber ekki að skoða sem lýsingu á skoðun þeirra meðnm. minna, sem skrifuðu undir nál. á þskj. 570 ásamt mjer. Jeg verð að standa sjálfur fyrir því, þó að þeir að öðru leyti telji rjett að samþ. frv. eða a. m. k. þau aðalatriði, sem frv. hefir að geyma.

Jeg ætla svo að láta þetta nægja, þar til hv. minni hl. hefir látið í ljós sína skoðun í málinu.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er misskilningur hjá hæstv. forseta, að jeg sje frsm. minni hl. Svo stóð á, að þegar áliti hv. meiri hl. var útbýtt, var málið jafnskjótt tekið á dagskrá, og við minnihl.menn — ef hægt er að orða það svo, sbr. afstöðu n. til þessa máls — höfðum alls ekki tíma til þess vegna fundaanna að skrifa nál. Jeg bjóst við, að málið mundi þá þegar koma fyrir, og þess vegna hefi jeg ekki komið með neitt nál.

Annars held jeg satt að segja, að enginn hv. nm. vilji samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Jeg held, að þeir, sem hafa skrifað undir nál. með hv. frsm., og eins og sjá má báðir með fyrirvara, vilji báðir gera breyt. á frv. Jeg veit ekki betur en þeir hafi óbundnar hendur um það, að hallast að brtt., sem fram kynnu að koma. (**HJ:** Jeg tók það fram).

Það er nú svo, að þetta frv. er það fyrsta, sem fram kemur sem árangur af starfi þeirrar n., sem sett var af ríkisstj. til að athuga póst- og símamál landsins. En ef af líkum má ráða, — eftir því langa áliti, sem hjer birtist, þá mun ekki staðar numið, heldur mun n. skila fleiri slíkum frv. Og jeg vildi óska, að þau frv., sem seinna kynnu að koma fram frá n. hendi, væru ekki jafnlítilfjörleg og jafngölluð eins og þetta, sem stafar sjálfsagt að mestu leyti af ókunnugleika þessara manna, sem um málin hafa fjallað. Fyrsta frv. n. er um yfirstjórn póst- og símamála, en svo undarlega bregður við, að n. var alls ekki falið að athuga eða gera till. um þetta efni, eins og sjá má á erindisbrjefi hennar á þskj. 195.

Um aðalforstjórn þessara mála samkv. till. n. er skemst af að segja, að báðir þeir forstjórar, sem nú eru, leggja á móti þeim till., af þeim ástæðum, að þeir telja miklu vafsturssmeira og kostnaðarmeira, að þeir standi undir atvmrn. heldur en beint undir ráðh. Það er nú svo, að samkv. lögum frá 1907 á landssímastjóri að heyra undir atvmrn., en núv. landssímastjóri hefir svo að segja í öllum tilfellum ráðfært sig og borið mál sín beint undir ráðh. sjálfan. Og með því telur hann, að sparast hafi ekki svo lítið fje, auk þess sem öll afgreiðsla málanna gengur miklu fljótar. Aðalpóstmeistari hefir frá 1919, að við fengum sjálfstjórn í póstmálum, staðið beint undir ráðh. Og það er ósk beggja þessara forstjóra, að svo verði áfram.

Póstmálan. átti tal við þessa forstjóra, en ekki er hægt að segja, að hún hafi leitað álits þeirra um þetta mál. Þeir mættu á fundi, annar svo

sem hálftíma og hinn eitthvað lengur. Engin skjöl gengu á milli og ekkert skriflegt, svo að varla er hægt að segja meira en það, að þeir hafi verið spurðir lauslega um álit þeirra. Og landssímastjóri legst eindregið á móti till. n., og aðalpóstmeistari sömuleiðis að því er stærstu póstafgreiðslurnar snertir. Hitt var hann alveg sammála póstmálan. og samgmn. Nd. um, að sameina ætti póst- og símaafgreiðslu á smærri stöðum öllum utan kaupstaða, en til þess þarf ekki ný lög, því að þessir starfsmenn eru ekki skipaðir af ráðh., heldur ráðnir af póstmeistara á þann hátt, að segja má þeim flestum upp með 3—6 mánaða fyrirvara. Það er ekki nema sjálfsagt að sameina slík störf, þar sem þau eru svo umfangslítil, að einum manni er ekki ofvaxið að inna þau af hendi.

Það, sem sjerstaklega virðist hafa vakað fyrir póstmálan., eru þægindi viðskiftamannanna, ef þetta hvorttveggja væri undir sama þaki, enda talaði hv. frsm. allmikið um það. Þó er þetta svo lítilfjörlegt atriði, að varla er vert að taka til greina. Víðast munu pósthús og símastöðvarhús í kaupstöðum vera nálægt hvort öðru, en hinsvegar munu húsakynni þessara stofnana ekki svo stór, að þau rúmi báðar starfsgreinar undir sama þaki. Það er aðeins á Siglufirði, Ísafirði og Akureyri. Í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og á Seyðisfirði er engin slík bygging, sem getur tekið báðar þessar starfsgreinar.

Eins og menn hafa sjálfsagt sjeð, er nál. póstmálan. ákaflega lítið rökstutt. Þeir setja fram tölur seinast í nál. og segja: Svona á þetta að vera og þetta á að borga. En þeir bera ekki við að upplýsa, hve marga starfsmenn þurfi á hverjum stað, enda munu þeir ekki hafa leitað álits neinna starfsmanna á þessum stöðum. Þetta er m. a. bert af brjefi póstmeistara á Akureyri.

Nú er það vitanlegt, að á þeim pósthúsum, þar sem viðskiftin eru beint við útlönd, er mikið að gera. Þar eru svo margbrotin störf, að það er alls ekki hægt að búast við, að þau verði vel rækt, nema æfðir menn með fullri þekkingu vinni að þeim. Í öðrum löndum þykir það miklu skifta að hafa æfða póstmenn, þegar skift er við útlönd. Í Danmörku munu ekki vera nema 2—3 pósthús, sem hafa erlend viðskifti á hendi; hin öll verða að senda til þeirra. Nú þegar við fengum sjálfstæði okkar, komumst við í beint samband við útlönd, höfum gert samninga við fjölda ríkja um bein póstviðskifti, og er okkur afarnauðsynlegt, að öllum settum reglum og fyrirmælum, sem í samningum standa ríkja á milli, sje fylgt. Hinsvegar er líka öllum vitanlegt, að það er ekkert vit í að setja þá við símstöðvarstjórn, sem ekki bera skynbragð á ritsíma- og talsímanotkun og meðferð og starfrækslu þeirra.

Það eru nú þegar til lög um sameiningu pósts og síma á Ísafirði og Akureyri, og af hverju hafa þau ekki verið framkvæmd, ef menn hafa annars trú á, að rjett sje að sameina þar? En jeg get búist við, að ef frv. þetta verður samþ., verði þessi nýja skipun gerð á öllum stöðum nú þegar og fengnir prestar utan af landi eða þá samvinnuskólapiltar í embættin. Jeg held

það væri betra að byrja smátt og sjá, hvernig gengur, heldur en taka alt í einu. Á sumum stöðum er sameining auðveld, svo sem Borðeyri; þaðan er enginn aukapóstur, engin bein viðskifti við útlönd og engar brjefhirðingar heyra undir Borðeyri. Á Siglufirði er heldur enginn aukapóstur og fáar eða engar brjefhirðingar. En á Ísafirði, þar sem 14 aukapóstar liggja undir embættið og — að jeg held — einar 20 brjefhirðingar, er starfið orðið dálítið umsvifameira. Frá Borðeyri fer ekki ein einasta sending til útlanda, svo að ekki þarf sjerfróðan mann til þess að starfrækja þar póstafgreiðslu. Það er fljótlegt að læra að meðhöndla innanlandssendingar, en útlendar ávísanir, verðsendingar og ýmislegt annað er vandameira að afgreiða. Og það er ekki forsvaranlegt að setja menn í það starf, sem ekki hafa fulla þekkingu á því. Það verður að muna, að peningaábyrgðir eru ekki orðnar neitt smáræði hjá sumum póstmeisturum úti um land. Gegnum Ísafjörð fara árl. 4 milj. póstsendinga. Innborgaðar ávísanir innlendar voru á síðasta ári 673 þús. kr. og útborgaðar 410 þús. Erlendar ávísanir voru innborgaðar 79 þús. kr. og útborgaðar rúm 10 þús. kr. Alls var umsetningin á pósthúsinu á Ísafirði um 1170000 kr.

Það má því nærri geta, að sá maður, sem á að veita þessu embætti forstöðu ásamt stöðvarstjóraembættinu, hann muni ekki geta tekið þá ábyrgð á sig nema hann fengi sjer til aðstoðar ábyggilegan og þaulæfðan póstmann, sem hann þyrfti þá að launa vel. Eftir mínum kunnugleika er jeg sannfærður um, að til þess að starfrækja símstöðina á Ísafirði er ekki hægt að komast af með minna en tvo símritara — þeir geta sem sje ekki unnið allan daginn —, þrjár stúlkur og tvo sendla. Þar er ekki hægt að spara nokkurn hlut. Um pósthúsið er það að segja, að það mun varla fást þangað neinn ábyggilegur og duglegur maður til aðstoðar fyrir minna en 3600 kr. á ári. Annan aðstoðarmann er óhjákvæmilegt að hafa, og þá einn liðljetting. Jeg hygg, að þessi hjálp mundi kosta í starfslaunum um 7500 kr.

Á þessum stóru pósthúsum er það venjulegt, að póstmeistari vinnur allan daginn, frá kl. 10—7. Og það er alveg víst, að stöðvarstjóri, sem hefir bæði þessi störf með höndum, getur ekki neitt verulega unnið að þeim sjálfur. En hann þarf í raun og veru að vera á pósthúsinu vissan tíma á dag, og hann þarf að vera á símstöðinni mestan hluta dagsins. Við þessa sameiningu er jeg viss um, að það kæmi í ljós, að bæta þyrfti við einum manni eða einni stúlku á símastöðina á Ísafirði, því að undir þá símastöð heyra margar aðrar stöðvar — jeg held um 20 — og reikningsskil frá þeim verða að ganga gegnum stöðina á Ísafirði, og fylgir þeim mikil vinna.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að vísu, að maðurinn, sem veiti þessu forstöðu, kunni að símrita, en það er síður en svo gerð nein ráðstöfun til þess, að maðurinn hafi unnið nokkuð að þessu starfi og hafi reynslu í þeim efnum. Landssímastjóri lagði til við samgmn. að setja inn ákvæði um það, að slíkur maður hefði unnið a. m. k. tvö ár við landssímann.

Nú verður líka að gæta þess, að það er ekki lítill hópur manna við síma-

og pósthús, sem hafa unnið mörg ár að þessum störfum. Og allir, sem hafa áhuga á sínum störfum, hafa unnið þarna með það fyrir augum, að þeir fengju betri stöðu, þegar hún losnaði. Sje þessu slengt saman, er engin trygging fyrir því, að þeir fái nein slík störf. Póstmaður, sem hefir kannske unnið mörg ár við póststörf, er látinn fara, af því að ódýrari vinnukraftur býðst, og verður því vonsvikinn um betri launakjör, sem hann vænti sjer eftir margra ára starf.

Það er líka næsta óviðkunnanlegt, að í þessum lögum skuli vera tekin upp launaákvæði og þar með farið að breyta launalögunum frá 1919. Það hefði mátt bíða þangað til almenn endurskoðun á þeim lögum fer fram.

Um nafnabreyt. á þessum starfsmönnum ætla jeg ekki að fjölyrða; það er svo lítilvægt atriði. En annarsstaðar er það venja að kalla forstöðumann póstmála aðalpóstmeistara, — í enskum löndum, Skandínavíulöndunum — að jeg hygg — og áreiðanlega í Þýskalandi.

Hv. frsm. sagði, að fundið væri að því, að laun þessara starfsmanna væru sett of lágt. Það hefi jeg ekki heyrt neinn hv. dm. telja sem ókost á frv. Jeg vil ekki láta breyta launum og þá ekki hækka þau. En hitt er alveg víst, að við hliðina á hverjum forstöðumanni kemur póstmaður, sem ekki hefir mikið lægri laun, þegar fram í sækir, heldur en póstmeistari nú hefir.

Hv. frsm. sagði, að póstmálanefndin teldi engin vandkvæði á að fá menn til þess að taka að sjer þessi störf. Það má vel vera, að hægt sje að fá einhverja til þess, en það er eftir að vita, hvort þessir menn eru hæfir til þessara starfa. T. d. hefi jeg heyrt, að prestur hafi verið fenginn til þess að vera stöðvarstjóri á Borðeyri. Flestir munu efast um, að hann hafi nægilega þekkingu á starfinu. Jeg verð að líta svo á, að ef ríkisstj. hagar sjer þannig í veitingu þessara starfa, þá er þar með verið að þurka út allar vonir þessara manna, er vinna við síma og póst, til betri launa síðar, og þar með tekin frá þeim hvötin til þess að standa vel í stöðu sinni og afla sjer álits, í þeirri von að fá síðar meir betri stöður. Þá sagði hv. frsm., að kvartað hefði verið yfir því, að einn þessara væntanlegu starfsmanna fengi hærri laun en landssímastjóri. Þetta hefi jeg aldrei heyrt. Það má reyndar vera, að svo verði um 2 stöðvarstjóra, að þeir hafi húsnæði, ljós og hita fram yfir landssímastjórann. En laun þessara manna eru ákveðin eftir launal. 1919, og verður þá að breyta þeim lögum til þess að fá breyt. á launakjörunum.

Eins og jeg er samþykkur því að sameina þetta tvent á öllum hinum minni stöðvum, þá er jeg andvígur því, að þessi sameining verði á hinum stærri stöðvunum, en get gengið inn á, að heimildin um sameiningu á Ísaf. eða Akureyri verði notuð til reynslu. Annars held jeg, að þar sje starfinn ærinn eins og nú er, og sje því lítil bót í því að auka á störfin og taka svo viðvaningа til þess að gegna þeim. Annars fæ jeg ekki skilið, hvaða ástæður n. hefir til þess að koma með slíkar till. Þær eru lítið undirbygðar hjá henni. Jeg veit heldur ekki til, að henni hafi nokkurn tíma verið falið að gera till. um yfirstjórn þessara mála.

Sparnaður sá, sem n. gerði ráð fyrir að verði af þessum sameiningum, er algerlega út í bláinn. Jeg þori t. d. að fullyrða, að á Ísafirði verður enginn sparnaður að þessu. En þetta fyrirkomulag getur orðið til stórtafa á afgreiðslu þessara áríðandi starfa. Það geta komið þeir forstjórar, er nota sjer af því, að þeim er fengin fjárfúlga til starfrækslunnar, og hugsa svo ekki um annað en að fá ódýrt starfsfólk, en minna um það að fá æft og duglegt fólk til starfans. Allir skilja, hvaða vandræði geta af því hlotist, ef afgreiðsla þessara starfa gengur seint. (**Forseti BSv**: Jeg vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann mundi fáanlegur til þess að fresta því, sem eftir er af ræðu hans, til næsta fundar). Já jeg skal verða við ósk hæstv. forseta.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Jón Auðunn Jónsson** [frh.]: Meiri hl. samgmn. í hv. Ed. lagði til, að þetta frv. væri samþ. óbreytt, og segir meðal annars svo um málið í nál. hans: „Einkum þykjumst við sjá hjer í uppsiglingu skipulagsbreyt. til mikilla umbóta á sviði póstmálanna". Þetta hlýtur að stafa af ókunnugleika, og jeg held, að hv. meiri hl. samgmn. hv. Ed. hafi ekki gert sjer grein fyrir, hvað hjer er á ferðinni, því að þessi skipulagsbreyt. hlýtur að leiða til þess, þar sem svo er gert ráð fyrir, að stöðvarstjórarnir verði jafnframt póstafgreiðslumenn, að þessi störf lendi í höndum manna, sem litla þekkingu og reynslu hafa í þessum málum. Þessi skipulagsbreyt. verður því afturför, en ekki framför, að því er póstmálastörfin snertir.

Ennfremur segir svo í áðurnefndu nál., „að á síðustu áratugum hafi ríkt fullkomin kyrstaða á sviði póstmálanna, enda þótt stórstígar framfarir og umbætur hafi samtímis átt sjer stað í öðrum hliðstæðum greinum". Það er öllum vitanlegt, að eftir 1918, er vjer öðluðumst óskorað sjálfsforræði, fór fyrst að verða um framfarir að ræða á þessu sviði. Síðan höfum vjer gert samninga við mörg ríki, bæði í Norður- og Vesturálfu, og erum í beinu sambandi við þau hvað snertir ávísunarviðskifti o. fl. Þetta flýtir og greiðir fyrir í þessu efni. Vjer erum ennfremur í alþjóðasambandi um póstmálin og leggjum fje til þeirrar stofnunar.

Það má segja, að póstgöngur á landi hafi litlum breyt. tekið, en þess verður þó að gæta, að póstferðum á sjó hefir fjölgað stórkostlega. Auk þess eru aukapóstar nú orðnir á 2. hundrað; hefir þeim fjölgað stórlega. Ókunnugleiki meiri hl. samgmn. Ed. á þessum málum er ótrúlega mikill.

Meiri hl. samgmn. í Ed., sem leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, treystir sjer ekki til að segja um það, hvort útreikningar póstmálanefndar muni reynast rjettir. Enda er það ekki nema von, því skýrsla n. á þskj. 195 er ekkert undirbygð. Jeg hefi sýnt fram á, að sameining á Ísafirði leiddi ekki til sparnaðar, heldur eingöngu óþæginda þeirra, er við pósthúsið og símastöðina þurfa að skifta. Sumstaðar annarsstaðar kann það að reynast hagkvæmt, t. d. á Borðeyri; þaðan ganga ekki aukapóstar, þar liggja engar

brjefhirðingar undir og störfin þar munu yfirleitt vera álíka mikil og á brjefhirðingarstöðum í sveitum. Sjerþekking er alveg ómissandi, þar sem pósthúsið á að veita viðtöku og senda erlendar ávísanir og sendingar. Reglurnar eru mismunandi í hinum ýmsu löndum, en óhjákvæmilegt að fylgja reglum þeim, sem settar hafa verið í póstmálasamningum hinna einstöku ríkja.

Jeg er hissa á, ef hv. deild vill endilega fara að taka skrefið fult nú þegar, án hinnar minstu reynslu. Það væri viðkunnanlegra að hafa ofurlitla reynslu í þessum efnum áður en farið er að framkvæma sameininguna á hinum stærri stöðum öllum í einu. Á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Hafnarfirði og Seyðisfirði eru pósthúsin stærst, mest að starfa og þar þarf æfða póstmenn.

Það væri ástæða til að fara nokkuð út í skýrslu póstmálanefndar; en þar sem hún kemur ekki þessu frv. við, að öðru en því, er jeg nú hefi drepið á, þá læt jeg það fyrirfarast að mestu. En það dylst ekki, að í till. n. er æðimargt varhugavert, t. d. það, að leggja niður póstgöngur þar sem bílfærir vegir eru komnir, svo sem yfir Holtavörðuheiði, og senda póstinn í þess stað kringum alla Vestfirði með skipum. Það er afturför, sem ekki verður unað við. Vegna ókunnugleika um landshætti á Vestfjörðum leggur n. til, að lögð verði niður póstleið um Þingmannaheiði; verður þá að flytja póstinn sjóleiðis lengri leið og með margfalt meiri kostnaði.

Jeg skal þá ekki fara fleiri orðum um frv. að sinni. Jeg býst við að flytja brtt. við 3. umr., verði það samþ. nú. En jeg vænti þess, að hv. d. sjái ekki ástæðu til að lögfesta þessar sameiningar allar í einu. Hitt er heppilegra, að breyta fyrst til á einum eða tveim stöðum og sjá, hvað reynslan sýnir. Jeg er viss um, að alment verður sameiningin hvorki til sparnaðar fyrir ríkissjóð nje þæginda fyrir viðskiftavini, að Borðeyri undanskilinni.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og skal jeg gera grein fyrir honum.

Jeg hefi flutt brtt. við 2. gr. frv., sem gengur í þá átt, að póstmálastjóri og landssímastjóri standi beint undir atvmrh., en ekki undir ráðuneytinu. Þetta er sjálfsagt viðvíkjandi póstmálastjóra. Hitt mundi aðeins leiða til óþarfa skriffinsku. Mjer er það ljóst, að þar ríður oft á fljótri afgreiðslu, og þá er eðlilegt, að póstmálastjóri geti snúið sjer milliliðalaust til ráðh.

Sumir kunna að ætla, að þeir verði óþarflega sjálfstæðir með þessu móti. En þess verður þó að gæta, að ráðh. getur altaf haft í fullu tríe við þá. Kæmi það fyrir, að þeir neiti að skrifa undir með honum, þá getur hann grip- ið til annara starfsmanna, eða þá látið þá beinlínis fara frá embætti.

Hv. frsm. minni hl. gat þess, að svipað stæði á um vegamálastjóra. Það getur verið, að þar sje um svipað að ræða, en það er alls ekki hliðstætt. Á póstmálaskrifstofunni ríður á fljótri afgreiðslu. Þegar slík sameining var á ferðinni í Danmörku, þá voru allir flokkar þar sammála um að láta póstmálastjóra standa beint undir ráðh.

Jeg er sammála hv. þm. N.-Ísf. um það, að ekki sje rjett og tæplega ger-

legt að sameina póst og síma í stærri kaupstöðum, enda ber ekki nein skylda til þess samkv. frv. Það getur því vel verið, að jeg geti gengið inn á eitthvað af brtt. hans við 3. umr. En það legg jeg áherslu á, að brtt. sú, er jeg ber nú fram á þskj. 592, nái fram að ganga.

**Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson):** Jeg veit, að lengi má um það deila, hvort heppilegra er, að póstmálastj. og landssímastj. standi beint undir ráðh. eða undir ráðuneytinu. En eins og jeg tók fram, þá hefir það svo verið með landssímastjóra, og veit jeg ekki til, að það hafi neitt rekið sig á. Það er sönnun fyrir því, að þetta geti gengið án árekstrar. Við megum ekki einblína á það, sem tíðkast með öðrum þjóðum. Þar er ólíku saman að jafna. Okkar viðskifti eru öll miklu minni og því er ekkert undarlegt, þó stærri þjóðir dragi þessi störf meir undan ráðuneytinu en okkur er nauðsynlegt. Eins og jeg hefi bent á, þá gerir frv. það að verkum, að hagkvæmara er, að báðir standi undir ráðuneytinu heldur en ráðh. Báðir eiga þeir að gera till. um menn, er skipaðir verða í þessar stöður, og er því eðlilegra, að önnur skrifstofa, er báðir heyra undir, afgreiði málin til ráðh. En um þetta má lengi deila og skal jeg ekki orðlengja það. En jeg bendi á, að þar sem þetta hefir verið svo undanfarið, þá virðist það ekki hafa komið fram, að nauðsynlegt sje að breyta til. — Þetta get jeg látið nægja bæði út af því, er hv. þm. N.-Ísf. og hv. 2. þm. Rang. sögðu um þessa hluti.

Þá sagði hv. þm. N.-Ísf., að það, sem aðallega hefði vakað fyrir n., hefði verið sparnaður. Þetta má til sanns vegar færa, en þó má segja, að þetta komi fram sem aukaatriði í skýrslu n., aðalatriðið sje að forðast aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í framtíðinni. N. sjálf viðurkennir, að við útreikningum hennar megi hrófla, en þó hygg jeg, að á ýmsum stöðum fari hún nokkuð nærri sanni um árangurinn. En það er ekki gott að sanna svo óhrekjandi sje. En ef hægt er að sýna fram á, að sameiningin dragi úr auknum útgjöldum í framtíðinni, þá er það óbein sönnun. Það hefir hv. þm. viðurkent með því að játa, að það væri eðlilegt, að sameiningin fari fram annarsstaðar en í hinum stærri kaupstöðum, Akureyri og Ísafirði.

Það er n. ljóst, að ýmsir örðugleikar eru á sameiningu á Akureyri. Störfin þar eru mikil og margháttuð. Því er það sett í frv., að stj. getur frestað framkvæmdinni á einstaka stöðum, þar sem annað má betur fara. Jeg tel það sjálfsagt, að þar verði það dregið fyrst um sinn, meðan verið er að sjá, hvernig skipast. En það er besta sönnunin í þessu máli, að þar sem sameiningin er komin á, þar eru menn ánægðir með breyt. og telja betra en áður. Laun starfsmanna eru betri og þeir óska ekki eftir að störfin verði aftur aðskilin.

Um útreikninga hv. þm. um það, að á Ísafirði myndi ekki leiða sparnað af sameiningunni, heldur aukin útgjöld, er það eitt að segja, að jeg fæ illa skilið þá röksemdafærslu hans, t. d. það, að kaupa þurfi dýrari aðstoð til pósts og síma en sem svari launum annars forstjórans. Það mætti þó ætla,

að komist yrði af með ódýrari vinnukraft til skrifstofustarfa en forstjórastarfa.

Þá mintist hv. þm. á það atriði, að rjett væri að gera það að skilyrði fyrir veitingu þessa starfa, að viðkomandi hefði unnið við landssímann í tvö ár. Jeg held, að hv. þm. verði að játa, að þetta út af fyrir sig er ekki stórvægilegt atriði. Jeg held mjer sje óhætt að segja, að þetta skilyrði muni vera fram komið af því, að heyrst hafði, að ákveðnum manni væri ætlað stöðvarstjórastarfið á Borðeyri, en hann hefir ekki starfað í þjónustu landssímans áður. Þessi krafa mun vera gerð til að aftra því, að svo verði, en ekki vegna þess, að beint sje nauðsynleg. En ef hv. þm. álítur, að starfsmenn eigi að hafa óskoraðan forgöngurjett til slíkra starfa, án þess að annað komi til greina, þá verður afstaða hans einkennileg til þeirra manna, er telja það leyfilegt að taka t. d. verkfallsbrjóta í þjónustu sína. Ef hafnarverkamenn ættu að njóta sömu kjara, þá ættu aðrir ekki að koma til greina við hafnarvinnu en þeir, er áður höfðu starfað þar. En að mínu áliti eiga engar slíkar forgangskröfur rjett á sjer. Þekking og dugnaður á þar líka að koma til greina um úrslit.

Þá taldi hv. þm., að með frv. þessu væri verið að leggja niður póstafgreiðslur úti um land. Jeg veit ekki, hvort aðrir hafa skilið orð hans bókstaflega, en eins og hann komst að orði, varð ekki annað skilið en hann ætti við þetta. Hafi hann meint það, þá er það hrein fjarstæða. Með frv. er yfirstj. einungis sameinuð hjá einum manni, en ekkert lagt niður.

Afstaða pósthúsanna verður sú sama og áður. Þar verður engu breytt og ekkert lagt niður. Enda virtist mjer hv. þm. fallast á þetta seinna í ræðu sinni, og vil jeg þá ekki ræða það frekar við hann, þar sem því er þá slegið föstu, að ekki er um að ræða neina breyt. á starfsemi pósthúsanna, heldur aðeins sameiningu og ekkert annað.

Hv. þm. mintist á skrifstofufjeð og vildi leiða líkur að því, að forstöðumennirnir gætu grætt á því meira en til er ætlast. Jeg hefi áður bent á, að þetta er ólíklegt, en ef svo ætlar að fara, þá er altaf auðvelt fyrir það opinbera að skerast í leikinn, ef á þarf að halda.

Hv. þm. talaði um kyrstöðu á sviði póstmálanna, og hefir það við nokkur rök að styðjast. En margt stendur þar til bóta, eins og við er að búast, því að þjóðin krefst betri póstsambanda með breyttum tímum. Þetta frv. er einn liður í þeirri framþróun.

Að endingu talaði hv. þm. um fskj. frv. frá póstmálan., og þó að jeg vilji ekki fara að ræða það hjer, þá finst mjer rjett að taka það fram, að jeg er þar ekki öllu samþykkur og get ekki aðhylst ýmislegt, sem þar kemur fram. T. d. er þar lagt til að leggja niður póstleið yfir Holtavörðuheiði, en því get jeg ekki verið samþykkur fyrir mitt leyti.

Jeg býst svo ekki við að hafa þetta lengra, en vil að endingu mælast til þess við hv. deild, að hún lofi málinu að ganga fram. Hvað snertir brtt. hv. 2. þm. Rang., þá virðist mjer hún ekki vera svo mikils virði, að rjett sje að breyta frv. hennar vegna, og er hún

að mínum dómi heldur til hins verra.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og ætla nú að gera grein fyrir þeim fyrirvara í sem fæstum orðum. Jeg skal taka það fram, að jeg er þeirri stefnu frv. fylgjandi að sameina störf póstmála og símamála á hinum smærri stöðum, þar sem því verður við komið. Þetta er eflaust hægt í hinum smærri kauptúnum og víðar, en aftur á móti tel jeg mjög vafasamt, hvort þetta er mögulegt í kaupstöðum og annarsstaðar þar, sem mikið er að starfa. Það hafa verið færð skýr rök að þessu af hv. frsm. minni hl., hv. þm. N.-Ísf., og jeg tel litla þörf á að gera það frekar. Grg. frv. ber með sjer, að störfin á þessum stöðvum eru allveruleg, og víða afarmikil. Jeg skal geta þess, að í 3. gr. frv. er heimilað, að þessi sameining fari ekki fram á sama tíma, heldur sjeu smærri stöðvarnar látnar ganga á undan, með það fyrir augum, að hægt sje að fá reynslu í þessu efni í smáum stíl áður en lagt er út í að sameina í hinum stærri kaupstöðum og bæjum. Það hefir verið bent á, að þetta hafi verið reynt á Siglufirði og gefist þar vel, en þá er það að athuga, að þar hefir valist ágætur maður til starfans, svo að það er ekki þar með sagt, að svipuð reynsla fengist í öðrum kaupstöðum, þar sem afgreiðslan er ef til vill meiri. Jeg tel yfirleitt vafasamt, hvort þetta er rjett stefna eins og sakir standa. Það verður áreiðanlega örðugt að fá vel hæfa menn til þess að stýra þessu hvorutveggja. Þeir verða að hafa mikla þekkingu á báðum störfunum til þess að geta haft yfirumsjón með þeim, en slíkir menn eru vandfundnir.

Þá þykir mjer það galli á frv., að starfssvið stöðvanna skuli ekki vera nánar ákveðið og ekki gefin nein hugmynd um, hve margt fólk verður látið vinna á þessum stöðvum, nje heldur að því sjeu ákveðin sómasamleg laun, svo að trygging sje fyrir því, að starfshæfir menn fáist. Í grg. frv. er skýrsla frá þeirri n., sem hafði undirbúning þessa máls með höndum, og er þar lausleg áætlun um þann sparnað, sem þetta mundi hafa í för með sjer. Þar eru upphæðirnar, sem ætlaðar eru til aðstoðar á hinum stærri stöðvum, svo lágar, að það getur ekki náð neinni átt. Til aðstoðar í hinum stærri kaupstöðum eru t. d. ætlaðar einar 5 þús. kr., og það eru ekki nema rjett sæmileg laun handa einum manni. Jeg verð að líta svo á, að þarna sje gengið alt of skamt, að þessar upphæðir muni alls ekki hrökkva til, ef til framkvæmda kemur. Vitanlega er hæstv. stj. ekkert bundin við þessar áætlanir og till. n., enda mundi hún lenda í vandræðum, ef hún ætlaði sjer að fylgja þeim.

Starfsfólkið við símann hefir eytt tíma í að búa sig undir starfið og að vinna sig upp í starfinu. Það hefir verið bent á það af landssímastjóra, að til þess að geta tekið þessi störf að sjer, yrðu menn að hafa unnið a. m. k. í 2 ár við símann, og það eru tilmæli hans, að ekki sjeu teknir í þetta aðrir en þeir, sem trygging er fyrir, að sjeu starfsvanir menn. Þetta finst mjer líka sjálfsagt. Frá mínu sjónarmiði er það alveg rjettmætt að líta svo á, að það beri að búa menn undir störf sín svo vel sem unt er, og jeg get aldrei

verið því samþykkur að kasta burt þeim, sem þekkingu hafa, en taka aðra óvana í staðinn. Það er svo um öll störf, að þeir, sem eru vanir starfinu og hafa æfingu í því, eiga altaf siðferðislegan rjett á því að ganga fyrir, og jeg álít það mjög varhugavert að láta óvana menn ganga inn í slík störf sem þessi. A. m. k. má ekki grípa til þess, ef annars er kostur.

Í stuttu máli lít jeg svo á, að þó að margir agnúar sjeu á þessu frv., þá tel jeg rjett, að það nái fram að ganga eins og það er nú. Þar sem svo er áliðið þings, þá er hætt við, að málið dagi uppi, ef farið verður að samþ. margar brtt., en altaf er hægt að gera breyt. á þessu, ef reynslan sýnir, að þess er þörf.

Um till. hv. 2. þm. Rang. er það að segja, að í núgildandi póstlögum er svo ákveðið, að póstmeistari skuli standa beint undir atvmrh. án nokkurrar milligöngu, en hv. þm. ætlast til, að svo verði einnig um landssímastjóra. Jeg veit ekki til, að þetta hafi valdið neinum árekstri hingað til, en ef þetta hefir reynst sæmilega með póstmeistara, þá ætti ekki að vera neitt við það að athuga, þó að sama væri látið gilda um landssímastjóra. Sumir líta svo á, að ekki sje rjett að gefa þessum mönnum of mikið sjálfræði, en jeg held, að það geti ekki komið að sök. Atvmrh. getur altaf tekið í taumana og beitt sínu valdi, ef þörf krefur. En það er auðsjeð, ef brtt. verður samþ., að þá er frv. háð meiri breyt. og verður þá að fara aftur til hv. Ed.

Jeg skal svo ekki teygja umr. frekar, þar sem jeg hefi nú lýst afstöðu minni til málsins í stórum dráttum. Jeg tel heppilegt að sameina á hinum smærri stöðvum, þó með því skilyrði, að starfsmönnum sjeu ætluð sæmileg laun. Nú eru menn bundnir við þessi störf fyrir sultarlaun, en þeirri stefnu hnekkir frv. að nokkru. Jeg álít því, að frv. eigi fram að ganga, en vil þó taka það fram, að ef farið er eftir till. póstmálanefndar, þá er aðstoð áætluð of lágt og verður sennilega ekki nærri fullnægjandi. En úr því má bæta án þess breyt. sjeu gerðar á frv.

**Magnús Guðmundsson:** Mjer skilst á þeim nm., sem hafa talað, að samkomulagið í n. hafi ekki verið sem best. Bæði hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Rang. skrifuðu undir nál. með fyrirvara og gerðu miklar aths. við frv., svo að það er aðeins hv. þm. V.-Húnv., sem vill samþ. það óbreytt. Mjer skildist á hv. 4. þm. Reykv., að hann væri óánægður með frv., og veit jeg þá ekki, hvers vegna hann fylgir því, nema ef það er af þægð við hv. þm. V.-Húnv. Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ekki væri ástæða til þess að fara út í alt póstflutningakerfið á landinu, því að það liggi ekki fyrir. Það er að vísu satt, en jeg vil þá spyrja, hvers vegna hæstv. stj. lætur fylgja frv. álit og till. póstmálanefndarinnar, sem snerta alt póstflutningakerfið. Jeg leit svo á, að það væri gert í þeim tilgangi, að það yrði athugað hjer, svo að menn gætu látið álit sitt í ljós um það. Mjer finst vera tilgangslítið að prenta þetta, ef svo á ekki að koma neitt fram um það, hvernig þm. líta á þetta „produkt". Jeg hefi áður tekið mjer bessaleyfi að tala um þetta, svo

að jeg hefi þar ekki miklu við að bæta, en mjer þótti þó vænt um að heyra, að hv. þm. V.-Húnv. var ekki svo blindaður, að hann vildi láta leggja niður fastar póstferðir yfir Holtavörðuheiði. Það var líka við því að búast, því að nefndarmennirnir sáu þarfirnar í sínum eigin hjeruðum. Þar höfðu þeir opin augun, en annarsstaðar ekki. Það er líka áreiðanlegt, að menn vilja ekki missa bein póstsambönd í sínum eigin hjeruðum, ef þeir mættu þar nokkru ráða. Hvað finst hv. þm. V.-Húnv. t. d. um það að leggja niður póstferðir yfir Hrútafjarðarháls? Póstmálanefndin leggur það til, en hún er svo langt á eftir tímanum, að hún veit ekki, að búið er að leggja veg yfir hálsinn fyrir 20 árum. Á þessum ókunnugleika byggir hún þessa till. sína. Og þetta er ekki eina dæmið. Hún talar um, að ekki sje akfær vegur heim að einum bæ, þar sem póstafgreiðsla er, en þó er það öllum vitanlegt, sem til þekkja, að þarna er verið að leggja veg og hann á að liggja yfir túnið á þessum bæ. Þegar þekkingarleysið hjá n. er svona mikið á þeim stöðum, þar sem maður þekkir til, þá er full ástæða til að athuga, hver sje niðurstaðan hjá henni á þeim stöðum, þar sem maður þekkir ekki til.

Hv. þm. V.-Húnv. vildi halda því fram, að ekki hefðu orðið miklar framfarir á sviði póstmálanna hjer á landi síðustu 20 árin. Um póstgöngur á sjó getur þetta alls ekki átt við, því að þær hafa altaf farið batnandi með auknum skipakosti, og jeg var satt að segja alveg hissa, að hv. þm. skyldi halda þessu fram. Jeg veit ekki betur en að altaf sje verið að bæta póstgöngurnar á hverju ári, t. d. með því að láta bíla annast póstflutninga alstaðar þar, sem því verður við komið. Það er t. d. búið að semja um að flytja póst í bílum yfir Holtavörðuheiði næsta sumar, og eins austur yfir fjall, svo lengi sem bílfært er. Ef horfið væri að því ráði að koma póstflutningum í það horf, sem till. póstmálanefndarinnar gera ráð fyrir, þá er frá mínu sjónarmiði um afturför að ræða, en ekki framför. Mjer skildist líka á hv. þm. V.-Húnv., að hann væri mjer sammála um þetta, og jeg vonast því eftir, að hann verði á móti því frv., sem fram kann að verða borið á þeim grundvelli, sem póstmálanefndin leggur til,

Það hefir verið mikið rætt um, hvort rjett væri, að aðalpóstmeistari heyrði beint undir atvmrh. eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti álít rjettast, að hann heyri beint undir ráðh., vegna hinna miklu viðskifta við útlönd. Jeg man það, síðan jeg var aðstoðarmaður í atvmrn., hvílík ósköp þurfti að skrifa af brjefum út af töpuðum böggl-um o. s. frv., og það var vegna þess, að aðalpóstmeistari heyrði ekki beint undir atvmrh., heldur atvmrn.

Afleiðingin af því, að aðalpóstmeistari standi beint undir ráðh., er sú, að þá hefir póstmeistari með höndum viðskiftin við útlönd. Annars er altaf skrifað til atvmrn. Það verður síðan að skrifa póstmeistara. Hann skrifar því aftur, og svo loks er svarað til útlanda. Hvað á þetta hringsól að þýða? Að þessu leyti er jeg sammála hv. 2. þm. Rang. En það er minni þörf á að gera það sama við landssímastjóra, af því að hans embættisstarf veit aðallega inn á við. Mjer finst það alveg rjett, sem hv. þm. V.-Húnv. segir, að

ekki sje meiri ástæða til að taka landssímastjóra undan ráðuneytinu en til dæmis vegamálastjóra. En það, sem mjer finst aðalagnúinn á frv., er það, að þar er svo ráð fyrir gert, að leggja þegjandi niður allar póstafgreiðslumannastöður, án þess að mönnunum sje gefinn nokkur fyrirvari, nema til áramóta, og það er ekkert tillit tekið til þess, þó að þetta starf hafi verið lífsstarf mannanna um lengri tíma. Það er hart aðgöngu, enda hefir það hingað til ekki verið siður hins opinbera. Það mundi þykja harður húsbóndi, sem gerði þetta við hjú sín. Jeg skal ekki segja, að þetta væri ekki gerlegt, ef stæði sjerstaklega illa á fyrir okkur og því fylgdi sparnaður. En það er ekki unt að benda á, að svo sje.

Það er hægt að segja sem svo, að ráðh. þurfi ekki að gera þetta. En jeg hefi ástæðu til að ætla, að ekki verði farið eftir því, hvað mönnunum kemur best, heldur eftir alt öðru. Ef ekki fæst nein breyt. á frv., sje jeg, til hvers það er borið fram, og skirrist þá ekki við að skýra frá því við 3. umr.

Jeg skyldi ekki hafa neitt á móti því, þó að þessi störf væru sameinuð jafnóðum og stöðurnar losna. En jeg er alveg á móti því að reka burtu opinbera starfsmenn án þess að þeir hafi nokkuð til saka unnið og án þess að því fylgi nokkur sparnaður. Hv. þm. V.-Húnv. viðurkendi, að ekki væri um sparnað að ræða í bili, en hjelt, að sparnaður mundi verða í framtíðinni. Það, sem hv. þm. var að tala um, var það, að við væntanlega endurskoðun launalaganna yrði hægt að komast hjá frekari hækkun. Jeg verð að segja, að það fer alt eftir því, hvernig á er haldið, hvort nokkur sparnaður verður að þessu, því að ráðh. er gefið ótakmarkað vald til að skipa eins marga menn og hann vill. Frv. fer yfirleitt í þá átt að fela ráðh. að skipa alla mennina, en taka alt slíkt vald frá póstmálastjóra og landssímastjóra. Jeg vil leyfa mjer að bera upp þá fyrirspurn fyrir hv. frsm. meiri hl., hvernig á að fara að þar sem sveitarstjórnir leggja fram til starfrækslu símastöðva. Í aths. er talað um, að þar sem sveitirnar leggi fram til stöðvanna, verði þessi breyt. að bíða í 5 ár. En hvernig fer þá? Þetta er töluvert mikilsvert atriði. Jeg vil líka spyrja hv. frsm., hvernig hann mundi taka brtt. um, að sameiningin kæmist ekki á fyr en jafnóðum og stöðurnar losna. Með því fær hann framgengt því, sem hann taldi aðalatriðið, nefnilega sparnaði í framtíðinni.

Í 3. gr. stendur: „Annarsstaðar á landinu, þar sem í sama kaupstað, kauptúni eða sveitabæ er bæði póstafgr. og fyrsta eða annars flokks landssímastöð, er stöðvarstjóri landssímastöðvarinnar jafnframt póstafgreiðslumaður“ o. s. frv. Þetta finst mjer undarlegt ákvæði, því að jeg hjelt, að á sveitastöðvum væri það venjulega húsbóndinn á bænum, sem starfið hefir á hendi. En það getur komið fyrir, að á bænum sje tvíbýli og af sjerstökum — kannske pólitískum — ástæðum þurfi að flytja stöðina af öðru býlinu á hitt.

Jeg get lýst yfir því, að jeg mun teygja mig langt til samkomulags, en ef á að keyra frv. í gegn breytingalaust, geri jeg það, sem jeg get, til að sporna við því.

**Hákon Kristófersson:*** Hv. frsm. hins svokallaða meiri hl. lagði aðaláhersluna á að tala um þetta mál fram og aftur án þess að taka nokkur dæmi, sem sýndu það, hverjar umbætur yrðu, ef frv. næði fram að ganga. Þegar jafnmætur maður og hv. frsm. er í svona miklum vandræðum með að færa rök að sínu máli, finst mjer sennilegt, að rökin sjeu engin til.

Eins og kunnugt er, átti n. tal við báða aðalembættismennina, sem hjer er um að ræða, og þeir töldu frv. óþarft, af því að það væri á valdi stj. og viðkomandi undirmanna hennar að gera það, sem þeim sýndist rjettast, þó að þetta frv. yrði ekki að lögum. Með tilliti til þessa og ýmissa agnúa, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir þegar bent á, álít jeg frv. ef ekki skaðlegt, þá a. m. k. óþarft.

Hv. frsm. sagði, að þar, sem sameining hefði átt sjer stað, væru menn dánir. En eins og bent hefir verið á, þarf ekki frv. til þess að koma sameiningu á. Hv. frsm. benti á, að það væri óþarfi að taka grg. til athugunar. En jeg vil í þessu efni gera orð hv. 1. þm. Skagf. að mínum orðum. Til hvers er grg. látin fylgja frv., ef til hennar þarf ekki að taka? Ef stj. hefir gert ráð fyrir því, hefði verið eðlilegra, að hún hefði látið prenta sjerstaklega þetta ágæta rit, ávöxtinn af starfi þeirrar mþn., sem hafði þetta mál til athugunar. En af því að maður getur búist við, að einhver tilætlun í framtíðinni sje þessu viðkomandi, vil jeg fara nokkrum orðum um breytingar nefndarinnar, einkum að því er snertir Barðastrandarsýslu, þar sem jeg er vel kunnugur.

N. gerir ráð fyrir, að reynt verði að koma í veg fyrir þungaflutninga með landpósti. Jeg hefi ekkert út á það að setja, en þessi tillaga hennar kemur bara ekki til greina í Barðastrandarsýslu, því að þar kemur afarsjaldan fyrir, að þungaflutningur er fluttur á milli hreppa. Hinsvegar get jeg ekki sjeð betur en að ef till. hv. n. er samþ., sje slitið beinu sambandi á milli vestur- og austursýslnanna. Með þessu fyrirkomulagi er komið í veg fyrir að senda póst yfir Þingmannaheiði. Hv. þm. N.-Ísf. mintist dálítið á þetta, en jeg vil bæta því við, að það má vera merkilegur ókunnugleiki hjá hv. n. að bera fram þessa till., þar sem hún leggur þó til, að póstur skuli fluttur frá Brjánslæk að Skálmarnesmúla. Hvaða veg á hann að fara, ef ekki yfir Þingmannaheiði, ef sjóleiðin er ófær, sem oft kemur fyrir? Hv. n. hefir þó líklega ekki hugsað sjer, að pósturinn færi í kringum Tálknafjörð, Mjóafjörð og Kerlingafjörð? Þegar litið er á þessa endemis firru, þá hugsa jeg, að víðar sje pottur brotinn en í Barðastrandarsýslu.

Tillaga n. um, að póstur gangi alla leið frá Stykkishólmi að Brjánslæk er á viti bygð, en bara ekki komin frá n. Aðalpóstmeistari hefir fyrir löngu sjeð, að beint samband er hagkvæmara, en hvorki honum nje öðrum hefir þótt sanngjarnt að taka þetta póststarf af mönnum, sem búnir eru að gegna því í herrans mörg ár.

Jeg undirstrika þau ummæli hv. 1. þm. Skagf., að það er óhæfilegt, að þegar einhverjir menn hafa verið ára-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

tugi í þjónustu landsins, sje þeim fyrirvaralaust og án eftirlauna hent út á kaldan klakann. Jeg man ekki, hvað póstferðir um Barðastrandarsýslu kosta, en jeg get fullyrt, að með því fyrirkomulagi, sem nú er farið fram á, verða þær að mun dýrari en þær eru nú, auk þess sem hið beina póstsamband er slitið í sundur.

Það sje fjarri mjer að andmæla því, að sameinuð sjeu póst- og símastörf á hinum smærri stöðum, þar sem því verður við komið. En hinsvegar vil jeg taka undir með hv. 4. þm. Reykv., að sameining slíkra starfa á hinum stærri stöðum sje ekki einungis óheppileg, heldur geti einnig verið stórlega varhugaverð. Og meðan ekki er fullvíst, að slíkar ráðstafanir verði til stórkostlegs skaðræðis, þá virðist mjer, að meiri hl. ætti að hugsa sig um tvisvar, áður en hann hnígur að því ráði. Og jeg trúi því ekki að óreyndu, að meiri hl. leggi svo mikla áherslu á þetta mál, að hann láti sanngjarnar till. og skynsaml. rök þoka sess fyrir ofurkappi og offorsi þeirra, sem sjerstakl. standa að þessu frv. Vitanl. hefir stj. þetta í hendi sjer. En hvað mig snertir, þá skal jeg taka það fram, að jeg hefi jafnan fylgt þeim till., sem yfirmenn hverrar greinar, hvort sem er póst-, síma- eða vegamála, hafa látið í tje. Jeg verð nú að telja ekki alllítið upp úr því leggjandi, sem sjerfróðir menn segja um hlutina. En það má vel vera, að hv. þm. V.-Húnv. þykist svo vel að sjer í öllum greinum, að hann geti sagt sjer alla hluti sjálfur og þurfi því ekki að leita til annara um sjerfræðilegar upplýsingar. Ef svo er, þá get jeg viðurkent, að jeg stend honum ekki á sporði, enda þykist jeg ekkert upp úr því vaxinn að þiggja nytsamlegar upplýsingar og bendingar, hvaðan sem þær koma.

Þá vildi hv. þm. V.-Húnv. gera lítið úr forgangskröfum þeirra, sem áður hafa gegnt þessum störfum, og ætla jeg, að hv. 4. þm. Reykv. hafi svarað því, svo að eigi sje þörf við að bæta. En hv. þm. V.-Húnv. gæti sparað sjer að fara háðulegum orðum um það, þótt menn, sem unnið hafa mörg ár að einhverju starfi, sjeu að öðru jöfnu teknir fram yfir aðra, sem enga reynslu eða sjerstaka þekking hafa á starfinu. Mig furðar á því, að hv. þm. skuli ekki fallast á rjettmæti þessarar sjálfsögðu kröfu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Jeg hefi verið hógvær að vanda, og vona jeg því, að meiri hl. þyki ekki ástæða til að taka þessar almennu aths. mínar illa upp. (**HJ**: Þm. er óvenjulega hógvær). Þetta innskot hv. þm. bendir ótvírætt á það, að hann skorti sjálfan þá hógværð, sem alla góða menn prýðir, en þó vil jeg engan veginn gera það að mínum orðum, að svo sje í raun og veru.

Að lokum vil jeg taka það fram, að jeg tel frv. þetta engan veginn svo mikils virði, að svari til þess kapps, sem formælendur þess hafa lagt á að fá það fram á þessu þingi. Og jeg vil efa það stórlega, að nokkuð sje við það unnið í framkvæmdinni, þótt frv. nái afgreiðslu að sinni. Virðist mjer, að meiri hl. ætti að geta sætt sig við, að málið bíði betri tíma og fengi betri athugun. Væri slíkt engan veginn til óhagræðis, því vitanlega getur slík sameining átt sjer stað án þessara laga. En frv. getur haft óskyggilegar afleiðingar, og þess vegna ber þinginu

að gjalda varhuga við því að samþ. það að lítt könnuðu máli.

**Jóhann Jósefsson:** Mönnum hefir alment orðið starsýnt á þetta umbúðamikla frv., sem póstmálanefndin hefir látið frá sjer fara. En þegar betur er að gáð, kemur það í ljós, að meginhluti þess eru allskonar bollaleggingar um ýmsa óskylda hluti, sem ekki skifta beint máli í þessu sambandi. Það má með sanni segja, að við lifum á einskonar nefndaöld. Það er nefnd fyrir þetta og nefnd fyrir hitt. Hvaðanæfa er ósjerfróðum mönnum hóað saman, fyrir góða borgun auðvitað, og látnir fá ýms verkefni til meðferðar, og óðara eru komnir út pjesar og bæklingar, fullir af þessari speki(!) og vísdómi(!), sem gott sýnishorn er af í þessu póstmálafrv. Þessi stóra póstmálanefnd hefir haft yfirgripsmikið verkefni með höndum og frv., með öllum bollaleggingunum, sem í grg. fylgja, er að sama skapi mikið að vöxtum. En hinsvegar hefir það komið átakanlega í ljós, hversu til þess er höndum kastað, því að við umr. hefir hver þm. á eftir öðrum komið fram með andmæli gegn hinum ýmsu gr. frv. og grg., andmæli, sem bygð eru á þeirri sjerþekkingu á hverjum stað, sem n. hefir vantað. Bendir þetta á, að n. hafi ekki gengið svo frá frv. sem skyldi. Enda var þess tæplega að vænta, því n. starfaði svo að segja án sjerfræðilegrar aðstoðar. Meira að segja hefir hv. frsm. meiri hl. samgmn. lýst yfir því, að hann væri ósamþykkur einu atriði í frv. Bragð er nú að, þá barnið finnur. Jeg tala nú ekki um aðra, því svo að segja hver einasti maður getur tafarlaust bent á marga agnúa á frv., enda mun það mála sannast, að n. þessari hafi farist lagasmíðið helst til óhöndulega. Hv. frsm. taldi þörfina svo brýna, að ekki mætti líta á það eitt, hvort nokkuð sparaðist eða ekki. Jeg vil þá spyrja hv. frsm.: Vill hv. þm. líka láta samþ. frv., þótt engan veginn sjeu líkur til, að nokkuð sparist við það, en hinsvegar sterkar líkur til þess, að slík ráðstöfun baki notendum pósts og síma óþægindi og tafir hvarvetna? Finst honum slíkur nauður reka til þess að fá þetta fram, að fyrir þær sakir einar beri að reka fjölda saklausra manna frá margra ára starfi þeirra? Hv. 4. þm. Reykv. talaði allítarlega um þetta atriði, og er jeg honum fyllilega sammála um það. Hv. þm. benti rjettilega á það, að sameining póst- og símastarfa í kaupstöðum gæti verið mjög varhugaverð. Hinsvegar virtist hv. þm. gera sjer mjög far um að leita að einhverjum snaga, sem hann gæti gripið í, og fylgt frumvarpinu, eftir að hann hafði marglýsti yfir andúð sinni gegn frumvarpinu. Og hann fann þennan snaga í 3. gr. frv., þar sem segir, að sameining komi ekki til framkvæmdar nema ráðh. vilji. Jeg verð nú að telja þetta fremur veigalitla ástæðu til þess að fylgja máli, að stj. hafi heimild til að láta framkvæmd þess niður falla. Til hvers er þá verið að setja slíka löggjöf?

Þá virðist mjer hv. frsm. hafa dálítið einkennilega skoðun um það, eftir hvaða reglum á að skipa menn í sýslanir. Hann virðist hafa nokkuð einhliða skoðun á því máli. Fagþekking og reynsla eru í hans augum hjegómi einn, enda er frv. innblásið af þeim hugsunarhætti.

Mjer þykir nú rjett, úr því mál

þetta er til umr. og margir hv. þdm. hafa orðið til þess að draga fram ýmsa agnúa þess, að taka það fram, að staðhæfing póstmálan. um húsakynni símans í Vestmannaeyjum er algerlega röng. Heldur n. því fram, að sameining þurfi ekki að farast fyrir vegna húsleysis. En svo er nú mál með vexti, að símstöðin í Vestmannaeyjum er auk þess loftskeytastöð og íbúð stöðvarstjóra, og er húsið þegar helst til lítið, og til engra mála kemur að hafa póstafgreiðslu í húsinu, vegna rúmleysis. Pósturinn í Vestmannaeyjum er mjög fyrirferðarmikill, eins og af líkum má ráða. Er þessi fullyrðing n. hreinasta firra og hefir við engin rök að styðjast.

Það væri óneitanlega gaman að lesa þetta merkilega „produkt" n. betur niður í kjölinn. Þetta einstaklega „góðlátlega rabb" um fyrirkomulag póstmálanna á landi hjer. Skal jeg einungis fletta hjer upp af handahófi og lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, klausu eina á bls. 17, sem hljóðar svo:

„Nefndinni virðist hyggilegt, að póstar mætist jafnan í Höfn í Hornafirði. Verður Öræfapósturinn að sammælast við póstinn frá Djúpavogi í síma". — Ef nú svo vildi til, að hlutaðeigandi póstar kæmu sjer ekki saman um, hvenær ætti að leggja á stað eða hittast, hver ætti þá að skera úr? Jeg bendi aðeins á þetta til þess að sýna, hversu broslegar þessar bollaleggingar eru yfirleitt. Enginn, sem um frv. hefir talað, hefir komist hjá því að finna að því að meira og minna leyti.

Það hefir nú verið drepið á þau vandkvæði, sem framkvæmd þessa frv. hefði fyrir kaupstaðina. Hv. 4. þm. Reykv. benti á þau alment, hv. þm. N.-Ísf. að því er snerti Ísafjörð og jeg lítillega viðvíkjandi Vestmannaeyjum. En að því er snertir Akureyri og Ísafjörð er til heimild til að sameina póst- og símastörfin þar, frá 1923, en það hefir ekki þótt framkvæmanlegt, af skiljanlegum ástæðum. Það verður að líta á fleira en sparnað í þessu máli. Það verður að taka tillit til þeirra nota, sem allur landslýður hefir af þessum tækjum, pósti og síma. Það er þungamiðja málsins. Sparnaðurinn er aukaatriði, jafnvel þótt hann væri ríflegri en líkur eru til, að hjer sje um að ræða. Um Vestmannaeyjar skal jeg taka það fram, að starf póstafgreiðslumannsins er svo umfangsmikið, að hann verður að staðaldri að vinna allan daginn frá kl. 10 til kl. 6, og auk þess um póstferðir og skipakomur seint að kveldi og snemma að morgni eftir atvikum. Þó hefir hann einn eða tvo menn til aðstoðar, og veitir ekki af. Eigi getur leikið á tveim tungum um það, að ef ætti nú að demba öllum þessum störfum á símastjórann, myndu af því hljótast hinar mestu tafir og óþægindi fyrir allan almenning. Símastöðin er einnig afarmikið notuð, en hefir hinsvegar yfir litlu plássi að ráða. Stendur þar oft inni mikill fjöldi sjómanna, einkum um vertíðina, og bíður afgreiðslu. Ef sameining ætti að eiga sjer stað, yrði óhjákvæmilega að byggja nýtt hús. Annars ætla jeg, að okkur Eyjamönnum sje vel kunnugt af persónulegri reynslu þetta fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir. Það var svo einusinni í

Vestmannaeyjum, að sami maður gegndi símaafgreiðslunni og fjekk vissa fúlgu í laun fyrir sig og starfsfólkið. Þetta fyrirkomulag þótti alls engin fyrirmynd. Enda ræður það mjög af líkum, að varhugavert sje að fá mönnum ábyrgðar- og umfangsmikil störf upp á „akkorð", ef svo mætti kalla. Með því eru notendurnir, allur almenningur, ver settir, og eins það starfsfólk, sem auk yfirmannsins vinnur við afgreiðsluna, því vitanlega reynir hver og einn að fá sem ódýrast fólk, en notendurnir verða síðan að súpa seyðið af þeirri ráðsmensku, án þess að fá nokkru um þokað. Það er sjálfsögð krafa allra borgara þjóðfjelagsins, að þessi störf sjeu rækt með alúð og samviskusemi. Þegar fyrv. stöðvarstjóri hafði allan rekstur hans á hendi fyrir ákveðna upphæð, galt hann starfsfólki sínu sultarlaun, og með því var þessu fólki órjettur ger, því kröfur almennings þá voru engu minni en nú til starfsfólks símans. Ranglæti þessarar tilhögunar lenti þarna mest á starfsfólkinu. Póstafgreiðslumenn þurfa að vera vel færir menn í sinni grein og liðlegir, og auk þess sæmilega mentaðir menn. Þeir hafa oft mikla peninga með höndum, og hvílir því á þeim mikil ábyrgð.

Þá hefir verið á það minst, að til þess að sameina slík störf þurfi enga sjerstaka lagaheimild. Þetta er vitanlega alveg rjett, enda mun slík sameining eiga sjer stað á um 60 stöðum á landinu. Póstafgreiðslur og brjefhirðingar eru um 500 talsins á landinu, og þar af 60, sem jafnframt eru símastöðvar. Slíkar sameiningar hafa gerst eftir reynslu, þörfum og hentugleikum. Til þess þarf engin ný lagaákvæði. Þar sem staðhættir eru þannig, að heppilegt er bæði fyrir ríkissjóð og notendur, að slík störf sjeu sameinuð, þá getur það gengið fyrir sig án frekari umsvifa. Ríkisstj. hefir slíkt í sínu valdi. Það eru þá helst hinar smærri stöðvar, sem til greina koma í þessu sambandi, en kaupstaðirnir varla, eða alls ekki. Jeg get því tæpast skilið, að hjer sje svo aðkallandi þörf nýrra lagaákvæða, enda hefir sjálf póstmálan. lagt til, að ekki væri sameinað á hinum stærri stöðum. Hvað er þá við þetta unnið? Framþróun undanfarinna ára hefir sýnt það, að sameining getur átt sjer stað án nokkurra ráðstafana af hendi löggjafarvaldsins. Jeg get ekkert sjeð því til fyrirstöðu, að svo verði og framvegis.

Hitt, að gera svo snöggar breyt. eins og frv. ætlast til, að sameina starfrækslu símastöðva og póstafgreiðslu í kaupstöðunum og hjer og þar úti um land með stuttum fyrirvara, getur leitt af sjer truflun á öðruhvoru starfinu eða báðum. Mjer hefir verið sagt, að síðan þessi störf voru sameinuð á Siglufirði, þá gangi þetta þannig, að sá, sem er stöðvarstjóri landssímans, hafi póstafgreiðsluna sem aðalstarf. Snöggar breyt. á þessu sviði eru óheppilegar; þær eiga heldur að koma smátt og smátt.

Hjer í Reykjavík er hugsað til mikilla breyt. að því er snertir húsabyggingar fyrir landssímastöðina. Samkv. fjárl. er ríkisstj. heimilað að taka lán til þeirra húsabygginga, sem áætlað er alt að 1 milj. kr. Ennfremur er í sömu fjárl. veitt heimild til lántöku til nýrrar stjórnarráðsbygg-

ingar, alt að 225 þús. kr. — Hjer er ráðist í stórvirki, sem hafa mikinn kostnað í för með sjer. Mjer finst eðlilegra, að póstmálan. hefði verið látin taka til athugunar þetta húsbyggingarmál. Kunnugir menn hafa látið það í ljós, að mikið mætti bæta úr húsnæðisleysinu á þann hátt að taka efri hæðina í húsi landssímans og pósthúsinu og hafa þar afgreiðslustofur, til viðbótar því afgreiðslurúmi, sem nú er, en flytja aftur á móti aðalskrifstofu landssímans og pósthússins í hina væntanlegu stjórnarráðsbyggingu. Jeg vil skjóta þessu fram til athugunar fyrir þá hlutaðeigendur, sem um þetta eiga að fjalla. Það væri mikið unnið með því, ef hægt væri að koma þessu þannig fyrir, en veldur hinsvegar miklum kostnaði að byggja nýtt hús fyrir landssímann. Hitt væri miklu minni kostnaður, að koma skrifstofum síma og pósts fyrir í hinni væntanlegu skrifstofubyggingu landsins, enda þótt það þyrfti að stækka hana nokkuð þess vegna.

Jeg hefi drepið á ýmsa agnúa á frv. En þó eru á því aðrir og verri gallar, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir sjerstaklega bent á. Það er t. d. ekki gert ráð fyrir, hvernig á að fara með forstöðu símastöðva í sveitum, sem kostaðar eru af hlutaðeigandi hreppsfjelagi og ríkissjóði í sameiningu. Þegar litið er til þessa, ásamt öðru, þá er ekki hægt að benda á það með frambærilegum rökum, að knýjandi þörf sje á, að þessi sameining síma- og póstafgreiðslu gerist í einni svipan. Þetta mál þolir áreiðanlega lengri bið. Till. póstmálan. er vissulega gert nógu hátt undir höfði, þó að framkvæmd þeirra væri frestað í bili.

Sameining síma- og póststöðva á ekki að fara fram, nema hentugt sje fyrir alla hlutaðeigendur, og það getur stj. látið fram fara samkv. lagafyrirmælum, sem nú eru í gildi. Jeg leyfi mjer því að bera fram í þessu máli till. til rökstuddrar dagskrár, sem jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp:

**„Í því trausti, að haldið verði áfram að sameina afgreiðslustörf við póst og síma, þar sem það má verða til sparnaðar, án óhagræðis fyrir notendur, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.**

Þau rök, sem að þessari dagskrá liggja, eru nú komin fram í ræðu minni. En verði efast um þau rök, þá mun jeg auka við þau og færa fleira fram mínu máli til stuðnings, ef reynt verður að hnekkja því, eða talið mjög knýjandi, að frv. nái fram að ganga. Þetta mál, sem póstmálan. hefir undirbúið, er í rauninni þýðingarmikið, en hinsvegar mjög athugavert í því formi, sem það liggur fyrir, og jeg álít, að ekki megi flana að framkvæmd þess nema það sje vel hugsað og undirbúið.

**Sigurður Eggerz:** Það er undarlegt, að ekkert nál. skuli hafa komið fram um þetta frv., nema þessar örfáu línur frá meiri hl. n., sem jeg tel rangnefni að kalla því nafni. Það er á þessa leið: Nefndin er ekki sammála um einstök atriði í frv. þessu. En að öllu athuguðu leggur þó meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. — Þetta nál.

meiri hl. er ekki vel til þess fallið að upplýsa jafnflókið mál og þetta er, og það er ófært að láta engar skýringar fylgja því. Á þinginu 1923 flutti jeg frv. um samfærslu ýmsra embætta í landinu. Jeg áleit rjett að sameina þau embætti, sem hægt væri, til þess að launa þau betur og gera störfin veigameiri og lífvænlegri fyrir embættismennina, en spara þó að nokkru við starfsmannafækkunina. Þetta frv. fjekk þá lítið fylgi í þinginu. Jeg hafði einnig, þó frv. kæmi ekki fram um það, íhugað möguleikana fyrir samsteypu síma- og póstmála. En rauði þráðurinn í mínum samsteyputill. var, að þær kæmu ekki til greina fyrr en jafnóðum og embættin losnuðu. Jeg tel ófært að kasta starfsmönnum þjóðfjelagsins fyrirvaralaust út á gaddinn; sjerstaklega þar sem þeir eru svo illa launaðir, eins og allir vita. Jeg verð því að taka undir með hv. 1. þm. Skagf., að þetta er svo mikill ljóður á frv., að það má ekki fara þannig út úr þinginu.

Jeg tek undir það með hv. 2. þm. Rang., að yfirmenn símamála og póstmála ættu að heyra beint undir atvmrh. Jeg held það sje ekkert á móti því, að landssímastjóri sje látinn heyra beint undir hlutaðeigandi ráðh., og mun greiða atkv. með því. Það er óþarft að láta þau erindi og skjöl, sem koma frá landssímastjóra og póstmeistara, ganga í gegnum skrifstofur í stjórnarráðinu.

Jeg er sammála þeim anda, sem er í þessu frv., að það eigi að sameina opinber störf, þar sem hægt er að koma því við.

Í þeirri dagskrártill., sem hv. þm. Vestm. flytur, er það tekið fram, að þetta sje hægt að gera án nýrrar lagasetningar. Jeg veit það ekki með vissu og hefi ekki haft tíma til að kynna mjer það. En alt bendir þetta í þá átt, að málið þurfi ítarlegri athugunar við.

Um breyt. þær á póstgöngunum, sem felast í till. póstmálan., vil jeg sjerstaklega athuga það, sem snertir mitt kjördæmi. N. hefir komist að þeirri niðurstöðu, að það væri heppilegast að láta póstinn ganga um Laxárdal til Borðeyrar. Menn vita nú svo vel, hvernig samgöngum er háttað við Borðeyri og aðrar Húnaflóahafnir í hafísárum, að óþarft er að lýsa því; þá verður ekki treyst á póstflutning með strandferðaskipum á þær hafnir. Eina örugga leiðin með póstflutning í Dalasýslu er frá Borgarnesi. Jeg hefi heyrt eftir hæstv. atvmrh., að rjettast mundi að leggja bílfæran veg fyrst um Laxárdal og síðan yfir Bröttubrekku. En þetta er alveg öfugt. Fyrst ætti að leggja vegin um Bröttubrekku, og láta póstflutning frá Borgarnesi fara þar um. — Í þessum aths., sem eru prentaðar aftan við frv., eru bendingar, sem jeg tel óheppilegar fyrir mitt kjördæmi. Þó að þetta liggi ekki fyrir til umr., þá hefi jeg viljað benda á, að þessar umtöluðu póstleiðir eru ekki heppilegar. Jeg ætlaði ekki að vera langorður, og læt því máli mínu lokið.

**Forseti (BSv):** Áður en umr. var frestað kom fram svofeld rökst. dagskrá frá hv. þm. Vestm.: [Sjá 2246. dálk].

Þessi dagskrártill, er því einnig hjer til umr. og kemur til atkv. á sínum tíma.

**Benedikt Sveinsson:** Það hefir ekki verið upplýst enn, svo að jeg hafi heyrt, hversu mikið bygt skuli á eða fara skuli eftir í framkvæmd till. þeim, sem fram eru bornar í álitsskjali n. þeirrar, er sett var utan þings til þess að íhuga póstmál og símamál, og þessu frv. fylgja. En þar er sundurliðað, hvernig hagað skuli póstferðum og póstflutningi í hjeruðum landsins. En þar sem till. þessarar nefndar verða hafðar til hliðsjónar eða lagðar til grundvallar um skipun póstferðanna, þykir mjer nauðsyn til bera, að þær sjeu vel athugaðar nú við meðferð þingsins á málinu.

Jeg skal ekki rökræða, hvort heppilegra sje að hverfa að höfuðbreyt. nefndarinnar, að flytja póstflutning einungis með skipum inn á helstu hafnir og þaðan út um sveitir, en engu að síður þykir mjer margt athugavert við þær till., er komið hafa frá þessari hv. n., og fskj. þau, er fyrir liggja frá hennar hálfu.

Það er eðlilegt, að stjórn póstmála styðjist mjög við hinar sundurliðuðu till. utanþingsnefndarinnar, þegar þær hafa verið birtar í skjölum þingsins, ef engar aths. eru við þær gerðar. Og í þeim atriðum, sem þær eru óljósar eða óheppilegar, þá geta þær orðið villandi fyrir hæstv. stj., þá er til framkvæmdanna kemur. Fulltrúar kjördæmanna hljóta því að benda á helstu agnúana, er þeim virðist vera á þessum till. margnefndrar nefndar, svo að stj. eigi hægra um vik að átta sig á því, hversu póstferðum hjeraðanna verði haganlegast komið fyrir.

Það er einkum um samgöngur í Norður-Þingeyjarsýslu og jafnvel Suður-Þingeyjarsýslu, þar sem jeg er kunnugastur, sem mjer virðist áfátt till. n. Hún vill láta niður falla póstferðir yfir suma fjallvegi, t. d. Brekknaheiði á Langanesi og Tunguheiði á Tjörnesi, en það mundi koma sjer mjög illa, ef póstferðir legðust niður milli þeirra sveita, sem liggja tveim megin þessara fjallvega. Jeg þykist reyndar sjá, að n. ætlist til, að póstflutningum verði með tímanum haldið uppi milli bygðanna austan og vestan Tunguheiðar leiðina „kring Tjörnes", sem kallað er, enda er sú leið oft farin, þegar Tunguheiði er ófær yfirferðar, og ekkert athugavert við, að póstleiðin liggi þar. En þar sem nefndin fer í því sambandi að gylla það, að auðgert sje að leggja bifreiðarveg „kring Tjörnes", þá er jeg hræddur um, að hv. dm. mundi lítast annað, ef þeir færu þessa leið sjálfir, og mundu þeir telja það fagurgala, er á litlum rökum væri reistur.

Jeg þykist geta nokkuð úr flokki talað um þetta mál, þar sem jeg er borinn og barnfæddur þar í sveit. Vil jeg síst spilla fyrir því, að lagður verði bifreiðarvegur kring Tjörnes, en ekki dugir að telja þinginu trú um það, að vegur sá verði auðlagður og ódýr, því að hann liggur um langa leið og ærið torsótta, sem lengi hefir verið við brugðið. Eru þar til trafala stórkostleg gil, keldur og mýrlendi, ár og lækir og sumstaðar háar og snarbrattar brekkur, sem eigi er unt að leggja veg um

nema því aðeins að skáskera þær mjög með ærnum kostnaði. Þar er og hættulegt fyrir snjóflóðum að vetrarlagi, t. d. í Gerðibrekku fyrir utan Auðbjargarstaði, og verður eigi hjá þeirri hættu komist.

N. fer nokkuð lauslega í þetta mál í áliti sínu á bls. 16, þar sem hún talar um, að eðlilegt sje, að þjóðvegurinn liggi fremur kring Tjörnes heldur en yfir Tunguheiði og mundi ekki verða dýrari í lagningu, en langtum nothæfari. Um samanburð á kostnaði er það að segja, að þetta er með öllu órannsakað mál. Er og á það að líta, að jafnan hefir verið talið nær ókleift að leggja akveg yfir Tunguheiði, því að hún er meðal hinna verstu fjallvega, — slagar hátt upp í Fjarðarheiði — og vegarlagning yrði þar ákaflega dýr. Vegurinn kring Tjörnes er miklu lengri og yrði því að líkindum ennþá dýrari, en hann kemur aftur að mun betri notum. Tel jeg því rjettara að leggja veginn kring Tjörnes, en menn verða vel að gæta þess, að sú vegarlagning hlýtur að standa lengi yfir og á langt í land, að hún komist í framkvæmd, því að önnur annvirki liggja nær garði. Þýðir því ekki að svo stöddu að setja póstferðir norður þar í samband við þennan Tjörnes-veg, svo sem hann væri þegar lagður.

Að vísu er svo ákveðið í vegalögunum, samkv. breyt., er gerð var þegar þau voru síðast löguð, að þjóðvegurinn milli Húsavíkur og Kelduhverfis sje um Tunguheiði. Fyrst hafði staðið Reykjaheiði í frv., en þessi breyt. var upp tekin samkv. eindreginni ósk Húsvíkinga. Vissum vjer þó vel, þeir sem kunnugir voru, að varla mundi akvegur lagður yfir Tunguheiði fyrst um sinn. Var og þekking manna minni þá en nú er orðin um akvegu. En síðan menn hafa komist að raun um, hversu auðvelt er að ryðja sumarfæra vegi um sljettar og þurrlendar heiðar, þá hafa menn sjeð, að mjög er auðgert að leggja slíkan veg fir Reykjaheiði með furðulitlum ostnaði. Þar er hvergi nein torfæra, hvergi brekka nje lækjarspræna, heldur glymjandi götur Bláskógavegar, sljettar „Hellurnar" og mjúkir melar. Má þar auðveldlega gera greiðan veg fyrir bifreiðar á einu sumri, og þarf að vinda bráðabug að því. Þar með eru hjeruðin austan heiða komin í samband við aðra bifreiðavegi landsins, sem nú má heita, að nái alt austur til Húsavíkur. Þessi vegur er alveg sjálfstæður, hvað sem líður bifreiðavegi kring Tjörnes, sem ekki verður lagður nema á mörgum árum og með kostnaði, sem hlýtur að skifta hundruðum þúsunda.

Það er eindregin skoðun allra Norður-Þingeyinga, að sjálfsagt sje að fá sem bráðast sumarveg handa bifreiðum um Reykjaheiði, því að þeim er vel ljóst, hversu langt það hlýtur að eiga í land, að fær akvegur verði lagður kring Tjörnes.

Háttvirtri póstmálanefnd verður ekki mikið fyrir að ráða fram úr póstgöngunum í Norður-Þingeyjarsýslu. Segir svo í 45. tölulið nál. hennar, að það kerfi virðist svo einfalt, að varla þurfi skýringa við. Þykir mjer þetta nokkuð snubbóttar ráðagerðir um póstmálakerfi heils hjeraðs. Þar eru þó þrjár hafnir, sem póstskip sækja, og er engin grein gerð fyrir,

hversu haga skuli póstflutningum þaðan, og er það alt á huldu, hvort t. d. leggja skuli upp í Raufarhöfn eða við Kópaskersvog póstflutning þann, sem á að fara norður á Sljettu eða í Þistilfjörð vestanverðan. Eins er ekkert sagt um það, hvort Fjallasveit á að fá póstflutning austan af Vopnafirði eða vestan frá Akureyri um Mývatnsfjöll, eða norðan frá Kópaskersvogi. Allir hljóta að sjá, að við það er alls eigi hlítandi, að ekki skuli neitt ákveðið um þetta, úr því að á annað borð eru bornar fram till. um tilhögun póstferða um land alt, sem gert er ráð fyrir, að stj. styðjist við og þykja munu hafa fengið nokkra helgi, er þær hafa birst hjer í þingskjölum, ef ekki er bent á annmarkana.

Ennfremur segir hv. n., að vafasamt sje, hvort hentara mundi fyrir Skeggjastaðahrepp að fá póst frá Þórshöfn eða Vopnafirði, en finst eðlilegra að hafa heldur póstsamband við kauptún innan sýslu og segir, að síðar megi breyta til eftir óskum hjeraðsbúa sjálfra. Mælir hún þó heldur með því, að pósturinn verði fluttur úr Vopnafirði en frá Þórshöfn, En þessar till. hennar lýsa miklum ókunnugleika, því að þetta bygðarlag, Skeggjastaðahreppur eða ‚Strönd', hefir miklu meiri skifti við Þórshöfn heldur en Vopnafjörð, bæði af því, að það er í því læknishjeraði, sem lýtur undir Þórshöfn, og sækir einnig þangað verslun sína. Er auðsæilega hagfeldast, að bygðarlagið fái póstflutning þangað, sem samgöngur þess allar, viðskifti og verslun beinist að. Virðist mjer því miklu eðlilegra, að póstur sje sendur frá Þórshöfn austur í Skeggjastaðahrepp heldur en úr Vopnafirði norður yfir Sandvíkurheiði, sem bæði er miklu lengri leið og fáfarnari.

Jeg vildi aðeins benda á þessi atriði, sem varða mitt hjerað, án þess að fara að ræða fleiri till. hv. n., sem margar eru mjög óljósar og óheppilegar; teldi jeg best, bæði um það, er jeg hefi til nefnt, og annað, að leitað væri álits viðkomandi sýslunefnda áður nokkru væri slegið föstu um það, hversu póstferðum skuli hagað um hvert hjerað.

**Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson):** Jeg ætla þá að byrja á þeim stóru nöfnum ráðherra og ráðuneyti. Það hafa orðið allmiklar umr. um þetta efni, hvort póstmeistari og landssímastjóri ættu að heyra undir ráðherrann beint, eða undir ráðuneytið. Hv. 1. þm. Skagf. fjelst á skoðun mína að nokkru í þessu efni, en að nokkru á skoðun annara andstæðinga minna, svo að hv. þm. er skiftur á milli okkar í því máli. Hv. þm. hjelt því fram, að afstaða landssímastjóra væri engin önnur heldur en afstaða t. d. vegamálastjóra. Þetta hafði jeg líka bent á, og jeg hafði haldið því fram, að svo gæti einnig verið með póstmálastjórann. En þar hafa þeir hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. Rang. fært þær ástæður á móti skoðun minni, að þetta væri svo mikið og margháttað embætti og þessi maður hefði svo mikil viðskifti og sambönd við útlönd, að þetta ætti að vera mjög áberandi staða.

Nú vil jeg benda þessum hv. þm. á það, að þessi brjefaviðskifti geta farið fram án þess að þurfa að ganga í gegnum ráðuneytið, sem sagt, ráðh. getur ákveðið, að póstmálastjóri ann-

ist slíkar brjefaskriftir án þess að til ráðuneytisins komi, og á þennan hátt hygg jeg, að hægt væri að takmarka svo þær brjefaskriftir, sem þyrftu að fara á milli póstmálastjóra og ráðuneytisins, að enginn verulegur trafali ætti að verða af.

Hv. 1. þm. Skagf. kallaði þessi viðskifti póstmálastjóra og skrifstofunnar óþarfa hringsól, sem hann ekki vissi hvað ætti að þýða. Auðvitað gæti maður sagt eitthvað svipað um vegamálastjóra, vitamálastjóra og alla okkar stjóra. Það væri sjálfsagt gott að láta skrifstofuna losna við öll þessi afskifti. En jeg hefi bent á það, að miklar ástæður væru fyrir hendi, þar sem þessir tveir forstjórar, landssímastjóri og póstmálastjóri, eiga að gera sameiginlegar uppástungur um þessi mál, þá er eðlilegt, að báðir geri þessar till. til ráðuneytisins og það afgr. þær til ráðh., sem síðar tekur sínar ákvarðanir, bygðar á till. þessara manna. Annars verður varla hjá því komist, að annarhvor forstjóranna yrði settur eitthvað hærra en hinn.

Jeg vænti nú, að hv. þdm. fallist á skoðanir okkar hv. 1. þm. Skagf. um það, að ónauðsynlegt sje að taka landssímastjórann undan skrifstofunni, og svo í sambandi við það og framhaldi þar af, ef hægt væri að láta póstmálastjóra annast þessi helstu brjefaviðskifti, þá væru sömu ástæður fyrir hendi til þess að hann væri undir ráðuneytinu, en ekki ráðh.

Það voru ýmsir hv. þdm., sem höfðu haldið því fram, að við þetta fyrirkomulag yrði enginn sparnaður, t. d. hv. 1. þm. Skagf., hv. þm. Vestm. og jeg held hv. þm. Barð. Hv 1. þm. Skagf. og hv. þm. Vestm. virtust báðir vera mjög trúaðir á það, að jeg hefði þá skoðun á útreikningunum, sem fylgja frv., að engan sparnað leiddi af sameiningunni. Jeg held, að jeg hafi aldrei sagt neitt, sem ástæða væri til að byggja á þessa skoðun. Hitt sagði jeg, að þótt enginn sparnaður yrði að því í svipinn, þá væri engu síður ástæða til að taka þetta fyrirkomulag upp, ef sýnt yrði með rökum fram á það, að hjer þyrfti ekki að auka útgjöldin, þótt svo væri yfirleitt, að launagreiðslur hækkuðu, enda hygg jeg, að slíkt vaki fyrir öllum, sem um sameiningu embætta hafa hugsað og rætt, að með því væri mönnum gert hægra fyrir, án þess þó að ríkissjóður borgaði hærra fyrir slík störf.

Þeir hv. þdm., sem talað hafa í þessu máli, virðast bera mjög fyrir brjósti þá hættu, að störf kunni að verða tekin af stöku mönnum. Jeg skal játa það, að í þessu efni verður að fara gætilega, og það er alls ekki svo, að fyrir mjer vaki, að þessari breyt. sje dembt á í einu. Það geta verið mjög mismunandi ástæður til, hvort eigi á hinum ýmsu stöðum að koma starfinu í þetta horf strax eða svo fljótt sem unt er. Annars er jeg hræddur um, að það gangi seint hjá okkur að koma þeirri stefnu á í framkvæmdum að sameina störf, sem ríkið þarf að borga fyrir, ef altaf er hugsað um það, að aldrei megi taka neitt starf frá einum og leggja undir annan, þegar altaf er bætt við nýjum störfum, sem ríkið verður að borga, og ef öllum er haldið við, þá fjölgar þetta smátt og smátt, svo að ekki verður við unað. Það er auðvitað æskilegt, að helst allir meðlimir þjóðarinnar geti verið á góðum launum hjá

ríkissjóði, en slíkt getur náttúrlega ekki gengið, og svo margir geta hinir launuðu menn verið, að fullkomið ósamræmi sje, samanborið við fólksfjölda, og gjaldgetu ríkissjóðs ofboðið, því að mjer dylst það ekki, að eftir þeirri stefnu, sem fram hefir komið hjer á þingi, þá verður greiðsla fyrir störf í þágu hins opinbera stöðugt aukin. Það er altaf sagt, að mennirnir sjeu bundnir við þessi störf, að þeir geti ekki ráðið sig í aðra vinnu, sem líka sje mjög óheppilegt, að starfsmenn hins opinbera geri, og verði þeir því að fá svo fyrir vinnu sína, að þeir geti lifað sómasamlega af þeim launum. Því hefir verið haldið fram hjer, sjerstaklega af hv. þm. N.-Ísf., að sumir þessara manna væru svo hlaðnir störfum, að þeir gætu ekki við sig bætt, og þar fyrir væri sameining óhugsandi. Jeg get nú búist við, að flestir starfsmenn þjóðarinnar þykist svo hlaðnir störfum fyrir þau laun, sem þeir hafa, að þeir ekki þykist geta bætt við sig. En ef það getur gengið, að þessir embættismenn vinni svo og svo mikið utan síns embættis, jafnvel svo, að þeir fái meira fyrir þau heldur en það, sem þeir vinna fyrir ríkið, þá held jeg að þeir ættu að geta lagt fram alla starfskrafta sína fyrir ríkið. Mjer finst, að það í flestum tilfellum verði miklu hagkvæmara fyrir þá heldur en að skifta þeim milli tveggja eða fleiri. (JJós: Þetta verður heldur torskilið). Það getur vel verið, að jeg tali ekki nógu ljóst, en það getur líka vel verið, að hv. þm. Vestm. vilji ekki skilja. En jeg vil taka það fram, að aukin störf hljóta að koma með sameiningu starfanna, og ef því er slegið föstu, að einn eða annar flokkur starfsmanna geti ekki bætt á sig störfum, þá skal það viðurkent, að þar er sameining ómöguleg.

Hv. þm. Dal. sagði, að hann hefði borið fram till. um þetta áður; þá hefði hann álitið, að þetta væri hægt, og sjerstaklega álitið, að hægt væri að sameina póst og síma.

Hv. þm. Vestm. spurði eitthvað á þá leið, hvort jeg vildi ganga inn á þessa sameiningu, þótt enginn sparnaður hlytist af því. Jeg verð að segja það, að þetta er tvíræð spurning, en jeg get þó svarað því, að jeg myndi telja vafasamt, hvort rjett væri að gera það, ef enginn sparnaður hlytist af því. Á jeg þar ekki einungis við þann sparnað, sem fæst í augnablikinu, heldur líka þann sparnað, sem fæst með því að þurfa ekki að auka kostnaðinn í framtíðinni.

Þá sagði hv. þm., að óþægindi leiddi af sameiningunni. Jeg get ekki sjeð, hver óþægindi eru t. d. við það að fá sig afgreiddan á sama stað með tvent í einu. Það er t. d. ekki hægt að senda símaávísun nema með því að ná til hvorstveggja, síma og pósts.

Það voru þeir hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., sem töldu það nauðsynlegt, að maðurinn, sem tæki þessi störf að sjer, hefði verið í þjónustu landssímans tvö ár, og jeg held, að það hafi verið hv. þm. Barð., sem sló því föstu, að jeg teldi alls ekki nauðsynlegt, að þessi maður hefði þekkingu á þessum málum. Jeg var búinn að segja það, og það stendur líka í frv., að maðurinn á að hafa ákveðna þekkingu í þessum málum,

en hitt taldi jeg aukaatriði, hvort hann hefði starfað eitt ár eða tvö eða lengur við þetta áður; það færi mest eftir því, hvort maðurinn væri hæfur eða ekki. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að póstafgreiðslumaðurinn á Akureyri hafi starfað mjög skamma stund við póstafgreiðsluna, þegar hann var gerður að póstmeistara. Það sýnir það, að þessi störf krefja ekki svo stórkostlega mikillar þekkingar eða sjerstakra sjerhæfileika, heldur miklu frekar hitt, að maðurinn sje samviskusamur og duglegur, enda var þessi maður sjerlega duglegur, komst fljótt inn í störfin og gat fljótt tekið þetta ábyrgðarmikla starf að sjer. Jeg játa það, að nauðsynlegt er, að þessi maður sje sem best að sjer, en það er ekki rjettur mælikvarði á því, hvort hann hefir unnið lengi hjá þessari eða hinni stofnuninni.

Þá hafa nokkrir hv. þm. minst á það, að í þessu efni þyrfti engin sjerstök lög, af því að til væri heimild um það að sameina það af þessum störfum, sem betur þætti fara. Jeg hafði áður bent á, að það myndi tefja fyrir sameiningunni, ef ekki væru til lög um þetta, og a. m. k. er reynslan sú, að þetta hefir gengið mjög treglega.

Þá beindi hv. 1. þm. Skagf. einum tveim fyrirspurnum til mín. Önnur var um það, hvernig myndi verða farið að þar, sem sveitarfjelög hefðu lagt fram til símans. Jeg hygg, að þessu sje ósköp auðsvarað. Það verður látið sitja við það, sem verið hefir. Þau hreppsfjelög, sem hafa gert samning við símann, verða auðvitað að standa við þann samning, og síminn sömuleiðis. Það verður ekki hróflað neinu í því efni og jeg geri ekki ráð fyrir, að hlutaðeigandi sveitarfjelög verði neitt ósæmd af því að standa við þá samninga, sem þau hafa gert.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf. mig um það, hvernig jeg myndi taka brtt. um það efni, að stöðum þessum yrði ekki ráðstafað fyr en önnurhvor þeirra losnaði. Jeg er óviðbúinn að athuga þetta nú, en skal ræða þetta við hv. þm. nú fyrir 3. umr., ef hann teldi nokkurs virði að ná samkomulagi við mig um þetta atriði. En jeg tel það allhæpið að hafa nokkuð fastákveðið um það, að ekki skuli nægja að hafa annaðhvort laust, því að það getur þurft að skipa í annað embættið áður, þótt í flestum tilfellum ætti að fylgja þeirri reglu að sameina ekki fyr en annarhvor gengi frá. Jeg vil að sjálfsögðu ekki setja nein skilyrði í þessu efni, en hinsvegar er það mjög hæpið að láta það sitja fyrir sjálfsögðum endurbótum, þótt eitthvað lítilsháttar dragist frá einum starfsmanni og færist til annars.

Hv. þm. Barð. mintist á það, að þeir hv. 1. þm. Skagf. og hann hefðu lagt á móti frv. (**HK**: Jeg taldi það óþarft). En jeg skildi svo afstöðu þessara hv. þm. til frv., að þeir teldu ýmislegt í því vera til bóta, þó að þá greindi á um ýms atriði, og sem jeg held að jeg hafi tekið fram í fyrstu ræðu minni.

Þá var það hv. 1. þm. Skagf., sem gekk nokkuð langt inn á þá braut að ræða það fylgirit, sem er með þessu frv., um póstgöngur hjer á landi.

Jeg hafði áður tekið fram, að jeg teldi, að það lægi ekki fyrir til umr., því það kæmi frv. ekkert við. Jeg

hefi líka drepið á, að jeg væri ekki samþykkur ýmsu í því skrifi og fært þar til a. m. k. eina póstleið. Jeg nefndi hana sem dæmi, en jeg vil ekki ræða það mál hjer, því það er fjarskylt því, er hjer liggur fyrir. Jeg geri ráð fyrir, að ef það mál verður á sínum tíma lagt fyrir þingið, þá muni jeg láta mína skoðun á því í ljós. En ef það þarf ekki að koma fyrir þingið og stj. getur komið því skipulagi á póstgöngurnar, er hún telur heppilegast, þá er þýðingarlaust að vera að ræða það hjer. Enda býst jeg við, ef ítarlega verður farið út í það, þá muni það taka óhæfilega langan tíma. Jeg hefi litið svo á, að því væri þetta prentað með frv., að menn fengju sjeð, í hverju starf n. var fólgið, og í öðru lagi til þess að almenningur fengi að kynna sjer till. hennar áður en þeim væri að einhverju eða öllu leyti komið í framkvæmd. Auðvitað hefði eins mátt prenta þetta sjerstakt, en mjer finst það skifta æðilitlu máli, á hvern hátt það er gert.

Hv. þm. Vestm. var að finna að nefndafarganinu, sem hann svo kallaði, en það, sem einkennilegast var, var það, að hann var óánægðastur yfir því, hve n. hafði leyst störf sín fljótt af hendi. Einhverjum söng hefði líka mátt búast við frá íhaldinu, ef n. hefði verið lengi með störf sín. Það fer satt að segja að verða erfitt fyrir nefndir að starfa, ef þær mega hvorki vera fljótar með störf sín nje seinar. Jeg fyrir mitt leyti held, að n. sjeu því betri því duglegri sem þær eru. Hv. þm. hjelt því fram, að ekki væri svo vel gengið frá nál. sem skyldi. Það er nú svo með n., að þær hafa yfirleitt lítið hrós fengið fyrir störf sín. A. m. k. man jeg til þess, að launan. 1919 fjekk æðilítið hrós.

Jeg skal ekki teygja umr. um of. Jeg hefi ekki gert það og ekki þurft þess, því þó margir hafi andmælt, þá hafa þó margir vikið að sömu atriðunum. Get jeg því látið þetta nægja og mun ekki fjölyrða um það frekar.

Jeg mun að sjálfsögðu hlíta leiðbeiningum mjer fróðari manna og get gjarnan borið mig saman við hv. 1. þm. Skagf. fyrir 3. umr. En þar sem flest mun nú fram komið, sem ágreiningur er um, þá ættu menn að geta beðið rólegir með umr. til 3. umr. Þar sem hv. 1. þm. Skagf. hefir ekki heitið neinu góðu þá, má búast við, að þar gefist tækifæri til að ræða málið enn nánar.

Hv. 1. þm. Skagf. gat þess, að hann vissi, af hvaða ástæðum frv. þetta væri borið fram. Jeg hafði nú haldið, að frv. væru yfirleitt borin fram til að bæta ástand það, sem nú er, og þetta frv. þá sjerstaklega til að gera ríkinu kleift að borga starfsmönnum sínum viðunanleg laun án verulegs útgjaldaauka.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg mun verða stuttorður, því hv. frsm. talaði svo hóglega, og vil jeg svara honum í sama tón.

Hann kvaðst ekki skilja, hvers vegna aðrar reglur þyrftu að gilda um póstmeistara en landssímastjóra. Því gerði jeg grein fyrir; það er vegna hinna miklu viðskifta, er póstmálastjórnin hefir við útlönd. Þetta er rjettmæt ástæða, en hv. þm. þekkir ekki eins vel inn á þetta og jeg. Jeg hefi starf-

að í atvmrn. í 10 ár og veit því, að standi ekki póstmálastjóri beint undir ráðh., þá senda erlendar póststjórnir brjef sín beint til stjórnarráðsins, því það er viðtekin regla, að stjórnarráð skrifa einungis til stjórnarráða eða deilda úr þeim.

Jeg er sammála hv. þm. í því, að rjett sje að gæta þess sparnaðar í þessum málum, sem hægt er. Jeg er ekki mótfallinn sameiningunni, ef hún er ekki framkvæmd í einum rykk og menn ekki reknir úr stöðum sínum, þeim til stórskaða en ríkinu til einskis gagns. Hv. þm. sagðist heldur ekki ætlast til, að menn væru reknir úr embættum sínum, ef ríkið hefði til einskis að vinna. Erum við því sammála í þessu efni. Og jeg get skilið, að hann treysti stj. til allrar sanngirni í þessum efnum, en þar er jeg efablandinn og þykist geta borið fyrir mig reynslu þá, sem á er komin.

Hv. þm. gekk út frá því að embættismenn gætu yfirleitt annað meiru en þeir gerðu, því þeir tækju að sjer allskonar aukastörf. Alt þetta tal um aukastörf embættismanna, mun vera sprottið af aukastörfum þeim, er skrifstofustjórar stjórnarráðsins hafa, og er orðinn siður og hefir verið síðan 1904. Er jeg efins í, að hægt verði að koma því lagi af nema með því að hækka laun þeirra verulega. En við hitt má að sjálfsögðu ekki miða, þegar menn fara úr embætti sínu um stundarsakir til þess að gegna aukastörfum, en láta aðra gegna störfum embættisins. T. d. væri ekki rjett að telja sýslumann Árnesinga hafa of lítið að gera í embætti sínu, þó hann sitji á þingi fjórða hluta árs.

Hv. þm. sagði, að ekki mundi verða hróflað við þeim samningum, er nú giltu um framlög sveitarfjelaga til síma, meðan þeir stæðu. Það var jeg ekki að spyrja um. En jeg spurði um það, hvernig færi eftir þau 5 ár, er samningurinn væri úti, og koma ætti á sameiningu pósts og síma. Jeg er efins í, að þegar samningstíminn er á enda og búið er að sameina póst og síma, að þá verði hlutaðeigandi sveitarstjórnir viljugar á að leggja fram fje til símans. Jeg tala um þetta, því það hefir komið fyrir áður. Á Blönduósi varð einusinni að loka símastöðinni í nokkra daga, vegna þess að sveitarstjórnin neitaði að leggja fram fje.

Hv. þm. lofaði, að hann skyldi bera sig saman við mig fyrir 3. umr. og tók ekki af um, að nást mundi samkomulag. Þetta þótti mjer vænt um að heyra, og bíð jeg eftir að hv. þm. komi og ræði málið við mig. Hann sagðist ekki vera með því að reka menn frá starfi sínu nema það stæði fyrir sjálfsögðum endurbótum. Jeg er ánægður með þetta svar.

Þá mintist hv. þm. á, að póstgöngur á landi væru ekki hjer til umr. En hvers vegna voru till. póstmálan. lagðar fram með frv., ef ekki var ætlast til, að þær væru ræddar? Hingað til hefir það verið álitið, að ríkisstj. væri einráð um póstleiðir innanlands. Ef svo er, þá er hægt að smella þessu fyrirkomulagi á án þess að spyrja Alþingi. Því vildi jeg ekki láta till. ómótmælt hvað mitt kjördæmi snertir. Jeg segi fyrir mig, að jeg vil ógjarnan, að komið verði á eftir og sagt, að till. hafi legið fyrir þinginu, en þeim hafi ekki verið mót-

mælt. Því hafi verið litið svo á, að óhætt væri að taka þær upp. En svo mun mörgum fara, er les till., að hann verður ekki ánægður fyrir sitt kjördæmi. Þetta hefir komið fram bæði hjá mjer og hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Barð. Þeir hafa sýnt fram á, að till. eru ómögulegar í þeirra hjeruðum. En þegar svo er komið, þá er það sönnun þess, að till. eru ærið gallaðar.

Jeg vil því segja hv. þm., að ekki er nóg, að okkur komi saman um að leggja ekki niður póstleiðir um Holtavörðuheiði og Hrútafjarðarháls. Jeg nefndi þessar tvær leiðir af því þær snerta hann mest. En það eru aðrar leiðir, er ekki snerta mig síður, t. d. Vatnsskarð. Og jeg vona, að hv. þm. geti teygt sig svo, að hann nái norður á Vatnsskarð. (**HJ**: Jeg skal teygja mig alla leið norður á Akureyri!). Jæja, það er gott, en þó ekki nóg. Jeg er viss um, að við það verður aldrei unað, að leggja niður póstferðir milli sveita.

Hv. þm. talaði um, að nefndir fengju sjaldnast hrós. Það má vel vera, en það er ekki von, að n. fái hrós fyrir störf sem þessi. Auk þess sem það úir og grúir af vitleysum í till. hennar, er aðalniðurstaðan gersamlega röng.

Það er rjett, að nokkuð miklar umr. eru orðnar um frv. Skal jeg ekki teygja umr. lengur að sinni; ef ekki verður mögulegt samkomulag um málið við 3. umr., má taka upp þráðinn aftur.

**Halldór Stefánsson**: Eftir umr. að dæma lítur út fyrir, að frv. sæti hjer miklum og almennum andmælum. En þó hafa flestir fallist á, að aðalstefna frv. sje rjett. Þó að einstökum atriðum sje andmælt, þá er ekkert við því að segja og ekki nema eðlilegt, að menn greini á um einstök atriði. En ekki er nú ólíklegt, að eitthvað geti dregið saman með mönnum fyrir 3. umr.

Frv. hefir verið harðlega mótmælt með getsökum í garð stj. um, að hún mundi framkvæma sameininguna harkalega, ef hún væri leyfð í lögum. Þessar getsakir eru á engu bygðar, og vil jeg leyfa mjer að svara þeim með sjálfri grg. frv., og geta menn þá dæmt um, hversu harkalega ætlað er að framkvæma sameininguna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„— og er gert ráð fyrir því, að unnið verði að því að koma þeirri sameiningu sem fyrst á, eftir því sem stöður losna eða núverandi samningar við sveitarstjórnir um rekstur símastöðva renna út. Víða hagar svo til, að þetta mun reynast erfitt, og verður því ráðherra að geta gert undanþágu frá sameiningu þar, sem t. d. ekki fæst neinn til að taka bæði störfin, eða sameiningin af öðrum ástæðum álítst óframkvæmanleg eða óheppileg eða verður til muna dýrari en starfræksla stöðvanna hvorrar í sínu lagi".

Í 3. grein stendur hinsvegar, að ráðherra geti veitt undanþágu frá því, að sami maður gegni bæði stöðvarstjóra- og póstafgreiðslumannsstarfi, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Jeg þykist með þessu hafa sýnt fram á, að þessar ásakanir og getsakir þeirra hv. þm., sem á móti eru frv., eru á engum rökum reistar.

Jeg er nú á þeirri skoðun, að nál.

póstmálan. sje í rauninni ekki til umr., en með því að allmargir hv. þdm. hafa dregið það inn í umr., eða einstök atriði þess, þá vona jeg, að mjer leyfist að gera það einnig.

Út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði um einstök atriði grg. póstmálan., einkum þau, er snertu staðhætti í hans kjördæmi, þá vil jeg segja nokkur orð. Það er rjett, að n. hefir ekki tekið afstöðu til þess, hvort Fjallahreppur í Norður-Þingeyjarsýslu skuli hafa póstsamband við Kópasker eða Vopnafjörð. Jeg tel einsætt, að það verði til Kópaskers. Í annan stað talaði hv. þm. um póstsamband Skeggjastaðahrepps. N. hallaðist helst að því að hafa það við Þórshöfn, en hv. þm. kvað n. vilja hafa það við Vopnafjörð. Annars talar n. mjög sanngjarnlega um þetta og vill, að hreppsbúar skeri úr sjálfir, frá hvorum staðnum þeir vilji fá póstinn. Það er enginn höfuðmunur á leiðum; jeg hygg, að áhöld sjeu um vegalengdir frá Skeggjastöðum til Vopnafjarðar og til Þórshafnar. Það er að vísu rjett, að hreppsbúar Skeggjastaðahrepps hafa meiri viðskifti við Þórshöfn en Vopnafjörð, en það er tvísýn ástæða til þess að hafa póstsambandið við Þórshöfn fyrir þær sakir einar. Gæti þvert á móti verið hagfeldara fyrir þá að hafa póstsambandið á þá hönd, sem þeir hafa strjálara samband við af öðrum ástæðum. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg telji það skifta miklu máli, á hvora hönd póstsambandið er, heldur til þess að sýna lauslega fram á, að þessar umkvartanir og aðfinslur eru ekki allar mikilsverðar og meira og minna bygðar á misskilningi. Frv. gerir nefnilega ráð fyrir stórum bættum póstsamgöngum á sjó. Óhjákvæmilega hlýtur það að hafa það í för með sjer, að nokkuð af núv. landpóstgöngum leggist niður og að það breytist. Fjárhagurinn leyfir ekki, að stórbættar sjeu póstsamgöngurnar á sjó, án þess að landsamgöngurnar breytist og rýrni eitthvað, vitanlega þó ekki að sama skapi mikið og umbótunum nemur.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg skal nú verða við tilmælum hv. frsm. meiri hl. um að lengja ekki umr. til muna. Jeg skil þá ósk hans vel, og er mjög eðlilegt, að hún komi úr þeirri átt. Hv. þm. stendur nefnilega varnarlaus uppi, og ferst honum lítt höndug.ega að berja í brestina fyrir frv. þetta, og ræður það af líkum, þar sem hv. þm. virðist mjög skorta þekkingu á þessum málum.

Mjer kom það dálítið undarlega fyrir sjónir, þegar hv. frsm. meiri hl. vildi slá því föstu, að landssímastjóri og póstmeistari hefðu báðir lagt eindregið með frv. þessu. Mjer er ekki ljóst, hvernig hv. frsm. fer að því að draga þessa ályktun. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hv. þm. hafi algerlega hausavíxl á hlutunum. Þeir landssímastjóri og aðalpóstmeistari lögðu á móti 1. gr. frv.; 2. gr. töldu þeir óþarfa, 3. gr. voru þeir hvorki með nje á móti, 4. gr. voru þeir algerlega mótfallnir, 5. gr. voru þeir samþykkir, enda fjallar hún einungis um bætt launakjör starfsmanna þessara; 6. gr. voru þeir sammála. Þetta er nú það, sem þeir hafa lagt til þessa máls í samgmn. Í heild töldu þeir frumvarpið ýmist óþarft eða skaðlegt og aðalpóstmeistari hjelt því fast fram, að landssímastöðvarstj.-störfin ættu að leggj-

ast undir póstmeistarastörfin, ef breyta ætti. Jeg skil því ekki, hvernig hv. frsm. fer að telja þá sammála frv. í aðalatriðum. Því fer svo fjarri. Jeg efast ekki um, að þessum mönnum sje best kunnugt um hin yfirgripsmiklu og margbrotnu störf, sem bæði póst- og símamenn hafa venjulega með höndum. Oft er annríkið svo mikið, að vinna verður nótt og dag á pósthúsunum, því að ekki þykir heppilegt að taka aukafólk til þessara starfa; slík störf ganga seint hjá viðvaningum, og auk þess eru þau oft svo ábyrgðarmikil, að ekki er hægt að nota til þeirra nema hina föstu menn. Auk þess ber á það að líta, að pósthús í aðalkaupstöðum hafa og verða að hafa beint samband við útlönd, því ella myndu af hljótast tafir og önnur vandræði, ef alt yrði að ganga gegnum pósthúsið í Reykjavík. Hv. frsm. meiri hl. komst svo að orði, að við mættum ekki einblína alt of fast á það, sem aðrar þjóðir gerðu í þessum efnum. Alveg rjett. Í Danmörku hafa t. d. ekki nema þrjú pósthús beint samband við útlönd. Veldur það engum óþægindum þar í landi, vegna hinna öru samgangna, hinna daglegu járnbrautaferða um þvert og endilangt landið.

Hv. frsm. viðurkendi, að vafasamt væri, að um sparnað væri að ræða í sambandi við þetta frv. Við, sem á móti erum frv., höfum margsannað, að sparnaðurinn er óverulegur eða enginn, og ef hann er nokkur, kemur hann margfaldl. niður á notendunum, sem þola verða ljelegri afgreiðslu, ef sameinað verður. Hv. frsm. sagði, að sparnaðurinn yrði aðallega í framtíðinni. Ef svo er, að sníða á stakkinn við hæfi komandi tíma, þá álít jeg, að gjalda beri varhuga við því að rasa um ráð fram í þeim efnum. Þá hygg jeg ráðlegast að fara varlega í sakirnar og sameina einungis þar, sem hentugt er eins og nú standa sakir. Til þess þarf enga nýja lagaheimild; stj. er slíkt innan handar, enda eru þess þegar mörg dæmi, að sameinað hefir verið á smærri stöðum. Hv. frsm. var mjög í vafa um, hvort tiltækilegt væri að sameina á Akureyri. Að sjálfsögðu gildir þá það sama um Ísafjörð, Vestmannaeyjar og Seyðisfjörð. Það er vert að gefa því gaum, að póstafgreiðslurnar á Ísafirði og í Vestmannaeyjum eru taldar vera miður áríðandi og minni en t. d. póstafgreiðslan á Seyðisfirði. Stöðvarstjórinn þar á að hafa mun hærri laun en á áðurnefndum stöðum, og þó er loftskeytastöð í sambandi við landssímastöðina í Vestmannaeyjum. Hver mun vera ástæðan til þessa? Í þessu sambandi nægir að benda á peningaviðskiftin, sem þessi pósthús hafa haft síðastl. ár. Þau námu á Akureyri 1460 þús. kr., á Ísaf. 1170 þús. kr., í Vestmannaeyjum 800 þús. kr., en á Seyðisf. ekki nema 400 þús. kr. Auk þess liggja fleiri aukapóstar undir Ísafjörð en Seyðisfjörð, og fleiri brjefhirðingar. Jeg hefi aðeins drepið á þessi atriði til þess að sýna, að þetta, eins og fleira í till. n., er harla lítið undirbygt, og ræða hv. frsm. meiri hl. á litlum kunnugleikum bygð.

Þá vildi hv. frsm. gera lítið úr þeirri till. landssímastjóra, að þeir, sem fengju þessi störf, yrðu að hafa unnið minst 2 ár við landssímann. Þetta fanst hv. þm. óþarfi. En jeg fæ nú ekki betur sjeð en að slíkt ákvæði sje í alla staði hið þarfasta og fylsta

nauðsyn sje til þess, að þeir, sem þessi störf hafa með höndum, fullnægi kunnáttuskilyrðum. Enda mun hv. þm. skilja þetta vel, ef hann gætir betur að. Jeg hygg t. d., að hv. þm. myndi þykja það fremur óviðkunnanlegt, ef óreyndur samvinnuskólapiltur væri umsvifalaust tekinn fram yfir hann og settur yfir þá verslun, sem hv. þm. hefir í fleiri ár veitt forstöðu. Ef hv. þm. er alvara um þetta, þá verður maður að draga þá ályktun, að hann meti reynslu, æfingu og leikni í starfi einskis virði.

Þá sagði hv. þm., að allar forgangskröfur manna til embætta ættu engan rjett á sjer. Þetta get jeg með engu móti viðurkent. Sá maður, sem t. d. hefir verið póstur í tugi ára og staðið vel í stöðu sinni, á áreiðanlega meiri rjett til betri stöðu í þeirri grein, ef nokkur losnar, heldur en einhver og einhver, sem aldrei hefir við slík störf fengist. Ef þetta er ekki viðurkent, þá er verið að draga úr framsækni manna til þess að verða duganði og nýtir starfsmenn þjóðarinnar. Um það atriði, að ef afgreiðsla kynni að ganga seint, þá fórust hv. þm. svo orð, að hið opinbera myndi skerast í leikinn. En á hvern hátt? Ætti ríkisvaldið að segja við stöðvarstjórann, að hann hefði ekki nægilegt fólk? Vitanlega myndi stöðvarstjórinn svara því einu til, að hann kæmist yfir þessi störf með þessum mannafla, enda þótt afgreiðsla gengi svo treglega, að notendur biðu baga og tjón af. Þá væri ekki um annað að gera fyrir ríkið en hækka skrifstofufje stöðvarstjóranna.

Annars finst mjer hv. þm. hafa bitið sig helst til fast í þá trú, að þar sem hjer er um stjfrv. að ræða, þá sje hjer eitthvað stórvægilegt umbótamál á ferðum. En slík trú getur oft svikið, og svo er að þessu sinni.

Hv. 4. þm. Reykv. tók mjög skynsamlega í málið. Hann er einn í n. þeirri, sem haft hefir málið til meðferðar, og mun að nafninu til heyra til meiri hl. Hann sagði, að ekki kæmi til mála að svifta menn störfum, nema því aðeins, að ríkið hafi verulegan hag af því fjárhagslega. Hinsvegar telur hann áætlun póstmálan. um sparnað þann, sem þessi lög hefðu í för með sjer fyrir ríkið, mjög efasama. Jeg vil halda því fram, og hefi sannað það, að sparnaður er lítill eða enginn, en hinsvegar margföld óþægindi fyrir alla notendur pósts og síma. Þessir sparnaðarútreikningar póstmálan. eru lítið undirbygðir, eins og flest það, sem hún hefir látið frá sjer fara.

Hv. þm. Dal. ámælti minni hl. samgmn. fyrir að hafa ekki gefið út nál. Jeg held nú, að slík ámæli eigi ekki síður við meiri hl., því nál. hans var nafnið eitt. Það er bæði stutt og engar upplýsingar nje neitt til stuðnings frv. í því. Auk þess vill einn meirihlutamaðurinn láta breyta frv. og hefir flutt till, um það. En n. hefir ekki haft tök á að ræða málið nema á einum fundi, og daginn eftir var málið tekið á dagskrá, að því er talið er að beiðni stj. Með þeim önnum, sem nú eru í þinginu, þingfundir venjulega frá kl. 10 að morgni til kl. 1—2 á nóttunni, auk nefndastarfa, þá ræður það af líkindum, að við minnihl.menn höfðum engan tíma til að útbúa ítarlegt nál., sem þó vissulega hefði verið æskilegt. Hinsvegar væntum við þess fastlega, að umr. þær, sem fram hafa

farið um málið hjer í hv. deild, muni hafa sannfært hv. þdm. um það, að ef þetta frv. á að ná afgreiðslu á þessu þingi, verður það að taka róttækum breytingum.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að jeg hefði verið með getsakir í garð póstmálan. út af þessu frv. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Jeg talaði einungis á móti frv., en ekkert um tildrög þess. Hv. þm. talaði um, að jeg þyrfti að lesa nál. betur. En jeg vil þá segja það, að hann hefir ekki lesið það svo vel sem skyldi, ef hann heldur því fram, að þar sje ætlast til, að lögin komi til framkvæmdar jafnskjótt og hinar einstöku stöður losna. Vilji hv. þm. slá niður allar getsakir í þessum efnum, þá ætti hann að styðja þær brtt., sem koma munu til varnaðar misbeitingu í veitingu starfanna. Enda er það álit allra heilbrigt hugsandi manna, að ekki eigi að svifta menn stöðunum nema ríkinu sje auðsjeður hagur við breytinguna. En þannig hagar hvergi til að því er þetta mál snertir nema á Borðeyri, en þar hefir nefndin ekki gert ráð fyrir neinum sparnaði, þó undarlegt sje.

Jeg vil undirstrika enn að nýju, að þar sem póststöðvarnar skifta beint við útlönd, þá er alveg óhjákvæmilegt að hafa vana póstmenn og menn, sem eru þaulvanir slíkum störfum, því að ábyrgðin hvílir á ríkinu, ef einhver vanræksla á sjer stað. T. d. ef ekki er fylgt fyrirmælum í póstsamningum, sem gerðir eru við erlend ríki, þá er það víst, að íslenska ríkið sætir ábyrgð fyrir. Það má ráða af því, sem jeg hefi áður sagt, að það eru ekki svo fáar afgreiðslur frá póststöðvunum um alt land, sem fara til útlanda. Það er ekki hægt að segja, hversu margar póstsendingar fara til útlanda af þeim 4½ milj. sendinga, sem afgreiddar eru frá pósthúsinu á Ísafirði. en jeg hygg, að þær sjeu æðimargar.

Meðal annars vegna þeirrar ábyrgðar, sem hvílir á póstmönnum yfirleitt um að þessi störf þeirra sjeu rækt eins og víðtækir milliríkjasamningar ákveða, er það svo í Danmörku, að aðeins þrjár póststöðvar eru látnar hafa á hendi póstafgreiðslu til útlanda, og eru þó þúsundir póststöðva í öllu landinu. Mjer finst það vera alveg ófersvaranleg stefna, ef nú á að leggja út á þá braut að hafa ekki vel æfða menn við póstafgreiðsluna, jafnvel þó að þeir eigi að vera undir yfirstjórn símastjóranna. Jeg get ekki verið því fylgjandi að lækka frá því, sem nú er, þau laun, sem póstmeisturunum eru greidd. Mjer er kunnugt um það, að á Ísafirði vinnur póstmeistarinn altaf fullan skrifstofutíma, frá 10—6 eða 10—7 á hverjum degi þegar pósthúsið er opið, og auk þess oft mikla aukavinnu þegar skip koma. Er hann því vel að launum sínum kominn. Þetta er líka duglegur og þaulvanur maður, svo að störfin verða honum ljettari en lítt vönum mönnum, og mjer þykir sennilegt, að þó að teknir væru tveir óvanir menn til þessa, þá mundu þeir ekki afkasta meiri störfum heldur en hvor af þeim tveim mönnum, sem síðast hafa gegnt póstmeistaraembættinu á Ísafirði.

Hv. frsm. hefir haft á móti því, að talað sje hjer um nál. póstmálan.

í sambandi við þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg verð nú að vera á annari skoðun en hann um þetta, og get tekið undir það með hv. 1. þm. Skagf., að þar sem þetta álit er látið fylgja frv. til þingsins, þá er ekkert eðlilegra en að það sje tekið til athugunar. Ef þessu áliti væri ekki andmælt, þá er ekkert eðlilegra en að hæstv. stj. líti svo á, að allir væru því sammála og gætu aðhylst þær till., sem þar eru bornar fram. Mundi hæstv. stj. þá að sjálfsögðu telja sjer óhætt að bera fram frv. á næsta þingi í samræmi við þetta, sem væri bygt á þeim grundvelli, sem póstmálan. leggur til.

Jeg gerði grein fyrir því í minni fyrri ræðu, að það bregður víða fyrir hjá póstmálan. mjög miklum ókunnugleika á staðháttum á ýmsum stöðum, og þó að till. hennar sjeu oft svo varfærnislega orðaðar, að ekkert er á þeim að byggja, þá eru þetta samt till. til þings og stj., sem er sjálfsagt að athuga. Það var leiðinlegt, að ekki skyldu vera fyrir hendi till. um þessi mál frá póstafgreiðslumönnum víða af landinu. Þær voru fengnar árið 1924 af aðalpóstmeistaranum hjer í Reykjavík, og voru þá sendar stjórnarráðinu, en árið 1928 átti svo að fara að taka þær til athugunar, en þá fundust þær hvergi, og hafa ekki fundist síðan. Þetta er eitt meðal annars, sem sýnir, hvað það er óheppilegt, að þessi mál skuli ekki heyra beint undir ráðh., því að eins og nú er til stofnað, þarf að senda öll skjöl til stjórnarráðsins. Þessi skjöl, sem jeg var að tala um, finnast hvergi, en aðeins hefir fundist brjef aðalpóstmeistara, þar sem hann hafði gert útdrátt úr till. póstafgreiðslumannanna, en allar nánari upplýsingar vantaði. Jeg vonaðist nú eftir því, að þar sem svo hefði farið, þá hefði póstmálan. beiðst þess, að aðalpóstmeistari útvegaði nýjar upplýsingar frá þessum sömu mönnum, en það hefir hún ekki gert, og því liggja nú engar upplýsingar fyrir frá þeim. Aðalpóstmeistari hafði gert ítarlegar till. eftir þessum plöggum, en þær till. voru ekki afritaðar í póstmálaskrifstofunni, vegna þess að búist var við, að þær kæmu aftur úr stjórnarráðinu. Einnig þessar till. aðalpóstmeistara liggja með þeim plöggum, sem ekki hafa fundist. Það hafa aðeins fundist niðurstöðurnar, sem aðalpóstmeistari hafði skrifað hjá sjer.

Jeg held, að það hefði farið betur á því hjá póstmálan., að hún hefði lagt rækt við að athuga það, sem henni var falið að athuga með brjefi 16. okt. 1928. Það hefði farið betur á því heldur en að hún sje að gera till. um breyt. á æðstu stj. póstmálanna og símamálanna, eins og gert er með 1. og 2. gr. frv. Þær till. eru yfirleitt mjög illa undirbúnar, en hafa tafið n. frá þeim störfum að athuga, hvernig hægast verði að koma póstflutningum um alt land og bera fram till. um bættar póstgöngur. Það hefir ekki komið neitt frá n. nema ofurlauslegar athuganir og svo þetta frv., sem er á engan hátt vel undirbúið.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Vestm. feld með 15:10 atkv.

Brtt. 592 feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: JJós, JAJ, JÓl. JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, GunnS, HK.

**nei:** IngB, JörB, LH, MT, SvÓ, Þorl-J, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, H-G, HV, BSv.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 15:8 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15:5 atkv.

4.—7. gr. samþ. með 14:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:9 atkv.

---

Á 70. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 195, 657, 662).

**Magnús Guðmundsson:** Jeg hefi hjer flutt brtt. á þskj. 657 í þá átt, sem jeg gat um við 2. umr., um að póstafgreiðslumannastöður skuli ekki lagðar niður fyr en jafnótt og þær losna. En þó hefi jeg bætt við þeirri undantekningu, að ráðh. sje þetta heimilt, ef sameiningunni er samfara sjerstakur sparnaður fyrir ríkissjóðinn.

Jeg sje ekki ástæðu til að segja fleira um þetta mál að svo stöddu, af því að jeg talaði rækilega um það við 2. umr., en vil mjög gjarnan heyra undirtektir hv. þm. V.-Húnv. Hann hafði góð orð um það við 2. umr., að hann mundi fáanlegur til samvinnu við mig til umbóta á frv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg á hjer brtt. á þskj. 662, sem er í samræmi við það, sem jeg og aðrir nm. í samgmn. höfum talið sjálfsagt, nefnil. að þess væri krafist af þeim mönnum, sem eiga að hafa forstöðu þessara stofnana á hendi, að þeir hafi þekkingu á starfinu. Það er mjög óviðeigandi, og enda fágætt að jeg hygg, að þeir, sem eiga að segja öðrum fyrir um störf, hafi hvorki þekkingu á nje æfingu í starfinu.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla með þessu frekar og hv. þdm. samþ. þessa brtt.

**Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson):** Jeg get sagt það út af brtt. hv. 1. þm. Skagf., að jeg er í öllum aðalatriðum samþ. henni. Þetta er það sama og fyrir n. hefir vakað, og jeg geri ráð fyrir, að í framkvæmdinni verði þetta svipað og ætlast er til með till.

Nú er komið að þinglokum og vil jeg því ekki tefja málið með því að fara að breyta frv. Miklu fremur vil jeg greiða fyrir frv. eins og unt er.

Brtt. hv. þm. N.-Ísf. tel jeg alveg óþarfa. Jeg held, að hv. þm. hljóti að minnast þess, að á fundi samgmn., sem landssímastjóri var mættur á, kom þetta til tals í sambandi við fregnir um veitingu Borðeyrarstöðvarinnar, og hann lagði ekki mikið upp úr því.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá er vart hægt að fá fullkomna þekkingu á þessum málum, nema því aðeins að hafa starfað eitthvað við þau, en jeg geri ekki svo mikið úr þessu skilyrði um tveggja ára starfstíma. Og jeg hygg líka — eins og jeg tók fram —, að ef landssímastjóri væri kvaddur til um þetta atriði, þá myndi hann ekki leggja svo mikið upp úr því. Þetta veit hv. þm. N.-Ísf. ósköp vel. Þessa brtt. álít jeg því óþarfa, og tel þaðan af síður ástæðu til að samþ. hana en hina brtt. En um það atriði

hefi jeg átt tal við hv. 1. þm. Skagf. og við komum okkur saman um það, hvað heppilegast er í þessu efni. Og jeg hefi álitið, að frv. með sinni grg. fæli í sjer nákvæmlega sömu stefnu sem hann vill setja inn í frv. En það, sem okkur greinir aðallega á um, er það, að jeg treysti hæstv. stj. til að framkvæma þetta, en hann treystir henni ekki til að framkvæma það á þennan hátt. Hver hefir sínar ástæður fyrir þessari skoðun á stj., og hann verður auðvitað að bera vantraust til hennar, úr því að hann er í andstöðu við hana.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg hjó eftir því, að hv. frsm. meiri hl. er í rauninni sammála þessum brtt., en hann leggur samt á móti því, að þær verði samþ. Og það er af ótta við það, að frv. nái ekki fram að ganga. Jeg get nú ekki sjeð, að það sje nokkur hætta með þetta frv. Stjórnarflokkarnir báðir hafa svo góðan meiri hl. í hv. Ed., að þeir geta sannarlega tekið það á dagskrá hvenær sem þeir vilja, og þarf því afgr. ekki að taka nema örskamman tíma. Jeg lofa hv. frsm. því, að jeg skal gera mitt til þess, að engar umr. verði um málið í Ed. Mjer finst það sannast að segja vera það minsta, sem meiri hl. getur gert fyrir minni hl., að lofa að orða frv. eins og þeir segja, að þeir skilji þau og vilji að þau sjeu. Það er þá orðið lítið tillit tekið til minni hl., ef ekki má einusinni fara svo langt að breyta orðalagi þar, sem samræmi er í skoðunum.

Hv. þm. sagði, að hann mundi vilja framkvæma þetta eins og mín till. segir til. Jeg væri nú ánægður með þetta, ef hann ætti að framkvæma það, en það er nú einu sinni ekki. Og sá hæstv. ráðh., sem á að framkvæma það, er ekki viðstaddur og getur ekki látið uppi álit sitt um það. En orðalag 7. gr. er ekki í samræmi við þessa skoðun hv. þm. Og mjer finst það vera það eðlilega að orða lagaákvæði eins og maður vill láta framkvæma þau, en ekki gefa skýringar í framsögu eða nál. og láta svo standa annað í lögunum. Það finst mjer sleifarlag í löggjöfinni. Og mjer finst það meinsemi hjá hv. meiri hl., ef hann vill ekki laga þetta atriði, úr því að hann þó er sammála um það.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er algerlega rangt hjá hv. frsm. meiri hl., að landssímastjóri hafi viðhaft þessi ummæli sín út af veitingu stöðvarinnar á Borðeyri. Hann benti á, að það væri óhugsandi að ganga framhjá starfsmönnum ríkisins, sem unnið hefðu að starfinu í mörg ár, en taka menn frá prófborðinu. Hitt tók hann sem dæmi, að heyrst hefði, að nú ætti að veita slíka stöðu manni, sem ekkert próf hefði.

Hv. frsm. komst þannig að orði, að það sje varla hægt að fá fullkomna þekkingu á þessu sviði nema hafa starfað að því mörg ár. En samt vill hann ekki, að það sje tekið fram í l., að menn skuli hafa starfað 2 ár áður en þeir fái stöðu.

Hann komst þó ekki hjá því að játa, að þeir, sem lengst hafa starfað við ritsímann og talsímann, ættu að njóta þess og hafa hærri laun en hinir, sem stutt hafa starfað eða ekkert. Það er óskiljanlegt, ef hann ætlar að láta kúgast til þess að vera á móti

sínu eigin áliti. Því að jafnvel þó að hann sje sammála brtt. okkar, neitar hann að greiða þeim atkvæði. (**HJ**: Jeg hefi aldrei sagt, að jeg væri sammála). Það er vitanlegt um brtt. hv. 1. þm. Skagf., að hv. þm. tjáði sig henni sammála. Og í umr. hefir hann talið það fyrirkomulag, er jeg vil hafa, fullkomlega rjettmætt. Jeg hygg líka, að aðrir nm. sjeu þessu sammála. Þannig hefir hv. 2. þm. Rang. talið rjett, að það kæmu einhver varnarákvæði gegn því, að menn frá prófborðinu væru skipaðir í stöðvarstjórastöður, en hinir, sem lengi hafa starfað, látnir sitja á hakanum. Annars er heimild fyrir, að ríkisstjórnin geri þetta, ef mín brtt. er ekki samþ. Og það er svo mikil óbilgirni gagnvart starfsmönnum landsins að neita að samþ. svona sjálfsagt varnaðarákvæði. Tímatakmarkið hefði átt að vera miklu lengra.

Jeg læt þetta nægja sem ábendingu um það, að ekki sjeu skipaðir í stöður þessar óvaningar eða verra en það. Það er svo um flesta símritara, sem koma frá prófborði, að þeir geta mjög illa tekið á móti skeytum. Og vanalega er talið, að það þurfi tveggja ára æfingu til þess að geta sent skeyti svo að vel sje læsilegt.

Það liggur óneitanlega grunur á um það, að hjer sje eitthvað gruggugt á bak við, þegar menn geta ekki samþ. jafnsjálfsagða till. og þessa. Mjer þætti gaman að sjá, hverjir það verða, sem neita jafnsjálfsagðri kröfu, sem starfsfólk símans hlýtur að hafa í þessu efni.

**Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson)**: Það þýðir nú ekki að þreyta kapp um þetta mál lengi. Jeg veit það a. m. k., að hv. 1. þm. Skagf. hefir skilið afstöðu mína til þessa máls, skilið það, að jeg þori ekki að ganga inn á breyt., þó að jeg teldi þær vera til þess að gera enn ljósara það, sem fyrir stj. vekti, og það er einmitt vegna þess, að frv. næði þá ekki fram að ganga. Það kemur svo þráfaldlega fyrir, að allumsvifamiklar umr. spinnast um þau mál, sem flýta þarf sem mest í gegn. Jeg veit, að hv. 1. þm. Skagf. hefir viljað gera það, sem hann gæti, til að flýta fyrir málinu, en það er engan veginn víst, að það takist. Það er altaf hægt að finna eitthvað og eitthvað til þess að teygja tímann. En jeg fyrir mitt leyti vil segja, að jeg geri það, sem unt er, til þess að þinglausnir dragist ekki fram yfir hátíð. Og þegar ekki er um meira að ræða en þetta er frá mínu sjónarmiði, þá tel jeg ekki vert að gera þessa breyt.

Það var hjá hv. þm. N.-Ísf. alt ósatt, sem jeg hafði farið með. En jeg held, að hann hafi ekki fært neinar sönnur á sitt mál. Hann virtist mest halda því fram, að menn geti aldrei undir neinum kringumstæðum tekið þessi störf, nema því aðeins, að þeir hafi unnið að þeim í tvö ár minst. Jeg veit ekki betur en póstmeistarastarfið á Akureyri sje rekið af manni, sem ekki var búinn að starfa svo lengi, þegar hann tók við starfinu á eigin ábyrgð. Annars er dálítið gaman að benda á eitt í þessu efni. Það er talað um, hve yfirgripsmikið þetta starf sje á Akureyri og Ísafirði, þar sem ekki eru sameinuð störfin. Á Siglufirði eru þau heldur ekki sameinuð. Og hv. þm. N.-Ísf. var við 2. umr. málsins að sýna fram á með tölum, hve hjer

væri um mikla peningaábyrgð að ræða á hinum stöðunum. En honum láðist óvart að geta þess, að á Siglufirði — þar sem sameining hefir átt sjer stað — er eins mikil umsetning á pósti eins og á Ísafirði, og nærri eins mikil og á Akureyri.

En svo að jeg víki að hinu tveggja ára starfstímabili, vil jeg endurtaka það, að sjerstaka áherslu lagði landssímastjóri ekki á þetta atriði. Og jeg vil ennfremur benda á það, að aðalpóstmeistari þóttist mjög lítið þurfa um þetta að segja. Og honum fanst fjarstæða, að þessi maður hefði sjerþekkingu á símamálum, þar sem hann hlyti að hafa símritara. Póstmeistari heldur yfirleitt fram, að starf þessa forstjóra muni aðallega vera fyrir póstafgreiðsluna (**JAJ**: Svo-o!), en aðstoðarmaðurinn sje við símann. Þess vegna skilst mjer á aðalpóstmeistara, að það sje alls ekki nauðsynlegt, að þessi forstjóri hafi sjerþekkingu á símamálum, en á honum hvíldi öll ábyrgð og peningaumsetning, svo að það er að mínu áliti ennþá minni ástæða til að setja sig svona mikið á móti þessu eins og hv. þm. N.-Ísf. gerir.

**Magnús Guðmundsson:** Það kemur nú fram hjá hv. frsm. meiri hl., að hann þorir ekki að treysta því, að þetta mál gangi í gegn, ef breyt. verður gerð hjer. Það er náttúrlega ekki til neins að karpa um þetta lengi. En jeg sje ekki ástæðu til, þrátt fyrir þessa andstöðu hans, að taka till. aftur, en lofa þá meiri hl. að drepa hana, ef hann vill. En það hefir þó hafst upp úr umr., að lýst var yfir af hv. frsm., að hann sje samþ. till. Það eina, sem vantar, er það, að þetta verði framkvæmt eins og gert er ráð fyrir í till. Við það verður víst að sitja, þegar meiri hl. vill ekki einusinni sýna þá sanngirni að orða skýrt þá hugsun, sem hann viðurkennir, að liggi til grundvallar.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Jeg vildi taka undir með hv. frsm. meiri hluta um það, að það sje rjett að framkvæma þær heimildir, sem í l. felast, á þann hátt, sem greinir í till. hv. 1. þm. Skagf. Og jeg get fallist á þá till., ef bætt verður aftan við hana þessum orðum: „og þegar af því leiða veruleg þægindi fyrir hjeraðsbúa".

Það eru aðallega tvær ástæður, sem eiga að vera því valdandi, að stöður sjeu sameinaðar, jafnvel þó að önnur sje ekki laus. Önnur er sparnaður ríkissjóðs, hin er þægindi viðskiftamanna. Mjer er t. d. kunnugt dæmi þess, að í sveit er sími og póstafgreiðsla sitt á hvorum stað, en gætu verið í einum stað. Þar væri mikil nauðsyn á sameining áður en annar starfsmaðurinn lætur af starfi. Það veldur miklum þægindum fyrir almenning, að þurfa ekki, þegar langt er á milli stöðva, að fara nema í einn stað, geta komið símaávísunum að, og fleira slíkt mætti telja. Hinsvegar tel jeg ekki veruleg óþægindi fyrir viðskiftamenn, þó að þeir þurfi að koma í tvö hús í sama þorpi. Ef þessi viðaukatill. mín yrði samþ. við till. hv. 1. þm. Skagf., þá mun jeg greiða atkv. með till. í því trausti, að það gangi eftir, sem hv. þm. sagði, að engin töf verði á málinu í hv. Ed. Það eru enn eftir tveir dagar af þingstörfum, og annað eins kraftaverk hefir verið gert eins og að

koma fram frv. með ekki mikilvægari breyt. en það, að allir aðilar telja hana enga efnisbreyt.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hv. frsm. gat um afstöðu aðalpóstmeistara til þessa máls. Það er alveg rjett, að hann heldur því fram, að póststarfið sje aðalstarfið, en þá ætlast hann að sjálfsögðu til þess, að hann taki sjer til aðstoðar æfðan og vanan símritara. En þar með er vissulega fallinn burt allur sá sparnaður, sem þetta frv. er talið bygt á. Þá eru komnir tveir hátt launaðir menn. Símritarar hafa sem sje lítið lægri laun en stöðvarstjórar, því að þeir hafa ekki ókeypis húsnæði. En jeg hygg, að n. hafi ekki viljað fallast á þessa skoðun aðalpóstmeistara, vegna þess að þá fæst enginn sparnaður, ekki einusinni á pappírnum.

Hv. þm. sagði, að stöðvarstjórinn á Akureyri hafi starfað lítið að þeim málum, sem hann veitir forstöðu, áður en honum var veitt. En hann var búinn að vera a. m. k. 12 ár símritari áður. (**HJ:** Jeg talaði um póstmeistarann). Þar sem hann benti á póstmeistarann á Akureyri, þá var hann búinn að vera í 4—5 ár, þegar hann fjekk starfið, eftir því sem mjer var skýrt frá.

Hv. þm. mintist á, að á Siglufirði væri meiri umsetning á pósti en á Ísafirði. En það er ekki ábyrgðin ein, sem jeg talaði um; það er starfið. Hvað liggja margar aukastöðvar undir Siglufjörð? Ekki ein einasta brjefhirðing, og jeg held ekki neinn aukapóstur. Á Ísafirði eru 20 brjefhirðingar og 14—16 aukapóstar. Og þess vegna er á pósthúsinu á Ísafirði margfalt meira starf en á Siglufirði. Sundurgreining brjefa á Siglufirði er nálega engin, því að það er enginn póstur sendur til Siglufjarðar nema sá, sem á að fara þangað í þorpið. En á Ísafirði er sendur landpóstur til Norðurlands og aukapóstar bæði um norður- og vestursýsluna. Þetta er því alls ekki sambærilegt starf.

Jeg gat þess, að það mætti fremur sameina störfin á Siglufirði og Borðeyri. En á Ísafirði, Akureyri, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði mun vera erfitt að koma á þessari sameiningu — eða allsendis ómögulegt, ef sparnaður á að verða, nema því aðeins, að það verði til óhagræðis fyrir viðskiftin.

**Forseti (BSv):** Mjer hefir borist skrifleg vatill. við brtt. 657, svo hljóðandi: „Aftan við brtt. bætist: og þegar af því leiðir veruleg þægindi fyrir viðskiftamennina".

Til þess að till. þessi megi koma til umr. og atkv. verður að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. (verður þskj. 671) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg er mjög þakklátur hv. þm. V.-Ísf. fyrir hans undirtektir undir mína brtt. Og jeg skal lýsa yfir því, að jeg mun mjög fús greiða atkv. með hans till. Ástæðan til, að jeg tók ekki þetta atriði með, var sú, að jeg veit, að mjög óvíða í sveitum eru I. og II. fl. stöðvar, og þess vegna kæmi þetta óvíða fyrir. En jeg get alveg eins verið með till., þó

mjer sýnist hún ekki hafa sjerstaklega mikla þýðingu út af fyrir sig.

Jeg vil undirstrika það, sem hv. þm. sagði, að í kauptúnum geti ekki verulegir örðugleikar talist á því, þótt símstöð og póststofa sjeu ekki í sama húsi.

Jeg vona, að úr því að svona góður liðsmaður bættist í hópinn, verði brtt. samþ. Og jeg skal gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að ekki verði talað um málið úr hófi fram í hv. Ed. (**HJ**: Hvað er „úr hófi"?). Svo mikið, að málið nái ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 662 feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SvÓ, GunnS.

**nei**: HV, IngB, JörB, LH, MT, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, BSv.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 671 samþ. með 15:2 atkv.

— 657, svo breytt, samþ. með 15:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:4 atkv. og endursent Ed.

---

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 672).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr. (A. 672, 676).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 676. — Afbrigði leyfð og samþ., með 10 shlj. atkv. um frv. og með 9 shlj. atkv. um brtt.

**Jón Baldvinsson**: Jeg hefi ekki fyr tekið til máls um þetta mál, sem meiri hl. samgmn. flytur nú hjer í hv. d. Og jeg gerði það ekki af því, að jeg er yfirleitt sammála n.mönnum um það, að frv. beri að samþ.

Málið mun vera þannig til komið, að í vetur var skipuð n., einskonar samgmn., sem hafði þetta og annað til athugunar, og þetta er eitt af hennar verkum. Aðaltilgangur frv. er sá, að sameina sem mest störf við póst og síma. Þetta álít jeg rjetta meginreglu, einkum vegna þess, að það er hægt að fá betri og hæfari menn til þess að vinna þessi störf heldur en þegar þau eru sitt í hvoru lagi; það er sem sje hægt að borga meira fyrir þau sameiginlega. Og fleiri ástæður eru fyrir þessu. Jeg hefði talið það mestu nauðsyn, að sparnaður í þessum framkvæmdum hefði orðið þegar í stað, og það var ætlun frv. Nú hafa við 3. umr. í Nd. einhverjir framsóknarmenn og íhaldsmenn sameinað sig um till., sem fara fram á það í raun og veru að gera þetta frv. að einu stóru núlli. Verði þær samþ., gildir það ekkert frekar en nú, hvenær þessi sameining skuli fara fram. Því að stj. er innan handar að sameina þessa hluti án þess að hafa þessa löggjöf um það. Það er gert á mörgum stöðum í landinu nú þegar. Ef við eigum að láta þetta frv. verða að einhverju gagni, þyrfti að taka þessa loðmullu út úr því, sem Nd. kom inn í á síðustu stundu, og mjer er sagt, að hafi orðið með hálfgerðri blekkingu. Þætti mjer rjettast, að málið væri aftur fært í sitt fyrra horf, að framkvæmd þessara laga byrjaði þegar í stað, því að öðrum kosti nær það

engan veginn sínum tilgangi. Það verður þá bara verið að smágutla við þessa sameiningu, en engin róttæk umbót gerð.

Jeg veit, að hv. þm. hafa gert sjer grein fyrir brtt. minni við 7. gr., og þykist ekki þurfa að skýra hana fyrir deildinni, sem sjálfri var það ljóst, þegar málið var til umr. áður, hvaða þýðingu það hefði að geta byrjað þegar í stað á sameiningunni.

ATKVGR.

Brtt. 676 feld með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, EF.

nei: JónJ, JÞ, JónasJ, JKr, PH, BK, EÁ, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, GÓ.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 686).

---

## 23. Kosningar til Alþingis

Á 10. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.** (þmfrv., A. 49).

Á 12. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Magnús Guðmundsson):** Þetta efni, sem hjer liggur fyrir, hefir verið svo oft áður rætt hjer á Alþingi, og þá komið fram það, sem einkum mælir með og móti, að jeg sje ekki ástæðu til að ræða það nú við 1. umr. Vil aðeins leyfa mjer að leggja til, að það, að umr. lokinni, verði látið ganga til 2. umr. og allshn.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg vænti þess, að hugsunarháttur manna hafi ekki breytst svo mjög frá því, sem hann hefir verið á fyrri þingum, að hætta sje á, að þm. láti frv. þetta verða að lögum. Eins og hv. flm. tók fram, þá eru heldur engar nýjar ástæður fyrir hendi, er mæla með frv. En ókostum þess hefir verið áður lýst og það kemur æ berlegar í ljós, að verkafólki kaupstaða og sjávarþorpa er mjög óhægt að nota 1. júlí sem kjördag. Till. um þessa færslu hefir áður komið fram á Alþingi og var því þá mótmælt af verkamönnum, enda hefir það ekki náð fram að ganga. Jeg veit ekki, hvernig hugir manna til þessa eru nú hjer á Alþingi. En jeg mun greiða atkv. gegn því, að þetta frv. fari til nefndar.

**Flm. (Magnús Guðmundsson):** Jeg þarf ekki miklu að svara. Jeg skal ekki frekar en hv. 2. þm. Reykv. spá um það, hvort hugir manna sjeu breyttir til þessa frv. Það er að vísu rjett, að jeg sagði, að ekki væru neinar nýjar ástæður með þessu frv. fyrir hendi, en þær eru eins góðar fyrir því, enda hafa engar þingkosningar farið fram að hausti til síðan 1927, er frv. þetta var síðast fram borið. Og þótt ástæðurnar sjeu ekki frá allra nýjustu tímum, þá er þó ekki langt síðan illviðrin sýndu það, að ekki er rjett að hafa kjördaginn á þeim tíma árs, þegar von getur verið á snjó og harðviðrum.

Hv. þm. talaði um, að það hefði

komið berlega í ljós síðast, og hefir þá víst átt við kosningarnar 1927, að 1. júlí hefði verið verkamönnum óhentugur dagur. En jeg vil nú, að hv. þm. bendi á, í hverju þær illu afleiðingar hafa komið fram. Jeg held, að þær kosningar hafi ekki verið ver sóttar en aðrar hafa áður verið.

Jeg skal ekkert segja um þessar áskoranir, sem hv. þm. var að tala um. Jeg legg ekki mikið upp úr þeim. Það er alkunnur siður þess flokks, sem hv. þm. telst til, að safna áskorunum. En þær sanna ekki rjettan vilja kjósenda í þessu efni. Ef safnað væri atkv. um þetta í sveitum landsins, þá mundi útkoman verða alt önnur. Jeg hygg, að menn mundu finna, að það er í raun og veru gengið nærri því að svifta þá kosningarrjetti að hafa kjördag 1. vetrardag. Þegar meta skal hagsmuni sveita og sjávarmanna, sjest, að aðstaðan er ólík. Í kaupstöðum þurfa menn ekki annað en að afhenda atkv. sitt á staðnum. En í sveitum verða menn að ferðast langa leið til þess að geta notað atkvæðisrjettinn.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Hv. flm. færði litlar ástæður fram, er mæltu með frv. Jeg lít svo á, að þegar þessi dagur, sem nú er í lögum, var ákveðinn, þá hafi það verið gert með fullum skilningi á því, að sá dagur væri öllum landslýð heppilegastur sem kjördagur. Eina ástæðan, sem færð hefir verið með frv., er sú, að stundum geti illviðri hamlað mönnum frá að sækja kjörfund í einstaka hjeraði landsins. Þetta kann að hafa komið fyrir við síðasta landskjör, en væri þetta mál rannsakað, kæmi eflaust í ljós, að flestir kjördagar á þessum tíma árs hafa ekki verið þeir illviðrisdagar, að kjörfundarsókn hafi tepst fyrir þær sakir. Við kjördæmakosningarnar 1923 var einmunatíð um land alt. En færsla á kjördeginum til vorsins, eða 1. júlí, mundi hinsvegar koma hart niður á þeim, sem búa við sjávarsíðuna. Þá er meiri hl. verkamanna og sjómanna farinn frá heimilum sínum víðsvegar um land í atvinnuleit. Svo er t. d. um Hafnfirðinga, Vestmannaeyinga, Reykvíkinga, Eyrbekkinga, Stokkseyringa, kauptúnin á Vesturlandi og Snæfellsnesi. Eins er það á Austfjörðum, svo sem Norðfirði og Eskifirði, og jafnvel fleiri fjörðum þar eystra. Menn þaðan eru komnir norður á Langanes og víðar til sumarróðra. Sjómenn af Suðurlandi eru komnir til verstöðva norðanlands og aðrir í kaupavinnu og vegavinnu. Mestur hluti verkamanna er því í framkvæmdinni sviftur kosningarrjetti. Að vísu hefir verið á það bent, að þeir geti kosið áður en þeir fara, en stundum fara þeir áður en lögleyfður tími er kominn, sem kjósa má á, og fara oft að heiman með svo stuttum fyrirvara, að það gleymist að kjósa eftir að sá tími er kominn, þá leyft er að kjósa. Þessi færsla þýðir því í raun og veru það, að allmikill hluti verkamanna er sviftur kosningarrjetti sínum. Jeg býst þó varla við, að slíkt vaki fyrir hv. flm. Eins og jeg gat um áður, þá hefir vegna þekkingar og reynslu á því, hver tími væri heppilegastur, verið valinn 1. vetrardagur. Þá eru flestir við heimili sín, komnir heim úr sumaratvinnunni, og þá minna bundnir við atvinnuáhyggjur og geta frekar um slík

mál hugsað. Öll breyting mundi miða að því að gera mönnum erfiðara að fullnægja þeirri skyldu, sem kosningarrjetturinn leggur mönnum á herðar. Jeg mun því greiða atkv. á móti frv. þessu.

**Haraldur Guðmundsson:** Mjer heyrðist á hv. 1. þm. Skagf., að frv. þetta um flutning kjördagsins væri fram borið af einskærri umhyggju fyrir bændum. Jeg verð að segja, að mjer finst sú umhyggja harla einkennileg, því að víðast hvar munu bændur telja 1. vetrardag heppilegri en 1. júlí. Sú var og skoðun löggjafans, þegar lög þessi voru sett, og ætti að vera það enn. Veldur því margt. — Það er þá fyrst, að ef kosið er 1. júlí, er þingi nýlokið og þingtíðindi ekki komin út. — Sumum hv. þm. kann að koma slíkt vel, en kjósendunum kemur áreiðanlega miklu betur að geta lesið þingtíðindin og á þann hátt kynst störfum fulltrúa sinna, áður gengið er til kosninga. Jeg vil þó ekki væna hv. flm. um það, að þessi sje ástæðan fyrir flutningi frv. Í öðru lagi er 1. júlí mikill annatími. Að vísu er svo kallað, að þá sje á milli voranna og sláttar, en engu að síður er það ákaflega margt, sem þá kallar að, og gefa menn sjer því eigi tíma til að sinna stjórnmálum á þeim tíma árs. Þegar sumarstörfum er lokið, er öðru máli að gegna. Þá gefa menn sjer frekar tíma til þess að íhuga þessi mál.

Jeg geng þess ekki dulinn, að illviðri kunna að geta hamlað sókn á kjörfund á haustin að einhverju leyti í stöku hjeruðum dag og dag, þar sem langt er á kjörstað, en auðvelt er að ráða bót á þessu með því að skifta hreppum í fleiri kjördeildir en gert er. Með því væri sveitamönnum gert auðveldara að neyta kosningarrjettar síns.

Hv. 1. þm. Skagf. hjelt því fram, að síðustu kosningar til Alþingis hefðu eigi verið miður sóttar en þótt þær hefðu verið að hausti til. Þetta má vera rjett í þessu tilfelli, en það, hvernig kosningar eru sóttar, er auðvitað komið undir því, hver þau mál eru, sem á mestu veltur við hverjar kosningar; þá var kosið um stórmál. (MT: Og svo því, hve mikið sú stj., er þá situr, hefir gert fyrir sjer). Þetta er alveg laukrjett hjá hv. þm. Víst má telja, að hinn almenni áhugi manna við síðustu kosningar hafi verið af þeirri ástæðu; alþjóð var ríkt í huga að losna við íhaldsstj.

Mestum erfiðleikum veldur flutningur kjördagsins þeim, sem í kaupstöðum búa og fara í atvinnuleit um land alt yfir sumartímann og dvelja fjarri heimilum sínum. Get jeg ekki neitað því, að jeg gruna hv. flm. um græsku, það, að þeim sje ósárt um, þótt minna kveði að því, að þeir, sem við sjávarsíðuna búa, neyti kosningarrjettar síns, en hinir, er byggja sveitir landsins.

Hv. 1. þm. Skagf. hjelt, að það væri lítið að marka, þótt mótmæli kæmu gegn þessu frv., það væri nú einu sinni háttur okkar Alþýðuflokksmanna að smala slíkum mótmælum, ef okkur byði svo við að horfa. Jeg veit ekki, hvað sýnir betur vilja almennings en slíkar samþyktir frá fjölmennustu stjett landsins. Og jeg

álít, að þm. ættu að leggja mest upp úr því, að starf þeirra sje jafnan í sem mestu samræmi við óskir og rjettarvitund almennings. (SE: Hvernig er það með stjórnarskrána?). Jeg játa, að í stjskr. felast ákvæði, sem brjóta í bága við rjettarmeðvitund landsmanna, og er sjálfsagt að nema þau ákvæði burt hið fyrsta. (MG: Og brjóta þau á meðan þau standa þar). Mörg hin skárri ákvæði stjórnarskrárinnar hafa þrásinnis verið þverbrotin. Mætti hv. þm. (MG) vera þess minnugur.

Það hefir rjettilega verið fram tekið, að mál það, sem hjer liggur fyrir, er ekkert nýmæli á Alþingi. Hv. þm. ættu því að vera búnir að átta sig á því, og vona jeg, að þeir sjeu sammála um það að vísa því frá nú þegar, svo að það verði eigi til að tefja deildina frá nauðsynlegri störfum.

**Einar Jónsson:** Jeg skal eigi lengja umr. að mun, enda er mál þetta kunnugt öllum þm. Það hefir legið áður fyrir þinginu, og hefir þá jafnan komið í ljós, að erfitt er að velja svo einn kjördag, að allir verði sammála um það, að hann sje heppilega valinn. Enda efast jeg ekki um, að ekki muni hægt að gera öllum landsmönnum til hæfis í því efni, hvor þessara daga sem valinn verður. Hinsvegar má ekki gleyma því, að menn þeir, sem frv. þetta flytja, eru kunnugir um land alt og munu hafa ólíkt meira vit á þessu máli en þeir, sem andmælum hafa hreyft hjer í þessari hv. deild og hafa alið allan aldur sinn í kaupstað, en aldrei í sveitum. (HG: Jeg er gamall sveitamaður). Aðalástæða þessara manna, sem leggjast gegn frv., er sú, að þeir álíta sjálfa sig hafa óhag af því, að kjördagurinn verði fluttur. En ef hv. deild ætlar að gefa slíkum mönnum byr í seglin, þar sem þeir telja, að 1. vetrardagur sje hentugri þeirra fylgismönnum, þá tel jeg það mjög illa farið. Ráð slíkra manna ætti ekki að auka, því að þeir ættu helst að ráða hvergi. Og jeg leyfi mjer að segja, að flm. frv. hafi einnig ólíkt meira vit á þessu máli en andmælendur þess. Jeg get játað það, að í mínu kjördæmi mun mönnum standa nokkuð á sama um það, hvor dagurinn yrði valinn. En jeg veit, hvernig vetrarhörkurnar eru, og veit, hve mjög þær geta hamlað, að hægt væri að sækja kjörfund 1. vetrardag. Tel jeg því 1. júlí miklu heppilegri.

**Flm. (Magnús Guðmundsson):** Þeir hv. jafnaðarm. hafa nú allir talað gegn þessu frv. Ræður af líkum, að vörnin muni verða nokkuð erfið fyrir mig, er slíkir sækja, og það hvorki meira nje minna en í sex ræðum. En það vill svo vel til, að öll þau rök, sem hv. jafnaðarmenn hafa borið fram gegn frv., eru gamlir kunningjar og hafa verið marghrakin.

Það er gamalt vígorð hjá mótstöðumönnum þessa frv., að með því sje verið að taka kosningarrjettinn af kaupstaðarbúum. Það er alveg eins og þessir hv. þm. muni ekki eftir því, að menn þeir, er þeir bera svo mjög fyrir brjósti, geta kosið áður en þeir fara að heiman, og ennfremur, að þeim er heimilt að kjósa hvar sem þeir eru staddir utan kjördæmis. Finst mjer hvorugt svo mikil fyrirhöfn, að hægt sje að telja, að menn sjeu sviftir kosningarrjetti, þótt þeir kynnu að þurfa

að notfæra sjer þessi rjettindi. Og ef það er borið saman við erfiðleika þeirra, er í sveitum búa, sem oft þurfa að fara heilar dagleiðir á kjörstað hvernig sem viðrar, þá verður harla lítið úr þessum mótbárum. Og þeim, sem þekkja norðlenskar stórhríðar eins og þær geta verið verstar og vita, að þá er ekki einu sinni kleift að komast á milli bæja, finst það undarlegt, þegar talið er, að kaupstaðarbúar sjeu sviftir kosningarrjetti með frv. Má þá ekki segja, að sveitabúar sjeu sviftir kosningarrjettinum, þegar þeir geta oft alls ekki komist á kjörstað vegna illviðris? (**HV:** Þeim finst þetta besti tíminn! — **LH:** þetta er ekki satt!). Það er alveg rjett hjá hv. þm. V.-Sk., að það er ekki að óskum þeirra, að kjördagur sje 1. vetrardagur.

Ein af mótbárum hv. þm. Ísaf. var sú, að 1. júlí væru menn ekki búnir að kynna sjer þingtíðindin. Þetta er einskisverð ástæða, því að þingtíðindin eru oft ekki öll komin út fyrir veturnætur og þingtíðindin frá því í fyrra eru ekki einu sinni komin út ennþá. En þó að ekkert slíkt væri til fyrirstöðu, lesa menn ekki þingtíðindin um hásláttinn. (**HG:** Spakur maður hv. 1. þm. Skagf.). Hinsvegar er það rjett athugað hjá hv. þm. Ísaf., að 1. júlí er milli voranna og sláttar, og mun því vera heppilegasti tíminn, sem hægt er að fá. (**HV:** Hvers vegna er kjördagurinn ekki settur fyr en 1. júlí? — **Forseti:** Ekki samtal). Jeg býst við því, að hv. 2. þm. Reykv. geti fengið orðið mjög bráðlega og þurfi því ekki að grípa fram í. Það er skylda þingsins að gæta þess, að kjördagurinn sje á þeim tíma, sem hentugastur er.

Hv. þm. Ísaf. játaði, að veður gætu verið misjöfn 1. vetrardag, en þá væri ekki annað en að hafa kjördeildirnar nógu margar. Vill hv. þm. ganga inn á að hafa kjördeild á hverjum bæ? Hann veit vel, að svo mikið óveður getur komið, að eigi sje fært á milli bæja. Það var alveg rjett hjá hv. þm., að síðustu kosningar voru mjög vel sóttar, og taldi hv. þm., að áhugi manna á stjórnmálum hafi verið óvenju mikill. Jeg er ekki vonlaus um, að hv. þm. hjálpi til þess að halda þeim áhuga við, því að ekki fer hv. þm. batnandi. (**HG:** Jeg var ekki í stj. þá, og jeg er heldur ekki í henni núna). Það eru fleiri en stj., sem geta haldið uppi stjórnmálaáhuga.

Hv. þm. gat þess, að hann grunaði mig um græsku í þessu máli. Jeg verð að segja alveg það sama um hann. Hygg jeg, að hv. þm. muni í ljettu rúmi liggja, þótt ekki komi öll atkv. úr sveitunum 1. vetrardag.

Þá sagði hv. þm., að áskoranir þær, er Alþingi hafa verið sendar út af máli þessu, sýndu almenningsvilja, og því bæri þinginu að taka tillit til þeirra. Ef svo væri, væri nokkuð öðru máli að gegna; en sannleikurinn mun sá, að þessar samþyktir sýna aðeins vilja þeirra, er um þær hafa beðið. Og jeg veit það, að þegar hv. þm. Ísaf. sendir beiðni til flokksbræðra sinna um slíkar áskoranir, þá gera þeir það fyrir hinn góða flokksbróður sinn, að samþ. þær. (**HG:** Eru þeir svona góðir við þm. í Skagafirðinum?). Jeg efast ekki um, að þeir mundu margir verða við ósk minni, ef jeg færi fram á slíkt, en munurinn er aðeins sá, að mjer kæmi aldrei slíkt til hugar.

Þegar hv. þm. var að tala um al-

menningsviljann, var hann mintur dálítið á stjórnarskrána, og sljákkaði þá svo í honum, að hann lauk máli sínu í skyndi.

**Magnús Jónsson:** Jeg hefi jafnan verið því mótfallinn, að farið verði að flytja kjördaginn, og mun svo verða einnig nú, ef ekki verða borin fram ný rök flutningnum til stuðnings. Það fer svo hjer sem annarsstaðar, að annar aðilinn hefir ekki á algerlega röngu að standa, en hinn á rjettu að standa. Báðir þessir dagar, sem um er rætt, eru nokkurnveginn góðir, en þó tel jeg engan vafa geta leikið á því, að fyrsti vetrardagur sje hentugastur í góðu tíðarfari, bæði til sjós og sveita. Eins og menn vita, getur tíðin verið dálítið misjöfn um það leyti árs, enda hefir því óspart verið haldið á lofti. Þó hefir lakasta reynslan af þessum degi sýnt það, að kosningar voru þá sóttar í betra meðallagi. Finst mjer því óþarfi að vera að hringla nokkuð með kjördaginn, því að verði hann settur 1. júlí, er enginn efi á því, að fram kemur krafa um að flytja hann aftur á 1. vetrardag. Tel jeg, að þingið ætti ekki að breyta lögum, þegar ástæðan fyrir breyt. er jafnlítil og hjer er.

**Halldór Stefánsson:** Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af því, er haft hefir verið á móti frv. Að vísu er það sami „svanasöngurinn" og áður hefir verið sunginn hjer, en nú eru „svanirnir" orðnir þrír, í stað þess að áður var aðeins einn.

Það hefir ekkert nýtt verið borið fram gegn frv. Þó ætla jeg að minnast á eina mótbáruna, er fram hefir verið borin, nefnilega þá, að með frv. þessu væru kaupstaðarbúar sviftir kosningarrjetti sínum í framkvæmdinni. Þetta er ekkert annað en firra; það má heita jafnauðvelt að kjósa skriflega og að fara á kjörstað, og hver, sem hefir forsvaranlegan áhuga á kosningum, mundi að sjálfsögðu fara þannig að. Margir geta verið fjarverandi heimilum sínum fyrsta vetrardag, alveg eins og 1. júlí. Mætti þá með sama rjetti segja, að þeir sjeu sviftir kosningarrjetti sínum í reyndinni. Hver vill segja það í alvöru? Það er verið að bera saman þessa tvo daga, 1. júlí og fyrsta vetrardag, hvor heppilegri sje. Það má segja, að það getur verið álitamál, en það er ekki aðalástæðan fyrir mjer, heldur sú, að fyrsta vetrardag er veðrátta oft þannig, að menn eru hindraðir af náttúrunnar völdum, m. ö. o. af algerlega ósjálfráðum atvikum, að neyta kosningarrjettar síns. Hv. 1. þm. Reykv. gerði lítið úr þessari ástæðu og vísaði til reynslunnar frá síðustu kosningum í því efni. En það sannar lítið í þessu tilliti. Þó kjörfundasókn væri góð í heild, þá var hún mjög misjöfn. Hann miðar við heildarsóknina við þessar umræddu kosningar. Áhugi manna var þá óvenju mikill, og á Suðurlandi og eins í öllum kauptúnum kom óveður eigi að sök. En sumstaðar á Norðurlandi og víða á Austurlandi voru menn stórlega hindraðir frá að komast á kjörstað vegna óveðurs. Þetta sannar því ekki, að frv. sje ekki á fullum rökum bygt. Ef horfið væri að því ráði að hafa kjördag 1. júlí, þá væri, að svo miklu leyti sem hægt er, sneitt hjá því, að menn hindruðust í kjörfundasókn sök-

um illrar veðráttu, því það er sá tími, sem veðráttan er einna áfallaminst.

Jeg býst alveg eins við því, að mótmælasöngurinn eigi eftir að vera sunginn margoft ennþá, en jeg mun nú láta söng þann hlutlausan hjer eftir.

**Haraldur Guðmundsson:** Það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. N.-M., að engar nýjar ástæður hafi verið færðar fram gegn frv. þessu. Er þar því jafnt á komið með sækjendum og verjendum, því að engar nýjar ástæður hafa heldur verið færðar fram með því. Þessi hv. þm. vildi halda því fram, að það væri jafnvel auðveldara fyrir kjósendur að fara á skrifstofu til hlutaðeigandi lögreglustjóra og greiða þar atkv. heldur en að fara á kjörstað heima hjá sjer til þess að neyta þar kosningarrjettar síns á kjördegi. Þetta er fjarstæða ein hjá hv. þm. (**HStef:** Er þá mögulegt fyrir kjósendur að kjósa annarsstaðar en á kjörstað?). Um þetta spyr hv. þm. tæplega af fávísi einni, þar sem jeg flutti í fyrra frv., sem varð að lögum, um kosningar utan kjörstaða. Annars finst mjer hann mjög broslegur þessi framsóknar-íhaldsbræðingur eða íhalds-framsóknarbræðingar, eða hvað maður á að kalla hann. Bæði íhaldsmenn og framsóknar halda, að þeir græði hvor um sig á færslu kjördagsins. Framsóknarmenn halda, að íhaldsmenn sjeu svo framúrskarandi duglegir að sækja kjörfund, að ekkert veður geti hamlað þeim, og því sje hagur fyrir þá að hafa kjördaginn 1. vetrardag, og alveg hið sama halda íhaldsmenn um framsóknarmenn. Þeir halda hvorir um sig, að hinir græði á því að hafa þann kjördag, sem nú er.

Hv. 1. þm. Rang. varaði hv. dm. mjög við því að fara að orðum jafnaðarmanna í deildinni, því að það, sem við vildum, væri að draga sem mest af völdum til okkar, en það væri þegar búið að gera of mikið að því að slaka til við okkur, og væri því best að hætta slíku. Með þessum einlægu og opinskáu ummælum sínum mun hv. þm. hafa hitt naglann á höfuðið, því að frv. þetta, sem hjer er til umr., er beinlínis fram komið til þess að draga úr áhrifum jafnaðarmanna í þinginu, þar sem því er beinlínis ætlað að koma í veg fyrir, að jafnaðarmenn geti neytt atkvæðisrjettar síns eins og verið hefir.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi halda því fram, að hinar afarmörgu áskoranir um að fella frv. þetta, sem Alþingi berast hvaðanæfa af landinu, væru beinlínis sendar til þess að þóknast mjer og öðrum þm. Alþýðuflokksins. Hv. þm. virðist álíta mig og aðra þm. Alþfl. býsna mikla áhrifamenn, úr því hann telur, að þúsundir manna mótmæli frv. til þess að gera okkur til geðs. Auðvitað þykir mjer vænt um þetta álit hans á mjer, að jeg hafi svo mikið álit og vinsældir meðal landsmanna. Hinsvegar lít jeg svo á þessar áskoranir, að þær sanni það eitt, að skoðanir okkar jafnaðarmannafulltrúanna sjeu í betra samræmi við skoðanir almennings en skoðanir hv. 1. þm. Skagf. og hans fylgifiska.

Þá spurðist þessi hv. þm. fyrir um það, hvernig þm. ættu yfirleitt að fara að því að fá að vita vilja almennings. Þessari spurningu hjelt jeg, að hv. þm. myndi best geta svarað sjálfur. A. m. k. ætti hann að minnast

hins greinilega almenningsvilja, sem fram kom við síðustu alþingiskosningar og neyddi hann og stjórnarbræður hans til að sleppa völdum.

Þá sagði þessi hv. þm., að það hefði dregið niður í mjer, þegar stjskr. var nefnd. Margur hyggur mann af sjer. Hv. þm. hefir ef til vill einhvern beyg af stjskr. Jeg tel mörg ákvæði stjskr. óhæf og andstæð rjettarvitund fólksins og mun óhræddur vinna að því að fá þau burtu numin.

**Einar Jónsson:** Jeg býst ekki við, að það breyti miklu, þó að jeg leggi hjer nokkur orð í belg ennþá. Mjer líkaði margt vel í ræðu hv. 1. þm. N.-M., en þar sem hann fór að líkja andmælum mótstöðumanna frv. við svanasöng, fanst mjer hann gera þeim helst til hátt undir höfði, því að satt að segja fundust mjer þau frekar rámar raddir en hljómfagur söngur. Annars nær það engri átt af þessum „verkfallsbræðingum" að vera að tala um íhaldsbræðing í þessu sambandi, því að hjer er ekki um neinn bræðing að ræða, hvorki af hálfu íhaldsmanna eða annara. Og satt að segja skil jeg ekkert í þeim kjarki, sem þessir menn hafa, að geta nú hver eftir annan staðið hjer upp og talað með miklum fjálgleik um umhyggju þá, sem þeir beri fyrir verkamönnum og sjómönnum landsins, þegar þeir, eins og alkunnugt er, voru þeir menn, sem aðalþáttinn áttu í hinu mikla, nýafstaðna verkfalli, sem allir eru sammála um, að sje eitthvert hið mesta böl, sem yfir þjóðina hefir komið á síðustu tímum. Slík ósvífni er mjer með öllu óskiljanleg, og það því frekar, þar sem jeg hefi ekki þekt þá að neinni illmensku áður. Að þeir skuli nú geta staðið upprjettir, eftir alt hið mikla böl, sem þeir hafa leitt yfir alþýðu þessa lands, er bæði mjer og öðrum undrunarefni.

Hv. þm. Ísaf. vil jeg segja það, að þar sem mjög er strjálbygt til sveita, mega menn ekki sofa fram yfir hádegi á kjördaginn, ef þeir eiga að geta komist á kjörstað og neytt atkvæðisrjettar síns, og sje nú vond færð og óhagstætt veður, eins og oft á sjer stað, eiga margir fult í fangi með að láta daginn duga til þess.

Þetta er ekki von að þeir menn skilji, sem alið hafa sinn aldur í kaupstað og ekki þekkja annað en að ramba á milli húsanna eftir steinlögðum gangstjettum og setjast upp í bíl við húsdyrnar hjá sjer, þegar þeir nenna ekki að hafa svo mikið fyrir lífinu að ganga á milli húsanna. Að slíkir menn hafi greind til þess að dæma um erfiðleika sveitamannanna, er ekki við að búast, og má því ekki taka tillit til þess, sem þeir segja í þessu efni.

Í mínum hreppi hagar svo til, að milli austasta og vestasta bæjar er álíka langt og hjeðan austur að Kotströnd. Frá þeim bæjum er því álíka langt á kjörstaðinn eins og hjeðan upp að Kolviðarhóli. Eru þó margar sveitir landsins enn ver settar í þessu efni en hún. Tel jeg mig því ekki míns kjördæmis vegna knúðan til þess að fylgja færslu kjördagsins, en jeg geri það vegna þeirra kjördæma, sem eiga ennþá verri aðstöðu.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Aðeins örlítil kvittun til hv. 1. þm. N.-M. Hann sagði í öðru orðinu, að það væri sama

og svifta fjölda manna kosningarrjetti að hafa kjördaginn fyrsta vetrardag, og játaði jafnframt, að það væri líka sama og svifta menn kosningarrjetti, ef svo væri hagað til, að menn gætu ekki sótt kjörfund. Hann færði heldur engin rök fyrir því, að menn gætu alment ekki sótt kjörfund fyrsta vetrardag, sem ekki var heldur von, því að þau munu nauðafá tilfellin, sem hægt er að segja, að veður hafi hamlað fólki að sækja kjörfund þann dag. Ef til vill má með nokkrum rjetti segja, að í kjördæmi hv. þm. hafi í nokkrum sveitum kjörfundarsókn tepst við síðasta landskjör. Hitt er aftur staðreynd, sem ekki verður í móti mælt, að fjöldi verkamanna er fjarvistum frá heimilum sínum 1. júlí árlega, og geta þeir því ekki notað atkvæðisrjett sinn. Það má því með eins miklum rjetti segja, að þeir sjeu sviftir kosningarrjetti, og það vitandi vits, af hálfu löggjafarvaldsins. Er því með frv. þessu beinlínis verið að draga úr áhuga almennings fyrir því að fylgjast með landsmálum, því eigi menn ekki kost á að neyta kosningarrjettar síns, dregur það úr áhuganum fyrir því að fylgjast með því, sem gerist á stjórnmálasviðinu.

Hvað snertir erfiðleika sveitakjördæmanna í þessum efnum, þá hefir allmikið verið gert til þess að draga úr þeim nú á seinni árum. Má þar til nefna fyrst og fremst, að nú er a. m. k. heimilt að hafa einn eða fleiri kjörstaði í hverjum hreppi, í stað þess, að áður var víða einn kjörstaður fyrir hverja sýslu. Þau munu því verða fá dæmin, sem hægt er að segja með rjettu, að fólk geti alment ekki sótt kjörfundi til sveita fyrsta vetrardag sökum óveðra, þegar svo þægilega er í haginn búið.

Þá var hv. 1. þm. Rang. kominn langt út fyrir efnið og farinn að tala um ýmsa hluti, sem ekki koma þessu máli við. Þeim útúrdúrum hans ætla jeg ekki að svara að þessu sinni. En eitt var það í ræðu hans, sem vakti athygli mína, og það var það, að hann taldi færslu kjördagsins enga sjerstaka þýðingu hafa fyrir sitt kjördæmi. Játaði hann því með þeirri yfirlýsingu sinni, að hann fylgdi þessu frv. aðeins til óþurftar öðrum.

Síðasta röksemd hans var sú, að við jafnaðarmenn værum svo mikil kaupstaðarbörn, að við þektum ekkert til staðhátta í sveitum landsins. Þessu er því að svara, að fyrir það fyrsta eru fjórir af okkur jafnaðarmönnum, sem sæti eigum á Alþingi, börn sveitanna. Jeg er t. d. alinn upp í sveit og dvaldi þar til fullorðinsára, og það í sveit, sem mjög er erfið yfirferðar. Hygg jeg þó, að íbúar þeirrar sveitar óski fæstir eftir því að fá kjördaginn færðan til 1. júlí. Auk þess get jeg bent á ýms hjeruð, sem enga þörf virðast hafa fyrir það, að kjördagurinn sje fluttur yfir á sumarið, og má þar sjerstaklega til nefna Skagafjörðinn, kjördæmi hv. 1. flm. frv. þessa. Þar er alstaðar mjög greitt yfirferðar og hvergi mjög langt á kjörstað. Og kæmi það fyrir, sem sjaldan þarf að gera ráð fyrir, að eigi sjer stað, að snjóar eða vetrarríki væri komið fyrsta vetrardag, þá geri jeg ráð fyrir, að Skagfirðingar teldu ekki eftir sjer að járna reiðhesta sína og fara ríðandi til kjör-

staðar, sem þeir og ávalt munu gera, því vegir eru þar góðir til reiðar.

Eins og jeg því hefi tekið fram, eru það aðeins nauðafá kjördæmi, sem hugsanlegt er, að í einstöku tilfellum gætu átt örðugt með að sækja á kjörstað fyrsta vetrardag. (**ÓTh:** Eru þau þó til?). Já, aðeins, en þau eru svo fá, að þau vega ekkert á móti því ranglæti, sem fjöldanum yrði gert, er við sjávarsíðuna býr, og þá sjerstaklega verkalýðnum, með flutningi kjördagsins.

**Ólafur Thors:** Það, sem mjer sýnist skifta hjer mestu máli, er það, hvort með breyt. þeirri, sem í frv. þessu felst, sje verið að gera tilraun til að gera nokkrum mönnum erfiðara með að neyta atkvæðisrjettar síns. Mjer hefir skilist, að úr þeim vankvæðum, sem bundin eru við það að hafa kjördaginn fyrsta júlí, sje auðvelt að bæta, og meira að segja hafi þegar verið bætt, og sje því ekki öðru um að kenna en áhugaleysi manna, ef þeir neyta ekki atkvæðisrjettar síns. Hitt sýnist mjer, að vel geti komið fyrir, að fyrsta vetrardag sjeu menn hindraðir frá því að sækja kjörfund, bæði vegna vondrar yfirfærðar og óhagstæðrar veðráttu, sem oft er á þeim tíma árs. Er aðstaða sveitafólks í þessum efnum alt önnur en kaupstaðabúanna, sem oftast nær þurfa ekki annað en stíga upp í bifreiðina og láta aka sjer á kosningarstaðinn. Þá ber og á það að líta, að oft getur verið mjög erfitt, og jeg vil segja nær ókleift fyrir hjón, sem eru t. d. ein fullorðinna manna á heimilinu, að yfirgefa það og skilja börnin ein eftir, þegar haust er komið og allra veðra von.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að þau kjördæmi væru nauðafá, sem það geti komið fyrir í, að veðrátta og færi gætu hindrað fólk frá því að komast á kjörstað 1. vetrardag. Með þessum ummælum hv. þm. er þá fengin játning fyrir því frá andstæðingi þessa frv., að slíkt geti komið fyrir. Er hann því og flokksbræður hans að berjast gegn því, að reynt verði að bæta úr ranglæti, sem þeir beinlínis viðurkenna, að eigi sjer stað. Það sannast því ljóslega hjer, sem jeg oft hefi sagt, að tal þeirra um rjettlæti er oft og einatt látalæti ein, sem þeir eru að reyna að slá sig til riddara með.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg er ekki svo ósanngjarn maður, að jeg ekki viðurkenni, að það geti komið fyrir í einstökum kjördæmum landsins, að menn geti ekki sótt kjörfundi sökum vondra veðra eða yfirfærðar fyrsta vetrardag. En jeg benti á í fyrri ræðu minni, hve mörg dæmi væru til þess, að veður hafi hamlað kjósendum frá að komast á kjörstað. Það hefir komið fyrir í eitt skifti. Auðvitað getur slíkt hent sig einhvern tíma aftur. En vegur það nokkuð á móti því ranglæti, sem mundi koma fram við þá, sem búa við sjávarsíðuna og vegna atvinnu sinnar geta ekki notið rjettar síns nema að mjög ófullkomnu leyti? Þetta vildi jeg undirstrika, að jeg er jafnákveðinn á móti færslu kjördagsins, þó að jeg viðurkendi, að þetta hafi komið fyrir í eitt einasta skifti.

**Sigurður Eggerz:** Jeg vildi aðeins gera örstutta aths. í þessu máli, og hún er sú, að hægt er að sýna fram

á, að vegna veðurs hafa úrslit í sumum sveitakjördæmum orðið önnur en annars. Við næstsíðustu kosningar í mínu kjördæmi varð veður þess valdandi, að kosningin var ver sótt. Jeg segi ekki, að það hafi ráðið úrslitum, en veðrið dró úr aðsókninni sumstaðar. Þá varð veður þess valdandi, að margir kjósendur gátu ekki sótt kjörstað.

Þetta langaði mig aðeins til að taka fram og jafnframt undirstrika, að það liggur nokkurnveginn í hlutarins eðli, að í landi eins og okkar er ekki hægt að komast framhjá því, að veður geti verið svo vont fyrsta vetrardag, að það taki völdin af kjósendum og niðurstaða verði önnur en rjett var. Mjer finst sjálfsagt að benda á þetta, og jeg held, við nánari yfirvegun, að sveitakjördæmunum sje gert rangt til, ef sá dagur er valinn, sem getur vegna veðurs valdið óeðlilegri niðurstöðu í kjördæminu.

**Flm. (Magnús Guðmundsson):** Hv. þm. Ísaf. talaði eitthvað um íhaldsbræðing. Jeg vil minna hann á, að þetta mál sýnist ekkert flokksmál; jeg held hv. 1. þm. Reykv. (MJ) sje nokkurnveginn gott dæmi um það. Það mætti þá með sama rjetti tala um íhalds-jafnaðarmannabræðing. (ÓTh: Það er hreint það ógurlegasta, sem kæmi fyrir).

Svo þótti hv. þm. erfitt að svara, hvað væri almenningsviljinn. Jeg get skilið það, ef það á að vera mælikvarði fyrir því, hvað á að gera í þessu máli. Hann hefir samt fundið út einn almenningsvilja. Það var við kosningarnar 1927. Þá varð Íhaldsflokkurinn langatkvæðaflestur. Ef hv. þm. Ísaf. vill lifa eftir sinni reglu, þá á hann að ganga í Íhaldsflokkinn. En vilji nú þessi hv. þm. fara að lifa eftir sinni kenningu, ber jeg aðeins kvíðboga fyrir því, að honum yrði ekki veitt inntaka í flokkinn.

**Haraldur Guðmundsson:** Það var einu sinni bátasmiður, sem þóttist mikill smiður. Hann ætlaði að smíða skip og byrjaði á neglunni. Líkt fór fyrir hv. 1. þm. Skagf., þar sem hann var að tala um, hvort jeg mundi fá inngöngu í Íhaldsflokkinn. Jeg býst við, að eins verði um þetta eins og negluna í bátinn. Báturinn var aldrei smíðaður, og jeg mun aldrei sækja um inntöku í Íhaldsflokkinn.

Hv. þm. Dal. sagðist vita þess dæmi, að veður hefði ráðið kosningaúrslitum í sveitakjördæmi. Þetta er nú spásaga og ekkert annað. Það má leiða meiri eða minni líkur, en auðvitað getur hv. þm. Dal. enga vissu haft í þessu efni. Það veit hann sjálfur.

Hv. 2. þm. G.-K. gerði mikið úr erfiðleikum þeim, sem eru á að sækja kjörfundi í sveitum. En þeir erfiðleikar, sem hann benti á, eru jafnir að heita má, hvort sem er fyrsta vetrardag eða fyrsta júlí. Þar, sem á annað borð er svo langt á kjörstað, sem hann gerir ráð fyrir, þá er ómögulegt, að alt heimafólkið geti komist, þannig að þeir seinni fari þegar þeir fyrri koma. Jeg benti á í minni framræðu, hvernig megi úr þessu bæta. Samkv. heimild í núgildandi lögum er heimilt að fjölga kjördeildum. Og breyta má kosningalögunum á þann hátt, að ef veður hamlar, megi

hafa fleiri en einn kjördag. Með þessu væri trygt, að sveitabændur geti betur neytt kosningarrjettar síns fyrsta vetrardag en 1. júlí, að öðru óbreyttu.

Jeg átti ósvarað ofurlitlu frá hv. 1. þm. Rang. Hann fór talsvert framhjá aðalefni umr. Jeg efast ekki um, að það sje rjett, að þeir, sem eiga að sækja 30 km. á kjörstað, þurfi að vakna fyrir hádegi. En jeg vil aðeins bæta því við, að þeir, sem eiga að sækja 30 km. á kjörstað, þeir komast þangað ekki, þótt þeir fari á fætur löngu fyrir hádegi, ef þeir eru í því ástandi, að þeir verða að skríða á fjórum fótum.

**Ólafur Thors:** Það er aðeins til að árjetta það, sem jeg áður sagði. Hv. 4. þm. Reykv. gat þess, að hann væri ekki svo „óhreinskilinn maður — ekki svo óhreinskilinn maður — ekki svo óhreinskilinn maður", að hann játaði ekki, að vel gæti komið fyrir, að veður hindraði menn frá því að sækja kjörstað. En úr því nú þetta getur komið fyrir og hefir komið fyrir, af hverju er þá verið að spyrja, hvað sjeu mörg dæmi þess? Af hverju leyfa hv. jafnaðarmenn sjer að varpa fram þeirri spurningu? Ef hætt er við, að menn geti orðið sviftir kosningarrjetti sínum, og ef hægt er með flutningi kjördagsins að fyrirbyggja það, þá er það heilög skylda að gera það. Það er afarmikill munur á, hvort menn nenni ekki á kjörstað eða að kjördagurinn er þannig valinn, að menn eru beinlínis hindraðir vegna illveðurs. Það er heilög skylda hvers þm., sem þetta veit, sem hinn hv. hreinskilni þm. var að segja, að greiða atkvæði með þessum flutningi. Ef eitt dæmi hefir komið fyrir, þá er það nóg. Það getur komið fyrir aftur.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, þá er það ekki rjett, að það sjeu jafnir örðugleikar fyrir sveitamenn að sækja langan veg, hvort sem er á vetrardegi eða sumardegi. Það er alt önnur aðstaða að fara í góðu færi á björtum sumardegi heldur en sækja langt í óveðri og illfæri í vetrardimmunni.

Hitt er svo alveg rjett, að nokkra bót má ráða með því að fjölga kjörstöðum. En að fjölga kjördögum álít jeg aftur á móti að mundi verða mesta vandræðaúrræði.

Jeg hafði gaman af, að þessi hv. þm., sem var að hafa á móti flutningi kjördagsins, rökstuddi nauðsynina til þess að hafa kjördaginn fyrsta vetrardag með því, að þá og þá aðeins kæmi þjóðarviljinn í ljós. Til sönnunar um þjóðarviljann nefndi hann svo síðustu alm. kosningar. En var þá kosið síðasta vetrardag? Nei, kosningar fóru einmitt fram í júlíbyrjun. Ef þær kosningar sýna svona ágætlega þjóðarviljann, þá sýnir það, að dagurinn er vel valinn.

Hvort hv. þm. vill koma í Íhaldsflokkinn, læt jeg mig litlu skifta. Hvort hann þyrfti að breyta jafnt um hugarfar sem framkomu, veit jeg þó ekki. Það var einn góður íhaldsmaður, sem sagði við mig í dag: „Hvar skyldi nú hann Haraldur vera í pólitíkinni inn við beinið?" Jeg sagði satt að segja: „Jeg veit það ekki".

En út af fyndni, sem hv. þm. sagði, að það væri ekki nóg að fara snemma á fætur, ef löng væri kjörsókn í sveitakjördæmi — það dygði ekki að fara á fjórum fótum —, þá vil jeg

segja það, að á fjórum fótum er nú oftast komist leiðar sinnar í sveitinni, nefnilega með því að setja hest undir sig.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Áður var þeim, sem fluttu þetta frv., gefið tækifæri til þess að sýna, að þeir gerðu það einungis til þess, að kjósendur í sveit gætu notið atkvæðisrjettar síns, en ekki til þess að meina bæjarbúum hið sama. Jeg verð að skýra frá, að ef þetta mál nær svo langt að komast í nefnd, þá mun það koma enn greinilegar í ljós, að þeir, sem flytja þetta frv., gera það ekki sjerstaklega til þess að fleiri í sveitunum fái að kjósa, heldur aðallega til þess að meina bæjarbúum að nota sinn kosningarrjett. Það er enginn vafi, að fyrir flutningsmönnum vakir þetta fyrst og fremst. Jeg vil a. m. k. sjerstaklega benda á hv. 1. þm. Skagf. í því sambandi.

**Þorleifur Jónsson:** Jeg hafði ekki búist við miklum umr. um þetta mál við 1. umr. og því ekki hugsað mjer að taka til máls eða búist við að þurfa að verja það svo mjög. Þetta mál hefir mætt andmælum hjer fyr á þingi, en aldrei beint komið fram það, sem nú kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það væri flutt af illgirni gagnvart einni stjett. Jeg mótmæli því harðlega. Það er ekki flutt af neinni illgirni, heldur til þess að fá hv. þm. til að leita eftir þeim kjördegi, sem yrði hentugastur fyrir allan almenning í landinu. Því að þótt við höfum nefnt fyrsta júlí, er ekki þar með sagt, að ekki megi taka annan dag, ef menn geta orðið ásáttir á að finna heppilegri dag um líkt leyti árs. Það, sem kom mjer til þess að skrifa mig sem flm. á frv., er það, að jeg vissi vel, að þótt fyrsti vetrardagur geti verið ýmsum kjördæmum hentugur, þar sem ekki er illviðrasamt eða vetur legst snemma að, þá er það svo, að í harðindasveitum landsins hefir það sýnt sig, að hann hefir einmitt bagað mönnum frá því að njóta kosningarrjettar síns. Jeg skal og geta þess um mína sýslu, að enda þótt illveður bagi ekki fyrsta vetrardag, þá eru þar svo stór vatnsföll, sem einmitt á þeim tíma eru oft mjög örðug yfirferðar. Þau geta verið uppblásin af krapa eftir stórrigningar, þegar frost koma á snögglega, og illfær. Og þegar þess er gætt, að þessi vatnsföll eru ekki eitt eða tvö í ýmsum sveitum, heldur fleiri, eru örðugleikarnir auðsæir. Þannig er til dæmis í Öræfum, og yrði að skifta sumum hreppunum í minni sýslu í þrjár til fjórar kjördeildir, til þess að öldungis væri víst, að vötn væru ekki til fyrirstöðu.

Að þessi tími sje sjerstaklega bagalegur fyrir þá, sem stunda sjó, getur vel verið, og það er langt frá, að jeg vilji af ásettu ráði gera sjómönnum erfiðara fyrir en öðrum mönnum að sækja kjörfund. En mjer finst það hafa sýnt sig, að þeir hafi getað notað kosningarrjett sinn fyrst í júlí, enda hafa þeir átt kost á að greiða atkv. áður en þeir fara að heiman í atvinnu. Jeg veit til, að við síðustu kosningar notuðu menn þennan rjett, sem fóru úr Austur-Skaftafellssýslu til Austfjarða til að stunda sjó. Og þegar tillit er tekið til þess, að á síðasta þingi voru lög þessi svo endurbætt, að nú ætti ekki að vera nein hætta á, að hægt sje að misnota þau, þá álít jeg,

að þeir sjeu ekki svo ákaflega illa settir, sem verða að vera fjarstaddir vegna atvinnu sinnar.

Jeg vildi sem sagt mótmæla fyrir mitt leyti, að frv. sje flutt af illgirni til nokkurrar stjettar. Jeg vænti þess, að n. geti komið sjer saman um einhvern dag, sem heppilegri væri fyrir allan almenning heldur en fyrsti júlí eða fyrsti vetrardagur. Það hefir verið tekið fram, að löggjafinn hafi sjeð það fyrir langalöngu, að fyrsti vetrardagur var langheppilegastur. En það er ekki svo langt síðan fyrsti vetrardagur var ákveðinn. Áður var það 10. september, og stundum var kosið á vorin í fyrri daga. En nú, síðan kjördagur var valinn fyrsti vetrardagur, hefir komið í ljós vaxandi óánægja hjá þeim, sem erfiðast eiga með að sækja kjörfund á þessum degi.

**Ólafur Thors:** Það er bara til að gefa litlar upplýsingar, hvernig hagar til í sveit, þessum Reykvíkingum, sem hjer hafa talað og litla þekkingu hafa á sveitalífi — eins og jeg.

Við fórum nokkrir þm. — og raunar fleiri úr Reykjavík — austur í Skaftafellssýslu á síðasta hausti og kyntumst þá dálítið þeim örðugleikum, sem sveitamenn eiga við að búa um kjörsókn og annað. Jeg ætla ekki að rekja það langt, en minnast á það, að ritstjóri „Tímans" — án þess að jeg vilji telja orð hans merk, hvorki í þessu sambandi eða öðru — sagði frá því í blaði sínu, er flokkurinn undir forystu vatnavíkingsins hv. þm. V.-Sk. var að leggja út í Múlakvísl. Þá var það, að dómsmálaráðherrann íslenski á traustum vatnahesti ríður út í með vetlinga á höndum. En í afturfylkingu er ritstjóri „Tímans" og maður, sem Jón heitir Baldvinsson. Segir ritstjórinn frá því, að þeir hafi verið að dást að hugrekki — óþörfu hugrekki — dómsmrh., að hann skyldi ríða með vetlinga yfir þetta vatn, og bætir við, að í þeim Jóni hafi verið talsverður geigur. Ritstj. „Tímans" er nú ekki talin nein höfuðkempa, en Jón Baldvinsson er ekki deigari en gerist og gengur, og þótt jeg að vísu trúi því vart, að Jón hafi nötrað í söðlinum, sýnir þetta þó þau kjör, sem sveitamenn eiga við að búa. Það er þessi geigur, sem var í Jóni Baldvinssyni, sem þeir þurfa að yfirvinna, þegar þeir eiga að brjótast í myrkri til kjörstaðarins eða frá. (**HG:** Eru ökulárnar mestar fyrsta vetrardag?). Jökulárnar eru oft vondar, en verstar vitanlega í leysingum. En það, sem örðugast er, er að þurfa að fara yfir þær í myrkri. Það er nauðsynlegt að velja skárstu vaðið, en það sjá vatnamenn á því, hvernig straumurinn liggur.

Það er þetta, sem jeg vildi minna hv. jafnaðarmenn á, ef þeir kannast við Jón þennan Baldvinsson, sem geigurinn var í, að þeir ættu ekki að leggja það á sveitamenn að þurfa að fara hálfskjálfandi á eftir traustum vatnamanni út í jökulárnar til kjörsóknar.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg leyfi mjer að fullyrða það, að fyrir hv. 2. þm. G.-K. hefir ekki vakað umhyggja fyrir Jóni Baldvinssyni og hans líkum, sem yfir vötn þurfa að fara, þegar hann rjeð af að ljá þessu frv. stuðning. Hinsvegar get jeg vel trúað, að hv. þm. sje þetta ofarlega í huga vegna flokksbræðra sinna sumra. Í

þessari för var líka Jón nokkur Kjartansson ritstjóri, og er sú saga af honum sögð, að hann hafi riðið út í sandbleytu á öðrum stað og losnað þar af hestinum við illan leik. Munu þær hörmulegu ófarir þessa flokksbróður hv. þm. vera honum ríkar í huga. Því fremur, sem vatnsfall það, sem ljek Jón Kjartansson svo grátt, var í miðri sveit og í leið á kjörstað, en hitt, sem hv. þm. talaði um í sambandi við flokksbróður minn, greinir hreppa, og þurfa því kjósendur ekki að fara yfir það til þess að sækja kjörfundi.

**Lárus Helgason:** Jeg tel varla hægt fyrir mig að sitja algerlega hjá, þó slæmt sje að þurfa að lengja þessar umr., því að ekki er hægt að segja, að jeg sje ókunnugur þessu málefni.

Jeg ætla að byrja á að lýsa yfir því. að jeg býst við að fylgja þessu máli eindregið. Flestir, sem skoða vilja þetta mál með gætni, munu sjá, að hjer er um mikið sanngirnismál að ræða. Þó að fyrsti vetrardagur hafi verið valinn um eitt skeið, þá verð jeg að álíta, að það hafi altaf verið skakt. Það er búið að sýna fram á það með rökum, hve margir ókostir fylgja þeim degi sem kjördegi. Mest hefir verið gert að því að sýna fram á, að það komi oft fyrir, að menn komist ekki á kjörstað. Það hefir verið minna gert að því að sýna fram á, hvað miklir örðugleikar geta að jafnaði verið á að komast þangað og hvað mikið það kostar um þetta leyti árs. Það er ekki lítill kostnaður fyrir bóndann að þurfa að láta smíða undir hesta sína skaflajárn til að byrja með. Því að víðast er það svo, að ef árnar eru ekki miklar, þá eru þær skaraðar eða jafnvel íslagðar, og verður ekki farið yfir þær nema með skaflajárnaða hesta. En svo er hitt enn verra, að hestana þarf að taka á gjöf fyrir bragðið, þegar illa viðrar á eftir. Á flestum bæjum mun haga svo til, að fólkið verður að fara í tveimur hópum. Fyrsti vetrardagur er stuttur dagur, og verður að fara illa með hestana á slíku ferðalagi. Hörsl er oft mikið, og hestunum er ákaflega erfitt um gang á þessum tíma, eins og flestir vita, mörgum sinnum erfiðara en í júlí til dæmis. Þá geta menn farið hraða ferð á milli, og þá er ekki svo ákaflega hæpið þó að kvöldi; menn sjá samt til að velja vötnin og fara ferða sinni. Alt annað er að eiga við slíkt í kolamyrkri.

Jeg býst við, að ef einhver hagsýnn maður, kunnugur þessu máli, færi að reikna út, hvað mikill kostnaður landsmönnum er gerður með því að velja þennan dag, þá mundi hann fá út hærri tölur en margan grunar. Hv. jafnaðarmenn telja það annmarka á flutningi kjördagsins, að kaupstaðarbúar sumir þurfi að kjósa áður en þeir fara að heiman. Jeg sje ekki mikla örðugleika á því. Jeg held þeir sjeu sáralitlir á móti þeim örðugleikum, sem jeg hefi nefnt og aðrir fylgjendur þessa frv. Jeg er sannfærður um, að með þessu frv. er farið fram á rjett mál og sanngjarnt, enda verð jeg að mótmæla því, að það sje fram flutt af nokkurri illgirni til nokkurs flokks.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:3 atkv, og til allshn. með 16 shlj. atkv,

Á 37., 39., 46., 50. og 51. fundi í Nd., 5., 8., 16., 20. og 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 49, n. 123 og 175).

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg leyfi mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá að þessu sinni, vegna þess að frsm. 2. minni hl. (HV) getur ekki mætt á fundinum.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson):** Jeg get ekki tekið þessi forföll hv. 2. þm. Reykv. mjög alvarlega; hv. þm. hefir haft tíma til síðan 15. mars, þ. e. a. s. meira en mánuð, til þess að gefa út nál., sem hann þó ekki hefir gert, og auk þess er þetta frv. á þskj. 49 komið fram svo snemma hjer á þingi, að það ætti að geta farið að koma á dagskrá og til umr. Jeg er farinn að gruna hv. jafnaðarmenn hjer í deildinni um það, að þeir vilji reyna að bregða fæti fyrir þetta mál, og þeir gera það með þessari mótstöðu, fyrst með því að koma ekki með neitt nál., og svo með því að reyna að hindra, að það sje tekið fyrir, loksins þegar röðin er komin að því á dagskránni. Jeg vil, sem sagt, halda því fast fram, að þetta mál fái loksins að koma til umr., og get ekki skilið annað en að við getum nú farið að hafa svo langa fundi, að hægt sje að ljúka við dagskrána, því að nefndastörf hljóta að fara að minka úr þessu, og þýðir ekki að taka ný mál fyrir í nefndum úr þessu. Jeg skora þess vegna á forseta að taka málið fyrir.

**Forseti (BSv):** Jeg sje ekki, að gengið sje á hluta eins manns, þó háðar sjeu umr. um málið, þar sem flokksmenn þess hv. þm. eru viðstaddir, til þess að skrifa hjá sjer andmæli, þau er fram kunna að koma.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg verð að segja, að það er einkennilegt, ef ekki er hægt að fá málinu frestað, þegar frsm. er ekki við, einkum þegar forseti hefir enn ekki tekið eldri mál á dagskrá. Þykir mjer ærið hart, ef sjerstaklega á að fara að vilja eins frsm. og hrista málið af, þótt beiðni komi um skamma frestun frá öðrum.

**Forseti (BSv):** Málið er ekki hrist af, þótt ein ræða sje flutt í því. En viðvíkjandi þeim málum, sem hv. þm. Ísaf. nefndi, þá voru þau á dagskrá seinast í gær, en þá var það hv. þm. sjálfur og flokksmenn hans, sem settu stíflu fyrir það, að málin kæmust fram.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg kann ekki við það orðalag hjá hæstv. forseta, að setja stíflu fyrir mál með því að ræða önnur. Við jafnaðarmenn eigum vitanlega sama rjett og aðrir þm. til þess að ræða um málin. En annars verður forseti að viðurkenna það, að þessi mál voru sett svo aftarlega á dagskrána, að vonlaust var, að þau kæmu til umr.

**Forseti (BSv):** Það er auðsætt, að því meira sem tafið er fyrir, að eitthvert mál komi til umr., því lengur dregst, að það verði afgr. Gef jeg svo hv. 1. þm. Skagf. orðið.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson):** Þakka. — Jeg skal vera stutt-

orður; get jeg það því fremur, sem þetta mál var rætt svo mikið við 1. umr., og því engin ástæða til að ræða það svo mjög nú.

Það varð að samkomulagi hjá meiri hl. n., að leggja til, að frv. yrði samþ. með þeirri breyt., að í stað orðanna „hinn 1. vetrardagur“ í 23. gr. laganna komi: hinn fyrsti laugardagur í júlímánuði. — Þetta voru þrír af fimm nm. sammála um, en einn nm. leggur til, að kosningadagur verði ákveðinn þriðji sunnudagur í septembermánuði, og geri jeg ráð fyrir, að sá sami hv. þm. muni gera sjálfur grein fyrir sínu áliti. En um hv. 2. þm. Reykv. er það að segja, að hann hefir ekki ennþá, frá því að málið var tekið til meðferðar í n., um miðjan marsmánuð, komið með neitt nál. Vona jeg svo, að ekki þurfi langar umr. um málið og að hæstv. forseti geti einmitt lokið afgreiðslu málsins á þessum fundi. Skal jeg svo ekki tefja umr. lengur.

**Forseti (BSv):** Það er alls ekki tilgangurinn að hrapa svo að afgreiðslu þessa máls, að gefa eigi öllum frsm. kost á að segja álit sitt um málið, og fer því engin atkvgr. fram um það nú, þótt hinsvegar sjeu látnar fram fara umr., til þess að flýta fyrir afgreiðslu þess.

**Haraldur Guðmundsson:** Mjer finst það ákaflega einkennileg afgreiðsla, sem hjer lítur út fyrir, að meiningin sje að hafa á þessu máli. Eins og sýnir sig í nál. meiri hl., er hv. allshn. margklofin í málinu og enginn nefndarmaður getur gengið að frv. eins og það var borið fram af báðum aðalflokkum þingsins. Það er eins og enginn vilji kannast við þennan óburð, sem frv. er.

Þrír hv. nm., eða meiri hl., leggja til, að í stað 1. júlí, sem getur borið upp á sunnudag, þá skuli kjördagur lögfestur fyrsta laugardag í júlímánuði. Þó að segja megi, að breyt. þessi sje smávægileg, þá sje jeg ekki, hvaða ástæða er til hennar, nema tilgangurinn sje að bjarga sunnudagshelginni. Fjórði nefndarmaðurinn, hv. 2. þm. Árn., hugsar minna um helgi sunnudagsins. Hann leggur þvert á móti til, að kosið sje á helgum degi. Hann leggur til, að kjördagur verði framvegis hinn 3. sunnudagur í septembermánuði. En fimti maðurinn í n., hv. 2. þm. Reykv., leggur eindregið til, að frv. verði felt og kjördagurinn haldist hinn sami og nú er. (**MG:** Hvar stendur það?). Það er á allra vitorði, enda víkur hv. frsm. meiri hl. að því í nál. sínu.

Þeir, sem hlýddu á 1. umr. þessa máls, heyrðu ekki önnur rök borin fram fyrir þessari breyt. á kosningalögunum en þau, að hún væri gerð með það fyrir augum, að auðveldara yrði fyrir sveitamenn að neyta kosningarrjettar síns. Ekkert annað en þetta kom þá fram sem ástæða fyrir breyt., og dró jeg þegar í efa, að það mundi af heilindum mælt, heldur lægi annað og meira á bak við, eins og jeg mun síðar koma að. Jeg benti þá líka á, að ef þetta væri aðalástæðan, sem haldið var fram um nauðsyn á færslu kjördagsins, þá væru aðrar leiðir auðfarnari til þess að ná því takmarki, sem stefnt væri að; t. d. væri eðlilegra að fjölga kjördeildum í stórum hreppum,

með því mætti gera mönnum auðveldara um að sækja kjörfund. En enginn þeirra hv. þdm., sem annars þykjast bera svo mjög hag sveitafólksins fyrir brjósti, hefir tekið undir þetta, nje heldur hitt, sem jeg benti á, að hafa kjördaga fleiri en einn, ef ástæða þykir til vegna veðurs.

Enginn þessara manna hefir viljað taka neitt tillit til kaupstaðabúanna, og verður því þó ekki neitað, að með færslu kjördagsins fram á mesta annatíma ársins verður verkalýðnum gert miklu erfiðara að neyta kosningarrjettar síns.

Það er að vísu rjett, að mönnum er gefinn kostur á í kosningalögunum að kjósa utan kjörstaða, en á því eru þó mörg vandkvæði, því bæði er nú það, að áhugi manna í bæjunum er oft einna mestur sjálfan kosningadaginn, og gleyma menn því oft að fara til sýslumanns eða annara, sem þeir lögum samkv. geta kosið hjá utan kjörstaðar; stundum er þetta líka með öllu ómögulegt, t. d. þegar bráðan ber að um burtför, annaðhvort síðla kvölds eða að nóttu til, eins og oft getur komið fyrir sjómenn og þá verkamenn, sem atvinnu sína sækja í aðra landsfjórðunga. Þegar svo bráðan ber að, vinst ekki tími til þess að kjósa, enda er ekki skrifstofum haldið opnum í því skyni að nóttu til.

Annað það, sem jeg tel mæla mest á móti því, að kjördagurinn verði fluttur á mesta annatíma ársins, er tómlæti alls þorra kjósenda um það leyti um að fylgjast með í málum þjóðarinnar. Þá er hugurinn bundinn við allskonar störf og minna tóm til að taka afstöðu til málanna. Þá er Alþingi nýlokið og ekki komnar fullar fregnir af störfum þess. Og þó að eitthvað kunni að vera komið út af Alþingistíðindunum, þá eru fæstir búnir að kynna sjer þau, og sama er um blöðin að segja; þau fara, eða efni þeirra, fyrir ofan garð og neðan hjá öllum almenningi á þeim tíma árs. Jeg fæ því ekki sjeð, að nokkuð sje bætt fyrir þeim, sem í sveitum búa, frekar með frv. en því, sem jeg hefi bent á, nema síður sje, en hitt orkar ekki tvímælis, að öllum þorra verkalýðs í kaupstöðum og kauptúnum er gert torveldara fyrir að neyta kosningarrjettar síns með því að hafa kjördaginn í júlímánuði.

Það má líka líta á það, að eins og kjördæmaskipunin er nú, vantar mikið á, að um lýðræði sje að ræða í landi hjer. Veldur þar mestu um, hvað kjördæmin eru afarmismunandi fólksmörg. T. d. hefir einn kjósandi á Seyðisfirði jafnmikil áhrif á skipun Alþingis og 6 kjósendur hjer í Reykjavík. Þó að óvíða sje jafnmikill munur og þarna, þá er hann þó víða mikill, og afarmismunandi hvað margir kjósendur standa að baki hverjum einstökum þm. Ef svo á að bæta því ofan á þetta mikla órjettlæti að færa kjördaginn á mesta annatíma þjóðarinnar, þegar verkalýðurinn hefir orðið að sundrast í atvinnuleit víðsvegar um land, þá er sýnt, að allverulega er höggið af lýðræðinu og rjettur alþýðu við sjóinn er rýrður til þess að hafa hönd í bagga með löggjöf landsins.

Eftir því, sem mjer hefir skilist, þá hefir það aðallega ýtt undir þessar kröfur sveitanna um færslu kjördagsins, að daginn, sem landskjörið fór fram haustið 1926, var hríðarveður á Norðurlandi. Það mun rjett vera, að í 2 eða 3 sýslum hafi þá verið allmiklir

örðugleikar á að sækja á kjörstað, vegna óveðurs og ófærðar. En líti maður á landið í heild, þá hygg jeg, að það sýni sig, að í engum landskjörskosningum hafi verið jafnmikil þátttaka og einmitt haustið 1926.

Væri nú horfið að því ráði, að taka upp þá breyt., sem jeg hefi drepið á: að fjölga kjördeildum í stórum hreppum, eða þar sem þurfa þykir, þá væri það trygt að svo miklu leyti sem hægt er, að allir komist á kjörstað; þá mætti og tryggja þetta enn betur með því að fjölga kjördögunum líka. Með því að hafa kjördaginn aðeins einn, má aldrei búast við, að allir kjósendur til sveita geti sótt á kjörstað. En með því að fjölga kjördeildum og hafa kjördagana fleiri má tryggja það, að hver einasti kjósandi í sveitum landsins geti neytt kosningarrjettar síns.

Annars vildi jeg spyrja hæstv. forseta, hvort fundurinn sje lögmætur, og hvort ekki sje ástæða til að fresta umr.? (**Forseti:** Þm. munu vera hjer á næstu grösum (hringir)). Jæja, jeg sje, að svo muni vera, þó að margir stólar standi auðir.

Jeg minnist þess, að hæstv. forsrh. og enda fleiri hafa haldið því fram, að þeir teldu, að í þessu landi ætti þungamiðja hins pólitíska valds að vera í sveitunum. Það hefir stundum verið int eftir því, hvaða ástæður lægju til þess, en aldrei hafa fengist svör við því, sem nein svör geti kallast. Hitt þykist jeg hafa orðið var við, að vald sveitanna hefir verið allmikið í þessari hv. deild. Og ef frv. þetta verður samþ., gæti jeg hugsað mjer, að það yrði til þess að auka það vald enn meir á þingi, en áreiðanlega órjettilega þó. Hjer er stefnt að því að auka vald sveitanna með því að draga úr rjettmætum áhrifum kaupstaðabúa á skipun þingsins. Þetta er ranglæti, fullkomið ofbeldi. Það mun áreiðanlega hefna sín, ef bændur neyta meirihlutavalds síns hjer í deildinni til þess að gangá á rjett verkalýðsins við sjóinn.

Það er ofurauðvelt að tryggja rjett beggja, bænda og verkalýðs, ef sú leið er farin, sem jeg hefi bent á. Þá geta kjósendur sveitanna neytt kosningarrjettar síns hvernig sem viðrar, án þess að skertur sje rjettur þeirra, sem við sjóinn búa, eða þeim gert óhægra að kjósa.

Jeg sje hvorugan frsm. minni hl. koma enn, hvorki hv. 2. þm. Reykv. eða hv. 2. þm. Árn., og skil jeg því ekki, hvaða ástæða er til að hespa málið af að þeim báðum fjarstöddum. (**HK:** Hv. 2. þm. Árn. er víst kominn austur í Árnessýslu). Hann hefir þá mátt stíga stórum, ef hann er kominn þangað, því að jeg sá hann alveg nýlega hjer frammi á ganginum.

Jeg hygg, að reynslan hafi sýnt, að kosningar 1. vetrardag hafi að jafnaði verið betur sóttar en á öðrum tíma árs. Þá er liðinn allur mesti annatíminn, og þá hafa menn betra tóm til að íhuga þjóðmálin og skapa sjer skoðun um þau, þá taka öll fjelög upp starf sitt, sem legið hefir niðri um annatímann, þá eru þau að búa sig undir andleg og fjelagsleg störf, sem vinna á að vetrinum; þess vegna er áhuginn mestur og best lifandi að haustinu. Að vorinu er þetta alveg öfugt. Þá dvínar þjóðmálaáhuginn og hverfur í önnum dagsins og sumarsins. Sje meiningin að ætl-

ast til, að sem flestir kjósi, þá er sjálfsagt að gefa mönnum kost á að neyta þess rjettar á þeim tíma, sem þeir hugsa mest um málin og geta búið sig sem best undir að taka afstöðu til þess, sem um er deilt. (**BSt**: Ef veður þá ekki hamla). Jeg hefi í till. mínum bent á leiðir, sem bæta úr því. (**BSt**: Já, kannske með því að kjósa á hverjum bæ). Það nær ekki nokkurri átt, að veðrátta sje svo slæm, að kjósa þurfi á hverjum bæ, ef kjördagar eru fleiri en einn. Jeg hefi líka verið í Norðurlandi og veit, að varla getur verið um að ræða í byrjun vetrar, að þar sje 4 daga samfleytt ófært bæja í millum. Svo þetta er ekkert annað en grýla, sem búa má til handa þeim, sem aldrei hafa í Norðurland komið og ekkert þekkja þar til. En hitt fæ jeg alls ekki skilið, hvers vegna ekki má leiðrjetta þetta misrjetti, sem talað er um, að kjósendur sveitanna geti orðið fyrir vegna óveðurs, á annan hátt en þann að ganga á rjett þeirra, sem í kaupstöðunum búa. Nú er vitanlegt, að þar, sem fámenni er á bæ, en langt á kjörstað, þá er ómögulegt að ætlast til, að allir geti kosið, jafnvel þó á vordegi sje. Þar sem langt er á kjörstað, en svo hagar víða til þar, sem jeg er kunnugur, þá mundi fólkið verða að tvískifta sjer, vegna þess að þar, sem börn eru á bænum, er ekki hægt að skilja þau ein og ósjálfbjarga eftir. Mundu þá aðrir fara að morgni, en hinir síðar, þegar þeir, sem fyr fóru, væru komnir aftur, og gæti þá svo farið, að dagurinn entist þeim ekki; áreiðanlega hagar svo til víða, að þetta er alveg ókleift. Mjer finst því, að alt beri að sama brunni, að ef breyta á kosningalögunum, þá sje nær að setja heimild um, að hafa megi fleiri kjördaga en einn, og að fjölga kjördeildum þar, sem það þykir betur fara.

Það er einmitt þetta sama, sem hv. 2. þm. Árn. virðist hafa komið auga á. Og þar sem hann er ekki viðstaddur, ætla jeg að lesa svolítið upp úr nál. hans, máli mínu til stuðnings, en þeim fáu hv. þdm., sem hjer eru staddir, til lærdóms og eftirbreytni, að jeg vona. (**BSt**: Það hafa allir lesið það, enda er það ekki svo langt). Það má vel vera, en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Nál. byrjar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jeg get ekki talið hentugt að hafa kosningar um háannatíma landsmanna. Hinsvegar geta veður bagað 1. vetrardag, enda kosningar áður ákveðnar í september. Bændur eiga örðugast með að sækja kjörfundi, og þar sem einyrkjabúskapur verður almennari með ári hverju, eiga þeir margir ekki heimangengt virka daga". Og svo bætir hann við: „Mundi því rjettast að hafa kosningarnar á sunnudegi".

Hv. 2. þm. Árn. kemst að sömu niðurstöðu og jeg um örðugleika bænda að sækja kjörfundi á hvaða tíma árs sem er. Hinsvegar fæ jeg ekki sjeð, svo að jeg tali þá einnig fyrir þennan hv. frsm. (MT), sem ekki virðir málið svo mikils, að honum finnist taka því að vera viðstaddur, þegar það er til 2. umr. — jeg fæ sem sje ekki sjeð, að ljettara sje fyrir einyrkja að sækja kjörfund á sunnudegi heldur en á laugardegi eða öðrum virkum degi. Jeg fæ ekki betur sjeð en að sama annríki sje á einyrkja-sveitaheimilum sunnudaga

eins og aðra daga. Á meðan jeg var í sveit voru þar sömu búverk alla daga jafnt á sama árstíma, og alveg eins á helgum dögum eins og virkum.

Brtt. hv. 2. þm. Árn. bætir því alls ekki fullnægjandi, þótt hún sje skárri en frv. og till. meiri hl. En hún sannar þó það, sem jeg hefi haldið fram og allir eiga að vita, sem sje það, hvað örðugt er fyrir alla að neyta kosningarrjettar síns um mesta annatíma ársins.

Jeg get látið þetta nægja um sinn, en ætla að enda þennan ræðustúf með því að segja, að mig furðar ekkert á því, þó að hv. frsm. meiri hl. vilji tala stutt. Jeg hefi fyrir satt, að hann vilji sem minst um þennan óburð sinn tala, og er það mjög að vonum.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg stend aðeins upp til þess að bera blak af hv. 2. þm. Árn., því að mjer finst mjög ómaklegt, hvernig á hann hefir verið ráðist og dregið inn í umr., hvers vegna hann sje ekki viðstaddur. Get jeg upplýst, að það er ekki ófyrirsynju, þó að hann hafi ekki mætt á þessum fundi, því að eftir hálfa stund fer hann austur til sýslu sinnar til þess að halda sýslufund.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson):** Jeg þarf ekki að taka til mín aðfinningar hæstv. forsrh.; jeg hefi ekkert lagt til hv. 2. þm. Árn. fyrir það að vera fjarverandi.

Jeg ætla heldur ekki að svara hv. þm. Ísaf. Hann var í svo miklum vandræðum að halda þessa ræðu, að það er ekki rjett að þjaka honum, og þó var hún ekki annað en endursögn á því, sem hann hafði áður sagt. Jeg vil því ekki auka honum vandræði með því að rífa niður þetta litla, sem hann gat tínt til, enda ástæðulaust að vera að tví- og jafnvel þríprenta upp í Alþingistíðindunum svona nauðaómerkilega ræðu.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 49, n. 123, 175 og 445).

**Frsm. annars minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Það stóð svo á síðast þegar þetta mál var til umr., að jeg gat ekki verið viðstaddur, en síðan hefi jeg skilað nál. Það er svo sem ekki í fyrsta sinni, er þetta frv. stingur upp kolli hjer í deildinni, því að 1927 var lagt alt kapp á að koma því í gegn, en þá tókst það ekki, hvað sem um það verður nú. Ástæðurnar, sem færðar hafa verið fyrir þessu frv., eru hinar sömu og áður, nefnil. þær, að nauðsyn beri til að færa kjördaginn vegna óhægrar aðstöðu sveitanna. Hagskýrslurnar bera það þó með sjer, að veðráttan hefir ekki haft mikil áhrif á sókn til kjörstaða til þessa, en af því hefir þó verið mikið gumað. Sjerstaklega hefir þó núv. stjórnarblað „Tíminn" gert mikið veður út af þessu og fært sem ástæðu, að eitt sinn geysaði stórhríð á kjördegi í tveimur sýslum, Norður-Þingeyjar- og Norður-Múlasýslu. Þessi kjördagur er ekki hinn sami og til landskjörs, heldur eingöngu fyrir kjördæmakosningu. En nú er því svo farið hjer á landi, að flokkaskiftingin er engan veginn bundin við einstakar sveitir

eða sýslur, heldur eru menn þar mjög skiftrar skoðunar í stjórnmálum, þannig, að óveður lendir jafnt á rjettlátum og ranglátum. Þessi ástæða getur því ekki verið þung á metunum, en alt öðru máli væri að gegna, ef um landskjör væri að ræða, þar sem verulega gæti fram komið krafa um það, að sveitir landsins stæðu jafnt að vígi sem bæirnir. En sá dagur er ákveðinn 1. júlí. En það eru önnur rök í þessu máli, sem þung eru á metunum, og það er hvernig kjördagurinn er valinn fyrir allan þorra fólks, sem býr við sjávarströndina og sækir vinnu sína til sævarins. Því er svo farið, að enginn dagur mun ver valinn fyrir það en 1. júlí, eða fyrstu dagarnir í júlí, því að þá er mestur hluti þess fjarri heimilum sínum, norður á Siglufirði, austur á fjörðum eða í öðrum verstöðvum, þar sem nóg er að starfa. Jeg vil aðeins minnast hjer á tvö kjördæmi máli mínu til sönnunar, og það eru Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, auk Reykjavíkur, sem allir vita, að hálftæmist af verkafólki á þessum tíma. Þá eru flestir, eða allur hinn vinnandi lýður farinn burtu úr Eyjum og firðinum, til að leita sjer atvinnu. Þá er verkalýðnum gert miklu óhægra um vik en öðrum um að nota kosningarrjett sinn. Það fólk ætti að hafa mest að segja um þessi mál, því að kjördæmaskipunin er þannig úr garði gerð, að bæjarfólkið hefir minni kosningarrjett en sveitafólkið, þótt kjördagurinn þar á ofan væri ekki valinn á örðugasta tíma ársins. Nú segja þeir, sem fylgjandi eru færslu kjördagsins, að þeir, sem við sjóinn búa, geti neytt kosningarrjettar síns þrátt fyrir það, að þeir sjeu fjarri heimilum sínum, en þeir hljóta þó að sjá, hvílíkt umstang og erfiðleika slíkt hefir í för með sjer fyrir þá, þegar þeir eru fjarlægir heimilum sínum, og fyrir þá, sem á sjó eru, er þetta mikils til ómögulegt. Ef þetta væri gert fyrir bændur eingöngu, þá virðist það nokkuð hæpið, því að á þessum tíma eru annirnar mjög miklar í sveitunum. (**LH:** Það eru altaf nógar annir í sveitunum). Ef svo er, þá má bændum vera nokkurn veginn sama um, hvenær kjördagurinn er, og þá gæti hann alveg eins verið fyrsta vetrardag eins og aðra daga. Menn hafa viljað benda á, að þá væri að jafnaði hætt við óveðrum, en það hefir þegar verið bent á leiðir, sem virðast góðar, eins og t. d. að hafa kjördaga marga, hafa fleiri en einn kjörstað í hverjum hreppi, eða samkv. núgildandi lögum að fresta kosningu, ef óveður hamla. En þrátt fyrir það, að bent hefir verið á þessar leiðir, rísa þessir menn, sem að frv. standa, upp öndverðir gegn þeim og hafna þeim algerlega, en þó virðist engin frágangssök að hafa t. d. marga kjördaga í röð, eins og tíðkast í Svíþjóð. Þetta sýnir, að það, sem vakir fyrir flm. þessa frv., er ekki það, að finna út kjördag, sem allir geta notað, heldur hugsa þeir eingöngu um, hvernig þeir geti best útilokað eða minkað áhrif verkalýðsins á löggjöf og stjórn landsins. Hv. 2. þm. Árn. kemur fram með þá till., að kosið verði 3. sunnudag í september, og jeg verð að segja, að þótt jeg kysi heldur 1. vetrardag, vil jeg þó heldur, að kjörið verði þá en 1. júlí. Þar er reynt að sigla beggja skauta byr, og það skal ekki lastað í þessu máli. En

ef kjördagurinn verður fluttur til 1. júlí, skil jeg ekki í því, að hv. flm. skuli ekki sjá svo um, að sá dagur verði lögboðinn hvíldardagur, eða að kosið verði á sunnudegi. Jeg mun ekki orðlengja þetta frekara, en vonast fastlega eftir, að þetta frv. verði felt.

**Frsm. annars minni hl. (Magnús Torfason):** Jeg mun ekki flytja hjer langa tölu fyrir tómum stólum, en vil þó gera nokkra grein fyrir brtt. þeirri, sem jeg hefi borið hjer fram. Jeg vil geta þess, að fyrst og fremst er jeg þeirrar skoðunar, að kjördagur skuli vera á sunnudegi, og að þar fer jeg eftir góðu fordæmi menningarþjóðanna. Jeg lít svo á, að fáum þjóðum muni vera eins mikil nauðsyn að hlúa að landi sínu og okkur, sem hýrumst hjer í strjálbýlinu. Þess vegna vil jeg láta kosningar fara fram á hvíldardegi, enda er þá tekið fult tillit til hins vinnandi lýðs þessa lands. Það er vitanlegt öllum, sem til þekkja, að á hvíldardögum eru fjölsóttar skemtanir, og af því má álykta, að góð aðsókn verði einnig á kjörstöðunum. Báðir aðalflokkar þingsins hafa kosið að færa kjördaginn lengra fram á sumarið, en jeg hefi valið 3. sunnud. septembermánaðar, með tilliti til þess, að þá eru mestu sumarannirnar búnar, eins og t. d. sláttur, síldarvinna og fiskverkun. Vinnan er þá ekki eins föst eins og um háannatíma ársins og mönnum ljettara að leknum heyönnum að hugsa um þjóðmál heldur en endranær. Þetta er reynsla frá fornu fari, því að þá var það lögskylt, að kosningar skyldu fara fram í september. Í mínu kjördæmi komu fram eindregnar óskir um það að hafa hjeraðskosningar í síðari hluta sept., og það gerði jeg líka. Þá sýndi það sig, að þótt þá væri ekki nema einn kjörstaður, komu kjósendur með raktri tölu úr þeim hreppum, sem fjærst áttu. Þetta sýnir, að þessi tími er vel valinn, og jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að jeg var altaf á móti því að hafa kjördaginn 1. vetrardag, af því að veður eru þá tekin að spillast.

Þá er eitt atriði enn, sem mælir með þessu, og það er, að hjer áður fyr var um þetta leyti þjóðhátíðardagur um alt land, þ. e. a. s. hinn góði og gamli rjettadagur. Síðan ungu fólki hefir tekið að fækka í sveitunum, eru þeir tiltölulega fáir, sem sækja rjettir, nema í þeim hjeruðum, þar sem aðkomumenn úr kaupstöðunum hrúgast að. Því þætti mjer ekki nema eðlilegt, að tekinn væri upp nýr skemtidagur eftir að slætti er lokið, og jeg efast ekki um, að menn myndu sækja tíðir engu síður þennan dag en aðra, sjerstaklega þar sem kjörstaður er oftast á kirkjustöðum. Þess vegna mun jeg við 3. umr. koma fram með brtt. við þessa brtt., þar sem forsrh. er falið að velja um 3. eða 4. sunnudag í sept., því 3. sunnud. getur fallið þann 15. og líka þann 21. sept. 15. sept. mun helst til snemma, en þá mætti líka velja 4. sunnudag. Jeg vil svo ekki fjölyrða frekara um málið, en vona, að brtt. fái góðar viðtökur.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg vildi segja hjer nokkur orð til að mótmæla hv. 2. þm. Árn., sjerstaklega af því að hann segist flytja þessa till. og tala fyrir munn bænda, en það virðist mjer koma úr hörðustu átt. Það er vitan-

legt, að þessi dagur er mjög óheppilegur fyrir bændur, því að þá byrja fjallaferðir, sláturferðir og alt það umstang, sem því er samfara. Við þetta bætist svo, að þá þurfa menn oft að fara að bjarga síðustu heyjunum undan eyðileggingu, því að á þessum tíma er veðráttan oft rosaleg og umhleypingasöm. Það getur oft verið vont að þurfa að fara frá heyjum fyrri hluta sumars, en seinni hlutann getur oft staðið svo á, að menn *verði* að bjarga heyjum sínúm, hvað sem liggur við, því að þá er venjulega síðasta tækifærið að ganga þeim úr greipum. Af þessum ástæðum er jeg sannfærður um, að það er hin mesta fjarstæða að koma fram með það að færa kjördaginn til síðari hluta sumars. Jeg mun því fylgja þeim till., sem meiri hl. allshn. hefir borið fram.

Hv. 2. þm. Reykv. mintist á það, að það mundi koma jafnt niður á öllum stjórnmálaflokkum, hvernig viðrar daginn sem kosið er. Þó getur víða hagað svo til um kosningafylgi, að misjöfn sje aðstaða flokka til að sækja kjörfund, eins og t. d. sveita og kauptúna, en þar er flokkaafstaðan oft nokkuð ólík, sem kunnugt er. En óhagstætt veður kemur vitanlega langtum harðara niður á sveitabúum en sjávarþorpa undir þessum kringumstæðum. Með því að leggja alt á vald veðursins er undir hendingu komið, hverjir það verða, sem kosningunni ráða.

**Frsm. annars minni hl. (Magnús Torfason):** Jeg átti ekki von á því, að hv. þm. Mýr., þessi ungi, upprennandi bóndi, sem meðal annars situr á jörð, sem er sjerlega vel löguð til ræktunar og gefur honum meiri kost á en öðrum bændum að meta það, hvað það þýðir að lifa á ræktuðu landi, að hann skuli verða til þess að mótmæla till. minni. Þá gat mjer ekki dottið í hug, að þessi sami hv. þm. mundi vilja taka sjer þau orð í munn, að þessi kjördagur væri sá versti frá sjónarmiði bænda. Það voru þó bændur, sem rjeðu lögum og lofum á Alþingi, þegar kjördagurinn var ákveðinn í september, og það voru líka bændur, sem rjeðu, þegar kjördagurinn var ákveðinn 10. september. Þetta sýnir, að það nær engri átt að slá fram öðru eins og því, að þetta hljóti að vera versti dagurinn frá sjónarmiði bænda. Það fer í bága við þá reynslu, sem menn hafa fengið. Hitt er alt annað mál, að bændur ljetu á sínum tíma flekast frá því, sem jeg berst fyrir, að hafa kjördaginn í september, og færa hann yfir á 1. vetrardag, og nú ætlar þeim að verða erfitt að bæta fyrir það glappaskot. Reynslan er ólygnust, enda vissi jeg ekki til, þegar þessum kjördegi var breytt, að um það kæmu neinar sjerstakar raddir frá bændum.

Það var talið til, að á þessum tíma rækju annirnar hver aðra og menn yrðu til dæmis oft að bjarga heyjum sínum. Ef það væri einhver öldungur 70—80 ára, sem hefði sagt þetta, þá hefði jeg skilið það. En að þessi upprennandi bóndi skuli láta sjer þetta um munn fara, er óskiljanlegt. Það er alveg víst, að heyfengur í september er ekki helmings virði á við heyfeng í byrjun sláttar. Jeg hjelt, að búskapurinn gengi einmitt í þá átt, að ná sem mestu af heyjunum, meðan grasið er ekki fallið. Menn keppa að því að

hafa landið í svo góðri rækt, að þeir geti byrjað sem fyrst að slá og endað heyskapinn sem fyrst. Jeg býst ekki við, að það eigi sjerstaklega að gera að vilja þeirra, sem hafa öfuga búskaparaðferð við hina nýju ræktunarstefnu í landbúnaðinum, fylgjast með tímanum.

Svo er fyrir að þakka, að jeg ætlast ekki til, að tekinn sje verkdagur frá bændum til kosninganna. Jeg tók fullkomlega tillit til þess, að menn þurfa að nota hvern virkan dag, meðan vinnufært er, og lagði því til, að kjördagur væri á sunnudegi. Þess vegna held jeg, að frá almennu sjónarmiði sje till. mín á góðum rökum bygð, og styðst þar að auki við þá reynslu, sem jeg fjekk, þegar jeg bjó eindregnu bændakjördæmi. Jeg fylgdi því einmitt sjálfur í verkinu með því að síðari árin, sem jeg myndaðist við að búa, ljet jeg kaupafólk aldrei fara seinna frá mjer en 10 september.

**Bjarni Ásgeirsson:** Hv. 2. þm. Árn. virtist álíta, að það væri mjög líklegt, að fjarstæður kæmu frá öldungum, og má vel vera, að svo sje. A. m. k. bendir till. hans á, að þetta sje rjett. Hv. þm. segir, að óheppilegasti tíminn til kosninga sje snemma í júlí, en jeg vil benda honum á, að þegar bændur rjeðu öllu hjer, notuðu þeir dagana síðast í júní og fyrst í júlí til stjórnmálastarfa. Það bendir á þá þjóðarreynslu, að sá tími sje bændum bestur, af því að þá eru þeir helst á milli anna. Þó að það komi fyrir, ef sjerlega vel árar, að sláttur hefjist með júlí, er það hreinasta undantekning.

Hv. þm. sagði, að áður fyr, þegar bændur rjeðu öllum þingsætum, hefðu kosningar farið fram í september. En af hverju rjeðu þeir þá lögum og lofum? Af því að þá kusu ekki aðrir en bændur. Öðru máli er að gegna, þegar helmingur þjóðarinnar býr í kaupstöðum.

Hv. þm. talaði um, að jeg mæti ekki fyllilega þá nauðsyn bænda, að geta stundað sína vinnu, en hann hefði tekið tillit til þess, þar sem hann ætlast til, að kosningadagurinn sje á sunnudegi. Það gætir mikils ókunnugleika hjá hv. þm., ef hann veit ekki, að bændunum eru, eins og dauðanum, allir dagar jafnir, einmitt þegar kominn er þessi tími. (**MT:** Þeir eiga ekki að eiga hey úti). Hver getur stjórnað því? Guð almáttugur, en ekki hv. 2. þm. Árn. Þegar t. d. er búinn að ganga rosi vikum saman, er blátt áfram ekki hægt fyrir bændur að komast hjá því að eiga hey úti. Og þá er skylda hvers bónda að nota alla daga.

Það er alveg rjett, að það er best að fá sem mest inn af heyjunum framan af sumri, en eins og jeg tók fram áðan, er það ekki altaf, að heyin eru svo snemma til, og þá verður maður að bíða og sætta sig við dutlunga náttúrunnar. Hjer er ekki um að ræða rjetta eða öfuga búskaparstefnu, heldur er það náttúran sjálf, sem setur manni stólinn fyrir dyrnar, ef henni býður svo við að horfa. En þó að heyskap kunni að vera lokið um þetta leyti, koma aðrar annir. Þó að jeg sje ekki kunnugur í Árnessýslu, veit jeg samt, að ef hv. þm. fær vilja sínum framgengt í þessu efni, væru

það ekki bændurnir í Árnessýslu, sem rjeðu kosningum þar, heldur menn frá Stokkseyri og Eyrarbakka. Jeg efast ekki um, að þeir gætu verið eins færir til að velja góðan mann á þing, en jeg vil ekki ljá atkv. mitt til þess, að rjettur sje svo augljóslega tekinn af bændum.

**Gunnar Sigurðsson:*** Jeg hjó eftir því hjá hv. 2. þm. Reykv., að hann taldi það ganga jafnt yfir alla til sveita, það sem vantaði á, að menn gætu sótt almennar kosningar. En það er áreiðanlegt, að þeir verða ofan á, sem geta beitt peningum. Það er mjög þýðingarmikið atriði í þessu máli í Rangárvallasýslu, þar sem víða hagar svo til, að fátt er í heimili, og enginn hestur, að nú er farið að nota bíla í kosningaferðir. Enda hefir það komið í ljós, að þeir sigra, sem geta notað bíla. Þó að þetta sjeu ekki beinar mútur, er það dálítið óheppilegt.

Jeg er sammála hæstv. forsrh. um það, að sunnudagur sje heppilegur sem kjördagur. Það geta ekki talist nein hátíðaspjöll, þó að kosið sje á sunnudegi. Laugardagur er næstbestur, því að þá geta kosningar haldið áfram fram eftir nóttu, einkum þegar þær fara fram að sumarlagi. Laugardagur á sumri er betri en laugardagur að vetri. Jeg er algerlega ósammála háttv. 2. þm. Árn., en hv. þm. Mýr. hefir nú svarað honum, og sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka það. Menn eru ekki búnir að ná inn heyjum sínum 10. september, og þar að auki eru þeir bundnir í fjallferðum og geta því ekki sótt kosningarnar.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg get ekki setið hjá, þegar um það er að ræða, hvort fjölmenn stjett þjóðfjelagsins á að njóta fulls rjettar eða ekki. Hjer er deilt um það, hvort verkalýður í kaupstöðum og sjávarþorpum eigi að njóta þess rjettar síns, sem hann nýtur nú. Togstreitan er á milli sveitanna og bæjanna. Jeg hygg, að á bak við þetta standi þessi venjulega tilhneiging, að veikja áhrif verkalýðsins á stjórnmál þjóðarinnar. Jeg vil ekki vera neitt myrkur í máli um það.

Það hafa þegar verið færð nokkur rök fyrir því, hvernig þetta mundi koma niður á hinum ýmsu stjettum. Það hefir verið bent á, að þegar hásumar er komið, er fólk í kauptúnunum hjer sunnanlands komið víðsvegar út um land í atvinnuleit. Fjöldi sjómanna stundar þá síldveiðar og mikill hópur kvenfólks vinnur að þeim. Smábátaútvegsmenn eru þá komnir ýmist norður á Húnaflóa eða Siglufjörð, austur á land eða aðra staði, sem útræði er stundað frá. Og þegar mikið er um vegagerð af hálfu ríkissjóðs, er stór hópur manna að þeirri vinnu hingað og þangað úti um land, stundum uppi á háfjöllum, fjarri öllum mannabygðum.

Það hefir verið minst á stað eins og Vestmannaeyjar, þar sem meiri hluti sjómanna og verkamanna leitar til ýmissa staða í landinu eftir vertíðina. Jeg veit ekki, hvort menn kalla þetta rök, en svona er það. Nú segja menn, að þetta fólk geti kosið áður en það fer að heiman. Oft er það, að framboðsfrestur er þá ekki útrunninn, og þegar atvinna er í boði, er fólki annað í hug en kosningar. Áhugi almennings á stjórnmálum er sama sem eng-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

inn á sumrin; öll hugsun fólksins gengur í það að bjarga sjer, eins og það er kallað.

Nú hefir verið talað um, hversu heppilegur tími þetta væri fyrir sveitamenn, fyrst í júlí. En hv. 2. þm. Árn. hefir bent á, að áður hafi 10.—11. september verið álitnir mjög æskilegir dagar til þeirra hluta. Þá var líka kosið á mjög fáum stöðum, en nú er kosið í hverjum hreppi, og heimild til að hafa kjörstaði svo marga í hverri sveit sem nauðsyn þykir til, og bílfærir vegir allvíða. Það er því ekki sambærileg aðstaðan nú og áður. Jeg get ekki sjeð, að svo sterk rök hafi komið fram, að það sje knýjandi nauðsyn að flytja kjördaginn einmitt á þann tíma, þegar allir menn eru fyrst og fremst að hugsa um atvinnu sína.

Jeg var að fara yfir umr. frá þinginu 1915 um kosningar til Alþingis. Jeg sje, að Jón sál. Magnússon hefir þá borið mikla umhyggju fyrir því, að sjómenn gætu notað kosningarrjett sinn. En nú eru bændurnir það eina, sem gildir, eins og bersýnilega hefir komið fram í umr. Nú er svo mikil bændadýrkun, að það er eins og engir menn byggi þetta land nema þeir, sem í sveitum búa. Áður var umhyggja mikil fyrir sjómönnum og öðrum sjávarsíðumönnum, en þá var sama togstreitan um atkv. þeirra hjá hinum stærri flokkum eins og um bændurna nú. Nú líta þessir flokkar svo á, að enginn ávinningur sje í atkv. verkalýðsins við sjávarsíðuna; þess vegna megi þau liggja ónotuð. Þetta er í stuttu máli fjandskapur við Alþýðuflokkinn.

Það er mikið talað um það, og gert að stóru atriði, hvort kosningadagurinn skuli vera á sunnudegi eða virkum degi. Það virðist mjer vera hreinasta aukaatriði. Hitt væri vert að minnast á, að sá dagur, sem kosið er á, skuli ekki vera vinnudagur. Það mun tíðkast í ýmsum löndum. (**MG**: Hvaða löndum?). Mjer er sagt, að það sje t. d. í Belgíu og víðar. Kjördagurinn á að vera og þarf að vera lögskipaður hvíldardagur.

Jeg hefi þá í stuttu máli sagt frá ástæðunum fyrir því, að mjer finst það glapræði að breyta kosningadeginum, enda hafa engin rök komið fram frá þeim, sem aðallega bera sveitirnar fyrir brjósti, fyrir því, að fólk geti ekki sótt kjörstað á haustin. Það eru fátíð þau árin, sem snjóþyngsli eru svo mikil á þeim tíma, að fólk komist ekki allra sinna ferða. En jeg þykist vita, að hjer í hv. d. sje svo skipað, að mál þetta muni ganga fram, hvað sem sagt verður með rökum á móti. Það eru ekki rökin eða sanngirnin, sem ræður.

Það er nú orðið svo áliðið þings, að jeg vona, að þetta mál fái að sofna í friði í hv. efri deild, enda væri mjög misráðið að ráða nokkru til lykta um þetta mál, meðan með öllu er óafráðið, hvernig kjördæmaskipun og hlutföllum á milli sjávar og sveita verður háttað í framtíðinni. Vel gæti hugsast, að þeim málum yrði svo til lykta ráðið, að ekki þyrfti að vera togstreita milli sjávar og sveita um þetta mál. (**LH**: Bændur ráða kjördæmaskipuninni ennþá). Já, þeir gera það ennþá, en það getur breytst, og því er best að láta ekki dólgslega af hv. þm., sem greip fram í. Einnig

getur færsla kjördagsins beðið þangað til. Jeg held, að þegar hlutbundnar kosningar fara fram um land alt, þá verði minna rifist um kjördaginn, því flokkahlutföllin verða þá alt önnur en þau eru nú. (**MJ:** Það verður engu minna deilt um hann þá). Jeg hjó eftir því hjá hv. þm. Mýr., að hann sagði, að hv. 2. þm. Árn. vildi ekki flytja kjördaginn vegna Árnesinga, heldur vegna Eyrbekkinga og Stokkseyringa. Var helst að heyra, að það væri einhver óhæfa að taka tillit til þeirra. Verkamennirnir á Stokkseyri og Eyrarbakka eru nú ekki svo margir, að þeir geti ráðið kosningu í Árnessýslu, enda eru þeir útilokaðir frá því að hafa áhrif á kosningu, með því að hafa kosninguna 1. júlí, því að þá munu þeir flestir vera farnir frá heimilum sínum. Í því tilfelli væri því best að hafa kjördaginn 1. júlí, sjeð frá bæjardyrum hv. þm. Mýr. Skárra er það nú frjálslyndið, sem kemur fram í þessari hugsun hv. þm.! Það er hnefinn, en ekki rjettlætið.

Einhver hv. þm. sagði, að bílar rjeðu mestu um kosningar í framtíðinni, og jeg held, að hann verði sannspár. Jeg held, að hægt verði að nota þá fyrsta vetrardag að mestu leyti eins og 1. júlí, þó vera megi, að svo verði ekki í öllum hjeruðum. Ef til vill kemur sú stefna upp að banna að nota bíla í kosningum, vegna þess að það greiði um of fyrir kjósendum að komast á kjörfund.

Það þýðir víst ekki að ræða þetta mál meir, því að það breytir sjálfsagt ekki afstöðu manna til þess; svo ákveðnir munu þeir í að knýja fram ranglætið, sem í þessu felst. En þjóðin mun á sínum tíma dæma um framkomu hv. þm. í þessu máli. Það ber ekki alt upp á sama daginn. (**MJ:** Þessu verður bráðum breytt aftur).

ATKVGR.

Brtt. 175 feld með 17:5 atkv.

— 123 (ný 1. gr.) samþ. með 17:5 atkv.

2. gr. samþ. með 17:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SE, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, JAJ, JS, JörB, LH, MG, MT, ÓTh, BSv.

**nei:** PO, SÁÓ, HG, HV, JÓl, MJ.

Þrír þm. (ÁÁ, JJós, TrÞ) fjarstaddir.

---

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470).

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg hafði hugsað mjer að koma með brtt. við þetta frv. nú við 3. umr., og vildi því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá, svo að jeg geti haft tíma til þess.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson):** Jeg get ekki skilið annað en hv. þm. Ísaf. hefði getað komið fram með brtt. sínar í tæka tíð. Það væri mjög ilt að fara að stöðva málið nú, þar sem það er búið að vera svo lengi á döfinni, síðan í þingbyrjun, og vil jeg því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti afgreiða málið nú. Hv. þm. Ísaf. getur eflaust látið sínar brtt. koma fram gegnum flokksbræður sína í hv. Ed.

**Haraldur Guðmundsson:** Mjer finst hv. 1. þm. Skagf. hafa mjög mikinn áhuga á því, að málið verði ekki fyrir neinum töfum. Hann ætti þá að geta skilið það, að ef breyt. verða gerðar á frv. í hv. Ed., þá verður það að koma hingað aftur, og að því væri mikil töf. Aftur á móti munu allar brtt. mínar verða gerðar í samráði við flokksbræður mína í hv. Ed., og verði þær samþ. hjer, má telja víst, að hv. Ed. fallist á þær.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson):** Mjer er engin launung á því, að jeg geri fastlega ráð fyrir því, að brtt. þær, sem hv. þm. Ísaf. ætlar að bera fram, verði ekki samþ. Þær verða því ekki til annars en að tefja fyrir málinu, og væri því heppilegast, að þær kæmu ekki til umr. Jeg vil svo ítreka ósk mína til hæstv. forseta um að afgreiða málið nú, og sje svo ekki ástæðu til að ræða það frekar.

**Forseti (ÞorlJ):** Þar sem komið hafa fram mjög eindregin tilmæli frá hv. allshn. um að afgreiða málið nú, þá sje jeg mjer ekki fært að verða við ósk hv. þm. Ísaf. um að taka það af dagskrá, og er það því hjer til umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg hefi haldið því fram hjer við fyrri umr. þessa máls, að það, sem haft er að yfirvarpi, sem sje að gera sveitabændum auðveldara með að neyta kosningarrjettar síns, sje ekki aðaltilgangurinn, heldur hitt, að gera kaupstaða- og kauptúnabúum óhægra fyrir, og rýra þannig rjett þeirra. Jeg hefi ennfremur margsinnis bent á aðrar leiðir betri en þessa til þess að gera sveitamönnum auðveldara að sækja kjörfund, t. d. að fjölga kjördeildum og að hafa kjördaga fleiri en einn í einu. Ennfremur hefir verið bent á það af öðrum, að þetta mál er hægt að leysa með því að hafa ekki sama kjördag fyrir alt landið, en hafa t. d. einn kjördag fyrir alla kaupstaðabúa og kauptúna, en svo annan fyrir sveitafólkið. Það orkar ekki tvímælis, að með því að flytja kjördaginn fram á háannatímann, er verið að gera sjómönnum og miklum hluta verkalýðsins um alt land miklu óhægra og jafnvel ófært að kjósa. Ef nú á að fara að bæta úr fyrir sveitunum með þessu frv., þá er það gert með því að þyngja hlut hinna, sem við sjóinn búa. En slíkt er bæði ranglátt og alóþarft. Þessu væri hægt að komast hjá með því að fara eftir uppástungum mínum, eða þá með því að hafa sjerstakan kjördag fyrir sveitirnar, eins og einhver annar hefir lagt til. Sá kjördagur, sem nú er, er sá langhagfeldasti fyrir kaupstaðabúa, en sje svo, að fulltrúar sveitanna telji það nauðsynlegt að flytja kjördaginn vegna bændanna, þá stendur það þeim opið án þess að gera verri hlut hinna um leið.

Jeg hafði hugsað mjer nú við 3. umr. að reyna að ná samkomulagi um eitthvað svipað þessu, áður en málið yrði afgr. frá þessari hv. deild, en mjer hefir ekki gefist tóm til að ganga svo frá brtt. mínum sem jeg hefði kosið, og veit ekki heldur, hvort afbrigði yrðu leyfð. Mjer þótti það ilt, að hæstv. forseti skyldi ekki sýna mjer þá sjálfsögðu tilhliðrunarsemi að fresta málinu um 1—2 daga, og það staðfestir enn meir grun minn um

það, að málið sje flutt af forsvarsmönnum þess meira af kappi en forsjá, til þess að bæta aðstöðu sveitanna á þann hátt að skerða rjett kaupstaðabúa, og þá sjerstaklega verkalýðsins.

Það er kunnugt, að einmitt í júní og júlí flykkist fólkið hjeðan úr Reykjavík og sjávarþorpunum í grendinni unnvörpum á burtu út um alt land. Það flytst þá norður í síldarstöðvarnar, í vegavinnu eða kaupavinnu, og sumt er þá alveg bundið við sín störf heima, eða á að fara burtu með svo stuttum fyrirvara, að það má ekki vera að því að kjósa hjá sýslumönnum eða hreppstjórum. Það er alveg áreiðanlegt og víst, að þess má finna mýmörg dæmi, að þetta frv. verður bein svifting kosningarrjettar fyrir þá, sem við sjóinn búa.

Það eru miklu fleiri en jeg, sem hafa bent á það, að þó þess sjeu einstök dæmi, að veður hamli á þeim kjördegi, sem nú er, þá er reynslan yfirleitt sú, að kosningar eru aldrei betur sóttar yfirleitt um alt land heldur en einmitt að haustinu, og það var líka vitað, þegar sá dagur var upphaflega ákveðinn.

Það er nú orðið nokkuð síðan 2. umr. fór hjer fram um þetta mál, en jeg held, að það hafi verið hv. þm. Mýr., sem ljet þá þau orð falla um þetta, að á þeim tímum, þegar þessi kjördagur var lögfestur, hefðu bændur ekki haft við neina að keppa, svo að það hefði ekkert gert til, þó að kjördagur væri óheppilega valinn. Jeg er þessu ekki sammála, því að þá var ekki síður um keppni að ræða heldur en nú. En þetta sýnir ljóslega, hvar fiskur liggur undir steini: að það er tilgangurinn að draga úr þátttöku verkalýðsins við sjóinn í kosningum og gera bændum með því auðveldari „keppnina". Jeg minnist þess, að við 2. umr. gat einhver hv. þm. þess, að nú gætu úrslit kosninga og skipun æðstu stj. landsins verið undir veðri komin. Ef þetta er rjett nú, þá var það ekki síður rjett þegar bændurnir ákváðu þennan kjördag sjálfir, því að þá voru heimastjórnarbændur og sjálfstæðisbændur, sem deildu alveg eins og íhaldsbændur og framsóknarbændur deila nú, og það gat verið slembilukka þá eins og nú, hvort veðrið var vont hjá heimastjórnar- eða sjálfstæðisbændunum.

Jeg verð að álíta, að það sje mjög misráðið, ef hv. deild ætlar að hrapa svo að þessu máli, að henni þykir ekki taka því að gefa mönnum tíma til að leggja fram nýjar till., þar sem bætt-ur er hlutur bændanna án þess að gera hlut hinna stjetta þjóðfjelagsins verri. Svo skal böl bæta, að bíða ei annað verra.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Það var í stuttu máli bent á það af samflokksmanni mínum, hv. þm. Ísaf., hver er tilgangurinn með þessu máli og hvers vegna er lögð svona mikil áhersla og kapp á það að færa kjördaginn. Það er vitanlegt af því, sem kom fram hjá hv. þm. Mýr. við 2. umr. þessa máls, að hjer er alls ekki um góðgirni að ræða. Hann ljet þau orð falla í sambandi við Eyrarbakka og Stokkseyri, að það gerði svo sem ekki mikið til, þó að þar færi eitt og eitt atkvæði í súginn. Þessi ummæli benda til þess, að hjer er ekki verið að gera annað en að draga kjósendavaldið af öllum verkalýð í kaupstöðunum, og þeim er

það ljóst, formælendum þessa máls, að á þessum degi er verst aðstaðan fyrir hann að njóta kosningarrjettar síns. Mjer er það fullkomlega ljóst, að það er óttinn við vald alþýðunnar, sem hjer rekur á eftir, en sæmra væri þeim hv. þm., sem standa að færslu kjördagsins, til þess að stórspilla aðstöðu verkalýðsins í kaupstöðum og sjávarþorpum til þess að taka þátt í alþingiskosningum, að freista að ná atkv. alþýðunnar sjer til handa á heiðarlegan hátt, með því að vinna fylgi hennar; en þessi leið er bæði ómakleg og lítilmannleg. Þetta er með öllu ómaklegt, og ef maður athugar umr. um kosningalögin frá 1915, þá virðist alt öðrum augum litið á þetta mál en nú; en þá voru líka engin verkalýðssamtök komin. Annars verð jeg að segja það, að jeg bjóst ekki við, að slíkar raddir sem þessar kæmu frá þeim mönnum, sem telja sig frjálslynda í öðru orðinu og boðbera betri og nýrri tíma. En jeg gat að sjálfsögðu búist við slíku frá þeim, sem eru lengst til hægri og eru manna þröngsýnastir á alt, sem betur má fara. En þeir menn eru til hjer á þingi í báðum stóru flokkunum. Jeg býst nú við, að mál þetta fari til hv. Ed., en hver afdrif þess verða þar, skal jeg engu spá um. En fari svo, að kjördæmakosningarnar verði hjer eftir 1. laugardag í júlímánuði, þá vil jeg vekja athygli á því, að þar sem landskjörið á að fara fram um líkt leyti, þá getur vel farið svo, að þessar kosningar hvorartveggja beri upp á sama dag. t. d. ef þingrof fer fram, en slíkt er alveg á móti anda kosningalaganna. Ef þingrof fer fram í lok apríl 1930, kjördæmakosning 2 mánuðum síðar yrði þá á sama tíma og landskjörið. Á þann hátt yrðu útilokaðir ýmsir menn frá því að vera á landskjörslista, sem ella mundu verða á hann settir. Jeg verð nú að segja það, að mjer hefir altaf skilist svo, að þeir hv. þm., sem deild þessa skipa, vilji ekki fremja vísvitandi ranglæti, en þó gera þeir það nú, svo framarlega sem frv. þetta verður samþykt, og jeg er þeim mun meira hissa á þeim að fremja slíkt ranglæti, þegar þess er gætt, að það er mjög auðvelt að gera þeim mönnum, sem í sveitunum búa, hægara um en nú er að neyta kosningarrjettar síns, án þess þó, að rjettur þeirra, sem í kaupstöðum og kauptúnum búa, sje skertur. Að þeir skuli ekki vilja sinna slíku, virðist benda í þá átt, að þeir í insta eðli sínu vilji ekki gera það, sem teljast verður rjettlátast fyrir alla landsmenn í heild sinni.

Það má nú vel vera, að jeg þyki nokkuð heitur í þessu máli, en jeg get ekki annað, þar sem mjer finst, að hjer sje verið að fremja eitt hið mesta ranglæti, sem hægt er að hugsa sjer í þessu máli gagnvart verkalýðnum í landinu.

Þar sem jeg hefi nú orðið þess var, að nokkrir þm. hafa enn kvatt sjer hljóðs í þessu máli, þá get jeg slegið botninn í þessa ræðu mína, þar sem jeg líka á óskertan rjett minn til þess að flytja aðra í viðbót, ef þörf krefur. Nú fer að byrja samkoma verkalýðsins hjer fyrir utan húsið; hann mun þakka þessa gjöf þingsins að verðugleikum, sem einmitt nú er verið að storka honum með.

**Magnús Jónsson:*** Það, sem hjer hefir verið borið fram gegn frv. þessu af þeim tveim hv. þm., sem síðast töluðu, að svo margir af verkamönnum og sjómönnum bæjanna væru komnir burtu frá heimilum sínum, þegar kjósa á samkv. frv. þessu, er ekki aðalatriði fyrir mjer, heldur hitt, hve erfitt er að koma mönnum upp í áhuga á þessum málum, einmitt þegar þeir eru hvað mest önnum kafnir. Þá er verið að ljúka mörgum skólum, nemendur o. fl. því að búa sig út í sumarvinnuna. Hlýtur því að stafa af þessu mjög ljeleg kjörfundasókn.

Hvað það snertir að hafa tvo kjördaga á landinu, þá skal jeg taka það fram fyrir mitt leyti, að jeg er slíkri breytingu á kosningalögunum heldur mótfallinn. Og að síðustu vil jeg taka það fram, að þar sem það er ótvírætt, að þungamiðja hins pólitíska valds liggur nú í sveitunum og að gengið er í því efni stórkostlega á rjett kaupstaðanna, og þá sjerstaklega Reykjavíkur, þá vænti jeg þess, að fulltrúar þeirra beiti ekki valdi sínu hjer til þess að vinna kaupstöðunum tjón að þarflausu eða þarflitlu. En það gera þeir, ef þeir samþ. frv. þetta.

**Jóhann Jósefsson:** Þegar athuguð er atkvgr. um frv. þetta við 2. umr., þá er sýnt, að það hefir þann styrk í þinginu, að það hefði með öllu verið hættulaust fyrir hæstv. forseta að láta að orðum hv. þm. Ísaf. um að taka það út af dagskrá rjett í bili, svo að hægt væri að koma að brtt. við það nú við 3. umr. Það hefði því ekki aðeins verið hættulaust, heldur líka sanngjarnt. Jeg veit, að það er sanngirniskrafa fyrir margar sveitir að fá annan kjördag en fyrsta vetrardag, og þá sjerstaklega fyrir þær sveitir, sem liggja á norðurhjara landsins. Jeg trúi nefnilega vel þeim mönnum, sem lýst hafa hættu þeirri, sem af því getur stafað fyrir þær að hafa þann kjördag, sem nú er. Jeg viðurkenni því fyllilega, að sveitirnar eiga sanngirniskröfu í þessum efnum; en hins ber jafnframt að gæta, að kaupstaðirnir eiga líka sanngirniskröfu á því, að kjördagurinn sje ekki færður frá þeim tíma, sem hann er nú, vegna þess, að á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í frv. að færa kjördaginn á, er alt á tjá og tundri hjá kaupstaðabúum. Fjöldi íbúanna er annaðhvort farinn eða að fara burtu í atvinnuleit. Má því með sanni segja, að hjer sje um sanngirnismál að ræða frá báðum hliðum. Jeg vildi því, að þessum málum yrði þannig skipað, að rjettur hvorugs væri fyrir borð borinn, en það virðist mjer mega eftir till. þeirri, sem hv. þm. Ísaf. sló fram, að hafa kjördagana tvo, annan fyrir sveitirnar, en hinn fyrir kaupstaðina. Mjer þykir því leitt, að sú till. skyldi ekki einu sinni fá að vera rædd. Eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, er hið mest áberandi vald í þinginu frá sveitunum. Það sama vald stytti sveitfestistímann, óefað sveitunum í hag, en til óhags fyrir kaupstaðina. Jeg get nú búist við, að verði haldið lengra áfram á þessari braut, að láta hagsmuni kaupstaðanna altaf lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum sveitanna, þá geti það orðið til þess að auka andúð á milli þeirra, og má þá vel vera, að svo færi t. d., að kaupstaðabúar og

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

fulltrúar þeirra hverfi að því ráði að hætta við skiftingu landsins í framfærsluhjeruð og gangi til fylgis við þá stefnu að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði.

Þar sem nú komið er langt fram yfir venjulegt fundarhlje, þá þykist jeg skilja, að hjer eigi að svelta mann þangað til yfir lýkur með þetta mál. Að engum verði hleypt út, fyr en páfinn er kosinn, eins og gert er í Rómaborg, þegar velja skal páfa. Þá sje jeg ekki, að fært sje að halda lengri ræðu nú. En að síðustu vil jeg votta hv. 4. þm. Reykv. samhrygð mína. Hann var að barma sjer yfir því, að hinir frjálslyndu menn í þinginu væru á annari skoðun en hann í þessu máli. Það hlýtur að vera sárt fyrir þennan hv. þm. að horfa á framsóknarliðið greiða atkv. með færslu kjördagsins. Hitt er vitanlegt, að mótmæli hv. þm. og annara hans nóta eru í þessu máli aðeins til málamynda, en ekki af sannfæringu. Þeir ráða yfir stjórninni, sósíalistarnir, og geta hindrað málið, ef þeir vilja.

Honum er til einskis gagns að vera að kenna íhaldsmönnum um það, sem honum þykir aflaga fara. Hjer ráða þeir fóstbræður, framsóknarmenn og sósíalistar, og þeim á hann að kenna um það, sem aflaga fer, en ekki minni hlutanum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JS, LH, MG, ÓTh, SE, SvÓ, TrÞ, BÁ, GunnS, HStef, HJ, ÞorlJ.

nei: HV, JJós, JÓl, MJ, PO, SÁÓ, HG, Átta þm. (HK, JAJ, JörB, MT, BSv, ÁÁ, BSt, EJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 470).

Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

**Jón Baldvinsson:** Þetta frv. er ekkert nýr gestur á Alþingi; það hefir síðustu árin verið hjer fyrir öðru hverju, en það hefir ekki verið hægt að ná samkomulagi í þinginu um það, hver skyldi vera hinn eini kjördagur fyrir landið alt. En nú hefir frv. þó komist það langt, — jeg man ekki fyrir víst, hvort það hefir komist svo langt áður —, að það hefir verið samþykt í hv. Nd. og liggur nú hjer fyrir, svo að líklegt er, að nú eigi til skarar að skríða.

Mjer hefði fundist það vera rjettara af þeim mönnum, sem bera það fyrir brjósti, að bændur í sveitum norðanlands þurfi ekki, vegna illviðra á lögmæltum kosningadegi, að sitja heima, að reyna að hliðra þannig til, að hentugri kjördagur yrði valinn fyrir þá, en að þau hjeruð landsins, sem sá kjördagur væri óhentugur, fengju að halda þeim, sem nú er.

Jeg verð að segja það, að sá hluti kjósendanna, sem langverst verður úti á slíkum kjördegi, sem hjer er ætlast til að verði fyrsti laugardagur í júlí, eru verkamenn og sjómenn, þeir mennirnir, sem dreifast út um land í atvinnuleit og ekki eiga hægt

með að ná til embættismanna til þess að greiða atkvæði, og ekki eiga tök á, á þeim stutta fresti frá framboði til kosninga, að koma atkv. sínu heim.

Þegar það er athugað, hversu fá atkv. eru greidd hjer á landi utan kjörstaða, síðan heimaatkvgr. hætti, þá sjest það, að mikill hluti af því fólki, sem er fjarverandi frá heimilum sínum, notar sjer ekki þau rjettindi, sem heimiluð eru með kosningum utan kjördæmis. Og þetta er skiljanlegt, því að það er hreint ekkert aðgengilegt að greiða atkv. utan kjörstaðar. Menn, sem eru komnir út í sveit til atvinnu þar, verða að fara til hreppstjórans, eina eða fleiri bæjarleiðir, til þess að láta afgr. atkv. sitt þar, og þeir verða að vera svo heppnir að hitta hreppstjórann heima og svo heppnir að hitta hreppstjóra, sem er svo lipur, að hann vill afgreiða þá. Jeg hefi sem sje sannanir fyrir því, að ýmsir hreppstjórar hafa beinlínis brotið þá embættisskyldu, sem á þeim hvílir, og hafa neitað að láta greiða atkv. hjá sjer og heimtað yfirlýsingu um það, að mennirnir væru á kjörskrá heima í sínu hjeraði. En þetta er rangt, því að þeir eiga ekki að dæma um það, hvort maðurinn hafi kosningarrjett eða ekki; þeir eiga aðeins að láta kosningu fara fram, svo sem fyrir er mælt í lögunum, og senda plöggin til þess staðar, þar sem kjósandinn segist eiga heima, og svo á kjörstjórn á þeim stað að dæma um það, hvort hann kemur til greina sem kjósandi. Jeg veit ennfremur dæmi þess, að hreppstjórar hafa hreint og beint vísað mönnum á bug, ekki þótst mega vera að snúast í slíku, og þegar þetta eru menn, sem eru í kaupavinnu í sveitum og þurfa að fara eina eða fleiri bæjarleiðir til að skila sínu atkv., þá er það ekki nema eðlilegt, að þeir trjenist upp á því, þegar þeir eiga á hættu að vera reknir til baka aftur, eða að hitta hreppstjórann kannske ekki heima. Slík atkvgr. er auðveldari í kaupstöðum eða þar, sem lögreglustjóri er eða sýslumaður, því að þeir munu ávalt taka við atkv. og hafa líka ákveðinn skrifstofutíma. En þó er hjer sá hængur á, að það fólk, sem er í atvinnu alla daga, á ekki víst að komast á venjulegum skrifstofutíma, og þá á það undir góðvild embættismannsins, hvort það fær að komast að til að greiða atkv., nema feld sje niður vinna.

Hinn fyrsta vetrardag er velflest verkafólk komið til sinna heimila, sjómenn eru þá á milli vertíða, svo að flestir eru heima hjá sjer, en þeir, sem eru á skipum, eiga kannske hægt með að greiða atkv., því að skipin koma venjulega í höfn á þessum tíma, og þá getur öll skipshöfnin komist að til að kjósa; auk þess má líka kjósa um borð í skipunum.

Þessi breyting á kjördeginum er til óhagræðis fyrir mikinn hluta af íbúum landsins; maður getur sagt, að alt landið frá Seyðisfirði, alt Suðurland og norður fyrir Ísafjarðardjúp hafi stórmikil óþægindi af breytingunni, en það er miklu meira en helmingur landsmanna, sem á þessu svæði býr. Þess vegna álít jeg rangt af flm. þessa máls að vilja neyða þessum kjördegi upp á Sunnlendinga, fyrir hina tiltölulega fáu kjósendur á Norðurlandi. Það er dálítið óhagræði að hafa kjördagana tvo, en þó sje jeg ekki annað ráð til

samkomulags. En það má ómögulega gera þessa breyt., því það er sama sem að meina Sunnlendingum að greiða atkv.

Þá kem jeg að því atriði, sem jeg þykist vita, að menn muni keppast við að lýsa yfir hjer á þingi, kannske menn úr báðum þeim flokkum, sem að þessu frv. standa, að það sje verið að gera þetta vegna sveitanna. Að gera þetta eða hitt fyrir bændurna, er nú mikið notað — og misnotað. Og í þessu máli hljóðar herópið svo, að þetta sje gert til þess að tryggja bændum á Norðurlandi að geta kosið.

Einhverjir þm. hafa sagt fyrir hönd bænda, að þeir vilji ekki hafa kjördaginn í september. En það hefir hann lengst af verið, fram til 1908. Þá var hann fluttur til 1. vetrardags, og hefir verið það í 20 ár. Sá maður, sem fyrstur benti á þennan dag sem hinn heppilegasta, var Sigurður Sigurðsson ráðunautur. Fáir munu hafa verið honum gagnkunnugri um alt land. Hann þekti nákvæmlega staðhætti í öllum landshlutum; hann var gagnkunnugur hugsunarhætti og þörfum sveitabændanna sjerstaklega. Og það var hann, sem benti á þennan dag sem hinn hentugasta fyrir alt landið. Það er fleira en að greiða atkv., sem máli skiftir í þessu sambandi. Það er nauðsynlegt, að kjósendur fái að fylgjast með í kosningaundirbúningi. Mönnum verður að gefast kostur á að sækja kjósendafundi, því að þeir eru nauðsynlegur undanfari kosninga og skapa að verulegu leyti þá stefnu, sem kosningarnar marka. Menn kjósa eðlilega eftir þeim pólitísku upplýsingum, sem þeir fá á undan kosningum, og eftir því, hvernig þeim finst málefni standa til. Jeg hefði gjarnan viljað til samkomulags stinga upp á að hafa kjördagana tvo, sumarkjördag á Norðurlandi og vetrarkjördag á Suðurlandi og fyrir kaupstaðina um alt land. Jeg vildi því mega vænta þess að þeir hv. þm., sem telja sig hafa almenna þekking á staðháttum allra landshluta, muni geta fallist á þessa till. mína. Það mælir óneitanlega fylsta rjettlæti með því að hafa kjördagana tvo, ef á annað borð á að breyta til. Og að því athuguðu er fyrsti vetrardagur tvímælalaust besti dagurinn fyrir kaupstaðina og fyrir sveitirnar sunnanlands.

Við skulum nú athuga nánar, hvernig ástatt er í Reykjavík um það leyti, sem kjósa á samkv. þessari breyt., sem hjer er til umr. Í síðasta lagi yrði það 7. júlí. Um það leyti er allur fjöldi fólks farinn norður á Siglufjörð og víðar á síldveiðar; það er farið út um alt á gufuskipum, mótorskipum o. fl., og margt fer til Austfjarða, því þar er venjulega meira um að vera til sjávarins en hjer sunnanlands um þann tíma. Auk þess dreifist fólkið upp um allar sveitir og yfirleitt fer allur þorri verkfærra manna burt úr bænum til þess að stunda sumaratvinnu sína. Og rjett í þann mund, sem þessi flutningur er kominn í kring, þá eiga alþingiskosningarnar að fara fram. Það má því nærri geta, að undir slíkum kringumstæðum er ekki auðvelt fyrir fólk að koma atkv. sínu á kjörstað. Það er t. d. ómögulegt fyrir þann, sem rær norður á

Strönd um, að koma atkvæði sínu til Reykjavíkur innan fjögurra vikna; menn þurfa líka að vita, hverjir eru í kjöri, og það getur vel farið svo, að þeir fái ekki að vita það fyr en búið er að kjósa. Og oft eru allmargir hjeðan norður á Reykjarfirði og Steingrímsfirði í Strandasýslu og Skálum á Langanesi, svo að það segir sig sjálft, að þeir menn eiga ekki hægt um vik með að koma atkv. sínu til skila á kjörstað. (**Rödd af þingbekkjum**: Það er sími á öllum þessum stöðvum). „Það er sími á öllum þessum stöðvum", segir einn hv. þm. En það er ekki sími alstaðar þar, sem menn eru í atvinnu. Og ekki er hægt að senda atkv. í alm. kosningum með síma. Það getur því engum blandast hugur um, að þetta er einhver óhentugasti kjördagurinn, sem hugsast getur, nema ef það væri síðar á sumrinu, sem auðvitað væri verra. Og mjer er ekki grunlaust um, að þetta sje af yfirlögðu ráði gert, sem sje til þess að gera kaupstaðafólki erfiðara að taka þátt í kosningum. Jeg veit með vissu, að þessi hugsun hefir vakað fyrir mörgum, sem hafa beitt sjer fyrir málinu. Og það mun ekki að ástæðulausu mælt, þótt jeg fullyrði, að fyrv. stj. hafi haft þetta í huga, þegar hún ljet kjósa um þetta leyti árs, eftir þingrofið, og hafði hún þó óbundnar hendur um kosningadag. Tilgangurinn með þessu var enginn annar en sá, að meina kaupstaðafólki að greiða atkv. og taka þátt í kosningunum yfirleitt. Og því verður ekki neitað, að þetta tókst að allmiklu leyti, því að atkvæðatölurnar voru lægri en venjulega. Hinsvegar kemur það minna að sök, þó landskjörsdagurinn sje 1. júlí; þar kemur nokkuð annað til greina. Þar er það einkum eldra fólkið, sem kýs, en það fer síður heiman að á sumrin; en við almennar kosningar er það fremur yngra fólkið, sem einnig á að kjósa.

Jeg vil svo að lokum endurtaka þau tilmæli mín, að horfið sje að því að hafa kjördagana tvo, til þess að öllum stjettum gefist kostur á að neyta kosningarrjettarins. Annar kjördagurinn yrði þá t. d. fyrsti laugardagur í júlí, og væri hann fyrir sveitirnir norðanlands, en hinn kjördagurinn væri fyrsti vetrardagur, og kysu þá kaupstaðirnir og sveitirnar sunnanlands. En hversu upptalning atkv. væri háttað, það er einungis fyrirkomulagsatriði. Það er hugsanlegt, að menn vildu geyma að láta lesa upp atkv., til þess að það hefði ekki áhrif á kosningarnar fyrsta vetrardag. Fyrir og um aldamót var ekki kosið samdægurs hjer um alt land. Mig minnir, að það færi eftir ákvæðum sýslunefndar. Það leið oft töluverður tími á milli kosninga. Framboðsfrestur var þá enginn; menn lýstu því yfir á kjörfundi, að þeir yrðu í kjöri. Menn gátu þá verið í kjöri í tveim kjördæmum í senn, og eru dæmi til þess. Nú er slíkt útilokað, eins og kunnugt er, eftir núgildandi kosningalögum. Og ef fyrri kosningarnar væru ekki lesnar upp fyr en um leið og hinar síðari, þá þarf ekki að óttast áhrif frá þeim fyrri á hinar seinni. Jeg vildi biðja menn að athuga þessa uppástungu mína, hvort ekki mætti komast að einhverju samkomulagi um kjördag

eða kjördaga, sem allir mættu við una, og að meiri hl. þjóðarinnar væri ekki gert rangt til með kjördagsfærslunni.

**Jón Jónsson:** Mjer fanst hv. 4. landsk. hefði getað sparað sjer ræðu sína við þessa umr. Að öllum líkindum fer málið í n. og sætir þeirri athugun, sem öll stærri mál eiga að fá. Engum blandast hugur um, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, og jafnvel hv. 4. landsk. ber ekki á móti því. Einungis fór hann fram á breyt., sem snerti kaupstaðina sjerstaklega. Mjer virðist, að þá færi betur á því fyrir hv. 4. landsk. og flokksbræður hans, að þeir kæmu með þar að lútandi brtt. við frv., í stað þess að berja höfði við steininn og þverskallast við framgangi þarflegs máls. Því verður alls ekki á móti mælt, að núv. kjördagur er svo óhentugur sem frekast getur verið, sjerstaklega ef illa viðrar, sem oft á sjer stað um þann tíma. Sjerstaklega verða sveitirnar norðanlands mjög illa úti, og sama er að segja um Skaftafellssýslurnar. Þar getur oft verið svo ástatt um það leyti, sem kjördagurinn er, að öll hin miklu vatnsföll sjeu full af krapi og elg og með öllu ófær yfirferðar, að ógleymdum hinum gífurlegu fjarlægðum, sem þar er um að ræða. Má því af líkum ráða, hvílíkir örðugleikar eru á því að sækja á kjörstað, enda er mörgum það beinlínis fyrirmunað af þessum orsökum. Enda er einn aðalflm. frv. hv. þm. A.-Sk. Víðasthvar af landinu er sömu sögu að segja. Er þess skemst að minnast, að haustið 1926 fóru fram landskosningar, eins og kunnugt er. Var þá slíkt veður um alt Norðurland á kjördaginn, að í mörgum sveitum komst enginn maður á kjörstað sökum veðurs. Dagana áður hafði kyngt niður ódæmum af fönn og kjördaginn var stórhríð allan daginn, nema hvað rofaði lítið eitt til um hádegið, og örfáar hræður, sem þó síst áttu heimangengt undir þvílíkum kringumstæðum, gátu með erfiðismunum náð kjörstað til þess að kjósa. Jeg veit ekki, til hvers er verið að hafa almennan kosningarrjett upp á það, að kjördagur sje svo valinn, að heilum stjettum þjóðfjelagsins sje gert ókleift að neyta kosningarrjettarins.

Þá talaði hv. 4. landsk. um þá erfiðleika, sem sumarkjördagur bakaði kaupstaðafólki, sjerstaklega Reykvíkingum, þeim, sem leituðu út úr bænum til sumaratvinnu. Það kann að vera nokkuð til í þessu, og viljum við síst verða til þess að auka á óhagræði kaupstaðabúa í þessum efnum, en hitt þykir mjer ekki ósennilegt, að hv. 4. landsk. geri helst til mikið úr þeim erfiðleikum, sem kjördagsfærslan myndi baka kaupstaðafólki. Meðal annars talaði hann um það, ef hreppstjóri væri óliðlegur, þá gæti það orðið til þess að meina manni að kjósa. En jeg vil benda þm. á, að í slíkum tilfellum stendur kjósanda opinn vegur til þess að kæra tafarlaust og fá það leiðrjett. Jeg skal geta þess, að slíkt átti sjer stað á Norðurlandi eigi fyrir löngu, en hlutaðeigandi kærði tafarlaust, og eftir 2 klst. var annar hreppstjóri kominn á laggirnar, til þess að taka við atkvæðunum. Þessi mótbára hv. þm. er því algerlega þýðingarlaus. Í þessu sambandi sagði hv.

þm. það líka, að kjósendum væri erfitt að koma atkv. sínu á kjörstað, og jafnvel hefðu ekki tök á að fá vitneskju um það, hverjir væru í kjöri. Þetta er gripið úr lausu lofti. Það eru 4 vikur frá því, er framboðsfresti lýkur og þar til kosningar fara fram. Menn munu því oftast hafa fengið að vita um framboðin áður en þeir fara að heiman, auk þess liggur sími um alt land, svo að mönnum er vorkunnarlaust að fá að vita, hverjir eru í kjöri. Ennfremur er mönnum opinn vegur að greiða atkv. áður en þeir fara að heiman. Að þessu athuguðu held jeg, að hv. þm. geri úlfalda úr mýflugunni, þegar hann talar um þessa erfiðleika og ranglæti, sem kjördagsfærslan hefði í för með sjer. Jeg skal að vísu játa, að vel gæti komið til mála að hafa kjördagana tvo, en mjer finst, að hv. þm. hefði átt að koma með þá till. fyr, eða láta flokksbræður sína í Nd. gera það, þegar frv. var þar til umr. Hjeðan af fer málinu að verða hætt, þar sem mjög er orðið áliðið þings, og óðum líður að þinglokum. Mál þetta þolir enga bið, úr því sem komið er. Hv. þm. talaði um illar hvatir, sem hann taldi liggja frv. þessu til grundvallar. Mjer er ekki ljóst, hvað hv. þm. á við með því. Að vísu talaði hann ekki um Framsóknarflokkinn í þeim tón, og er það góðra gjalda vert, en Íhaldsflokknum ber hann á brýn, að hann hefði ákveðið kjördag síðustu kosninga með hið sama fyrir augum og nú lægi að baki þessa frv. Jeg skal nú leiða hjá mjer að forsvara Íhaldsflokkinn, en hafi Íhaldsfl. haft það í huga þá, þá hefir hann algerlega misreiknað sig, því eins og allir vita, bar hann engan sigur úr býtum við þær kosningar. Og mjer þykir fremur ólíklegt, að þetta hafi vakað fyrir foringjum Íhaldsflokksins. En hvað sem því líður, þá er frv. þetta fram komið nú vegna knýjandi nauðsynjar og til þess að afstýra því hinu hróplega ranglæti, sem meiri hl. þjóðarinnar er beittur með því að hafa svo óhentugan kjördag. Jeg vil því vænta þess, að menn verði ekki til þess að bregða fæti fyrir þetta þarflega mál, og vil skora á n. að athuga það vel og rækilega, svo að það nái afgreiðslu á þessu þingi. Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar við þessa umr., enda mun mönnum gefast tækifæri til þess, þegar málið kemur frá nefnd.

**Jón Þorláksson:** Hv. 4. landsk. var enn að burðast við að endurtaka hin marghröktu ósannindi sín um óheiðarlegan tilgang stj. með því að ákveða kjördaginn eftir þingrofið 1927 í byrjun júlí. En hv. þm. veit ósköp vel um þá ástæðu, sem þáv. stj. hafði til þess að breyta þannig. Sú ástæða var, að stj. áleit ekki heimilt samkv. stjskr. að draga að láta kosningar fara fram til hausts. Hinsvegar áleit jeg ekki gerlegt að láta kjósa meðan sláttur stóð yfir, og því var þessi tími valinn, og bar jeg ábyrgð á því. Jeg hefi líka oft haft tækifæri til þess að sýna það, að jeg álít einmitt þennan tíma heppilegastan, og það er hann tvímælalaust. Jeg vil því enn einusinni vísa þessum margniðurkveðnu dylgjum til föðurhúsanna.

Það eru einungis tvö önnur atriði í ræðu hv. 4. landsk., sem jeg sje

ástæðu til að svara sjerstaklega. Annað var það, að hv. þm. sagði, að Sigurður heitinn Sigurðsson ráðunautur hafi fyrstur stungið upp á núv. kjördegi sem heppilegustum fyrir alt landið. Þetta mun vera rjett, en síðan það gerðist hefir margt breytst hjer á landi. Sú breyt., sem mestu máli skiftir í þessu sambandi, er, að konur hafa fengið kosningarrjett. Áður voru það því eingöngu karlmenn, sem sóttu á kjörstað, og þá var það fyrir sig, þó kosið væri fyrsta vetrardag, en síðan konur fengu líka kosningarrjett, er þessi dagur með öllu óhæfur kjördagur, einnig á Suðurlandi. Auk þess sem veðráttan er mjög tvísýn um þetta leyti, þá er dagurinn orðinn svo stuttur, að fólki til sveita vinst ekki tími til að sækja kjörstað, ef um nokkra vegalengd er að ræða. Kemur slíkt sjer einatt mjög illa, eins og af líkum má ráða, því óvíðast stendur svo á til sveita um þann tíma, að alt heimilisfólkið eigi heimangengt í senn, og sjerstaklega er slíkt bagalegt fyrir eldra fólk. Jeg álít, að ganga verði eitt og sama yfir Norður- og Suðurland hvað kjördag snertir. Hvað viðvíkur óþægindum þeim, sem hv. 4. landsk. talaði um, að kjördagsfærslan bakaði kaupstaðafólki, sem leitaði atvinnu út úr bænum yfir sumartímann, þá skal jeg geta þess, að framboðsfrestur er útrunninn í byrjun júní, og þeir, sem hafa í hyggju að fara úr bænum, geta þá greitt atkv. áður en þeir fara. Jeg get ekkert sjeð því til fyrirstöðu, enda hefjast ekki alment ferðir til atvinnuleitar út úr bænum fyr en rjett um eða fyrir kjördaginn, og örsjaldan fyr en framboðsfrestur er útrunninn, með þeim kjördegi, sem hjer er stungið upp á. En lögin sjá einnig fyrir þeim, sem ekki geta kosið heima áður en þeir fara. Þeir geta komið atkv. sínu á framfæri á þeim stað, þar sem þeir dvelja. Get jeg því ekki talið nægа ástæðu til þess að hafa kjördagana tvo, annan fyrir sveitirnar og hinn fyrir kaupstaðina. Hinsvegar mælir öll sanngirni og heilbrigð skynsemi með því að flytja kjördaginn til hásumarsins.

**Jón Baldvinsson:** Mjer fanst það of langt gengið hjá hv. 6. landsk., þegar hann sagði, að jeg hefði viðurkent rjettmæti þessa máls, því að það gerði jeg alls ekki, heldur sagði jeg, að málið væri mjög ranglátt eins og það lægi fyrir nú í frv. En jeg viðurkendi, að það væri rjettlátt, að t. d. Norðurland fengi annan kjördag en Suðurland. Jeg skoða það því eins og hvert annað ofbeldi þingmeirihlutans, ef hann lætur mál þetta ganga fram óbreytt, þar sem það sviftir fjölda fólks atkvæðisrjetti.

Þá var hv. 6. landsk. að tala um, að það hefði verið rjettara af flokksbræðrum mínum í Nd. að koma fram með brtt. við frv. þetta en vera að stympast á móti því. Jeg býst nú ekki við, að hv. þm. hafi sagt þetta af því að hann hafi ekki vitað, að forseti sá, sem var í forsetasæti þegar mál þetta var síðast á dagskrá í Nd., neitaði að taka málið út af dagskrá, þegar flokksbræður mínir ætluðu einmitt að koma brtt. að við það. Var því ekki um annað fyrir þá að gera en veita því mótspyrnu. (**JónJ:** Það hefði

verið hægt fyrir þá að koma með brtt. fyr). Það er altaf hægt að segja þetta og því um líkt, en þeir o. fl. vonuðu nú í lengstu lög, að jafnranglátt frv. sem þetta yrði ekki samþ., þar sem það skapar meira en helmingi þjóðarinnar miklu erfiðari aðstöðu til þess að neyta kosningarrjettar síns en þörf er á. Líka komu fram í Nd. brtt. frá einum þm. úr sveitakjördæmi, um að hafa kjördaginn í september, en því var hafnað. Var því ekki um neinn samkomulagsgrundvöll að tala í Nd.; öllu slíku var annaðhvort hafnað eða hægt frá með ofbeldi.

Þá sagði hv. þm., að hann tryði því ekki, að til væri nokkur sá hreppstjóri, sem hagaði sjer eins og mjer sagðist frá, en hann var varla búinn að sleppa orðinu fyr en hann sagði sömu söguna sjálfur og staðfesti með því framburð minn. Hv. þm. sagði frá hreppstjóra þar norður frá, sem hafði neitað að taka á móti atkv., en fjekk að sjálfsögðu sín makleg málagjöld fyrir. Þar sem jeg talaði um hreppstjórana, þá hafði jeg fyrir ákveðin dæmi frá mörgum hreppstjórum, sem annaðhvort hliðruðu sjer hjá eða beinlínis neituðu að gera lögboðin störf. Tveir þessara hreppstjóra áttu heima hjer fyrir austan fjall. Auk þessa er alkunn kosningaaðferðin á Vestfjörðum hjá Hnífsdalshreppstjóranum. Þegar því hreppstjórarnir eru ekki öruggari en þetta í starfi sínu, er ekki von, að menn sjeu fúsir á að skilja eftir hjá þeim atkv. sín í reiðuleysi. Líka ber þess að gæta, að til sveita þurfa menn altaf að leggja á sig nokkur ferðalög til þess að kjósa hjá hreppstjóra, og þau geta oft verið kostnaðarsöm.

Þá sagði hv. þm., að svona sanngjarnt mál þyldi enga bið. Ja, jeg hefi nú alls ekki heyrt neitt um það, að kosningar stæðu fyrir dyrum í sumar, vegna stjórnarskrárbreytingar eða annara ástæðna, og að þeirra hluta vegna þurfi að flýta máli þessu. En það má vel vera, að hv. 6. landsk. geti lýst því yfir, að þingrof eigi að fara fram í sumar, og þar af leiðandi nýjar kosningar, en þá væri viðkunnanlegra, að einhver ráðherranna væri við, þó ekki væri nema til þess að staðfesta yfirlýsingu hv. þm. En sje nú svo, sem mjer er næst að halda, að engar kosningar sjeu fyrir dyrum, þá virðist engin þörf að hamra þetta í gegn nú. Til þess ætti að vera nægur tími á þingunum 1930 og '31. Það er því á engan hátt teflt á fremsta hlunn með frv., þó að það bíði a. m. k. næsta þings. Auðvitað ræður enginn yfir lífi og dauða, og því getur það komið fyrir, að kjósa þurfi einn og einn þm., en þeirra hluta vegna þarf ekki að gera breyt. á kosningalögunum, því að venjan hefir verið sú, að láta slíkar aukakosningar fara fram á öllum tímum, eftir því sem á hefir staðið. Hinn lögfesti kosningadagur hefir ekki verið notaður í öðrum tilfellum en þeim, að kjósa ætti við almennar kosningar eða þá að margar aukakosningar ættu að fara fram. Jeg fæ því ekki betur sjeð en málið þoli vel bið, þar sem þetta er ekki nema annað þingið frá því að almennar kosningar áttu sjer stað.

Þá kem jeg að hv. 3. landsk. Hann

er altaf, sem von er, ergilegur, þegar minst er á kosningarnar 1927. Nú var hv. þm. sjerstaklega að tala um óheilindi hjá mjer, en jeg fæ ekki sjeð, að það sjeu nein óheilindi, þó að jeg sje svo hreinskilinn að segja þessum hv. þm. það, að hann og flokkur hans hafi ákveðið kjörd. 1927 í júlímánuði beinlínis í því skyni, að atkvæðatala Alþýðuflokksins yrði þá minni en með því að láta kosningarnar bíða til hausts. Jeg trúi þessu statt og stöðugt, meðfram af því, að ekki var hægt að fá hann þá sem forsrh., eða þáv. atvmrh., til þess að gefa nokkrar upplýsingar um það á þinginu 1927, hvenær kosningarnar yrðu þá látnar fara fram, enda þótt þeir væru margspurðir um það. Hefðu þeir þá þegar talið, að skylt væri að láta kosningarnar fara fram strax eftir þingrof, var þeim innan handar að segja það strax. En þeir munu eins og fleiri hafa litið svo á, að það væri ekki skylda, og ljetu því kosningarnar bíða fram í júlí. Enda var fordæmi fyrir því, að kosningum hafði verið frestað frá vori til hausts, eftir að breyt. hafði verið samþ. á stjskr. og þar af leiðandi þingrof. (JÞ: Ekki undir núgildandi stjskr.). Það má vera, en jeg býst nú við, að orðalag hinnar eldri stjskr. hafi hvað þetta atriði snertir verið mjög svipað því, sem nú er. Því að það er svo, ef fara ætti eftir orðalagi stjskr. í þessum efnum, þá ætti forseti að ganga úr stólnum strax og breyt. hefði verið samþ. og allir að hætta þingstörfum. En þetta ákvæði hefir aldrei verið skilið svo bókstaflega, og þm. hafa því leyft sjer að afgr. fjárl. og fleira eftir að stjskrbreyt. hefir verið samþ.

Þá var hv. þm. að tala um, að till. Sigurðar heit. ráðunauts um að færa kjördaginn til fyrsta vetrardags hefðu verið góðar á þeim tíma, sem þær komu fram, því að þá hafi það eingöngu verið karlmenn, sem kjörfund þurftu að sækja. En jeg veit nú ekki betur en að konur hafi mestan þann tíma, sem þessi kjördagur hefir staðið, haft kosningarrjett, enda þótt kosningarrjettur þeirra væri ekki alt tímabilið eins almennur og nú. Og hafi fyrsti vetrardagur verið heppilegur til ferðalaga í sveitum þá, er hann það eins enn þann dag í dag. Annars ber þess að gæta, að það eru líka miklar annir í sveitum fyrst í júlímánuði. Þá er komið að slætti og sumstaðar jafnvel byrjaður sláttur. Er því stórt efamál, að fólk eigi betra með að fara að heiman þá heldur en 1. vetrardag. A. m. k. eru menn yfirleitt ekki eins hlaðnir störfum fyrsta vetrardag, þar sem þá er búið að ljúka við mestöll haustverk, og áhyggjur manna því minni en þegar fara á að byrja á aðalsumarvinnunni. Vegur því hjer hvað upp á móti öðru. Annars er það undantekning ein, ef svo vont veður er t. d. á Suðurlandi fyrsta vetrardag, að ekki sje öllum kleift að komast ferða sinna. En það getur auðveldlega komið fyrir, að á Norðurlandi sjeu hríðardagar fyrst í júlí. Það hefir komið fyrir, og getur eins komið enn. Ef menn eiga því að sigla fyrir öll sker í þessu máli, munu erfiðleikarnir á því að ákveða kjördag ekki verða svo fáir. Það má vel vera, að

það muni yfirleitt verða betra fyrir Norðurland að hafa kjördaginn í júlímán. heldur en fyrsta vetrardag, en jeg þori óhætt að fullyrða, að fyrir Suðurland sje fyrsti vetrardagur heppilegri kjördagur en nokkur dagur annar.

Jeg þykist nú vita, að hv. 3. landsk. sje það fullkunnugt, enda þótt hann segi annað nú, að fjöldi fólks fer t. d. hjeðan úr bænum um lokin, frá 11.—14. maí, bæði austur, vestur og norður í atvinnuleit, en þá er á 3. viku þangað til framboðsfrestur ætti að vera útrunninn, ef kjördagurinn væri fyrst í júlí. Það fólk, sem þá fer úr bænum, yrði þá að senda hingað atkv. sín, ef þau eiga að vera gild. Og hefi jeg áður lýst erfiðleikunum, sem á því geta verið. Hvernig sem því á þetta er litið, þá eru altaf fleiri þúsundir manna farnar hjeðan af Suðurlandi fyrst í júlí í atvinnuleit, og mikill hluti þessa fólks á mjög erfitt með að koma atkv. sínum til skila á rjettum tíma, ef það á annað borð getur kosið. Hvað snertir það fólk, sem fer nú ekki í burtu fyr en framboðsfrestur er útrunninn, og ætti því þeirra hluta vegna að geta kosið heima, þá er svo með margt af því, að það getur ekki kosið sökum þess, að það fer burtu með svo stuttum fyrirvara. Það er nefnil. algengt, að sagt er við menn: Ja, þú getur fengið atvinnu, ef þú ferð með skipinu, sem fer eftir fáa klukkutíma. Er þá annað að gera með tímann heldur en að fara upp á skrifstofu til þess að kjósa. Mönnum verður það þá frekar fyrir að ráðstafa heimilum sínum og útbúa sig til farinnar heldur en að neyta kosningarrjettar síns.

Í upphafi ræðu sinnar virtist mjer hv. 6. landsk. tala frekar vinsamlega um breyt., sem komið gætu til mála við frv., en þegar á leið ræðuna, virtist mjer gæta minni sanngirni hjá honum; þá vildi hann hespa málið af tafarlaust. En jeg verð nú að segja, að mjer fyndist það ekkert illa til fallið, að allshn. fengi að athuga það, þó ekki væri nema fram yfir helgina. Vil jeg því leggja það til, að því verði nú vísað til hennar, í von um, að finna megi einhverja betri úrlausn á því en þessa.

**Erlingur Friðjónsson:** Jeg lít svo á, að full ástæða sje til að fara hægt í sakirnar með þær breyt., sem felast í frv. á þskj. 470, því að eins og hv. 4. landsk. benti á, eru litlar líkur til, að almennar kosningar til Alþingis fari fram fyr en eftir tvö ár. Jeg vona líka, að mínir góðu vinir samvinnumennirnir fái að sitja að völdum nokkurn tíma ennþá.

Hvað snertir frv. það, sem hjer er til umr., þá virðist mjer undirbúningur þess ekki vera svo góður, að það gæti ekki batnað við frekari athugun. Því til sönnunar má t. d. benda á, að þeir, sem staðið hafa að því, hafa einu sinni ekki verið á einu máli um það, hvaða kjördagur væri bestur fyrir sveitirnar. Þannig kom t. d. fram í hv. Nd. brtt. frá einum hv. þm., sem hefir aðalfylgi sitt í sveitum, að hafa kjördaginn að haustinu, nálægt göngum. Þá ber og þess að gæta, ef hugsa á um það, að kvenfólkið geti sem best

notið kosningarrjettar síns, að laugardagur er mjög óheppilegur dagur fyrir það. A. m. k. erum við á Akureyri komnir svo langt, að við sneiðum hjá þeim dögum til bæjarstjórnarkosninga, því að þeir eru mestu annadagar kvenfólksins.

Annars þykir mjer einkennilegt, að þeir, sem eru að hugsa um sem bestan árangur af kosningum í sveitum, skuli fara jafnlangt frá þeim dögum, sem um langt skeið hafa gilt sem flutningsdagar og fardagar fyrir sveitafólkið. Hygg jeg þo, að þeir dagar sjeu valdir af reynslu og þekkingu á því, að það sje hentugasti tíminn til vinnu utan heimilisins. Vinnuhjúaskildaginn er eins og kunnugt er 14. maí, en fardagarnir snemma í júní.

Í frv. þessu er farið fram á, að kjördagurinn sje fyrst í júlí, og er það hentugur tími fyrir þá, sem eingöngu hugsa um sveitirnar, þó jeg telji, að fyrri hluti júní myndi hentugri til kosninganna. En mjer þykir dálítið einkennilegt, að þeir hinir sömu menn, sem þykjast vera að leiðrjetta ranglæti með færslu kjördagsins, skuli ekki geta sjeð það, að sá tími, sem frv. ætlast til að verði ákveðinn, er mjög óheppilegur til kosninga fyrir stóran hluta þjóðarinnar.

Sá kjördagur, sem nú er, er sá hentugasti, sem enn hefir verið fundinn fyrir verkafólk og sjómenn. Jeg tel það því talsvert harðdræga ásælni í garð þeirra manna að færa kjördaginn, án þess að íhugaðir sjeu nánar þeir möguleikar að hafa kjördagana tvo, annan fyrir sveitirnar, en hinn fyrir sjávarþorpin og kaupstaðina. Jeg hefi fyrir löngu komist að raun um, að það myndi verða besta lausnin á þessu máli. Þeir einu af kaupstaðabúum, sem hjer verður að taka tillit til, eru verkafólkið og sjómennirnir, því að verslunarmenn, embættismenn og aðrir slíkir höfðingjar eru altaf heima, nema ef þeir skreppa sjer til skemtunar út yfir pollinn eða annað. Hjer er því um að ræða hagsmuni tveggja stjetta, sveitabændanna annarsvegar og verkalýðsins og sjómannanna hinsvegar. Jeg get nú endurtekið það, að jeg viðurkenni rjett bændanna til þess að fá sinn kjördag út af fyrir sig, og það á hentugum tíma fyrir þá. En eftir því sem hann er í frv., virðist mjer hann ekki heppilega settur fyrir þá. Jeg tel hann of seint að vorinu, og auk þess er hann laugardagur, sem jeg tel mjög óheppilegan kjördag fyrir kvenfólkið.

Það hefir verið minst á kosningarnar 1927 í sambandi við þetta mál. og er ekki óeðlilegt að bera þær kosningar saman við þann anda, sem kemur fram í þessu frv. Tilgangurinn mun hafa verið sá að koma í veg fyrir með þeim kosningum, að kjósendur Alþýðuflokksins í landinu gætu neytt sín við kosningarnar. Þar sem alkunnugt er, að það er fremur lítil vinátta á milli verkalýðsins og íhaldsins í kaupstöðunum, er þetta vel skiljanlegt. Það er vitanlega mannlegur breyskleiki, að vilja tryggja sjer og sínum flokki sem mesta pólitíska hagsmuni, og undrast enginn, þó að slíkar hvatir komi í ljós hjá stj. Íhaldsflokksins.

Jeg þykist sjá, að í þessu frv., sem

hjer er nú fyrir þinginu um færslu kjördags til alþingiskosninga, komi hið sama fram og vakti fyrir hv. 3. landsk., þegar hann ákvað að láta alþingiskosningarnar 1927 fara fram í júlímánuði. Það eru flokkshagsmunir, sem valda ákvörðunum hinna ráðandi stjórnmálaflokka í þessum efnum.

**Jón Þorláksson:** Hv. 4. landsk. endurtók þá ásökun sína til stj. Íhaldsflokksins, að hún hefði ákveðið, hvenær alþingiskosningarnar fóru fram 1927 til hagsmuna fyrir Íhaldsflokkinn í pólitískum efnum; og hv. þm. Ak. tók í sama streng um leið og hann afsakaði það og viðurkendi, að þetta væri nú ekki annað en mannlegur breyskleiki, að vilja vernda sína pólitísku hagsmuni, eins og hann orðaði það. En að slík vandlætingasemi skuli koma frá þessum mönnum! Það þekkja víst fáir betur en hv. 4. landsk. þá list að hlynna að flokkshagsmunum, og vita engir betur en hann, að foringjahagsmunirnir standa þeim nærri.

Jeg get sagt hv. 4. landsk. það, að jeg er mjer þess ekki meðvitandi, að jeg hafi í ráðherratíð minni látið nokkra stjórnarathöfn mína stjórnast af tilliti til flokkshagsmuna (**EF:** Ja, guð hjálpi okkur!), og ekki var ákvörðun kjördagsins 1927 af neinum slíkum toga spunnin. Ástæðan fyrir því, að það var ekki gert, að fresta kosningunum lengur, var sú, að fyrirmæli stjskr. heimiluðu það ekki. Samkv. 20. gr. stjskr. skal stofna til nýrra kosninga áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er Alþingi var rofið. Og þegar stjskrbreyt. hefir verið samþ. á Alþingi, á að „rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju", eins og stendur í 76. gr. stjskr. Þetta þýðir, að hlutaðeigandi ráðh. er skyldur til að afgr. tafarlaust frá sjer till. til konungs um þingrof og skipun nýrra kosninga, og það því fremur, sem framkvæmd hennar getur tafist dálítið vegna fjarlægðar konungs. Jeg treysti mjer ekki sem ráðh. að bera ábyrgð á því gegn þessari ákvörðun í 20. gr. stjskr., að fresta framkvæmd kosninga lengur en í 2 mánuði frá þingrofi. Og þó að þetta hefði ekki verið eins ákveðið og það er, þá var samt ekki forsvaranlegt að fresta kosningunum 5 mánuði frá síðasta degi þingsins, þar sem þingrof varð fram að fara, og láta landið vera alþingislaust í 5 mánuði.

Það hefir verið litið svo á hjer, að þegar þingrof hefir fram farið, þá sje enginn þm. og ekkert þing til í landinu. En nú er hjer samkv. stjskr. þingbundin konungsstjórn og æðsta valdið í höndum konungs og Alþingis. Og þá má sú skipun ekki vara lengi, að annar hluti æðsta valdsins — Alþingi — sje ekki til í landinu, þó að konungur sje að vísu við völd. Jeg segi þetta aðeins til viðvörunar í framtíðinni, að það má ekki eiga sjer stað, að þjóðin sje án Alþingis svo að nokkru nemi.

Þessar ástæður hefir hv. 4. landsk. heyrt mörgum sinnum, þó að það komi ekki fram í ræðum hans í dag. Þó að ekki væri fastákveðinn viss kjördagur í þinglokin 1927, þá var það yfirleitt vitanlegt, að kosningar mundu ekki

verða látnar dragast til hausts. Þess vegna er þetta ljettúðarfult og ábyrgðarlaust gaspur hjá hv. 4. landsk. Hann talar um, að vegna flokkshagsmuna íhaldsmanna hafi kosningarnar verið ákveðnar eins og gert var 1927; en svo var alls ekki.

**Jón Jónsson:** Hv. 4. landsk. sagði, að jeg hefði ekki haft það rjett eftir sjer, að hann og flokksmenn hans teldu nokkrar rjettmætar ástæður fyrir þessu frv. Þeir hafa þó að nokkru leyti viðurkent, að á Norðurlandi væru rjettmætar ástæður fyrir því að skifta um kjördag til alþingiskosninga. Enda er ekki hægt annað. Eins og jeg hefi áður bent á, þá getur farið svo, að það sje ómögulegt fyrir sveitabúa á Norðurlandi að nota kjördag á haustin. Þess vegna er ekki forsvaranlegt að ætla þeim það. Við síðustu kosningar, 1927, kom það greinilega í ljós, að bændur gátu notað kjörrjett sinn betur en áður, og hefir sennilega aldrei verið jafnmikil kosningaþátttaka í sveitunum og þá. Í mörgum kjördæmum eru bæði sveitir og kauptún, sem eiga sameiginlegt þingmannskjör. Þegar kjördagur er að haustinu, þá þurfa þeir, sem í kauptúnunum búa, aðeins að skjótast í næsta hús til að kjósa, en sveitabúar komast þá máske ekki á kjörstað vegna illveðurs og ófærðar. Sjá þá allir, hve sveitahrepparnir njóta sín illa móts við kauptúnahreppana.

Hv. 4. landsk. taldi, að jeg hefði látið mjer mjög ant um, að þetta frv. gengi sem hraðast í gegnum þingið; það er að vísu rjett. En ekki er það af þeirri ástæðu, að jeg búist við almennum kosningum á næsta ári. Þó getur alt komið fyrir. Einhverjir geta líka heltst úr lestinni. (**JBald:** Það getur alt komið fyrir). Já vitanlega. Annars er það undarlegt, hvernig hv. jafnaðarmenn líta á hlutina, t. d. á þessa breyt. á kjördeginum. Eitthvað hefir þó kvisast um, að hv. 4. landsk. og hans flokkur hafi talið það mjög mikið naucsynjamál á þinginu í fyrra að flýta fyrir skiftingu á einu kjördæmi, þó að ekki stæði þar nein kosning fyrir dyrum. — Jeg tel nauðsynlegt, að þetta frv. um breyt. á kjördeginum nái fram að ganga á þessu þingi, og verð að álíta það óheppilegt vegna vinnubragða þingsins að fresta því nú, þegar það er búið að ganga í gegnum hv. Nd. — Jeg verð að telja það mjög misráðið af hv. þm. að bera nú á síðustu stundu fram brtt. við frv., um 2 kjördaga. Það sýnist svo, sem hv. samflokksmenn hans hafi haft nógan tíma fyrir sjer til þess að flytja slíka till. í Nd.

Þá taldi hv. 4. landsk., að jeg vildi hespa frv. af sem fyrst; það hefi jeg nú ekki sagt. En jeg beindi þeirri ósk minni til n., að hún settist ekki á málið, heldur afgreiddi það með nægum fyrirvara til þess að það kæmist í gegnum deildina.

Hv. þm. Ak. taldi, að það væri mjög ranglátt gagnvart kaupstöðunum að setja þessi lög um færslu kjördagsins; það kann nú að vera að einhverju leyti óþægilegt fyrir kaupstaðina. En jeg verð að halda því fram, að eins og nú er háttað, þá sje miklu meira ranglæti framið gagnvart sveitunum,

Kjósendur í kaupstöðum geta þó kosið víðar en heima hjá sjer, eða hvar sem þeir eru staddir á kjörstað.

Þá taldi hv. þm. heppilegra að hafa kosningar fyr að vorinu. En þá yrði alt of lítill tími til fundarhalda fyrir þm., þegar þingi er ekki slitið fyr en seint í maí. Og ekki er þægilegt að hafa fundi í sveitunum fyrri en eftir miðjan júní venjulega. Jeg tel því mjög vafasamt, að það sje heppilegt að láta kosningar fara fram fyrri en fyrstu dagana í júlí. Ennfremur hafa þessir hv. þm. stungið upp á því, að kosningar færu fram nálægt 10. sept. Áður hafa kosningar einu sinni farið fram í september, og það þótti svo óhentugt, að frá því var horfið aftur. — Meðan eldri kosningalögin voru í gildi, fóru kosningar fram í sept., en þá voru færri, sem höfðu kosningarrjett og gátu sótt kjörfund; þess vegna kom það síður að sök. Jeg tel, að það geti alls ekki komið til greina nú, að kosningar fari fram í sept.

**Jón Baldvinsson:** Jeg fæ ekki sjeð, að þessi ákvæði í stjskr., sem hv. 3. landsk. vitnaði til, fyrirskipi það, sem hann vildi vera láta. Það stendur í 76. gr. stjskr., að „rjúfa skal Alþingi þá þegar". En hvenær er Alþingi rofið? Það er gert með brjefi konungs, sem ráðh. undirskrifar. Ef það hefði verið dregið að rjúfa þingið þangað til t. d. tveim mánuðum eftir þingslit, og kosningar gætu farið fram á venjulegum kjördegi. En hvernig færi, ef ætti að skilja þetta bókstaflega, hefi jeg áður lýst. Samkv. stjskr. er ákveðið, að Alþingi skuli að jafnaði koma saman 15. febrúar ár hvert; og hinsvegar er það ákveðið með lögum, að almennar kosningar skuli fram fara 1. vetrardag. Nú stendur Alþingi venjulegast fram í maímánuð. Af þessu má draga þá ályktun, að þó að stjskrbreyt. hafi verið samþ., þá sje hæfilegur kosningafrestur til 1. vetrardags.

— Jeg vissi það áður, að hv. 3. landsk. væri brjóstheill maður. En jeg hjelt nú samt, að hann færi ekki að bregða öðrum um, að þeir ljetu stjórnast af flokkshagsmunum. Það hæfir honum síst allra stjórnmálamanna. (**Forseti:** Jeg vil minna hv. þm. á, að þetta er aðeins stutt aths.). Jeg veit, að hæstv. forseti verður svo frjálslyndur að lofa öðrum hv. þm. að svara fyrir sig. Jeg hefi nú bent hv. 3. landsk. á framkomu hans og hug gagnvart alþýðu þessa lands, meðan hann var eða áleit sig vera stjórnarherra í landinu.

Hv. 6. landsk. sagði, að af því það hefði verið kosið 1. júlí síðast, 1927, þá hefðu komið fram fleiri atkv. með Framsóknarflokknum í landinu og þingflokkur bænda stækkað. En þess ber að gæta, að atkv. flokksins meðal kjósenda hefir ekki fjölgað í líku hlutfalli við þingfulltrúa flokksins. Hv. stjórnarflokkur má vita, að hann situr ekki að svo mörgum atkv., er svari til 19 eða 20 þingsæta. Það stafar bæði af ranglátri kjördæmaskipun, og í öðru lagi getur það verið fyrir heppni í einstökum kjördæmum, að Framsóknarflokkurinn vann þá svo mörg þingsæti. Það má flokkurinn vita, að sá sigur var ekki unninn af öðrum ástæðum.

Jeg minti hv. þm. á skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í 2 kjördæmi,

sem samþ. var á þinginu í fyrra. Jeg hjelt nú, að af því að samvinnumenn — og samflokksmenn hv. 6. landsk. — voru okkur jafnaðarmönnum sammála um það mál og áttu sinn þátt í að það gekk fram, þá ættum við ekki að fara að deila um það nú.

Til þess að gert sje ráð fyrir öllum möguleikum, þá getur það vitanlega komið fyrir, að stj. fremji pólitískt sjálfsmorð, eða segi af sjer, og að þess vegna þyki ástæða til að hafa kosningalögin til búin á þann hátt, sem flokkur hennar óskar. Jeg vil nú vona, að stj. fari ekki að gera nein axarsköft, og jeg vil jafnframt vona, að hún og flokksmenn hennar fylgi ekki jafnranglátu máli og þetta er.

**Jón Þorláksson:** Jeg vil aðeins benda hv. 4. landsk. á eitt, út af því ráði, sem hann beindi til mín í síðustu ræðu sinni, að það hefði mátt fresta því lengur að gefa út konungsi ejefið um þingrof og nýjar kosningar 1927, og draga kosningarnar til hausts. Jú, það er rjett. Þetta ráð var til, en með því hefði verið framið brot á 76. gr. stjskr., þar sem sagt er, að rjúfa skuli þing þá þegar, er stjskrbreyt. hefir verið samþ. Jeg álít, að það hefði verið stórlega vítavert, og jeg treysti mjer ekki til að bera ábyrgð á því sem ráðh. En með öðru móti var ekki hægt að draga kosningarnar til hausts.

**Jón Jónsson:** Hv. 4. landsk. taldi, að Framsóknarfl. hefði ekki aukið atkvæðamagn sitt við síðustu þingkosningar. Jeg hygg, að því verði tæplega neitað, að sá þingflokkur, sem kemst í meiri hl., komist það vegna þess, að hann fær fleiri atkv. en andstæðingarnir. Þetta hygg jeg, að ekki verði hrakið.

Þá talaði hv. 4. landsk. um, að við ættum ekki að deila um það, þó að Hafnarfjörður hefði verið gerður að sjerstöku kjördæmi, af því að samvinnumenn hefðu verið því máli fylgjandi.

Jeg vil aðeins segja það, að sú tilvísun nær ekki til mín, hvorki til nje frá. Jeg átti engan þátt í því máli, sem fór hjer fram á síðasta þingi. En þetta breytir ekki á nokkurn hátt þeirri kröfu minni, að það frv., sem hjer liggur fyrir, eigi nú að ganga tafarlaust fram. Við eigum ekki að fresta því til morguns, sem hægt er að gera í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:2 atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, n. 608).

**Jón Baldvinsson:** Jeg vona, að hæstv. forseti sýni mjer þá sömu sanngirni, sem hann hefir sýnt öðrum um önnur mál, er hjer hafa legið fyrir, og taki málið af dagskrá. Jeg hefi ekki lokið við samningu nál., en geri það svo fljótt sem jeg get. Ætti það að koma á morgun til útbýtingar. Nál. meiri hl. kom á laugardag; á sunnudag voru ýmsar ann-

ir og gærdagurinn fór allur í fjárlögin. Hefi jeg því haft lítinn tíma frá ýmsum störfum þessa daga.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 470, n. 608 og 635, 669).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Þessi breyt. á kosningalögunum, sem hjer er á ferðinni, er alls ekki nýr gestur. Á undanfarandi þingum hefir því verið hreyft, að kjördagur sá, sem nú er, sje að ýmsu leyti óheppilegur fyrir sveitirnar, sjerstaklega af því, að á þeim tíma ársins er allra veðra von. Því hefir verið hreyft víða um landið, að æskilegt væri, að kjördagurinn yrði færður til þess tíma, þegar minni hætta er á farartálma frá náttúrunnar hálfu, og það verður víst ekki um það deilt, að um veturnætur er kominn sá tími, þegar búast má við, að tíðin fari að verða erfiðari til kjörfundasóknar heldur en á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir hjer í frv. Þetta er sjerstaklega tilfinnanlegt í sveitunum síðan ákvæðin um heimakosningar voru afnumin, því að með því að afnema þær var öllu því fólki, sem ekki hefir fulla heilsu, meinað að neyta kosningarrjettar nema í blíðu veðri. Hinsvegar ber því ekki að neita, að þetta hefir mætt mikilli andstöðu í kaupstöðunum, og er auðvitað sjálfsagt að líta á þau rök, sem þar eru borin fram til andmæla. Þau eru þá aðallega það, að á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í frv., að kosningar fari fram, þá sjeu margir af kaupstaðabúum farnir burt frá heimilum sínum til atvinnuleitar, og er ekki hægt að neita, að það sje rjett. Töluverður hluti íbúanna er þá venjulega farinn að heiman; en þá ber þess að gæta, að kosningalögin gera þessum mönnum mjög hægt um að kjósa, þó að þeir sjeu utan heimilis. Það er heimilað, að slíkir menn greiði atkv. hvar sem þeir eru staddir, hjá bæjarfógeta, sýslumanni, hreppstjóra eða um borð í skipi. Þar hafa lögin tekið fult tillit til kringumstæðnanna; en aftur á móti eru nú afnumin ákvæðin um heimakosningar, og er þá ekki slíku til að dreifa fyrir það fólk í sveitum, sem ekki er hraust og verður að sækja kjörfund jafnlangan veg eða lengri en þessir kaupstaðabúar verða að fara til hreppstjórans. Jeg skal þó játa, að þessi breyt. muni auka erfiði fyrir eitthvað af kaupstaðabúum, en hinsvegar tel jeg það misrjetti, sem þeir þannig verða fyrir, áreiðanlega vera miklu minna en það, sem sveitirnar eiga nú alment við að búa. Ef þetta fólk er í atvinnuleit, þá mun í fáum tilfellum vera lengra fyrir það að fara til hreppstjórans heldur en sveitafólkið verður að fara á kjörfundinn, og ef það er í kaupstað, sem er það algengasta, þá á það jafnvel miklu hægra með að neyta kosningarrjettar síns en sveitafólkið, því að þá getur það notað hvaða dag sem er. Það er að vísu rjett, að þetta hefir í för

með sjer einn ókost fyrir kaupstaðina, og hann er sá, að þá verður erfiðara að smala mönnum á kjörstað; en jeg get ekki sjeð, að með því skapist neitt misrjetti, því að sömu erfiðleikarnir eru á þessu fyrir sveitirnar. Jeg get heldur ekki sjeð, að með þessu sje framið neitt ranglæti gagnvart kjósendunum, því að ef þeir hafa á annað borð áhuga á að kjósa, þá standa þeir ekki ver að vígi heldur en margir aðrir, þótt þeir sjeu utan heimilis.

Þá skal jeg víkja nokkru nánar að því, hversu knýjandi ástæður valda því, að nú verður að færa kjördaginn. Jeg hefi drepið á það áður, að það verður ekki um það deilt, að fyrsta vetrardag getur verið allra veðra von, en það skiftir þó mestu máli, að á þeim tíma árs er dagur orðinn mjög stuttur. Þó að hægt sje að segja, að illviðri geti verið 1. júlí, þá eru það aldrei hörkufrost eða stórhríðar. Það getur verið rigning, en tæplega snjóveður, og jeg man eftir því, að stórrigning hefir stundum verið 1. júlí, en þó mun það vera fremur sjaldgæft. En þá ber þess að gæta, að þá er dagur langur, bjart næstum nótt sem dag, og er þá ólíkt hægra að komast leiðar sinnar og hægt að nota seinni part dags til þess að sækja kjörfund. Það verður ekki um það deilt, að erfiðleikarnir á að hafa fyrsta vetrardag sem kjördag gera vart við sig um alt land, en þó sjerstaklega á Norðurlandi og Norð-Austurlandi, en sennilega minna á Vestur- og Suðurlandi. Jeg held að jeg þurfi ekki að eyða mörgum orðum að því að sýna fram á, að illviðrahættan getur verið alstaðar. Til merkis um, að svo sje, get jeg bent á það, að fulltrúar úr öllum landshlutum standa að þessari færslu kjördagsins. Jeg er sjálfur víða kunnugur og veit því, að fyrsta vetrardag getur verið allra veðra von; en þó að jeg sje fremur ókunnugur á Vesturlandi, þá tel jeg víst, að megi leiða rök að því, að þar hafi einnig stundum verið stórhríð fyrsta vetrardag. Að vísu eru til undantekningar, en yfirleitt má telja það víst, að færsla kjördagsins verði til hins mesta hagræðis fyrir sveitirnar. Það verða aðeins kaupstaðirnir, sem ekki hafa hag af því, og sumir ef til vill dálítið aukna erfiðleika. Mjer virðist öll rök hníga að því, að þó jeg verði að kannast við, að eitthvað verði lakari aðstaða kjósendanna í kaupstöðum, þá verður því ekki á móti mælt, að miklu fleiri kjósendur fá þá betri aðstöðu. Ef hjer er um misrjetti að ræða með þessu frv., þá hefir þó verið ennþá meira misrjetti áður, og ef misrjetti verður að eiga sjer stað í framtíðinni, þá er sjálfsagt að taka þann kostinn, sem minst misrjetti hefir í för með sjer. Þess vegna varð niðurstaðan hjá okkur í meiri hl. allshn. að leggja til, að frv. yrði samþ. Jeg geri nú ráð fyrir, að minni hl. færi rök fyrir sínu máli, því að hann er á móti frv. og leggur til, að það verði felt, og læt jeg það þá ráðast, hvort jeg hefi frekari ástæðu til andmæla eða ekki.

Minni hl. ber hjer fram brtt. á

þskj. 635, sem jeg geri ráð fyrir, að eigi að vera miðlunartill.; en frá mínu sjónarmiði miðla þær litlu og er vansjeð, hvort þær nái þeim tilgangi að koma í veg fyrir það misrjetti, sem minni hl. telur kaupstaðina verða fyrir. Þó að till. minni hl. verði samþ., þá koma þær að litlu gagni, því að það er áreiðanlegt, að þeir menn, sem eru farnir að heiman 1. júlí, verða fæstir komnir heim aftur 9.—10. sept. Auk þess eru mikil vankvæði á að framfylgja þessum brtt., því að þar er svo ákveðið, að kjördagarnir skuli vera tveir, og þó jeg vilji ekki segja, að það sje óframkvæmanlegt, þá er það áreiðanlega miklum erfiðleikum bundið. Ef þessi aðferð verður einhverntíma tekin upp, þá verður áreiðanlega að gera fleiri og miklu víðtækari ráðstafanir heldur en brtt. minni hl. gerir ráð fyrir, ef það ætti að verða.trygt, að þetta kæmi ekki að sök. Jeg skal taka það fram, að meiri hl. hefir ekki sjerstaklega borið sig saman um þessa brtt., en jeg fyrir mitt leyti sje mjer ekki fært að mæla með henni, þar sem jeg tel, að hún nái ekki þeim tilgangi, sem henni er ætlað að ná, að kosningar fari ekki fram í kaupstöðunum fyr en fólk er komið heim úr sumaratvinnunni. Í öðru lagi virðist mjer vera svo miklir erfiðleikar á að framkvæma kosningar í tvennu lagi, að það sje tæplega gerlegt, þó að jeg vilji ekki segja, að það sje með öllu ókleift. En ef það skyldi vera fært, þá verður áreiðanlega að gera miklu víðtækari ráðstafanir heldur en gert er í brtt.

Um aðra brtt. minni hl. er það að segja, að hún virðist ekki vera nema sanngjörn, þó að hennar sje ekki brýn þörf, þar sem svo er ákveðið í lögum, að húsbændur megi ekki hindra hjú í að kjósa. Annars virðist mjer ekkert vera á móti því, að kjördagurinn sje almennur hvíldardagur. En jeg vil þó taka það fram um þessa brtt. að jeg tel mjög varhugavert að samþykkja hana, þar sem jeg er ekki alveg ugglaus um, að hún sje borin fram til þess að láta málið daga uppi, og ef þessi hv. deild er á annað borð meðmælt því, að frv. nái fram að ganga, þá er ekki ástæða til að gefa tilefni til þess, að málið strandi. Hinsvegar er altaf hægt að taka upp þessa brtt. hvenær sem er á næstu þingum.

Þessa brtt. væri ávalt hægt að taka upp fyr á þingi síðar, og þá gæti hún gengið fram, ef meiri hl. væri með henni. Hinsvegar er óvíst nú, hvernig Ed. tæki í hana. Hjer er nýmæli á ferðinni, og ef Nd. vill ekki á það fallast, gengur málið ekki fram á þessu þingi.

**Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):** Þetta mál hefir nú verið svo lengi fyrir þinginu, að ætla mætti, að flestar hliðar þess væru komnar fram, en þó hefi jeg athugað ýmislegt síðan það kom til Ed., sem enn betur hefir styrkt mig í þeirri trú, að málið eigi ekki fram að ganga.

Sú færsla kjördagsins, sem hjer er farið fram á, er af þeim rótum runnin, að einhver, sem hefir orðið undir í kosningum einhvern ímyndaðan hríðardag, vill nú kenna veðrinu um hinar pólitísku hrakfarir sínar, enda er altaf

gott að geta borið einhverju öðru við en fylgisleysi. Það var nú víst Framsóknarflokkurinn, sem einu sinni þóttist hafa orðið að lúta í lægra haldi af þessum ástæðum. Var síðan borið fram frv. á þingi, er gekk í svipaða átt og þetta, en margir framsóknarmenn voru þó málinu andvígir þá, en nú hefir tekist að gera þetta að flokksmáli. Þá hefir og mikill hluti Íhaldsins bætst í lið með Framsókn, af því að það taldi, að hjer væri leið fundin til að draga atkv. frá jafnaðarmönnum. Er það pólitískt herbragð hjá Íhaldinu að skipa sjer jafnan í fylkingu með Framsókn, þar sem þeir vita, að ágreiningur er á milli hennar og jafnaðarmanna. Er þeim slíkt líklega eðlilegt, því hvað gerir til, þótt þeir sjeu ekki sannfærðir.

Það er auðvelt að sýna, að fylgjendur þessa frv. hafa flestir snúist í málinu. Tveir styðjendur frv. hafa áður stutt að flutningi kjördagsins yfir á 1. vetrardag og núv. formaður Framsóknarflokksins var sá, er einna fyrstur studdi að þeim flutningi kjördagsins. En nú, eftir 20 ár, er Þorleifur Jónsson þm. A.-Sk. orðinn þetta vitrari en Þorleifur Jónsson nefndarmaður frá 1909, sem segir, „að öllu athuguðu", að heppilegast sje að hafa kjördag 1. vetrardag.

Varla munu þeir, er til þekkja í sveitinni, halda því fram, að veðurfar hjer á landi hafi stórum versnað á þessum 20 árum. Ef nokkuð er, hefir það batnað. Ef best var „að öllu athuguðu" að hafa kjördaginn á 1. vetrardag 1909, ætti ekki síður hið sama að gilda nú. Jeg vil benda á það, að hv. þm. Seyðf. var á meðal þeirra, sem skrifuðu undir nál. 1909 og lagði til, að kjördagur yrði settur 1. vetrardag. Jeg hefi bent á, að Ólafur Briem, þáv. 1. þm. Skagf., taldi — „að öllu athuguðu" — rjettast, að kjördagurinn væri 1. vetrardag. Skyldi eftirmaður hans, hv. 1. þm. Skagf. núv. og flm. þessa frv., vera það betur gefinn eða kunnugri, að hann sje dómbærari um málið en Ólafur heitinn Briem?

Það var annað, sem þeir, sem áttu sæti í þingnefndinni 1909, vildu. Þeir vildu ekki níðast á neinum og taka fram um sjómannastjettina á Suðurlandi, að henni sje óhentugur kjördagur að sumarlagi. En nú er tilgangurinn að níðast á því fólki, sem á erfitt með að sækja kjörfund fyrst í júlí. Þetta óskabarn Framsóknar og Íhalds er ekki í heiminn borið eða getið af rjettlætistilfinningu, heldur af alt öðrum hvötum.

Jeg veit vel, að hamrað hefir verið á því þing eftir þing, að 1. vetrardagur væri óheppilegur fyrir sveitirnar. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að úr því að kominn væri 1. vetrardagur, væri allra veðra von. En þess er að gæta, að svo getur líka verið á öðrum tímum. Við þurfum ekki annað en að líta út í gluggana til þess að sjá, hvernig veðrið er í dag, 16. maí. Jeg held, að hart sje á því, að það sje kjörfundarveður. A. m. k. gæti jeg trúað, að hv. 2. landsk. þætti ekkert kvenfólksveður vera í dag. Annars er það mín skoðun, að konur sjeu fult svo knáar sem karlmenn til landferðalaga.

Þá hefir því verið haldið fram, að

kaupstaðabúar, sem ekki eru heima á kjördegi í júlí, geti kosið utan kjörstaðar áður en þeir fara. Sjálfsagt gera kosningar utan kjörstaða eitthvert gagn, en það er alls ekki alment. Menn hafa oft og tíðum ekki tíma til að kjósa áður en þeir fara í sumaratvinnuna. Ráðninguna ber oft bráðan að, og maður, sem ef til vill hefir verið atvinnulaus í 3—4 mánuði, tekur fyrirvaralaust hverja atvinnu, sem gefst, þótt hann þurfi að fara langt frá heimili sínu. Jeg hygg líka, að margur bóndinn kynoki sjer við að fara á kjörfund á þessum tíma, undir mesta annatíma ársins hjá bændum. Miklu líklegra er, að bændur sæki betur kjörfundi á þeim tíma, þegar hvíld er á atvinnulífi þeirra. Sá tími er einmitt um 1. vetrardag, þegar sláturstörfum og haustönnum er lokið. Á þetta var einmitt bent 1909, og þá þótti óheppilegt að velja daginn um bjargræðistímann. Hinsvegar er skiljanlegt, að hinum stærri atvinnurekendum standi á sama, þótt kjördagurinn sje um annatímann. Þeir ráða tíma sínum sjálfir, sem margir verkamenn og jafnvel bændur gera ekki. Hv. frsm. meiri hl. játaði, að erfiðara yrði fyrir fólk í kaupstöðum að sækja kjörfund, ef breytt yrði um kjördag, og allir sjá, að um 1. júlí yrði það einna erfiðast. Jeg get vel skilið það, að bændum hjer á þingi, sem flestir eru hreppstjórar og oddvitar í sinni sveit, sje ósárt um, þó að vinnufólk og verkalýður greiði ekki atkv. sitt á kjördegi. Þeir telja sig, a. m. k. sumir hverjir, sjálfkjörna til að ráða í stjórnmálunum. Þeir, sem efnaðir eru, geta sjálfir riðið á kjörfund og haft einhverja „verkaskjátuna“ heima fyrir sig á meðan. Og hvað þýðir, þótt kosningalög segi, að engum megi hamla frá því að sækja kjörfund, ef yfirmaðurinn segir við verkamann sinn: „Þú getur farið, ef þú vilt, en svo hefi jeg ekki brúk fyrir þig lengur“. Jeg þekki dæmi þess, að slíkt hefir komið fyrir.

Að mínu áliti ætti aldrei að kjósa oddvita eða hreppstjóra á þing. Þeir eru flestir stirðnaðir í framkvæmd um gamalla og úreltra, ómannúðlegra sveitarstjórnarlaga, og staða þeirra í hjeraði hefir ekki skapað þeim það víðsýni, sem þjóðarfulltrúum er nauðsynlegast.

Ef aflað er skýrslna um kjörfundarsókn 1. júlí og 1. vetrardag og þær bornar saman, sjest, að bæði konur og karlar hafa sótt betur 1. vetrardag. Þessar skýrslur eru til um báða dagana frá árinu 1926, frá fyrra og síðara landskjörinu það ár. Ætla jeg, máli mínu til sönnunar, að lesa upp lítið eitt af þessum tölum fyrir þá, sem hlusta vilja á rök í málinu, en ekki eru þegar staðráðnir í því að neyta bolmagns til að koma fram röngu máli.

1926 fór fram landskjör á 3 mönnum 1. júlí, og 1. vetrardag á einum manni. Skýrslur um kjörfundarsókn báða þessa daga sýna glögglega, hvor dagurinn er hentugri. Jeg skal koma að því seinna, að Framsókn taldi ósigur sinn því að kenna, að hinir gáfuðu Þingeyingar komust ekki á kjörfund sökum ófærðar. Sannleikurinn var sá, að aðeins nokkru færri kusu í Suður-Þingeyjarsýslu 1. vetrardag en 1. júlí, og sá fámenni hópur hefði hvort sem

var engu ráðið um kosninguna. En nú er best að láta tölurnar tala. Og þær segja, **að um 10% fleiri hafi kosið 1. vetrardag 1926 en 1. júlí** það sama ár, og þó taka ekki nema tveir flokkar þátt í kosningum 1. vetrardag, en fimm flokkar í júlí. Skal jeg nú sýna fram á mismuninn á kjörfundarsókn í sveitum og kaupstöðum 1. júlí og 1. vetrardag:

| | 1. júlí | 1. vd. |
|---|---|---|
| Í Borgarfjarðarsýslu kusu | 360 | 358 |
| - Mýrasýslu ..... | 333 | 344 |
| - Snæfellsnessýslu ..... | 344 | 348 |
| - Dalasýslu ..... | 172 | 408 |
| - Barðastrandarsýslu ... | 250 | 247 |
| - V.-Ísafjarðarsýslu .... | 310 | 323 |
| - N.-Ísafjarðarsýslu .... | 320 | 368 |
| - Strandasýslu ..... | 166 | 155 |
| - V.-Húnavatnssýslu .... | 159 | 172 |
| - A.-Húnavatnssýslu .... | 373 | 295 |
| - Skagafjarðarsýslu .... | 500 | 500 |
| - Eyjafjarðarsýslu ..... | 738 | 751 |
| - S.-Þingeyjarsýslu ..... | 749 | 614 |
| - N.-Þingeyjarsýslu ..... | 223 | 281 |
| - N.-Múlasýslu ..... | 396 | 309 |
| - S.-Múlasýslu ..... | 677 | 653 |
| - A.-Skaftafellssýslu .... | 200 | 188 |
| - V.-Skaftafellssýslu .... | 221 | 283 |
| - Rangárvallasýslu ..... | 403 | 696 |
| - Árnessýslu ..... | 590 | 696 |
| - Gullbringu- og Kjósars. | 1028 | 1241 |

Hjer hafa þá verið talin upp sveitakjördæmin. Tölurnar sýna, að 1. vetrardag hafa kosið í sveitakjördæmunum 9231 kjósandi, en 1. júlí aðeins 8512 kjósendur, eða um 700 kjósendum færri. Í Suður-Þingeyjarsýslu, þar sem „Tíminn" sagði, að hríðin hefði orðið sjer að falli, sækja um 130 færri kjósendur kjörfund 1. vetrardag en 1. júlí. Aftur hefir þeim fjölgað til muna í N.-Þingeyjarsýslu, sem kjörfund sækja 1. vetrardag, og er þó þar ekki langt á milli. Kjósendum í Rangárvallasýslu hefir stórum fjölgað, þeim, sem kusu við seinna landskjörið, og er þó a. m. k. 1. þm. þess kjördæmis eindreginn stuðningsmaður þessa frv., enda þótt hann sje einn þeirra, er skrifuðu undir nál. 1909, þar sem segir, að „að öllu athuguðu" sje best að hafa kjördaginn 1. vetrardag.

Þá vík jeg að kaupstöðunum. Þar hafa af eðlilegum ástæðum kosið mun fleiri 1. vetrardag en 1. júlí.

| | 1. júlí | 1. vd. |
|---|---|---|
| Í Reykjavík kusu .... | 3739 | 4638 |
| Á Ísafirði ..... | 445 | 350 |
| Á Akureyri ..... | 704 | 676 |
| Á Seyðisfirði ..... | 177 | 191 |
| Í Vestmannaeyjum ... | 536 | 613 |
| Samt. | 5601 | 6468 |

Vert er að geta þess, að fækkunin á Ísafirði 1. vetrardag stafar af því, að jafnaðarmenn tóku ekki þátt í kosningunum. Var það yfirlýst og öllum vitanlegt; sama gildir um Akureyri. Rjett er og að benda hv. þm. Seyðf. á hina auknu sókn í hans kjördæmi 1. vetrardag.

Þá kem jeg að þeirri ástæðu, sem í fljótu bragði gæti sýnst aðalástæðan fyrir flutningi kjördagsins — þeirri ástæðu, að konur eigi erfiðara með að sækja kjörfund 1. vetrardag.

Jeg hefi einhversstaðar drepið á það, að jeg álít konur eins duglegar til ferðalaga sem karlmenn, og skal nú leyfa mjer að lesa hjer upp skýrslu, sem sannar þetta og tekin er úr

skýrslu hagstofunnar og gefur yfirlit yfir kjörfundarsókn kvenna í „góðviðrinu" 1. júlí og „hríðarveðrinu" 1. vetrardag 1926. Er skýrslan á þessa leið:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í G.-K. | kjósa | 437 | konur | 1. júlí, | en | 517 | 1. vetrard. |
| - Borgf. | — | 129 | — | — | — | 108 | — |
| - Mýr. | — | 113 | — | — | — | 106 | — |
| - Snæf. | — | 127 | — | — | — | 106 | — |
| - Dal. | — | 42 | — | — | — | 179 | — |
| - Barð. | — | 79 | — | — | — | 67 | — |
| - V.-Ísf. | — | 125 | — | — | — | 120 | — |
| - N.-Ísf. | — | 105 | — | — | — | 113 | — |
| - Str. | — | 65 | — | — | — | 49 | — |
| - V.-Húnv. | — | 52 | — | — | — | 49 | — |
| - A.-Húnv. | — | 141 | — | — | — | 89 | — |
| - Skagf. | — | 184 | — | — | — | 179 | — |
| - Eyf. | — | 272 | — | — | — | 224 | — |
| - S.-Þ. | — | 301 | — | — | — | 214 | — |
| - N.-Þ. | — | 77 | — | — | — | 82 | — |
| - N.-M. | — | 98 | — | — | — | 64 | — |
| - S.-M. | — | 227 | — | — | — | 187 | — |
| - A.-Sk. | — | 79 | — | — | — | 70 | — |
| - V.-Sk. | — | 84 | — | — | — | 100 | — |
| - Rang. | — | 122 | — | — | — | 296 | — |
| - Árn. | — | 184 | — | — | — | 205 | — |

Þessi skýrsla er um margt fróðleg. Hún sýnir meðal annars, að í hinu alræmda illviðrabæli N.-Þingeyjarsýslu kjósa fleiri konur 1. vetrardag en 1. júlí. Sömuleiðis sýnir hún, að í hinu afarerfiða vatnahjeraði A.-Skaftafellssýslu er sama sem enginn munur á kjörfundarsókn kvenna þessa daga.

Alls hafa þannig kosið í öllum sýslum landsins 3043 konur um hásumarið 1. júlí, en 3124 í hríðarbyljunum 1. vetrardag. Veit jeg ekki, hvort þetta getur sannfært þennan eina kvenþm., sem hjer er, en það er þá ekki hægt að gera það, ef þessar tölur geta það ekki.

Þá kem jeg að kaupstöðunum, sem flestir hv. þm. vilja ekkert tillit taka til í þessu efni. Er það yfirlit á þessa leið:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í Rvík | kjósa | 1805 | konur | 1. júlí, | en | 2468 | 1. vetrard. |
| Á Ísaf. | — | 225 | — | — | — | 142 | — |
| - Akure. | — | 323 | — | — | — | 295 | — |
| - Seyðisf. | — | 69 | — | — | — | 82 | — |
| Í Vestm. | — | 243 | — | — | — | 279 | — |

Jeg hefi getið um það áður, af hverju kosningar á Ísafirði og að nokkru leyti á Akureyri voru svo illa sóttar 1. vetrardag í þetta sinn, að það stafaði af því, að einn flokkurinn, Jafnaðarmannaflokkurinn, sat hjá við kosninguna.

Þetta yfirlit um kjörfundasókn kvenna í kaupstöðunum sýnir, að alls hafa þar kosið 2665 konur 1. júlí, en 3266 1. vetrardag. Mismunurinn er 601 atkv. En alls hafa á öllu landinu 5708 konur neytt kosningarrjettar síns 1. júlí, en 6390 1. vetrardag. Eða m. ö. o.: Nærri 700 fleiri konur hafa kosið 1. vetrardag en 1. júlí. Er það hjer um bil sama niðurstaðan og var um karlmennina.

Þetta, sem jeg hefi nú skýrt frá, er ljós vottur þess, að 1. vetrardagur er hentugri kjördagur fyrir konurnar en 1. júlí. Þó á jeg ótaldar ýmsar ástæður, sem gerðu það að verkum, að konurnar sóttu ekki betur kjörfund 1. vetrardag 1926 en raun ber vitni. Við landskjörið í júlí 1926 var, eins og allir vita, sjerstakur kvennalisti, auk þess sem konur voru á tveim hinna listanna. Var kona í 3. sæti á íhaldslistanum og 2. sæti á jafnaðarmannalistanum. Alt þetta getur ekki teygt eins margar konur á kjörfund 1. júlí og 1. vetrardag, og var þó þá engin kona í framboði. Jeg veit, að hv. 2. landsk. þm. er mjer sammála um það, að konur muni sækja betur kjörfund, þegar kona er í kjöri, og þær þannig búnar að fá uppfyllta þá kröfu,

sem þær hafa haldið fram um langt árabil, að eiga kost á að kjósa konur á þing, en þrátt fyrir allan þann áhuga, sem konurnar sýna þá, eru það færri konur, sem kusu 1. júlí 1926 en í hríðunum og ófærðinni 1. vetrardag það sama ár. Það hlýtur að vera sú ástæða til þessarar niðurstöðu, að konur sjeu í svo miklum önnum 1. júlí, að þær geti þess vegna ekki sótt kjörfund. Þær, sem í kaupstöðunum búa, eru fluttar í burtu, vegna atvinnu sinnar, ýmist upp í sveitirnar eða til sjávarþorpanna, fjarri heimili sínu. Og í sveitunum hafa konur svo annríkt um þetta leyti, að þó að leikið sje við þær og hafður sjerstakur kvennalisti, og konur auk þess í framboði á tveim hinna listanna, getur það ekki lokkað þær á kjörfund. Þeir, sem því vilja flytja kjördaginn til 1. júlí, **þeir vilja meina miklum hl. íslenskra kvenna að neyta atkvæðisrjettar síns.**

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á það, **að þetta frv. er ekki flutt til þess að örva kjörfundarsóknina og gera mönnum hægra um vik með að kjósa, heldur í þeim tilgangi að hindra fjölda manna í að neyta atkvæðisrjettar síns, og þó einkum þá menn, sem Alþýðuflokknum fylgja að málum.** Það er enginn vafi á því, að það var með þetta fyrir augum, sem Íhaldið ákvað að láta síðustu kosningar fara fram 7. júlí, en það dugði nú ekki til — þjóðin var orðin svo leið á því, að það varð í minni hl. samt sem áður. En samt er enginn efi á því, að kjördagurinn hefir dregið úr atkvæðafjölda jafnaðarmanna.

Jeg vík að því, sem sagt var um þetta mál hjer á Alþingi fyrir 20 árum, í nál. mínu, og hvaða menn það voru, sem þá ákváðu kjördaginn. Jeg efast um það, að hv. 1. þm. Skagf., hv. þm. A.-Sk., hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf. — svo að jeg nefni nokkra af formælendum þessa frv — sjeu kunnugri landinu en þeir menn, sem fjölluðu um þetta mál 1909. Sigurður sál. Sigurðsson ráðunautur hafði ferðast um landið þvert og endilangt og var þaulkunnugur öllum högum og háttum landsmanna. Og hann var fyrsti maðurinn til þess að stinga upp á 1. vetrardegi sem kjördegi. En nú koma þessir makalausu bændavinir og ætla að trompa þá út, Sig. sál. ráðunaut og Ólaf sál. Briem, og þykjast vita miklu betur en þeir. Það er ekki að tala um það hjá formælendum þessa frv., að þeir vilji líta við nokkrum breyt. á þessu frv., heldur á að berja það blákalt fram í því formi, sem Framsókn og Íhaldið hafa komið sjer saman um. Að þeir vilja ekkert samkomulag, heldur eingöngu illindi, sjest best á því, að jafnsjálfsögð brtt. og 635,2 skuli sæta mótspyrnu.

Fyrri till. mín á þskj. 635, sem hljóðar um það að flytja kjördaginn fyrir sveitirnar til 10. september, en láta 1. vetrardag haldast sem kjördag í kaupstöðunum, finnur heldur ekki náð fyrir augum formælenda þessa frv. Þeir finna alt til. Menn geti þá enn átt hey úti til sveita, það geti komið hríðarveður o. s. frv. En hefir þessum mönnum aldrei dottið í hug, að það geti verið vont veður 1. júlí? Það hefir þó komið fyrir, að hríðarveður hafi verið um alt Norðurland 1. júlí. Og svo getur verið slagveður 1. júlí, svipað og er í dag, enda er engu líkara en að slagveðrið sje að minna á sig með því að geisa einmitt í dag. Á

því er enginn vafi, að það er erfiðara og leiðinlegra að ferðast í slíku veðri, og menn gera það ekki nema þeir sjeu neyddir til þess, og jeg er hræddur um, að konur til sveita fari heldur ekki út í slagveðursrigningu 1. júlí, ef þær sitja heima í hríðarhraglanda 1. vetrardag. En það eru miklu meiri líkur til þess, að það sje slagveður 1. júlí en hríðarveður og ófærð 1. vetrardag.

Þá skal jeg víkja að því, af hverju jeg álít 10. september heppilegan kjördag fyrir sveitirnar. Jeg býst nú samt við því, að bændurnir í þinginu leggi ekki mikið upp úr því, sem jeg segi, að vel hagi fyrir sveitirnar. Þeim mun þykja jeg of mikill kaupstaðarmaður til þess. Jeg hefi heyrt það haft eftir landbn.mönnum í Nd., þegar þeir frjettu, áð kaupstaðarbúi væri kominn í landbn. í Ed., að þessir horkóngar ættu þar ekki heima. Líkl. hafa þeir sagt þetta af því, að sá kaupstaðarbúi, sem er í landbn. Ed., er meðal hinna sárfáu úr landbn. þingsins, sem aldrei hafa felt úr hor. Nú er jeg að vísu alinn upp í sveit, en jeg þykist vita, að ekkert mark verði samt tekið á mjer, af því að það er svo langt síðan jeg hefi dvalið þar. En það vill nú svo vel til, að jeg get borið fyrir „autoritet" í þessu máli, sem blessaðir bændafulltrúarnir ættu að geta tekið trúanleg. Ólafur sál. Briem, 1. þm. Skagf., einn hinn merkasti maður úr bændastjett, sem verið hefir á þingi, segir um þetta mál 1909:

„Sannast að segja er kjördagur sá, sem nú er í lögum (10. sept.) haganlegur fyrir mikinn hl. landsins, t. d. Norður- og Austurland, en vegna sjómannastjettarinnar á Suður- og Vesturlandi hefir n. þó fallist á að færa kosninguna lengra fram á haustið. Og dugir þá varla minni færsla en til 20. okt., sökum haustanna, er kalla að fram að því tímatakmarki".

Jeg verð að álíta, að þessi maður hafi haft eins mikið vit á þessu máli og t. d. hv. 6. landsk. þm., sem ljet sitt viskuljós skína hjer við 1. umr., og að þegar hann segir, að 10. sept. sje haganlegur fyrir mikinn hl. landsmanna sem kjördagur, þá sje hann það líka. Annars er það eina úrlausnin, ef þessir hv. þm. vilja vera vissir um, að það sje gott veður á kjördag, að ákveða það með l., að kjördagur skuli vera einhvern góðviðrisdag. Þá geta þeir verið vissir um veðrið, en fyrr ekki. Þó að þeir flytji kjördaginn til 1. júlí, hafa þeir enga tryggingu fyrir góðu veðri.

Jeg get nú að vísu skilið það, að sumum hv. þm. sje illa við 10. sept. Einstaka þm. hefir orðið fyrir óláni á þeim degi, t. d. hv. 3. landsk. þm., sem fjell við kosningar 10. sept. 1908. Hv. þm. Seyðf. hrapaði þá reyndar ekki, en skoðun hans varð í minni hl. Hinsvegar á hv. 2. þm. S.-M. engar slíkar endurminningar frá þessum degi, svo að jeg viti. En þó að það sje skiljanlegt, að endurminningarnar um þennan dag geri það að verkum, að erfitt sje að fá gamla heimastjórnarmenn til þess að samþ. hann sem kjördag, ættu þeir, sem fyrst og fremst hugsa um hag bændanna á Norður- og Austurlandi, að geta fallist á till. Ólafs sál. Briems, og um leið að gera ekki kaupstaðabúum rangt til, en leyfa þeim að halda 1. vetrardegi sem kjördegi.

Eins og jeg hefi bent á í nál. mínu, er ekki lengra á milli 10. sept. og 1. vetrardags en að það má vel geyma að telja upp atkv. sveitahjeraðanna til 1. vetrardags, og kemur þá samtímis vitneskja um kosningaúrslit á öllu landinu, svo að úrslit fyrri kosninganna þurfa því ekki að hafa áhrif á síðari kosningarnar. Þess eru líka mörg dæmi, að upptalning atkv. hefir dregist eins langan tíma eða lengri. Jeg minnist þess t. d., að í Barðastrandarsýslu dróst einu sinni — jeg ætla, að það hafi verið 1923 — að telja upp atkv. í 5 eða 6 vikur. Það sama hefir komið fyrir í Eyjafjarðarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu.

Jeg veit það ósköp vel, að Framsóknar- og Íhaldsflokkurinn hafa afl til þess að gera það, sem rangt er í þessu máli, afl til þess að beita kaupstaðabúana ranglæti og veita sveitunum þennan ímyndaða rjett fram yfir kaupstaðina, en ef þessir þjóðþrifaflokkar neyta þessa afls síns — þá öfunda jeg þá ekki af sínum „góða" málstað.

Þá ætla jeg að víkja að hinni brtt. minni, sem fjallar um það, að kjördagur við almennar, reglulegar kosningar skuli vera lögákveðinn almennur hvíldardagur. Slíkt ákvæði sem þetta álít jeg, að ætti að vera í öllum kosningalögum. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri engin ástæða til að samþ. þetta. Þetta væri nýmæli og auk þess væri ekki víst, að hv. Nd. mundi fallast á það.

Það sjá nú allir, að það er engin ástæða á móti þessu, þó að það sje nýmæli. Það getur verið jafngott fyrir því. Og þetta er svo einfalt mál, að hver maður ætti að geta skilið það, strax og hann hefir lesið till. Það er alkunna, að ýmsir atvinnurekendur eru svo fjandsamlegir stefnu verkamanna sinna, að þeir leyfa þeim ekki góðfúslega að fara og neyta atkvæðisrjettar síns. Þegar verkamennirnir sjá, hvað það kostar að fá þetta sjálfsagða leyfi, verður það til þess, að þeir hlíðra sjer hjá því að fara fram á að fá að skreppa til að kjósa, en bíða með það, þangað til vinnutíminn er úti, og þá er kjörfundi ef til vill lokið. Það er og ekki óalgengt, að sumir atvinnurekendur sendi verkafólk sitt eitthvað í burtu rjett fyrir kjördag, lofi því lengri vinnu, ef það fari strax, en ella ekki, o. s. frv. Af þessum ástæðum meðal annars á kjördagurinn að vera lögákveðinn, almennur hvíldardagur.

Þegar verið er að tala um þetta sem flókið nýmæli, sem vafasamt sje, að Nd. fallist á, þá skil jeg ekki lengur. Jeg skil ekki í því, að Nd. sje svo þunn, að hún geti ekki gert sjer það ljóst. Ef menn því vilja reyna að sýna einhverja sanngirni, þá hljóta þeir að fallast á brtt. mína. Ef ekki, ef þeir ætla að þröngva því í gegn að hafa kjördaginn 1. júlí, þá er enn meiri ástæða til að samþ. síðari brtt. mína. Kjördagurinn verður þá á svo miklum annatíma, að hætt er við að margir sæki síður kjörfund nema hann verði á löghelguðum hvíldardegi. Jeg veit ekki, hvernig þeir þm., sem kosnir eru af kaupstöðum og fella báðar þessar brtt. mínar, ætla að afsaka sig á dómsdegi. Hvernig fara þeir að því, að afsaka þetta við kjósendur. Ef þeir segja sannleikann, yrði það eitthvað

á þessa lund: Við fluttum kjördaginn til þess að gera ykkur bölvun! Við vildum ekki einu sinni hafa hann hvíldardag, það var of mikil sanngirni í ykkar garð!

Að Nd. geti ekki afgreitt málið, þó frv. verði breytt hjer, er ekkert nema yfirskin. Það á víst svo mikilli velvild að fagna, þótt nú sje liðið á þingið, að ekki er hætt við öðru en að afbrigði fengjust fyrir það, þótt það gengi til Nd. aftur.

Jeg þykist nú hafa fært sterkar og óhrekjandi ástæður fyrir því, að mönnum er engu hægra að sækja kjörfund í sveitum fyrst í júlí en 1. vetrardag. Það sýna þær tölur, sem jeg hefi hjer lesið upp og sem vonandi ekki verða rengdar, þar sem þær eru frá hagstofunni. — Hitt er jafnvíst, að með því að samþ. færsluna er framið hróplegt ranglæti við mikinn fjölda verkalýðs í kaupstöðum og kauptúnum.

**Forseti (GÓ):** Hv. 4. landsk. hefði getað slept að minnast á það, þó málið væri nú tekið fyrst til umr. þeirra mála, er á dagskrá stóðu. Fyrir 2 dögum tók jeg það út af dagskrá að beiðni hans og í gær að beiðni annars hv. þm. Og hjelt jeg, að þegar jeg er búinn að taka frv. tvisvar út af dagskrá, væri mjer heimilt að neyta þeirrar venju, er myndast hefir, og taka það til umr. áður en að því kom samkv. dagskránni.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Það verða aðeins fá orð. Jeg er á leiðinni með þrtt., sem jeg hefi flutt áður á þingi við samskonar frv. En hún er ekki enn komin frá prentsmiðjunni, og vildi jeg óska, að hæstv. forseti frestaði umr. í bili og tæki fyrir eitthvert smámál á meðan.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Hv. 4. landsk. hefir nú talað svo mikið og upplýst málið með löngu talnaregistri. Er jeg honum þakklát fyrir fróðleikinn og skal ekki fara að rengja tölurnar. En það vil jeg taka fram í byrjun, að þær hafa í engu breytt skoðun minni á þessu máli.

Hv. 4. landsk. hyggur, að kosningarnar 1926 sýni ljóslega, að 1. vetrardagur sje heppilegri kjördagur en 1. júlí. Fljótt á litið styðja tölurnar þetta. En það er margt annað, sem athuga verður, áður en hægt er að draga slíka ályktun. Eins og hv. þm. tók fram, þá var svo ástatt í júlí 1926, að margir listar voru í kjöri og voru skipaðir bæði konum og körlum, og einnig kom fram sjerstakur kvennalisti. Jeg býst við, að hv. þm. hugsi sem svo, að einmitt þess vegna hafi konur frekar sótt kjörfund. En á listum flokkanna voru konur eingöngu settar í þau sæti, er vonlaust var, að þær næðu kosningu, og þess vegna lítil ástæða fyrir konur að fjölmenna sjerstaklega á kjörfund.

Undirbúningur að kvennalistanum var svo seint hafinn og lítið fyrir listann unnið eftir að hann kom fram, að ekki var við að búast, að hann fengi nægilegt fylgi. Konur hugsuðu því margar hverjar sem svo, að þær gætu eins látið vera að kjósa. Það má því ekki draga endanlega ályktun af þessum kosningum.

Hinn 1. júlí höfðu kosið 5708 konur, en 6390 1. vetrardag. Í fljótu bragði virðast því konur sækja betur kjörfundi 1. vetrardag en að vori til.

En af kosningaskýrslum hagstofunnar sjest, að fyrsta vetrardag kusu í Reykjavík einni saman 682 konum fleira en 1. júlí. Mismunurinn snertir því lítið sveitirnar. Í öllum sveitakjördæmum samanlagt er mismunurinn einungis 81 kona.

Hv. þm. tók fram ýms lofsamleg ummæli um það, hvað konur væru duglegar að sækja kjörfundi. Því vil jeg síst andmæla. En jeg tel þó vafasamt, að konur sjeu jafnduglegar að sækja kjörfundi í misjöfnu veðri eins og karlar.

Jeg gæti sagt margt um það, hvenær konur eiga best heimangengt. En jeg skal ekki fara hjer út í einstök atriði. Frá því sjónarmiði hygg jeg 1. vetrardag vera óheppilegri sem kjördag en 1. júlí. Það er varla svo fáment heimili til, að ekki hafi það kaupakonu að sumarlagi. En þær eru flestar farnar um veturnætur. Er því lakara fyrir húsmóðurina, sje hún einyrki, að komast að heiman á þeim tíma árs. Jeg veit það vel, að konur hafa talið og munu telja það skyldu sína að taka þátt í kosningum til þings. En þær eru oft svo bundnar við heimilisstörf sín, að þær geta ekki sótt kjörfundi. Komi það fyrir, sem hv. þm. gaf í skyn, að vinnuveitendur neiti starfsfólki sínu um leyfi til að sækja kjörfund, þá getur það samkv. lögum kært slíkt athæfi og fengið hlut sinn rjettan.

Það getur að vísu verið einhvers virði, sem menn hafa sagt um þetta mál fyrir 20 árum. En tímarnir breytast og með þeim breytist margt annað. Samgöngur hafa að vísu breytst til batnaðar, en eitt hefir breytst til hins lakara. Það er fólksfæðin. Fólksleysið í sveitunum er þess valdandi, að verra er að hafa kjördag að vetri til en að sumarlagi Þá er sumarhjálpin farin og húsbændurnir einir eftir heima.

Jeg hygg, að þegar á málið er litið frá ýmsum hliðum, þá verði fleira, sem mælir með því að hafa kjördaginn 1. júlí en 1. vetrardag. Jeg stóð hjer upp til að þakka hv. 4. landsk. fyrir fróðlega ræðu og góð orð í garð kvenna og um leið færa rök að því, að konum kemur betur, að kjördagurinn verði færður en að hann sje eins og nú í skammdegismyrkrinu.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Það verður ekki hjá því komist að svara hinni löngu ræðu hv. 4. landsk. þm. með nokkrum orðum. Að vísu snerti ræða hans lítið mína framsöguræðu og mín rök, en nokkur orð ljet hann þó falla í minn garð.

Hv. 4. landsk. þm. hóf mál sitt á því, að þetta mál væri fundið upp á einhverjum „ímynduðum hríðardegi“. Jeg veit ekki, hvað hann á við með þessu, en jeg hefi lifað marga virkilega hríðardaga 1. vetrardag, og jeg býst við, að svo sje um fleiri. Það þarf vissulega enga ímyndunargáfu til þess að láta sjer detta í hug hríðarveður 1. vetrardag. Þess eru mörg dæmi, að hríð hafi verið dögum saman um veturnætur. Hitt er rjett, að það geta komið fyrir góðir dagar um þetta leyti árs, þó að það sje fremur undantekning.

Það er mikill munur á þessum tveim árstímum; sjerstaklega er mikill munur á langdeginu og skammdeginu.

1. júlí er viku síðar en hjer er lengstur dagur, en síðast í október er nótt miklum mun lengri en dagurinn. Þetta eitt sýnir, að hjer er um mikinn aðstöðumun að ræða, auk þess sem allajafna má vænta verra veðurs 1. vetrardag en 1. júlí.

Hv. 4. landsk. þm. sagði síðar í ræðu sinni, að það væri síst minni von slagveðursrigningar 1. júlí en 1. vetrardag. Jeg segi nú fyrir mig, að jeg er ekki svo vatnshræddur, að jeg óttist eins mikið rigningu 1. júlí og hríð 1. vetrardag. Það má vel vera, að hv. 4. landsk. þm. sje vatnshræddari en aðrir menn, en yfirleitt munu menn nú óttast minna vatnsskúr en stórhríðar.

Hv. 4. landsk. þm. sagði, að þessu máli væri þröngvað fram með flokkssamþykt. Það held jeg ekki. Jeg skal að vísu ekki taka fyrir þetta um Íhaldsflokkinn, en það er áreiðanlegt, að í Framsóknarflokknum hefir engum verið þröngvað í þessu efni.

Þá sagði hv. 4. landsk. þm., að ýmsir þm. hefðu snúist í þessu máli. Jeg skal ekki fara að bera hönd fyrir höfuð þessara manna, því að þeir eru fullfærir um það sjálfir. Það mun rjett, að sumir þeirra, sem fylgja þessu frv. nú, hafi greitt atkv. með 1. vetrardegi, þegar hann var lögtekinn sem kosningardagur á þinginu 1909. Hv. 4. landsk. þm. segir, að í nál. þeirrar nefndar, sem fjallaði um það mál, þá standi, að nefndarmennirnir hafi að öllu athuguðu komist að þeirri niðurstöðu, að 1. vetrardagur væri heppilegastur kosningadagur fyrir flesta kjósendur. Mjer þykir sennilegt, að þetta sje rjett, en það er eitt í þessu, sem verður að taka til greina og ekki var hægt að athuga, fyr en síðar, og það er reynslan. Þó að þessir menn hafi komist að þeirri niðurstöðu 1909, að 1. vetrardagur væri best til kjördags fallinn, hefir reynslan sýnt, að svo er ekki. Það er hygginna manna háttur að læra af reynslunni, og verður ekki talið neinum til lasts, þótt hann hverfi frá fyrri skoðunum sínum, þegar hann sjer, að þær eru rangar. Slíkur er og háttur vísindamanna. Það verður því ekki til nokkurs gagns, þó að hv. 4. landsk. þm. geti bent á, að einhver, sem fylgir þessu máli nú, hafi verið á annari skoðun fyrir 20 árum.

Þá sagði hv. 4. landsk. þm., að hvorki jeg nje aðrir værum eins kunnugir úti um landið og Sigurður sál. Sigurðsson búnaðarráðunautur. Jeg hefi ekki hælt mjer af því, að jeg væri kunnugur úti um land. Jeg tók það þvert á móti fram í minni fyrri ræðu, að jeg væri ekki kunnugur í sumum landsfjórðungum. En jeg vil benda hv. 4. landsk. þm. á annað, sem jeg hefi góðar heimildir fyrir, þó að það sje hvergi á prenti. Svo hefir skilorður maður sagt mjer eftir Sigurði sál. búnaðarráðunaut sjálfum, að hann hafi sagt, er hann var síðast í kjöri í Árnessýslu og sá fram á, að verða mundi hríð 1. vetrardag: „Nú er jeg fallinn í Árnessýslu". — Á hvað bendir nú þetta? Af því að veðrið var vont, vissi Sigurður sál., að kjörfundarsókn mundi verða lítil og fylgi hans því ekki koma í ljós. Þetta sýnir, að þessi maður mundi nú hafa kannast við, eins og fleiri hafa gert, að reynslan hefði sýnt, að 1. vetrardagur væri óheppilegur sem kjördagur, þó að hann hefði haldið annað í upphafi.

Þá sagði hv. 4. landsk. þm., að til væru þeir atvinnurekendur, sem að vísu ekki beint bönnuðu verkamönnum sínum að sækja kjörfund, en settu þeim þá kosti, sem væru sama sem neitun eða verri en neitun. Jeg þekki þess engin dæmi, að slíkt eigi sjer stað, en ef svo væri, þyrfti að fyrirbyggja það, frekar en gert er í núgildandi l. En þótt þessi tilfelli kunni að finnast, kemur það þessu máli, sem hjer er um að ræða, færslu kjördagsins, ekkert við. Atvinnurekandi getur engu síður beitt þessu ofbeldi, ef hann á annað borð gerir slíkt, 1. vetrardag en 1. júlí. Jeg skildi hv. 4. landsk. þm. svo, að með atvinnurekendum ætti hann ekki við bændur, en ef hann hefir átt við þá, gæti þessi hætta ef til vill verið meiri, ef kjördagurinn er fluttur til 1. júlí. En varla mun þó hv. 4. landsk. þm. á þeirri skoðun, því að hann heldur því fram, að bændur hafi ekki miklar annir um það leyti árs. (**JBald:** Það eru fleiri en jeg, sem gera það). Það kann að vera. En það þýðir ekki að vitna í 20 ára gömul ummæli í því sambandi, því að nú er ástandið alt öðruvísi en þá var. Það má vera, að þá hafi verið farið að þrengja eitthvað að með vinnufólkshald, en varla mun það þá hafa verið orðið alment, að á mörgum bæjum væru einyrkjar.

Meiri hl. ræðu hv. 4. landsk. þm. var samanburður á kosningunum 1. júlí og 1. vetrardag 1926, og fjekk hann út úr þeim tölum, að kosningar væru betur sóttar 1. vetrardag en 1. júlí. Jeg hefi ekki aðstöðu til að rengja þetta. En hitt er áreiðanlega vafasamt, að draga þær ályktanir af því, þótt kosningar hafi í þetta sinn verið betur sóttar 1. vetrardag en 1. júlí, að það sje vegna þess, að aðstaða fólks til að sækja kjörfundi sje betri þá. Enda vildi nú svo einkennilega til, að hv. 4. landsk. þm. taldi aðrar orsakir geta komið þarna til greina í þeim tilfellum, sem pössuðu fyrir hann. Bæði á Akureyri og Ísafirði voru kosningarnar betur sóttar 1. júlí en 1. vetrardag 1926, og átti þó 1. vetrardagur að vera hentugri fyrir íbúa þessara bæja, eftir skoðun hv. 4. landsk. þm. En þá finnur hv. 4. landsk. þm. það út, að það eru alt aðrar orsakir en kjördagurinn, sem þessu valda, sem sje það, að fólk hafði ekki áhuga fyrir kosningunni. (**JBald:** Menn vildu ekki kjósa framsóknarmann). Það er sama, hvernig þetta er orðað. Þarna liggur sú spurning, sem aldrei verður leyst: af hverju kosningar eru betur sóttar í eitt skifti en annað. Að slíkt þurfi ekki altaf að stafa af því, hvernig kjördagurinn er valinn, hefir hv. 4. landsk. þm. sannað best sjálfur með dæminu frá Ísafirði. Þó að tölur sjeu teknar þannig í eitt skifti, sannar það ekki neitt. Hitt er annað mál, ef gerður er samanburður á kosningasókn á báðum þessum tímabilum í mörg ár, þá kann að vera, að draga megi af því ályktanir. En vafasöm verður þó sú niðurstaða altaf, sem þannig fæst, af því að þetta fer eftir því, hvort kjósendur hafa áhuga fyrir kosningunni eða ekki. Um hitt þýðir ekki að deila, að aðstaðan er betri fyrir sveitirnar 1. júlí en 1. vetrardag, enda hefir hv. 4. landsk. þm. ekki getað mótmælt því með neinum skynsamlegum rökum. Slíkt eru vitanlega engin rök, þegar verið er að slá

því fram, að stórhríðar geti eins geisað 1. júlí og 1. vetrardag. Það er álíka og ef jeg segði, að sól gæti verið eins hátt á lofti í desember og júlí. Það kann að vera rigning 1. júlí, en alls ekki frost. Hitt kemur aldrei fyrir, að dagurinn sje lengri en nóttin í desember, a. m. k. ekki á meðan Ísland hefir óbreytta stöðu á hnettinum.

Þá vitnaði hv. 4. landsk. þm. í Ólaf sál. Briem og sagði, að við formælendur þessa frv. hefðum ekki eins mikla þekkingu á högum bændanna sem hann og bærum ekki eins mikinn góðvilja í garð sveitanna. Jeg tek það ekki nærri mjer, þótt jeg sje ekki settur eins framarlega í þessu efni og Ólafur sál. Briem, en það er bara sá galli á þessari röksemdafærslu, ef röksemdafærslu skyldi kalla, að aðstæðurnar hafa breytst, enda er enginn kominn til að segja, að Ólafur sál. Briem liti nú sömu augum á þetta mál og hann gerði fyrir 20 árum.

Hv. 4. landsk. þm. sagði, að það væri þýðingarlaust fyrir okkur að vera að færa kjördaginn, því að við gætum alveg eins búist við hríð 1. júlí eins og 1. vetrardag.

Þá sagði hv. þm., að hið eina, sem vit væri í, væri að lögbjóða, að ávalt skyldi vera gott veður á kjördag. Jeg býst nú við, að þetta hafi verið sagt í spaugi, enda tel jeg ólíklegt, að slíkur kraftur fylgi samþyktum Alþingis, að þau lög yrðu haldin.

Þá mintist hv. þm. á brtt. sínar og álasaði okkur fyrir það, að þær hefðu mætt mótstöðu. Jeg gerði nú ekki annað en að andmæla höglega annari brtt. Jeg þekki eigi af eigin reynslu dæmi þess, að þörf sje á þeirri breyt., að gera kjördag að hvíldardegi. En ef þær frásagnir af ójafnaði atvinnurekenda, sem hv. þm. hefir komið fram með hjer, eru sannar, þá myndi jeg telja ástæðu til að taka slíkt í lög. En jeg er ekki alveg sannfærður um, að svo sje, og upp til sveita hygg jeg, að slíkt eigi sjer ekki stað. En ef svo væri, að ofbeldisverk væru framin á verkalýðnum í þessum efnum, þá er vitanlega sjálfsagt að fyrirbyggja það.

Hv. þm. lauk máli sínu á þá leið að spyrja, hverju þeir þm., sem kosnir væru af kjósendum í kaupstöðum, ætluðu að svara þeim á dómsdegi, er þeir væru spurðir um afskifti sín af þessu máli. Jeg býst við, að þessari spurningu hafi verið beint til mín ekki síður en annara. Fyrir mitt leyti get jeg svarað þessu þannig, að það er sannfæring mín, að fyrir flest kauptún landsins — og öll kauptúnin í mínu kjördæmi — sje 1. júlí heppilegri kjördagur en fyrsti vetrardagur. Það getur að vísu verið, að hv. þm. eða flokkur hans geti fengið einhvern hóp til að greiða atkv. á móti færslu kjördags, en jeg held, að sá hópur verði aldrei stór. En hvað sem því líður, mun jeg ekki selja sannfæringu mína fyrir kjörfylgi, og ef kjósendur mínir geta ekki fylgt mjer með þá sannfæringu, er jeg hefi í þessu máli, þá verða leiðir að skilja. Jeg mun starfa hjer á þingi eftir bestu sannfæringu, en svo verður að fara sem verkast vill um næstu kosningar.

Jeg hefi þá vikið að flestu því í ræðu hv. þm., er máli skiftir, og hygg jeg, að ekki þýði að lengja umr. um málið úr þessu, því að líkur eru til, að þær verði svipaðar og hjá kerlingunum, sem sögðu: „Klipt var það“,

„skorið var það". Hv. deild mun vega þau rök, sem fram hafa komið með og móti, og þjóðin mun að lokum fella sinn dóm í þessu máli, og þeim dómi mun jeg hlíta.

Hjer á fundinum hefir verið útbýtt brtt. frá hæstv. dómsmrh., en út í efni þessarar till. fer jeg ekki fyr en hann hefir talað fyrir henni og lýst ástæðum til hennar.

**Jón Jónsson:** Jeg var vant við látinn í dag, er umr. hófust, og heyrði því ekki ræðu hv. frsm. minni hl. Jeg hafði satt að segja ekki átt von á þeim ummælum, er hann ljet falla þar í garð bænda, því að jeg hefi álitið hann kurteist prúðmenni til þessa. Jeg geri nú að vísu ekki ráð fyrir, að jeg erfi þetta við hann, því að það getur hent okkur alla, að við höfum ekki þá stjórn á skapi okkar sem skyldi.

Jeg get ekki stilt mig um að svara því nokkrum orðum, er hann var að færa að okkur samnm. sínum í landbn. Hann má gjarnan vera drjúgur yfir störfum sínum þar, en að hann geti sjerstaklega fært sjer til gildis, að hann hafi ekki felt úr hor, getur mjer ekki skilist. Hygg jeg, að hann hafi til þessa ekki haft svo stór fjárbú undir höndum, að það geti talist honum til sjerstakrar frægðar. Veit jeg ekki, hvernig hann fer að finna þeim orðum sínum stað um samnm. sína í landbn., að þeir hafi felt úr hor. Jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að enginn þeirra hafi gert það, og því sje hjer ekki um annað en ósvífinn sleggjudóm að ræða.

Þá sagði hv. þm., að flestir þingbændur væru hreppstjórar og oddvitar, sem ráðskuðu með harðri hendi heima í sinni sveit og kærðu sig kollótta um, þótt aðrir en þeir gætu ekki kosið til Alþingis. Kvað hann ennfremur svo að orði um þá, að þeir væru harðdrægir og stirðnaðir í formum og framkvæmdum ómannúðlegra laga. Jeg er nú ekki hreppstjóri — hefi aðeins verið settur um stund —, en oddviti hefi jeg hinsvegar verið um skeið. Um aðra þingbændur skal jeg ekki segja, hvort þeir gegna þessum störfum. En hvað sem því líður, tel jeg þennan dóm allskostar ómaklegan. Jeg hygg, að hjer sje um þá stjett opinberra starfsmanna að ræða, sem ef til vill hefir sýnt mesta ósjerplægni í starfi sínu. Á hreppstjórum áður og oddvitum nú hefir hvílt vanþakklátt og mikið starf og illa launað, eins og allir vita. Þeir eiga því síst skilið, að um þá sje farið slíkum brígslyrðum. Þeir hafa yfirleitt enga harðdrægni sýnt, heldur þvert á móti verið hjálparhellur síns sveitarfjelags á ýmsa lund. Og að þeir hafi bægt mönnum frá kosningu, held jeg að sje rangt með öllu.

Þá sagði hv. þm., að ríkt ástríða væri til þess hjá atvinnurekendum að bægja fólki frá að sækja kosningu. Ef þetta er mælt til sveitamanna, tel jeg, að þessi ummæli sjeu gersamlega ómakleg og ósæmileg. Loks kom hann með þá rúsínu, að við vildum enga sanngirni sýna í málinu, heldur aðeins vekja illindi út af því. Mjer finst fjarri því, að beitt hafi verið nokkrum ofsa í þessu máli af okkar hálfu. Jeg sje heldur ekki, að hann geti dróttað að okkur ósanngirni. Mjer finst ekki hafa borið mikið á því, að hann eða flokksmenn hans í Nd. hafi kært sig

um málamiðlun. Þeir komu fyrst á allra síðustu stundu með brtt., en annars hafa þeir ekki sýnt neinn vilja á öðru en hamast gegn málinu og heimta það drepið. Nú er ekki nema um tvent að gera, láta málið daga uppi eða samþ. það eins og það liggur fyrir. Hv. þm. ætti að geta skilið, að við getum ekki gengið svo í vatnið fyrir hann, að við förum að drepa málið eingöngu honum til þægðar, ekki ríkari ástæður en hann hefir borið fram gegn því í dag. Jeg mun því greiða atkv. gegn öllum brtt., til að tefja ekki málið.

Jeg skal ekki segja um, hvaða afstöðu jeg hefði tekið gagnvart brtt. hæstv. dómsmrh., hefði hún komið fram fyr en þetta. Það er langt frá því, að við viljum sýna kaupstöðunum nokkra ósanngirni. Annars held jeg, að hv. frsm. minni hl. geri alt of mikið úr þeim óþægindum, sem kaupstaðirnir hafi af færslu kjördagsins, enda stendur þeim opið eftir sem áður að kjósa utan kjörstaða.

Þá las hv. þm. upp ósköp af tölum í sambandi við kjörsókn við landskjörið 1926 um sumarið og haustið. Gallinn var bara sá, að þessar tölur sanna sama sem ekki neitt. Kappið í kosningunum til landskjörs um sumarið var miklu minna en um haustið. Um sumarið taldi hvor stóru flokkanna, og ef til vill Alþýðuflokkurinn líka, sjer einn mann vísan, en aftur var ómögulegt að sjá fyrir úrslit kosninganna um haustið. En þetta sannar ekki, að hægara hafi verið um sókn um haustið, enda var þátttaka minni en um sumarið í mörgum sveitum, en aftur meiri í kaupstöðunum. Þannig vissi jeg til, að í minni sveit sótti ekki nema ⅓ kjósenda kjörfund, enda var hríð framan af degi og kafa-ófærð.

Hv. þm. segir, að Ólafur Briem hafi talið heppilegt, að fyrsti vetrardagur væri kjördagur. En honum láðist að geta þess, að nefndin, sem hann var í, taldi alt annan kjördag heppilegastan fyrir Norður- og Austurland, enda þótt álit n. væri, að nota mætti fyrsta vetrardag. Þá höfðu menn heldur ekki reynsluna af því, hvernig sá dagur gæfist, enda var aðstaða þá alt önnur en nú. Kjósendur voru þá miklu færri en nú og kvenfólk hafði ekki kosningarrjett, en allir vita, að kvenfólk á erfitt með að sækja kjörfund í vondum veðrum. Auk þess er þátttaka orðin miklu almennari í kosningum nú en þá var, og því fleiri, sem þurfa að sækja kjörfund.

Jeg hygg því, að það orki ekki tvímælis hjá neinum þeim, sem þekkir til í sveitum landsins, að færsla kjördagsins sje mikil rjettarbót fyrir þær. Og ekki skil jeg í, að margir taki undir þær röksemdir hv. þm., að veður geti eins hamlað kjörsókn í júlí og 1. vetrardag.

Jeg mun ekki elta frekar ólar við hv. frsm. minni hl. Hann fór með ýmsa sleggjudóma og fjarstæður í ræðu sinni og var ólíkt ókurteisari en hann er vanur. En eins og jeg hefi sagt, býst jeg ekki við að erfa þetta við hann, því að þetta hefir sjálfsagt verið augnablikshrösun, sem alla getur hent.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg hefi flutt hjer brtt., öllu fremur þó til að marka afstöðu til þessa máls í framtíðinni heldur en að jeg búist við, að hún hafi áhrif á málið eins og

það liggur nú fyrir. Jeg hafði áður, er jeg átti sæti í allshn., reynt að miðla málum og haldið fram, að enginn einn kjördagur væri heppilegur fyrir alt landið, og sú skoðun kemur fram í þessari brtt. minni, sem jeg ef til vill tek þó aftur, áður en til atkvgr. kemur, af því að jeg óska ekki eftir að vinna málinu skaða á því stigi, sem það nú er.

Jeg held, að ekki verði um það deilt, að þeir aðilar, sem helst hafa átst hjer við, þeir hv. frsm. meiri hl. og hv. 6. landsk. annarsvegar og hv. frsm. minni hl. hinsvegar, hafi haft mikið til síns máls. Þó geri jeg nokkurn mun á afstöðu þeirra. Jeg hygg, að enginn sanngjarn maður geti neitað því, að ef einn kjördagur á að vera fyrir land alt, þá eigi hann að vera á þeim tíma, þegar náttúra landsins er þannig, að óhugsandi er annað en að allir geti komist ferða sinna. Jeg vil taka undir það með hv. frsm. meiri hl., að vel getur komið fyrir slík stórhríð á fyrsta vetrardag, að mikill hluti kjósenda í sveitum geti ekki kosið. Jeg minnist þess, að í æsku minni komu fyrir á þeim tíma slíkar hríðir, að oft var ófært milli bæja jafnvel dögum saman.

Það er auðvitað ekki því að neita, að í júní og júlí geta verið vond veður, eins og t. d. 7. júní í fyrra, þegar halda átti skemtisamkomu við Þjórsárbrú, sem lítið varð úr vegna stórrigningar. Þá var veðrið svo vont, að hjólreiðamenn hjeðan úr Reykjavík urðu veðurteptir á Kolviðarhóli. Það geta verið slæm veður á sumrin, en þó er það ekkert í samanburði við illviðrin á haustin. Jeg hefi áður minst á það, sem Sigurður heitinn Sigurðsson sagði við mig á fyrsta vetrardag 1919. Hann hafði þá lengi verið þm. Árn., en þann dag sagði hann: „Nú fell jeg í dag, því að það er vonskuhríð í uppsveitum Árnessýslu, en þar á jeg einmitt mitt besta fylgi".

Jeg álít, að sú skoðun, sem hv. 4. landsk. hjelt fram, að bændur gætu sætt sig við fyrsta vetrardag, sje bygð á ósanngirni gagnvart þeim mönnum, sem búa í miklu strjálbýli. Það mun altaf verða litið svo á, að fyrsti vetrardagur sje óhæfur kjördagur fyrir menn í flestum hjeruðum landsins. Jeg skal að vísu ekki segja um Gullbringu- og Kjósarsýslu, því að þar er yfirleitt mild veðrátta og undir fáum kringumstæðum hægt að búast við stórhríðum þar, en víðast annarsstaðar er hægt að búast við þeim hvenær sem er á þeim tíma árs. Það kemur ekki málinu við, þó að þetta hafi ekki orðið að miklu tjóni nú í nokkur skifti. Það er altaf hægt að búast við, að svo verði. Jeg álít, að ekki sje hægt að búast við öðru en að altaf verði uppi sterkar raddir um það frá bændum, að þessum miður heppilega kjördegi verði breytt. Hinsvegar hefi jeg altaf viðurkent, að það er ekki gallalaus aðferð að lögfesta þennan ákveðna kjördag fyrir alt landið, vegna hins mikla mannfjölda úr kaupstöðum og sjávarþorpum, sem eru þá í fjarlægum verstöðvum eða úti á sjó. Fyrir þær stjettir er fyrsti vetrardagur mjög hentugur kjördagur. Nú er yfirleitt sú stefna uppi hjer á Alþingi að lögfesta einn allsherjarkjördag, og ef svo á að vera, þá er sjálfsagt að hafa hann heldur 1. júlí en fyrsta

vetrardag, því að með því er framið minna ranglæti.

Út úr þessu er ekki nema ein leið, og hún er sú, að hafa kjördagana tvo, annan á vorin fyrir sveitirnar, en hinn á haustin fyrir kaupstaðina. Það eru þó nokkrir erfiðleikar á þessu, en jeg hygg, að þá megi yfirstíga. Jeg geri auðvitað ráð fyrir, að talið verði upp eftir hverja kosningu, svo að hægt sje að vita, hverjir hafi komist að, en hitt hefir sumum dottið í hug, að geyma atkv. þangað til búið væri að kjósa í öllum kjördæmum. Jeg býst við, að mönnum þyki þessi leið ekki fýsileg nú, er menn hallast helst að einum allsherjarkjördegi.

Það er í raun og veru bæði íslensk og útlend venja, að það geti verið fleiri kjördagar. Um 1900 og eitthvað þar áður rjeði hver sýsla, hvenær kosið var hjá henni, og þá gat frambjóðandi, sem fjell í einu kjördæmi, riðið yfir í það næsta og ef til vill náð kosningu þar. Þetta gafst vel hjer, og jeg sje ekki, að það sje neitt sjerstakt, sem gerir það nauðsynlegt að hafa sama kjördag fyrir alt landið. Í Svíþjóð var það venja fyrir nokkrum árum að láta kjósa marga daga í röð, og þá tók það kringum mánuð að kjósa til þings, og frjettir af upptalningu atkv. komu á hverjum degi. Þó eru engar slíkar kringumstæður í Svíþjóð eins og hjer, og ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu þar að hafa einn kjördag fyrir alt landið.

Jeg vildi aðeins benda á þessa millileið, en það getur vel verið, að jeg taki brtt. mína aftur, en jeg spái því samt, að þetta vandamál verði ekki endanlega leyst nema með málamiðlun. Ef þetta frv. verður samþ., þá er jeg fús til þegar á næsta þingi að vera með þeirri breyt., að vorkjördagur verði aðeins fyrir sveitirnar, en kaupstaðirnir fái jafnframt þann kjördag, sem hentugastur er.

**Jón Þorláksson:** Það var rjett, sem hæstv. dómsmrh. tók fram, að þess fundust dæmi áður, að kosningum til þings hagaði svo til, að þær tóku langan tíma. Nú er frá þessu horfið, og er aðalástæðan sú, að eftir að hraðinn varð meiri í viðburðalífinu, hefir það þótt viðsjárverðara að láta líða svo nokkurn tíma, að ekki væri til löglega skipað þing í landinu. Þessi sama mótbára kemur hjer til greina, því að með brtt. hæstv. dómsmrh. á að tvískifta kosningunni með nokkuð löngu millibili, og sje jeg þá ekki annað en að afleiðingin verði sú, að Alþ. verði vanskipað frá vori til hausts. Mjer finst þetta ekki vera forsvaranleg tilhögun um stjórnarfar landsins eins og nú er komið, þó að tilsvarandi ákvæði hafi verið viðunandi meðan lífið var fábreyttara og störf þingsins minni. Jeg fyrir mitt leyti get ekki fallist á þá brtt. að hafa kjördagana tvo, og auk þess vil jeg minna á þá reynslu, að meðan kjördagurinn var ekki fastákveðinn, þá óskuðu menn eftir að fá einn ákveðinn kjördag fyrir alt landið, því að það þótti valda óþægindum, ef kosning var kunn í einu kjördæmi áður en kosning fór fram í öðru.

Annars ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta. Það er búið að taka það fram áður, hver sanngirni það er að færa kjördaginn vegna veðurfars. Það hefir áreiðanlega mikið að segja fyrir sveitirnar. Hinsvegar geri jeg ekk-

ert úr óþægindum kaupstaðabúa eftir að búið er að lögleiða allar þær ráðstafanir, sem nú eru í l. um að menn geti neytt kosningarrjettar síns, þó að þeir sjeu ekki heima í kjördæmi sínu á kjördegi.

**Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):** Mikils þykir nú við þurfa, þegar ekki færri en fjórir af hv. dm. rísa upp hver á fætur öðrum til þess að halda uppi málstaðnum fyrir færslu kjördagsins. Mjer hefir altaf þótt það grunsamlegt, þegar svona margir þurfa að verja sama málstaðinn. Hann er þá venjulega ekki sem bestur.

Hv. 2. landsk. fann ástæðu til að þvo hendur sínar af því að vera með þessu máli. Hv. þm. tók það fram, að tölur sýndu í fljótu bragði, að kosningar væru betur sóttar á haustin, en svo vissi jeg ekki, hvað þm. ætlaði að liggja lengi yfir þeim til þess að reyna að fá eitthvað annað út. Hv. þm. veit, að það kjósa 10% fleiri fyrsta vetrardag heldur en 1. júlí, samkvæmt áður upplesnum hagstofuskýrslum, og það dettur heldur engum í hug að vjefengja þetta. Þá fann hv. þm. það sjer til afsökunar, að konur hefðu ekki verið neitt áfjáðar í að kjósa 1926, af því að þá var kona í kjöri. Skárri var það áhuginn hjá konunum! Hv. þm. ljet þó skína í það, að konur hefðu yfirleitt ekki verið ánægðar með þá konu, sem sett var efst á listann, og þess vegna ekki kosið hann, en bara komið fram með hann í þeirri von að fá dálítið af atkv. Mjer er nú kunnugt um það, að 700 konur hjer og úti um land samþ. að frú Bríet væri efst á listanum. Þar á meðal voru margar íhaldskonur. En ekki veit jeg, hvort hv. 2. landsk. var ein þeirra. En svo, þegar til kastanna kom, þá sneru þær flestar eða allar baki við sínum eigin lista, og gengu meira að segja á milli manna til þess að rýja af honum fylgið. Það þarf ekki annað en að benda á fundinn, sem þær hjeldu laust fyrir landskjörið um sumarið 1926, þar sem ýmsar þær helstu kvenrjettindakonur ákváðu að láta kvennalistann sigla sinn sjó. Það kom líka síðar á daginn, þegar atkv. voru talin, að þá fjekk frú Bríet ekki nema ein 500 atkv. frá þessum 6—7 þús. kvenkjósendum á öllu landinu, sem atkv. greiddu. Svona voru nú heilindin mikil, og svo á að afsaka það með því, að kona hafi verið í kjöri.

Jeg skal ekki bera á móti því, að margt geti hindrað kvenfólkið í ferðalög til kosningafunda, en hvað klæðnaðinn snertir, þá er það í ferðalögum víst flest farið að klæðast eins og karlar, svo að það getur ekki bagað.

Hv. 2. landsk. vildi halda því fram, að vegna fólksfæðar í sveitunum væri betra að hafa kjördaginn 1. júlí. Jeg get nú ekki sjeð annað en að fólksvandræðin í sveitunum sjeu eins mikil 1. júlí og 1. vetrardag. (**IHB:** Þá er sumarhjálpin farin). Hvað kallar hv. þm. sumarhjálp? (**IHB:** Kaupakonur). Nú, hv. þm. vill þá aðeins láta húsfreyjuna kjósa, en kaupakonurnar eiga að vera heima og vinna á meðan. Það eru eflaust einhverjir fleiri hv. þm., sem líta svo á, að það sje aðeins húsbóndinn og húsfreyjan, sem eigi að kjósa í sveitunum. Jeg

verð að segja það, að mjer brást illa liðsmaður, þar sem hv. 2. landsk. var. Mjer datt satt að segja ekki annað í hug en að hann mundi verða mjer samtaka um að hindra þessa kúgun, sem gerir konurnar svo afskiftar. Jeg er þess vegna hræddur um, að hv. þm. fái litlar þakkir, þegar hann kemur fram fyrir konur landsins við væntanlegt landskjör næsta ár og býður þeim sína pólitísku forsjá næsta kjörtímabil.

Þá hefir hv. frsm. meiri hl. talað hjer langt mál; þar var staðhæfing á móti staðhæfingu, líkur á móti líkum og rök á móti rökum, en sá er munurinn á mínum rökum og hans, að mín rök voru staðfest með tölum úr hagskýrslum, en rök hans voru hugboð, skoðanir og ímyndanir hans sjálfs. Jeg vil byggja á þeim rökum, sem eru óhrekjanlegur sannleikur, og jeg veit, að hv. frsm. meiri hl. er svo greinagóður maður, að honum kemur ekki til hugar að vjefengja þær skýrslur um landskjörskosningarnar 1926, sem jeg hefi flutt hjer fram.

Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að þó að mætir menn hefðu ákveð[illegible] kjördag á fyrsta vetrardag, þá hefði reynslan sýnt það síðan, að hann væri mjög óheppilegur. Jeg vil aftur á móti halda því fram, að þessum mætu mönnum hafi alls ekki skjátlast. Fyrir því eru skjalfestar sannanir, og reynslan er sú, að kjörfundir eru aldrei betur sóttir en einmitt á fyrsta vetrardag. Ummæli Sigurðar heitins Sigurðssonar sanna lítið. Hann sagðist sjá það fyrir, að hann mundi falla í Árnessýslu á 1. vetrardag 1919, af því að veðrið væri svo vont. Það er nú svo, að það bregður hverjum á sínu banadægri, og þetta var einmitt hinn pólitíski dauðdagi Sigurðar. Það var fyrirfram vitanlegt, að Sigurður var búinn að tapa sínu fylgi í Árnessýslu og hlaut að falla. Til þess þurfti ekkert óveður, en það er eðlilegt, að menn vilji finna sjer eitthvað til afsökunar undir slíkum kringumstæðum, og þá er veðrið ekki verra en hvað annað.

Jeg skal geta þess út af ummælum hv. 6. landsk. og hv. frsm. meiri hl., að þar sem jeg talaði um, að atvinnurekendur bönnuðu verkafólki að sækja kjörfund, þá átti jeg við atvinnurekendur við sjó. Mjer höfðu alls ekki dottið bændur í hug, en hitt er sennilegt, að kaupafólk eigi yfirleitt ekki heimangengt, sjerstaklega ef það þarf að fara langa leið til þess að skila atkv. sínu.

Mjer þætti gaman að vita, hvað hv. frsm. þykist fá út úr þessum tölum. Ætli hann fengi ekki það, að kjörsóknin er betri, hvort sem teknar eru sveitir út af fyrir sig eða kaupstaðir út af fyrir sig? Hjer er ekki að fá neitt út. Tölurnar sýna sig. Á Ísafirði og Akureyri þóttist hv. frsm. fá heldur en ekki góða ástæðu til að sanna sitt mál. Hann sagði, að á Akureyri og Ísafirði hefðu menn verið áhugalausir og því hefðu ekki margir sótt kosningu þar. En ástæðan var sú á þeim stöðum, að jafnaðarmenn vildu ekki kjósa, af því að þeirra flokksmaður var ekki í kjöri. Þessu var og beint lýst yfir í blöðum þeirra á Ísafirði, að menn vildu ekki gerast taglhnýtingar Framsóknar, eins og Guðmundur í Gufudal orðaði það.

Þá sagði hv. þm., að tölur sönnuðu ekkert, nema því aðeins, að teknar

væru frá margra ára tímabili og bornar saman. Jeg er sannast að segja ekki fróður um það, hvort við getum tekið margra ára tímabil til þess að bera saman kosningu 1. júlí og 1. vetrardag. En jeg held, að það sjeu ekki nema örfáar kosningar, sem hægt er að bera saman, og að þær sjeu nú þegar bornar saman. Þessar kosningar 1. júlí og 1. vetrardag eru skýrasta dæmið. Það liggja ekki aðrar skýrslur fyrir. Menn geta lengi sagt: jeg vildi, að skýrslurnar væru svona eða hinsvegar, næðu yfir 10—20 ár o. s. frv. Jeg skil það vel, að þeir hv. þm., sem hafa talað með færslunni, vildu, að þessar ótætis hagskýrslur væru ekki svona.

Það var sagt um Ólaf Briem, að hann væri gerhugull maður með afbrigðum og hefði sjeð langt fram í tímann flestum öðrum fremur. Jeg vík enn að því, að hann sagðist álíta kjördag fyrir alt landið heppilegastan 1. vetrardag — að öllu athuguðu. Í Skagafirði, þar sem hann starfaði lengst, er kjörfundarsókn nákvæmlega sú sama 1. vetrardag og 1. júlí; það sækja 500 báða dagana. Það sýnist því, að hann hefði ekki verið frá því að líta á 1. vetrardag sem heppilegan fyrir Skagfirðinga sjerstaklega.

Jeg þakka nú frsm. meiri hl. fyrir það, að hann vill taka til athugunar brtt. mína um það að gera kjördaginn að löghelguðum hvíldardegi. Væri hún samþykt, er það dálítil bót, þótt það engan veginn ráði bót á því vandræðaástandi fyrir mikinn fjölda fólks, ef kjördagurinn er fluttur til 1. júlí.

Þá vjek hv. þm. nokkrum orðum að afstöðu kaupstaðabúa fyrir austan til færslu kjördagsins. Hann bjóst kannske við því, að jeg hefði getað fengið hóp manna til þess að greiða atkv. gegn færslunni. Jeg vildi nú, að hv. þm. hefði ekki orðað það á þessa lund, að jeg hefði fengið menn til þess, því að jeg geri ráð fyrir, að kjósendurnir austur frá geti nokkurn veginn vitað sjálfir, hvaða dagur er þeim heppilegastur. Jeg geng út frá því, að þeir hafi myndað sjer skoðun um þetta efni. Og þó að hv. þm. sje ólíkt kunnugri austur frá en jeg, held jeg að jeg verði að tefla fram þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið frá kunnugum mönnum úr hans kjördæmi, að ýmsir af hjeraðsbúum sjeu þá allfjarri sínu heimili, í verstöðvum, og því ekki hægt um vik með atkvgr. við kosningar, og að þeim mundi koma betur, að kjördagurinn væri ekki sá, sem frv. fer fram á.

Jeg ætla ekki neitt að fara út í það, hve strangt kjósendur hv. þm. taka á afstöðu hans til þessa máls. En jeg veit alveg fyrir víst, að fólkið í sjávarþorpum og kaupstöðum landsins er eindregið þeirrar skoðunar — svo að segja hver maður —, að kjördagurinn, sem nú er, sje mjög heppilegur.

Þá má í þessu sambandi minnast á það, að samhliða því, að kaupstaðir og kauptún hafa miklu færri fulltrúa eftir fólksfjölda, á nú ennþá að þrengja kosti þeirra með því að gera þeim erfiðara um kjörfundarsókn. Þetta er í raun og veru ekkert annað en tilraun til að færa valdið ofurlítið til. Það endurtekur sig víða sama sagan. Sumstaðar hafa menn verið svo skammsýnir og ófrjálslyndir og sjálfselskir, að þeir hafa ekki látið undan fyr en þeir sáu annaðhvort

sverðið á lofti eða framan í byssuhlaupið. Þannig var það á Englandi, þegar borgir mynduðust og sveitirnar tæmdust, svo að ekki urðu eftir nema nauðafáar hræður í sumum kjördæmunum. Í einu kjördæminu var aðeins einn kjósandi eftir, og hjelt hann áfram að kjósa um tíma, en tugir þúsunda í kaupstöðunum fengu ekki að kjósa einn einasta mann.

Jeg vona, að það ríki ekki sú ósanngirni hjer í sambandi við kjördæmaskipunina, að til neinna slíkra neyðarúrræða þurfi að taka. Enda vil jeg ekki láta menn álíta, að jeg sje að hóta byssum og sverðum. Jeg sagði þetta aðeins sem dæmi úr sögunni, sem hefir komið fyrir og altaf getur hent sig, svo framarlega sem ekki er við gert í tíma.

Dálítill gustur stóð af hv. 6. landsk., þegar hann fór af stað. Honum þótti jeg bæði hafa verið illmáll og ókurteis, og sjerstaklega í garð bænda. Raunar er það nú ekki rjett, að jeg hafi verið illmáll í garð bænda, heldur þeirra, sem vilja þröngva þessu máli fram. En það er ekki að furða, þótt nokkuð fast sje kveðið að orði, þegar slíkt rjettarrán á fram að fara eins og færsla kjördagsins er. Því að í raun og veru er verið að ræna nokkuð mörg þúsund íslenskra kjósenda rjetti sínum til þess að taka þátt í landsmálum. Er eðlilegt, að maður sje harðorður í garð þeirra, sem beita sjer fyrir þessu. Mjer hefir fundist afstaða ýmissa manna til þessa máls svo einstrengingsleg hjer á þingi, að þeir hvorki vildu líta til hægri nje vinstri, heldur þeysa þeir áfram og vilja nota afl meiri hlutans til þess að knýja fram ranglátt mál til mikils skaða fyrir meiri hluta þjóðarinnar. Jeg fullyrði, að það sje til skaða fyrir 65 þús. í landinu að flytja kjördaginn, en hinar 35 eða 37 þús. hafa ekkert gagn af þessum flutningi. En ef bændur vilja hafa sinn kjördag 1. júlí eða 1. laugardag í júlí, hví ekki að lofa þeim það? En þeim nægir það ekki. Þeir vilja ekki lofa hinum, sem öðruvísi stendur á fyrir, að hafa sinn eiginn kjördag á öðrum tíma. Þegar þetta er nefnt í þinginu, er hamast á því, að málið þoli enga bið o. s. frv.

Þar sem hann var að tala um horfelli, má vera, að jeg hafi kveðið nokkuð fast að orði um landbn.menn; en satt að segja átti það ekki við landbn.menn í Ed., heldur þá í Nd. Annars hefir mjer ekki fundist nein úlfúð vera milli mín og bænda í hv. deild.

Þá var hv. þm. reiður fyrir hönd oddvita og hreppstjóra og taldi þá hafa unnið hin ósjerplægnustu verk. Efast jeg ekki um, að til sjeu þeir slíkir, en hitt veit jeg, að til eru mörg dæmi þess, að þeir eru harðsvíraðir menn og harðstjórar, sem vilja drotna og sitja yfir hlut hvers manns. Einna herfilegast allra manna virðast mjer þeir koma fram gagnvart rjettindamálum manna, bæði innan þings og utan. Jeg sagði, að þeir væru stirðnaðir í ómannúðlegri framkvæmd fátækralaganna og sveitarstjórnarlaganna, og það get jeg í raun og veru staðið við. Það er kannske ekki nema mannlegt að festast svo í sínu starfi. En jeg álít, að það hafi heldur tekist illa hjá þeim flestum hjer á þingi að koma fram mannrjettindamálum, alveg sjálfsögðum og alveg kostnaðar-

lausum líka. Mörg mannrjettindamál hafa fallið í þinginu bara fyrir það, að menn voru stirðnaðir í eldri formum.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði enga málamiðlun viljað, en flokksmenn mínir í Nd. hefðu á síðustu stundu viljað koma að brtt., en hafi þá verið of seint. Hefir hv. þm. þá ekki sjeð mínar till.? Jeg bar hjer fram — og ekki óhæfilega seint — mína brtt. um það, að hafa tvo kjördaga. Annars var það hrein og bein rangsleitni af meiri hl. í Nd., þegar hann vildi ekki leyfa að koma að brtt., svo að hægt væri að greiða atkv. um hana þar. Því að það var nægur tími til afgreiðslu málsins, ef það á annað borð átti að ganga fram.

Þá sagði hv. þm., að þeir vildu ekki fara að ganga í vatnið fyrir mig með því að fara að breyta þessu frv. Jeg veit sannarlega ekki af orðanna hljóðan, hvað hann hefir átt við, en þykist þó skilja anda þessara ummæla og hjer um bil á þessa leið: Við framsóknarmenn erum búnir að gera þetta að okkar máli og berjast fyrir því um langt skeið; og ef það ekki kemst fram, koma ótætis íhaldsmennirnir og segja, að við höfum ekki þorað að halda því til streitu fyrir jafnaðarmönnum. — Jeg býst við, að þetta sje það, sem hann kallaði að ganga í vatnið. En jeg held hv. þm. ættu ekki að vera svona spjehræddir, — ef þeir gætu forsvarað afstöðu sína til málsins og gert rjett meiri hl. landsmanna og fullnægt um leið rjettindum minni hlutans.

Þeir segja, að annaðhvort verði að samþ. málið eða fella. En hvað liggur málinu á? Því er svarað, að það sje komið svo langt, að ekki megi hætta við það. En það er engin kosning framundan, svo að við vitum til. Það eru tvö ár þangað til. Það er alveg nógur tími að taka málið upp á þinginu 1931 og afgr. þá, eftir því sem menn koma sjer saman um. Er ekki vonlaust, að á þeim tíma, sem er þangað til, geti kaupstaðabúar, sem samkomulag vilja, komið sjer svo við fulltrúa sveitahjeraðanna, sem vilja breyta kjördeginum, að þeir fyndu þá lausn þessa máls, sem báðir aðiljar mættu nokkurn veginn við una. Í rauninni er það ekki annað, sem jeg fer fram á. Og jeg get bent á framkomu mína í þessu máli í mörg ár. Jeg hefi altaf sagt, að jeg gerði það ekki að aðalatriði að halda þessum kjördegi fyrir sveitirnar, ef þær telja sjer betur borgið með því að breyta til; en jeg segi, að 1. vetrardagur sje hentugri fyrir kaupstaðina og því eigi þeir rjett á að hafa hann. En menn hafa ekki viljað neina málamiðlun og telja, að það þurfi svo að flýta málinu. En því liggur ekki nokkurn skapaðan hlut á, því að það eru engar kosningar fyrir dyrum.

Hv. þm. sagðist hafa ruglast í þessum tölum, sem jeg fór með. Mjer þykir sannarlega vænt um, að það sjest, að hv. þm. hafa ekki viljað koma nærri þessum tölum. Þær eru líka svo ákaflega óþægilegar fyrir þá. Þær standa þarna og er ómögulegt að hrófla við þeim, hvernig sem að er farið. Þetta eru ótugtar tölur fyrir hv. þm. Hann sagði, að þær sönnuðu lítið. En þær sanna bara alt. Jeg vil samt ekki heimta annan kjördag af bændum, en að þeir lofi kaupstöðunum að vera í friði.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið meira kapp í kosningunum 1. vetrardag en 1. júlí 1926 vegna þess, að 1. júlí hefðu flokkarnir þrír — eða a. m. k. tveir — átt vísan mann í þingsæti. Hann sagði, að e. t. v. hefði minn flokkur ekki verið viss með mann. Ef við tökum atkvæðatölurnar frá 1926 hjá flokkunum, þá hafði Framsóknarflokkurinn ekki nema liðug 200 atkv. fram yfir Alþýðuflokkinn, svo að fyrirfram var ekki hægt að sjá, hvor flokkurinn var vissari. En jeg fullyrði, að það hafi með eðlilegum hætti verið meiri vinna lögð í kosningarnar 1. júlí en 1. vetrardag, þar sem voru fimm listar og fimm frambjóðendur fóru um þvert og endilangt landið og þeirra fulltrúar og sendimenn, og reyndu sem þeir gátu að róta við fólkinu. En það var atvinnan og vinnuhugurinn, sem dreifði áhuganum, svo þátttaka varð samt minni í sumarkosningunni. Það er svo, að þó að menn megi virkilega anna vegna sækja kosningu, þá er hugurinn við það bundinn að undirbúa sumarstarfið. 1. vetrardag 1926 var miklu minni áhugi fyrir kosningum, af þeirri einföldu ástæðu, að þar börðust bara tveir flokkar. Og Jafnaðarmenn studdu „Tíma"-menn, ýttu undir sína menn að kjósa, en það veit jeg allra manna best, að það var sumstaðar erfitt að fá verkalýðinn til þess að kjósa framsóknarlistann, og allmargir drógu sig í hlje, svo sem áður er sagt.

Þá var hv. þm. illa við, að jeg nefndi Ólaf Briem. Hann vildi ekki hafa eftir honum þau ummæli, sem jeg las upp. Hann hafði það eftir þessum mæta manni, að þessi dagur gæti gengið. En hann sagði það ekki, heldur: að öllu athuguðu er þetta besti dagurinn. (**JónJ**: Hvað sagði hann þá um Austurland?). Hann sagði, að haganlegasti dagurinn fyrir Austfirðinga væri 10. september. Það er ekki viðlit, að hv. þm. vilji taka þá till. til greina. En haganlegastur dagur fyrir alt landið sagði Ólafur Briem að væri 1. vetrardagur. Hann sagði ekki, að þessi dagur „gæti gengið", heldur að hann væri hentugastur að „öllu athuguðu".

Þá er það brtt. hv. dómsmrh. Hún fer í svipaða átt og jeg hefi haldið fram, að hentugast væri, þegar rætt hefir verið um kjördagsmálið á undanförnum þingum. Get jeg því sætt mig við, að hún verði samþ., en hygg hinsvegar, að till. geti varla staðist að forminu til, nema seinni liður minnar till. sje tekinn upp.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það hefðu heyrst sterkar raddir frá bændakjördæmunum um að færa kjördaginn. Jeg verð nú að játa það, að jeg hefi ekki orðið var við neinar slíkar raddir, enda held jeg, að þær sjeu ekki til, því að varla verður það rakið til bændanna, þótt hæstv. ráðh. kunni að hafa sett fram einhverjar kröfur í þessu efni í blaði sínu. Jeg hefi enga trú á því, að allar þær raddir, sem í „Tímanum" gjalla, sjeu runnar undan rifjum bændanna, þó að hæstv. ráðh. vilji svo vera láta. Og jeg minnist þess ekki að hafa sjeð á þetta drepið í neinni þingmálafundargerð úr sveitakjördæmunum. Hinsvegar man jeg eftir því, að Þórarinn á Hjaltabakka ljet svo um mælt við mig á þingi 1924, að 1. vetrardagur væri að sínu áliti heppilegasti kjör-

dagurinn fyrir sveitirnar þar fyrir norðan. Má og leggja allmikið upp úr dómi hans í því efni. En mjer skilst, að afstaða hæstv. dómsmrh. sje sú, að hann geti verið með till. mínum, ef hann tekur sínar aftur. Það er nógur tími til þess að koma þessu máli í gegn síðar, þótt það dagi uppi nú.

Hv. 3. landsk. þm. lýsti ánægju sinni yfir því, hve þetta mál væri nú langt komið. Mig undrar það ekki. Hann hefir jafnan, frá því hann fyrst kom á þing, verið með því að svifta verkafólkið kosningarrjetti sínum á þennan hátt. Hann vill ekkert gera úr þeim óþægindum, sem fólki er bakað með því að láta kosningarnar fara fram yfir sumartímann. Hann lokar augunum alveg fyrir því, að verkafólkið verður að hverfa fyrirvaralaust að heiman yfir sumarið, vegna atvinnu sinnar, og oft og tíðum áður en framboðsfrestur er útrunninn, svo að það hefir engin tök á að fylgjast með framboðunum. Auk þess liggur nokkur grunur á því, að hreppstjórar og aðrir embættismenn leiki það að segja mönnum rangt til um bókstafi listanna. Jeg þekki þess dæmi frá Austurlandi, að kjósendur hafa verið tældir á þennan hátt. (PH: Hvernig er það á Vesturlandi?). Þaðan er ekki betri sögu að segja, nema ef verri væri, þar sem var kosningaverksmiðja Íhaldsins í Hnífsdal. Það er því ekki fjarri líkindum, að þessa sjeu dæmi á hverju landshorni.

Hv. 3. landsk. þm. sagði, að menn væru nú yfirleitt fallnir frá því að láta kosningar fara fram á ólíkum tíma í hinum ýmsu kjördæmum. Jeg veit nú ekki betur en að fordæmi sje fyrir þessu í Svíþjóð, þar sem kosningar standa þar yfir í 2 mánuði. Svíar eru gömul menningarþjóð, sem við gætum margt lært af, svo að jeg býst ekki við, að þeir mundu halda neinu því formi, sem ekki er gott og gilt stjórnarfarslega sjeð. Enda fæ jeg ekki sjeð, að nokkuð sje á móti því að hafa kjördagana tvo. Jeg skal gjarnan ganga inn á það, að bændum sje veittur annar kjördagur en kaupstaðabúum. Jeg skal gjarnan taka höndum saman við Íhalds- og Framsóknarflokkinn um það að lögskipa 1. júlí sem kjördag fyrir sveitirnar, **en ef þessir flokkar vilja ekki samkomulag um þetta, þá er það af því, að þeir ætla að sýna ranglæti.**

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg skal ekki tala eins lengi, hafa eins hátt, fullyrða eins mikið nje snúa eins út úr og hv. 4. landsk. þm. Hann þóttist vera að svara mjer, en ræða hans var meira árás á mig en svar við því, sem jeg sagði um þátttöku kvenna í kosningunum 1926, og svo ýmsar hugleiðingar frá sjálfum honum um eitthvað, sem jeg hefi aldrei sagt og ekkert kemur málinu við. Vegna þess, hvernig hv. 4. landsk. þm. hóf þessa svarræðu sína til mín, hafði jeg ekki skap í mjer til þess að hlusta á þær rangfærslur, öfugmæli og aðdróttanir, sem hann leyfði sjer að hafa í frammi í skjóli þinghelginnar, og get af þeirri ástæðu ekki svarað nema fáu einu úr ræðu hans.

Í minni fyrri ræðu lýsti jeg ánægju minni og þakklæti yfir að fá að kynnast talnaskýrslum hv. 4. landsk. þm., og lagði þær til grundvallar fyrir því,

sem jeg þá sagði um þátttöku kvenna í kosningunum 1. júlí og 23. okt. 1926. Notaði jeg þessar tölur samviskusamlega, en ekki með óráðvendni.

Hv. 4. landsk. þm. var að drótta því að mjer, að jeg hefði gefið í skyn, að konur hefðu sótt júlí-kosningarnar 1926 verr en búast hefði mátt við, þar sem þá var um kvennalista að ræða, vegna þess að Bríet Bjarnhjeðinsdóttir var efst á þeim lista. Þetta er mjög ómaklegt í minn garð. Jeg hefi við önnur tækifæri átt kost á að skýra frá áliti mínu á þessari þjóðkunnu konu, og lýsi jeg það sem tilhæfulaus ósannindi, að jeg hafi sagt nokkuð í þessa átt, og sömuleiðis það, að jeg hafi unnið á móti þessum lista. Það eru mörg vitni að því, að jeg þvert á móti á fundi skoraði á konur að sýna meiri áhuga og fylkja sjer utan um þennan lista. Þetta eru því vísvitandi rangfærslur hjá hv. 4. landsk. þm., eða þá sprottið af fávisku hans. En það er fáviska, þegar menn eru að fleipra því, sem þeir kunna engin skil á. Jeg get bætt því við, að á þeim fundi hvatti jeg einmitt konur til þess að sýna nú lit — sýna, að þær hefðu eitthvað að þakka þessari merku forgöngukonu kvenrjettindamálanna hjer á landi. Jeg læt þessa getið til þess að taka af allan vafa um það, að jeg hafi unnið að því að rýra álit kvennalistans.

Jeg tók það fram í ræðu minni í dag, að það hefði verið unnið of lítið fyrir kvennalistann 1926. Hv. 4. landsk. þm. veit það ósköp vel, að það þarf meira að gera en að stilla mönnum upp á lista, að það þarf að vinna fyrir hann, eða eins og það er kallað, „agitera“ fyrir honum. Enn sem komið er eru konur ekki komnar eins langt, sem betur fer, í að beita miður heiðarlegum meðulum í þessu skyni og sumir karlmenn hafa látið sjer sæma. En skylt er að taka það fram, að allir frambjóðendur eiga hjer ekki óskift mál. Konur hafa ekki haft efni á því að borga dýrar ferðir til fundarhalda og senda „smala“ fyrir hvers manns dyr. Þær hafa orðið að vinna af eigin kröftum og vilja, en engu fje haft úr að spila. En hv. 4. landsk. þm. kannast ef til vill við fjelagsskap, sem ver miklu fje, hvaðan sem það er komið, í þessu skyni. Skal jeg ekkert um það segja, hvort þeir menn, sem fyrir þessum fjelagsskap standa, eru honum heilir, en það er mest um vert, að þeir noti hann rjett og vel, en hafi hann ekki fyrir stiga. Má og svo fara, að þau höft fúni, sem þannig eru fengin.

Hv. 4. landsk. þm. hjelt því fram í sinni fyrstu ræðu í dag, að vinnuveitendur settu verkafólki sínu oft stólinn fyrir dyrnar með að kjósa. Út af þessu benti jeg á það í minni fyrri ræðu, að slíkt framferði væri saknæmt að lögum, ef einhver vildi banna öðrum að neyta kosningarrjettar síns, og sagðist ekki efast um það, að þeir menn, sem sjerstaklega gefa sig út fyrir að gæta rjettar lítilmagnans, eins og hv. 4. landsk. þm. gerir, væru fúsir á að lögsækja þá vinnuveitendur, sem uppvísir yrðu að slíku. Ennfremur gat jeg þess, að 1. júlí væri heppilegri kjördagur fyrir konur í sveit en 1. vetrardagur, vegna þess að þá væri sumarhjálpin farin. Út af þessu fann hv. 4. landsk. þm. ástæðu til þess að bera mjer á brýn, að jeg kærði mig kollótta, þótt kaupa-

konurnar gætu ekki neytt kosningarrjettar síns. Þetta er útúrsnúningur og illgirni — og ekkert annað. Jeg hefi fullan hug á því að sýna sanngirni og láta lítilmagnann hafa sinn óskoraða rjett. Leikaraskapinn í þeim efnum get jeg látið hv. 4. landsk. þm. eftir.

Þá fór hv. 4. landsk. þm. að skopast að klæðnaði kvenna. Jeg sje ekkert skoplegt við það, þótt konur til sveita sjeu öðruvísi klæddar en karlar á ferðalögum. Þær ríða flestar í söðli og nota söðulreiðföt, en fæstar hnakk og buxur. Svo fór hann að tala um það, hv. 4. landsk. þm., að ýmislegt annað gæti orðið konum að farartálma en illveður. Taldi hann, að það þyrfti að hlífa konum við erfiðum ferðalögum, þær væru „hið veika kyn" o. s. frv. En jeg verð nú að segja hv. 4. landsk. þm. það, að jeg tek ekkert mark á þessum fagurgala hans eða hlífðarsemi í garð kvenna. Jeg vil, að konur fái að njóta jafnrjettis síns án þess að sí og æ sje verið að stagast á því, að taka verði sjerstakt tillit til þeirra sem „hins veika kyns".

Þá gaf hv. 4. landsk. þm. það í skyn, að jeg hefði misnotað tölur hans. Nei, jeg notaði þær rjett og sýndi fram á það, að þær konur, sem kjörfund sóttu 1. júlí 1926, voru ekki nema 81 færri en hinar, sem kusu 1. vetrardag það sama ár, í öllum sveitakjördæmunum til samans. En það er allhart, að ekki skuli vera hægt að treysta því, að landsk. þm. fari rjett með það, sem hann hefir eftir manni, heldur rangfæri það alt og ranghermi. Jeg veit ekki betur en að það sje viðurkent af flestum, að síðan konur fengu kosningarrjett sje meiri ástæða til að breyta kjördeginum en áður. Hefir þetta og komið fram hjer í umr. í dag, og hv. 4. landsk. þm. meira að segja játað það óbeinlínis.

Jeg hirði ekki að rekja rangfærslur hv. 4. landsk. þm. frekar, en vil þó benda honum á það að síðustu, þar sem hann leggur til, að kjördagarnir verði hafðir tveir, að þetta er beint á móti kosningalögunum. 23. gr. þeirra l. hljóðar svo: „Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur". Og síðari málsgreinin: „Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi farið fram á þeim degi".

Þetta finst mjer taka af öll tvímæli um það, að kjördagurinn eigi að vera einn. (**JBald:** Vill hv. þm. ekki lesa brtt. mína?). Jeg hefi gert það. Ennfremur get jeg vitnað í 1. málsgr. 18. gr. máli mínu til sönnunar. Hún er á þessa leið: „Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega, svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikur á undan *kjördegi*".

Jeg læt hjer staðar numið. Jeg bjóst ekki við því, að jeg mundi þurfa að standa í illdeilum við hv. 4. landsk. þm. út af ræðu minni í dag, þó að jeg tæki til athugunar talnaregistur hans og færði rök fyrir skoðun minni á grundvelli hans eigin talna. Hvað það

snertir, að hv. 4. landsk. þm. hafi brugðist vonir um mig, get jeg lýst yfir því, að jeg hefi aldrei gefið neitt það í skyn, sem gæfi honum ástæðu til að vonast eftir fylgi mínu við það, sem hann heldur fram í þessu máli. Þau vonbrigði verður hv. 4. landsk. þm. því að skrifa á sinn reikning, en ekki minn.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Jeg þarf að svara hv. 4. landsk. þm. nokkrum orðum. Hann sagði, að rök mín fyrir þessu máli væru ekki annað en hugboð og ímyndun. Er það hugboð, að það sje lengri dagur 1. júlí en 1. vetrardag? Eða þá það, að von sje meira illviðris 1. vetrardag en 1. júlí? Nei, þetta eru staðreyndir, sem ekki þýðir að mæla á móti.

Þá sagði hann, að það væri skjalfest reynsla, að 1. júlí væri heppilegri kjördagur en 1. vetrardagur. Mun hann þar hafa átt við þann samanburð, sem hann gerði á kosningunum 1. júlí og 1. vetrardag 1926. Það er nú um þessar tölur eins og aðrar tölur, að útkoman fer eftir því, hvernig dæmið er reiknað. Jeg segi ekki, að þessar tölur hv. 4. landsk. þm. sjeu rangar, en hinn leyfi jeg mjer að halda fram, að það sje hæpið að draga ályktanir af þessum tölum út af fyrir sig. Það hafa oftar farið hjer fram kosningar 1. júlí en 1926; síðustu almennar kosningar fóru þannig fram 1. júlí. En jeg hefi ekki haft aðstöðu til að kynna mjer, hversu vel sú kosning var sótt, vegna þess að þau gögn, sem þar að lúta, eru óprentuð. Mjer þykir þó ekki ósennilegt, að hluttakan í þeirri kosningu hafi verið miklu meiri en í kosningunni 1. vetrardag 1926. En eins og jeg hefi bent á áður, þarf að taka meira en kosningasóknina í eitt skifti, ef byggja á á þessum grundvelli.

En aðstaðan breytist ár frá ári. Jeg get t. d. bent á það, sem jeg rak augun í í dag. Kjósendum fjölgar ekki svo lítið frá því í júlí og fram í okt. Í mínu kjördæmi fjölgaði kjósendum um 20 á þessu tímabili árið 1926. Það er óteljandi margt, sem taka verður til greina, ef á að fá rjett út úr þessum samanburði. Jeg hefi ekki rannsakað, hve miklu þessi fjölgun nemur um land alt, en þetta sýnir, að ekki má taka þessar tölur og reikna með þeim eins og í einföldu reikningsdæmi.

Jeg er þakklátur hv. þm. fyrir skýringu þá, er hann gaf á ummælum sínum um þá atvinnurekendur, er beita vinnufólk sitt þeim ókjörum að svifta það atvinnu, ef það ætlar að neyta kosningarrjettar síns. Hann gat þess, að það ætti sjer aðallega stað við sjávarsíðuna. Jeg endurtek það, að jeg veit þess ekki dæmi, en jeg staðhæfi ekkert um, að það geti ekki verið rjett fyrir því. En færsla kjördags kemur þessu máli ekkert við. Það má alveg eins beita þessu bragði 1. vetrardag sem 1. júlí.

Þá vildi hann gera lítið úr því, sem jeg sýndi fram á í dag, að kosningin á Ísafirði 1926 sannaði, að áhugi kjósenda væri áhrifamestur. Og sannar það dæmi glögglega, hversu ákaflega lítið er á tölum hans að byggja.

Hv. þm. vildi gefa það í skyn, að kjósendur úr mínu kjördæmi hafi látið það í ljós, að þeir teldu færslu kjördags vera sjer í óhag. Það getur vel verið. En jeg get sem kunnugur maður fullyrt, að það er mjög óvíða,

sem þar stendur svo á, því þar er lítið um menn, er fara í atvinnuleit í aðrar sveitir. En ekki síst í því kjördæmi er hægra að sækja kjörfund í júlímánuði en í skammdeginu, því þar hagar víða svo til, að yfir sjó er að fara. Og það eru minni örðugleikar að fara yfir firði fram og aftur, þegar birta er allan sólarhringinn, eða þegar einungis er bjart þriðjung hans. Hann sagði, að kjósendur viti best, hvað þeim sjálfum hentar, en vilji kjósenda liggur ekki fyrir öðruvísi en gegnum fulltrúa. Og það er ekki ástæða til að ætla, að fulltrúar líti öðruvísi á þetta mál en meginþorri kjósenda.

Hv. þm. sagði, að afstaða okkar fylgismanna frv. væri einstrengingsleg og við vildum alls ekkert samkomulag. Það hefir nú að vísu reynt lítið á það. Sæi jeg einhverja samkomulagsleið, þá er jeg ekki mótfallinn því, að hún verði reynd.

Ekki get jeg sjeð, að færsla kjördags nálgist það, er hv. þm. nefndi hana, rjettarrán. Því í sjálfu sjer er ekki tekinn rjettur frá neinum kjósanda, þó hann sje að heiman í atvinnuleit. Lögin áskilja þeim fullan rjett. Þeir eiga einungis í dálítið meiri örðugleikum með að koma atkv. sínu til skila. Og hitt eru öfgar, að 65 þús. manns sjeu rændir rjetti með þessu! Í fyrsta lagi er enginn rændur rjetti, eins og jeg hefi sýnt fram á, og í öðru lagi eru ekki til 65 þús. manns á öllu landinu, er hafa kosningarrjett, því síður að það sjeu 65 þús. kjósendur í kaupstöðum landsins. Hv. þm. veit þetta vel, og þó jeg hafi fylgt honum í því að rýmka kosningarrjettinn, þá vil jeg ógjarnan ganga svo langt að veita hann börnunum í vöggunni. Jeg vil a. m. k. frábiðja mjer þann heiður að hafa gert það. En þessi ummæli hans urðu ekki skilin öðruvísi en svo, að verið væri að ræna börnin í vöggunni rjetti.

Hv. þm. sagði, að við vildum ekki leysa málið á þeim grundvelli að hafa kjördagana tvo. Jú, það viljum við gjarnan leyfa, ef það fær samrýmst. En það verður tæplega hægt að leysa málið á þessum grundvelli á þessu þingi. Því þess verður vel að gæta, að á þann hátt verður málið tæplega leyst, með öðru móti en að taka til yfirvegunar öll lög, er það snerta, og samræma þau. Og jeg er ekki eins sannfærður og hv. 3. landsk. um, að það þurfi að leiða til þess, að þingið verði einhverntíma vanskipað, verði kjördagarnir tveir. Það er hægt að komast hjá því með því móti að miða kjörtímabilið ávalt við seinni kjördaginn. En þetta hefir lítið verið hugsað og lítið rætt og er því erfitt að tala um það, enda verður þessari lausn alls ekki beitt á þessu þingi.

**Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):** Umr. eru nú orðnar svo hóglegar og jeg hefi svo litlu að svara, að jeg gæti í rauninni sparað mjer að standa upp. En jeg get ekki stilt mig um að víkja dálítið að hv. 2. landsk. Jeg hlýt að hafa komið eitthvað óþægilega við kaun hv. þm., þegar jeg mintist á, að fylgi reykvíska kvenkjósenda við frú Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur hafi ekki verið einlægt. Í Reykjavík greiddu þá atkv. 1805 konur. En mig minnir, að frú Bríet hafi ekki fengið meira en 500 atkv. af öllu landinu. Það er ekki ⅓ hluti þeirra kvenkjósenda, er kusu í Reykjavík

einni saman. Hafi hv. þm. (IHB) nú lagt henni alt það lið, er hún mátti, þá finst mjer hún gera nokkuð lítið úr áhrifum sínum! Mjer er kunnugt um, að frú Bríet fjekk þó nokkurt fylgi úti um land. Jeg hefi fulla vitneskju um það, að á fundi kvenna alllöngu fyrir kosningarnar hrundi fylgið utan af listanum. Sjálfstæðiskonur mæltu þar með lista, sem hv. þm. Dal. var á, íhaldskonur mæltu með hv. 3. landsk. og jafnaðarmenn mæltu með lista jafnaðarmanna. Það voru e. t. v. fáeinar eftir, er hjeldu trygð við lista frú Bríetar. En fylgið var ekki einlægt. — Gegn eindregnum yfirlýsingum hv. þm. (IHB) skal jeg ekki, af kurteisi, vjefengja það, að hún hafi veitt listanum alt það lið, er hún mátti. En hamingjan hjálpi okkur, hve lítið hv. þm. gat áorkað fyrir listann!

Hv. þm. var að afsaka fylgisleysi listans með því, að konur væru ekki að senda menn út um borg og bý til að smala og „agitera". Þær kynnu það ekki. Þau kynni, er jeg hefi haft af konum í kosningum, eru alt önnur. Jeg held, að þær sjeu einmitt mjög duglegir „agitatorar", ef þær hafa áhugann. Og ef konur hefðu veitt lista sínum af fullum heilindum, þá hefðu þær komið frú Bríetu að. Eitthvað yfir 6000 konur greiddu þá atkv. á öllu landinu, en þar af fjekk frú Bríet ekki tíunda hluta.

Þá vil jeg mótmæla því, að ræða mín hafi verið árás á hv. þm. En hafi henni fundist rök mín hljóma sem árás á sig, þá er það af því hún treystir ekki þeim málstað, sem hún ætlar að fylgja.

Hv. frsm. meiri hl. lagði mjer það í munn, að 65 þús. kjósendur væru hjer á landi. Hann vissi vel, að jeg átti ekki við kjósendur, heldur við þá landsbúa, er óhag hefðu af færslu kjördags. Og veill málstaður er það, er þarf slíkra hártogana við.

Þegar hv. 2. landsk. fór að lesa upp úr kosningalögunum til að sýna fram á, að brtt. samrýmdust þeim ekki, þá greip jeg fram í og bað hana að lesa upp brtt. mína um leið. Því í 1. brtt. minni, 2. mgr., er gert ráð fyrir, að kosningin gildi frá hinum síðari almenna kjördegi.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg hefi ekki miklu að svara nú, því þessi ræða hv. 4. landsk. var svo hógvær og ekki eins árásarkend eins og hin fyrri.

Jeg get ekki skilið í því, hvers vegna hv. þm. er svo umhugað um að draga framboð frú Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur hjer inn í umr. Jeg átti engan þátt í því framboði; var ekki einu sinni meðmælandi. Og hvort áhrif mín voru mikil eða lítil, kemur ekki málinu við. En það er ekki hægt að afsanna, að á fundi, sem haldinn var fyrir kosningarnar, hvatti jeg konur til að fylkja sjer um listann. Þetta voru mín einu afskifti af þeim lista, því jeg var ekkert við það riðin, að listinn kom fram. Sje hv. þm. nokkur fróun í því, get jeg frætt hann á, að jeg greiddi þessum margumtalaða lista atkv. mitt, enda þótt flokksbræður mínir — íhaldsmenn — væru einnig í kjöri. Það er einhver ástæða, sem ekki liggur opin fyrir mjer, sem hv. þm. hefir til að draga svo mjög framboð frú Bríetar inn í þessar umr. En mjer „lætur svo illa að látast" og get ekki nje vil villa á mjer heim-

ildir í þessu máli. Konur voru á fleiri listum við þær kosningar, og hefir það sjálfsagt haft áhrif á það, hve fáir kusu listann. Þannig var kona í 2. sæti á lista hv. þm. sjálfs. Og ekki var það mín sök, þó með því væri spilt fyrir lista frú Bríetar. — Hv. þm. sagði, að það kæmi ónotalega við kaun mín að minnast á framboð frú Bríetar. Slíkum dylgjum hirði jeg ekki að svara. Ef jeg hefði verið ein af stuðningskonum listans, þá hefði mátt saka mig um, að jeg hefði veitt honum slælegt lið. En nú var jeg ekki einusinni meðmælandi, og dvaldi þar að auki ekki hjer í bænum nema lítið fram eftir sumri.

Konur hafa hingað til gert frekar lítið að því að agitera, og því ekki fengið þá æfingu í þeirri list, sem ella myndi, en hinsvegar efa jeg það ekki, að ef þær vilja beita sjer fyrir einhverju máli eða styðja eitthvert þarft mál, þá muni um fylgi þeirra og áhrif, enda eru þær helmingur kjósenda og geta því ráðið miklu um úrslit mála við kjörborðið, ef þær leggjast allar á eitt. Og jeg vona það, að hv. 4. landsk. eigi eftir að sjá það, að konur veita glögga athygli framkomu þjóðfulltrúanna á Alþingi. Það mun koma í ljós við næstu kosningar. Hv. 4. landsk. mun þá komast að raun um, að konur láta sjer fátt um þá fulltrúa, er tala fagurt og hyggja flátt og munu meta einstaka þm. eftir verðleikum þeim og drengskap, er þeir hafa sýnt á undanförnum þingum. — Sje jeg svo ekki ástæðu til að lengja umr. frekar. Jeg hefi þegar svarað síðustu skeytum hv. 4. landsk. til mín. Mun jeg ekki fara lengra út í þá sálma. Jeg hefi bent þeim hv. 4. landsk. og hæstv. dómsmrh. á það, að lesa betur kosningalögin, og þá munu þeir komast að raun um, að þar er gert ráð fyrir einum kjördegi, en ekki tveimur. Jeg skal því að lokum taka það fram, að jeg tel brtt. hæstv. dómsmrh. lítils virði. Tel jeg sjálfsagt, að hún verði felld, enda er hún ekki til annars. Læt jeg svo máli mínu lokið.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Forseti! Jeg tek hjer með brtt. mína á þskj. 669 aftur að þessu sinni og óska, að hún komi ekki til atkv.

**Erlingur Friðjónsson:** Þetta er þörf till., og jeg held jeg verði að taka hana upp, til þess að hún fái að koma undir atkv. (**Dómsmrh.:** Jeg greiði a m. k. atkv. gegn till. að þessu sinni).

ATKVGR.

Brtt. 669 felld með 8:2 atkv.

— 635,1 felld með 8:2 atkv.

1. gr. samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 635,2 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IP, JBald, EF, HSteins.

**nei:** IHB, JóhJóh, JónJ, JÞ, JónasJ, JKr, PH, BK, EÁ, GÓ.

2. gr. samþ. með 10:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470).

**Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):** Eftir atkvgr., sem fram fór við 2. umr. málsins, gerði jeg ekki ráð fyrir, að það hefði nokkra þýðingu að koma

með brtt. við frv. nú. Það mun líka vera þýðingarlaust að tala fleira um málið. Hinsvegar vildi jeg benda á atriði, sem mjer láðist að taka fram við 2. umr., en það er um erfiðleika hinna yngri kjósenda til að neyta kosningarrjettar síns. Þá sýndi jeg fram á, með þeim skýrslum, sem jeg las upp og fjölluðu um landskjörið, að það höfðu miklu fleiri kosið 1. vetrardag en 1. júlí árið 1926.

Þó var blíðviðri 1. júlí og daguriinn talinn mjög heppilegur fyrir sveitirnar. Jeg sýndi fram á, að það hefðu kosið fleiri konur um haustið heldur en um sumarið, og kjörfundarsóknin þá yfirleitt verið meiri á landinu.

Meiri hluti fólks í kaupstöðum á aldrinum 25—30 ára dvelur fjarri heimili sínu í atvinnu og atvinnuleit um sumarmánuðina. Þess vegna verða miklu meiri vanhöld á atkv. þessa fólks við kosningar að sumrinu heldur en á haustin. Ef á að sýna þessari kynslóð, sem er að alast upp í kaupstöðunum, þann fjandskap, að láta kosningar fara fram á þeim tíma, sem fólkinu er erfiðast að sækja kjörfundi, þá kemur fram hjá því kuldi til sveitanna, sem jeg efast ekki um, að þeim komi illa. Kjördæmaskiftingin á landinu er nógu fráleit og ranglát, þó að því sje ekki bætt við, að setja kjördaginn á þeim tíma árs, sem þessum íbúum kaupstaðanna er illmögulegt að neyta atkvæðisrjettar síns.

Þó að jeg viti það vel, að jeg er hjer að tala fyrir daufum eyrum, þá vil jeg minna hv. þm. á að athuga það til næsta þings, hvort samviskubit þeirra af því að hafa framið þetta ranglæti nú gerir þá ekki tilleiðanlegri til að leiðrjetta það aftur á næsta þingi. Jeg skal lofa því og sjá um, að þeim verði veitt tækifæri til þess.

Jeg hefi ekki sundurliðaða skýrslu um kjörsókn fólksins við kjördæmakosningar, en get þó hugsað mjer, að það myndi sýna sig, að tiltölulega mikið fjölmennari hópur kæmi til kosninga af hinu yngra fólki 1. vetrardag en 1. júlí.

Jeg veit, að það verður nú, eins og oft áður, bent á þá möguleika fyrir kaupstaðakjósendur að kjósa utan kjörstaðar, eða skila atkv. sínum til kjörstjóra áður en þeir fara frá heimilum sínum. Jeg hefi áður bent á, að þetta þýðir lítið á annríkistímanum fólkið er með allan hugann við það, hvernig það geti sem best bjargað sjer, en ekki við stjórnmálin, og gleymir því svo að kjósa.

Jeg er sannfærður um, að hv. þm. fá engar þakkir hjá kjósendum fyrir að hafa samþ. þetta frv. Það mun miklu fremur koma í ljós, að almenningur lítur á það sem eitt af þeim stærri óhappaverkum, sem unnin hafa verið á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, JónasJ, JKr, PH, BK, EÁ, IHB, IP, JóhJóh, JónJ, GÓ.

nei: EF, HSteins, JBald.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 698).

## 24. Hafnargerð á Skagaströnd.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um hafnargerð á Skagaströnd** (stjfrv., A. 13).

Á 3. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson).** Tildrög þessa frv. eru úr Húnavatnssýslu. Þar hefir nokkur undanfarin ár verið mjög um það hugsað að reyna að bæta höfn kaupstaðarins, þannig að hún gæti orðið aðalhöfn við Húnaflóa. Þetta hefir náttúrlega mikla þýðingu fyrir hjeraðið sjálft, en það hefir líka mikla þýðingu fyrir siglingar fyrir Norðurlandi, því að oft og tíðum lenda skip í vandræðum vegna hafnleysis á Húnaflóa. Það mundi ennfremur hafa mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn við Norðurland, ef hafnargerðin tækist á Skagaströnd.

Út í þetta ætla jeg ekki að fara lengra að sinni, en vil bæta því við, að Húnvetningar óska mjög eftir, að þetta frv. komi fyrir þingið. Málið var undirbúið af vitamálastjóra síðastl. ár, eins og grg. frv. ber með sjer, svo að það er í raun og veru komið á það stig, að eðlilegt er að leggja það fyrir þingið. Hitt er annað mál, að verkið er dýrt, og það er ekki þar með sagt, þótt frv. nái fram að ganga, hvenær sýslan eða landið eru fær um að framkvæma það.

Jeg býst við, að þetta frv. ætti að fara til sjútvn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 106).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og nál. á þskj. 106 ber með sjer, þá leggur sjútvn. það til, að frv. nái fram að ganga með 2 brtt. Sú fyrri er, að í stað þess, sem lagt er til í frv., að ríkissjóður greiði helming kostnaðar, þá vill sjútvn. leggja til, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir aðalreglan verið sú, að ríkið hefir lagt fram ½ kostnaðar við þau hafnarmannvirki, sem gerð hafa verið. Að vísu mun hafa verið vikið frá þessari reglu í einu tilfelli. Er það við hafnargerð í Borgarnesi. En þar er um meira að ræða, svo ekki er hægt að segja nákvæmlega um hlutföllin, enda stendur sjerstaklega á þar. Sjútvn. viðurkennir nauðsyn hafnargerðar á Skagaströnd, en telur ekki rjett að ganga eins langt eins og í frv. er gert með framlag ríkissjóðs. Þó telur n. rjett, að nokkuð sje vikið frá venjunni, og leggur því til, að ríkið leggi fram ⅓ kostnaðar. Er það aðallega með hafnleysi það, sem Húnavatnssýsla á við að búa, fyrir augum.

Hin brtt. er fram komin vegna þess, að ekki þótti rjett að binda viðlagasjóði þá skyldu á herðar að lána til slíkra fyrirtækja, því svo gæti farið, að viðlagasjóður annaði ekki slíkum lánum, ef það væri gert að venju.

Það er líka spurning, hvort hagur væri að því ákvæði fyrir hafnargerðina að binda þetta með lögum. Það kynni að vísu að verða um betri lánskjör að ræða, en yrði naumast til að flýta fyrir framkvæmdum verksins. Annars er ekki frekara um þetta að segja. Frv. er að öðru leyti bygt líkt og önnur frv. um sama efni og n. hefir ekki sjeð ástæðu til að gera neinar brtt. við það. Hafnargerð þessi er nauðsynjamál og það er álit sjútvn., að frv. eigi fram að ganga.

**Guðmundur Ólafsson:** Jeg kann eigi við annað en segja nokkur orð um frv. þetta, þar sem um framkvæmd er að ræða í mínu kjördæmi, enda þótt hv. frsm. hafi talið þetta nauðsynjamál og því mælt með framkvæmd verksins, enda átti hann að vera því kunnugur, þar sem hann er fæddur og uppalinn í þessu hjeraði. Honum var því alveg óhætt að kannast við það, að þar væri þörf á höfn, því að um hafnir við austanverðan Húnaflóa er ekki að ræða, ef nokkuð verulegt er að veðri. Að austan er engin höfn, er heitið geti því nafni, og að vestan ekki heldur góðar hafnir; einkum er innsigling þar víða skerjótt og þokusamara er þar en í austanverðum flóanum.

Þá treystist n. ekki til að halda því, sem í frv. stóð, að ríkissjóður legði fram helming kostnaðar, af þeirri ástæðu, að áður hefði venjan verið að leggja ekki fram nema ¼ kostnaðar. Þó gat hv. frsm. um það, að undantekning væri frá þeirri reglu, þar sem hafnargerðin í Borgarnesi væri. Þetta er nú rjett, og hefir það ekki hvað síst ýtt undir, að sama leið var farin við flutning þessa frv. Á það framlag mátti einmitt líta svo, að þar væri um stefnubreyt. að ræða og að ríkissjóður mundi framvegis leggja meira fram til slíkra mannvirkja en áður hafði verið gert.

Í Borgarnesi er það svo, að ríkið leggur fram helming kostnaðar við bryggjugerð og dýpkun hafnarinnar. Auk þess að öllu leyti brú yfir sundið, veg yfir eyna og allan veg á landi, eftir því sem þurfa þykir. Þetta flaug í gegn á þinginu 1926. Og miðað við tillag ríkissjóðs þarna, hefði áreiðanlega verið forsvaranlegt að láta ákvæði frv. halda sjer.

Hin brtt. hv. sjútvn., um að binda viðlagasjóðslán til þessa mannvirkis ekki með lögum, kann að hafa meira til síns máls, ef fje er ekki fyrir hendi eða sjóðurinn ekki þess megnugur. — Annars var slæmt, að hæstv. atvmrh. þurfti að vera viðbundinn annarsstaðar, því það er óhapp fyrir málið, að hann getur ekki talað fyrir því hjer. Jeg vona samt, að frv. þetta verði samþ. hjer eins og það kom fram. Höfn við Húnaflóa er lífsnauðsyn bæði vegna strandferðanna og atvinnu hjeraðsmanna og fleiri. Þá hefir og heyrst, að fyrirhugað sje að flytja póst miklu meira á sjó framvegis en gert hefir verið. Og hvernig fer með hann, ef hvergi er hægt að koma honum í land í óveðrum að austanverðu við Húnaflóa vegna hafnleysis? — Þá er og vert að taka það fram, að þegar hafís er, þá er oft fært að Skagaströnd inn með landi að austanverðu, þótt ófært sje til annara hafna við Húnaflóa. Það skiftir miklu máli, ef hægt væri að afgreiða þarna vörur fljótlega þegar svo stendur á. Jeg

hygg, að með niðurfærslu á tillagi ríkissjóðs hafi það tvent vakað fyrir sjútvn., að spara fje ríkissjóðs í bili og fylgja sem næst fordæmi um fyrri fjárveitingar. En það er nokkur spurning, hvort þetta er rjettmætt í þessu tilfelli. Á það ber þá einnig að líta, að víðast þar, sem hafnarmannvirki hafa verið gerð, hefir verið til hafnarsjóður. En hjer er aðeins um fátækan hrepp að ræða og svo sýslufjelagið, sem verða að taka þessar byrðar á sig. Og er þá hætta á, ef þessum getulitlu aðiljum verður gert mjög erfitt fyrir um framkvæmd verksins, að þá reki að því, sem oft hefir komið fyrir áður um slík mannvirki, að gefa verði eftir síðar. En Húnvetningar eru óvanir þeirri leið og vilja gjarnan vera lausir við að þurfa að fara hana, enda er sú aðferð ekki æskileg, þótt mjög hafi tíðkast á síðari árum. Þarna má segja, að sje dauður blettur fyrir strandferðaskipin, þar sem ekki er til neinnar nálægrar hafnar að flýja, ef slæmt veður er. Er hjer því um mikla nauðsyn að ræða. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta, þar sem hv. frsm. sjútvn. sagði svo lítið um þetta mál, annað en það, sem hann mælti fyrir brtt. n. En að því hefi jeg þegar vikið.

**Jón Þorláksson:** Jeg ljet það álit í ljós við umr. þessa máls hjer í deildinni í fyrra, að jeg teldi þessa hafnargerð hið mesta nauðsynjamál. Byggi jeg þetta álit mitt á almennum kunnugleika mínum á atvinnuháttum þessa hjeraðs, enda hefir þörfin á hafnargerð þarna ekki verið vjefengd af neinum. Hv. sjútvn. leggur nú til, að tillagið úr ríkissjóði lækki úr ½ niður í ⅓ kostnaðar við hafnargerðina. Ber hún þá ástæðu fram fyrir niðurfærslunni, að áður hafi ekki verið venja að veita meira en ¼ hl. kostnaðar til hafnarmannvirkja. Er það að vísu rjett. En jeg er þó þeirrar skoðunar, að ekki dugi hjer eftir að binda sig um of við það fordæmi. Á það ber að líta, að fyrst voru gerðar hafnarbætur á þeim stöðum, þar sem mestar voru líkur til, að þær gætu staðið straum af sjer sjálfar. Var því eðlilegt, að tillag ríkissjóðs til þeirra væri ekki haft hærra en ¼ kostnaðar. Það var og eðlilegt, að hafnarmannvirki væru fyrst gerð á þeim stöðum. En nú er svo komið, að farið er að hugsa fyrir hafnarbótum á þeim stöðum, svo sem Skagaströnd, sem minni líkur eru til, að beri sjálfar sinn kostnað heldur en t. d. í Reykjavík og öðrum stærri kauptúnum. Er jeg því hræddur um, ef haldið verður fast við þetta hlutfall, að það dragi mjög úr nauðsynlegum framkvæmdum, eða þá að ríkissjóður verði síðar, vegna ábyrgða, er hann tekur á sig vegna framkvæmdarinnar, að taka á sig greiðslur utan fjárl. og umfram það, sem löggjöfin ætlaðist til. Dæmi þessa þekkjast þaðan, sem meiri líkindi voru til, að takast mætti að láta hafnargerð ávaxta sig heldur en á Skagaströnd. Jeg lít svo á, að 350 þús. kr. sje ekki svo stórvaxin upphæð fyrir ríkissjóð, að rjett sje að lækka hana, ef hætta er á, að sú niðurfærsla verði hafnargerðinni að fótakefli, ekki síst með það fyrir augum, að hjer er um stórt nauðsynjamál að ræða fyrir fleiri en hjeraðsbúa.

Þá vildi jeg víkja að annari hlið

þessa frv. Við athugun á því er það ljóst, að við samningu þess hefir verið haft fyrir augum, að hjer væri aðallega um verslunarhöfn að ræða. En það er sannfæring mín, að í framtíðinni verði þarna fremur um fiskiveiðihöfn að ræða, og finst mjer ekki nógu vel tekið tillit til þess í frv. Það er álit kunnugra manna, að Húnaflói feli í sjer mikla möguleika til bátfiskiveiða, en hafnleysið við austanverðan flóann stendur nú í vegi fyrir því, að hægt sje að notfæra sjer þann möguleika. Að vísu eru hafnir að vestanverðu, á Ströndunum, en þær liggja ver við, auk þess sem þar er mjög þokusamt. Hindrar það tíðum sjósókn þaðan. Þegar nú örugg höfn er komin á Skagaströnd, bæði fyrir báta hjeraðsmanna og annarsstaðar frá, sem fá þarna viðleguhöfn, þá þurfa lögin að vera svo úr garði gerð, að ráð sje gert fyrir tekjuöflun í samræmi við þá notkun. Jeg álít, að heimild hefði þurft að vera fyrir því í lögunum, að hafnarsjóður fengi tekjur af þessum atvinnurekstri, en tel hæpið, að sú heimild finnist í þeirri gr. frv., sem um tekjuöflun ræðir, 11. gr., enda er sú gr. að mestu sniðin eftir hafnarlögum Reykjavíkur, en þau eru miðuð við verslun. Þó hygg jeg, að fordæmi sje fyrir því í löggjöfinni, að gjöld sjeu tekin af útvegi í sviguðum tilgangi. Eru til heimildarlög, sem jeg hygg, að sjeu í gildi enn, að taka hálfan eða heilan hlut af hverjum bát til þessara þarfa, þar sem löglegar samþyktir eru um það gerðar. Mjer finst ekki óeðlilegt, þótt heimild til að leggja eitthvert slíkt gjald á væri sett í lögin. Vil jeg skjóta því til hv. sjútvn., að hún athugi þetta til 3. umr., fyrst hæstv. atvmrh. lætur ekki svo lítið að vera við umr. þessa merka máls. Jeg tel rjett að setja ákvæði um þetta í l., án þess þó að svo langt sje gen[illegible] að þau ákvæði fæli atvinnurekendur frá staðnum.

Jeg er þeirrar skoðunar, að það sje mjög hæpið, þó að ríkissjóður legði fram helming stofnkostnaðar, að hafnarsjóðurinn geti staðið straum af viðhalds- og rekstrarkostnaði hafnarinnar og svarað vöxtum eftir 11. gr. frv. Það er jafnvel svo ólíklegt, að jeg gæti trúað, að ekkert yrði úr framkvæmdum. Og þó að brtt. n. yrði feld, um að lækka ríkissjóðstillagið, þarf ríkisvaldið að sjá höfninni fyrir beinum tekjum af þeim fiskiveiðum, sem jeg veit, að verða stundaðar í sambandi við hana.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg þarf fáu að svara hæstv. forseta d. Hann getur ekki felt sig við brtt. n., og er ekkert við því að segja. Hinsvegar hlýtur hann að játa það, að n. er málinu hlynt, enda kom það berlega fram í minni fyrri ræðu.

Út af ræðu hv. 3. landsk. þm. vil jeg segja það, að þótt nauðsynlegt sje að koma upp hafnargerð á Skagaströnd, er ekki þar með sagt, að ekki sje svipað ástatt annarsstaðar, einkum ef gengið er út frá, að hjer sje um fiskihöfn að ræða. En þó að jeg líti svo á, að Skagaströnd kunni að verða fiskihöfn í framtíðinni, get jeg ekki fallist á, að þessu sje nú sem stendur til að dreifa. Það er ómótmælanleg staðreynd, að höfnin þar er fyrst og fremst verslunarhöfn, eins og nú er. Framhjá því verður

ekki komist. Hitt skal jeg játa, með tilliti til þess, að þarna verði fiskihöfn í framtíðinni, að það gerði ekkert til, þó að inn í 11. gr. væri sett heimild um að leggja hafnargjöld á báta þá og skip, sem höfnina nota, en mjer finst það óviðfeldið, þar sem nú er hjerumbil eingöngu um róðrarbáta að ræða. Annars fæ jeg ekki sjeð, að hætta sje á því, ef fyrirtækið á annað borð kemst á fót, að þetta fáist ekki í gegn, þar sem vitanlegt er, að það verður eitt af aðaltekjum hafnarinnar. Hinsvegar er ekkert á móti því, að n. taki þetta til athugunar fyrir 3. umr., þó að jeg búist ekki við, að n. sjái brýna nauðsyn til að bæta þessu inn í frv.

Því hefir verið haldið fram, að á Skagaströnd stæði öðruvísi á að því er snertir fjárhagsafkomu hjeraðsins en víða annarsstaðar, þar sem svipuð hafnarlög hefðu verið sett. Þetta kann að vera rjett að því er snertir Reykjavík og Vestmannaeyjar. En jeg hygg, að svipað hafi verið ástatt með Ólafsvík, að því undanteknu, að þar var strax í upphafi um fiskihöfn að ræða. Sama er að segja um ýmsa staði á Austurlandi, t. d. allt svæðið frá Djúpavogi og suðureftir. Þar er hafnlaust með öllu, en ágætis fiskimið skamt undan landi. Það er því hin brýnasta nauðsyn að koma þar upp fiskihöfn, en jeg hygg, að það verði miklum örðugleikum bundið í nánustu framtíð.

Mjer finst, að við í sjútvn. höfum sýnt, að við viljum gera undantekningu að því er þessa höfn snertir, með því að leggja til, að ríkissjóðstillagið verði hærra en áður hefir verið undir svipuðum kringumstæðum. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það sje afarvarhugavert að skapa þá reglu, að ríkissjóður leggi fram helming byggingarkostnaðar til slíkra mannvirkja sem þessa. Og ef sú stefna yrði tekin upp, yrði um leið að gera ráð fyrir, að ríkið hefði einhverja tekjuvon af viðkomandi höfn. Með því einu móti væri hugsanlegt að ganga út á þessa braut. En þó verð jeg að segja það, að við megum varla búast við að geta mætt kröfum og þörfum landsmanna alment, ef ekki verður vikið af þessari braut.

Jeg hygg, að öll Austur-Húnavatnssýsla standi óskift að þessu máli, enda ríður henni á miklu að fá góða verslunarhöfn. Vegalagningar eru mjög auðveldar frá Blönduósi til Skagastrandar, nema hvað brúa verður nokkrar minni háttar ár. Jeg hygg því, að þessi höfn verði fyrst og fremst notuð til afgreiðslu á vörum við austanverðan Húnaflóa. Og á þessu byggi jeg þá skoðun mína, að hjer sje svo að segja eingöngu um verslunarhöfn að ræða, þó að jeg hinsvegar játi, að ekki sje loku skotið fyrir, að Skagaströnd verði fiskihöfn í framtíðinni.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ef hv. deild sjer sjer fært að samþ. frv. óbreytt að því er snertir ríkissjóðstillagið, er ekkert nema alt gott og blessað um það að segja. Mjer er það enginn þyrnir í augum, — svo mikið er víst. Jeg ann Húnvetningum alls hins besta. En mjer dylst ekki, að ef við nú göngum inn á þessa braut, verður mjög vafasamt, að við getum fylgt henni í hvert skifti, sem um svipuð tilfelli er að ræða.

**Jón Þorláksson:** Jeg er ekki sjerfræðingur að því er snertir sjávarútveg eða fiskiveiðar, en þau ummæli mín, að Skagaströnd yrði mikil fiskiveiðahöfn, bygði jeg á áliti sjerfróðra manna í þessum efnum. Jeg minnist þess, að nýlega sagði einn fiskiveiðafróður maður við mig, að það liðu ekki nema fáein ár, þangað til fiskútflutningurinn frá Húnaflóa næmi 20 þús. skippundum á ári, ef á annað borð yrði mögulegt að stunda þar fiskveiðar. Jeg held, að sjávarútvegurinn sje í uppgangi þar, eins og víða annarsstaðar, bæði vegna hagstæðs veðurs og ríkulegra aflabragða á grunninu síðastliðin ár, og ekki síður vegna hins, að menn eru nú farnir að taka upp smábáta með hreyfivjelum, sem gefa góða raun, þar sem róðrarbátar voru notaðir áður. Og jeg held, að við megum búast við framhaldi á aukningu þessa atvinnuvegar við Húnaflóa sem annarsstaðar. Mjer er kunnugt um það, að aðsókn aðkomubáta er mikil á Skagaströnd, og reyndar alstaðar þar við Húnaflóa, sem hægt er að hafa báta, en mjer er sagt, að á Skagaströnd sje ekki pláss fyrir neitt það, sem heitir aðkomubátur. Þeir möguleikar skapast fyrst með hafnargerðinni.

Þegar jeg hreyfði því að setja inn í frv. ákvæði um, að hafnarsjóðurinn skyldi hafa tekjur af fiskibátum sjerstaklega, var það ekki eingöngu með tilliti til þessa máls, heldur einnig af hinu, að jeg held, að ef við eigum að geta haldið áfram að koma upp fiskiveiðahöfnum, verði löggjöfin að beinast inn á þessa braut, til þess að tryggja hafnarsjóðunum tekjur og gera fyrirtækin framkvæmanleg. Það hefir verið venjan, að ríkissjóður legði fram ¼ kostnaðar til gerðar fiskiveiðahafna. Mun þó einhversstaðar hafa verið farið fram á hærra tillag, en ekki fengist til þessa. Þannig mun vera háttað um hafnargerðina í Ólafsvík. Þar var ákveðið ¼ framlag úr ríkissjóði, en úr framkvæmdum hefir lítið orðið. Þó hefir þar verið gerð byrjun til bátahafnar og veittar til þess smáupphæðir á undanförnum þingum. En það er of hátt, að ætla hlutaðeigandi hjeruðum að bera ¾ kostnaðar með þeim tekjum, sem hafnarsjóðunum eru heimilaðar, og menn mega ekki miða við það hlutfall, enda fæst ekki nógu traustur grundvöllur með þannig skiftum kostnaði.

Það má auðvitað segja, að það sje víðar en á Skagaströnd arðvænlegt að gera fiskiveiðahafnir. En jeg held, að það verði ekki víða bent á víðáttumeiri fiskimið og meira hafnleysi en er við Húnaflóa austanverðan, að Suðurlandsstrandlengjunni undanskilinni.

Út af brtt. hv. sjútvn. vil jeg lýsa yfir því, að jeg er á móti þeirri fyrri. Hin er að efni til rjettmæt og mun jeg því greiða henni atkv., þó að þar standi að vísu önnur tala en á að vera, ef sú fyrri verður feld.

**Halldór Steinsson:** Jeg ætla að leyfa mjer að segja nokkur orð út af ræðu hv. 3. landsk. þm. Það er spurningin í þessu máli, hvort framvegis eigi að fylgja þeirri reglu, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar við hafnargerðir eða ¼ kostnaðar, eins og hingað til hefir verið gert. Mjer skildist á hv. 3. landsk. þm.,

að hann vildi í þessu tilfelli fara inn á nýja braut, af því að hjer væri sjerstaklega um sjávarútvegshöfn að ræða. En eins og bent hefir verið á, stendur víðar svo á, t. d. í Ólafsvík. Jeg vonast til þess, að allir, sem kunnugir eru fiskiveiðum, viðurkenni, að við Snæfellsnes eru einhver bestu fiskimið landsins. En þar eru hafnleysur miklar; engin höfn fyr en inni í Grundarfirði, og þó að það sje góð höfn, er erfiðleikum bundið að nota hana, vegna þess hve langt er á fiskimiðin þaðan. Með hafnarl. fyrir Ólafsvík var ríkissjóðstillagið ákveðið ¼ hluti kostnaðar, auk þess sem ríkið ábyrgðist hina ¾ hluta kostnaðarins. Og reynslan hefir sýnt, að það hefir verið fullerfitt að fá þetta, sem ákveðið var, hvað þá meira. Síðan hafnarl. voru samþ. eru nú 10 ár, og enn hefir aðeins lítið spor verið stigið í þá átt að bæta höfnina, þrátt fyrir það, þó að þing eftir þing hafi verið farið fram á fjárframlög og ábyrgð ríkissjóðs til hafnarmannvirkja þar. Það eina, sem gert hefir verið, er að byrjað hefir verið á garði til undirbúnings bátakvíar. Hv. 3. landsk. þm. sagði, að þetta væri byrjun að hafnargerð. Það má raunar segja svo, að því leyti sem þessi garður, sem nú er í byggingu, verður einn lítill liður í hafnargerðinni, en hinsvegar er hann aðeins gerður sem skjólgarður fyrir smærri báta.

Eins og jeg sagði áðan, hefir þessi hafnarbót fyrir Ólafsvík ekki enn fengist. Jeg hefi hvað eftir annað reynt að fá henni framgengt, en því hefir verið neitað þing eftir þing, og síðast á síðasta þingi. Þegar það þannig er sjeð fyrirfram, að þær hafnargerðir eru ekki framkvæmdar, sem ákveðnar eru með lögum þegar fyrir mörgum árum, og fjárskorti borið við, finst mjer harla einkennilegt, að menn skuli vilja fara inn á nýjar brautir og ákveða hærra ríkissjóðstillag við þær hafnargerðir, sem hjer eftir verða lögleiddar. Jeg er hlyntur þessari hafnargerð, eins og öllum öðrum hafnargerðum, en jeg vil hafa samræmi í þessum efnum sem öðrum og gera ekki einum hærra en öðrum undir höfði.

ATKVGR.

Brtt. 106,1 samþ. með 9:4 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með öllum (14) atkv.

Brtt. 106,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

3.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

10.—19. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Ed., 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 130, 154, 173).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 173. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Jón Jónsson:** Jeg hefi ásamt hv. þm. A.-Húnv. leyfi mjer að bera fram brtt. við þetta frv. eins og það var samþ. við 2. umr. í þessari hv. deild. Þegar um er að ræða að veita fje úr ríkissjóði til hafnargerðar, kemur til athugunar, hvort mikil þörf er á verslunarhöfn, síldveiðahöfn eða fiski-

veiðahöfn á viðkomandi stað, og hvort kostnaðurinn standi í rjettu hlutfalli við það gagn, sem höfnin kemur til með að gera. Húnaflói hefir lengi haft ilt orð á sjer fyrir hafnleysi, og kvað um tíma svo ramt að, að gufuskipafjelögin ljetu skip sín iðulega sigla þar framhjá. Jeg hygg, að of mikið hafi verið gert úr, hvað Húnaflóahafnirnar sjeu slæmar, en svo mikið er víst, að skip hafa oft tafist þar vegna hafnleysis, til stórtjóns fyrir fjelögin og fólkið í hjeraðinu. Hefir það lengi verið áhugamál og framtíðardraumur flestra áhugasamra manna í Húnavatnssýslu, að fá góða höfn á Skagaströnd sem þrautalendingu þegar fokið væri í önnur skjól. Þessi höfn á Skagaströnd (eða Höfðakaupstaður) er ein af allra elstu og þektustu höfnum landsins. Hún hefir tvo kosti, en einn galla. Kostirnir eru þeir, að þarna er auðvelt að gera góða höfn, og staðurinn liggur vel við fiskiveiðum og góð skilyrði til þess að þar rísi upp blómleg síldarstöð með tímanum. Aftur á móti liggur höfnin illa við innanhjeraðssamgöngum og flutningar að og frá henni eru ekki miklir, sennilega ekki mikið yfir 800 smálestir alls á ári. Einnig býst jeg við, að íbúum hjeraðanna mundi falla illa að hugsa sjer Skagaströnd sem aðalútflutningsstöð hjeraðsins. Blönduósi er miklu betur í sveit komið; þar er stærri kaupstaður, stór verslunarhús, nýtt frystihús o. fl. byggingar. Þar er allgóð bryggja norðan Blöndu, og var miklu fje varið til bryggjugerðarinnar frá hjeraðsbúum sjálfum. Kemur hún að svo góðu gagni, að þarna er hægt að afgreiða skip nema í aftakaveðri. Skagaströnd yrði því ekki mjög mikils virði sem verslunar- eða útflutningshöfn, en hún yrði mjög mikilsverð þrautalending fyrir allan Húnaflóa og þýðingarmikil sem slík. Aðalgagn hafnarinnar verður ekki fyrir verslunarsamgöngur, heldur fyrir síldarútveginn um síldveiðitímann og sem fiskveiðahöfn. Mikið af þeirri síld, sem lögð er á land á Siglufirði, er veidd á Húnaflóa, og er það vægast sagt öfugstreymi, að sigla með allan þann afla alla leið til Siglufjarðar til verkunar. Það er kunnugt, að á Húnaflóa er gott til fiskjar, og má fá þar mikla veiði, ef kostur væri góðra hafna. Síðasta ár veiddust þar sem svarar 100 smálestum af þurrum fiski, en það er fullvissa, að þar verði gerðir út helmingi fleiri bátar næsta sumar, og allar líkur til þess, að útgerðin margfaldaðist, ef höfninni væri fullur sómi sýndur. Sjerstaklega mundi vjelbátaútvegurinn aukast, því að þegar lítill afli er fyrir sunnan og vestan, er oft mikil fiskiganga í Húnaflóa, og er þá gott fyrir bátana að leita til Skagastrandar. Bátar frá Ísafirði koma oft þangað til veiða og snúa svo heim aftur með góðan afla. Af þessu er augljóst, að höfnin á Skagaströnd mundi hafa í för með sjer aukna framleiðslu á fiski að miklum mun; hún yrði ekki nema að litlu leyti verslunarhöfn, heldur þrautalending og síldar- og fiskiver. Hafnargerðin þar er því miklu fremur landsmál en hjeraðsmál Austur-Húnvetninga, þótt þeir hafi manna best opin augun fyrir þörfinni. Ber nú að líta á, hvort aðrar hafnir sjeu annarsstaðar á landinu, sem eigi að sitja fyrir þessari. Á þinginu 1915 var samþ. þál. þess efnis, að

útvega hafnarverkfróðan mann til þess að athuga, hvar arðvænlegast væri og þýðingarmest fyrir fiskiveiðarnar, að gerðar væru hafnir og lendingarbætur. Samkv. þessari þál. var danskur maður, Kirk, fenginn til að rannsaka skilyrði fyrir hafnarbótum kringum alt land. Hann rannsakaði 42 staði, og um þá rannsókn er til skýrsla, sem hinir eldri þm. kannast víst vel við. Hann taldi æskilegt, að gerðar væru smærri hafnarbætur á allmörgum stöðum, en stærri hafnarbætur á 10 til 12 stöðum. Á flestum þessum stöðum er kostnaðurinn mikill og aðstaðan erfið, svo ekki hefir þótt gerlegt að ráðast í miklar framkvæmdir. Höfuðáhersluna leggur Kirk á 3 hafnir, sem sje Þorlákshöfn, Skagaströnd og Ólafsvík. Þetta sjeu þær hafnir, sem fyrst eigi að koma upp. Af þessum höfnum er Þorlákshöfn langdýrust, og mun hún vera svo kostnaðarsöm, að það getur vart talist kleift að ráðast í hana. Hefir nú lengi verið hljótt um það mál og ekki komið neinar kröfur frá hjeraðsbúum um það. Væri sú höfn þó mjög æskileg, þar sem bestu fiskimiðin liggja þar undan landi. Af þessu sjest, að Kirk setur Skagaströnd efsta á blað með þeim allra nauðsynlegustu höfnum á landinu, og það varð meðal annars til þess að sannfæra mig, sem er ófróður um sjávarútvegsmál, um, að það væri fullkomlega rjettmætt að koma þar upp höfn. Hv. sjútvn. hefir líka sjeð nauðsynina, en svona fyrirtæki verður ríkissjóður að styrkja ríflega í byrjun; annars eru litlar líkur til þess, að málið komist í framkvæmd fyrst um sinn. Jeg skal játa, að væri til hafnarsjóður, væri sjálfsagt að nota hann svo sem hann hrykki, en því láni er ekki hjer að fagna; hann er enginn til. Hinsvegar er ekki von, að Austur-Húnavatnssýsla, sem er nær eingöngu landbúnaðarhjerað og verður vonandi í framtíðinni, vilji taka á sig ábyrgð á ½ milj. kr. láni í þessu skyni. Sýslusjóður er líka í allmiklum skuldum sem stendur, enda hefir ráðist í stórkostlegan kostnað við byggingar, svo sem kvennaskóla, frystihús og bryggju, og auk þess varið afarmiklu fje til vegagerða. Vextir af stórláni til hafnargerðar, sem með tímanum gætu greiðst úr hafnarsjóði, mundu nú til að byrja með hvíla með ægilegum þunga á herðum hjeraðsbúa sjálfra. Tel jeg því illa farið, að þessi hv. deild skyldi lækka ríkissjóðsframlagið frá því, sem það var, þegar það kom frá hæstv. stj. Þess vegna hefi jeg borið fram brtt. þess efnis, að til hafnargerðarinnar veitist úr ríkissjóði ⅖ stofnkostnaðar, og vænti jeg þess fastlega af hv. d., að hún sjái, að betra er að leggja meira fram í byrjun heldur en að taka á sig stórfeldar ábyrgðir, sem svo gætu ef til vill síðar meir fallið á ríkissjóð. Þætti mjer ilt, ef Húnavatnssýsla yrði að hlaupa frá sínum skuldbindingum; jeg hefi það mikinn metnað fyrir hennar hönd. Hv. þdm. hafa sagt, að þetta aukna framlag gefi ilt fordæmi, en nú vill svo til, að eftir skýrslu Kirks er engin höfn sambærileg við Skagaströnd, nema Ólafsvík, og sje jeg ekki ástæðu til annars en að gera þeim jafnt undir höfði, sjeu skilyrði þar lík.

Um 2 síðustu liði brtt. minnar er það að segja, að þeir eru settir til þess

að tryggja frekari tekjur handa höfninni, ef á þarf að halda. Síðasti liðurinn er gerður eftir bendingu hv. 3. landsk., sem talaði um málið af skilningi og velvilja. Vona jeg svo, að brtt. mínar fái stuðning frá hæstv. stj. og verði samþ. hjer í hv. deild.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hafði ekki tækifæri til þess að vera við fyrri umr. þessa máls, þar sem jeg var þá bundinn við umr. í hv. Nd. Vil jeg þakka hv. sjútvn. og hv. d. fyrir að hafa afgr. málið til 3. umr. Eftir að hafa heyrt ræðu hv. 6. landsk. út af brtt. hans á þskj. 154, vil jeg geta þess, að jeg get fyrir mitt leyti fallist á þær með tilliti til þeirra raka, sem fram komu í ræðu hans, og vona, að hv. d. geti einnig verið þeim meðmælt.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Fyrir hönd n. hefi jeg ekki mikið að segja, en ræða hv. 6. landsk. gaf mjer tilefni til þess að fara dálítið lengra út í málið. Hann sagði, að hafnleysi á þessu svæði væri búið að valda stórtjóni, og hjelt því fram, að þessi höfn mundi koma að miklu meiri notum fyrir útveginn en verslunina, þar sem hún hefði mikil hlunnindi aðallega sem fiskiveiðahöfn. Jeg get verið að mestu leyti sammála honum um þetta, en vil þó ekki ganga inn á, að höfnin hafi svo geysimikla þýðingu eins og hann vill vera láta sem fiskiveiðahöfn. Höfnin verður að mínu áliti fyrst og fremst verslunarhöfn, en verður að meira eða minna leyti, er fram líða stundir, fiskiveiðahöfn. Hve fljótt það má verða, fer að miklu eftir því, hve bráðlega verður framkvæmd og fullgerð þessi hafnarbygging. Viðvíkjandi því, að hafnargerðin sje tiltölulega ódýr, get jeg ekki verið sammála hv. 6. landsk. Það er mín sannfæring, að þessi hafnargerð, sem hjer er um að ræða, sje ekki nema byrjun að höfn á Skagaströnd, en ef Skagaströnd á að eiga framtíð fyrir sjer, þá þarf þar afarfullkomna höfn, sem kostar stórfje. Til slíkra ráðstafana þarf miklu meira fje en hjer er farið fram á, en svo langt er ekki hægt að ganga að svo komnu. Það er þó síður en svo, að þetta, sem nú á að gera, sje til þess að tefja fyrir málinu. Það er einmitt stórt spor í áttina. Jeg lít á þessa höfn sem mikla bót fyrir hjeraðsbúa.

Með þetta fyrir augum telur n. ekki rjett að ganga lengra með tillag ríkissjóðs en hún lagði til, þar sem líkur eru til, að í framtíðinni verði máske eigi síður um fiskihöfn en verslunarhöfn að ræða, og mun því fá svo miklar tekjur, að hún geti í framtíðinni staðið sjálf straum af sjer. Væri þetta ekki svo, horfði málið öðruvísi við. Væri þá varhugavert að leggja svona mikla byrði á hafnarsjóðinn. Hv. 6. landsk. talaði um það, að hafnarsjóður mundi ekki verða í neinum vandræðum með lán til hafnargerðarinnar, þó ábyrgð ríkissjóðs væri færð svo niður, að hún stæði ekki að baki alls lánsins. Þetta bendir á, að fyrirtækið er talið arðvænt. Þetta er hið sama og vakti fyrir sjútvn., er hún lagði til að færa tillagið niður, þótt hún teldi rjett að hafa tillagið nokkru hærra en venja hefir verið til annarsstaðar. Tel jeg því, að sjútvn. hafi tekið vingjarnlega í þetta frv.

Þá vil jeg geta þess, að sjútvn. er

fyllilega samþykk 3. brtt. á þskj. 154, sem fer í þá átt að tryggja hafnarsjóði meiri tekjur. Af till. sjest, að hv. flm. hennar trúa á, að hjer geti verið um álitlegan tekjustofn að ræða. Og þótt óvíst sje, að það sje meira en ágiskun, og vafasamt að reynist rjett það, sem hv. 3. landsk. sagði, að útflutningur frá Skagaströnd mundi verða 20 þús. skpd. — (**JÞ:** Jeg sagði frá Húnaflóa). Ef höfnin kemur á Skagaströnd, verður aðstaðan best þar og útflutningur sjálfsagt að mestu leyti þaðan. Ef á þessari aukningu má byggja, þá ættu tekjur hafnarsjóðs samkv. b-lið till. að nema 70—80 þús. kr. árlega. Er það alllagleg upphæð, og ættu þeir, sem líta svo björtum augum á þetta fyrirtæki, að vera ánægðir með að fá ⅓ kostnaðar frá ríkinu.

Eins og skilja hefir mátt á orðum mínum, er sjútvn. því móti 1. og 2. lið brtt. á þskj. 154, en leggur til, að 3. liður brtt. verði samþ. Þá hefir sjútvn. og athugað brtt. frá hæstv. fjmrh. á þskj. 173 og leggur til, að hún verði samþ. Það er vitanlega ekki nema gott við því að segja, að þetta fyrirtæki sje athugað sem best, áður en framkvæmd er hafin. Og þessi brtt. tryggir það. Eins og jeg gat um áður, þá hvikar sjútvn. ekki frá sinni stefnu í þessu máli og telur þær upplýsingar enn ekki fram komnar, sem haggi skoðun hennar á því. Ræða hv. 6. landsk. fremur styrkir það, að skoðun sjútvn. sje rjett.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv. þetta á þskj. 173. Jeg þarf ekki að tala langt mál fyrir henni, því hún skýrir sjálf hlutverk sitt. Brtt. á að tryggja það betur en gert hefir verið með frv., að mál þetta verði vandlega íhugað áður en hafist er framkvæmda. Í frv. er gert ráð fyrir því, að sýslan takist ábyrgð á hendur vegna fyrirtækisins, er nemi að upphæð alt að ½ milj. króna. Er það allstór upphæð fyrir tiltölulega lítið sýslufjelag. Virðist mjer því varhugavert, að einn sýslufundur geti með máske eins atkv. meiri hl. tekið ákvörðun um að vinna verkið og bundið sýsluna þessari ábyrgð. Er því gert ráð fyrir í brtt. minni, að til þess að takast ábyrgðina á hendur þurfi samþ. tveggja aðalfunda sýslunefndar og ⅔ atkv. til samþykkis. Lýsi sjer eindreginn áhugi innan hjeraðs um hafnargerðina, verður þetta öryggisákvæði tillögunnar ekki því til fyrirstöðu, að hafist verði handa um framkvæmdir. Meining mín er aðeins sú, að fyrirbyggja fljótræði um svo kostnaðarsamt fyrirtæki.

Síðari brtt. á þskj. 173 er engin efnisbreyt., heldur borin fram vegna þess að mjer fanst betur fara á, ef till. mín verður samþ., að síðari málsliður 2. gr. verði sjerstök málsgr.

**Jón Jónsson:** Hv. frsm. sjútvn. var sammála mjer um það, að í framtíðinni mundi höfn á Skagaströnd fremur verða fyrir fiskiveiðar en verslun. En mjer fanst ályktun hans af því nokkuð einkennileg. Hann vildi með því rjettlæta lækkun ríkisstyrksins. En mjer finst mín ályktun af því rjettari, sú, að ríkinu bæri að leggja meira til, vegna þess að með því að verða fiskihöfn kemur hún fleirum að not-

um og höfnin verður fyrir það meira landsmál en hjeraðsmál. Frá mínu sjónarmiði sjeð er því sanngjarnt, að ríkið leggi meira til þess vegna.

Þá vildi hv. frsm. draga það út úr orðum mínum, er jeg gat þess, að þótt ábyrgð ríkisins fyrir lántöku væri lækkuð, mundi sýslan geta fengið lán á sitt nafn eingöngu, eða fyrirtækið út á ábyrgð sýslunnar, að jeg teldi fyrirtækið arðvænlegt. En þetta er röng ályktun. Í þeim ummælum mínum fólst vitanlega engin umsögn um arðvænleik hafnargerðarinnar. Jeg vona, að Húnavatnssýsla sje ekki svo illa stödd, að hún geti ekki útvegað lán á nafn sitt, ef kapp er á lagt. Þetta sannar því ekkert um höfnina, heldur, ef nokkuð væri, um lánstraust sýslunnar. En jeg vil þó ekki neita því, að jeg vona, að fyrirtæki þetta geti orðið arðvænlegt þegar fram líða stundir. En það tekur sinn tíma. Og þeir tímar geta orðið erfiðir fyrir hafnargerðina. Jeg býst líka við, að sýslan verði fremur hikandi, ef henni er gert að leggja mikið fram. Og verði lækkunin á tillagi ríkissjóðs til þess, að aldrei verði ráðist í fyrirtækið, kemur arðurinn heldur aldrei.

Till. frá hæstv. fjmrh. hvetur til varúðar um þetta mál. Er gott, að full varúð sje viðhöfð, og get jeg verið þakklátur fyrir það. Till. sýnir ábyrgðartilfinningu hæstv. ráðh. í fjármálum, sem er mjög nauðsynleg hjá öllum, er við landsmál fást, en einkum manni í hans stöðu. En máske verður hún frekar til að draga úr framkvæmd verksins, einkum ef till. hv. sjútvn. nær fram að ganga.

Þá þótti mjer það einkennilegt, þegar hv. frsm. klykti út sína ræðu með því, að mín ræða hefði styrkt skoðun sjútvn. Jeg held, að hv. þm. hafi þar alveg hausavíxl á rökunum. Mín rök sýna, að framkvæmd fyrirtækisins er í hættu, ef till. sjútvn. hafa framgang óbreyttar. Ástæður mínar eru kröftug andmæli gegn því, að dregið verði úr tillaginu, svo sem hv. sjútvn. vill.

Þá talaði hv. þm. um, að hafnargerðin væri ekki ódýr. Vitanlega kostar hún mikið. En miðað við það, sem hafnargerðir kosta annarsstaðar, má segja, að Skagaströnd sje fremur ódýr staður. Þar hagar vel til. Að norðan er stór höfði, sem skýlir víkinni, sem höfnin verður í, og veitir mikla hjálp. Þegar garður hefir verið gerður að vestan, er lítið eftir ógert, því lítil hætta er frá suðri og suðvestri. Það er að vísu rjett, að ef útgerðin vex mikið, þá er gott að geta stækkað höfnina. Er það líka hægt með því að gera garð að austan, móti þessum, sem fyrst verður gerður. En þó það sje ekki gert, verða mikil not af höfninni. Þarf hún varla stærri að vera í náinni framtíð.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg vil minna hv. 6. landsk. á það, að þegar ráðist er í mannvirki sem þessi, þá e það gert með það fyrir augum, að þau svari kostnaði annaðhvort beint eða óbeint. Jeg hefi haldið því fram, að þegar um landbúnaðarhjerað sje að ræða, þá komi hagnaðurinn fremur óbeinlínis, en aftur beint þegar um fiskiveiðahöfn er að ræða, sem gefur von um góðar, beinar tekjur. Nú virðast allir sammála um það, að hjer verði um fiskihöfn að ræða að miklu leyti, og eru því forsendur sjútvn. fyr-

ir því að lækka tillagið rjettar. Og þar sem við trúum á það, að þessi höfn geti gefið góðar tekjur, er ekki ástæða til að leggja mjög mikið óafturkræft ríkisfje í hana, ef hún kemur til með að renta sig vel. Á því verður að byggja. Og sje ekki hægt að byggja á því, þá verður auðvitað alt vafasamara um fyrirtækið. En jeg lít einmitt svo á, að hún muni bera sig mjög vel, a. m. k. er fram líða stundir. Og þá sje jeg heldur enga skynsamlega ástæðu til þess að fara að leggja út fje úr ríkissjóði vegna eftirkomendanna, meira heldur en nú stendur í frv., ef það er álit allra, að fyrirtækið muni svara vel arði sjálft.

Hv. 6. landsk. talaði um, að þetta væri baggi á sýslunni. En það er ekki rjett að orði komist, því fyrst og fremst er það hafnarsjóður, sem tekur þetta lán. (**JónJ**: Sýslan verður í ábyrgð). Það er að vísu rjett. En til þess að sýslufjelaginu verði íþyngt, þarf fyrirtækið að bera sig illa. En þá er ríkissjóður líka í ábyrgðinni og mundi sennilega hlaupa undir bagga með sýslufjelaginu, ef það yrði hart úti. Og jeg tel mun á því, hvort fje er lagt fram í upphafi óendurkræft, eða að hugsanlegt er, að hlaupið sje undir bagga síðar, ef illa fer. En þar sem von er um, að fyrirtækið beri sig, þá vil jeg láta það sýna sig, að það þurfi meiri styrk, áður en hann er veittur. Jeg vil ekki eins og hv. 6. landsk. segja, að hann hafi haft hausavíxl á rökunum, en mjer finst, að hann hafi ekki gert sjer það nógu ljóst, að þar sem fyrirtækinu eru trygðir góðir tekjustofnar, þá sje ekki rjett að leggja meira fram, fyr en þörfin sýnir nauðsyn þess. Máske verða fyrstu árin erfið, meðan verið er að byggja höfnina, svo bjarga verði fjárhag hennar með bráðabirgðaláni. En með þeim tekjustofnum, sem ráðgert er, að höfnin hafi, eru líkur til, að árlegar tekjur hennar verði áður langt líður um eða yfir 100 þús. kr. Jeg hefi að vísu ekki full gögn til að áætla þetta nákvæmlega, en líkur eru fyrir þessum tekjum, þegar höfnin er fullgerð. Sje jeg því ekki betur en sæmilega sje sjeð fyrir framtíð fyrirtækisins.

Jeg skal svo ekki lengja umr. meira. Aðeins benda á það, að ekki má taka upp þá stefnu, að ráðast í fyrirtæki, sem ekki er full ástæða til að ætla, að standi undir sjer í framtíðinni. En af því jeg hefi þá trú, að þetta fyrirtæki muni gera það, þá legg jeg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Jón Þorláksson**: Jeg tel brtt. á þskj. 154 til bóta og mun greiða henni atkv. En þó er eitt ákvæði í henni, sem jeg mundi heldur hafa kosið öðruvísi. Jeg get sem sje ekki fundið í huga mínum full rök fyrir því, að heimila hafnarsjóði að taka stærri hlut af stórum bátum en litlum. Í brtt. er gert ráð fyrir, að heimild sje veitt til þess að innheimta sem hafnargjald ½ hlut af bátum, sem eru 8 smál. eða stærri, en af smærri bátum en 8 smál. ¼ hlut, þar með taldir róðrarbátar. Jeg get skilið þetta, ef hlutaskifti eru færri á smærri bátunum, hlutfallslega við afla. En jeg held, að ekki sje nein föst regla um hlutaskiftin, og hygg því, að tilætlunin sje sú, að taka hlutfallslega meira af stóru bátunum.

Eftir því áliti, sem hingað til hefir verið á Húnaflóa til sjósókna, álít jeg, að eigi sje rjett af löggjafarvaldinu að gera nokkuð til þess að ýta undir það, að frekar verði notaðir smábátar þar en stærri bátar. Þótt jeg bendi á þetta, mun jeg greiða brtt. atkv., af því að þetta er 3. umr.

Um brtt. hæstv. fjmrh. vil jeg segja það, að það er svo mikið íhaldsbragð að henni, að síst mætti vænta þess, að formaður Íhaldsflokksins yrði til þess að andmæla henni. Þó finst mjer þar of langt gengið í íhaldsáttina. Get jeg ekki felt mig við það, að til þess að sýslan taki að sjer ábyrgðina þurfi aukinn meiri hl. að standa á bak við. Hygg jeg, að þetta sje ekki neitt alment ákvæði í sveitarstjórnarlögunum, og finst mjer ástæðulaust að setja slíkan tortrygnisstimpil á þetta fyrirtæki. Ef sýslunefnd samþ. ábyrgðina með ⅔ atkv., finst mjer ekki ná nokkurri átt að gera slíka samþykt ómerka og að aðalfundur, sem kemur saman ári seinna, þurfi að endurtaka samþyktina með sama meiri hl. til þess að hún verði gild. Mjer finst slík varúð ganga úr hófi fram. Þó veit jeg ekki, hvort slíkt ákvæði gæti orðið fyrirtækinu að falli; til þess er jeg ekki nógu kunnugur afstöðu manna til þess í Húnavatnssýslu. En eftir legu Skagastrandar væri ekki ólíklegt, að nokkur hluti sýslunefndarmanna væri málinu ekki fylgjandi, þar sem þeir mundu ekki álíta það sjerstakt hagsmunamál fyrir sína hreppa. Jeg get því ekki greitt brtt. hæstv. ráðh. atkv. mitt, því að jeg tel seinna ákvæðinu í brtt. alveg ofaukið og finst engin ástæða til þess að heimta aukinn meiri hl. um þessa ábyrgð, þegar slíkt er ekki gert um önnur fyrirtæki, er geta orkað eins mikils tvímælis og þetta.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Hv. 3. landsk. andmælti brtt. á þskj. 173, og vil jeg því víkja nokkrum orðum að till. Jeg gæti vel trúað því, að hv. þm. hefði borið fram svipaða till. og þessa, ef hann hefði verið fjmrh. Veit jeg, að í hans ráðherratíð gerði hann margt svipað til þess að tryggja hag ríkissjóðs, ef honum fanst eitthvað það á ferðinni, er orðið gæti ríkissjóði útgjaldaauki. Um hitt má auðvitað deila, hve langt hafi átt að fara til þess að tryggja það, að eigi verði ráðist í þessar framkvæmdir að lítt hugsuðu máli, t. d. hvort heimta á einhvern ákveðinn meiri hl. í sýslunefnd eða samþyktir tveggja sýslufunda í röð. — Það er vitanlegt, að stundum hafa verið gerðar samþyktir, er voru lítt hugsaðar fyrirfram, og iðraði menn þess þá á eftir. Jeg fyrir mitt leyti hefði helst kosið, að almenn kosning til sýslunefndar færi fram á milli þeirra funda, er ákvörðun taka um þetta mál, enda hefði jeg þá ekki farið fram á nema einfaldan meiri hl. En slíkt ákvæði er ekki hægt að setja. Það er vel hugsanlegt, að sýslunefndarfundur tæki ákvörðun í þessu máli án þess að hjeraðsbúum væri gerður kostur á að segja álit sitt. Hinsvegar þegar um samþykt tveggja funda er að ræða, hafa hrepparnir tækifæri til þess að gera sínar samþyktir um málið. En ákvæði þau, er till. felur í sjer, eru engin einsdæmi.

Í mörgum stórfyrirtækjum hefir það verið ákveðið til frekara öryggis, að t. d. upphæð úr varasjóði megi ekki greiða fyr en það hefir verið samþ.

af tveim aðalfundum í röð. Hafði komið í ljós, að gerðar höfðu verið fljótráðnar samþyktir á einum aðalfundi, en þóttu síðar ekki heillavænlegar. En síðan þetta ákvæði hefir verið sett í lög þessara fyrirtækja, hefir slíkt eigi komið fyrir, og hafa allir vel við unað. — Jeg hefi borið till. mína undir n. þá, er hjer átti hlut að máli, sömuleiðis hv. 6. landsk., og hafa þeir hv. þm. á hana fallist. Till. flutti jeg til þess eins að tryggja hagsmuni hjeraðs og ríkissjóðs, og áleit jeg það skyldu mína að benda á það, að nauðsynlegt væri að fara varlega í þessu máli.

**Erlingur Friðjónsson:** Það var ekki ætlun mín að taka til máls, en umr. hafa gert það að verkum, að jeg vil fara um mál þetta fáum orðum.

Jeg vil þá byrja með því að kasta fram þeirri almennu aths., að þegar ríkissjóði er ætlað að leggja fram fje til einhvers fyrirtækis, verður að gera sjer grein fyrir því, hvað honum er fært í því efni. Framundan er margt, sem gera þarf, og ef greiða á helming kostnaðar úr ríkissjóði við hafnargerð á Skagaströnd, mun það koma í ljós, að ýmsum hliðstæðum fyrirtækjum er eigi síður þörf á slíku tillagi. Með þetta fyrir augum hefir mín till. eigi getað orðið hærri en svo, að ríkissjóður legði fram 1/3 kostnaðar, í stað þess sem honum er ætlað að greiða helming kostnaðar eftir frv. og 2/5 eftir till. á þskj. 154. Get jeg ekki, fyr en búið er að rannsaka, hvað gera þarf fyrir ýmsa aðra hafnlevsustaði, gengið lengra en sjútvn. lagði til, að ríkissjóður legði fram 1/3 kostnaðar. Er það einnig hærri upphæð en ríkissjóður hefir lagt fram annarsstaðar, eins og sjá má á nál. sjútvn. og tekið hef verið fram við umr. þessa máls. Mjer dettur í hug í þessu sambandi staður einn nálægt Skagaströnd, sem er Sauðárkrókur. Höfn er þar mjög slæm, en lagt hefir verið í að byggja þar öldubrjót, sem verið hefir til nokkurra bóta. Þykir mjer líklegt, að ríkissjóður þurfi að sinna þeirri höfn ekki síður en á Skagaströnd, því að aðstaðan er hin sama til fiskimiða, en hafnarstaður verri og kaupstaður nokkru stærri en á Skagaströnd.

Þá kem jeg að því atriði, er aðallega kom mjer til þess að taka til máls, en það voru ummæli hv. 3. landsk. gegn 3. lið till. á þskj. 154. Telur hann ósamræmi í því, að gert er ráð fyrir í till., að taka megi alt að 1/2 hlut af hverjum vjelbáti, sem er 8 smálestir að stærð og stærri, en 1/4 hlutar af smærri mótorbátum og róðrarbátum. Af því að jeg á dálítinn þátt í þessum lið till., þótt jeg sje ekki beint flm. hennar, vil jeg benda á það, að það er mikill munur á því, hvort afli bátanna á að skiftast í t. d. 14 staði eins og er á stærri vjelbátum, eða 3—4 staði. Hlutfallslega verður þá meira tekið af smábátunum, ef tekinn er 1/2 hlutur, en af stærri bát, sem skiftir í fleiri staði. Jeg nefndi 3 hluti í sambandi við róðrarbátana, og á jeg þar við, að tveir menn rói. Skiftist afli þá milli þessara tveggja manna, en þriðja hlut fær bátseigandi, — bátshlut.

Frá sjónarmiði okkar, er að till. þessari stöndum, munar það miklu, hvort afli skiftist í fáa eða marga staði, og því er till. fram komin, og vildi jeg því skýra þetta fyrir hv. d.

**Jón Jónsson:** Jeg get þakkað hv. 3. landsk. hinar hlýlegu undirtektir hans við till. okkar, en jeg get því miður ekki þakkað hv. frsm. Hann hjelt því fram, að sýslunni ætti ekki að vera þetta mikill kostnaður, því að hafnarsjóður mundi greiða það fje, er fram í sækti. Þó skautst það fram úr hv. framsögumanni, að það geti verið dálítill baggi fyrir sýslusjóð að sjá fyrir vöxtum af alt að ½ miljón króna, enda þótt megi gera sjer von um endurgreiðslu. Þá kom hv. frsm. með það ágæta fyrirheit, að ef illa færi, myndi ríkissjóður hlaupa undir baggann og taka á sig skellinn. Jeg er nú ekki þingvanari en svo, að mjer finst það vandræða hugsunarháttur, að opinber fyrirtæki sjeu rekin áfram af einstökum hjeruðum eða aðiljum í því trausti, að ekkert geri til um fjárhagsafkomuna, því ríkið beri skellinn ef á þarf að halda. Vona jeg, að Húnvetningar þurfi aldrei að nota sjer slíkt.

ATKVGR.

Brtt. 154,1 samþ. með 8:6 atkv.
— 154,2 samþ. með 8:2 atkv.
— 173,1 samþ. með 11:2 atkv.
— 173,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 154,3.a samþ. með öllum (14) atkv.
— 154,3.b samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 29. fundi í Nd., 22. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 181).

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 370, 382, 383).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 382 og 383. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Jeg hefi í raun og veru ekki mikið að segja fyrir hönd n., því að eins og sjá má á nál. á þskj. 370, hefir n. fallist á að fylgja fram frv., enda þótt nokkur ágreiningur sje um ýms smærri atriði. Aðalágreiningurinn er um það, hvort ríkissjóður skuli leggja fram ⅖ kostnaðar eða ⅓. Meiri hl. n. vill láta þetta atriði haldast eins og hv. Ed. skildi við það, einkum þar sem upprunalega er í frv. stj. gert ráð fyrir, að ríkissjóður borgi helming kostnaðarins. Hv. Ed. hefir fært þetta niður í ⅖, og meiri hl. n. sjer ekki ástæðu til að breyta því.

Brtt. eru á þskj. 382 og 383. Jeg skal gera nokkra grein fyrir brtt. okkar hv. 2. þm. G.-K. á þskj. 382. Fyrri brtt. okkar er þess efnis, að annar málsl. 2. gr. frv. falli niður, en hann hljóðar svo:

„Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykt á tveim aðalfundum í röð, með minst ⅔ atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt".

Þetta ákvæði finst okkur þrengja um of aðgang að því, að byrjað sje á þessum mannvirkjum, auk þess sem það er alveg óvanalegt, þegar líkt stendur á, að setja slík ákvæði. Okkur virðist það vera til ónauðsynlegs trafala og tilgangslaust að krefjast samþykkis tveggja sýslufunda í röð, nema því aðeins, að skift sje um menn í sýslunefnd með nýjum kosningum. Ef ábyrgðin er samþ. af sýslunefnd, er þess varla að vænta, að sú sama n. hafi skift um skap til næsta árs. Það gæti verið öðru máli að gegna, ef kosið væri í sýslunefnd á milli aðalfundanna. En það er ekki gert ráð fyrir því. Nú er það vitanlegt, að frá þeim sýslunefndum, sem hjer eiga hlut að máli, hefir borist eindregin áskorun til Alþingis um að sinna þessu máli. Og þar sem viðurkend er nauðsyn málsins, virðist einkennilegt að vera að leggja þann þröskuld á veg þess, sem þessi annar málsliður 2. gr. er.

Seinni till. okkar er um það, að heimilt skuli vera að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum. Þetta virðist vera nauðsynlegt, til þess að höfninni aflist tekjur, því að vel getur farið svo, að þó að byrjað sje á hafnarmannvirkjum, eigi fullkomnun fyrirtækisins langt í land.

Að lokum vil jeg lýsa yfir því, að þrátt fyrir þann ágreining, sem orðið hefir í n., leggur hún ríka áherslu á, að málið verði afgr. frá þinginu, og telur þær framkvæmdir, sem frv. fjallar um, nauðsynlegar.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg ætla að gera grein fyrir brtt. mínum á þskj. 383. Jeg gat ekki fylgt meiri hl. n. að málum að því er snertir tillag ríkissjóðs til hafnargerðarinnar. Mín skoðun er í fyrsta lagi bygð á því, að slíkt framlag hefir allajafnan verið ¼, en þó eru dæmi til þess, að ríkissjóður hafi lagt fram ⅓, en það er líka það hæsta. Það vill svo til, að nú liggja hvorki meira nje minna en 4 hafnarfrv. fyrir þinginu. Í tveimur þeirra er farið fram á ⅖ kostnaðar, einu ⅓ og einu helming. Jeg held því, að ef sú stefna er tekin hjá Alþingi, að hafa framlagið svona hátt, verði óvandari eftirleikurinn, því að þá er skapað fordæmi, sem mun verða fylgt í framtíðinni. Það virðist engin þörf vera á að ganga svo langt að taka þetta mikla stökk frá ¼ upp í ⅖.

Seinni brtt. mín er um ábyrgð ríkissjóðs á því fje, sem á vantar, þegar búið er að veita ⅓. Jeg þarf ekki að fjölyrða um hana, en vona, að hv. dm. geti fallist á hana.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg leyfi mjer að þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Þó að ágreiningur sje meðal nm. um ýms smærri atriði, eru þeir sammála um, að frv. eigi að ná fram að ganga. Tveir nm., þar á meðal hv. frsm., flytja brtt. á þskj. 382. Mjer finst þær till. svo þýðingarlitlar, að ástæðulaust væri þeirra vegna að tefja fyrir

gangi málsins. Það, sem hv. frsm. kallar ónauðsynlegan þröskuld, er meira öryggi. Það á að koma fram, að það sje virkilegt alvörumál hjá hjeraðsbúum að hrinda þessu í framkvæmd. Það er full ástæða til að setja slík ákvæði sem þetta, þegar um svona mikil fjárframlög er að ræða.

Aftur á móti má segja um brtt. hv. 4. þm. Reykv., að þær skifta miklu máli. Þar er um gerbreyt. að ræða. En jeg ætla ekki að ræða þær till. frekar. Hv. 6. landsk. hefir gert svo góða grein fyrir því atriði í hv. Ed., að jeg leyfi mjer að vísa til hans ummæla. Það er ósk mín, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Hv. 4. þm. Reykv. taldi, að myndað væri fast fordæmi um framlag úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda, sem hjer er um að ræða, ef látið væri standa óbreytt það atriði eins og hv. Ed. gekk frá því. En þegar þess er gætt, að í sjálfu stjfrv. er gert ráð fyrir helmingi, virðist vera sanngjarnt að fara þennan meðalveg á milli stjfrv. og till. hv. þm.

Út af ummælum hæstv. ráðh. vil jeg leggja áherslu á, að þó að brtt. okkar sjeu ekki stórvægilegar, gera þær þó málið mun auðveldara fyrir þá sýslu, sem á hlut að máli. Jeg vil benda á, að jeg hygg, að ekki sje í neinum hafnarlögum gefið það fordæmi, að þessarar aðferðar sje hægt að krefjast. Og í frv. stj. hefi jeg ekki getað komið auga á neitt slíkt ákvæði. Jeg veit ekki, hvort jeg á að skoða það sem vantrúarvott á nytsemi fyrirtækisins, að hæstv. ráðh. er svo umhugað um að láta þetta ákvæði standa, sem smeygt var inn í hv. Ed. Við flm. höfum samt sannfærst af rökum stj.-frv. og viljum fylgja því fram án þessa bagga, sem vitanlega gerir það miklu erfiðara fyrir sýsluna að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd.

Eins og jeg benti á í fyrri ræðu minni, er alveg þýðingarlaust að ætla tveim sýslufundum í röð að gera bindandi samþykt um þetta efni, nema sú sýslunefnd, sem einu sinni hefir fjallað um það, verði uppleyst og önnur komi í staðinn. Að öðrum kosti sje jeg ekki annað en að þessi tvöfalda samþykt sje humbug. Það, að slík samþykt sje ekki eldri en tveggja ára, þegar ábyrgðin er veitt, gæti líka orðið til þess, að ríkisstj. gæti dregið verkið úr hömlu, með því að veita ekki ábyrgðina. Jeg skil ekki, í hvaða skyni þessir fleygar eru settir inn. Það er ekki venja að setja slík skilyrði, og ef maður lítur á málið eins og við sjútvn.menn, sem mikið nauðsynjamál, eru slík ákvæði til óþarfa trafala. Enda er það sæmileg trygging, að hafa fengið áskorun frá sýslunni. Einnig er þess að gæta, að hæstv. stj. flytur þetta sem stjfrv. Þetta hvorttveggja eru sterk rök fyrir því, að hjer sje um mikið þjóðþrifafyrirtæki að ræða, því að frv. til hafnarlaga eru oftast flutt af einstökum mönnum.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Hv. frsm. flytur brtt. á þskj. 382 um að fella úr frv. öryggisákvæði, sem sett voru inn í hv. Ed. Jeg skal strax taka það fram, að það var jeg, sem setti þessi ákvæði inn í frv., með fullu samþ. þeirra hv. þm. í Ed., sem heima eiga

í Húnavatnssýslu, hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. landsk. Jeg hefði ekki borið þetta fram, ef þeir hefðu verið því mótfallnir.

Skoðun mín á þessu atriði breyttist ekkert við ræðu hv. frsm. Jeg skal engan dóm leggja á það, og það getur víst enginn hjer í hv. deild, hvernig hafnargerð á Skagaströnd muni bera sig fjárhagslega. Um það er enga áætlun hægt að gera. En hitt vil jeg fullyrða, að þegar eitt sýslufjelag ræðst í jafnstórfelt fyrirtæki og hjer er um að ræða, þá er aldrei of varlega farið.

Nú vil jeg geta þess í þessu sambandi, að á þeim stöðum sumum, sem hafnarmannvirki hafa verið gerð, og miklu meiri líkur voru fyrir en á þessum stað, að þau gætu borið sig, þá hafa þau ekki gert það. Með það fyrir augum virðist mjer það sjálfsögð skylda þingsins að setja svo tryggar varúðarráðstafanir sem hægt er fyrir því, að sýslufjelagið fari ekki að binda sjer stærri bagga með ábyrgð sinni en það að vel athuguðu máli telur fært. Hv. frsm. virtist vilja telja þessi ákvæði frv. hálfgildings hjegóma. Taldi hann, að ef meiningin með þeim væri sú, að leita eftir nokkurskonar þjóðarvilja í sýslunni í þessu máli, þá þyrfti að leysa upp sýslunefndina og kjósa nýja með þetta mál fyrir augum. Þetta er nú rjett að því leyti, að þessi ákvæði miða að því að fá fram athugun og vilja sýslubúa um þetta mál. En að leysa upp sýslunefndina gat ekki komið til mála, vegna þess, að það er gagnstætt lögum og því engin heimild til þess, þótt svona mál liggi fyrir. Var því ekki um aðra leið að ræða en þessa, að leggja málið undir álit og samþykki tveggja sýslufunda. Og þegar málið hefir fengið athugun og samþykki eins sýslufundar, mun það verða tekið til nánari athugunar heima í hreppum sýslunnar og þar tekin afstaða til þess. Sýni það sig þá, að almennur áhugi er fyrir þessu máli, þá verður það enn hiklausara samþ. á næsta sýslufundi. Með þessu fæst meiri trygging fyrir því, að málið verði vel hugsað, heldur en ef t. d. einn sýslufundur samþ. það með t. d. 1 atkv. meiri hl. Hygg jeg, að þegar um það er að ræða, að sýslan stofni sjer í mörg hundruð þús. kr. ábyrgð, þá sje vel forsvaranlegt, þótt varlega sje farið. Og sje hjer um almennan vilja hjeraðsbúa að ræða, þá sje jeg ekki, að málinu sje teflt í neinn voða með þessu, eða að neinn þröskuldur sje lagður í veg fyrir málið. Sje svo um sjeð, að almennur vilji fái að koma fram í málinu, og hallist hann að því, að rjett sje að framkvæma verkið, þá mun heldur ekki skorta nægilegt magn atkv. í sýslunefndinni. Og þá eru heldur engar líkur til, að gott málefni komist ekki í framkvæmd, þótt sett sjeu skilyrði í frv. um að gætt sje fylstu varúðar.

**Sveinn Ólafsson:** Jeg hefi ritað undir nál. á þskj. 370 með fyrirvara. Þykir mjer rjett að gera grein fyrir honum. Jeg get kannast við það, að ef þetta frv. ætti að skoðast eins og slæmt fordæmi fyrir tillögum ríkissjóðs til hafnarbóta alment, þá stend jeg að því leyti með hv. 4. þm. Reykv. um það atriði. En að jeg þó get fylgt

þessu frv., þrátt fyrir það, þótt vikið sje frá þeirri venju, sem ríkt hefir um styrk til hafnarmannvirkja, er af því, að jeg tel þetta ekki hafnarbót eða byggingu í venjulegum skilningi þess orðs, heldur miklu fremur lendingarbót, en sú venja hefir gilt, að þær hafa verið styrktar meira úr ríkissjóði en hafnargerðir, sem sje með alt að helmings framlagi. Það er rjett, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að venja hefir verið að greiða ¼ hluta af kostnaðarupphæð hafnarbóta úr ríkissjóði. En til lendingarbóta hefir verið greiddur helmingur kostnaðar úr ríkissjóði. Þetta hefir verið aðalreglan. Nú hefir hv. 4. þm. Reykv. komið fram með einskonar miðlunartill. á þskj. 383. Vill hann, að ríkissjóður leggi fram ⅓ kostnaðar. En þar sem mjer skilst, að hjer sje aðeins um lendingarbót að ræða, a. m. k. fyrst um sinn, og lítil efni fyrir hendi hjá hreppsfjelagi því, sem hlut á að máli, til að standast kostnað fyrirtækisins, þá þykir mjer tillag ríkissjóðs ekki óhóflegt eins og það er ákveðið í frv., enda lít jeg svo á, að ekki sje um neitt fordæmi um almennar hafnargerðir að ræða í þessu sambandi.

Um brtt. þær, sem fyrir liggja, hefi jeg lítið að segja. Um brtt. á þskj. 383 hefi jeg þegar sagt álit mitt. En um brtt. á þskj. 382 get jeg vísað til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði um hana. Er jeg honum sammála um það, að þau skilyrði, sem þar eru sett um samþykki sýslufunda, eiga að standa. Um síðari brtt. á því þskj. get jeg sagt, að mjer þykir hún svo smávægileg, að jeg sje ekki ástæðu, hennar vegna, að hrekja frv. milli deilda, þegar þess er gætt, að eftir mínu áliti er hjer aðeins um lendingarbót að ræða.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vil segja út af ræðu hæstv. fjmrh. Mjer þótti satt að segja nokkuð einkennileg aðstaða hans til þessa máls, þegar þess er gætt, að hjer er um stjfrv. að ræða. En máske má skýra það með því, að hæstv. fjmrh. átti ekki sæti í stj. þegar frv. þetta var samið. Mjer virtust koma sterk rök fram hjá hæstv. stj. fyrir nauðsyn þessa frv., þegar það var lagt fyrir Alþ. Get jeg því ekki skilið, hvers vegna hæstv. stj. vill nú leggja hömlur á málið. En það virðist mjer vera gert svo sem auðið er í 2. gr. frv., að því einu máske undanskildu, að ætlast væri til, að framkvæmd verksins komi ekki til greina fyr en í óvissri framtíð. Samkv. 2. gr. þarf ekki nema litla andstöðu til að skjóta framkvæmd verksins á frest, hver veit hve lengi. Hæstv. fjmrh. sagði, að þessi till. væri komin frá sjer og borin fram með samþykki þeirra tveggja hv. þm., er heimili eiga í A.-Húnavatnssýslu. Vitaskuld er það ekki mitt áform að vera á móti því, að hæstv. stj. sje varkár í þessu máli sem öðrum málum. En þegar maður lítur á það, að hæstv. stj. er svo sannfærð um nytsemi þessarar framkvæmdar, að hún flytur frv. sjálf, þá er einkennilegt, að hún vill nú leggja þær hömlur á framkvæmd fyrirtækisins, eða a. m. k. líður þær, sem nú eru í 2. gr. frv.

Það mun nú ekki rjett að eyða tímanum í langar deilur um þetta. Verður best að láta atkv. skera úr. — Mjer finst, þar sem hæstv. fjmrh.

kannaðist við það, að ekki væri hægt að leysa upp sýslunefndina og láta fara fram kosningar að nýju á milli þessara tveggja funda, sem eiga að útkljá þetta mál, þá játaði hæstv. ráðh. þar með, að þetta ákvæði væri þýðingarlaust. Ef sýslunefndarmennirnir samþ. þessa ábyrgð í eitt skifti, munu þeir, þ. e. hinir sömu menn, vafalaust samþ. hana í annað sinn. Verður því þessi tveggja ára hemill þýðingarlaus fyrir öryggi samþyktarinnar, en aðeins trafali fyrir málið. Mál þetta verður vafalaust athugað án þess. Og verði það af hjeraðsbúum álitið nauðsynja og nytjamál, verður það samþ. Vil jeg því ekki, að tafið sje fyrir framkvæmd þess að óþörfu.

**Hannes Jónsson:** Ef hv. frsm. hefir skilið orð hæstv. fjmrh. á þá leið að jeg hafi sem þm. V.-Húnv. eitthvað lagt til þessa máls, sem mjer þó helst virtist, þá vil jeg láta hv. þm. vita, að það er alger misskilningur. Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. hafi átt við hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. landsk., sem báðir eiga heimili í þeirri sýslu, sem hjer um ræðir.

En fyrst jeg stóð upp, þá get jeg lýst yfir því áliti mínu, að jeg tel fylstu ástæðu til þess, að samþ. sjeu ákvæði frv. um það, að mál þetta skuli samþ. á tveimur sýslufundum og með þeim atkv.fjölda, sem þar greinir. Jeg hygg, að þetta mál hafi enn verið lítið athugað á fundum í sýslunni, og því fylsta ástæða til að það sje gert áður en endanlega verður gengið frá málinu. Samþykt þessa máls á sýslufundi mun vekja menn til nýrrar umhugsunar um málið, sem þá ætti að geta legið svo skýrt fyrir, að menn gætu tekið aðstöðu með því eða móti. Og kæmi það þá í ljós, að sumir hreppar sýslunnar yrðu algerlega andvígir því að ráðast í þessa framkvæmd, þá hygg jeg, enda þótt sýslunefndarmenn yrðu hinir sömu, að þeir treystu sjer naumast til að samþ. það á ný, gegn eindregnum vilja hreppsbúa sinna. Framkvæmd verksins mundi þá dragast þar til almennur áhugi væri fenginn fyrir málinu. Með þessum orðum mínum er jeg ekki að spá neinu um það, að svona muni fara. Og þau ber heldur ekki að skoða sem neina andúð frá minni hálfu til þessa máls. En hitt vil jeg undirstrika, að jeg tel ekki leggjandi út í framkvæmd sem þessa, nema málið sje vel undirbúið í hjeraðinu og almennur áhugi fyrir því. Og hjer er um svo stóra upphæð að ræða, 700—800 þús. kr., að jeg tel sjálfsagt að fara varlega og gera lögin sem tryggilegast úr garði, án þess jeg vilji þó gera neitt, sem aftrað geti framkvæmd þessa máls, þegar hjeraðið sjálft er einhuga um að hefjast handa.

Jeg er ekki nægilega kunnugur því, hver áhugi muni vera fyrir þessu máli í Austur-Húnavatnssýslu. En það má þó byggja á því, að hann sje nokkuð almennur, þar sem frv. þetta er fram komið. En þó verð jeg að segja það, að þær framkvæmdir sumar, sem gerðar hafa verið í A.-Húnavatnssýslu á undanförnum árum, beinlínis draga úr því, að höfn verði bygð á Skagaströnd. Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum árum bygð bryggja á Blönduósi, sem kostaði 60—70 þús. kr. Var sú bryggja að öllu leyti mislukkað fyrirtæki og er nú að verða ónýt. Nú hefir verið bygt stórt frystihús á

Blönduósi. Ef almennur áhugi hefði verið fyrir hafnargerð á Skagaströnd, virðist mjer ekkert vit í því að byggja það þarna. Og mjer virðist bygging þess bera vott um það, að menn hafi ekki alment gert sjer vonir um þá höfn á næstu árum. Því hefði svo verið, þá var fásinna að byggja frystihúsið á Blönduósi með jafnerfiðri framskipun og þar er. En 18 km. norðar og eftir góðum vegi að fara væri svo höfn, þar sem ágætt væri um framskipun og aðstaða öll góð. Að flytja frosna kjötið í bílum frá Blönduósi til Skagastrandar kemur vitanlega ekki til mála.

Mjer virðist að þessu athuguðu fylsta ástæða til þess að afgreiða þetta mál svo frá þinginu, að einstakir menn, sem góða trú hafa á málinu og áhuga fyrir því, fái eigi hrundið málinu til framkvæmda og bundið sýslufjelaginu þunga bagga án vilja alls almennings. Og mjer virðast ákvæði þau, sem hv. Ed. setti inn í frv., virkilega tryggja það, að ekki verði handa hafist fyr en meiri hl. sýslubúa er í raun og veru málinu fylgjandi. Hv. frsm. vildi að vísu halda því fram, að atkvgr. í sýslunefndinni hlyti að verða óbreytt með sömu mönnum. En jeg hefi fulla trú á því, að ef það kæmi í ljós, að þeir hefðu greitt atkv. með málinu í fullri andstöðu við sveitunga sína, þá mundu þeir naumast samþ. það aftur. Til þess er hjer um of gætna menn að ræða. Ef þetta mál þar á móti liggur fyrir aðeins einum sýslufundi og nær þar samþykki með aðeins litlum meiri hl. atkv., þá er þetta mál enn svo lítið rætt í sveitum sýslunnar, að þótt síðar verði hreyft andmælum, þá geta sýslunefndarmennirnir þvegið hendur sínar og sagt, að þeir hefðu ekkert vitað um þessa andstöðu sveitunga sinna gegn málinu. Hingað til hefir mál þetta verið lítið rætt og engin andstaða komið fram gegn því, af þeirri ástæðu, að jeg hygg, að lítil trú hefir á því verið, að til framkvæmda mundi draga á næstu árum. Jeg er þó ekki með þessu að segja, að andstaða gegn málinu sje til. Jeg vil aðeins sýna það, að ekki er hægt að byggja á því, að hún sje ekki til, vegna þess hve mönnum hefir virst framkvæmd verksins standa fjarri og því lítið verið um það talað.

Jeg mun svo greiða atkv. móti brtt. við 2. gr., en með frv. í heild, þar sem mjer virðist svo frá málinu gengið, að trygt sje, að ekki dragi til framkvæmda nema fullur vilji sje fyrir því í hjeraðinu. Og sje svo, þá tel jeg ekki rjett að neita um þá hjálp, þótt takmörkuð sje, sem í þessu frv. felst. Hitt dreg jeg þó í efa, að hjer sje um mjög mikla samgöngubót fyrir hjeraðið sjálft að ræða. Jeg hygg, að hagur ríkisins af henni muni verða meiri en hjeraðsins og því ekki ástæðulaust, að ríkið legði ríflega fram, ef í þessa hafnargerð verður ráðist.

**Ólafur Thors:** Hv. frsm. hefir gert grein fyrir afstöðu okkar nm. til frv. En jeg verð að segja það, að ef jeg hefði eigi aðrar og meiri ástæður fyrir þörf þessa verks en þær, sem komið hafa frá hv. þm. V.-Húnv., þá mundi jeg naumast geta fylgt frv. Hv. þm. sýndi fulla hreinskilni í þessu máli, eins og honum er lagið að gera. Verð jeg að hæla honum fyrir það. En því verður ekki neitað, að hann færði

mörg rök á móti frv. Hann taldi, að það hefði verið fásinna að reisa frystihús á Blönduósi, ef leggja ætti í kostnað við hafnargerð á Skagaströnd. Hann vildi vjefengja, að almennur áhugi væri fyrir þessu máli í hjeraðinu og hæpið um álit hjeraðsbúa á því. Og hann dró í efa, að ávinningur væri að því fyrir hjeraðið, eða mikinn hluta þess. Jeg veit, að Vestur-Húnvetningar hafa þarna engra hagsmuna að gæta. En hv. þm. V.-Húnv. er nú fæddur og uppalinn í A.-Húnavatnssýslu og lítur án efa eins á þeirra hag. Verð jeg því að álíta umsögn hans veigamestu rökin, sem flutt verða hjer gegn málinu. En merkir Austur-Húnvetningar, sem jeg hefi átt tal við um þetta mál, hafa sagt mjer, að þetta væri þeirra áhugamál, og rök þeirra hafa sannfært mig um, að rjett væri að fylgja frv. En jeg er þó ekki viss um, að jeg hefði fylgt málinu eins fast, ef jeg hefði verið búinn að heyra rök hv. þm. V.-Húnv. gegn því. (**HJ**: Hv. þm. ætti oftar að leita ráða til mín!). Það hefir nú gefist misjafnlega. Og ekki gafst vel að láta hv. þm. tala fyrir mína hönd. En hv. þm. er nú máske orðinn ráðsettari og kann að hafa farið batnandi.

Hvað brtt. okkar hv. frsm. snertir, þá er hún borin fram af þeirri skoðun, að ekki þurfi aðra hvöt til þess að málið verði rætt og athugað í sýslunni en þá, að framkvæmd verksins eftir þessu frv. standi fyrir dyrum.

Ef hjeraðsbúar vita, að sýslunefndin á að fara með umboð þeirra í þessu máli, þá er fullkomin ástæða til þess fyrir þá að láta sýslun. vita, hvern hug þeir bera til málsins, og það hljóta þeir að gera. Þess vegna er jeg mótfallinn þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. málsgr. 2. gr.. um að sýslun. þurfi tvisvar að samþ. ábyrgðarheimildina fyrir láninu. Jeg tel það óþarft og óeðlilega tilhögun, einkum af því að það veitir ekkert frekara öryggi og vissu um vilja hjeraðsbúa, nema sýslunefndarkosning hafi farið fram á milli þeirra funda, sem ákvörðun taka í málinu, eins og hv. þm. Vestm. hefir bent á.

Jeg hefi þá líka svarað því, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Út af því, sem hann vísaði til ummæla hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. landsk., sem báðir eru búsettir og kunnugir í Austur-Húnavatnssýslu, vil jeg segja það, að jeg tel þá ekki meiri spegilmynd af vilja hjeraðsbúa en aðra kunnuga menn, sem þar eru búsettir. Jeg hefi kynst mörgum hjeraðsbúum og talað við þá um þetta mál, og þeir telja það eitt mesta velferðarmál hjeraðsins. Af þeim ástæðum fylgi jeg þessu máli, enda þótt mjer þyki framlag ríkissjóðs fullhátt.

**Fjmrh. (Einar Árnason)**: Hv. frsm. meiri hl. vitnaði oft til þess, að þetta væri stjfrv., og sagði, að stj. mundi ekki hafa flutt það nema hún hefði haft trú á, að þetta væri gott mál. Þetta er auðvitað rjett. En það voru fyrstu tildrög þessa máls, að hv. þm. A.-Húnv. flutti á síðasta þingi frv. í Ed. um hafnargerð á Skagaströnd; og þau urðu afdrif þess, að því var vísað til stj. með þeim fyrirmælum, að hún ljeti fram fara rannsókn á staðháttum. Þær rannsóknir voru gerðar síðastl. sumar, og ávöxturinn af því er þetta stj-

frv., sem lagt var fram í Ed. í þingbyrjun.

Þegar um þessa hafnargerð er að ræða, þá lít jeg svo á, að hún sje ekki hliðstæð við aðrar hafnarbætur, sem gerðar hafa verið. Hjer liggur alt önnur og djarfari hugsun á bak við heldur en við aðrar hafnargerðir. Hjer eru sem sje aðeins nokkrar landbúnaðarsveitir, sem að þessari hafnargerð standa og eiga að taka á sitt bak mikinn ábyrgðarbagga til þess að skapa nýja höfn og nýjan bæ. Enginn gerir sjer vonir um, að höfnin muni geta borið sig, nema þar komi upp allfjölmennur bær eða sjávarútvegsstöð.

Af því að þarna hefir ekki verið um að ræða nema landbúnað og sjósókn í smáum stíl, þá er því meiri ástæða til að fara hægt á stað og varlega og búa sem tryggilegast um fjárhagshlið málsins. Því að það er vitanlegt, að ef sýslufjelagið getur ekki fullnægt þeim skuldbindingum, sem það tekur á sig, þá kemur til kasta ríkissjóðs að greiða þann hluta kostnaðarins líka. Þess vegna verður þingið að setja skynsamlegar öryggisráðstafanir um undirbúning þessa máls, til þess að verja ríkissjóð gegn tapi af því, ef illa færi. Jeg segi þetta ekki af því að jeg vilji setja fót fyrir þetta stjfrv., þó að jeg vilji koma þessum ákvæðum inn í það til þess að tryggja sem best undirbúning málsins. Jeg hefi trú á, að hjer sje um gott mál að ræða, en vil, að unnið sje að því á þeim grundvelli, að engin mistök þurfi á því að verða. Hjer er um stórvirki að tefla, þar sem á að reisa nýja höfn, nýjan bæ og nýja útgerðarstöð.

**Magnús Guðmundsson**: Það eru aðeins örfá orð. Jeg vildi geta þess, að eftir því, sem sagt er af kunnugum mönnum, þá mun vera hægt að gera góða mótorbátahöfn á Skagaströnd fyrir rúm 100 þús. kr. Og jeg get hugsað mjer, að þó að reynt sje að taka munninn nokkuð fullan með þessu frv., þá muni þetta verða látið nægja fyrst um sinn. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt hættulegt að veita þá heimild, sem í þessu frv. felst, því að ekkert verður gert að framkvæmdum fyrri en þingið hefir veitt til þess fje í fjárlögum. Hvort síðari hluti 2. gr. er feldur burt úr frv., skiftir ekki miklu máli; þó getur það komið sjer vel. En eftir þekkingu minni á þeim mönnum, sem hjer eiga hlut að í hjeraði, þá held jeg, að þeir flani ekki að órannsökuðu máli. Jeg er sannfærður um, að það verður farið hægt á stað í þessu máli, og jeg segi þessi fáu orð til þess að sýna fram á, að það verður ekkert gert í því nema sýnt þyki, að það komi að góðum notum. Jeg vildi ennfremur benda á, að hjer er aðeins um framtíðarloforð að ræða frá Alþingi, en ákvörðun verður tekin um það síðar með fjárveitingu í fjárl. Jeg vildi með þessu slá niður þann ótta, sem vera kynni meðal hv. þdm. um það, að hjer muni verða rasað fyrir ráð fram; jeg er fullviss um, að svo verður ekki. Jeg þekki svo vel til þeirra manna í Húnavatnssýslu, sem um þetta mál munu fjalla. Mjer fanst á ræðu hæstv. fjmrh., að á bak við feldist hjá honum ótti um, að hjer mundi verða farið lengra en sýslufjelagið þyldi. Þó að einn hreppur komi til með að njóta hjer aðallega góðs af, þá eru fleiri blómleg sveitar-

fjelög í sýslunni, sem hafa hag af fyrirtækinu. Og jeg er viss um, að þau leggja sig ekki í hættu af þessu máli án þess þau sjái, að þau fái uppborið það fje, sem lagt yrði í fyrirtækið.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg vildi aðeins gera fyrirspurn til hv. sjútvn. Jeg sje, að í 11. gr. frv. er ákveðið, hvaða tekjur hafnarsjóður skuli hafa, og að helmingur af hækkun lóðarleigu í Höfðahólalandi eigi að renna í hafnarsjóð. Nú eru Höfðahólar landssjóðsjörð, eftir því sem jeg best veit; en jeg hygg, að jeg muni það rjett, að Spákonufell, sem er einstaks manns eign, eigi að nokkru leyti land að höfninni. Nú vil jeg beina þeirri fyrirspurn til sjútvn., hvort hún hefir athugað þetta, og þá um leið, hvort til þess sje ætlast, að eigandi þeirrar jarðar fái í sinn vasa þá verðhækkun á landi hans, sem leiðir af hafnarmannvirkjum á þessum stað. Jeg tel sjálfsagt að veita hreppnum eða hafnarsjóði nú þegar eignarnámsheimild til þessa lands, er að höfninni liggur. Gera má ráð fyrir, að þarna rísi upp bær, og hækka þá lóðir ört í verði. Þá verðhækkun á auðvitað sveitarsjóður eða hafnarsjóður að fá.

**Hannes Jónsson:** Það var rjett hjá hv. 2. þm. G.-K., að jeg segi í þessu máli það, sem jeg veit sannast og rjettast, eins og jeg geri yfirleitt í hvaða máli sem er. Hitt er ekki þar með sagt, að það sje altaf það sanna og rjetta; þetta væntí jeg, að hv. þm. taki til greina, og að hann vildi nú sjálfur taka upp þá reglu, ef hann hefir ekki haft hana áður. (**ÓTh:** Já, ef). Hitt er fullkominn misskilningur, að jeg sje að mæla á móti þessu frv. En það er aftur á móti rjett, að eftir ýmsum framkvæmdum í hjeraðinu nú á síðustu missirum, þá efast jeg um, að þar sje ríkjandi almenn trú á þessu máli. Þess vegna tel jeg nauðsynlegt, að málið geti fengið þá athugun heima í hjeraði, sem framkvæmanleg væri.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi ekki trúa öðru en að málinu væri borgið í höndum hjeraðsbúa, og sæti síst á mjer að efast um það eða tortryggja samsýslunga mína. En jeg verð nú samt að segja það, að í hafnarbótamálum hafa þeir sýnt svo óvenjumikið dómgreindarleysi, og á jeg þar sjerstaklega við bryggjubyggingu á Blönduósi, fyrir innan ána. Kirk hafnarverkfræðingur lagði á móti því fyrirtæki, en samt var það barið fram í sýslun. með örlitlum meiri hl. Þar eru margar þúsundir kr. farnar til einskis. Jeg get því ekki sjeð annað en að fylsta ástæða sje til þess að vera varkár í þessu máli; og þetta segi jeg ekkert síður fyrir það, þó að samsýslungar mínir eigi hlut að máli, sem jeg vil fúslega gera eitt og annað fyrir. Það verður að gera alt til þess að tryggja það sem best, að almenningsvilji í hjeraðinu verði óskiftur á bak við þetta mál; því hann ræður úrslitum um, hvort hjeraðið bindur sjer þann skuldabagga á herðar, sem ábyrgðinni fylgir. Þar er í mikið ráðist fyrir sýslufjelagið; og þó að málið sje í sjálfu sjer gott, þá eiga hjeraðsbúar að fara varlega í að ofþyngja einstaklingum með skuldaböggum. Þegar almennur vilji hjeraðsbúa er fenginn til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, þá geri jeg ráð fyrir, að

þeir klífi þrítugan hamarinn til þess að afla því nauðsynlegra tekna. En á hinn bóginn ætla jeg, að ef fylgi við málið verður skift í sýslunni og raunveruleg andstaða brýtst fram, þá mun sannast, að það verður mjög erfitt um skuldagreiðslur, sumpart af rjettlátum ástæðum, þ. e. getuleysi einstaklinga, og sumpart vegna þrjósku. Þess vegna er hætt við, undir þessum kringumstæðum, að skuldbindingar hjeraðsbúa færist á ríkissjóð til greiðslu. Það, sem eitt hjerað tekur að láni, til hvaða fyrirtækis, sem um er að ræða, verður hjeraðið að borga aftur. Það má ekki bindast lántökum nje ábyrgðum með þeirri hugsun að ætla síðar að smeygja sjer undan rjettmætum greiðslum, er af þeim stafa, þegar kemur að skuldadögunum. Sú stefna á að dæmast til dauða. En því miður hefir talsvert bólað á henni hjer á Alþingi. Og þó jeg geti viðurkent, að ákvæðin, sem eru í 2. gr. frv., hafi ekki mikil áhrif, þá vil jeg, að þau fái að standa óbreytt; það veitir þó meiri trygging fyrir góðum undirbúningi þessa máls í hjeraðinu. Jeg hefi ekki mælt á móti þessu frv. á nokkurn hátt; síður en svo. Jeg hefi aðeins viljað tryggja sem best, að það kæmi að haldi, og mun greiða atkv. með því.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það er náttúrlega hreint ekki góð aðstaða fyrir þm. úr fjarlægum hjeruðum að mæla fram með þessu máli, með það fyrir augum, að menn úr hjeraðinu sjálfu andmæla því og telja á því öll tormerki. Þrátt fyrir yfirlýsingu hv. þm. V.-Húnv. um, að hann vilji ekkert hafa á móti þessu máli, þá skín í gegnum orð hans fullkomin vantrú á fyrirtækinu og framkvæmdamöguleikum hjeraðsins, sökum misbresta á samvinnu hjeraðsbúa um þetta mál, og efi um staðinn, hversu heppilegur sje. Þetta álit hv. þm. vona jeg, að sje bygt á misskilningi. En, sem sagt, þar sem þetta kemur frá glöggum og gætnum manni með staðarlegri þekkingu á málavöxtum í hjeraðinu, þá verður ekki hjá því komist að kannast við, að slík skoðun slái óhug á þá, sem ekki eru kunnugir staðháttum.

En það vill nú svo vel til, að fleiri menn úr Húnavatnssýslu hafa lýst skoðun sinni á þessu máli, svo að hv. þm. V.-Húnv. hefir ekki tekist að hrekja mig frá þeim grundvallarskoðunum, sem jeg hefi myndað mjer um það. Stj. hefir líka látið sitt álit í ljós í grg. frv., og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa þetta upp:

„Stjórnin er á þeirri skoðun, að það sje þýðingarmikið mál fyrir aðliggjandi hjeruð og landið í heild sinni, að góð höfn væri á hentugum stað við Húnaflóa austanverðan, sem nú er hafnlaus. Frá höfn á Skagaströnd mundi verða gott samband við hjeruðin í Húnavatnssýslu, þar sem nú er orðið mikið af bílfærum vegum. Og sem síldveiðahöfn mundi Skagaströnd sjálfsagt geta haft mikla þýðingu. Útflutningur á kjöti er einnig mikill úr Húnavatnssýslu, og yrði það til mikillar tryggingar fyrir kjötútflutninginn, einkum á frystu kjöti, að fá góða höfn á Skagaströnd".

Jeg geri ráð fyrir, að það hafi enginn þau gögn í höndum, að hann geti lagt út í deilu til þess að sanna það reikningslega, að þetta fyrirtæki sje örugt með að bera sig. Það er að heyra á mótmælum hæstv. fjmrh. og van-

trú hv. þm. V.-Húnv., að þeir skoði þetta fyrirtæki þess eðlis, að það eigi að sýna fram á það í upphafi, að það geti borið sig fjárhagslega. Af því munu vera sprottnar dylgjur hv. þm. V.-Húnv. um, að hjeruð hafi ráðist í mannvirki og fyrirtæki, sem ekki stóðust áætlun, og sem þau gátu ekki staðið straum af. En í ýmsum tilfellum getur það hafa stafað af náttúrunnar völdum.

Jeg lít á þessi mannvirki frá öðru sjónarmiði og legg mest upp úr þeim áhrifum, sem þau hafa á atvinnulífið í hlutaðeigandi hjeraði og landinu yfirleitt. Hafi menn góða trú á þessu máli, eins og hæstv. stj., þá á ekki að vera að gera leik til þess að setja í það fleyga eins og þá, sem skotið hefir verið inn í 2. gr. frv. og sem auðsjáanlega hljóta að draga úr framgangi málsins. En við hv. 2. þm. G.-K. álítum, að þeir eigi ekki að vera þar til að spilla fyrir málinu.

**Hannes Jónsson:** Mjer finst háttv. frsm. leggja meiri alúð við að telja hv. þd. trú um, að jeg sje að mæla á móti frv., heldur en að flytja sjálfur meðmæli með því. Jeg hefi ekki sagt annað en það, að jeg vildi gera ráðstafanir til að tryggja sem best fylgi við málið í hjeraðinu. Þá hefi jeg tekið það fram, að margt hefir verið gert á Blönduósi, sem heimskulegt var að ráðast í þar, ef höfn á að koma á Skagaströnd. Þessum mannvirkjum á Blönduósi hefði átt að fresta, ef það var ætlun hjeraðsbúa að byggja höfn á Skagaströnd. Þetta hlýtur hv. frsm. að hafa heyrt. Og þó að hv. þm. tali mikið um, að stj. sje þessu máli fylgjandi, þá breytir það ekki minni afstöðu. Það virðist hneyksla hv. þm., að jeg skuli ekki hafa alveg sömu skoðun á málinu og stj. Jeg veit ekki, hvort hann hefir talið sjer það skylt að vera sammála sinni íhaldsstj. í öllum efnum. En að því leyti er fullkomið samræmi milli mín og stj. í þessu máli, að þegar vaknaður er almennur áhugi fyrir því í hjeraðinu, þá á ekki að hindra framkvæmd þess. En jeg vil benda á, að málið hefir nú fremur lítið fylgi í sýslunni; þess vegna hefir miklu fje verið varið til að bæta höfnina á Blönduósi, af trúleysi á það, að höfn yrði bygð á Skagaströnd; að öðrum kosti væri bryggjubygging á Blönduósi hrein vitleysa.

Það virðist ástæðulaust að ræða þetta mál öllu lengur; jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. ljái því fylgi sitt vegna þess, að þeir hafi trú á, að það sje rjettmætt framfaramál, en láti það ekki til sín taka aðeins af pólitískum ástæðum. Mjer virtist það koma óþarflega bert fram hjá hv. 2. þm. G.-K., að afstaðan til málsins væri pólitískt lituð. Út af því varð mjer ósjálfrátt að hvarfla huganum til landsfundar íhaldsmanna, sem haldinn var hjer í bænum fyrir skömmu. Þar voru mættir fulltrúar úr Húnavatnssýslu, sem eru stuðningsmenn þessa fyrirtækis, eins og margir aðrir í hjeraðinu, og ekki er ósennilegt, að hv. 2. þm. G.-K. hafi orðið fyrir áhrifum frá þeim í þessu máli. En það eru ekki fulltrúarnir á íhaldsfundinum, er áttu að hafa þau áhrif á háttv. þm., heldur skynsamleg íhugun málsins. Þá sagðist hv. þm. vera hálfhikandi síðan hann fjekk þessar upplýsingar hjá

mjer. Jeg verð að segja, að það er nokkuð lausleg athugun, ef hann hefir ekki aflað sjer annara upplýsinga en hjá þessum mönnum, þegar um jafnstórt mál er að ræða. — Jeg hefði getað fylgt þessu máli, ef Austur-Húnvetningar hefðu farið skynsamlega að og ekki lagt í stórkostnað á Blönduósi, heldur horfið frá viðskiftunum þar og flutt þau út á Skagaströnd. Mjer finst fyllileg ástæða til þess að efast um, að Austur-Húnvetningar hafi mikinn áhuga fyrir þessari hafnarbót, þar sem þetta stóra frystihús hefir verið bygt á Blönduósi. Jeg sje ekki, að það greiði fyrir útflutningi á frystu kjöti, þótt gerð verði höfn að Skagaströnd, nema þá úr Vindhælishreppi, en þar er kjötmagn lítið. Það verður ekki fyr en frystihúsið á Blönduósi verður lagt niður.

Jeg hefi svo ekki fleira að segja, og nú get jeg ekki borið það oftar af mjer, þótt hv. frsm. kunni ennþá að segja, að jeg sje á móti þessu máli. (**JJós:** Jeg er dauður). Þá tekur hv. 2. þm. G.-K. ómakið af hv. frsm. En það er undarlegt, að það er eins og það sje eitthvert stórpólitískt atriði fyrir þessum hv. þm., að fá það staðfest, að jeg sje á móti málinu. Jeg endurtek þá yfirlýsingu mína, að jeg mun greiða atkvæði með því.

**Benedikt Sveinsson:** Það hafa komið fram mjög mikilvægar skýringar um mál þetta í dag, er hv. dm. hafa eigi átt kost á að heyra fyrr. Vil jeg einkanlega þakka hv. þm. V.-Húnv. fyrir þá hreinskilni, er hann hefir sýnt, og upplýst málið frá sínu sjónarmiði og annara manna í Húnavatnsþingi, sem hann þekkir.

Oft hafa verið borin fram mál af framfarahug hjeruðunum til þrifa, en þau hafa löngum of lítið rædd verið og hafa ekki náð að verða samgróin hug hjeraðsbúa, áður en þau væru borin fram á Alþingi. Svo hefir verið um framfaramál hjeraðanna austanfjalls, sem hæstv. forseti Sþ. hefir haft þau orð um hjer á Alþingi, að hjeruð þessi hafi verið gerð að „tilraunadýrum" með því að demba á þau nýmælum og framfaramálum. Þetta mál er nýmæli og framkvæmd þess kostar ófa-fje; er því sjálfsagt að athuga það vel áður til lykta sje ráðið, einkum þar sem fátækt sýslufjelag á að taka á sig svo mikla ábyrgð, sem hjer er um að ræða.

Víst mun mikil þörf á, að gerðar verði hafnarbætur á þessum stað, þegar hjeraðsbúar telja tímabært. Liggur vel við til sjávarútvegs, en engin örugg höfn í nánd. Væri auðvitað ákjósanlegt fyrir hjeraðsmenn að fá slíkt mannvirki, ef aðrir greiddu kostnaðinn við það; en hitt er annað mál, hvort þeir hafa svo mikinn hag af hafnargerðinni, að þeir vilji leggja fram sjálfir alt að 320 þús. kr. til hennar, eins og hjer er gert ráð fyrir. Þetta þarf að athuga vandlega. En svo heyrist frá einum mikilsmetnum þm. og hinum ráðsvinnasta í n., að hjer sje ekki um **hafnargerð** að ræða, heldur **lendingarbót**. — Þetta eru mikilsverðar skýringar, því að það skiftir ekki svo litlu máli, hvort ríkissjóður leggur styrk til hafnargerðar eða lendingarbóta. Og meðan málið er ekki betur rannsakað en svo, að vjer vitum ekki til hlítar, hvort hjer er um hafnargerð eða lendingarbót að ræða, virð-

ist undirbúningur þess furðuskamt á veg kominn, því að lendingarbót getur ekki kallast hafnargerð. Málið virðist svo vaxið, að best mundi það afgr. hjeðan með rökst. dagskrá að þessu sinni. Jeg skal ekki verða meinsmaður lendingarbóta eða hafnargerðar við Spákonufellshöfða, þegar málið er að fullu undirbúið í hjeraði, þótt jeg taki undir með þeim, sem mæla nokkrum varnaðarorðum um þetta mál.

Þar sem þetta er stjfrv. og stj. mælir eindregið með því, að 2. málsgr. 2. gr. standi kyrr, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykt á tveim aðalfundum í röð með minst ⅔ atkv. allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt“ —, þá finst mjer óráð að fella slíka tryggingu niður.

Finst mjer þetta ákvæði vera viturlega sett inn, því að sýslunefndin og sýslan sjálf skoðar sig með rjettu siðferðislega bundna, ef samþ. er á tveim sýslufundum ábyrgð sýslunnar, en miklu síður, ef ábyrgðarsamþykki er flaustrað af á einum sýslufundi.

Vil jeg því leggja ríka áherslu á, að brtt. um að fella þetta ákvæði niður gengur í þveröfuga átt við það, sem rjett virðist vera.

**Ólafur Thors:** Jeg ætla ekki að deila við hv. þm. N.-Þ. um ágæti till. okkar hv. þm. Vestm., enda get jeg ekki fært fram **ný rök** henni til stuðnings. Það, sem kom mjer til þess að taka til máls, voru orð hv. þm. V.-Húnv. Hann taldi, að þetta mál, sem hjer er til umr., væri stórpólitískt mál, og undraðist hann, hve ljelegar upplýsingar jeg hefði fengið um málið. Þær upplýsingar, er jeg meðal annars fer eftir, eru þær, að hæstv. stj. leggur til, að ríkissjóður leggi helming framlags til þessa fyrirtækis, og jeg vænti þess, að hv. þm. V.-Húnv. álíti, að stj. beri ekki fram slíka till. nema til þess sjeu nokkur rök. Auk þess hefi jeg kynt mjer rök þeirra hv. 6. landsk. og hv. þm. A.-Húnv., sem báðir eru Húnvetningar, og ætla jeg einnig, að þau vegi nokkuð í augum hv. þm. Við þessar upplýsingar hafa svo bætst allmargar umsagnir ýmsra manna úr hjeraði, og án tillits til stjórnmálaskoðana þeirra. Það er því engin ástæða til þess fyrir hv. þm. að fjargviðrast út af því, hve heimildir mínar sjeu ljelegar. Og það er einmitt óvenjulegur styrkleiki þessara heimilda, sem veldur því, að jeg læt ekki á mig fá umsögn jafnkunnugs manns og hv. þm. V.-Húnv. óneitanlega er, því að mínar heimildir hníga allar á einn veg, — hve nauðsynin sje rík fyrir Húnvetninga. Ummæli hv. þm. öll sýna, að hann er í raun og veru á móti málinu, en er að reyna að breiða yfir þá skoðun sína, vegna þess að hann ber hlýjan hug til hjeraðs síns og vill ekki snúast öndverður gegn málinu, ef það gæti orðið hjeraðsbúum til góðs. Innst inni í hugskotsfylgsnum hans ríkja þó mótmælin og leita út í orðum hans. Hinsvegar met jeg hreinskilni hv. þm. að verðleikum, en því eru ummæli hans tilfærð, að við nefnum þau sem andstæður við bjartsýni þeirra manna, sem mælt hafa á annan veg, en eru þó honum jafnkunnugir á þessum slóðum. Og við höfum ekki þorað að láta ummæli svo kunnugs manns liggja á milli hluta, því að þau gætu

orðið þung á metunum hjá þeim, er ekki hefðu kynt sjer ummæli annara. Síðustu orð mín í þessu máli skulu vera þau, að jeg vænti þess fastlega, að ummæli hinna bjartsýnu megi sín eins mikils og ummæli hinna svartsýnu.

ATKVGR.

Brtt. 383,1 feld með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BSt, HStef, HG, HV, MJ, PO.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MG, MT, ÓTh, BSv.

Átta þm. (ÁÁ, BÁ, EJ, GunnS, HK, IngB, JS, SE) fjarstaddir.

Brtt. 383,2 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 382,1 feld með 14:4 atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 382,2 samþ. með 15:5 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.

12.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 389, 425, 438).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Við 2. umr. kom það til orða, hvort ekki þyrfti að athuga betur ákvæði 11. gr. frv., að því er snertir hækkun lóðaleigu í landi því, er að höfninni liggur. Í frv. var aðeins tilgreint Höfðahólaland. Jeg ætla, að það hafi verið hv. þm. Ísaf., er varpaði hjer fram þeirri spurningu, hvort ekki gæti komið til mála, að aðrar lóðir nytu einnig góðs af þessu mannvirki. Sjútvn. hefir athugað þetta og í samráði við þm. kjördæmisins leyft sjer að bera fram brtt. við 11. gr. 2. tölulið, þannig að fella úr gr. nafn Höfðahólalands, en orða gr. svo: „Helming hækkunar lóðaleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja", o. s frv. — Ætlast nefndin til, að með þessari breyt. náist tilætlaður árangur gr. betur en í frv.

Síðan þetta gerðist hefir verið útbýtt brtt. á þskj. 425, frá hv. 1. þm. Skagf. Sjútvn. hefir ekki tekið afstöðu til hennar, og kann jeg ekki neitt betur að segja fyrir hennar hönd en það, að nm. hafa um hana óbundið atkv. Að öðru leyti hefi jeg ekki ástæðu til að tala frekar um þessa brtt.; geri jeg ráð fyrir, að hv. flm. muni reifa hana.

**Magnús Guðmundsson:** Það var látið í ljós við 2. umr. af hæstv. fjmrh., að nokkur hætta fyrir ríkissjóð gæti stafað af frv. þessu. Hafa því verið settar í frv. ýmsar öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja þetta. Jeg skal ekki neita því, að þetta geti verið rjett, og þá einkum af því, að það er aðallega einn hreppur, er að höfninni stendur. Nú stendur svo á, að í hafnarmannvirkinu er garður út í eyju, Spákonufellsey. Ef sá garður væri bygður og vegur gerður eftir eyjunni og bryggja við endann, þá fæst þarna gott bátalægi. Kostnaður við þetta færi ekki yfir 125 þús. kr., eftir áætlun vitamálastjóra. Jeg veit, að það er áhugamál þeirra

þar nyrðra að framkvæmda þetta fyrst og prófa sig svo áfram með verkið. Með tilliti til þessa hefi jeg flutt brtt. um að heimila ríkisstj. að greiða, er ástæður ríkissjóðs leyfa, án sjerstakrar fjárlagaheimildar, 50 þús. kr. til þessa verks, gegn 75 þús. kr. úr hafnarsjóði. Þetta er sama hlutfall og gert er ráð fyrir í frv. Ennfremur er fylgt sömu reglu um ábyrgð ríkissjóðs á lántöku hafnarsjóðs til þessa verks. Það er lagt á vald ríkisstj., hvort hún telji fært að leggja fram þessa upphæð, og virðist því ekki ástæða til að halda, að hrapað verði að verkinu. Vona jeg, að þó sjútvn. hafi ekki tekið afstöðu til brtt., þá leggist hún ekki á móti henni, að fengnum þessum skýringum.

Út af brtt. sjútvn. vil jeg segja það, að mjer er ekki kunnugt um, hverjir eru eigendur jarða þeirra, er að höfninni liggja. En ef það eru einstakir menn, þá er jeg ekki viss um, að þeir sjeu skyldir að hlíta þessu ákvæði. En ef til vill er hjer um opinberar eignir að ræða, og þó er jeg hræddur um, að ein jörð a. m. k. sje einstaklings eign.

**Sveinn Ólafsson:** Þegar frv. þetta var hjer til 2. umr., þá gerði jeg þá grein fyrir fyrirvara mínum í nál., að jeg liti svo á, að fyrst um sinn mundi tæplega verða um annað að ræða þarna nyrðra en lendingarbætur, þótt talað væri um fullkomin hafnarmannvirki. Nú finst mjer, að hv. 1. þm. Skagf. hafi hlaupið undir bagga með mjer, og fer till. hans mjög í sömu átt og jeg hafði hugsað mjer, að hafnarbæturnar mundu ganga. Till. hans er veruleg bót á frv. og er jeg ráðinn í að fylgja henni og hygg málinu svo best komið, að hún verði samþ. Jeg skil brtt. svo, að ákvæði frv. um framlag ríkissjóðs eigi að standa óbreytt og það fje, er hann leggur fram til þessa verks, verði tiltölulegur hluti af heildarframlagi til hafnarbótanna á þessum stað.

Um brtt. n. á þskj. 438 hefir hv. frsm. þegar talað, og býst jeg við, að allir sjái, að hún stefnir aðeins að því að koma á meira samræmi en áður var, því það gat varla vel farið, að hækkun sú, er verður á tekjum af lóðarleigum, nái aðeins til annarar þeirra jarða, er að höfninni liggja, en ekki til hinnar.

**Forseti (BSv):** Mjer hefir borist skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf., við 6. gr. frv., og þarf að leita afbrigða frá þingsköpum, hvort hún megi koma til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 467) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Hannes Jónsson:** Jeg sje, að brtt. hv. 1. þm. Skagf. víkur frá þeim ákvæðum, er sett eru í 2. gr. 2. mgr. um skilyrði fyrir fjárveitingu til hafnargerðarinnar. Í henni er tekið fram, að til byrjunar á hafnargerðinni megi ríkið verja alt að 50 þús. kr., gegn tilsvarandi eða alt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Ennfremur sje ríkisstj. heimilt að ábyrgjast alt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar A.-Húnavatnssýslu, og skal ákvæði 2. málsgr. 2. gr. þessa frv. ekki ná til þeirrar ábyrgðar.

Nú var jeg á móti því við 2. umr., að ákvæði 2. málsgr. 2. gr. væri felt

niður. En jeg verð að segja, að hjer er öðru máli að gegna, því eins og búið er að taka hjer fram, þá er hjer um nauðsynlegar lendingarbætur að ræða. Jeg get því sagt það um þessa brtt., að jeg hefi ekkert út á hana að setja hvað þetta snertir. Hjer er ekki verið að ráðast í neitt, sem er hjeraðinu ofurefli. Og þó að svo færi, að þær tekjur hafnarinnar, er sumir hafa gert sjer vonir um, fengjust ekki, þá er þetta ekki svo mikið fje, að það sje ekki þess vert að leggja það í nauðsynlegar hafnarbætur. Jeg held, að það sje nokkur ástæða til þess að setja sjerákvæði um þetta mannvirki, því þegar þeir hafa fengið þetta, þá er mjer það mjög til efs, að þeir haldi lengra áfram. Heldur mundu þeir láta þetta nægja, a. m. k. fyrst um sinn, og bíða eftir því, að mögulegt væri að láta stærri mannvirki bera sig. Hefi jeg svo ekki meira um þetta að segja, en mæli með till. hv. 1. þm. Skagf.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg er ekki ánægður með till. n., þó að hún sje að vísu til nokkurra bóta. Mjer finst lítil ástæða til þess að hið opinbera, er leggur til alt fjeð, sýslan og ríkið, skuli ekki líka geta eignast þá hækkun á lóðum, er stafar af því að höfnin verður bygð. En að því miðar brtt. mín. Er þar gert ráð fyrir því, að hreppsnefndin fái heimild til að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, er að höfninni liggja og nauðsynleg kynnu að verða fyrir höfnina eða kauptúnið. Þykir mjer ekki ólíklegt, að hreppsnefndin láti gera þetta, áður en ráðist er í stór mannvirki þarna. Finst mjer, að eigandi hlutaðeigandi jarða, sem reyndar mun vera fús til þess að selja, geti ekki talið sig tapa neinu, þó eignarnám verði framkvæmt, enda er ekki víst, að það sje neitt á móti hans vilja. En þetta er góður varnagli fyrir hreppsnefndina til þess að geta haft verðhækkunina í hendi sjer. Vona jeg því, að hv. deild samþ. þessa brtt. okkar fjelaga.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg þarf ekki að segja margt, því brtt. mín hefir fengið svo góðar undirtektir. Aðeins skal jeg taka það fram út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að það er rjettur skilningur, að með þessu ákvæði um stundarsakir sje ekkert hróflað við öðrum ákvæðum frv. Það framlag, sem þar er gert ráð fyrir, er aðeins hluti af öllu því framlagi, er þarf til hafnarbótanna.

Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, skal jeg geta þess, að fyrir mjer vakir svipað og hann nefndi, nefnil. það, að leyfa íbúunum að byrja á hafnargerðinni og láta þá svo sjálfráða um það, hvort þeir vilja halda áfram. Er alls ekki víst, að þeir kæri sig um meira til að byrja með. Hinsvegar vil jeg ekki láta taka neinn rjett af þeim, ef þeir kæra sig um að gera meira. Það getur vel verið, að aðsóknin að þessum stað smávaxi. Ættu þeir þá ef til vill hægra með það síðar að halda áfram, er þeim hefði vaxið meiri fiskur um hrygg.

Jeg heyrði ekki vel till. hv. 2. þm. Reykv., er var lesin hjer upp áðan. En jeg er ekki viss um, að hennar sje þörf, því í lögum frá 1917 er heimild fyrir kaupstaði að taka eignarnámi vissar eignir, er teljast verða nauðsynlegar fyrir kaupstaðinn, en jeg skil þessa brtt. svo, sem það sje meiningin, að

hreppurinn eignist þessar lóðir. Eða er það ekki svo? Ef það er hafnarsjóður, sem á að eignast þær, þá gæti jeg búist við, að það yrði þröngt um fje hjá honum til þess að byrja með, og jeg er því alls ekki viss um, að hreppsnefndin muni kæra sig um þessa heimild hafnarsjóði til handa. En hinsvegar þarf hann auðvitað ekki að nota heimildina frekar en hann vill. Jeg hygg, að þetta sje samt sem áður óþarft, því það er hægt að ná því sama eða svipuðu með l. frá 1917.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg hefi ekki þessi lög, er hv. 1. þm. Skagf. talaði um, við hendina, en jeg veit, að þau eru ekki svo úr garði gerð, að hið opinbera geti samkv. þeim náð til sín verðhækkun á löndum og lóðum, er leiðir af gerðum mannvirkjum eða umbótum. En ef slík eignarnámsheimild og hjer er farið fram á verður samþ., þá hlýtur það að leiða til þess, að öll verðhækkun á þessum lóðum rennur til hins opinbera. Verður því auðsætt gagn að því fyrir hafnarsjóð að hafa þessa heimild. Vonast jeg til þess, að hv. dm. veitist ekki gegn henni, þar sem auðsætt er, að hún skaðar engan, en getur þó orðið að miklu gagni.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg held, að það sje hvergi til í okkar lögum almenn heimild til eignarnáms í þeim tilgangi, sem hjer er um að ræða, heldur verður að gefa slíka heimild í hverju einstöku tilfelli. Enda mun það vera svo í öllum hafnarlögum, að þar er það sjerstaklega tekið fram, hvað hafnarsjóði eða hlutaðeigandi bæjarstjórn er heimilt að taka eignarnámi.

Annars er það aðalatriði þessa máls, að ef það verður úr, að ráðist verður í það að byggja höfn á Skagaströnd, þá hlýtur það að leiða til þess, að þarna rísi upp kauptún eða kaupstaður. Ella væri ekkert vit í því að fara að leggja ¾ milj. kr. í þetta fyrirtæki.

Út af því, sem einhver hvíslaði að mjer áðan um það, að þessi eignarnámsheimild, er við hv. 2. þm. Reykv. förum fram á að bætt verði inn í frv., sje þegar í frv., skal jeg geta þess, að svo er ekki. Þar er aðeins kveðið á um það, að menn sjeu skyldir til að láta af hendi lóða- og landsnytjar, efni til fyllingar og annað þess háttar til hafnargerðarinnar, eða undir brautir og undir vegi í þarfir hafnarinnar. En þar er hvergi nein heimild hliðstæð þeirri, er felst í brtt. okkar.

Brtt. okkar byggist á því, að ef höfn verður bygð þarna og upp rís kaupstaður eða kauptún, þá hljóta þar lóðir allar og lönd að hækka í verði. Viljum við því byrgja brunninn strax og tryggja það, að hafnarsjóður fái í sinn hlut þá væntanlegu verðhækkun, og geti jafnframt gætt þess, að lóðaverðið stígi ekki upp úr öllu viti. Er hjer líka aðeins um heimild að ræða, sem aldrei getur orðið hættuleg, því hreppsnefndin mun ekki nota hana nema hún telji það hagkvæmt, enda þarf og samþykki atvinnumálaráðuneytisins til þess að hún megi notast.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Jeg skildi hv. 2. þm. Reykv. svo, sem hann saknaði í frv. heimildar til þess að taka land undir hafnargerðina. (**HV:** Ekki hafnargerðina). Jeg heyrði ekki betur. (**HV:** Mjer þótti vanta heimild

fyrir höfnina að taka eignarnámi land, sem kemur til með að liggja að henni). Nú, það er þá ekki ráð nema í tíma sje tekið. En jeg held þess þurfi ekki, því í 3. gr. frv. eru landeigendur skyldaðir til þess að láta af hendi land undir brautir og vegi og leyfa að tekið sje grjót og möl, eftir því, sem nauðsynlegt er fyrir hafnargerðina, og skal fult endurgjald koma í staðinn. Og í 5. gr. frv. stendur, að umhverfis höfnina megi ekki gera bryggjur eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka, nema eftir till. hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps.

Það getur verið, að þessi skrifl. brtt. hafi einhverja þýðingu, þó þessi ákvæði sjeu í frv. En meðan þau haldast, sem allar horfur eru til að verði, og meðan allar þær torfærur, er 2. gr. ber með sjer, haldast, þá held jeg, að þessari eignarnámsheimild liggi ekki mikið á. Enda er brtt. sú, er fjallar um hana, bæði of seint fram borin og er auk þess ófullkomin. Að öðru leyti skal jeg ekki láta mig skifta það neinu, þó brtt. sje óformleg, en álít, eins og jeg hefi áður tekið fram, að eins og málið nú horfir við, þá sje hennar ekki brýn nauðsyn inn í frv.

**Hjeðinn Valdimarsson:** Það eru aðeins örfá orð út af því, er hv. þm. Vestm. sagði. Jeg hygg, að ekki þurfi að taka það fram, hvernig þetta eignarnám á að fara fram, þar sem til eru sjerstök lög um það, nefnil. l. nr. 61, 1917, sem eru algerlega tæmandi um þetta efni. Mig undrar, að menn skuli vera á móti þessari brtt. okkar. Það er þó venja, þegar menn ætla að láta framkvæma eitthvert verk, að þeir kjósi að hafa það svo vel undirbúið, að sem mestur og bestur hagnaður geti orðið af því. Og það getur aldrei orðið til skaða, að hið opinbera geti tekið til sín þá verðhækkun, er verður þarna á löndum og lóðum, er kaupstaður rís upp þarna. Það getur að vísu orðið nokkuð langt í land, að þarna komi upp fullkomin höfn. En það eitt er víst, að ef bygð verður höfn fyrir 600 þús. kr., þá rís þarna upp annar Siglufjörður og öll verslun A.-Húnavatnssýslu færist yfir á þennan stað. Er þá auðskilið, að þeir, er eiga þarna lóðir, fá ekki lítinn hagnað af þessari hafnargerð, algerlega óverðskuldað, þar sem öll verðhækkunin væri af völdum hins opinbera, hafnargerðinni. Vænti jeg, að hv. deild verði svo framsýn að girða fyrir, að blómlegur kaupstaður, er þarna gæti risið upp, og íbúar hans yrðu um aldur og æfi hneptir í viðjar fárra landeigenda.

**Magnús Guðmundsson:** Það er rjett hjá hv. 2. þm. Reykv., að við framkvæmd eignarnáms skal fara eftir l. nr. 61, 1917, þegar annað er ekki sjerstaklega ákveðið. Og við nánari athugun, þá held jeg, að þessi heimild geti ekki spilt frv. neitt. Og að því leyti, sem mátt hefir skilja ummæli mín áður sem andmæli gegn brtt., þá skal jeg geta þess, að jeg sje nú ekki ástæðu til þess að vera á móti henni.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Jeg vil aðeins benda á það, að þar sem stj. hefir samkv. 3. gr. frv. álitið rjett að kveða ger á um það, hvernig eignarnámið skyldi fara fram við hafnargerð þessa, ef til kemur, þá kann jeg því illa, að það skuli á síðustu stundu koma

fram brtt., er felur í sjer önnur ákvæði í þessu efni.

Þetta vildi jeg aðeins hafa tekið fram, en að öðru leyti er mjer þetta ekkert kappsmál.

ATKVGR.

Brtt. 467 samþ. með 13:6 atkv.
— 438 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 425 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 57. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 469).

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Jón Jónsson:** Þetta frv. um hafnargerð á Skagaströnd er komið hingað aftur frá hv. Nd. Jeg get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að jeg get verið ánægður með afgr. hv. Nd. á frv., því þau atriði öll, sem mestu máli skifta, hafa fengið að haldast óbreytt. Og jeg get hiklaust haldið því fram, að það hafi verið lagað í tveimur atriðum, sem máli skifta. Annað er það, að hækkun á lóðaleigu á nú að ná til alls landsins, sem að höfninni liggur, sbr. 11. gr. 2. lið. Þetta tel jeg tvímælalaust til bóta, enda hefir það verið gert í samráði við hv. þm. kjördæmisins og mig. Hin breyt., sem jeg tel, að líka sje til bóta, er sú, að ríkisstj. er heimilt nú að veita 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnháu tillagi annarsstaðar frá, án þess að bera það undir Alþingi, ef hafist yrði handa í smærri stíl, þannig að gerð yrði höfn fyrir smærri báta, sem svo aftur mynduðu tekjustofn fyrir hafnarsjóðinn. Þetta er mikils virði, og er jeg þakklátur hv. Nd. fyrir afgreiðslu hennar á frv. Mjer hafði að vísu flogið svipað í hug, en þorði ekki að koma fram með það hjer í þessari hv. deild, af ótta fyrir því, að það mundi máske tefja fyrir frv.

Þar sem breyt. þær, sem hafa verið gerðar á frv., eru að mínu áliti til bóta, þá vil jeg mæla með því, að það verði samþ. hjer óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum (14) atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

---

## 25. Gjaldþrotaskifti.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um gjaldþrotaskifti** (stjfrv., A. 23).

Á 3. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Frv. um þetta efni var borið fram á þingi í fyrra og nálega í sömu mynd og nú. En það kom nokkuð seint fram þá og vanst eigi tími til að athuga það til hlítar. En af því að efni þess er hv. þdm. kunnugt, get jeg verið stuttorður um það að þessu sinni.

Jeg skal aðeins geta þess, að tilgangurinn með frv. er fyrst og fremst sá, að tryggja hagsmuni þeirra manna,

sem fje eiga inni í gjaldþrotabúum, betur en áður hefir verið gert í íslenskri löggjöf.

Með vaxandi fjölbreytni viðskiftalífsins hjer á landi, sem nú er að færast í svipað horf og í hinum stærri löndum, hafa gert vart við sig ýmsar tegundir spillingar, sem fyrrum var hjer óþekt, eða bar a. m. k. mjög lítið á.

Í þetta frv. eru tekin upp ýms ákvæði, sem vel hafa reynst í Englandi og átt drjúgan þátt í að hindra fjármálaspillingu þar. Eitt þessara ákvæða er um það, að jafnskjótt sem bú er lýst gjaldþrota skuli það tekið til nákvæmrar athugunar af dómara á staðnum. Þetta á að koma í veg fyrir, að menn, sem ætla sjer að græða á gjaldþroti, hafi tíma til að skjóta undan fje og byrja síðan atvinnurekstur á nýjan leik án þess að greiða rjettmætar skuldir.

Að svo mæltu legg jeg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 213 og 221).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Eins og sjest á nál. á þskj. 213 og 221, er allshn. ekki sammála um frv. þetta. Frv. var lagt fyrir þessa hv. deild snemma á þinginu 1928 og vísað til allshn., og það var m. a. með tilliti til þessa máls, að fjölgað var mönnum í nefndinni. Allshn. hafði málið til meðferðar á allmörgum fundum, en málið varð þó eigi afgr. á því þingi. Nú hefir frv. aftur verið lagt fyrir þessa hv. deild í þingbyrjun og verið vísað til allshn. aftur. Frv. er að mestu óbreytt frá því, sem það var í fyrra, en þó var gerð á því ein allveruleg breyt. á atriði, sem valdið hafði ágreiningi í n. í fyrra. Vildu sumir nm. þá láta fella það ákvæði, sem um er að ræða, burt úr frv., og hefir það nú verið gert. Meiri hl. n. hefir því lagt til nú, að frv. verði samþ. að mestu leyti óbreytt. N. sendi frv. til lögreglustjórans og lögmannsins í Reykjavík til umsagnar, og eru brjef þeirra til n. prentuð sem fskj. í nál. meiri hl. Meiri hl. hefir talið rjett að taka aths. þeirra til greina, og því flutt nokkrar brtt. í samræmi við þær á þskj. 213. Hv. minni hl. hefir hinsvegar ekki getað fallist á frv. eins og það er, og byggir skoðun sína á því, að frv. sje í nokkrum atriðum ekki rjettlátt og illa undirbúið. Meiri hl. gat ekki fallist á þetta. Umsagnir þeirra tveggja embættismanna, er jeg gat um áður, bera heldur ekki með sjer, að þeir hafi talið frv. illa undirbúið.

Lögreglustjóri leit svo á, að frv. væri til mikilla bóta. Lögmaður benti á tvo galla á frv., og hefir meiri hl. n. flutt brtt. til að bæta úr öðrum gallanum, er hann taldi vera á frv., en hina breyt., er hann kvaðst kjósa á einu ákvæði frv., sem hann kvað valda lögmanninum í Reykjavík nokkrum örðugleikum, sá meiri hl. ekki ástæðu til að taka upp. Meiri hl. gat ekki fallist á, að annmarkar gætu verið á því að ávaxta jafnan fje búa

þar, sem jafnauðvelt er að ná til lánsstofnana og í Reykjavík. Mætti frekar segja, að nokkur vandkvæði gætu verið á því úti um landið, þar sem lengra er til slíkra stofnana, en þó töldum við, að ákvæði frv. um þetta atriði væru eigi strangari en svo, að skiftaráðanda ætti að öllum jafnaði að vera innanhandar að ávaxta búafje.

Vík jeg þá að brtt. meiri hl. — 1. brtt. er við 4. gr. frv., og var öll n. sammála um hana. Er hún í því fólgin, að aftan við gr. bætist „nema því aðeins, að eignir liggi undir skemdum".

2. brtt. er við 27. gr. og er á þá leið, að á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: „Þó skal kaupmáli halda gildi, þótt skemri tími sje liðinn en tvö ár, ef hann er gerður fyrir giftingu, enda hafi eign sú, sem kaupmáli er gerður um, áður verið í eigu þess hjóna, sem sjereign öðlast samkv. kaupmálanum". Þessi brtt. er tekin upp eftir bendingu lögreglustjórans í Reykjavík.

Þá er 3. brtt., sem er við 30. gr., um að í stað orðanna „nema allir . . . . samþykki" komi: „nema lögmætur skiftafundur samþykki". Í gr. er svo ákveðið, að því aðeins megi verða dráttur á skiftum búa fram yfir 18 mánuði, að allir lánardrotnar og erfingjar samþykki, en meiri hl. taldi rjettara, að í staðinn kæmi „nema lögmætur skiftafundur samþykki", og er þar farið eftir till. lögmannsins í Reykjavík.

4. brtt. er við 37. gr., um að á eftir 1. málsgr. komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

a. Á sama hátt og eftir sömu reglum skal auglýsa nauðasamninga, sem gerðir eru samkv. lögum nr. 19, 4. júní 1924. Ef bankar, sparisjóðir og opinberar lánsstofnanir veita skuldunautum sínum eftirgjafir á skuldum þeirra að einhverju eða öllu leyti, skulu þessar lánsstofnanir skyldar að auglýsa eftirgjafirnar í Lögbirtingablaðinu eftir sömu reglu sem um getur í fyrstu málsgr. þessarar greinar.
b. Aftan við síðustu málsgr. bætist: Auglýsingakostnaður greiðist af almannafje.

A-liður brtt. er tekinn upp eftir ósk bankaráðs Landsbanka Íslands. Taldi meiri hl. þá ósk rjettmæta.

Um b-liðinn er það að segja, að svo er ákveðið í frv., að búaskifti skuli auglýst í Lögbirtingablaðinu og skuli auglýsingakostnaður greiðast af fje búanna. N. var öll sammála um, að þetta væri óhagkvæmt, þar sem skiftaráðandi gæti eigi ávalt vitað í tæka tíð, hvaða kostnað leiddi af auglýsingunum, og gæti því eigi dregið þann kostnað frá og lokið búskiftum. Þótti því rjett að bæta b-liðnum aftan við síðustu málsgr. gr., þar sem svo er ákveðið, að kostnaður greiðist af almannafje.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. deild hafi kynt sjer frv. svo vel, að frekari framsaga hafi ekki þýðingu. Jeg þykist vita, að hv. frsm. minni hl. muni gera grein fyrir sinni skoðun, og fer eftir ræðu hans, hvort jeg tek til máls aftur. Annars munu menn þegar hafa myndað sjer fasta skoðun um málið, og hnippingar út af því eru því ástæðulausar og gagnslausar.

**Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson):** Eins og hv. frsm. meiri hl. hef-

ir tekið fram, hefi jeg ekki getað orðið sammála meiri hl. um, að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi. Ástæðurnar fyrir þessari afstöðu minni hefi jeg tekið fram á þskj. 221, og býst jeg við, að hv. deild hafi kynt sjer þær. Það er ekki svo að skilja, að jeg telji vanþörf á að endurskoða löggjöf þá, sem hjer er um að ræða, heldur að jeg tel undirbúningi frv. ábótavant. Hjer er um vandamikið mál að ræða og svo flókið, að erfitt er fyrir hv. þm. að gera sjer hugmynd um það. Ef frv. er ekki vel undirbúið, er tæplega á færi hv. deildar að bæta úr ágöllum þess, þótt hún sje skipuð hæfum mönnum. Tíminn til að athuga málið hjer er stuttur og hv. þm. störfum hlaðnir.

Hv. frsm. meiri hl. mintist á einn galla, er verið hafði á frv. í fyrra, en nú hefði verið lagfærður. Það mun rjett vera, að svo hafi verið gert, en það eitt, að slíkur galli sem þessi skyldi nokkurn tíma slæðast inn í frv., finst mjer benda til þess, að sá maður hafi um það fjallað, sem ekki sje hægt að treysta í þessu efni. Jeg hefi bent á nokkra galla á þskj. 221, en tel þó óvíst, að jeg hafi þar tínt til alla galla frv., því að jeg hefi ekki haft nægan tíma til að kynna mjer frv. Sama er að segja um lögmanninn og lögreglustjórann í Reykjavík, að tími sá, 2—3 dagar, sem þeir höfðu til að kynna sjer málið, var alt of stuttur. Enda kemur þetta ljóst fram í brjefi lögmanns, þar sem hann segir: „Jeg skal strax taka það fram, að mjer hefir alls ekki unnist tími til að athuga svo nokkru nemi nýmæli frv. þessa ....“ Lögreglustjóri segir: „Mjer sýnist við fljótan yfirlestur .. ..“ og telur hann sig því eigi hafa haft nægan tíma til að athuga frv. heldur. Finst mjer því, þótt þeir bendi eigi á fleiri galla á frv. en þeir gera, að eigi sje örugt, að þeir sjeu ekki fleiri.

Þótt málið sje gott í sjálfu sjer, tel jeg af framantöldum ástæðum rjettast að vísa því til stj. að þessu sinni, og láti hún svo lögfræðinga, sem hægt er að bera traust til, eða helst lagaprófessora háskólans fjalla um það. Jeg skal taka það fram, að mjer er ókunnugt um, hver samið hefir frv., en mjer finst það bera vott um, að hann hefir ekki verið starfi sínu vaxinn. Jeg tel brtt. meiri hl. allar til bóta, en þar sem jeg kom eigi sjálfur með ákveðnar brtt., mun jeg eigi fara frekar út í nál. mitt, en leggja til, að málinu verði vísað til stj. Jeg skal geta þess, að jeg hefi ýmislegt fleira að athuga við frv. en jeg hefi tekið fram í nál. mínu, t. d. að í niðurlagi 40. gr. stendur: „Skylt skal og að lúka skiftum .... eftir gildistöku *laga þessara*“ — í staðinn fyrir: *þeirra*. Jeg er sammála hv. frsm. meiri hl. um, að langar umr. hafi ekki neitt að þýða og lýk því máli mínu með ósk um, að málinu verði vísað til stjórnarinnar til frekari undirbúnings.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg vil þakka hv. meiri hl. allshn. góðar undirtektir undir þetta mál og meðferð hennar á því. Að vísu hefir meiri hl. borið fram nokkrar smábreyt., en þær tel jeg heldur til bóta.

En út af andmælum hv. minni hl. gegn frv. vil jeg segja fáein orð. Það er ljóst, ef athugaðar eru aths. við

frv. þetta og gagnrýni hv. minni hl., að þar er um stefnumun að ræða, en ekki deilt um formsatriði. Það er játað af öllum, að framþróun þjóðfjelagsins síðasta mannsaldurinn hefir leitt það af sjer, að skiftalög og gjaldþrotalög eru orðin á eftir tímanum og mæta ekki þörf samtíðarinnar. Alvarlegustu meinbugirnir eru í sambandi við gjaldþrotaskiftin.

Þar eð frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, er á borð við það besta, sem gert hefir verið til bóta í þessum efnum í nágrannalöndunum, sjerstaklega í Englandi, hygg jeg, að eigi geti verið til bóta, þótt málið verði dregið enn á ný, enda er ástandið þannig í landinu, að það þolir enga bið að gera eitthvað til þess að bæta það. Eins og tekið er fram í aths. frv., gerast allmörg gjaldþrot hjer á landi, sem ætla má, að sá, er til gjaldþrotsins hefir stofnað, hafi dregið stórfje undan. Sjest það best á því, að skömmu síðar byrjar sami maður á stór-atvinnurekstri, og að því er virðist með fullar hendur fjár, en bankar og aðrir fyrri viðskiftavinir hans bíða einir halla af gjaldþrotinu. Þetta hlýtur að verða til þess að eitra út frá sjer í viðskiftalífinu. Þegar ráðvandir menn sjá, að menn, sem hafa orðið gjaldþrota upp á fleiri þús. kr., geta skömmu síðar hafið stóratvinnurekstur og lifa í vellystingum praktuglega, en gera hinsvegar ekkert til þess að bæta yfirsjón sína, þá er það sannarlega ekki til þess að auka vinnusemina og ráðvendnina í landinu.

Eins og sjá má á frv., er það ætlunin með því að reyna að hindra, að slík fjársvik eigi sjer stað, en þau koma þráfaldlega fyrir, þegar viðskiftalífið eykst, því að þá myndast oft möguleikar fyrir ófyrirleitna og lævísa fjárglæframenn að losna við skuldir sínar á þennan hátt.

Jeg vil geta þess, að nú verða hjer mörg gjaldþrot, sem ekki eru rannsökuð. Til þess að það sje hægt, verður að kæra, en það er ekki altaf gert. Mjer er kunnugt um eitt gjaldþrot, sem rannsakað var út af smávægilegri kæru, sem fram kom. Gjaldþrotið sjálft leiddi af sjer mörg hundruð þúsund króna tap, en kæran var út af nokkrum hundruðum króna. Það er vafamál, hvort sú kæra hefir nokkuð upp á sig, en hún varð til þess að hægt var að rannsaka gjaldþrotið.

Í frv. er gert ráð fyrir að rannsaka öll gjaldþrot, hvort sem þau eru af óviðráðanlegum orsökum, og því ekki hegningarverð, eða þau eru af sviksemi sprottin. Þar sem um óviðráðanleg óhöpp er að ræða, verður í opinberri auglýsingu í lok skifta skýrt frá því, hve mikið tapið er, en ef líkur eru til þess, að hjer sje um sviksemi að ræða, verður hafin nánari rannsókn.

Býst jeg við því, að menn sjái, að sama þörfin, sem knúði forfeður vora og menn í öðrum sauðfjárlöndum til þess að leggja mjög þunga refsingu við sauðaþjófnaði, þótt um smávægilegt brot væri að ræða, knýr okkur til að taka í taumana hjer. Á sama hátt verður þjóðin, þegar viðskiftalíf hennar eykst og verður fjörugra, að gera sitt ítrasta til þess að hindra það, að lánstraustið verði misnotað. Viðskiftalífið getur ekki þróast nema hægt sje að hegna prettum og sviksemi í því efni, engu síður en hinni minni sviksemi sauðaþjófanna er hegnt.

Þar sem hv. minni hl. hefir mælst til þess, að mál þetta verði tafið, vegna þess að það sje ekki nægilega undirbúið, verð jeg að mótmæla því algerlega. Í frv. er tekið tillit til erlendrar og innlendrar reynslu í þessum efnum, og hafa unnið að því betri lagamenn en venja er til að unnið hafi að stjórnarfrv. á undanförnum árum, enda álít jeg, að frv. verði ekki bætt með þeim kröftum, sem hjer eru fyrir hendi. Hitt mun mála sannast, að hv. minni hl. er á móti stefnu frv., en á því veltur líf eða dauði frv., hvort sú stefna er rjett eða röng, en hún er sú, að veita fjársvikamönnum aðhald eins og með þarf. Árlega gerast mörg gjaldþrot, sem ekki er hægt að rannsaka eins og löggjöfin er nú. Verður því ekki fyllilega sagt, hve mikinn skaða landið getur haft af því, að mál þetta dragist enn og að ekki sje hægt að veita fjársvikamönnum það aðhald, sem iðja þeirra útheimtir. Jeg legg því til, að frv. verði samþ. með brtt. meiri hl.

**Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson):** Jeg get verið fáorður, því að hæstv. dómsmrh. fór ekkert út í einstök atriði málsins. Hæstv. ráðh. sagði, að jeg mundi vera á móti stefnu frv.; en þetta er ekki rjett, enda þótt mjer finnist frv. ganga fulllangt í vissum atriðum og jeg óttist, að það geti komið viðskiftalífinu í hættu. En eins og jeg hefi getið um í nál. mínu á þskj. 221, virðist mjer frágangur frv. nokkuð hroðvirknislegur, en þær aths. mínar snerta ekki stefnu frv.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, veit jeg ekki, hverjir samið hafa frv. þetta, en ræð það af frágangi þess, að þeir menn hafi tæplega verið starfi sínu vaxnir, og á jeg bágt með að trúa því, að þeir sjeu úr hópi bestu lögfræðinga þessa lands. Held jeg fast við till. mína, að málinu verði vísað til stj., sem síðan lætur athuga það og leggur það fyrir næsta þing.

**Jón Þorláksson:** Jeg vil taka mjög ákveðið undir með þeim, sem vilja reyna að fyrirbyggja hverskonar sviksemi í viðskiftalífinu, og þá einnig sviksemi í sambandi við gjaldþrot, og fólgin eru í því, að menn draga undan eignir sínar. — En jeg verð að taka undir með hv. þm. Seyðf., að mjer finst frv. ekki takast allskostar vel að ráða bót á stærstu ágöllunum á þessu sviði. Það hafa auðvitað komið fyrir undanbrögð hjer á landi eins og annarsstaðar, þegar um gjaldþrot er að ræða. En það er annað atriði, sem mjer finst valda meiri óheilindum í viðskiftalífinu en þessar örfáu undantekningar. Það er tregða þeirra manna, sem í raun og veru eru gjaldþrota, á að gefa sig upp. Það hefir komist inn í meðvitund manna, að það sje einhver óbætanleg hneisa að þurfa að framselja bú sitt til skiftameðferðar, og því er það alt of algengt, að menn haldi áfram atvinnurekstri sínum löngu eftir að þeir eru orðnir þess ómegnugir að geta staðið í skilum. Þetta veldur meiri hættu fyrir alt viðskifalífið en þótt einstaka undantekningar beiti óheiðarlegu atferli, með því að stinga eignum undan eftir að þeir eru búnir að framselja bú sín til skiftameðferðar. Besta breytingin á lögunum og til mests gagns fyrir viðskiftalífið væri sú, ef hægt væri að finna leið til þess

að koma mönnum, sem í raun og veru eru gjaldþrota, til þess að framselja bú sin.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki nema heiðarlegur hlutur að taka afleiðingunum af óhöppunum. — Við verðum að minnast þess, að nú standa yfir þeir tímar, að þjóðfjelagið hefir gugnað á að rækja þá skyldu sína að halda gjaldeyrinum í fullu verði. Þegar verðmælirinn fellur og sveiflur komast á gengið, er það alkunna, að afleiðingarnar verða þær, að fjöldi manna kemst á vonarvöl og á ekki fyrir skuldum. Mörg gjaldþrotin hjer á landi stafa af þessu, eða standa í sambandi við þennan misbrest hjá þjóðfjelaginu á því að rækja skyldu sína. Það er því síður ámælisvert nú þótt menn hafi orðið fyrir slíkum töpum, því að þau eru í mörgum tilfellum minna sjálfskaparvíti en gjaldþrot hafa verið á öðrum tímum.

Ef hægt væri að fá þá menn, sem ekki eiga fyrir skuldum, til þess að gefa sig upp, í stað þes að reyna að dylja hinn bágborna efnahag sinn, væri fengin sú besta bót, sem hægt væri að fá í þessu efni. En jeg er því miður hræddur um, að frv. eins og það nú liggur fyrir verði frekar til þess að gera mönnum erfiðara fyrir með að framselja bú sín. Til að byrja með á að meðhöndla manninn eins og sterkur grunur ljeki á því, að hjer væri um glæp að ræða. Það á að leiða hann fyrir lögreglurjett og þar er heimtuð af honum skýrsla, sem vanalega er aðeins heimtuð af þeim, sem grunaðir eru um glæpsamlegt athæfi. Jeg er hræddur um, að þetta hafi gagnstæð áhrif við það, sem vera þyrfti, en vandi er að finna þá leið, þar sem þessu væri stilt í hóf. Þar sem ástæða er til þess að gruna, að um sviksemi sje að ræða, þarf skjótrar rannsóknar við. Má eflaust með góðum vilja finna einhverja leið til þess að koma fram skjótri rannsókn, þar sem þess þarf við, án þess þó að hræða hina, sem fyrir rás viðburðanna eigi gátu haldið áfram atvinnurekstri sínum, frá því að gefa sig upp. Jeg hefði viljað skjóta því til hæstv. ráðh. og hv. n. með fullri samúð með viðleitni frv., að það þarf líka að gefa gaum að þeim, sem dylja bágan efnahag sinn af ótta við að verða sjer til minkunar við að gefa sig upp sem gjaldþrota, en jeg óttast, að frv. verði til þess að auka á þann ótta, í stað þess að draga úr honum.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg vil aðeins leiðrjetta misskilning, er fram hefir komið í nál. hv. minni hl. í sambandi við frv. eins og það var í fyrra, því að sá misskilningur er mjög almennur. Hv. minni hl. heldur því þar fram, að ef frv. eins og það var í fyrra hefði verið orðið að lögum, þegar kaupfjelagið á Rauðasandi varð gjaldþrota, hefði orðið að athuga fjárhag fjelaganna. Þessi misskilningur hv. minni hl. byggist á ónógri þekkingu á samvinnufjelagslögunum. Þegar kaupfjelag Rauðasands varð gjaldþrota, snerti það S. Í. S. ekki öðruvísi en aðra lánardrotna; það tapaði innieign sinni hjá fjelaginu, en kom ekkert við skuldbindingar kaupfjelagsins við aðra aðilja. Þetta er því misskilningur í nál., enda var frv. ekki breytt af þessum orsökum.

Hv. 3. landsk. viðurkendi, að þess væri full þörf, að haft væri aðhald með fjársvikamönnum. Hinsvegar fanst honum frv. miða heldur í þá átt að hindra fremur en hvetja þá, sem komnir væru að því að hrynja, til þess að segja frá sínum ástæðum. Þetta eru tveir góðir hlutir, en ekki samrýmanlegir. Hygg jeg, að aðeins sjeu til tvær leiðir í þessum efnum. Önnur leiðin er sú, að hafa algert eftirlitsleysi með gjaldþrotum, eins og hingað til hefir verið, sem gerir mönnum mögulegt að verða gjaldþrota á sviksamlegan hátt, og það svo, að menn geta haldið áfram atvinnurekstri sínum, t. d. verslun eða útgerð, þrátt fyrir gjaldþrotin. Á þann hátt er gjaldþrota mönnum reidd svo mjúk sængin og hægt er. — Hin leiðin er sú, sem farin er með þessu frv. Þó er nokkuð til í því, sem hv. 3. landsk. sagði, að það getur stafað mikil hætta af því, ef menn draga of lengi að segja frá sínum ástæðum. Álít jeg þó, að hitt leiði meira böl yfir viðskiftalífið, ef ekki er hægt að hafa hendur í hári þeirra manna, fyrir ófullkomið form löggjafarinnar, er stofna til gjaldþrota á sviksamlegan hátt.

Þá fanst hv. þm. það heldur harkaleg meðferð, að allir þurfi að þola frumrannsókn, er um gjaldþrot er að ræða. Það er ekki til þess að væna menn um óheiðarleik, að slíkt er gert; þjóðfjelagið leyfir sjer oft að leiða saklausa menn til frumrannsókna. Þegar kviknar í húsi, eru þeir yfirheyrðir, sem eru bestu vitnin, og haldin rannsókn yfir þeim, en það er ekki vegna þess, að þeir menn sjeu grunaðir um að hafa kveikt í húsinu í glæpsamlegum tilgangi. Heiðarlegur maður, sem orðið hefir gjaldþrota, hefir ekkert að óttast, en miklu fremur alt að vinna. Því að með því móti, að mál hans er rannsakað, kemur sakleysi hans í ljós, en ella gæti hann átt á hættu að liggja undir grun um sviksamleg gjaldþrot alla æfi.

Það er alveg rjett, að það væri æskilegt, að allir þeir, sem eiga ekki fyrir skuldum, lýstu sig gjaldþrota þegar í stað. En mjer finst, að beri að meta hitt meira, þegar kviknar í húsi viðskiftalífsins, að hafin verði rannsókn, er leiði til þess, að hinir seku beri afleiðingar af atferli sínu, en hinir saklausu fái sakleysi sitt staðfest.

**Jón Þorláksson**: Um þann sjúkleik viðskiftalífsins, er jeg áður nefndi og fólginn er í því, að menn draga alt of lengi að framselja bú sín, þá þeir eru orðnir gjaldþrota, þarf jeg ekki frekara að segja, því að hæstv. ráðh. viðurkennir þennan sjúkleik, en vill þó ekkert gera til þess að ráða bót á honum. Hann hefir bitið sig svo fast í það, að gjaldþrotum megi yfirleitt líkja við íkveikju, að frá því verður honum ekki snúið. (**Dómsmrh.**: Eða húsbruna). Húsbruni, sem eigi er vitað um orsakir til, vekur jafnan grun um glæp, en ef bú er framselt vegna óheppilegs atvinnurekstrar, þá geta gjaldþrot átt sjer stað án þess að nokkur grunur um glæpsamlegt atferli geti vaknað við það.

Auðvitað hjálpa ákvæðin um nauðasamninga dálítið, en þessi lög eru ekki sniðin í samræmi við þá löggjöf. Í því sambandi vil jeg benda á niðurlagsákvæði 1. gr., þar sem lögð er skylda á atvinnurekendur að framselja bú sín til skiftameðferðar undir vissum

kringumstæðum og viðurlög sett í 39. gr., ef út af þessu er brugðið. Nú er þess að gæta, að lögin um nauðasamninga heimila aðra leið, sem sje að leita nauðasamninga. Þetta finst mjer rekast á, því með þessari seinni löggjöf er kipt burtu ákvæði eldri laga, sem eiga þó að vera í gildi. Þess vegna finst mjer, að það megi á engan hátt eiga sjer stað, að ákvæði laganna um nauðasamninga verði fyrir borð borin, hvað sem þessum lögum um gjaldþrotaskifti líður að öðru leyti.

ATKVGR.

Till. minni hl. allshn. á þskj. 221 um að vísa málinu til ríkisstj. feld með 8:5 atkv.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 213,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

5.—9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

10.—15. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

16.—26. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 213,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

28.—35. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 213,3 samþ. með 7 shlj. atkv.

36. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 213,4.a samþ. með 7 shlj. atkv.

— 213,4.b samþ. með 7 shlj. atkv.

37. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

38.—41. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv

Á 36. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 247).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 247).

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 396).

**Frsm. (Magnús Torfason):** Eins og menn sjá á nál. á þskj. 306, hefir n. lagt til, að frv. verði samþ., að undanteknum tveimur nm., sem ekki tóku þátt í meðferð málsins, án þess þó að jeg vilji gefa þeim það að sök. N. hefir gert nokkrar smávægilegar brtt. við frv., og skal jeg nú rekja þær nánar. Um þá 1. er það að segja, að hún er aðeins sjálfsögð leiðrjetting og nauðsynleg. Hvað hinar snertir, þá eru þær aðallega í því fólgnar, að greinirnar eru færðar til betra máls, en í brtt. við 32. gr. felst þó dálítil efnisbreyt.

Þar er sú regla, líkt og áður hefir komið fyrir um skipun embættismanna í Rvík, að skiftaráðandi skuli ávaxta fje í sparisjóði, þar sem því verði við komið. Meiri hl. n. hafði í sjálfu sjer ekkert á móti þessu ákvæði, en hann leit þó svo á, að þarna væri fulllangt gengið, því að skiftaráðendur verða að hafa eitthvað af handbæru fje til taks, ef þeir þurfa að greiða reikninga og gjöld fyrir búin, enda væri þeim það hinn mesti trafali, ef þeir þyrftu þá altaf að hlaupa út í sparisjóði til að ná í fje. Það er vani í öllu viðskiftalífi að hafa eitthvað af fje í sjóði, og n. leit svo á, að svo skyldi það einnig vera hjer, en þó ekki svo mikið, að nokkru næmi. Hvort eitt bú fær 5 eða 10 kr. meira í vexti, ef fjeð lægi í sparisjóði, hefir svo lítið að segja, að í það er ekki horfandi, en það, sem aðalþýðingu hefir í þessu máli, er, að búunum verði skift fljótt og greitt. Jeg játa, að hvað þessar ströngu kröfur snertir get jeg ekki verið með frv. nema með nokkrum fyrirvara. Við verðum að athuga það, að sýslumannaembættin voru fyrir 1919 einskonar ljen eða vinnusamningur, því að þeir fengu þá ekki nema lág laun, heldur lágu þau aðallega í ýmiskonar aukagetum, sem embættinu fylgdu. Sýslumenn urðu aftur á móti að borga allan kostnað, sem var samfara embættinu, eins og t. d. húsnæði, skriftir, ferðalög og bækur, sem aðrir embættismenn fengu greitt sjerstaklega eftir reikningi. Það var því nokkurskonar vinnusamningur milli ríkis og sýslumanna. Síðan var ríkið altaf að hlaða nýjum og nýjum störfum á sýslumenn, án þess að laun þeirra hækkuðu, og þá kom það í ljós — sjerstaklega á stríðsárunum —, að sýslumenn höfðu mjög lítil laun og voru eiginlega verst settir af öllum embættismönnum. Svo komu launalögin árið 1919, og þá eru þeir loksins settir á bekk með öðrum embættismönnum og áttu að fá laun sín greidd ásamt smáaukagetu, sem átti að vera nokkurskonar talningarfje eða ábyrgðarfje. Það fer mjög mikið af fje gegnum hendur þessara manna, svo að þeir mega passa sig með að telja ekki rangt. Jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að jeg hefi verið mjög varkár við slíkt, en á þessu hefi jeg þó tapað þúsundum króna. Í launalögunum frá 1919 er svo ákveðið, að sýslumenn skuli fá allan embættiskostnað greiddan úr ríkissjóði, en þegar til kemur, er því ekki framfylgt, og jeg veit þess dæmi, að sýslumenn hafa orðið að greiða fleiri þúsundir úr sínum eigin vasa til þess að standa straum af embættisfærslunni. Þegar svona er í pottinn búið, er ekki hægt að gera strangar kröfur til þessara manna. Ríkið getur ekki krafist annars en að þeir gegni embætti sínu skammlaust, en það er ekki hægt að heimta nostur við embættisfærsluna, nema því aðeins, að þessum mönnum sje útvegað það vinnuafl, sem með þarf. Jeg hefi skýrt dómsmálaráðuneytinu frá þessu, og það hefir játað í samtali við mig, að skrifstofufjeð væri alt of lítið, og bent þá á, að við hefðum ýmsar aukagetur, eins og t. d. rentur af því fje, sem við höfum undir höndum. Ríkið verður að veita sýslumönnum nægilegt fje, ef vel á að vera og ef það á að geta gert strangar kröfur til þeirra. Jeg þykist svo ekki hafa fleira að segja að svo stöddu, meðan

ekki er hreyft mótmælum gegn frv. eða brtt. n.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg vil fyrst þakka meiri hl. allshn. fyrir góðar undirtektir og get lýst yfir því, að yfirleitt hygg jeg, að brtt. n. sjeu til bóta. N. hefir viðurkent í verkinu, að hjer er verið að reyna að bæta úr göllum, eða rjettara sagt ástandi, sem er alveg óviðunandi. Jeg vil bæta því við, að þetta frv., sem hjer er til umr., er nauðsynlegt til þess að bæta úr gömlum ákvæðum í þessu efni, sökum þess, hve þjóðlíf okkar er orðið fjölbreytt. Gömlu ákvæðin eru einskisnýt og hæfa nútímanum ekki. Það er orðið alsiða hjer, að þeir, sem mikið fje hafa með höndum, verða skyndilega gjaldþrota, en að gjaldþrotinu afstöðnu koma þeir fram miklu ríkari en áður, þannig að ekki er hægt að skýra það á annan hátt en að þeir hafi dregið fje undan og stungið í sinn vasa. Þetta þarf engan að undra, því að spillingin er orðin svo mikil, að þegar borgararnir sjá, að það er góður gróðavegur að lána fje hjá bönkunum og öðrum lánsstofnunum, gera þeir það og stinga fjenu í sinn vasa, en gerast svo gjaldþrota. Þegar svona er komið, þá er ekki hægt að hugsa sjer meiri spillingu í þjóðlífinu.

Það er ekkert í viðskiftalífinu, sem er þjóðfjelaginu eins áríðandi og það, að gerðir samningar sjeu virtir og að það sje öllum ljóst, að lántakendur verða að borga skuldir sínar meðan nokkur geta er. En ef fjárdráttarbrögð eru framkvæmd með góðum árangri, án þess rjettvísin hafi þar hönd í bagga, þá er þjóðlífið í hættu. En því á að afstýra með heppilegri löggjöf. Hjer er nú verið að gera ítarlegar ráðstafanir til þess, að gjaldþrot, sem eiga sjer stað, verði athuguð nákvæmlega, líkt og gert er með sjúkdómstilfelli. Það á að rannsaka það, hvort orsökin til gjaldþrotsins í hverju einstöku tilfelli er óhöpp, sem ekki geta talist saknæm, eða hvort um sviksemi er að ræða.

Um fyrirkomulag þessa eftirlits má máske deila. En það er mál manna, einkum fjesýslumanna, sem athugað hafa þetta frv., að það horfði til stórra bóta og væri því eftirsóknarvert að það verði gert að lögum. Hv. frsm. mintist á eina sjerstaka hlið þessa máls, aðstöðu sýslumanna og bæjarfógeta til gjaldþrotabúa, skrifstofuhalds og innheimtu. Þetta er rjettilega athugað. Launakjör presta og sýslumanna báru lengst af merki miðaldafyrirkomulags. En þessu var breytt með núgildandi launalögum. Embættin voru gerð jafnari að tekjum og nokkurt fje veitt til skrifstofuhalds. Nú vil jeg taka það fram, til að fyrirbyggja misskilning, að orð þau, sem hv. frsm. hafði áðan eftir stj., eru ekki sögð af núv. stj., heldur voru þau sögð áður. En þrátt fyrir það, þótt launafyrirkomulaginu væri breytt, þá hefir þó verið nokkurt millibilsástand um launafyrirkomulagið, meðan gamla ljensfyrirkomulagið var að hverfa, en nýi launamátinn að sigla inn. Og á meðan hafa þeir verið illa settir, sem minstar hafa haft aukatekjur, en of lítið skrifstofufje. Síðan launalögin voru sett 1919, hefir máske hvergi verið lagt fram nóg fje til skrifstofuhalds nema hjer í Reykjavík. Stjórnin hefir nú haft nokkurn undirbúning til þess að finna, hvað

rjettlátt er í þessu efni. Og sú skipulagsbundna endurskoðun, sem nú fer fram hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, ætti að geta gefið þær upplýsingar um þetta, að hægt væri að leggja málið fyrir næsta þing. Þetta, með ákvörðun skrifstofufjár, er framhald á launalögunum frá 1919 og spor að því takmarki að fá nútíðarfyrirkomulag á launamálið. Það á að leggja niður ljensfyrirkomulagið, takmarka stórgróða af embættisrekstri og tryggja fljótari afgreiðslu málanna. Jeg skal játa það með hv. frsm., að það ástand, sem skapað var 1919, þar sem fá embætti fá fullgoldinn útlagðan skrifstofukostnað, en flest ekki, getur ekki staðið lengi. Það er jafnrangt eins og hitt, að greiða of mikið. Slíkt getur ekki lengi haldist, frekar en aðferð sú, sem átt hefir sjer stað um skifti dánar- og þrotabúa hjer í Reykjavík.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. forseti (JörB) nefndi mig frsm. minni hl., er hann veitti mjer orðið. Jeg veit ekki, hvers vegna hann gerir það. Í nál. því, sem hjer liggur fyrir, er þess getið, að tveir nm. hafi ekki tekið þátt í afgr. þessa frv. úr n., en það er ekkert tekið fram, af hverju það hafi verið. Jeg býst helst við því, að mál þetta hafi verið afgr. úr n. meðan jeg lá veikur. En þá hefði samt verið rjett að geta þess. (**MT:** Jeg mundi víst ekki eftir því og bið velvirðingar á því). En hvernig því hefir verið varið með hv. þm. Barð., veit jeg ekki. Hjer er ekki nema um tvent að gera: Annaðhvort hefir þetta verið gert meðan jeg var veikur, eða það hefir verið gert með vilja að útiloka mig frá nefndarstarfi. Mín aðstaða er því sú, að jeg hefi engar till. um þetta að gera sem nm. Jeg geri ráð fyrir því, að þessu máli hafi átt að flýta og því hafi ekki mátt bíða eftir því, að jeg gæti tekið þátt í nefndarstarfi um afgreiðslu þess. Við því er ekkert sjerstakt að segja. En hitt hefði ekki verið nema sjálfsögð kurteisi, að geta þess, að jeg var forfallaður.

Jeg hefi því miður ekki haft tóm til að athuga þetta mál sem skyldi. Jeg vissi ekki, að n. hafði tekið það fyrir, fyr en jeg sá nál. frá þremur nm. En síðan hefi jeg ekki mátt vera að því að athuga það, þar sem fundir hafa staðið allan daginn. Jeg held að meginhluti þessa frv. sje tekinn upp úr gjaldþrotalögunum frá 1894 sem talin eru orðin úrelt að ýmsu leyti. En aðalbreyt. frá þeim virðist mjer vera sú, að allir þeir, sem gjaldþrota verða, skulu ganga undir rannsókn hjá lögreglustjóra, og þá sæta ábyrgð, ef saknæmi sannast. Hið nýja í þessu er það, að allir, sem gjaldþrota verða, skuli ganga undir slíka rannsókn. En hitt er ekki nýtt, að sviksamlegum gjaldþrotum skuli hegnt. Það er í hegningarlögunum frá 1869, því að þau leggja stranga refsingu við því að skjóta fje undan. Jeg veit ekki, hversu mikla þýðingu þetta ákvæði kann að hafa, en jeg sje ekkert, sem mælir á móti því, að allir þeir, sem gjaldþrota verða, sjeu yfirheyrðir. Jeg geri ráð fyrir því, án þess að jeg hafi athugað það nákvæmlega, að það sje ekki gert sýslumönnum að skyldu að framkvæma það fyrir ekki neitt. Það er gefið, að sýslumenn verða að leggja á sig ferðalög vegna þessarar skyldu, og eiga þeir þá borgun skilið

fyrir það. En mjer finst, að til mála geti komið, að sá kostnaður, sem af þessu leiðir, sje greiddur af þrotabúinu sjálfu. Þótt gjaldþrot sjeu tíð, þá er þó svo fyrir þakkandi, að flest þeirra gefa enga ástæðu til sakamálsrannsóknar. En með þessu þarf þó enginn að hugsa sjer, að hægt sje að koma í veg fyrir það, að gjaldþrot verði gerð í sviksamlegum tilgangi. En máske verður þetta til þess, að komist verði fyrir svik, og vil jeg þess vegna ekki mæla á móti því, að þetta verði gert. En slíkri rannsókn fylgir mikill kostnaður. Og jeg fyrir mitt leyti er í miklum vafa um það, hvort sá kostnaður á að greiðast af opinberu fje eða búinu sjálfu. Að vísu verður hann að greiðast af því opinbera, þegar búin eru svo fátæk, að þau geta ekkert greitt. Annars finst mjer það vafasamt.

Jeg tók eftir því, að hv. frsm. þótti ákvæði 32. gr. frv. ströng, þar sem þau skylda skiftaráðendur skilyrðislaust til þess að hafa búafje á vöxtum. Alveg hið sama kemur fram hjá lögmanninum hjer í Reykjavík í brjefi hans til allshn. Ed. Hann telur, að erfitt verði að framfylgja því ákvæði. Jeg er á sama máli. Og jeg sje ekki, hvers vegna skiftaráðendur eiga í þessu efni að fylgja öðrum reglum en þeim, sem tíðkast í hinu almenna viðskiftalífi. Þar er það alls ekki reglan að svara vöxtum af geymslufje frá degi til dags og af hvað lítilli upphæð sem er. Jeg hefði viljað bæta við brtt.: „og máli skifta fyrir búið“ — enda mun vera átt við það.

Jeg heyrði, að hv. frsm. hafði eitthvað eftir einhverri stjórn um það, að hún átti að hafa leyft sýslumönnum að taka til sín vexti af búafje. Jeg veit ekki, hvaða stj. hefir leyft þetta. Jeg heyrði, að hæstv. dómsmrh. afsakaði sig. Og jeg minnist heldur ekki að hafa sagt neitt slíkt.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um það, að hann ætlaði að leggja fyrir næsta þing till. um nýja tilhögun um greiðslu á skrifstofukostnaði sýslumanna, rjettlátari en nú væri og bygða á skýrslum endurskoðunarmanna, sem hafa verið að yfirlíta embættisfærslu sýslumanna. Þetta er nú víst ágætt fyrir sýslumennina, því ef þetta verður gert, þá hækkar vafalaust sú upphæð, er þeir fá greidda, ef þeir eiga að fá endurgreiddan nauðsynlegan kostnað. En hitt fæ jeg ekki skilið, að þessar skýrslur, sem hæstv. ráðh. talaði um, sjeu neitt betri grundvöllur til að byggja á en þær skýrslur, sem sýslumenn gefa og eiga að gefa um tollstarf í kaupstöðum, búskifti, ómyndugra fje, dómstörf og þess háttar. Um þetta eiga þeir að gefa skýrslur, og er skrifstofufje til þeirra skift eftir því. En svo litlu fje hefir verið varið til þeirra skifta, að þeir hafa aldrei fengið eins mikið eins og þessi starfræksla hefir kostað þá raunverulega.

Jeg skal svo enda þessi orð mín á því, að þar sem jeg vegna lasleika hefi eigi getað kynt mjer þetta mál til hlítar, þá mun jeg ekki gera það að deiluatriði, en læt það hlutlaust.

**Forseti (JörB):** Jeg vil geta þess, vegna orða hv. 1. þm. Skagf., að þar sem jeg sá, að aðeins 3 af 5 hv. allshn.mönnum voru skrifaðir undir nál., þá hjelt jeg, að nefndin hefði klofnað og varð því það á að kalla hv. 1. þm.

Skagf. frsm. minni hl. Bið jeg velvirðingar á því athugaleysi mínu.

**Hákon Kristófersson:** Það er rjett fram tekið í nál. því, sem 3 hv. allshn.-menn hafa skrifað undir, að jeg tók ekki þátt í afgr. þessa máls. Það getur þó eigi stafað af því, að jeg hafi vanrækt að koma á fundi, heldur mun það vera af því — og furðar mig þó á því —, að mjer hefir ekki verið sagt frá þeim fundi, sem þetta mál var afgr. á. Fyrst var farið lauslega yfir þetta mál og svo var einum manni falið að fjalla um það sjerstaklega. Síðan hefir það verið afgr. á skyndifundi, og get jeg best trúað því, að sá fundur hafi ekki verið reglulegur fundur, því þá mun jeg oftast vera viðstaddur. En mig furðar á því, að hv. frsm. skyldi ekki sýna mjer nál. áður en það var undirskrifað. Slíkt er oft gert og spurt um, hvort nm. geti ekki eftir atvikum verið sammála. Og þótt mig máske skorti „júridiska" þekkingu til þess að vera vel dómbær um svona mál, þá hefði eigi að síður verið ástæða fyrir hv. frsm. að segja mjer frá afgreiðslu málsins og gefa mjer kost á að líta á nál.

Jeg geri ráð fyrir því, að brtt. n., sem jeg geri ráð fyrir, að hv. frsm. eigi mestan þátt í, sjeu þess verðar, að þær sjeu samþ. En þar sem mig vantar „juridiska" þekkingu um það að dæma, og heyrði eigi heldur framsöguræðu hv. frsm., þá mun jeg láta þetta mál jafnhlutlaust hjer í hv. d. sem jeg ljet það í n. Býst jeg ekki við, að það breyti neinu um framgang þessa máls; það hefði farið svona hvort sem var.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Jeg vil byrja mál mitt með því að lýsa yfir því, að það var síður en svo, að jeg væri neitt að álasa þeim hv. meðnm. mínum, sem ekki tóku þátt í meðferð þessa máls í allshn. Það mun einmitt rjett vera, að hv. 1. þm. Skagf. hafi verið sjúkur um þetta leyti. En um það var mjer þó eigi kunnugt, þegar nál. okkar var gert. Um hv. þm. Barð. er það að segja, að hann mun að undanteknum eitthvað tveimur dögum, sem hann var forfallaður, hafa verið hjer í þinghúsinu og látið vita af komu sinni hingað. Jeg var því enga vanrækslu að bera á brýn þessum hv. þm. Enda var það ekki mitt, heldur okkar góða formanns að gera það, ef slíkt hefði þurft. En hjer var þó um nokkurt fordæmi að ræða, þar sem var afgreiðsla á frv. um lögreglustjórann á Akranesi, sem aðeins nokkur hluti allshn.manna afgr. úr n. Má vera, að einhverjum hafi dottið í hug að þakka fyrir síðast.

En svo jeg víki aftur að framgangi þessa máls, þá get jeg verið hæstv. dómsmrh. þakklátur fyrir það, hve vel hann hefir tekið í brtt. n. Ennfremur fyrir það, að hann hefir huga á að koma sýslumannsembættunum í það horf, sem þau þurfa að komast, og hefir þegar sýnt áhuga sinn í þessu efni. Hið sama get jeg og sagt til hv. 1. þm. Skagf., að jeg get verið honum þakklátur, enda tel jeg, að við sjeum sammála að mestu. En hvað snertir lögreglurannsókn í gjaldþrotamálum, þá er það engin nýlunda í löggjöfinni, að rannsókn sje látin fram fara, hvort sem um sekt er að ræða eða ekki. Svo er það t. d. um brunamál. Brennur er

skylt að rannsaka, enda þótt engum detti í hug, að kveikt hafi verið í af ásettu ráði.

Þá vjek hv. 1. þm. Skagf. að því, að þetta mundu verða mjög víðtækar rannsóknir, ef gera ætti þær til nokkurrar hlítar. Bjóst hann við því, að kostnaðurinn, sem af þeim leiddi, yrði að greiðast úr ríkissjóði, en gat þess, að hann gæti þó hugsað sjer, að þrotabúin greiddu hann. Jeg verð að viðurkenna það, að hv. 1. þm. Skagf. hefir nokkuð til síns máls í þessu. Á því er enginn vafi, að slíkar rannsóknir sem þessar verða til að treysta viðskiftalífið, og frá því sjónarmiði gæti maður hugsað sem svo, að þrotabúin væru ekki of góð til þess að greiða kostnaðinn, og að jafnvel væri rjett að láta þau gera það; en á móti þessu mælir, að það er nú einu sinni almenn regla, að slíkar rannsóknir sjeu kostaðar af opinberu fje. Og jeg get hugsað mjer, að eigendur búanna ljetu þessar dýru rannsóknir niður falla, ef búafjeð á að greiða kostnaðinn af þeim. Jeg er því ekki sannfærður um, að rjett sje að fara þessa leið.

En það er annað í þessu efni, sem rifjaðist upp fyrir mjer í sambandi við þetta og vert er að drepa á. Hv. 1. þm. Skagf. sagði rjettilega, að þetta gætu orðið mjög víðtækar rannsóknir, sem hefðu mikinn kostnað í för með sjer, og það einnig fyrir rannsóknardómarann. Þegar launal. var breytt 1919, leit jeg og margir fleiri sýslumenn svo á, að með ákvæðinu um, að allur embættiskostnaður skyldi greiddur úr ríkissjóði, væri því slegið föstu, að rannsóknardómurum skyldi greiða dagpeninga sem öðrum embættismönnum, enda er ekkert hægt að ferðast, svo að það hafi ekki bein útgjöld í för með sjer fyrir þann, sem það gerir. Þessu var neitað af þáv. dómsmrh., sem leit svo á, að sjerákvæði þyrfti um þetta efni. Samkv. þessu verður því að breyta launal. þessara embættismanna, svo að þetta verði felt niður. Jeg tek þetta aðeins fram hæstv. dómsmrh. til athugunar.

Hv. 1. þm. Skagf. taldi, að skýrara væri að lengja brtt. við 32. gr. frv. — það er 10. brtt. á þskj. 396 — þannig, að á eftir orðunum „máli skiftir" komi: fyrir búin. Mjer finst þetta nú óþarfi, af því að rjett á eftir segir svo í sömu gr., að ávaxta skuli í sparisjóði fje búa, svo að meiningin kemur greinilega í ljós. En ef hv. 1. þm. Skagf. vill bera fram brtt. í þessa átt við 3. umr., þá er fjarri því, að jeg hafi neitt á móti því.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Skagf. ympraði á um kostnaðinn af lögreglurannsóknum, get jeg lýst yfir því, að jeg býst við, að n. muni taka það til athugunar til 3. umr. og flytja brtt. þar að lútandi, ef henni þykir ástæða til.

Jeg er samþykkur hv. 1. þm. Skagf. um það, að það er síður en svo, að þessi hörðu ákvæði gagnvart skiftaráðendunum, ásamt ákvæðunum um það, að búin fái alt, sem þau geta fengið, sjeu til hagnaðar fyrir ríkið, því að það verður að bæta skiftaráðendunum upp þær tekjur, sem þeir til þessa hafa haft af vöxtunum. Hvað mig snertir, þá hafa þessar vaxtatekjur verið örlitlar, og stundum engar. Jeg hefi ekki haft þann sið að láta búin

standa óskift, ef jeg hefi getað leitt skiftin til lykta.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skal ekki eyða löngum tíma í að ræða þá meðferð, sem höfð hefir verið í n. á þessu máli, enda hefir hv. 2. þm. Árn. lýst yfir því, að hann hafi verið að endurgjalda undangengna meðferð á sjer. Þarf þar ekki framar vitnanna með. En hv. 2. þm. Árn. verður að gæta þess, að eins standi á, þegar hann ætlar að breyta eftir reglunni gömlu: auga fyrir auga, tönn fyrir tönn. En svo var ekki í þessu tilfelli. Jeg þykist vita, að hv. 2. þm. Árn. eigi við afgreiðslu frv. um lögreglustjóra á Akranesi — öðru er ekki til að dreifa. En það náðist ekki til hans, þegar það mál var afgr. í n., vegna þess að hann var þá ekki hjer í bænum, heldur austur á Eyrarbakka, auk þess sem það mál var mjög umfangslítið og hafði verið athugað grandgæfilega í allshn. í fyrra í sambandi við annað mál, frv. til l. um lögreglustjóra í Nesi í Norðfirði. Aftur á móti er þetta mál eitt af stærri málum þingsins. Jeg vil þó biðja hv. 2. þm. Árn. að taka þetta ekki svo, sem jeg hefði haft mikla löngun til að sökkva mjer ofan í þetta mál. Jeg ann honum þess fullkomlega að hafa lagfært það, sem þessu frv. er áfátt um, og bera svo ábyrgðina á því, sem enn kann áfátt að vera, þó að síðar komi í ljós.

Jeg vildi breyta niðurlagi 36. gr. Jeg hefi verið skiftaráðandi, eins og hv. 2. þm. Árn. er nú, og jeg hefi reynslu fyrir því, að það getur komið fyrir, að ekki sje hægt að skifta búi á ákveðnum tíma. (**MT:** Þessu var breytt í Ed., en þær breyt. hafa enn ekki verið færðar inn í frv.). Ef svo er, skal jeg ekki fara frekar út í þetta atriði.

Jeg er sammála hv. 2. þm. Árn. um það, að rjett muni að skoða þessa rannsókn sem *ex tuto* rannsókn, að hálfu leyti sem opinbera rannsókn og að hálfu leyti sem *præventiva* rannsókn. En þá leiðir af því, að ríkissjóður á að borga þann kostnað, sem af henni leiðir. Mjer skildist á hv. 2. þm. Árn., að hann liti ekki svo á, að hver, sem gjaldþrota yrði, væri fyrirfram bendlaður við óheiðarleika. Af því leiðir sömuleiðis, að rannsóknin eigi að greiðast af opinberu fje.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að ríkið yrði að bæta sýslumönnum þann halla, sem þeir biðu af vaxtatöpum samkv. þessum l. Það kann að vera. En jeg held, að hjer sje ekki um neina verulega upphæð að ræða. Og sjálfur gat hv. 2. þm. Árn. þess, að hjá sjer næmi þessi upphæð sama sem engu. Eftir því, sem jeg þekki til til sveita, nemur þetta sáralitlu. Það fje, sem sýslumenn hafa undir höndum, gengur út og inn. Þeir verða að hafa nokkurn sjóð og hafa því alt fjeð saman. Og jeg vil skilja ákvæði þessa frv. um ávöxtun búafjár svo, sem það gildi ekki nema þar, sem peningastofnanir eru. Það vantaði nú bara, ef fara ætti að skylda sýslumenn til að senda smáfjárhæðir langar leiðir til þess að koma peningunum á vöxtu, þannig að burðargjaldið næmi ef til vill eins miklu og inn kemur í vöxtum. Hvorki erfingjarnir nje skuldheimtumennirnir hafa nokkurn rjett til að heimta, að sýslumennirnir hafi alt fjeð á vöxtum. Það nær engri átt að heimta það,

hvort heldur sem er af sýslumönnum eða ríkinu, að þeir beri kostnaðinn af þessum peningasendingum fram og aftur. Það verður að aka seglum eftir vindi í þessu máli sem öðrum og látsömu reglur gilda í þessu efni sem í hinu almenna viðskiftalífi manna á milli. Meira en það verður ekki með nokkurri sanngirni heimtað af skiftaráðendunum.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Hv. 1. þm. Skagf. vill varpa á mig ábyrgðinni á því, sem í þessum kann að vera áfátt um. Jeg tek glaður á mig þá ábyrgð. Jeg legg aðaláhersluna á, að sýslumenn sjeu dregnir undan þeirri álösun, sem þeir hafa orðið fyrir upp á síðkastið vegna meðferðar á búafje. Og það gerir mjer þessa ábyrgð, sem hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, ljettbærari, þó að annars sjeu nú fleiri um hana. Jeg hefi kynt mjer nál. minni hl. allshn. í Ed. allrækilega. Sumt af því, sem þar kemur fram, hefir verið fært til betri vegar og felt inn í frv., bæði hjer og í Ed., en sumt er svo vaxið, að það lýsir því helst, að sá maður, sem að þessu nál. stendur, hafi ekki fylgst með kröfum tímans í þessu efni nje þeim skoðunum, sem nú sem stendur ríkja á þessum málum. Jeg skal aðeins drepa á eitt atriði þessu til stuðnings. Krafan um að sjerstaka áherslu skuli leggja á að gæta rjettar forgönguhafa er nú orðin úrelt. Nú er uppi sú stefna, að rjett sje að minka þennan rjett forgönguhafa, til þess að gera hið almenna viðskiftalíf tryggara.

Það gladdi mig, að hv. 1. þm. Skagf. taldi rjett, að ríkið greiddi kostnaðinn, sem leiðir af þessum rannsóknum. Jeg er honum sammála um það, að ákvæði 32. gr. frv. gildi aðallega um kaupstaðina, og skal því ekki fara frekar út í það. Jeg óskaði eftir viðskiftum við sparisjóð Árnessýslu um búafje, en gat ekki fengið þau, vegna þess að sjóðurinn hafði ekki fje handbært. Annars snertir þetta lítið sýslumenn til sveita. — Annað þarf jeg svo ekki að taka fram að sinni.

ATKVGR.

Brtt. 396.1 samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IngB, JAJ, JÓl, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SÁÓ, ÞorlJ, BÁ, HStef, HJ, HG, HK, HV, BSv.

**nei:** EJ.

Níu þm. (ÁÁ, BSt, GunnS, JJós, JS, LH, SE, SvÓ, TrÞ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 396,2 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 396.3 samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JAJ, JörB, BSv.

**nei:** MJ, ÓTh, PO, SE, BÁ, EJ, JÓl, JS.

LH, MG greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (BSt, GunnS, HK, JJós) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 396,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

8.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 396,5 samþ. með 20:1 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

14.—16. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 396,6.a—b samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

18.—23. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 396,7 samþ. án atkvgr.

24. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

25.—26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 396,8 samþ. án atkvgr.

27. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

28. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 396,9 samþ. án atkvgr.

29. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

30.—31. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 396,10 samþ. með 15 shlj. atkv.

32. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 396,11 samþ. án atkvgr.

33. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

34.—35. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

36. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

37. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

38.—41. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 462).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** LH, MJ, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, BÁ, HStef, HJ, HG, IngB, JJós, JAJ, ÞorlJ.

MG, ÓTh greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (BSv, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HK, HV, JÓl, JS, JörB) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 462).

Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta er nú aftur komið hingað frá hv. Nd., sem að vísu hefir gert á því nokkuð margar breyt., en það stendur svo á með þær, að það eru að mestu leyti orðabreyt., að sumu leyti lagfæringar, en mjög litlar efnisbreyt.

Það virðist svo, sem frv. þetta hafi fengið góðan byr í hv. Nd., sem hefir samþ. frv. með töluverðum meiri hl. atkv., en þrátt fyrir þær breyt., sem hv. Nd. hefir gert á frv., sjer meiri hl. allshn. ekki ástæðu til annars en leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 534).

## 26. Ritsími og talsími o. fl.

Á 26. fundi í Ed., 19. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.** (stjfrv., A. 151).

Á 28. fundi í Ed., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 287).

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Eins og sjest á nál. frá samgmn., er frv. þetta flutt af ríkisstj. eftir till. landssímastjóra, og tilefni þess er það, að talsvert var farið að bera á ýmsum truflunum við skeytasendingar, sem stöfuðu af ýmsum rafmagnstækjum og mótorum, einkum í bæjunum. Í eldri símalögunum er ekki nægilega skýrt ákveðinn rjettur landssímans til þess að takmarka þetta, og þess vegna er frv. flutt. Að öðru leyti þykist jeg ekki þurfa að mæla frekar með því. N. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 151).

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 359).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 424).

## 27. Símalagabreyting.

Á 24. fundi í Nd., 16. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi]** (þmfrv., A. 126).

Á 26. og 27. fundi í Nd., 19. og 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 22. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Hannes Jónsson):** Jeg finn enga ástæðu til þess að fylgja frv. þessu úr hlaði með langri ræðu, þar sem þegar eru komnar fram við það margar brtt. Tel jeg því heppilegra, að það verði athugað í nefnd og leitað um það umsagnar landssímastjóra, áður en það verður tekið til frekari umr.

**Magnús Guðmundsson:** Meining mín er ekki að fara að ræða brtt. þær, sem fram eru komnar við frv. þetta, heldur vil jeg taka það fram, að það hefir aldrei verið siður, að samgmn. þingsins eða stj. væru að amast við breyt. á símalögunum. Þvert á móti hefir þeim brtt. verið tekið vel, því að með þeim er aðeins verið að ákveða eða gera till. um, hvernig símalínurnar eigi að liggja um sveitirnar, þegar þær verða bygðar. Með slíkum till. er því alls ekki verið að veita fje til línanna, heldur er verið að ræða um framtíðarskipulag á símalínum sveitanna. Jeg sje því ekki, að nein ástæða sje til, hvorki fyrir samgmn. eða stj., að amast við þeim breyt. á símalögunum, sem hjer er stungið upp á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, 131, 147, 152, 155, 160, 171, 172, 225, 230, n. 304).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** N. hefir athugað frv. þetta ásamt þeim till., er fram hafa komið um breyt. á símalínum landsins. N. hafði um mál þetta fund með landssímastjóra og hefir einnig fengið frá honum mjög ítarlegt álit um allar till. Skal jeg með örfáum orðum víkja að þeim breyt., er n. vill gera á frv. og þeim brtt., sem fram hafa komið við það og sem eru óvenjumargar.

Við línu frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót o. s. frv. vill landssímastjóri gera þá breyt., að ekki verði þarna óslitin lína kringum Vatnsnes, heldur verði þar 16 km. autt bil og nái línan frá Hvammstanga að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu á annan veginn, en á hinn veginn til Hindisvíkur. Segir landssímastjóri, að á þann hátt sparist 8 km. löng lína, en aðalástæðan til þess, að hann vill hafa þarna autt bil, er sú, að hann telur, að landssíminn mundi ella missa tekjur og eftirlitið með stöðvunum af hendi landssímans yrði ekki framkvæmanlegt svo í lagi væri.

Yfirleitt er það að segja, að landssímastjóri leggur á móti því, að ákveðið verði í lögunum, hvar stöðvar skuli koma, í fyrsta lagi af því, að

sumstaðar hefir línusvæðið eigi verið rannsakað, og í öðru lagi er það venja, að landssímastjóri ráði því, hvar stöðvarnar verða, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefndir.

Þá er það að athuga, að í brtt. við frv. eru nokkrar línur taldar, sem þegar eru lagðar. Þær telur landssímastjóri ekki þörf á að taka upp í símalögin. Þetta á við um línuna frá Hnausum um Hnjúk og Eyjólfsstaði að Ási í Vatnsdal, línuna frá Þórshöfn til Skála, línu frá Sandnesi að Drangsnesi, línu frá Minniborg að Laugarvatni í Laugardal. Allar þessar línur eru þegar lagðar, og getur n. fallist á ástæður landssímastjóra fyrir því að taka þær ekki upp í frv.

Í staðinn fyrir línu frá Ljósavatni fram Bárðardal telur landssímastjóri rjettara að komi: lína fram Bárðardal. Telur hann líkindi til, að bygt verði nýbýli nálægt Skjálfandafljótsbrú, og skiftistöðin þá best sett þar.

Breytingarnar á Hálsasveitar- og Hvítársíðulínunum telur landssímastjóri vel mega verða. En þar bendir hann á, að aðstaða í Hvítársíðu sje mjög hentug fyrir einkasíma samkv. heimildarlögum þeim, er nú liggja fyrir þinginu.

Það yrði til mikils gagns fyrir Mýrarnar að fá línu frá Langárfossi að Laxárholti. En það telur landssímastjóri, að þá þurfi að bæta við nýjum þráðum á gömlu stauraröðina frá Langárfossi að Borgarnesi, svo þær stöðvar kæmust í beint samband við Borgarnes. Gengur oft erfiðlega með afgreiðslu á sjálfri landssímalínunni, og mundi þetta verða margfalt haganlegra fyrir notendur þessarar línu, en kosta lítið eitt meira.

Skagalínuna er landssímastjóri sammála um, að leggja eigi þá leið, sem farið er fram á í brtt., en telur ekki þörf á að ákveða stöðvar á þeirri leið. Verði það yfirleitt hagkvæmast, að landssímastjóri ákveði jafnan stöðvarnar í samráði við hlutaðeigandi hjeruð.

Þá telur landssímastjóri, að línan frá Víðimýri um Rjettarholt ætti ekki að fara lengra en að Hofdölum fyrst um sinn. Þá er hann í vafa um það, hvort rjett sje að tengja þessa línu saman við aðallínuna á Vatnsleysu. Er þar um stuttan spöl að ræða, er lítið kostar og landssíminn getur tengt saman hvenær sem honum sýnist, þó ekki standi í símalögum.

Línuna frá Víðimýri að Goðdölum telur hann nóg að ákveða, að liggja skuli um Reyki og Lýtingsstaði, en óþarfa að tilnefna alla þá staði, er brtt. nefnir.

Þá telur hann, að línan að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal ætti að koma frá skiftistöð landssímans á Egilsstöðum, á gömlu staurarööinni þaðan til Jökulsár á Brú og upp Jökuldalinn, vestanverðu árinnar, um Hofteig til Skjöldólfsstaða. Á þá línu ætti að setja stöðina á Fossvöllum, svo sú stöð þurfi ekki að vera á aðallínunni. Þó kostnaður við þessa breyt. yrði 3000—4000 kr., þá yrði það samt margfalt hagkvæmara fyrir viðkomandi hjerað og landssímann, að Fossvellir yrðu settir á þessa línu og út af landssímalínunni.

Þá telur hann, að línan að Hveravöllum ætti að vera áframhald af Grenjaðarstaðalínunni, en ekki ganga út frá Laxamýri, eins og brtt. fer fram á. Með þessu móti styttist vegalengdin

um ca. 3 km., og verður þó fult eins heppilegt fyrir Hveravelli.

Í staðinn fyrir „Lína frá Ytri-Tungu á Tjörnesi“ er lagt til, að komi: Syðri-Tungu, — því þar endar símalínan nú.

Um Hvalfjarðarlínuna telur landssímastjóri það sjálfsagt, að línan frá Saurbæ gangi út frá landssímastöðinni í Kalastaðakoti, þaðan á gömlu stauraröðinni að Saurbæ og ný stauraröð þaðan að Þyrli, þannig að þessar stöðvar hefðu beint samband við Kalastaðakot, án þess að vera inni á aðallínunni.

Þá telur hann óþarft að koma inn í símalögin línu frá Ísafirði til Arnardals. Bændurnir í Arnardal hafa verið símalausir, og hefir þó símalínan legið þar um túnið. En þegar hin nýja lína verður lögð frá Ísafirði til Ögurs, þá er sjálfsagt að setja þar inn síma, og verður stöðin þá fyrir utan landssímalínuna. En að svo stöddu er ekki hægt að setja þar upp stöð, vegna erfiðleika á afgreiðslunni á þessari línu. Þó jeg hafi borið fram brtt. um þessa stöð, get jeg að þessu athuguðu fallist á till. landssímastjóra.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að skýra till. landssímastjóra. N. hefir fallist á till. hans. Eins og sjá má, þá eru þær ekki til þess að draga úr því, að lagðar verði línur þær, er brtt. fara fram á, heldur er ýmsu vikið við til hægðarauka fyrir hjeruðin og til þess að afgreiðslan verði greiðari. Þó frv. verði samþ., þá er ekki von á, að verulegur hluti af þessum nýju línum verði lagður á næstu árum. Til þess liggur of mikið fyrir af þegar ákveðnum og að áliti landssímastjóra nauðsynlegri línum en þær, er hjer um ræðir.

Jeg veit til þess, að von er á tveim brtt. við frv. N. hefir vitanlega ekki haft tök á að athuga þær, en það mun hún gera fyrir 3. umr. Tel jeg rjettast að samþ. frvgr. óbreytta eins og n. leggur til að hún verði, og mun n. þá athuga og bera sig saman við landssímastjóra um aðrar brtt., er fram kunna að koma, milli 2. og 3. umr.

**Hannes Jónsson:** Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Eins og hv. þdm. hafa veitt eftirtekt, þá gengur brtt. n. í þá átt að fella niður línu, sem nú er í símalögunum, frá Hvammstanga og kringum Vatnsnes. Það er feld niður línan frá Vesturhópshólum til Hindisvíkur. Að jeg gat þó verið með n., stafar af því, að landssímastjóri lagði mjög eindregið til, að einhversstaðar á þessari línu væri höggvið í sundur. Jeg hefi ekki getað sannfærst um, að þetta sje með öllu rjett, en viðurkenni þó, að viðauki sá, sem fæst með frv., línan á vestanverðu Vatnsnesi, verði það notameiri, að frv. sje þó til bóta frá því, sem nú er. Mun jeg athuga þetta nánar í samráði við landssímastjóra, og ef jeg sje mjer það með nokkru móti fært, þá flytja brtt. í þá átt, að línan fái að haldast kringum Vatnsnesið, en verði ekki klipt sundur. Ástæðan fyrir því er heldur ekki veigamikil. Eru þar ekki meiri erfiðleikar við eftirlit en yfirleitt mun reynast. Það er víðar hætta á, að símtöl eigi sjer stað án tekna fyrir landssímann. Það getur verið, að verði síminn óslitinn kringum alt nesið, þá komi ekki öll kurl til grafar. En þar sem sú hætta er víðar, þá virðist vera frekar ástæðulítið að taka þessa sveit út úr.

Sem sagt, af því frv. er til bóta frá því, sem nú er, þá skerst jeg ekki úr leik, og þá einkum fyrir það, að landssímastjóri lagði mjög eindregið með þessu. Nú veit jeg til, að kunnugur maður að norðan hefir átt tal um þetta við landssímastjóra, og býst jeg því við að ræða þetta nokkru frekar við 3. umr.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg heyrði ekki, hvort hv. frsm. talaði nokkuð um breyt. þær, er n. leggur til, að gerðar verði á símalínum í Skagafirði Jeg vildi benda á, að það hlýtur að vera villa í brtt. n., þar sem talað er um línu frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum, því í sumar á að leggja línu frá Víðimýri að Rjettarholti. Í brtt. minni stóð lína frá Rjettarholti um Hjaltastaði, Frostastaði og Hofdali að Vatnsleysu. — Þetta hefir einhvernveginn skolast til hjá n., og þarf að leiðrjetta það.

Enn vil jeg vona, að n. haldi ekki fast við það að fella burt línu um Mælifell. Ef línan liggur ekki um Mælifell, þá verður engin stöð vestan Svartár, en hún verður oft ófær, einkum vor og haust. Vegalengdin verður svo að segja engu meiri, því línan liggur meðfram Svartá, og Mæli fell er skamt frá ánni hinumegin.

Þessi tvö atriði vænti jeg, að hv. n. vildi athuga fyrir 3. umr. N. hefir tekið upp þá aðferð, sem er alveg rjett, að taka upp í símalögin það fyrirkomulag, sem sveitirnar óska sjálfar. Vona jeg því, að hún taki vel í þetta.

**Gunnar Sigurðsson:** Við erum hjer með smávægilega brtt., þm. Rang., sem ekki er fram komin enn. Er þar um smáatriði að ræða, það, að fá línuna frá Geldingalæk framlengda út á Land. Jeg geri ráð fyrir, að þetta verði samþ. og get því vel fallist á till. frsm., að taka hana aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Allar brtt. aðrar en nefndarinnar teknar aftur.

Brtt. 304 (ný frvgr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 350, 346, 352, 358).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 358. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Það hafa komið fram nokkrar brtt. á milli 2. og 3. umr., og vil jeg víkja nokkuð að þeim.

Um fyrri brtt. á þskj. 346 verð jeg að segja það fyrir n. hönd, að hún hefir ekki haft tækifæri til að athuga hana, en um hina síðari er það að segja, að landssímastjóri telur eigi heppilegt að ákveða stöðvar á línum, sem eru ólagðar, nema áður hafi farið fram rannsókn á, hvar heppilegast sje að hafa þær, og sjeu þær svo ákveðnar í samráði við hreppsnefndirnar.

Þá hefi jeg komið fram með brtt.

um að nema úr símalögunum línu af Snæfjallaströnd að Ármúla í Grunnavík. Símalagning á þessum slóðum hefir þegar verið öðruvísi ákveðin, enda var sú lína, sem jeg legg hjer til, að feld verði niður, sett í símalögin af athugaleysi. Menn hafa að vísu viljað fá þessa línu, en hún er alt of dýr, þegar þess er gætt, að lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar gerir sama gagn, en kostar eigi nema 8 þús. kr., þar sem línan af Snæfjallaströnd yfir á Langadalsströnd hefði kostað um 40 þús. Því hefi jeg flutt brtt. um að nema þessa línu úr lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. Landssímastjóri er brtt. samþykkur.

Þá hefir hv. þm. V.-Húnv. borið fram eina brtt. N. hefir ekki borið sig saman um hana, en landssímastjóri leggur á móti því, að óslitin símalína sje á Vatnsnesinu. N. hefir óbundnar hendur um brtt. þessa. Þetta er ekki mikið fjárhagsatriði, en jeg hygg, að það yrði til að seinka fyrir símalínu á Vatnsnesi vestanverðu, ef þetta yrði samþ. Landssímastjóri leggur áherslu á það, að línan verði slitin sundur á einum stað.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg á hjer ásamt fleirum eina brtt. á þskj. 346, um það, að er símalína verður lögð frá Efra-Hvoli að Geldingalæk, verði bætt við smáspotta upp á Land. Enginn sími er nú sem stendur framan til á landinu, og kemur sjer oft mjög illa, að ekki skuli vera sími í Holtsmúla. Á þessum slóðum er um fjögurra klst. lestagangur á milli stöðva. Landssímastjóri og þeir af samgmn.-mönnum, sem jeg hefi talað við, eru þessu hlyntir.

**Benedikt Sveinsson:** Jeg hefi á þskj. 346 borið fram brtt. um það, að símalína frá Skógum að Skinnastöðum skuli liggja um Núp. Svo háttar til, að bærinn Skógar liggur í einskonar landeyjum. Kvíslar Jökulsár falla á tvo vegu, oft illar yfirferðar; stundum ófærar. Ef línan verður lögð beint frá Skógum að Skinnastöðum, eru engir bæir á þeirri leið, en yfir jökulvatnið Sandá að fara, en verði hún lögð um Núp, þá liggur hún almannaveg með bæjum, eins og t. d. ef símalína væri lögð eftir Fljótshlíð. Nú hefir ekki verið beðið um fleiri stöðvar en þessa einu á þeirri leið, og er alment viðurkent, að langheppilegast sje, að línan verði lögð um Núp. Hlýtur það að stafa af vanþekkingu, ef álitið er, að um annan heppilegri stað sje að velja. Jeg hygg, að menn ætli ekki, að jeg segi ósatt frá um landslag á þessum slóðum, enda hefi jeg talað við Hlíðdal símaverkfræðing og landssímastjóra um þetta mál, og er skoðun þeirra sú, er jeg hefi hjer haldið fram um símastöð að Núpi. Vona jeg því, að hv. deild fallist á þessa brtt. Verði þetta ekki að lögum, má búast við, að nokkur krytur kunni að verða um það, hvort hreppurinn skuli leggja fram nokkur hundruð króna í þessu skyni eða ekki. Mjer hefir virst, að hv. d. skæri slík framlög ekki svo mjög við neglur sjer, þegar um línur er að ræða, að ástæða sje að ætla, að hún bregðist illa við þessu máli. Þar sem hjer eru einnig fastákveðnar endastöðvar samkv. gildandi lögum, finst mjer, að ekki ætti að þurfa að verða ágreiningur um þetta, og gegnir nokkuð öðru máli þar, sem endastöðvar eru ekki ákveðnar, eins

og í Bárðardal og Fnjóskadal; þar er hvorug endastöðin ákveðin. Býst jeg því við, að þessi brtt. fái góðar undirtektir.

**Hannes Jónsson:** Eins og hv. frsm. samgmn. tók fram, er brtt. mín þess efnis, að bætt verði línuspotta á milli tveggja símalína, sem ákveðnar eru í frv. Jeg verð að játa, að landssímastjóri hefir lagt á móti þessari brtt., en mjer hafa ekki fundist ástæður hans svo veigamiklar, að rjett væri að fella brtt. þeirra vegna. Aðalmótbára hans var á því bygð, að hægara væri um línueftirlit, ef símalínan væri skilin í sundur á Vatnsnesi. Það er auðvitað rjett, að því styttri sem símalínur eru, því hægara er að hafa eftirlit með þeim. En vegna þess, hve flestar þær línur, sem lagðar hafa verið, hafa verið langar og stöðvar margar, virðist mjer ekki nein ástæða til að gera undantekningu með Vatnsnes í þessu efni. Sá viðauki, sem jeg fer fram á, er eitthvað um 20 km. spotti.

Út af því, sem sagt hefir verið um þær till. landssímastjóra, að ákveða ekki með lögum, hvar millistöðvar skuli vera þegar í stað, þá vil jeg gefa þá skýringu, að þetta ber alls ekki að skoða svo, að stöðvarnar eigi ekki að koma upp. N. hefir gengið inn á þetta, vegna þess að landssímastjóri hefir lofað, að stöðvarnar skuli koma þar upp, sem honum og hjeruðunum komi saman um. Því gat jeg látið mjer lynda, þótt felt væri niður að ákveða tvær stöðvar á Vatnsnesi, því að jeg býst ekki við, að árangurinn af rannsókn á því, hvar þessar stöðvar skuli verða, verði annar en sá, að sömu stöðvar verði valdar og jeg hefi lagt til. Annars get jeg ekki sjeð neitt hættulegt við það að velja stöðvar, ef þær eru aðeins ekki of margar, því að ávalt er hægt að flytja þær til, því að landssímastjóri hefir látið í ljós, að hjeruðin geti ráðið, hvar stöðvarnar eru, ef þær eru ekki of margar. Hitt er rjett, að meira þras leiðir af því, að stöðvarnar sjeu ákveðnar, og því hefir n. gengið inn á að láta óbundið, hvar stöðvarnar eru. En jeg vil taka það fram, að n. ætlast ekki til, að stöðvar á þessum línum verði færri en svo, að almenningur hafi gagn af þeim. Jeg er sammála hv. frsm. nema að því leyti, að hann hefir lagst á móti minni till.

ATKVGR.

Brtt. 358 feld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HJ, JÓl, JörB, LH, MT, TrÞ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, BSv.

**nei:** HK, IngB, JAJ, JS, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, EJ.

Fjórir þm. (HG, HV, JJós, MG) fjarstaddir.

Brtt. 352,1—3 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 346,1—2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed. með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35, 15. júní 1926, og l. nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].**

---

Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 361).

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

**ATKVGR.**

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 361, n. 530, 548).

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Þetta frv. fer fram á að bæta inn í símakerfið nýjum línum, sem ekki eru nú í símalögunum. Eins og menn geta sjeð, er frv. nú orðið mjög breytt frá því það var lagt fyrir hv. Nd. Þegar deildin hafði málið til meðferðar, þurfti svo að segja hver einasti þm. að bæta einhverju inn í frv., til hagnaðar sínu kjördæmi. N. hefir nú ekkert sjeð athugavert við að samþ. að nýjar línur sjeu teknar inn í símakerfi landsins. Enda hafa báðar n., sem frv. hafa haft til athugunar, leitað til landssímastjóra og fengið álit hans um frv. Er hann frv. meðmæltur í öllum verulegum atriðum. Í þeim tilfellum, sem hann hefir eitthvað haft við frv. að athuga, þá hafa nefndirnar fullkomlega tekið það til greina, svo að það er nú að mestu leyti í samræmi við skoðanir landssímastjóra. Ef þessar breyt. á símakerfinu ná fram að ganga, þá eru hinar nýju línur nálægt 560 km. að lengd. Auk þess hefir n. lagt til, að bætt verði við nokkrum símalínum, að lengd kringum 50 km., eða rúmlega það. Ef það verður samþ., nema þessar línur alls um 600 km. og yrði kostnaður við lagning línanna upp undir 400 þús. kr., ef reiknað er með 600 kr. kostnaði á km. Loks bætist við brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. um að taka inn í frv. línu, kringum 40 km. langa.

Þegar nú litið er á það, að í fjárl. eru veittar 360 þús. kr. til símalagninga, en allur lagningarkostnaður þessara lína, sem frv. getur um, er ekki nema liðug 400 þús. kr., þá getur tæplega talist stórlega varhugavert að samþ. frv. þetta. Það er ekki svo að skilja, að þessar línur skuli allar leggjast á næstu árum, heldur aðeins þegar fje er fyrir hendi og aðrar kringumstæður leyfa. N. telur því rjett að leggja til, að frv. verði samþ. En eins og jeg gat um, þá hefir n. lagt til, að við 1. gr. bættust símalínur þær, sem um getur í brtt. n. á þskj. 530. Við höfum leitað umsagnar landssímastjóra um þær línur, og leggur hann eindregið með því, að þær sjeu teknar upp í frv.

Að því er snertir brtt. hv. þm. A.-Húnv., þá hefir n. ekki tekið afstöðu til þeirra, vegna þess sjerstaklega, að hún hefir ekki átt kost á að bera þær undir landssímastjóra. En hv. flm. hefir tjáð mjer, að hann hafi gert það og fengið góðar undirtektir, og hefi jeg enga ástæðu til að rengja orð hans. Að því athuguðu býst jeg tæplega við því, að n. leggist á móti þeim. Sje jeg að svo mæltu enga ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál að sinni.

**Guðmundur Ólafsson:** Jeg kann ekki við annað en fylgja þessum till.

mínum úr garði með nokkrum orðum. Jeg held nú, eftir að hv. frsm. hefir talað, að jeg gæti sparað mjer þetta ómak, enda hefir hann tekið mjög vingjarnlega í brtt. mínar. Að vísu var ekki annars að vænta, því að brtt. mínar eru áreiðanlega eins þarfar og brtt. n., að þeim ólöstuðum. Hv. frsm. sagði, að frv. hefði mjög breytst í meðförum þingsins. Það er að sönnu rjett, en þó mun hitt enn meir áberandi, hvílík ósköp það hefir vaxið. Vöxtur þess hefir verið geysilegur í móðurskauti hv. Nd. Hygg jeg það muni vera einn hinn hraðasti vöxtur, sem átt hefir sjer stað um nokkurt fóstur. Í upphafi var það aðeins örlítið kríli, en hv. Nd. hefir tekist blessunarlega að teygja úr því, eins og raun ber vitni um. Frv. fór upphaflega fram á 1 eða 2 línuspotta, sem voru 5 til 6 mílur að lengd, en nú er orðinn slíkur fjöldi nýrra lína, að vart verður tölu á komið. Samanlögð lengd þeirrar símaaukningar, sem frv. gerir ráð fyrir, nemur yfir 600 km. Þetta er í sjálfu sjer ekki óeðlilegt. Fyrst á annað borð eru teknar nýjar línur inn á símalögin, þá virðist eðlilegt og sanngjarnt, að þau hjeruð, sem nú vantar tilfinnanlega nýjar símalínur, noti tækifærið og fái þær teknar upp í lögin. En hinsvegar ber á það að líta, að þótt þetta frv. nái lagagildi, þá breytir það í engu afstöðu fjárveitingavaldsins til þessara mála. Það hefir eftir sem áður úrskurðarvald um það, hvenær hafist skuli handa um hinar einstöku framkvæmdir og hversu miklu fje skuli varið í því skyni.

Brtt. mínar á þskj. 548 fara fram á að bæta við 1. gr. fjórum smálínum. Liggja tvær þeirra fram Svartárdal, sem sje línan frá Bólstaðahlíð að Bergsstöðum, og frá Höskuldsstöðum að Kirkjuskarði. Ein línan liggur fram Laxárdal. Báðir eru dalir þessir mjög afskektir, svo sem kunnugt er. Er því mjög brýn þörf á símasambandi, eins og af líkum má ráða. Hefir símaleysið einatt orðið að miklum baga fyrir hlutaðeigandi hjeruð, og vil jeg því vænta þess, að hv. deild sýni fullan skilning á þeirri nauðsyn. Sama er að segja um línuna frá Kálfshamarsvík og út að Höfnum, sem eru utarlega á Skaga, milli Húnaflóa og Skagafjarðar. Geta má þess, að í frv. er farið fram á línu út á ystu tá á austanverðum Skaganum. Þessar línur, sem brtt. mín fer fram á, eru að lengd kringum 37 km., og getur því tæpast talist stórlega varhugavert, þótt hv. d. samþ. brtt. mínar.

Eins og hv. frsm. tók fram, hefir n. ekki leitað álits landssímastjóra um till. mínar. Jeg geri þó ráð fyrir, að ef hún hefði verið áfram um það, þá hefði hún haft nægan tíma til þess.

En eins og jeg skýrði hv. frsm. frá, þá hefi jeg borið till. undir landssímastjóra sjálfur, og mun hann kannast við það, ef int verður eftir. Jeg bar till. undir hann áður en þær voru prentaðar. Hann var þeim fyllilega samþykkur, og með því að hv. frsm. hefir lýst því yfir, að hann tæki orð mín trúanleg, þá sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta atriði.

Að lokum vil jeg taka það fram, að jeg álít sjálfsagt að samþ. frv. með þeim brtt., sem fram hafa komið.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Þetta frv. hefir fengið æríð langan hala frá því það kom fyrst fram í Nd. Jeg verð að segja það, að jeg skil ekki í, að nokkur sje svo fróður hjer á þingi, að hann viti eiginlega, hvað hjer er á ferðum. Það er ef til vill hægt að fá nokkurnveginn vitneskju um, hve langar þessar línur eru samtals, sem hjer er farið fram á, að lagðar verði. En hitt hygg jeg miklu erfiðara, að fá lagðan rökstuddan dóm á, að hjer sjeu farnar hinar heppilegustu leiðir og á allan hátt svo til hagað, að ekki mætti betur fara. Nú hafa ekki fyrir löngu verið afgr. lög um einkasíma í sveitum. Mjer hefði því þótt hyggilegra, að áður en ráðist er í þær framkvæmdir, sem frv. þetta ræðir um, þá sje lagt fast „plan" um það, að hve miklu leyti ríkið legði síma um sveitirnar og að hve miklu leyti einkasímafjelögin gripu þar inn í. Mjer virðist þetta frv. taka helst til lítið tillit til þess, hvort símalínur eru lagðar á heppilegum stöðum gagnvart einkasímalagningum. Enda er þetta mjög eðlilegt, því að frv. er svo til komið, að einn og einn þm. hefir sett inn í frv. línu eða línur fyrir sitt kjördæmi, eftir því sem hann hefir haft aðstöðu og getu til. Af þessu leiðir, að ekkert samræmi eða heildarskipulag er um að ræða við símalagningar þessar. Jeg teldi því mun betur farið, ef landssímastjórninni væri fyrst falið að útbúa heildarkerfi allra símalagninga ríkisins, með sjerstöku tilliti til þeirra lagninga, sem einkasímafjelögin myndu síðar meir hafa með höndum. Að öðrum kosti er hreppapólitíkinni gefið óskyggilega undir fótinn, og hætt er við, að sami leikur verði leikinn og þegar um breytingar á vegalögunum er að ræða. Að þessu athuguðu hefði jeg talið það stórum hyggilegra af þessari hv. deild, að hún vísaði frv. til frekari aðgerða landssímastjórnarinnar, sem síðan legði till. um þetta mál fyrir næsta þing, sem samdar væru með hliðsjón af því, sem jeg hefi áður getið um. Jeg get ekki skilið, að frv. liggi svo á að fá afgreiðslu á þessu þingi, að það megi ekki bíða til næsta þings. Jeg held, að máli þessu sje það fyrir bestu, að það fái betri athugun, enda verða þessar línur hvort eð er fæstar lagðar á þessu ári eða næstu árum. Það er því nægur tími til frekari undirbúnings, og því ástæðulaust að flaustra málinu af þegar í stað.

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Hæstv. fjmrh. hafði þau ummæli um þetta frv., að enginn hv. þm. væri svo fróður, að hann vissi gerla, hvað hjer væri á ferðum. Að vísu má segja svo, enda munu fæstir hv. þm. vera svo gagnkunnugir um alt land, að þeir viti nákvæmlega, hversu hagar til í hinum einstöku landshlutum, þar sem farið er fram á, að lagðar verði nýjar símalínur. En hinsvegar ber á það að líta, að þm. viðkomandi kjördæma eru að jafnaði vel fróðir um staðhætti og þarfir sinna kjördæma, enda er frv. þetta á þann hátt til orðið, að einstakir þm. hafa flutt brtt., miðaðar við þarfir síns kjördæmis. Hæstv. fjmrh. talaði um, að frv. þetta kæmi ef til vill í bága við einkasímafrv. Það kann að vera, en jeg vil þó efa, að það væri mikill

skaði skeður, því að þar sem hentugra er að leggja síma heldur en einkasíma, þá er auðvitað sjálfsagt að kjósa þann kostinn heldur. Að öðru leyti fer slíkt algerlega eftir staðháttum á hverjum stað.

Jeg skal nú játa það, að frv. þessu liggur ekki mjög á, en á hinn bóginn sje jeg enga ástæðu til að slá því á frest, einkum að því athuguðu, að frv. er bygt á kunnugleika einstakra þm. og á sjerfræðilegri þekkingu landssímastjóra. Mjer skildist hæstv. fjmrh. leggja mikið upp úr því, að bygt væri á áliti landssímastjóra í þessu máli, en það er nú einmitt það, sem gert hefir verið.

Jeg get með engu móti felt mig við þá till. hæstv. ráðh., að vísa málinu til stj., en vil leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fram hafa komið.

**ATKVGR.**

Brtt. 548 samþ. með 9:2 atkv.

— 530 samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 602).

Enginn tók til máls.

**ATKVGR.**

Frv. samþ. með 6:2 atkv. og endursent Nd.

---

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 602).

Á 69. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Samgmn. hefir ekki borið sig saman um breyt. þær, er hv. Ed. gerði á frv. Hinsvegar hefi jeg átt lauslegt samtal við landssímastjóra um þær. Hann telur þær skifta litlu máli, en sumstaðar sje þó órannsakað, hvar rjettast sje að leggja línurnar, og geti þar orðið einhver breyt. á legu þeirra frá því, er stendur í frv. En að öðru leyti lagði hann ekki móti frv., og tel jeg rjett að samþ. það óbreytt.

**ATKVGR.**

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 650).

---

## 28. Hæstirjettur.

Á 27. fundi í Nd., 20. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett** (þmfrv., A. 158).

Á 29. fundi í Nd., 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Gunnar Sigurðsson):** Það er ekki stórt frv., sem hjer er um að ræða. Eins og hv. dm. mun kunnugt, var sú breyt. gerð með hæstarjettar-

lögunum nr. 22 frá 6. okt. 1919, að yfirrjetturinn var feldur niður. Voru þá allmargir menn, sem rjett höfðu til þess að flytja mál fyrir yfirrjettinum, og var rjettur þeirra því yfirfærður til hæstarjettar, þó með því skilyrði, að þeir yrðu að ganga undir prófraun innan þriggja ára. Þeir, sem höfðu II. einkunn við próf í lögum, mistu rjettinn, ef þeir höfðu ekki leyst prófraunina innan þessa tíma. Þetta ákvæði hefir altaf verið bæði ranglátt og tilgangslaust. Það tók rjett af mönnum, er þeir áður höfðu, ef þeir einhverra orsaka vegna gátu ekki gengið undir hina tilskildu prófraun. Af þeim mönnum, sem töpuðu rjettindum á þennan hátt, munu nú ekki vera eftir nema örfáir menn. Og fyrir tilmæli tveggja þeirra flyt jeg þetta frv. Þeir hafa nú um langt skeið starfað í stjórnarráði Íslands og má því gera ráð fyrir, að þeir hafi ekki svo lítið aukið lögfræðiþekkingu sína frá því er þeir fluttu mál fyrir yfirrjettinum. Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg er einn þessara manna, sem mistu rjettindi á þennan hátt. En þrátt fyrir það er mjer mín vegna alveg sama um þetta ákvæði, því jeg hefi aldrei lagt mikla stund á málaflutning. Hefi jeg því ekkert mist fyrir þessar sakir, en eigi að síður er þetta ákvæði hæstarjettarlaganna ranglátt og þarf að falla niður, því þarna eru menn sviftir rjetti, sem þeir áður höfðu, enda er það, eins og menn vita, oft undir tilviljun einni komið, hvort menn fá fyrstu eða aðra einkunn við próf.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar að sinni og óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn. að lokinni þessari umr.

**Sigurður Eggerz:** Jeg vil aðeins leyfa mjer að skjóta því til n. þeirrar, sem fær mál þetta til meðferðar, að hún leiti um það álits hæstarjettar, því að það er venja með öll slík mál sem þetta. Jeg skal alls ekkert fara að ræða um hæstarjettarlögin að þessu sinni, en aðeins geta þess, að jeg hefi tvisvar hjer í þinginu borið fram frv. um að fá hæstarjetti komið í það form, sem hann hafði upphaflega, sem sje að dómendurnir verði fimm. Að jeg hefi ekki sjeð mjer fært að flytja slíka breyt. í þriðja sinn, er sökum þess, að jeg hefi talið, að það myndi enga þýðingu hafa, þar sem Framsóknarflokkurinn er sterkasti flokkur þingsins, en hann var, eins og kunnugt er, á sínum tíma mjög fylgjandi fækkuninni á dómendunum í hæstarjetti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 321).

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Eins og nál. ber með sjer, hefir allshn. orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Telur hún rjett, að þeir fáu málaflutningsmenn, er haft höfðu málfærsluleyfi við yfirrjett, en mistu það við stofnun hæstarjettar, fái leyfi til að

flytja mál þar að undangenginni prófraun. Skal jeg þó geta þess, að frv. þetta hefir verið borið undir hæstarjett og taldi hann ekki þörf á því, en einn af dómurunum í hæstarjetti hefir þó látið í ljós, að ekki bæri að skoða þetta sem mótmæli gegn frv. Einn hv. nefndarmanna gerði ráð fyrir að koma fram með brtt. við frv. Annar lýsti sig að vísu eigi mótfallinn frv., en skrifaði þó ekki undir nál.

Vona jeg, að hv. deild vísi þessu máli til 3. umr. og leyfi því sem greiðast fram að ganga.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 158).

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:2 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 391).

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Frv. á þskj. 158 gerir lítilsháttar breyt. á hæstarjettarlögunum frá 1919. Þegar hæstirjettur var stofnaður og landsyfirdómurinn lagður niður, var ætlast til, að þeir málaflutningsmenn, sem áður störfuðu við yfirdóminn, fengju rjett til þess að flytja mál fyrir hæstarjetti, eftir að hafa leyst af hendi prófraun samkv. hæstarjettarlögunum. Nú hafa þeir allir int þessa prófraun af hendi, nema þrír menn, að sagt er. Nú fer þetta frv. fram á að nema burtu þetta 3 ára tímatakmark úr hæstarjettarlögunum, svo að þessum mönnum gefist einnig kostur á að flytja mál fyrir hæstarjetti. Annað er það nú ekki, sem frv. fer fram á, og leggur allshn. til, að það verði samþ. Leitað hefir verið álits hæstarjettar um málið, og mun það álit liggja hjá allshn. Nd., en eigi er mjer kunnugt um, hvort nokkuð er á því að græða; það kvað vera helst til loðið og óákveðið, en þó enganveginn á móti frv. Enda eru breyt. þær, sem frv. fer fram á, svo lítilfjörlegar, að engin ástæða er til að leggjast á móti þeim. Allshn. leggur því til, að frv. verði látið ná framgangi á þessu þingi.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg skal geta þess, að hæstirjettur segir í umsögn sinni um þetta mál einungis, að nú þegar sjeu nógu margir málaflutningsmenn við hæstarjett, og þurfi því ekki að fjölga þeim, en hinsvegar leggur rjetturinn ekki á móti þeirri breyt. á hæstarjettarlögunum, sem

hjer er farið fram á. Sama er að segja um allshn. þessarar deildar. Hún leit á þetta sem smámál og að tæplega væri ómaksins vert að setja sig á móti framgangi þess. En mjög er óvíst, hvort þessi heimild verður nokkru sinni notuð, þótt veitt verði.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 484).

## 29. Ríkisborgararjettur.

Á 23. fundi í Nd., 15. mars, var útbýtt:
**Frv. til l. um veiting ríkisborgararjettar** (stjfrv., A. 121).

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 165).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 165 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 205).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 205).
Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 338).

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Allshn. hefir athugað frv. betta, sem hjer liggur fyrir, ásamt skjölum þeim, sem umsóknir þessara 3 manna eru bygðar á, og hefir hún ekkert við þau

að athuga. Þeir fullnægja alveg öllum skilyrðum, og leggur n. því til, að þeim verði veittur ísl. ríkisborgararjettur.

Það hefir einnig komið til n. samskonar umsókn frá Jóhannesi Stefánssyni. Hann er fæddur og uppalinn hjer á Íslandi, en fór svo til Vesturheims og fjekk þar breskan þegnrjett. Nú er hann kominn hingað til landsins og ætlar að dvelja hjer, og óskar því eftir að fá íslenskan ríkisborgararjett aftur. Í umsóknarskjalinu kallar hann sig Birkiland, en n. sá ekki ástæðu til þess að taka það nafn upp í viðaukatill. sína, því að hún vissi ekki, hvaða rjett hann hefir til þess að bera það, og hefir því tekið það nafn, sem stóð á skírnarvottorði hans. N. leyfir sjer að mæla með þessum manni og leggur til, að honum verði einnig veittur íslenskur ríkirborgararjettur.

ATKVGR.

Brtt. 338 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 362).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 362).

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 422).

---

## 30. Notkun bifreiða.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða, og á l. nr. 23, 31. maí 1927, um breyt. á þeim l.** (þmfrv., A. 497).

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Frv. þetta felur í sjer fyrirkomulagsatriði á tjónum þeim, sem bifreiðar geta valdið, og er það flutt að tilhlutun vegamálastjóra. Vona jeg, að hv. þdm. hafi kynt sjer frv., og skal jeg ekki tefja umr. með því að skýra það nánar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, er hjer ekki um neina breyt. að ræða á l. frá 1926, aðra en þá, að hækkuð er skyldutrygging á bifreiðum gagnvart þriðja manni. Frv. þetta gerir ráð fyrir 10 þús. kr. tryggingu fyrir hverja bifreið. N. hefir leitað upplýsinga um það, hver útgjöld þetta væru bifreiðaeigendum. Ársiðgjöld fyrir 10 þús. kr. tryggingu, sem aðeins nær til ábyrgðar gagnvart þriðja manni, er frá 50—95 kr., eftir tegund bifreiða, og er iðgjaldið lítið hærra, þótt trygging sje 20 þús. kr. — Að svo stöddu þykir ekki ástæða til að hafa þessa skyldutryggingu hærri, því að aldrei mun tjón af völdum bifreiða hafa orðið sem nemi 10 þús. kr., hvað þá hærri upphæð, en vera má, að heimtuð verði hærri trygging bráðlega.

Ákvæðið um að heimila að undanfella 200 kr. skaðabætur er til þess gert, að bifreiðaeigendur, sem undir öllum kringumstæðum geta greitt þá upphæð sjálfir, megi áskilja við vátrygginguna slík smátjón, því að með því móti geta þeir fengið 15—20% lægri iðgjöld.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 497).

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 684).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Frv. þetta er flutt af samgmn. Nd. eftir tilmælum vegamálastjóra. Vegamálastjóri gerir þá grein fyrir þessu máli, að eftir núgildandi lögum um slysatryggingar fyrir bifreiðar sje óhentugt að fá slíkar tryggingar. Þau ákvæði, sem nú gilda, er að finna í lögum nr. 23 frá 31. maí 1927. Í 2. grein er gert ráð fyrir, að tryggja skuli fyrstu bifreið fyrir 10 þús. kr., en ef sami maðurinn á fleiri bifreiðar, þá skuli tryggja hinar fyrir 3500 kr.

Þetta þykir óhentugt og reynist erfitt að fá bifreiðar tryggðar með þessu fyrirkomulagi. Höfuðbreytingin, sem þetta frv. fer fram á, felst í því, að framvegis á að tryggja hverja bifreið fyrir 10 þús. kr., þ. e. a. s. hverja fjórhjólaða bifreið. Minni bifreiðar, tvíhjóla og þríhjóla, eru trygðar eins og áður eftir ákvæðum l. frá 1927, fyrir 5000 kr. Hinsvegar kemur fram í 2. gr. breyt. frá gildandi l., þar sem heimilað er að undanþiggja tryggingu smærri tjón eða slys, sem ekki nema 200 kr. Samgmn. hjer lít ur svo á, að rjett sje að samþ. þessar breyt., eins og sjá má á nál. 684 Jeg verð því fyrir hönd n. að ráða hv. d. til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum (14) atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum (14) atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 709).

---

## 31. Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Á 4. fundi í Ed., 21. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um bæjarstjórn í Hafnarfirði** (þmfrv., A. 27).

Á 8. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Björn Kristjánsson):** Bæjarstj. í Hafnarfirði hefir falið okkur þm. kjördæmisins að flytja þetta frv. Bæjarstjórnarlögin fyrir Hafnarfjörð voru sett 1907 og hafa gilt hingað til að nokkru leyti. Gerðar hafa verið á þeim breyt. tvisvar eða þrisvar sinnum, og síðast á þinginu 1926, er samþ. voru breyt. á l. um kosningar til sveitar- og bæjarstjórna, og sömuleiðis breyt. á l. um útsvör. Þá var svo komið, að ekki stóð eftir nema grein og grein hingað og þangað af hinum upprunalegu l., og þótti því bæjarstj. nauðsyn til bera að safna þeim saman og koma þeim í eina heild.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði hefir afhent mjer skrá yfir þær breyt., sem gerðar hafa verið á l. frá 1907. Gæti sú skrá orðið til mikilla leiðbeininga fyrir þá n., sem um frv. fjallar og líklega verður allshn., enda mun jeg fá henni skrána.

Jeg hefi ekki hreyft við einum staf í frv., en vil þó skjóta því til n., hvort ekki væri gleggra fyrir íbúa Hafnarfjarðar, ef skotið væri inn tilvísun til l. frá 1926, um kosningar til bæjarstjórna, og l. um útsvör frá sama ári, svo almenningur þar eigi hægara með að finna þá löggjöf, sem beinlínis snertir bæjarfjelagið.

Loks vil jeg geta þess, að bæjarfó-

getinn hefir gert þá aths., að feld hafi verið niður 29. gr. í l. frá 1907, um að ríkisstj. hafi eftirlit með fjármálum bæjarins. En þesskonar ákvæði eru í öllum bæjarstjórnarlögum, og vil jeg því biðja n. sjerstaklega að athuga, hvort þessi grein megi falla niður.

Jeg hefi svo ekkert frekar að segja um þetta frv., en leyfi mjer að leggja til, að því verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 210).

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Eins og nál. á þskj. 210 ber með sjer, er þetta frv. samið af bæjarstj. Hafnarfjarðar og flutt eftir ósk hennar. Í aths. frv. er tekið fram, að það sje borið fram vegna breyt., sem orðið hafa undanfarin ár á bæjarstjórnarlögunum frá 1907, bæði vegna breyt. og viðauka við lögin sjálf og sömuleiðis óbeinlínis vegna breyt. á kosningalögunum, lögum um útsvör o. fl.

Jeg vil nota tækifærið til að leiðrjetta prentvillu, sem slæðst hefir inn í nál. á þskj. 210. Þar á að standa orðið bæði í staðinn fyrir orðið enda, í 3. línu 2. málsliðar, á eftir ártalinu 1907. Er sú villa raunar auðsæ.

Eins og jeg tók fram og stendur í aths. frv., er þörfin á nýrri lagasetningu orðin mjög brýn. Einkum er nauðsyn sjerstakra ákvæða um reikningsfærslu og endurskoðun. Þau ákvæði um þetta efni, sem tekin hafa verið upp í þetta frv., eru í samræmi við þau ákvæði, sem gilda í öðrum kaupstöðum. Allshn. hefir borið frv. allítarlega saman við gildandi löggjöf annara bæjarfjelaga og gat ekki fundið þar neitt verulegt ósamræmi. Um afstöðuna til frv. er enginn ágreiningur í n. Hún leggur til, að það verði samþ. með tveim minni háttar breyt.

N. þótti einsætt, að taka bæri upp í frv. ákvæði um eftirlit frá hálfu ríkisins með stjórn kaupstaðarins, enda gildir slíkt um öll önnur bæjar- og sýslufjelög. Telur n. líklegt, að 29. gr. laganna frá 1907 hafi af vangá fallið niður, þegar frv. var samið, en leggur til, að hún verði tekin upp í þetta frv. sem sjálfstæð grein á eftir 18. gr., og breytist greinatalan eftir því.

Á eftir orðinu „skepnuhald" í 18. gr. hefir verið felt niður orðið „atvinnuvegi", sem stóð í tilsvarandi grein laganna frá 1907. Telur n. rjett, einkum með hliðsjón af lögum um atvinnuleysisskýrslur, að bæta þessu orði aftur inn í greinina.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði í deildinni um þetta frv. Fyrir hönd n. legg jeg til, að það verði samþ.

**Björn Kristjánsson:** Jeg er hv. allshn. þakklátur fyrir undirtektir hennar við þetta frv. og þær leiðrjettingar, sem hún hefir á því gert, enda eru þær tvímælalaust til bóta. Sjálfsagt er að bæta orðinu „atvinnuvegi" inn í 18. gr. Og um viðbótargreinina skal jeg taka það fram, að jeg vakti máls á því við 1. umr., að henni þyrfti að bæta inn í frv. En jeg hefi fulla á-

stæðu til að vera ánægður með afgr. frv. hingað til og vænti þess, að hv. deild vísi því nú til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

10.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 210,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 210,2 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

19.—22. gr. (verða 20.—23. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 232).

**Jón Baldvinsson:** Jeg hefi tekið eftir því við samanburð á þessu frv. og því, sem komið er frá Nd. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða og breyt. á þeim lögum, að ekki er samræmi á milli þessara tveggja frv. Í lögum um bæjarstjórn í Hafnarfirði er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórinn sje oddviti bæjarstjórnar, og stjórni því umr. á fundum, en í frv. stj. í Nd. er ákveðið, að bæjarstj. kjósi forseta. Þetta kemur í bága hvað við annað og getur ekki staðist hvort tveggja. Nd. hefir afgr. frv. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, en frv. um bæjarstjórn í Hafnarfirði er aðeins komið til 3. umr. hjer. Það er því rjettast að breyta þessu frv. til samræmis við hitt. Sennilega verða ákvæði frv. stj. samþ., og má því ganga út frá því, að breyt. á þessu frv. í sömu átt verði samþ. í Nd., en annars þarf frv. sennilega að hrekjast milli deilda.

Mjer hefir því dottið í hug, til þess að laga þetta, að bera fram skriflega brtt. nú á fundinum, eða í öðru lagi að fá málinu frestað um einn dag. En það, sem þarf að breyta, er 2. og 4. gr. frv. Í 2. gr. þyrfti að kippa í burt orðunum: „sem er oddviti hennar“, og orða um fyrstu málsgr. 4. gr.

**Björn Kristjánsson:** Jeg sje ekki ástæðu til að fresta þessu máli eða breyta frv. núna. Það eðlilegasta er að láta frv. ganga óhindrað til Nd., og hún breytir því þá, ef ástæða er til.

**Jón Baldvinsson:** Jeg hefi þegar bent á, að Nd. er búin að taka afstöðu til þessa máls, þar sem hún hefir samþ., að forseti bæjarstjórna skuli kosinn af bæjarfulltrúum. Hinsvegar hefir Ed. ekki enn tekið neina afstöðu í málinu, en með því að bera nú fram brtt. verður komið í veg fyrir, að frv. þurfi að fara á milli deilda.

Jeg fór ekkert inn á þá hlið málsins, hvort heppilegra væri, að forseti væri sjálfkjörinn eða kosinn af bæjarstj. En mjer finst augljóst, að það er óþægilegt fyrir bæjarstjórann að vera fundarstjóri um leið. Hann þarf oft að taka til máls, enda er það svo, t. d. hjer í Reykjavík, að borgarstjórinn er ekki forseti á fundum.

Jeg vil leggja það á vald hæstv. forseta, hvort hann vill taka málið út af dagskrá, svo að brtt. komist að, eða hvort bera á fram skriflega brtt. nú þegar.

**Björn Kristjánsson:** Jeg verð að segja, að mjer finst óviðkunnanlegt, að deildin sje nú að skera úr um frv., sem liggur fyrir n. Þá fyrst á deildin að skera úr, þegar frv. kemur frá n. Þess vegna verð jeg að endurtaka það, að jeg sje enga ástæðu til að fresta málinu eða breyta frv. á nokkurn hátt.

**Jón Baldvinsson:** Jeg vil benda hv. 1. þm. G.-K. á það, að hjer í deildinni verður tekin ákvörðun í þessu máli, fyrst búið er að vekja athygli á því.

**Forseti (GÓ):** Mjer hefði fundist frv. geta gengið sína leið, þó að það væri tekið út af dagskrá núna. En jeg sje, að hv. dm. er það á móti skapi, svo að jeg mun skirrast við að gera það, og verður því skrifl. brtt. hv. 4. landsk. borin undir atkv.

**Jón Þorláksson:** Jeg vil mælast undan því að þurfa að taka afstöðu um þetta atriði nú þegar. Jeg vil bíða þangað til hið almenna frv. um breyt. á þessari löggjöf kemur fyrir deildina. Jeg mun því greiða atkv. á móti skrifl. brtt. Nd. breytir þessu, ef hitt ákvæðið verður að lögum.

**Forseti (GÓ):** Mjer finst hv. þm. sýna óþarfa þrákelkni í þessu máli. Það er alveg rjett, að þetta kemur í bága við þau lög, sem við búumst við að samþ. Jeg tek því málið út af dagskrá. En jeg býst við, að það komi fyrir á morgun, og vona jeg, að það geri ekki málinu neinn skaða.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 232, 253).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 253. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Jón Baldvinsson:** Jeg skal aðeins vísa til þess, sem jeg sagði um málið í gær. Jeg var þá búinn að gera grein fyrir afstöðu minni.

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Jeg vil ekki greiða atkv. með brtt. á þskj. 253 fyr en deildin hefir tekið afstöðu til frv., sem brtt. eiga við. Jeg vil því leggja til, að frv. gangi til Nd., sem þá getur gert breyt. á því, enda er venjan að taka fyrst tillit til breyt. á löggjöfinni, sem samþ. hafa verið af þinginu, en ekki þeirra, sem aðeins eru í undirbúningi.

**Björn Kristjánsson:** Jeg vil taka undir það með hv. þm. Seyðf., að jeg teldi þinglegra, að frv. færi óbreytt til Nd. En ef hv. flm. vildi fallast á að gera örlitla brtt. við þessa brtt., þannig, að orðin „úr flokki bæjarfulltrúa" falli niður, gæti jeg fallist á hana. Jeg hefi ekki getað borið mig saman við bæjarfulltrúana í Hafnarfirði um þetta mál. Jeg hringdi í bæjarfógetann og hann gat engar upplýsingar gefið. Jeg vildi vita, hvort hv. flm. brtt. vildi ekki fella burtu þessi orð; þá álít jeg, að brtt. gerði ekki neitt til.

**Jón Baldvinsson:** Jeg hefi þegar talað um þetta við hv. 1. þm. G.-K., og fann jeg ekki ástæðu til að hafa á móti

því að orðin „úr flokki bæjarfulltrúa" falli burt.

**Forseti (GÓ):** Mjer hefir borist skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. G.-K. við 2. lið brtt. á þskj. 253. Til þess að þessi brtt. geti komið til atkv., þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 271) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 253,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 271 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 253,2, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 37. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 272).

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 272, n. 528).

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** Um bæjarstj. í Hafnarfirði gilda nú þrenn lög og í þeim lögum eru nú mörg ákvæði, sem eru breytt orðin vegna ákvæða í öðrum lögum, svo sem er um lög um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða og lög um útsvör. Þetta frv. er gert til að sameina hin dreifðu ákvæði bæjarstjórnarlaganna og fella það burt, sem er í öðrum lögum. Breyt. eru því í rauninni mjög litlar frá því, sem nú er. Sjer n. því enga ástæðu til þess að leggjast á móti frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—22. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 579).

---

## 32. Hafnarlög fyrir Hafnarfjörð.

Á 20. fundi í Nd., 12. mars, var útbýtt:

**Frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað** (þmfrv., A. 97).

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Ólafur Thors):** Frv. þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstj. í Hafnarfirði og fer fram á, að ríkissjóður leggi fram 333 þús. kr. til hafnargerðar þar, og ennfremur, að hann ábyrgist fyrir Hafnarfjarðarkaupstað tvöfalda þá upphæð, eða 667 þús. kr.

Ástæðan fyrir því, að bæjarstj. fer fram á þetta, er sú, að höfnin í Hafnarfirði, sem annars er að mörgu leyti góð, er mjög ber fyrir útsunnan- og vestanstormum. Á meðan útgerð var lítil í Hafnarfirði, sakaði þetta ekki, en nú síðan hún fór að færast í aukana, má telja óviðunandi að gera þar ekki sæmilegar hafnarbætur.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að byggja ca. 700 m. langan garð yfir þvera höfnina, frá suðurlandinu, þar sem heitir Skiphóll, og í sambandi við hann ýms önnur mannvirki. Árið 1923 var gerð bráðabirgðaáætlun um, hvað garður þessi myndi kosta, af verkfræðingi, sem var á vegum Monbergs, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann myndi kosta ca. 1¼ milj. kr. En þar sem vinnulaun og margt annað, sem að slíkri byggingu lýtur, hefir fallið mjög í verði síðan áætlun þessi var gerð, er ekki gert ráð fyrir nú, að kostnaðurinn við byggingu garðsins fari fram úr 1 milj. kr.

Um mál þetta hefir verið leitað álits vitamálastjóra, og telur hann sig því fylgjandi, að verk þetta verði framkvæmt. Þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir þessar hafnarbætur er augljós öllum, sem til þekkja, en til upplýsingar hinum, sem ókunnugir eru þar, vil jeg geta þess, að nú eru gerðir þaðan út 12 togarar, auk margra línubáta. Er þetta hin mesta útgerð, sem nokkurn tíma hefir verið þaðan.

Þar sem það er nú fyrirsjáanlegt, að Hafnarfjörður á mikla framtíð fyrir höndum sem útgerðarstöð, leiðir af sjálfu sjer, að girða verður fyrir það, að skip liggi þar í fleiri daga án þess að verða afgreidd; en það verður ekki gert með öðru móti en því, að slíkur garður, sem hjer er gert ráð fyrir, verði byggður, því að allar aðrar umbætur á höfninni, svo sem bryggjur o. þ. h., eru gagnslitlar ella.

Að endingu vil jeg geta þess, að tekjur ríkissjóðs af Hafnfirðingum og í sambandi við útgerðina í Hafnarfirði munu vera nálægt ½ milj. kr. á ári. Vænti jeg því, að allir hv. þm. taki vel í þessa málaleitun, og það því fremur, þegar framtíð kaupstaðarins veltur á þessu framfaramáli.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að gera lengri grein fyrir frv. þessu, og legg til, að því verði vísað **til sjútvn.** að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15:1 atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 298 og 371).

**Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors):** Jeg hefi lofað hæstv. forseta því að vera stuttorður um þetta stóra mál, enda get jeg játað, að jeg legg meira

upp úr því, að málið dagi ekki uppi, en að fari fram um það langar umr.

Jeg hefi skrifað allítarlegt nál. um málið, og ef hv. þm. hafa sýnt málinu þann sóma að lesa það, hafa þeir sjeð þar þau rök, er jeg hefði annars óskað að bera fram. Fyrir Alþingi liggja nú mörg frv. um fjárframlög úr ríkissjóði til hafnarbóta, og er öllum ljóst, að þau geta ekki öll náð fram að ganga, því að óhugsandi er, að ríkissjóður geti lagt fram alt það fje á næsta ári eða næstu árum.

Jeg tel, að það varði því mestu fyrir hv. þdm. að gera sjer grein fyrir því, hvort hægt er að segja, að eitt af þessum frv. eigi meiri rjett á sjer en hin, og jeg efa ekki, að ef þeir kynna sjer þessi mál, sjá þeir, að svo er, — sjá, að það er Hafnarfjörður, sem á ríkari og meiri kröfurjett en aðrar þær hafnargerðir, sem eru á döfinni. Að þessu hefir meiri hl. n. fært allsterk rök í því nál., sem hann hefir látið frá sjer fara og er á þskj. 298. En höfuðrök meiri hl. eru þau, að nú þegar er í Hafnarfirði mjög mikil útgerð; þaðan ganga nú 12 togarar og 10 línuveiðaskip, og öll þessi mikla útgerð Hafnarfjarðar er beinlínis í voða, ef ekki eru gerðar þær umbætur, sem hjer er farið fram á.

Svo sem kunnugt er, þá er Hafnarfjarðarhöfn góð í öllum áttum nema vestanátt; þá er hún opin fyrir óbrotnum sjóum utan af flóanum, og það er hending ein, að ekki hefir stafað af því miklu meira tjón en verið hefir á undanförnum árum. — Það vita allir, að það er langviðrasamt hjer á landi, og það hefir gengið svo síðustu árin, að Hafnarfjörður hefir losnað við höfuðóvin sinn, vestanstaðviðrin, en fyr en varir má gera ráð fyrir, að Hafnfirðingar verði fyrir vestanáttinni, og þá er beinlínis ómögulegt að afgreiða allan þann mikla skipaflota, sem hefst við í Hafnarfirði. Það verður ekki gert öðruvísi en með hafnarbótum. Hitt er og sannanlegt, að það er ómögulegt að afgreiða þennan skipaflota við þá einu bryggju, sem nú er í Hafnarfirði, en það er að kasta peningum á glæ, að fara að gera þar aðra bryggju áður en höfnin er komin, því að varanleg hafnarbót verður að koma fyr en bryggjugerð er hafin. Auk þess eru allri þróun útgerðar í Hafnarfirði skorður settar svo lengi sem hún er í slíkum voða sem nú er. Af þeim útvegi landsmanna, sem á síðari árum hefir leitað til Faxaflóa á fiskveiðitímanum, stafar nú svo mikil þröng í Reykjavíkurhöfn, að þar er síst á bætandi, og þarf miklar hafnarbætur hjer, ef á að fullnægja þeirri þörf, sem nú þegar er á orðin. Það er og vaxandi straumur af skipum þeirra manna, sem búsettir eru úti á landi, hingað til Faxaflóa, og það verður að skapa þeim vexti eðlilega þróun. Það verður ekki gert á betri, hentari nje rjettmætari hátt en að bæta höfnina í Hafnarfirði. Hjer koma því saman öll rök til staðfestingar þeim dómi meiri hl. sjútvn., að það beri að láta Hafnarfjörð ganga fyrir. Þörfin er svo brýn, að það má ekki dragast. Þetta er svo mikið hagsmunamál alþjóðar, að af getur hlotist mikill skaði fyrir alla landsmenn, ef þar verður nokkur töf á.

Jeg vil aðeins, í tilefni af áliti minni hl. sjútvn., geta þess, að það er ekki

að öllu leyti rjett með farið í því nál. Hv. minni hl. skýrir frá því, að Hafnarfjarðarhöfn eigi óeyddan sjóð, er nemi 800000 kr. Það er rjett, að hafnarsjóður Hafnarfjarðar er að nafninu til 800000 kr., en af því er handbært fje liðugar 200000 kr., og er ætlun Hafnfirðinga sú, að nota það fje til annara hafnarbóta, í sambandi við hafnargarðinn, sem ætlast er til, að bygður verði samkv. þessu frv. Það er því ekki rjett að tefla þessu fram til andmæla gegn því, að ríkissjóður styrki þessa hafnargerð, vegna þess að sjóðurinn verður ekki handbært fje í stærra mæli en það, að það mætti kannske vænta þess, að með þeim afborgunum, sem greiddar verða af útistandandi lánum hafnarsjóðs, mætti greiða afborganir af þeim lánum, sem ríkissjóður gengi í ábyrgð fyrir vegna Hafnarfjarðar samkv. frv. Það er heldur ekki alveg rjett með farið hjá hv. minni hl. n., þegar hann skýrir frá því, að það sje venja hjá ríkissjóði að leggja aðeins einn fjórða hluta til hafnargerða, því að hv. minni hl. veit vel, að t. d. Vestmannaeyingar hafa fengið a. m. k. þriðjung greiddan, og hæstv. ríkisstj. ber sjálf fram frv. um að leggja til hafnargerðar á Skagaströnd alt að helmingi kostnaðar, og það er næstum broslegt hjá hv. 1. þm. S.-M. — sem mælir með framlagi til Skagastrandarhafnar alt að ⅖ hlutum kostnaðar —, þegar hann er að reyna að byggja brú á milli aðstöðu sinnar í þessum tveimur málum með því að telja það, sem á að gera á Skagaströnd, lendingarbót, því það hefir við engin rök að styðjast.

Jeg þarf ekki að svara þeim vjefengingum, sem hv. minni hl. hefir haft um nauðsyn á hafnarbótum í Hafnarfirði, með öðru en jeg hefi þegar gert, og það komu raunar ekki fram nein þau rök í áliti hv. minni hl., sem jeg ekki þegar hefi andmælt í fyrri hluta þessarar stuttu ræðu, þar sem jeg færði rök fyrir forgangskröfurjetti Hafnarfjarðarkaupstaðar til hafnarbóta.

Mjer til mikillar undrunar hefi jeg sjeð á nál. hv. minni hl., að hann lætur sjer ekki aðeins nægja að færa framlagið niður í einn fjórða, heldur leggur hann líka til, að ríkissjóður ábyrgist ekki nema helming kostnaðar, en í n. hafði þó talast svo til, að þeir lofuðu að leggja til, að ríkissjóður ábyrgðist ¾ kostnaðar, en legði til ¼.

Jeg mun nú ljúka máli mínu — til þess að efna það, sem jeg lofaði hæstv. forseta, en ekki af því, að jeg hafi ekki næg rök fram að færa máli mínu til stuðnings — með þeirri bendingu til hv. þdm., að það sýnist liggja nær að bæta þá höfn, sem hjer er um að ræða, þegar alþjóðarnauðsyn krefur, heldur en að leggja fram 300000 kr. úr ríkissjóði og ganga í ábyrgð fyrir ennþá stærri upphæð til að byggja nýja höfn við Húnaflóa, þar sem árangurinn þó hvergi nærri er jafnauðsær.

**Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson):** Hv. frsm. meiri hl. er í rauninni búinn að svara því, sem hann ætlar að jeg muni segja. (**ÓTh:** Jeg sje það af nál. hv. minni hl.). Nál. á þskj. 371 er að vísu stutt, en fljótlegt að átta sig á því, og jeg hygg, að hv. þdm. hafi þegar gert sjer ljósa grein fyrir því, hvað á milli ber meiri og minni

hl., og jeg held, að þeim sje það líka vel ljóst, að það er ekki líku saman að jafna um hafnargerð í Hafnarfirði og hafnargerð norður á Skagaströnd, að ástæðurnar og aðstæðurnar eru svo gagnólíkar, að svipuð regla á alls ekki við á báðum stöðum. Hafnarfj. á, eins og þegar hefir verið frá skýrt, geysilega stóran hafnarsjóð, og er sá sjóður alt að því einfær um að byggja höfnina. Þessi mikli aðstöðumunur rjettlætir að minni hyggju það að færa tillagið niður í það venjulega framlag, sem verið hefir einn fjórði hluti af kostnaði við hafnargerðina. Að vitna í Vestmannaeyjar er heldur ekki einhlítt í þessu efni, eins og hv. frsm. meiri hl. gerði. Það var upphaflega ¼, sem var lagður til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, en síðar, eftir að það kom í ljós, að hafnarsjóður Vestmannaeyja ekki með nokkru móti gat risið undir kostnaðinum við að endurbæta höfnina, var tillagið fært upp í ⅓.

Jeg vil ekki mæla því í móti, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að það sje mjög æskilegt, gott og nauðsynlegt að geta hið fyrsta fengið höfnina í Hafnarfirði endurbætta, en það er þó ekki jafnaðkallandi þar eins og á þeim stöðum, þar sem hafnirnar verða alls ekki notaðar fyrir því hve opnar þær eru og skjóllausar. Hafnarfjarðarhöfn er, eins og hv. þm. kannaðist við, tiltölulega góð og örugg; það er þá þessi aukna útgerð, sem gerir það svo aðkallandi að bæta hana. Bæði hv. þm. og jeg vildum giarnan, að það gæti farið svo, að ríkissjóður sem allra fyrst gæti sint erindi Hafnfirðinga, en hinsvegar virðist okkur minnihl.mönnum ekki rjett að láta þessa fjárveitingu vera fortakslaust á undan öllum öðrum og hærri en t. d. í Rvík og Vestmannaeyjum. Margt kallar að, og óvíst hvort ríkissjóður má við því þegar í stað að leggja fram fjeð, og þess vegna viljum við binda við heimild stj. til að leggja fram fjeð, en skuldbinda ekki. Við viljum hinsvegar gera ráð fyrir, að því verði sint eins fljótt og hægt er. Það er, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, upplýst, að hafnarsjóður Hafnarfjarðar á óeyddar meira en 800000 kr., og jeg leyfi mjer að segja óeyddar eins fyrir því, þó að um 500000 kr. af þessu fje sje lánað bæjarsjóði, en með tilliti til þess, að svona mikil upphæð, sem sje 500000 kr., eins og lánað er bæjarsjóði, er ekki handbært fje, vill minni hl. leggja til, að ríkissjóðsábyrgðin sje í lögunum ákveðin álíka mikil og nemur þessu fje, með því að framlag þeirrar ábyrgðar og tillag ríkissjóðs er nægilegt fje til byggingarinnar, og mundi það að öllum líkindum ekki stranda á því, að verkið gengi fram. Samkv. þessu hefir minni hl. lagt til, að 1. og 2. gr. frv. væri breytt á þann veg, sem þegar er nefnt, fyrst og fremst að veitt væri heimild til að leggja fram þann ¼ hluta, sem til þarf, og í öðru lagi, að ábyrgð ríkissjóðs verði takmörkuð við 500000 kr., í staðinn fyrir 667000 kr., sem í frv. stendur.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, það mun vera nokkurn veginn ljóst og athugað mál fyrir flestum, jafnvel öllum hv. bdm.; tel jeg því tilgangslaust að deila um þetta, og sjálfsagt að láta atkvæðin skera úr, en ekki að vera að lengja umr.

ATKVGR.
Brtt. 371,1 feld með 13:6 atkv.
1. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Brtt. 371,2 feld með 11:7 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
11.—18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 97).

**Forseti (BSv):** Mjer hafa borist tilmæli um að taka 6. og 7. mál* út af dagskrá.

**Ólafur Thors:** Jeg leyfi mjer eindregið að mótmæla því, að 6. mál, um hafnargerð í Hafnarfirði, sje tekið út af dagskrá. Það eru nær 3 vikur liðnar síðan við meirihl.menn komum fram með okkar álit í þessu máli. Og jeg sje ekki neina skynsamlega ástæðu til þess að fresta málinu og endurtek því mótmæli mín gegn því, að það sje gert.

**Forseti (BSv):** Hæstv. forsrh. hefir óskað, að 6. og 7. mál væru tekin út af dagskrá. Er venja að fara eftir óskum stj. í þeim efnum. Sje jeg heldur enga hættu fyrir málið í því liggja. Þessi tvö mál hafa verið samferða hjer í hv. deild, og fer ekki illa á, að svo fari enn.

**Ólafur Thors:** Það er ekki rjett hjá hæstv. forseta, að mál þessi hafi fylgst að í þinginu. 7. mál er komið frá hv. Ed. og er nú til 3. umr. hjer í þessari hv. deild. En 6. mál, hafnarlög fyrir Hafnarfjörð, var lagt fram í þessari hv. deild og er því miklu skemra á veg komið. Með því að tefja málið er því teflt í voða, þar sem áliðið er þings. Vil jeg sem flm. þessa máls mæla fastlega með því, að það verði tekið fyrir nú. Vænti jeg þess, að hæstv. forsrh. geri ekki leik að því að ónýta mál manna. Vil jeg svo skora á hæstv. forseta að verða við ósk minni.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hefi aðeins óskað eftir því, að 7. mál sje tekið út af dagskrá.

**Forseti (BSv):** Jeg skildi tilmæli hæstv. forsrh. svo, að þau ættu við bæði 6. og 7. mál. En þar sem jeg sje samkv. yfirlýsingu hans, að um misskilning eða misheyrn hefir verið að ræða, þá vil jeg gjarnan verða við tilmælum hv. 2. þm. G.-K. Er þá 6. mál til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 97).

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Björn Kristjánsson:** Þetta frv. er

* Frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og frv. um hafnargerð á Skagaströnd.

komið frá Nd. og var flutt þar samkv. tilmælum bæjarstj. í Hafnarfirði.

Eins og frv. þetta ber með sjer, þykir Hafnfirðingum ekki lengur viðunandi hin ónóga höfn, sem þar er. Það hefir að vísu verið hafskipabryggja þar um alllangt skeið, frá fyrstu árum mínum á þingi og alt fram á þennan dag. Við þessa einu bryggju hefir bærinn orðið að notast en svo er mál með vexti, að ef snarpur vestanvindur kemur, þá er ekki einungis ófært að afgr. nokkurt skip, heldur eru öll skip og bátar, sem á höfninni liggja, í beinum háska, enda hefir ekki ósjaldan hlotist stjórtjón af. Nú hefir útvegurinn aukist afarmikið í Hafnarfirði á síðustu árum, svo að nú ganga þaðan 12 togarar, 10 línubátar og fjöldi vjelbáta og smábáta. Allur þessi skipastóll rúmast auðvitað ekki við þessa einu bryggju, enda verða skipin oft að bíða svo lengi eftir afgreiðslu, að stór bagi er að. Hinsvegar er ekki hægt að stækka bryggjuna eða byggja aðra nýja, nema því aðeins, að fyrst sje hlaðinn garður fyrir höfnina til þess að skýla henni fyrir brotsjóum úthafsins í vestanvindum. Garður þessi á að liggja frá suðurlandinu og vera kringum 700 m. að lengd. Áætlað er að hafnarmannvirki þetta kosti um 1 mili. kr., og er það miliónarfjórðung lægra en áður var áætlað, vegna þess að verkalaun hafa nú lækkað nokkuð. Mál þetta hefir verið borið undir vitamálastjóra, og hefir hann mælt eindregið með því og talið hennan garð hið eina úrræði til þess að gera höfnina örugga.

Það er enginn efi á því, að Hafnarfjörður er hinn mesti framtíðarstaður, enda er hann þegar einn af blómlegustu kaupstöðum landsins. Tekjur ríkissjóðs af Hafnarfirði eru um eða yfir hálfa milj. kr. árlega, og sjöundi hluti af öllum útfluttum fiski úr landinu fer frá Hafnarfirði. Af þessu má sjá, hve mikill liður í ríkisbúskapnum Hafnarfjarðarkaupstaður er orðinn, og enda mun hann þess vel maklegur, að ríkissjóður leggi eitthvað af mörkum til hafnarbóta þar. En það verður að hefjast handa áður en langt um líður; ella hljótast af vaxandi vandræði og tjón. Jeg vænti þess því, að d. taki vel í þetta mál, enda hefir hún tekið vel í annað samskonar mál, sem verið hefir hjer til meðferðar.

Þetta mál var fyrir sjútvn. í Nd., og jeg vil því gera að till. minni, að því verði einnig vísað til sjútvn., og treysti því, að n. hraði málinu sem mest er má, vegna þess að nú er orðið mjög áliðið þings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 493, 510).

**Frsm. (Erlingur Friðjónsson):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og gekk í gegnum hana breytingalaust eins og það var lagt fyrir þá hv. deild. Að sönnu hafa komið fram brtt. við frv., en þær hafa allar verið feldar. N. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Þó flytur einn nm. brtt. í þá átt, að lækka tillag ríkissjóðs og hafa það ekki bundið sem

lagaákvæði, heldur heimild fyrir ríkisstj., ef fje er fyrir hendi. Brtt. á þskj. 510, frá hv. 2. þm. S.-M., ganga í þessa átt. En jeg get sagt það fyrir hönd meiri hl. n., að hann vill ekki ganga inn á þessar breyt. Annars hefi jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en legg til, að d. afgreiði frv. í þessu formi, sem það nú er í.

**Ingvar Pálmason:** Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv. við þessa umr. Skal jeg nú í fám orðum skýra ástæðurnar fyrir þeim.

Þetta þing hefir lofsamlega sjeð þörfina á því að veita fje til hafnarbóta hjer á landi. Jeg hygg, að ekki sjeu færri en 4 slík frv. fyrir þinginu nú. Það er í sjálfu sjer lofsverð tilraun til að bæta úr brýnum nauðsynjum þjóðarinnar, en hitt er eigi síður augljóst, að slíkar framkvæmdir hljóta að kosta ríkissjóð ærið fje, og á þá hlið málanna ber að líta jafnframt. Hvað þetta frv. snertir, þá verður að teljast næsta viðurhlutamikið að binda slíkan bagga á ríkissjóð fyrirvaralaust, enda mun þetta vera hið einasta lagafrv., sem þetta þing hefir til meðferðar og sem leggur ríkissjóði stórfjárútlát á herðar, án þess að þau sjeu tekin upp í fjárl. Jeg sje enga ástæðu til þess, enda væri slíkt alveg einsdæmi. Hinsvegar er það alkunnugt, að Hafnarfjörður hefir tiltölulega langbesta aðstöðu til þess að koma hafnarbótum á af öllum bæjum og kauptúnum hjer á landi. Veldur því það, að bærinn á hafnarsjóð, sem nemur alt að því, sem hin áætluðu hafnarmannvirki kosta. Þetta mun hvergi eiga sjer stað annarsstaðar, og að þessu athuguðu sýnist minni ástæða til þess að veita Hafnarfjarðarkaupstað hlunnindi fram yfir aðra bæi og kauptún á landinu. Jeg vildi því leggja til, að fylstu varúðar sje gætt og ekki rasað um ráð fram í þessu máli. Þó vil jeg ekki ganga lengra í því að takmarka stuðning ríkisins til þessara mannvirkja en brtt. mínar bera með sjer. Jeg skal benda á það í þessu sambandi, að ríkið hefir þegar lagt fram allmikið fje til hafnarbóta í Vestmannaeyjum, með þeim kjörum, að Vestmannaeyjar legðu til ⅔ kostnaðar. Nú vita það allir, sem til þekkja, að þrátt fyrir það fje, sem lagt hefir verið fram í þessu skyni til Vestmannaeyja, þá eru þær nú samt litlu betur settar í þessum efnum en áður, og eins og sakir standa virðist þörfin fyrir áframhaldandi auknum hafnarbótum í Vestmannaeyjum vera ekki síður aðkallandi en í Hafnarfirði. Ennfremur ber á það að líta, að í Hafnarfirði er af náttúrunnar hendi svo góð höfn, og önnur skilyrði, að tekist hefir að safna í hafnarsjóð svo miklu fje, að það nú nemur ⅘ af öllum byggingarkostnaði hafnarinnar. Því verður ekki neitað, að hjer stendur alveg sjerstaklega á, og að því athuguðu virðist lítil ástæða til þess að leggja meira fje af mörkum til Hafnarfjarðarkaupstaðar en til annara staða, þar sem líkar framkvæmdir standa fyrir dyrum.

Hinsvegar get jeg vel skilið, að þótt Hafnarfjörður eigi þennan sjóð, að þá sje hann ekki handbært fje til þess að nota. Verð jeg að telja honum hafa verið mjög sómasamlega varið, því hann hefir verið lánaður til ýmissa framkvæmda fyrir bæjarfjelagið.

Þess vegna álít jeg ekki nema sjálfsagt, að ríkið ábyrgist lán fyrir Hafnarfjörð í stað þess, og geri jeg ráð fyrir, að það væri áhættulaust. En hinu get jeg tæplega búist við, að þingið taki nú upp þá venju að leggja meira fje úr ríkissjóði til nokkurra staða en annara, hlutfallslega, án þess að þörfin sje þar nokkru meiri, nema síður sje. Jeg er á þeirri skoðun, að með því að byrja á því að greiða úr ríkissjóði ⅓ hluta af byggingarkostnaði allra hafnarmannvirkja sje verið að ganga inn á mjög viðsjárverða braut. Hinsvegar má það vera öllum ljóst, að ef Hafnfirðingum er verulega ant um að koma upp hjá sjer höfn, þá er þeim í lófa lagið að gera það, þótt tillag ríkissjóðs sje ekki nema ¼ hluti kostnaðar, því að, eins og jeg gat um áðan, þá er sjálfsagt að veita ríkisábyrgð á láni til hafnargerðarinnar. Auk þess eiga þeir þegar ⅘ kostnaðarins í sjóði á vöxtum, sem að vísu eru nokkuð lægri en af láni, sem væntanlega yrði tekið í þessu skyni. Sömuleiðis hefir Hafnarfjörður stórkostlegar hafnartekjur, svo að ekki þarf að bíða mörg ár þangað til eitthvað fer að hafast upp í kostnaðinn. Að þessu leyti stendur Hafnarfjörður mun betur að vígi en aðrir bæir hjer á landi. En hinsvegar get jeg fyllilega viðurkent þörf þessa máls, en mjer þykir einungis heldur mikil og óþörf ágengni af Hafnfirðingum að fara fram á, að þeim sje skipað skör hærra en venja er til þegar líkt stendur á, vitandi það, að hinn sterkríki hafnarsjóður þeirra gæti með góðu móti staðið straum af þessum framkvæmdum án þess að þiggja einn einasta eyri úr ríkissjóði. Þó ætla jeg ekki að fara fram á, að ríkið leggi ekki hið venjulega tillag, ¼ kostnaðar, til hafnarbyggingarinnar. En þar vil jeg, að staðar sje numið.

Þá hefi jeg flutt viðaukatill. við 1. gr., um að framlag ríkissjóðs sje bundið því skilyrði, að verkinu sje stjórnað af manni, sem ríkisstj. hafi samþ. og tekið gildan. Þetta hefir ávalt verið venjan, og virðist mjer ástæðulaust að hverfa frá henni í þessu tilfelli. Það er þó ekki svo að skilja, að jeg beri nokkurt vantraust til Hafnfirðinga í þessum efnum, en mjer virðist þetta einungis sjálfsögð varasemi af hálfu hins opinbera. Og jeg veit ekki betur en að tilsvarandi ákvæði sje bæði í hafnarlögum Vestmannaeyja og í lögum um hafnargerð á Skagaströnd, og er einsætt, að sama á að gilda um Hafnarfjörð. Og jeg skal benda á það, að slíkt ákvæði er ekki að ófyrirsynju sett inn í lögin. Það hefir sýnt sig, að ekki hefir veitt af, að ríkið hefði eftirlit með slíkum framkvæmdum, t. d. í Vestmannaeyjum.

Jeg sje ekki ástæðu til að mæla lengra mál fyrir brtt. mínum. En jeg vil vænta þess, að þeir hv. þdm., sem greiða atkv. gegn brtt. mínum, en með frv., hafi það í huga næst þegar slík mál koma til þeirra úrskurðar, að þarna var aðstaðan til að koma upp höfn alveg einstæð, bæði hvað náttúruskilyrði snertir og getu kaupstaðarins. Og það er ekki nema að nokkru leyti rjett, að ríkið hafi svo miklar tekjur af höfninni, að því beri skylda til að leggja fram stórfje til hennar. Hafnarsjóðurinn hefir drýgstan skerf af tekjum hafnarinnar, og þess vegna

mælir öll sanngirni með því, að hann beri kostnaðinn að mestum hluta.

**Björn Kristjánsson:** Jeg verð að þakka hv. meiri hl. n. fyrir það, hve vingjarnlega hann hefir tekið í þetta mál, en hinsvegar verð jeg að segja það, að jeg átti ekki von á, að frv. mætti slíkri mótstöðu sem fram hefir komið frá hv. 2. þm. S.-M. gegn þessu máli. Það er að vísu rjett hjá honum, að fjárveiting til hafnargerðar í Hafnarfirði er ekki tekin upp í fjárl., en hitt er rangt, að þetta frv. stingi í stúf við önnur frv. af sama tægi hvað framlag ríkissjóðs snertir. Jeg veit ekki betur en að hv. 2. þm. S.-M. hafi sjálfur greitt atkv. með ríkissjóðsframlagi að ⅖ hlutum kostnaðar við slíkar framkvæmdir. Þetta gerðist nú á þessu þingi, svo að ekki þarf lengra að fara, svo að hv. þm. ætti að spara sjer digurbarkaleg ummæli um þetta atriði. Hinsvegar virtist hv. þm. geta viðurkent þörfina fyrir bættri höfn, en mjer er nær að halda, að hv. þm. sje ekki nægilega kunnur, hvernig hagar til í Hafnarfirði og hversu rík og aðkallandi nauðsyn er á hafnarbótum. Nú standa sakir svo, að höfnin er venjulega yfirfull, skip verða að bíða svo og svo lengi eftir losun og afgreiðslu, og má það vera öllum ljóst, hvílíkur bagi er að slíku, enda mun það mála sannast, að stórtión sje yfirvofandi bænum, ef ekki verður undinn bráður bugur að því að kippa þessu í lag. En viðvíkjandi ummælum hv. 2. þm. S.-M. um, að farið væri fram á hlutfallslega hærra tillag úr ríkissjóði í þessu frv. en öðrum samskonar, þá skal jeg benda á það, að til Borgarness hefir ríkið veitt helming og til Vestmannaeyja helming og til hafnargerðar á Skagaströnd samkv. frv. tvo fimtu hluta kostnaðar. Það er því öðru nær en að hjer sje farið fram á hærra ríkissjóðstillag en venja er til.

Hv. þm. sagðist vera fús til að greiða atkv. með því, að ríkisábyrgð væri veitt, en sú ábyrgð er samkv. brtt. hans svo takmörkuð, að um 50 þús. kr. vantar til þess að nægilegt sje. Hv. þm. vildi einnig halda því fram, að þar eð hafnarsjóður væri vel ríkur, þá væri minni ástæða til mikilla fjárframlaga af ríkisins hálfu. En það er svo langur vegur frá, að þetta fje sje handbært; það er bundið í útlánum, sem ekki er hægt að fá inn nema á löngum tíma. Hagur Hafnarfjarðar er enganveginn glæsilegur, eins og sjá má af útsvörunum þar, sem eru svo gífurleg, að efnameiri menn flýja burt úr kaupstaðnum. Og engar líkur eru til þess, að hafnarsjóður geti neitt innt af hendi fyrst um sinn, og því er þýðingarlaust að vísa á þann sjóð í þessu sambandi. Fje hans er mestmegnis í lánum, alls ekki vel tryggum, og þó það sje ef til vill ekki tapað, þá er það ekki handbært nema að einum fjórða hluta, eða svo. Það eru ekki nema nokkur ár síðan ákveðið var að halda sjóðnum sjerskildum frá bæjarsjóði. Það er því þýðingarlaust að halda því fram, að Hafnarfjörður geti á eigin ramleik staðið straum af þessum framkvæmdum. Ríkið verður að hjálpa upp á sakirnar. Þörfin er svo aðkallandi, að málið þolir enga bið. Það verður að hefjast handa strax, ef ekki á að tefla afkomu Hafnarfjarðar í beinan voða. Ríkið ef til vill verður að taka smálán í þessu

skyni, svo að þetta þurfi ekki að dragast lengur.

Menn hafa oft talað um, að höfnin væri góð af náttúrunnar hendi. Það er hún að vissu leyti. En hún getur verið mjög ótrygg og í vestanveðrum stórhættuleg. Enda er ekki langt síðan strandaði þar gufuskip og megnið af skipshöfninni fórst. Áður en þetta var, höfðu strandað þar tvö seglskip. Höfnin er nú ekki betri en þetta, þrátt fyrir alt. Mega menn af þessu sjá og skilja, hvílíkur voði vofir sífelt yfir skipastól og sjómannastjett Hafnarfjarðar, ef ekki er hafist handa áður en langt um líður.

Viðvíkjandi viðbótartill. hv. 2. þm. S.-M. við 1. gr. frv., þá skal jeg taka það fram, að bæjarstj. hefir þegar fyrir skömmu ráðið sjerstakan verkfræðing til þess að standa fyrir öllum framkvæmdum bæjarins. Jeg geri ráð fyrir, að verkinu væri vel borgið í höndum hans; annars býst jeg við, að bæjarstj. hefði ekkert á móti því, þótt þetta ákvæði væri sett inn í frv., en jeg tel það alveg óþarft. Jeg vil því, að þessu öllu athuguðu, leggja fastlega til, að hv. deild samþ. frv. óbreytt, eins og meiri hl. n. hefir lagt til.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg vil taka í sama streng og hv. 2. þm. S.-M. í þessu máli. Mjer virðist ástæðulítið að veita Hafnarfirði fríðindi fram yfir aðra kaupstaði landsins, sjerstaklega ef tillit er tekið til allrar afstöðu. Hv. 1. þm. G.-K. talaði um, að annarsstaðar væri meira fje veitt úr ríkissjóði en þetta frv. gerir ráð fyrir, að veitt verði til Hafnarfjarðar. Það er að vísu rjett, en á það ber að líta, að ekki er óeðlilegt, þótt ekki sje alstaðar veitt sama fjárupphæð; það hlýtur að fara mjög eftir staðháttum; eftir því, hve miklir eru erfiðleikar og hvort tekjuvonir eru rýrar eða ekki í byrjun. Hv. 1. þm. G.-K. tók fram, að í Hafnarfirði væri mjög mikið að gera við afgreiðslu skipa, þar eð þar væri útgerð mikil. Ef svo er, sem jeg efa ekki, þá leiðir af því það, að hafnarsjóður hefir skilyrði til mikilla tekna, og virðist hlutaðeigandi bæjarfjelagi því fremur skylt að leggja meira af mörkum en ella. Það er einnig upplýst, að hafnarsjóðurinn er stórauðugur, og einnig það, að hann sje fastur í ótryggum stöðum og gæti því ekki komið að gagni. Ef þetta er rjett, þá er það vitni þess, að ekki hafi verið um neina fyrirmyndar ráðsmensku að ræða, og ætti það út af fyrir sig síst að mæla sjerstaklega með fjárveitingu til Hafnarfjarðar fram yfir aðra bæi eða kauptún, sem hafa í hyggju að ráðast í slíkar framkvæmdir. Víða hafa bæir og kauptún landsins kostað upp á hafnir eða hafnarbætur hjá sjer án þess að njóta nokkurs styrks úr ríkissjóði. Sem dæmi þess má nefna Akureyri. Sama er að segja um Siglufjörð, sem ráðist hefir í hafnarbætur, sem skifta hundruðum þúsunda, og nú hefir þetta þing neitað Siglufirði um lítilfjörlegan styrk, sem hann hefir beðið um. Þetta er nú sanngirnin og samkvæmnin

Þá þótti hv. 1. þm. G.-K. það óviðeigandi og óþarft, að yfirstjórn mannvirkjanna væri falin trúnaðarmanni ríkisstj. Jeg vil nú halda því hiklaust

fram, að ef lagt verður fram stórfje til mannvirkjanna, þá sje beinlínis sjálfsagt að fela sjerstökum manni, samþ. af ríkisstj., alt eftirlit og fjárreiður.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að þörfin væri svo aðkallandi, að strax yrði að hefjast handa. Jeg vil nú efast um það, enda hefir nú í tvo áratugi verið rekin mikil útgerð þaðan og gengið vel og slysalaust, að því er jeg best veit. Tel jeg ekki með öllu óhugsandi, að þetta mætti bíða eitt til tvö ár enn, og að því leyti styð jeg till. hv. 2. þm. S.-M., að lögunum sje breytt í heimildarlög.

Mjer finst því, að hvernig sem á þetta mál er litið, þá sje gengið hjer heldur langt í því að seilast ofan í ríkissjóðinn, þar sem það liggur beint við, að bæði hafnarsjóður og bæjarsjóður geta staðið undir þessu mannvirki miklu betur en gert er ráð fyrir í frv.

**Ingvar Pálmason:** Jeg hefi ekki miklu að svara hv. 1. þm. G.-K., því að hann staðfesti í öllum aðalatriðum ummæli mín um afstöðu Hafnarfjarðarkaupstaðar til hafnarbyggingar. Þó verð jeg að leiðrjetta það hjá hv. þm., að jeg hafi sjálfur greitt atkv. með 2/5 til hafnargerðar annarsstaðar. Þetta er nefnil. ekki rjett. Jeg fylgdi till. sjútvn., en vildi ekki ganga á móti frv. eftir að ákvæði þetta komst inn í það. En þó að við færum nú að taka Skagaströnd til samanburðar með 2/5 tillag úr ríkissjóði á móti Hafnarfirði með 1/4, þá verður samt ekki annað með sanni sagt en að Hafnarfjörður standi eigi að síður miklu betur að vígi með sína höfn. Þá staðfesti hv. þm. ummæli mín um eignir hafnarsjóðs Hafnarfjarðar, en sagði, að fjeð væri ekki handbært. Þetta hafði jeg líka tekið fram, en jafnframt, að til væri þó handbært um 200 þús. kr. Jeg vil nú spyrja: Hvað haldið þið t. d., að Vestmannaeyingar segðu, sem búnir eru að skattleggja sig umfram getu vegna sinnar hafnar, ef við rjettum að þeim 200 þús. kr.? Jeg býst ekki við, að þeir myndu fara fram á tillag úr ríkissjóði, ef þeir hefðu yfir svo miklu skuldlausu fje að ráða. Annars verð jeg að draga í efa, að því fje, sem hafnarsjóður Hafnarfjarðar á í útlánum, sje nokkur hætta búin. Það er að mestu hjá bæjarsjóði, og er því a. m. k. gefið, að vextir eru greiddir af því. Hv. 1. þm. G.-K. hefir því einmitt komið sjálfur með sannanir fyrir því, að Hafnfirðingar sjálfir geti staðið straum af þessum hafnarvirkjum án framlags úr ríkissjóði, þegar þeir geta hvenær sem er haft handbærar 900 þús. kr. (**BK:** Þetta er ekki rjett hjá hv. þm.). Jú, það er víst rjett; 200 þús. kr. eru þegar til og 700 þús. kr. ábyrgð er boðin fram með minni till. Þetta gerir 900 þús. kr.

Þá sagði hv. þm., að það væri stórskaði, ef það drægist lengi að byrja á þessum hafnarvirkjum. Þarna erum við alveg sammála. Jeg vildi helst, að það drægist ekki um einn dag. Og jeg verð að segja, að mjer þykir einkennilegt það áhugaleysi, sem lýsir sjer hjá Hafnfirðingum í því að vera ekki fyrir löngu byrjaðir á þessu þarfa verki, en þó er jeg ennbá meira hissa á því, að svo virðist helst, sem þeir vilji láta kaupa sig til þess.

Þá sagði hv. þm., að þessi hafnar-

gerð yrði að gerast sem allra fyrst, vegna þess meðal annars, að Reykjavíkurhöfn væri að verða of lítil. Þetta er rjett. En þá er líka gróðinn af höfninni þeim mun vissari. Jeg vil því spyrja: Getur hv. þm. bent á slíka aðstöðu nokkursstaðar á landinu?

Þá sagði hv. þm., að þetta ættu að verða fyrstu peningarnir, sem ríkissjóður veitti til hafnargerða. Hvort svo verður eða ekki, er vitanlega ekki á mínu valdi að ákveða. En fari svo, að það verði fyrstu peningarnir, sem til hafnargerða verða veittir á þessu eða næsta ári, þá er fylstu sanngirni ekki gætt, a. m. k. ekki gagnvart Vestmannaeyingum, sem hafa lagt á sig mikla skatta og þungar byrðar vegna sinnar hafnar. Jeg vil svo að lokum taka undir það með hæstv. fjmrh., að hjer sje gengið helst til of langt í því að ná fje úr ríkissjóðnum, þar sem það virðist helst gefið í skyn, að því aðeins vilji Hafnfirðingar byggja höfn þessa, að ríkissjóður borgi þeim eitthvað fyrir það.

ATKVGR.

Brtt. 510,1 feld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IP, JónJ, PH, EÁ, GÓ.

**nei:** JóhJóh, JBald, JÞ, BK, EF, H-Steins.

Þrír þm. (JónasJ, JKr, IHB) fjarstaddir.

Brtt. 510,2 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 6:5 atkv.

2.—9. gr. samþ. með 6 shlj. atkv.

10.—18. gr. samþ. með 6 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 552).

---

## 33. Lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

**Frv. til laga um lendingarbætur í Þorlákshöfn** (þmfrv., A. 218).

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Magnús Torfason):** Jeg býst við, að engan furði á því, þótt borin sje fram till. til þess að bæta lendingar við suðurströndina. Að því er þessa lendingu snertir get jeg látið mjer að mestu nægja að vísa til hinnar ítarlegu grg., sem fylgir frv. Þetta frv. var athugað í n., sem að sumu leyti var skipuð af hæstv. stj. og sýslunefnd Árnessýslu, og ennfremur sátu í henni fulltrúar frá Fiskifjelagi Íslands. N. þessi skilaði áliti, og fylgir útdráttur úr því frv. sem grg. Þetta er ein happasælasta höfnin austanfjalls; þar er oftast ræði og mjög örugg lend-

ing, og má segja, að Þorlákshöfn sje neyðarlending fyrir sjómenn alla leið frá Þjórsárósum út að Krísuvíkurbjargi. Það, sem sjerstaklega hefir ýtt undir þessar lendingarbætur, er það, að síðustu ár hefir komið upp og aukist útvegur á smávjelbátum, sem eru hægir til uppsáturs. Þessir bátar hafa ýms góð skilyrði í Þorlákshöfn, en þar er erfitt með uppsátrið. Með litlum tilkostnaði má gera lendinguna miklu betri, svo að oftar verði róið og öll sjósókn öruggari. Allir vita, að þarna í þessari lendingu hefir verið bjargað mannslífum svo að skiftir ekki tugum, heldur hundruðum, og er hún því vel að því komin, að henni sje einhver sómi sýndur. Nú má búast við því, að þessum litlu vjelbátum fjölgi, því að menn vilja ógjarnan vera undir árum þegar þeir geta látið hið dauða afl vinna fyrir sig, og með lendingarbótunum mundu þeir hópast til Þorlákshafnar. Jeg held, að ekki þurfi fleiri rök til þess að hv. deild sjái þörfina, en vil aðeins geta þess, að þetta hefir ekki einungis þýðingu fyrir þá, sem þarna róa, heldur líka fyrir alla Árnessýslu og Suðurlandsundirlendið í heild. Þeir, sem sækja afla sinn á vetrum í verstöðvar eystra, munu ekki hverfa alfarið suður á nes, heldur búa búum sínum áfram og stunda landbúnað eftir sem áður. Þeir fá þarna góða atvinnu og bætt lífskjör, sjerstaklega þegar Flóaáveitan fer að bæta slægjur þeirra til muna. Þetta er mest í varið, og þetta vakir fyrst og fremst fyrir okkur, sem óskum þess, að sveitirnar blómgist. Jeg skal svo ekki þreyta hv. þdm. með lengri ræðu, en óska eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 218, n. 393).

**Frsm. (Magnús Torfason):** Jeg mælti nokkur orð með þessu frv. við 1. umr. og vísaði þá til þeirrar rækilegu grg., sem fylgir frv. og jeg býst við, að hv. þdm. hafi kynt sjer.

Í n. voru gerðar breyt. á frv., sem stöfuðu af því, að síðan frv. var undirbúið, hafa verið samþ. lagabreyt. þess efnis, að tæplega er von á, að lán fáist úr viðlagasjóði til þessa fyrirtækis. Því hefir lánsheimildinni verið breytt í heimild fyrir ríkissjóð að ábyrgjast alt að 80 þús. kr. til verksins. Brtt. sú, þar sem vísað er til 12. gr., er aðeins til skýringar. Jeg vænti þess, að hv. deild líti svo á, að eigi sje lítil þörf á hafnarbótum á suðurströnd landsins og að rjett sje að bæta úr þeirri þörf. Þykist jeg því vita, að hv. deild taki vel í málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SvÓ, ÞorlJ, GunnS, HStef, HG, HV, IngB. JAJ, JÓl, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SÁÓ, BSv.

**nei:** EJ, HJ.

Átta þm. (ÁÁ, BSt, BÁ, HK, JJós, JS, SE, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 393,I.a—b samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.

3.—7. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Brtt. 393,II. samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.

9.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471, 472).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 472 samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, BÁ, HG, IngB, JJós, JÓl, LH, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, ÞorlJ.

HStef, HJ, JAJ, MJ, ÓTh greiddu ekki atkv.

Níu þm. (BSv,ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HK, HV, JS, JörB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 507).

Á 62. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 507, n. 648).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Erlingur Friðjónsson):** Þetta frv. hefir verið hjá sjútvn., og hún er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Það er komið frá hv. Nd. og var ekki breytt þar. Er að því leyti dálítið öðru máli að gegna um þetta frv. en um hin ýmsu frv. af svipuðu tægi — um lendingarbætur og hafnarmannvirki — sem þingið hefir fjallað um nú undanfarin ár.

Það er farið fram á, að ríkið greiði helming kostnaðar við lendingarbætur í Þorlákshöfn. Þetta er nokkuð meira en venja er, þar sem ríkissjóður greiðir venjulega ekki nema ¼, ⅓ eða í mesta lagi ⅖ kostnaðar. En n. lítur svo á, að hjer standi alveg sjerstaklega á, þar sem þessar hafnarbætur eru gerðar með sjerstöku tilliti til þess, að þarna verði nokkurskonar neyðarhöfn fyrir nærliggjandi verstöðvar, svo sem Stokkseyri og Eyrarbakka. Finst n. því ástæða til þess að leggja meira fje til hjer en annarsstaðar. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt, enda þó framlag ríkissjóðs sje meira hjer en við aðrar lendingar- og hafnarbætur.

**Jón Þorláksson:** Það er aðeins smáaths., er jeg vildi láta vera bendingu til hæstv. ríkisstj., ef til þess kemur, að frv. komi til framkvæmda. Þykist jeg hafa nokkra ástæðu til þess sökum kunnugleika míns á staðháttum í Þorlákshöfn.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að eigendur Þorlákshafnar leggi fram endurgjaldslaust nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa, alt að 15 þús. m². Þetta er nauðsynlegt ákvæði, því hjer er verið að veita fje úr ríkissjóði til lendingarbóta á einkaeign. En orðalagið er svo, að orkað getur tvímælis, hvað átt er við með þessu ákvæði um nauðsynlegt land.

Jeg álít, að þetta verði að skiljast svo, að alt þetta flatarmál, sem nefnt er í frv. og sem jeg býst við, að megi ekki vera minna, verði að vera þurt land ofan við háflæðislínu. Álít jeg, að í þessu landi megi alls ekki telja frá fjöru og þann vatnsbotn, er lendir innan þessara lendingarbóta. Fæ jeg ekki betur sjeð en að hæstv. stj. hafi það í hendi sjer, að svo verði frá þessu ákvæði gengið áður en hún greiðir fje til þessa. Óska jeg þess, að orð mín verði til þess að alt það land, er samkv. frv. má taka til þessara lendingarbóta, verði tekið fyrir ofan háflæðislínu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

7.—13. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 705).

---

## 34. Berklavarnir.

Á 27. fundi í Ed., 20. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42, 31. maí 1927, um breyt. á l. nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki** (þmfrv., A. 153).

Á 29. fundi í Ed., 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Ingvar Pálmason):** Eins og frv. þetta ber með sjer, er það flutt að beiðni landsstj. og samið að tilhlutun hennar. Það er kunnara en frá þurfi að skýra, að kostnaður ríkissjóðs af berklavörnum fer árlega vaxandi, og er frv. þetta tilraun til að draga að einhverju leyti úr þeim gífurlega kostnaði. Er það aðallega á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að sjúklingar þeir, sem læknar telja vinnufæra, sjeu látnir vinna, en auðvitað er það ekki meiningin, að vinnan geti haft áhrif á líðan eða heilsu sjúklinganna til hins lakara, enda vinni þeir aðeins þá vinnu, er þeir eru færir um að dómi læknis. Vinna getur einnig verið til bóta heilsu sjúklinganna, ef allrar varúðar er gætt.

Hitt aðalatriði frv. er það, að ríkisstj. semji við vissar stofnanir um ljóslækningar þessara sjúklinga, og er ekki ósennilegt, að það geti haft töluverðan sparnað í för með sjer. Auk þess má benda á það, að með

frv. þessu er stj. hvött til þess að hafa jafnan vakandi eftirlit með því, að sparað sje eins mikið og hægt er á þessu sviði, án þess að hjer sje á nokkurn hátt reynt að rýra gagnsemi berklavarnalaganna.

Vona jeg, að hv. deild greiði fyrir máli þessu til n., sem síðan mun taka málið til ítarlegrar athugunar. Hafa mjer nýlega borist fleiri plögg, sem upplýsa þetta mál betur, og mun jeg að sjálfsögðu láta þau nefndinni í tje. Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að hafa framsöguræðu lengri, en vænti þess, að málið fái að ganga til allshn.

**Halldór Steinsson:** Það er alveg rjett hjá hv. flm. þessa máls, að fullkomin ástæða er til þess að reyna að draga eitthvað úr hinum mikla kostnaði, er orðið hefir við berklavarnir hjer á landi. Með 1. lið frv. er sýnd viðleitni í þá átt, með því að skylda sjúklinga þá, er að læknisráði eru þess færir, að vinna og ljetta þannig dálítið undir með sjálfum sjer og draga úr þeim kostnaði, er ríkissjóður greiðir árlega til berklavarna. Þó fanst mjer eitt vanta í grg. frv., svo og framsöguræðu hv. flm., að eigi er gefin nein bending um það, hvort slík vinna sje fyrir hendi á þessum hælum. Hygg jeg, að á Vífilsstöðum sjeu slík verkefni ekki nægileg, nema þau verði sköpuð, og má vera, að það hafi vakað fyrir hv. flm. og hæstv. stj. að gera það. Mætti t. d. vel hugsa sjer það, að sjúklingar ynnu að ræktun lands í kringum hælið.

Um innanhússtörf er öðru máli að gegna; þau eru ekki svo mikil, að neinn verulegan sparnað leiddi af því, að sjúklingar tækju þátt í þeim, enda yrði að hafa fast starfsfólk til þeirra starfa eigi að síður. Hinsvegar er líklegt, ef heilsuhæli verða reist víðar á landinu, að hægt væri að haga fyrirkomulaginu þannig, að vinnufærir sjúklingar gætu stundað þar vinnu, eftir því sem heilsa leyfði.

En jeg felli mig ekki við síðari hluta frv. Í fyrri málsgr. 3. brtt. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Rjett er, að stjórnarráðið nefni til sjerstaka lækna, einn eða fleiri í hverjum landsfjórðungi, til þess að meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar og sje styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Skal til þess starfa velja þá lækna, sem ætla má, að hafi besta þekkingu í þeim efnum og best tæki til slíkra rannsókna".

Mjer finst, að ekki geti komið til mála að fela aðeins einum lækni í hverjum landsfjórðungi að úrskurða það, hvort sjúklingur þurfi hælisvist eða ekki. Þennan sjúkdóm getur borið svo bráðan að, að sjúklingi sje með öllu ókleift að nálgast þennan eina lækni. Það er sjálfsagt að byggja á dómi hjeraðslækna í því efni; þeir eru kunnastir sjúklingum sínum og hafa oft fylgst með líðan þeirra árum saman, og eru því á allan hátt færastir að kveða upp úrskurð um þörf sjúklings á hælisvist.

Þá virðist mjer ákvæði síðari málsgr. of þröngt. Það hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarráðið skal og kveða á um það, hverjar ljóslækningastofnanir

taki til meðferðar þá sjúklinga, er ljóslækninga þurfa og styrks njóta úr ríkissjóði".

Þetta er auðvitað borið fram í sparnaðarskyni, og mætti eflaust spara á þessu, en mjer finst hjer of langt farið inn á sjálfsákvörðunar rjett hinna fátæku sjúklinga, er styrkþurfa eru, og tel jeg varhugavert að neita sjúklingum um að vitja þeirra lækna, er þeir helst kjósa.

Hinsvegar er hitt ákvæði síðustu málsgr. gott, það sem sje, að stjórnarráðið semji fyrirfram við sjúkrahús og slíkar stofnanir um kostnað af dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. — Mjer finst frv. stefna í rjetta átt, einkum ákvæðið um vinnuna, en það þarf mikillar lagfæringar við til þess að það geti talist frambærilegt.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Út af ræðu hv. þm. Snæf. vil jeg leyfa mjer að segja fáein orð. Hv. þm. þótti sumt í frv. þessu fara of langt í aðhaldsáttina. Nú er það kunnugt, að kostnaður við berklavarnir hefir aukist um 100 þús. kr. á ári á hinum síðari árum, og verður þó ekki sjeð, að það hafi borið þann árangur, sem við mætti búast. Það er því óhjákvæmilegt að leita einhverra nýrra úrræða til þess að ráða bót á þessu ástandi, því að augsýnilegt er, að einhversstaðar hlýtur að vera leki í þessum gífurlega kostnaði, og undir þann leka verður að setja.

Hitt leiðir af sjálfu sjer, að jafnlítið frv. og þetta getur ekki tekið yfir öll þau svið, þar sem umbóta er þörf, en úr því mætti að sjálfsögðu bæta. Ef ekkert er gert til þess að draga úr þessum kostnaði, stefnir það í hreina og beina vitleysu og yrði í algerðu ósamræmi við gjaldþol landsins. Þannig yrði kostnaður við berklavarnir kominn upp í 4—5 milj. kr. á ári eftir nokkur ár, ef áframhaldið yrði það sama og verið hefir á undanförnum árum, en það sjá allir heilvita menn, að ekki getur náð nokkurri átt. Jeg býst þess vegna við, að hv. þm. Snæf. verði að sætta sig við það, að einhversstaðar verði skorður settar og reynt að spara meira en gert hefir verið hingað til.

Þá vjek hv. þm. að 1. gr. frv. Þeirri hlið hefir eigi verið sint ennþá, hvorki af löggjafarvaldinu nje hælunum, en landlæknir telur ákvæði það alveg sjálfsagt. Þó er ekki þar með sagt, að það ákvæði hefði áhrif undir eins, ef samþ. verður, en ætla má, að það geti orðið þýðingarmikill þáttur í framtíðinni.

Það er alveg rjett hjá hv. þm., að sjúklingunum á Vífilsstöðum hefir ekki verið ætluð nein vinna. Hefi jeg einnig ástæðu til þess að halda, að læknirinn þar líti öðruvísi á það mál en landlæknir. Þó hefir hann látið í ljós það álit sitt viðvíkjandi minningarspjaldasjóðnum, að það fje hefði mátt nota til þess að byggja á vinnu handa sjúklingunum.

Við hressingarhælið í Kópavogi var að áeggjan landsstj. bygð vinnustofa, en hún hefir orðið að minni notum en ætla mætti, því að þar hefir komið fram talsverð tregða hjá sjúklingunum að leggja á sig vinnu. Fyrir því er það óhjákvæmilegt að skylda þá sjúklinga til vinnu, sem að dómi læknis eru þess vel færir.

Þá vjek hv. þm. að því, og það með rjettu, að í frv. er ekki minst neitt á framtíðarskilyrðin fyrir slíka vinnu.

Ef læknir á öðru heilsuhælinu vildi ekki gera mikið úr þessari breytingu, nje heldur að sjúklingar á spítölum í kaupstöðum væru látnir eitthvað vinna, þá yrði ekki mikið um framkvæmdir í þessu efni fyrst í stað. Á Kristnesi hafði jeg hugsað mjer, að sjúklingar gætu unnið nokkuð að garðrækt og túnrækt, enda eru ræktunarskilyrði þar góð. Annars vil jeg geta þess, að fyrir stj. og landlækni vakir það, að óhjákvæmilegt muni verða að koma upp bráðlega nýju hressingarhæli, og þá helst á einhverri hverajörð skamt frá Reykjavík. Gæti vistin orðið sjúklingum ódýrari þar en í spítölum, og gert yrði ráð fyrir því þegar í upphafi, að sjúklingar ljettu undir við garðrækt og túnrækt.

Stj. hefir fengið tilboð um eina slíka jörð hjer nærliggjandi og lagt það fyrir þingið í sambandi við fjárl.

Fram á þessar breyt. mundi alls ekki farið, ef það væri ekki þessi mikli kostnaður vegna berklavarnanna og sem ekki virðist hægt að stöðva á annan hátt en með nýju skipulagi, svo að meira fáist fyrir peningana en hingað til.

Þetta er því skýring stj. til hv. þm. Snæf. og annara á því, sem segir í grg. frv. um vinnu berklaveikra manna. Hjer er því um að ræða einn lið í þeim möguleikum að draga saman í hressingarhæli þá sjúklinga, sem nú fylla heilsuhælin og eiga ekki að vera þar. Og þá um leið að halda þeim sjúklingum saman, sem vitanlegt er um, að ekki er hægt að lækna. Á báðum heilsuhælunum er sem stendur fjöldi sjúklinga, sem mundu vera betur komnir annarsstaðar, ef um slíkar stofnanir væri að ræða. Í því sambandi má og geta þess, að um ⅓ þeirra fullorðnu sjúklinga, sem nú fylla hælin, er það vitanlegt, að þeim muni ekki batna, en dvalarkostnaður þeirra nemur þó 5 kr. á dag. Ef takast mætti með minni kostnaði, að sjúklingunum liði eins vel eða jafnvel betur en nú á sjer stað, þá er auðsær ávinningurinn bæði fyrir landið og sýslufjelögin.

Hv. þm. Snæf. virtist mótfallinn því ákvæði í 3. lið 1. gr., að stj. tilnefni sjerstaka lækna, sem einir skuli úrskurða um berklaveika sjúklinga. Þetta ákvæði er sett inn eftir till. þess læknisins, sem mest afskifti hefir haft af berklaveikum sjúklingum hjer í Reykjavík, og virðist mjer, að upp úr því megi talsvert leggja. Hitt atriðið, um hjeraðslækna alment, held jeg að ekki verði mikið deiluefni. Jeg geri ráð fyrir, að mikið sje til í þeirri skoðun hv. þm., að óþarfi sje að ganga framhjá hjeraðslæknum í þessu efni, enda er auðvelt að halda því opnu, að hjeraðslæknar úrskurði hver í sínu hjeraði, hvort berklasjúklingur skuli tækur í hæli eða ekki.

En hjer í Reykjavík er fjöldi lækna, sem hver í sínu lagi úrskurðar, hvaða sjúklingar skuli teljast berklaveikir, en það er sama og fyrirskipa, að slíkir sjúklingar eigi heimting á styrk úr ríkissjóði. Virðist þó hægur vandi og gæti í mörgum tilfellum verið rjettara að láta yfirlækninn á Vífilsstöðum eða aðstoðarlækninn þar hafa úrskurðarvaldið. Sama er og um Akureyri að segja, að þar er einnig fjöldi embættislausra lækna, en auðvelt að ná til læknisins í Kristnesi til þess að úr-

skurða um berklasjúklinga. Þessu, sem jeg hefi nú sagt, er aðallega beint til hv. þm. Snæf., svo að hann sjái, að þessu ákvæði er fyrst og fremst stefnt að stórbæjunum, þar sem mest er í húfi, en hitt er ekkert verulegt atriði fyrir mjer, hvort allir hjeraðslæknar hafi þetta úrskurðarvald eða einn eða tveir í hverjum landsfjórðungi.

Þá var það eitt orð í ræðu hv. þm. Snæf., sem jeg kunni ekki við. Hann sagði, að það væri harðræði við sjálfsákvörðunarrjett sjúklinga, ef samið er við vissa ljóslækningastofu um lækning þeirra. Þetta gæti ef til vill verið spursmál, ef það væri einkamál sjúklinganna og þeir greiddu sjálfir kostnaðinn við lækninguna. En það er sannarlega ekki einkamál sjúklinganna á meðan ríkið greiðir fyrir þá 8—10 krónur á dag, eins og dvalarkostnaðurinn hefir verið í franska spítalanum og „sóttvörn" eða annarsstaðar hjer í bæ, þar sem sjúklingum hefir verið holað niður. Og ef stj., sem sjálfsagt verður að ganga út frá, velur bestu menn og bestu ljóslækningastofuna til að framkvæma lækningarnar, þá er engin meining að kalla það harðræði við sjálfsákvörðunarrjett sjúklinga.

Það hefir verið talað um það í blöðunum og því óspart á lofti haldið sem sjerstakri móðgun við sjúklinga af hálfu stj., þegar hún samdi við tvo þektustu háskólakennarana í læknavísindum að stunda berklaveika. Þetta skipulag var kallað hin mesta goðgá, að sjúklingum var meinað að ganga til hvaða óvanings sem kann að finnast hjer í bæ í læknalistinni, en ríkissjóður skyldugur að borga kostnaðinn, hvað ósanngjarn sem reikningurinn kunni að vera. Jeg tek þetta fram af gefnu tilefni, því það hefir verið þyrlað upp svo miklu moldviðri bæði í blöðunum og manna á milli um þessa sjálfsögðu ráðstöfun stjórnarinnar.

Það hefir verið svo mikið og óverjandi sleifarlag á framkvæmd berklavarnalaganna, að landið, sem þó borgar brúsann, hefir ekki verið þar um fullkominn húsbóndi. Læknar Reykjavíkur hafa þar mestu um ráðið, og svo eru þeir að tala um ofbeldi af hálfu stj., er hún reynir að taka í taumana til að firra landið óþarfa eyðslu. Alt slíkt skraf lækna er hneykslanlegt og blettur á íslenskri læknastjett, að þetta og því um líkt skuli hafa frá þeim heyrst.

**Halldór Steinsson:** Það er misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., að jeg hafi fundið það að frv., að það gangi of langt í sparnaðaráttina. Jeg benti einmitt á ýmislegt, sem jeg væri hlyntur, af því að þær ráðstafanir miðuðu til sparnaðar, en allir þeir agnúar, sem jeg nefndi að væru á frv., koma alls ekki neinum sparnaði við.

Hæstv. dómsmrh. virtist fyrir sitt leyti geta fallist á, að rjett og heppilegast mundi, að hjeraðslæknar úti um landið úrskurðuðu, hvort sjúklingar skyldu hælistækir eða ekki, en í kaupstöðum væri til þess nefndur sjerstakur læknir. En jeg sje ekki nauðsyn á að hafa aðrar reglur um þetta í aðalkaupstöðunum en úti um land. Við eigum ágætis hjeraðslækna í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og í fleiri bæjum, sem sjálfsagðir eru til þess að úrskurða um heilsuhælisvist sjúklinga.

Þá fanst hæstv. ráðh. það ekki nema

sjálfsagt, að stj. ákvæði, hvaða ljóslækningastofu skyldi nota, og færði sem málsbætur fyrir því, að sjúklingunum kæmi þetta ekkert við, þar sem þeir væru algerlega kostaðir af ríkinu. En þó að ríkið greiði kostnaðinn, þá er og verður þetta jafnlítil mannúð í garð sjúklinganna, og jafnmikil skerðing á sjálfsákvörðunarrjetti þeirra, að mega ekki leita til þeirrar ljóslækningastofu, er þeir hver í sínu lagi bera mest traust til. Það mundi þykja ljótt og harðneskjulegt og mælast illa fyrir, ef sveitarstjórnir þvinguðu ómaga til þess að vitja ákveðins læknis, og það er í almenningsálitinu ekki síður harðneskjulegt af ríkisstj. að beita slíku einræði.

Hæstv. ráðh. benti á, að það hefði verið óverjandi sleifarlag hjá fyrv. stjórnum að hafa ekkert eftirlit með framkvæmd berklavarnalaganna. Jeg fullyrði, að fyrv. stjórn hafi engu ver framkvæmt lögin en sú núverandi, en þá fyrst er aukið eftirlit ríkisstjórninni til sóma, ef hún beitir fullkominni mannúð í þessu mikla vanda- og velferðarmáli.

Að lokum vil jeg segja það, án þess þó að blanda mjer inn í deilur þær, sem orðið hafa hjer í Reykjavík um ráðstafanir hæstv. stj. í þessu berklavarnamáli síðastliðið sumar, að sú ráðstöfun, að mega ekki leita til þess læknis, er menn treysta best, er óvenjulega hörð og ónærgætnisleg í garð sjúklinganna.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg get ekki skilið þann rökstuðning, að ekki sje eðlilegt, þegar úrskurður samkv. berklavarnalögunum getur valdið 2000—3000 kr. árlegum útgjöldum fyrir hvern einstakan sjúkling, en árlegur kostnaður ríkissjóðs nemur nokkuð á aðra miljón króna, að jafnstórt fjárhagsatriði sem þetta sje tekið til rækilegrar athugunar og reynt til hins ítrasta að koma þar á betra skipulagi í stað þess sleifarlags og eftirlitsleysis, sem jafnan hefir átt sjer stað í þessum efnum.

Annars mætti benda á í þessu sambandi, að þó læknar okkar sjeu yfir höfuð mjög góðir og þarfir, þá eru þeir þó ekki allir jafngóðir. Hjá þeim má finna mannlega breyskleika eins og í öllum öðrum stjettum. Nokkrir læknar hafa t. d. misnotað það leyfi, sem þeir hafa lögum samkvæmt til þess að gefa áfengislyfseðla til lækninga. En sem betur fer eru þeir ekki margir. En það hefir sannast á nokkra lækna, sem hafa gert það að atvinnu sinni að selja mönnum eitur, þ. e. áfengiseitur, til drykkjar í stað þess að lækna með því. Með þessu, sem jeg hefi hjer bent á, er jeg þó alls ekki að vantreysta læknastjettinni yfir höfuð. En út frá þessu vil jeg aftur segja það, að úr því að innan stjettarinnar finnast læknar, sem orðið hafa uppvísir að því að misnota leyfið um að gefa áfengislyfseðla til lækninga, að þá geti einnig hugsast, að þeir læknar fyndust líka, sem reyndu að flytja sjúklinga sína yfir á ríkissjóðsframfæri, þó að sanna mætti, að sjúklingarnir ættu ekki að vera það. Freistingin til þessa liggur í berklavarnalögunum, sem tryggir læknunum ágæta borgun í þessu skyni. Þetta er ekkert annað en sem komið getur fyrir í öllum stjettum, af því

að menn eru nú einu sinni svona gerðir, að allir eru ekki jafngóðir eða jafnvandir að virðingu sinni.

Eftirlitið í þessu efni er því ekki annað en það, að þeir menn, sem ekki eru færir um að fara með slíkt trúnaðarstarf, verða hjer eftir sviftir því að mega úrskurða um heilsuhælisvist berklasjúklinga.

Það er misskilningur, að það sje blettur á landsstj., sem hún hefir gert til betra skipulags um framkvæmd berklavarnalaganna, en það er blettur á læknastjettinni, hvernig hún tók í þá ráðstöfun fyrv. stj. um að greiða ekki nokkrum læknum reikninga, sem að hennar áliti voru ósanngjarnir í mesta máta. Þetta er að vísu ekki útkljáð enn. Og það er reginhneyksli, hvernig sumir læknar hafa tekið í viðleitni núv. stj. til að bæta úr þessum vandræðum. Læknarnir hafa ekki fallið frá kröfum sínum, svo gera má ráð fyrir, að úr því verði dómstólamál. En þessi ráðstöfun fyrv. stj. var fyrsta sporið til þess að draga eitthvað úr kostnaðinum. Næsta sporið var að semja við vissa lækna, sem einir hefðu fyrir ríkisins hönd framkvæmd berklalækninga hjer í Rvík. Og þriðja sporið er svo það, sem hjer er farið fram á með þessu frv., að stj. þurfi ekki að taka trúanlegan allan vitnisburð í þessu efni, heldur að jafnan skuli leitað úrskurðar hinna færustu manna á þessu sviði.

Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir hálfhjákátlegt alt þetta mannúðarleysisskraf hv. þm. Snæf. í sambandi við þetta frv. En það er nú svo, að mannúðarleysis gætir víða í lífinu. Það eru t. d. ómannúðleg lífskjör, sem sjómennirnir okkar eiga við að búa á togaraflotanum, að vinna og svitna dögum saman án þess að geta farið úr fötum og fengið sjer bað. Það má segja, að það sje ómannúðlegt af útgerðarmönnunum í garð sjómanna, að hafa ekki baðklefa í hverjum einasta togara, svo að hásetarnir geti þvegið af sjer óhreinindin daglega. Það má líka segja, að það sje ómannúðlegt, að í hegningarhúsi ríkisins, sem nú mun 50 ára gamalt, skuli til skamms tíma hafa viðgengist, að salernin væru inni í sjálfum fangaklefunum. Ef farið er út í það að tala um mannúð, þá liggur nær að minnast á hana í einhverju öðru sambandi, að landið, sem borgar allan berklavarnakostnaðinn, megi ekki gera þær ráðstafanir, sem því sýnist. Að berja sjer á brjóst og gala sem hæst um mannúðarleysi slíkra ráðstafana, sem frv. nefnir, er ekkert annað en hræsni og vitleysa þeirra manna, sem sjá og finna, að settar eru skorður við því, að þeir geti haldið áfram að fjefletta ríkissjóð með uppskrúfuðum reikningum. Þessir menn þurfa ekki að láta sjer detta í hug, að þeim takist með frekju og óskammfeilni að berja það fram, að landið sje ekki sjálfrátt um það að semja við úrvalslækna í þessu efni. Alt þetta mannúðarhjal hv. þm. Snæf. og hans nóta er eingöngu í eiginhagsmunaskyni sagt, af því þeir vita, að öðrum verður betur til þess treyst að fara með framkvæmd lækninganna. Það eru krókódílatár miðlungsmanna og þeirra, sem þar eru fyrir neðan, yfir því að geta ekki haldið áfram að moka til sín úr ríkissjóði stórum fjárhæðum fyrir störf, sem þeir voru sumpart lítt hæfir eða öllu heldur óhæfir til að vinna.

**Halldór Steinsson:** Jeg hjelt, að út af þessum örfáu meinlausu aths., sem jeg gerði við ræðu hæstv. dómsmrh., mundi hann ekki komast í jafnmikinn hita og nú sýndi sig í lok ræðu hans.

Mjer hefir aldrei komið til hugar að halda því fram, að allir læknar væru jafngóðir. Við vitum allir, að þeir eru mismunandi góðir. En þó að þeir sjeu ekki allir jafngóðir, þá er hitt víst, að sá dómsmrh., sem nú skipar þann tignarsess, er allra manna óhæfastur til þess að skera úr, hvort sjúklingar skuli leita þessa læknis eða hins. Og jeg vil bæta því við, að það mun ekki vera til svo ljelegur læknir á öllu landinu, að hann væri ekki margfalt hæfari ráðherranum til þess að úrskurða í þessu efni.

Hugleiðingum hæstv. ráðh. um áfengislyfseðla, sem ekkert koma þessu máli við, vísa jeg aftur heim til föðurhúsanna. Sama er og að segja um ýmislegt fleira í ræðu hans, þar sem hann var að telja upp baðklefa, salerni o. fl., að það kemur ekkert því máli við, sem hjer er verið að ræða um. Aftur á móti get jeg ekki látið vera að svara því, sem hann beindi að mjer og minni stjett sjerstaklega. Hann kallaði afstöðu lækna til þessa máls hræsni og gaf í skyn, að eiginhagsmunir rjeðu þeirra afstöðu. Það er nú ekkert nýtt, að þessi ráðh. geri ráð fyrir þeim hvötum hjá öðrum, sem í svo ríkum mæli eru hjá honum sjálfum. Framkoma ráðh. í þessu máli er eftirtektarverð, eins og svo oft áður. Þegar með hógværð og rökum er bent á þá galla, sem eru á frv. hans, sem er sannkallaður vanskapnaður í frumvarpsformi, þá rýkur hann upp eins og naðra með brigslyrðum, aðdróttunum og hótunum. Auðvitað dettur hvorki mjer nje neinum öðrum, sem er ant um sóma sinn, í hug að svara í sama tón. En óneitanlega er það hart, að dómsmrh. skuli haga sjer svo úr sæti sínu á Alþingi.

**Jón Þorláksson:** Hæstv. dómsmrh. mintist fyrv. stj., eða öllu heldur hv. 1. þm. Skagf., er þá gegndi störfum dómsmrh., og taldi, að hann hefði byrjað á einhverjum ráðstöfunum um berklavarnir, sem núv. stj. hefði svo haldið áfram. Það kann vel að vera, þó jeg muni það ekki, að hv. 1. þm. Skagf. hafi byrjað á einhverju, sem núv. stj. hafi svo haldið áfram, en það er mjer óhætt að fullyrða, að fyrv. dómsmrh. hafi ekki gengið inn á þá braut að fyrirskipa sjúklingum, hvaða læknis þeir skyldu leita. Með sparnaði í þessa átt er hægt að leggja bæði inn á skynsamlega og óskynsamlega braut. Með ráðstöfunum fyrv. stj. var lagt inn á skynsamlega braut, en hæstv. dómsmrh. hefir farið út af henni, er hann tók sjálfsákvörðunarrjettinn af sjúklingum. Það er rjett og skynsamlegt, að ríkið setji taxta fyrir verk, sem það á að greiða fyrir, og borgi svo í samræmi við hann. Sá maður, sem fór með þetta umboð hjá fyrv. stj., neitaði að greiða þá reikninga, sem voru hærri en sá taxti, er ríkið hafði ákveðið að gilda skyldi. En þrátt fyrir þetta eftirlit af hálfu fyrv. stj. höfðu sjúklingarnir fullkomið frelsi eftir sem áður að velja sjer hvaða lækni sem var.

Jeg geri ekki ráð fyrir mótstöðu frá læknum gegn því, að settur væri ákveðinn taxti; þeir mundu beygja sig undir hann, væri hann bygður á

sanngirni og skynsamlegu viti. Og sama á við um ákvæði frv. um ljóslækningastofurnar. Það er skynsamlegt að setja hæfilegan taxta um ljóslækningar og hæfilegt eftirlit með því, að tækin sjeu gild. Þetta eftirlit er hægt að framkvæma á þann hátt að tryggja ríkissjóð gegn því að greiða of mikið fyrir lækningarnar, og að sjúklingarnir sjeu sjálfráðir um, hvaða ljóslækningastofu þeir nota. Það er skynsamlega leiðin að borga hverjum, sem í hlut á, það, sem sanngjarnt er, en óskynsamlegt, að yfirvöldin greini í sundur, að þessum skuli borga, en hinum ekki.

Annars fanst mjer óþarft af hæstv. dómsmrh. að komast í slíkan hita og hann gerði í lok ræðu sinnar, þó að beint væri til væntanlegrar nefndar nokkrum aths. viðvíkjandi frv. En þó verð jeg að segja fyrir mitt leyti, að það gladdi mig að sjá, að gosgígur stjórnarinnar í þessu eldfjallalandi er ekki með öllu útsloknaður enn.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Það er athugavert við ræðu hv. 3. landsk., að sú skilgreining, sem hann vill gera á ráðstöfunum mínum og fyrirrennara míns, hv. 1. þm. Skagf., er ekki á neinum rökum bygð og að engu hafandi.

Ef hann vildi líta til baka og kynna sjer þá leið, sem farin var, þá var það svo, að embættislausir læknar hjer í Reykjavík hófu stór mótmæli gegn ráðstöfunum fyrirrennara míns. Þeir reyndu að hóta málaferlum, ef settur yrði taxti, sem væri of lágur að þeirra dómi, því að þeirra taxti hlyti altaf að vera talsvert hærri en þeirra lækna, sem sætu í embættum. Afleiðingin mundi því verða sú, að embættislausu læknarnir mundu ekki sætta sig við hinn lága taxta ríkisins og neita að taka á móti sjúklingum og þá eftir aðeins tveir læknar, sem hægt væri að leita til, því vafamál er, hvort háskólaprófessorar geti ekki neitað líka, og þá er frelsið farið. Hv. þm. virðist því ekki vera sjerstaklega vel að sjer í þessu, fyrst hann heldur því fram, að frelsinu sje best borgið með gamla skipulagsleysinu.

Í Hafnarfirði er t. d. ljóslækningastofa rekin af hjeraðslækninum sjálfum, og ætti hann þá að veita sjálfum sjer eftirlit. Jeg nefni þetta aðeins sem dæmi, en í þessu tilfelli mun það að vísu ekki koma að sök, þar sem hlutaðeigandi hjeraðslæknir er hinn mesti sómamaður í alla staði. Það hefir nú komið fram í þessum umr., að hv. 3. landsk. veit ekkert um þessi mál, að hann botnar ekki nokkurn skapaðan hlut í þeim, svo að hann getur ekki talað um þau af neinu viti.

Jeg skal taka annað dæmi. Hjer í Reykjavík rekur landið ljóslækningastofu, mjög góða stofnun með öllum bestu og fullkomnustu tækjum, sem til eru í landinu. Ef svo kæmu hingað t. d. 20 læknar og settu upp samskonar stofur hjer í bænum, auglýstu þær og hefðu öll brögð í frammi til þess að lokka til sín sjúklingana, gæti svo farið, að stofnun landsins stæði hálftóm, en svo ætti ríkissjóður að borga keppinautunum fyrir að hafa sjúklingana til lækninga. Hv. 3. landsk. mundi ekki ályktа svo barnalega, ef það væri hans eigin sements- eða járnverslun, sem í hlut ætti. Engum getur komið til hugar að halda því fram nema forföllnustu íhaldsjöxlum, að

ríkissjóður eigi að styrkja samkepnisstofnun við landið sjálft, samkepnisstofnun, sem sennilega er miklu ófullkomnari og verri í alla staði. — Það er yfirleitt alveg sama, hvernig litið er á röksemdaleiðslu hv. 3. landsk. í þessu máli; það er auðsjeð á henni, að hann annaðhvort hugsar ekki um málið eða hefir ekkert vit á því. Hann talaði um, að það væri ógurleg kúgun, ef landið segir fyrir um, að sjúklingurinn skuli nota þann lækni, sem það hefir gert samninga við. Hvernig heldur hann, að það sje í sjúkrasamlögum? Sjúklingunum er þar alls ekki leyft að fara til hinna og þessara lækna, þegar stjórn samlagsins er búin að semja við einhvern vissan. Ef hann semur við húslækni, heldur hann að það sje kúgun, þó að húslæknirinn sje látinn skoða heimilisfólkið? Nei, það getur enginn verið svo heimskur í sínu eigin máli. Hjer er einmitt gott tækifæri til þess að skapa atvinnu í þjóðfjelaginu fyrir góða og heiðarlega menn úr læknastjettinni. Mikið af því fje, sem varið er til berklavarna hjer á landi, hefir farið í sukk vegna eftirlitsleysis og vegna þess, að það hefir reynst svo með suma berklalæknana eins og áfengislæknana, að þeir hafa ekki verið starfinu vaxnir.

Jeg ætla ekki að þessu sinni að svara hv. þm. Snæf. neinu, þar sem hann má ekki taka oftar til máls við þessa umr., en mun gera það þegar málið verður tekið til 2. umr. hjer í hv. deild.

**Jón Þorláksson:** Hæstv. dómsmrh. hjelt því fram, að sanngjarnt væri að hafa sama taxta við berklaveikislækningar fyrir embættislausa lækna og aðra lækna. Jeg sagði ekkert um það, að ekki væri sanngjarnt að hafa sama taxtann fyrir alla lækna, en jeg vil halda því fram, að ef settur er taxti fyrir það, sem ríkið borgar, þá á að greiða hann hvaða lækni sem notaður er. Sem betur fer er allur fjöldi þeirra berklasjúklinga, sem fá ókeypis hælisvist, þess megnugur að geta greitt lítilsháttar mismun, ef til kæmi, frá sjálfum sjer, mismun á taxta þess læknis, sem sjúklingurinn leitar til, og hinum lögskipaða taxta ríkisins. Þessi mismunur væri í flestum tilfellum svo lítill, að auðvelt væri fyrir sjúklingana að greiða hann, þótt þeir ættu ómögulegt með að bera allan kostnaðinn sjálfir. Er það mjög ósanngjarnt að neita nokkrum sjúklingi um þann skoðunarkostnað, sem ríkið vill borga sínum embættislækni, ef sjúklingurinn vill fremur leita til annars læknis og tekur að sjer að borga mismuninn. Hæstv. stj. gæti hæglega komið því í kring, að samið væri við læknana um svo sanngjarnan taxta í garð sjúklinganna, að enginn þyrfti undan að kvarta.

Hæstv. dómsmrh. vildi gera gaman úr því, sem jeg sagði um eftirlit hjeraðslæknanna. Jeg átti við það, að hjeraðslæknarnir ættu að vera hæfir til þess að hafa eftirlit með ljóslækningastofum, sem aðrir læknar setja upp í umdæmum þeirra, en eftirlitið með hjeraðslæknunum sjálfum veit hæstv. dómsmrh. hvar er eða á að vera. Hvað ljóslækningastofunni í Hafnarfirði viðvíkur, þá tel jeg það ekkert þrekvirki, þó að eftirlit með henni væri haft hjeðan úr Reykjavík,

þar sem hún er alveg undir handarjaðrinum á heilbrigðisstjórninni.

Hæstv. dómsmrh. þótti ilt, ef samkepnisstofnun kæmi hjer upp við hliðina á ljóslækningastofu ríkisins. Taldi hann óhæfu, ef slík stofnun mætti lækna berklaveika menn eftir þeim töxtum, sem ríkið setur. Jeg lít alt öðruvísi á þetta mál. Geislalækningastofan hjer í bænum hefir ekki komist af nema með miklum ríkissjóðsstyrk á hverju ári. Gæti nú einstakur maður rekið slíka stofnun hallalaust án annara fríðinda en að fá að lækna sjúklinga, sem ríkið borgar fyrir eftir taxta, sem ekki er óhæfilega hár, — hvað sýnir þá þetta? Þá væri auðsjeð, að ríkisreksturinn væri í einhverjum ólestri, ef mikil brögð væru að því, að slíkar stofnanir kæmu upp við hlið hinnar og gætu þrifist án nokkurs styrks frá ríkinu. Það væri þó gagnlegt fyrir ríkið til þess að sýna, hvað það getur, ef samkepnin er annarsvegar. Tel jeg gott og sjálfsagt, ef samkepnin fær að komast að, því að þá mundi verða vandlega athugað, hvort ekki væri eitthvað bogið við ríkisreksturinn. Samkepnina má ekki útiloka: hún er sú sanna lífæð framkvæmdanna og gerir það að verkum, að hið lífvænlega lifir, en hið fúna og feyskna fellur úr sögunni. Ef ríkið getur ekki rekið ljóslækningastofu á samkepnisgrundvelli, þá á ríkisrekstur á því sviði engan rjett á sjer.

Hvort sem hæstv. dómsmrh. líkar betur eða ver, mun jeg halda áfram að tala um frelsið, ekki síst atvinnufrelsið og athafnafrelsi einstaklingsins og frelsi sjúklinganna til þess að velja sjer lækni eftir vild. Mun jeg ætíð fylgja öllu frelsi og sjálfsákvörðunarrjetti einstaklinga, enda þótt jeg eigi ekki von á, að hægt verði að koma hæstv. dómsmrh. í skilning um það, að frelsið er mönnunum mikils virði og nauðsynlegt til þroska og til þess að fullnægja þeirri frelsisþrá, sem þeim er meðsköpuð.

Hæstv. dómsmrh. talaði um það, að sjúkrasamlög leyfðu meðlimum sínum ekki valfrelsi, þegar búið væri að semja við sjerstakan lækni. Hvað sem því líður, þá er það víst, að í sjúkrasamlagi er enginn þvingaður til að vera, og ef stjórn samlagsins er búin að semja við sjerstakan lækni, þá geta hinir óánægðu, sem ekki hafa trú á honum, gengið úr því og myndað sjerstakt sjúkrasamlag utan um annan lækni. Þessu er annan veg háttað með berklasjúklingana, og eru þeir engan veginn sambærilegir við samlagsmeðlimi. Berklasjúklingar eru yfirleitt svo fátækir, að þeir eiga ómögulegt með að velja um lækni eða ljóslækningastofu, svo framarlega sem ríkið einskorðar styrk sinn við sjerstakar stofnanir og einstaka menn. Þessir aumingjar geta því engan veginn notið þess frelsis, sem meðlimir sjúkrasamlaganna hafa, og er sannarlega ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, ef nú á að fara að beita þá ofríki.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg heyrði það á síðari ræðu hv. 3. landsk., að honum er ekki kunnugt um samninga, sem hans eigin stj. gerði um þessi mál. Ætla jeg þó ekki að lasta hann fyrir það, þar sem þetta heyrði aldrei undir hans deild í stjórnarráðinu. Hann taldi ekki nauðsynlegt að greiða öllum eftir sama taxta,

hvort sem þeir væru embættislæknar eða ekki, en hv. 1. þm. Skagf., sem hafði þessi mál þá til meðferðar, sagði, að það ætti að greiða öllum jafnt. Ef svo væri haldið áfram, þá gæti svo farið, að sjerfræðingarnir, sem heimta greiðslu eftir sínum sjerstaka taxta, fengjust ekki til þess að koma nálægt þessu, og gæti það orðið sjerlega bagalegt, ef um uppskurði eða annað slíkt væri að ræða.

Út frá þessu frelsisskrafi hv. 3. landsk. vil jeg benda á, að allmargir læknar líta svo á, að þegar landsspítalinn sje kominn upp, fái þeir allir rjett til þess að leggja sína sjúklinga þar inn og stunda þá. Þetta kemur auðvitað ekki til mála, og er alveg sama, hvaða stj. fer þá með völd. Það getur engin stj. verið svo aum, að hún hleypi þar að öðrum en föstum starfsmönnum ríkisins. Þá má líka gera ráð fyrir, að allir sjúklingar finni sig skuldbundna til þess að fara þangað, þar sem bestu tækin og duglegustu læknarnir verða. Hvaða óvitlausum manni skyldi detta í hug að láta gera á sjer uppskurð í baðstofunni í Landakoti, þegar landsspítalinn er kominn upp? Jeg býst við, að hv. 3. landsk. geti ekki hugsað sjer frelsi í þessum efnum öðruvísi en svo, að ríkið færi að borga öðrum læknum en við spítalann vinna fyrir þau verk, sem embættislæknar ríkisins áttu að gera. Hljóta allir að sjá, hvað þetta er mikil fjarstæða.

Jeg sagði í fyrri ræðu minni, að meðlimir sjúkrasamlaga hefðu ekki valfrelsi um lækna eða annað fremur en berklasjúklingar. Hv. 3. landsk. varð að játa það, en sagði, að þeir óánægðu gætu bara stofnað annað samlag. Það er nú ef til vill hægra sagt en gert. Get jeg t. d. sagt hv. þm. það, að núna alveg nýlega kom til mín form. í sjúkrasamlaginu hjer í bænum og kvartaði undan sjerfræðingunum; þeir hefðu svo háa taxta og væru eiginlega alveg að sprengja samlagið. Er það alstaðar sama sagan. Vildi hann fá hjálp stj. í þessu máli, en hún gat því miður ekkert hjálpað.

Í sambandi við frelsisyfirlýsingu hv. 3. landsk. vil jeg benda á, að það var hann sjálfur, sem barðist harðast á móti Kristneshælinu. Kristneshælið var þó gert til þess að meira rúm yrði um berklasjúkl. og til þess að holl samkepni gæti komið milli tveggja hæla, en hv. 3. landsk. vildi með sinni mótstöðu halda í einn stað, til þess að hægra væri að kúga sjúklingana og beita þá ofríki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 456).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Við 1. umr. í þessari hv. deild mættu sum atriði þessa frv. nokkurri mótstöðu. Við athugun frv. hefir allshn. reynt að taka tillit til þeirra atriða, sem bent var á að betur mættu fara, eftir því sem hún taldi sjer fært. N. hefir því orðið sammála um nokkrar brtt., sem eru að sumu leyti formbreyt., en að sumu leyti efnisbreyt. N. taldi rjett

að fella breyt. inn í lögin frá 1927 á nokkuð annan hátt en gert var í frv. Einnig fanst n. rjett, að breytt væri orðalagi 3. liðs, og ná þó sama tilgangi. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 456. Ennfremur taldi n. rjett að ganga svo frá frv., að hægt yrði að skeyta það og lögin frá 1927 inn í lögin frá 1921 og nema úr gildi lögin frá 1927. Það er ókostur að hafa mörg lög um sama efni og verða því að leita að þeim á mörgum stöðum. N. þótti því sjálfsagt að orða þessar 4 brtt. sínar svo, að mynda mætti úr þeim eina heild. Vona jeg, að hv. þdm. geti nú gengið að frv. Eftir því sem fram kom við 1. umr., þá var það aðallega haft á móti frv., að sjúklingar gætu ekki fengið að leita þess læknis, er þeir óskuðu. Brtt. n. gera þetta fært, án þess að útgjöld ríkissjóðs aukist við það. Og þar sem jeg býst ekki við, að brtt. n. mæti andstöðu, sje jeg ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, nema sjerstakt tilefni verði gefið til þess.

ATKVGR.

Brtt. 456,1 samþ. með öllum (14) atkv.

— 456,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 456,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 456,4.a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 456,4.b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 516).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 516).

Á 63. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17:1 atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 573).

**Frsm. (Magnús Torfason):** Allshn. hefir lagt það til, að frv. þetta nái fram að ganga óbreytt. Þó hafa tveir nm., þeir hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Skagf., skrifað undir nál. með fyrirvara, sem þeir að sjálfsögðu gera grein fyrir. Að því er snertir efni frv. þessa, þá er það fyrst, að stjórnarráðinu er gefin heimild til þess að ákveða hámarksdaggjald fyrir sjúklinga. Ennfremur á það að semja fyrirfram við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Og loks er stjórnarráðinu heimilt að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Þetta er fyrsti liður frv. þessa.

Þá er í 2. lið frv. ákvæði um það, að þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skuli skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi. Eins og kunnugt er, er þetta gert víða erlendis og talið gefast vel. Í sambandi við þetta er ákvæði um það, að sjúklingurinn geti fengið dálitla borgun fyrir starf sitt. Og vil jeg fyrir mitt leyti leggja áherslu á það, að sjúklingarnir fái eitthvað af laununum sjálfir, því að það er að sjálfsögðu með þá eins og aðra menn, að það gerir þeim starfið ljettara, ef til einhvers er að vinna. Þetta vænti jeg, að geti orðið sjúklingunum til góðs. Og ennfremur að fyrir vottorð og hjálp annara lækna skuli ekki greitt hærra gjald frá því opinbera en það, sem hjeraðslæknum er heimilt að taka samkv. verðskrá. Virðist þetta ákvæði að nokkru leyti sjálfsagt, þar sem læknar fá atvinnu við þetta og þegar þess er gætt, að sjerlæknarnir í þessum greinum eru einmitt embættislæknar. Getur því naumast staðist, að hærra sje goldið öðrum læknum en þeim, sem ríkið hefir á að skipa.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, sem þýðir þó ekki það, að jeg ætli að leggjast á móti frv. Jeg er ekki viss um, að það sje alveg örgrant, að þetta kunni að hafa einhver áhrif í þá átt að draga úr kostnaðinum, en hygg þó, að það verði mjög óverulegt gagn, sem það gerir í þá átt. Byggi jeg það álit mitt á því, að flest af því, sem í frv. felst, hefir verið reynt áður, en þó borið lítinn árangur. T. d. hefir ákvæðinu um sundurliðun reikninga verið fylgt, en lítið dregið úr kostnaðinum.

Ákvæðið um vinnuskyldu sjúklinga getur helst átt við hressingarhælið í Kópavogi eins og nú standa sakir. Þetta hefir verið reynt þar, en orðið lítið úr vinnu. Og þó þetta ákvæði sje máske miðað við það, að nýtt hressingarhæli verði bygt, þá legg jeg áherslu á, að með þessu ákvæði er engin ákvörðun eða afstaða til þess tekin að byggja slíkt hæli. — En á hinum berklahælunum, Vífilsstöðum og Kristnesi, er varla um marga menn að ræða, sem geta unnið.

Um 3. liðinn er það að segja, að það hefir verið ákveðið áður, að embættislausir læknar fengju ekki hærri gjöld fyrir lækningar berklasjúklinga en hjeraðslæknar eiga heimtingu á eftir taxta. Þetta hefir valdið talsverðri óánægju, en jeg vil benda á, að það hefir þó ekkert dregið verulega úr kostnaðinum. Það hefir oft áður verið talað um það, að berklavarnakostnaðurinn væri að vaxa okkur yfir höfuð. En þær till., sem um það hafa verið gerðar að draga úr honum, hafa ekki fundið náð fyrir augum þingsins. Meining mín með þessum orðum var því sú, að láta þá skoðun mína í ljós, að menn þyrftu ekki að búast við, að þetta muni draga mikið úr kostnaðinum. Sennilega verður það sama og ekki neitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 67. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 624).

## 35. Lækningaleyfi.

Á 36. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi** (þmfrv., A. 255).

Á 38. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jónas Kristjánsson):** Þetta frv. er flutt eftir beiðni landlæknis; hann hefir samið frv. og grg., sem fylgir því, og ber alla ábyrgð á því. Jeg hefi orðið til þess að flytja það hjer í hv. þd., af því að það hefir talsverða þýðingu fyrir heilbrigðismálin. Tilefni þessa frv. er það, að landlæknir hefir fengið skýrslur frá heilbrigðisnefnd þjóðabandalagsins og beiðni um, að því yrðu aftur sendar skýrslur um farsóttir hjer á landi. Hefir það boðist til að senda hingað aftur í staðinn skýrslur og vitneskju um heilbrigðisástand og farsóttir víðsvegar í heiminum. Þetta hefir samskonar þýðingu fyrir heilbrigðismálin eins og veðurskeytin hafa fyrir veðurspár. Þau gera það mögulegt að spá um veðurfarið nokkru fyrirfram.

Hingað til hafa ekki verið heimtaðar heilbrigðisskýrslur af læknum nema mánaðarlega. En nú er áríðandi, að þær komi reglulega til landlæknis, og samkv. frv. er ætlast til, að þær sjeu sendar strax eða jafnóðum, svo að landlæknir geti sent þær til þjóðabandalagsins samstundis. Jeg þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. Í grg. er ljóslega bent á nauðsyn þess. Jeg vil aðeins mælast til, að því verði lofað að ganga fram með nægum hraða til þess að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Vona jeg, að því verði tafarlaust vísað til 2. umr., og hefði það átt að geta gengið þangað nefndarlaust; en ef hv. d. sýnist það ekki gerandi, þá vil jeg stinga upp á, að frv. verði vísað til allshn.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg vil aðeins beina því til hv. flm., hvort þetta frv. geti orðið annað en pappírslög, og spyrja hann, hvort læknar geti yfirleitt komið heilbrigðisskýrslum í póst vikulega fyrir hvert mánudagskveld fyrir vikuna næstu á undan. Mjer sýnist, að 1. málsl. 1. gr. frv. geti ekki orðið fullnægt; oft hagar þannig til, að læknar verða í ferðalögum og geta ekki verið viðlátnir heima á þeim tíma, sem þeir eiga að senda skýrslurnar.

**Flm. (Jónas Kristjánsson):** Þessi 1. málsl. 1. gr. frv. á aðeins við þá lækna, sem eru hjer í Reykjavík, og ef til vill Hafnarfirði, en ekki hjeraðslækna úti um land. **(JóhJóh:** Mjer skilst, að hann eigi að ná til allra lækna). Það er ætlast til, að hjeraðs-

læknar gefi aðeins mánaðarskýrslur, þegar í lok hvers mánaðar; eða þannig skildi jeg frv. og landlækni. Jeg geri ráð fyrir, að læknar hjer í Reykjavík, og ef til vill í Hafnarfirði, geti gefið heilbrigðisskýrslur vikulega. Auðvitað geta þeir verið forfallaðir frá því. Þessar skýrslur gefa praktiserandi læknar til hjeraðslækna, en þeir senda þær aftur til landlæknis, eftir að hafa sameinað þær.

**Halldór Steinsson:** Jeg lít eins á þetta frv. og hv. þm. Seyðf. Fyrsta málsl. 1. gr. er ekki hægt að skilja öðruvísi en þannig, að þau fyrirmæli eigi að ná til allra lækna. Ef það á ekki að vera tilgangur frv., þá er sannarlega full ástæða til að vísa því til n. til nánari athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 392).

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Jeg vil aðeins leyfa mjer að geta þess, að þær smábreyt., sem allshn. hefir leyft sjer að gera við þetta frv., eru gerðar í samráði við hv. flm. frv., en þær eru svo smávægilegar, að jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.

Brtt. 392,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 392,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 392,3 samþ. með. 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 433).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 433).

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 571).

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** N. er öll sammála um að leggja það til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Það gengur út á að flýta skýrslum lækna, og þó að n. þyki tíminn, sem læknunum er ætlaður til skýrslugerða þess-

ara, heldur knappur, þá sjer hún þó ekki ástæðu til að koma með brtt. við frv., og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 625).

---

## 36. Kirkjugarðsstæði í Reykjavík.

Á 23. fundi í Ed., 15. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.** (stjfrv., A. 120).

Á 25. fundi í Ed., 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Þetta frv. er komið fram af því, að það hefir gengið nokkuð seint að fá ákveðið kirkjugarðsstæði í Reykjavík, en það kemur aftur til af því, að það eru tveir aðilar, ríkið annarsvegar, en bærinn hinsvegar, sem hafa þurft að vinna saman, en það hefir gengið mjög treglega að fá bæinn til að taka ákvörðun fyrir sig.

Í grg. frv. er getið um það, hvernig mál þetta hefir reynst ríkissjóði. Fyrir nokkrum árum síðan var gamli kirkjugarðurinn uppgenginn. Keypti ríkið þá mel hjá kirkjugarðinum fyrir 20 þús. kr. og ljet síðan girða landið, fyrir 40 þús. kr., svo neyddist landið til að láta flytja þangað mold, og hafa í það farið 80 þús. kr. Það er þannig geysimikið fje, sem farið hefir í þessa kirkjugarðsráðstöfun, án þess að málið sje þó leyst nema til skamms tíma. Ef nú svo óheppilega vildi til, sem þó er vonandi að ekki verði, að hingað kæmu skæð veikindi, eins og t. d. inflúensan haustið 1918, þá gæti farið svo, að kirkjugarðurinn yrði uppnotaður eftir fáa mánuði, og bærinn þá kirkjugarðslaus. Nú er ekkert land til hjer við bæinn, en talað hefir verið um tvo staði, sem komið gætu til mála, inni við Elliðaár eða inni í Fossvogi. En hvernig sem með málið er farið, þá verður að útvega nýjan kirkjugarð, og ef það er land, sem eitthvað þarf að gera við, t. d. ræsa fram, þá getur það tekið dálítinn tíma að gera það nothæft.

Það er þess vegna farið fram á það, að Reykjavíkurbær leggi til óræktað land, sem bærinn á, fyrir kirkjugarð, og síðan sje ráðgast um það við stjórnir safnaðanna hjer í bænum, og bæjarstj., ef hún óskar þess, hvort landið eigi að taka, og síðan verður farið að undirbúa þann reit, svo að hann geti verið hæfur til greftrunar í, þegar núv. kirkjugarður er uppnotaður. En af því að hver landsstj. hlýtur að óska þess að bærinn taki að sjer kirkjugarðsmálið, þá er svo ákveðið í 2. gr.

frv., að bærinn geti tekið við því með samningi við hlutaðeigandi ráðh. Þetta hefir töluverða fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, og gæti auk þess verið óþægilegt, ef bæjarstj. vildi ekki kveða á um það, hvaða land hún ljeti undir kirkjugarð, en gæti svo sagt við ríkisstj.: Nú verðið þið að útvega okkur kirkjugarð, því að nú er ekkert til lengur að greftra í. — En jeg skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en óska, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og allshn.

**Jón Þorláksson:** Það er sjálfsagt ekkert óeðlilegt að reyna að fá einhverja aðra skipun en þá, sem verið hefir, á kirkjugarðsmálefni Reykjavíkur, og þar getur verið um það að ræða fyrir ríkisstj., sem nú hefir að lögum á sínum höndum að leggja söfnuðunum til kirkjugarð, að leita eftir samkomulagi, annaðhvort við sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðarins eða bæjarstj.

Þetta frv. fer frekar í þá átt, að leitast verði við að fá bæjarstj. til að taka málið að sjer; það er að því leyti eðlilegra heldur en hin leiðin, að það er ekki nema nokkur hluti bæjarbúa í þjóðkirkjusöfnuðinum, en mjer þykir dómsmrh. hafa mistekist heldur hrapallega smíðin á 1. gr. þessa frv. — Jeg hefi altaf haldið að 63. gr. stjskr. verndaði eignir sveitarfjelaga jafnt og einstaklinga gegn því að verða frá þeim teknar endurgjaldslaust, þar sem svo er ákveðið, að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína, nema fult verð komi fyrir. En hjer setur hæstv. ráðh. í 1. gr., að þetta skuli látið af hendi án endurgjalds, sem mjer sýnist vera alveg gagnstætt tilsvarandi ákvæðum stjskr., og jeg verð að segja það, að ef á að leita samkomulags við einhvern af hálfu ríkisstj., sem miðar að því að ljetta af ríkinu skyldum, sem það nú hefir og sem því eru heldur óþægilegar og erfiðar, þá sýnist mjer það vera æðióheppileg byrjun á slíkum samkomulagsumleitunum að flytja lagafrvgr., sem fer beinlínis fram á það að svifta aðilann rjetti, sem honum er trygður samkv. stjskr.

Alt fyrir þetta ætla jeg ekki að setja mig á móti því, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og n., sem þá væntanlega lagfærir þennan galla.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Það er aðallega fyrirkomulagsatriði, sem hv. 3. landsk. gerði hjer að umtalsefni, því að það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, að ef bærinn vildi fara að selja ríkinu landið dýrum dómum, þá getur þingið komið því svo fyrir að hækka legkaupið að sama skapi, sem þá kemur aftur niður á bæjarbúum, svo að það er sama, hvort bærinn lætur landið af hendi fyrir ekkert eða hefir annað fyrirkomulag; þá verður legkaupið dýrara, sem bæjarfjelagið verður að borga. En annars vil jeg geta þess, að einn af æfðustu lögfræðingum þessa lands, sem er töluvert eldri en hv. 3. landsk., hefir samið þetta frv. fyrir stj. og ekki sjeð, að það væri neinn formgalli á því, enda er þetta samkv. þeirri venju, sem er í sveitum þessa lands, að landeigandi verður að láta land endurgjaldslaust undir kirkjugarð.

**Jón Þorláksson:** Það getur náttúrlega vel verið, að það sje ekki stórt fjárhagsatriði, hvorki fyrir bæjarsjóð Reykjavíkur eða borgara bæjarins, hvernig þessu er hagað, en mjer skilst hitt vera nokkuð stórt atriði fyrir sveitarfjelög landsins yfirleitt, hvort þau eiga að halda þessum rjetti, sem landsmönnum er trygður með 63. gr. stjskr., eða hvort það á að verða svo, að ríkið geti komið og heimtað eignir sveitarfjelaganna án endurgjalds.

Jeg held að það þýði ekki að vísa til neins samanburðar á því, sem á sjer stað í sveitum; það mun vera svo, þar sem kirkjur og kirkjugarðar eru, að það sje alstaðar kvöð á eiganda þeirrar jarðar að halda kirkjugarðsstæði; jarðeigandi mun aftur hafa haft fyrir það nokkrar tekjur. En hvernig farið hefir eftir síðari lagabreytingar, skal jeg ekki segja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 235).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og sjá má á þskj. 235, er n. öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með lítilli breyt. Að vísu hefir einn nm., hv. þm. Seyðf., skrifað undir nál. með fyrirvara, en sá fyrirvari snertir fremur form frv. en efni. Hann er ekki viðstaddur hjer nú, en mjer er óhætt að segja, að fyrirvari hans er þessi. N. viðurkennir, að rjett og sanngjarnt sje, að Reykjavík leggi fram land til kirkjugarðsstæðis endurgjaldslaust, en n. þykir þó rjettara að ákveða þetta ekki með lögum, heldur með samningi, einkum þar sem samningaumleitanir um kirkjubygginga og einnig viðvíkjandi kirkjugarði eru á döfinni. Hefir því n. lagt til, að orðið „endurgjaldslaust" falli burt.

Önnur atriði þarf ekki að ræða við þessa umr. Tel jeg víst, að frv. gangi í gegn, ef brtt. þessi verður samþ.

ATKVGR.

Brtt. 235 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 273).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 273).

Á 40. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 353).

**Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson):** Eins og nál. ber með sjer, voru allir nm., er á fundi voru er málið var tekið fyrir, sammála um að leggja til, að það væri samþ. eins og það kom frá hv. Ed. Er hin mesta nauðsyn að fá land undir nýjan kirkjugarð hjer, því þessi, sem fyrir er, er að verða of lítill og algerlega ómögulegt að stækka hann, en þess væri þörf á næsta ári eða svo, ef ekki yrði hætt við jarðarfarir með öllu og bálfarir upp teknar í þeirra stað. Einnig er gott, að þetta frv. verði samþ., ef bærinn skyldi vilja breyta fyrirkomulagi þessara mála.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 423).

---

## 37. Fjáraukalög 1928.

Á 44. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:

**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928** (stjfrv., A. 332).

Á 47. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 543).

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Fjvn. hefir athugað þetta frv. og hina ýmsu útgjaldaliði þess. Þá hefir hún og kynt sjer heimildir fyrir greiðslum og ýmsa liði, er ekki hafa verið nægilega skýrgreindir í aths. við frv. Leggur n. til, að frv. verði samþ. með einni breyt., er hæstv. fjmrh. hefir óskað eftir. Er hún þess efnis, að bætt verði við eftirlaunum til Friðriks Jónssonar pósts fyrir árið 1928. Síðasta Alþingi ákvað honum eftirlaun og samkv. venju hafa honum verið greidd þau fyrir 1928. Er nú leitað aukafjárveitingar fyrir því, og telur n. sjálfsagt að veita hana.

Jeg sje nú ekki ástæðu til þess að fjölyrða um hina einstöku útgjaldaliði, en vil þó fara nokkrum orðum um suma þeirra. Útgjöldin hafa alls numið 260 þús. árið 1928. Til samanburðar skal jeg geta þess, að árið 1927

voru þau 150 þús. eða um 100 þús. kr. lægri. Aftur voru útgjöld fjáraukalaganna 1926 280 þús., eða lítið eitt hærri en nú. Sjest af þessu, að á ýmsu veltur með þessi útgjöld og að þau eru mismunandi frá ári til árs.

Skal jeg þá víkja að nokkrum einstökum liðum.

Það er þá fyrst 2. gr. Er þar kostnaður við aukna toll- og löggæslu. Var bætt við nokkrum nýjum starfsmönnum, og eru þetta laun þeirra ásamt fleiru. Er gerð grein fyrir þessari starfsmannafjölgun í aths. við frv. Auk þess hefir n. fengið sundurliðaða skrá yfir þennan kostnað.

Við 3. gr. er ekkert að athuga.

En við 4. gr. vil jeg geta þess, að aðalupphæðirnar þar eru framlög til bygginga og endurbóta á ríkisskólum, og hjeraðsskólum að ákveðnum hluta. Öll þessi upphæð nemur 120 þús. kr. Stærstu liðirnir eru til byggingar skóla- og íbúðarhúsa á Hólum. Eins og kunnugt er, brann þar og þurfti því að byggja upp aftur. Er þessi upphæð það, sem greiða þurfti umfram það, er brunabótafjelagið greiddi, því sú upphæð hrökk ekki til fyrir byggingarkostnaði. — Önnur helsta upphæðin er til skólabyggingar á Laugarvatni. Eru það 38 þús. Þetta hefir áður verið veitt í fjárl. 1926 og 1927.

Til skýringar útgjöldunum við 16. gr. fjárl. skal jeg geta um 3. lið 5. gr. Hafa þar verið veittar rúmar 3 þús. kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðs fyrir landi jarðanna Einarshafnar og Skúmsstaða. Er þetta hálfur kostnaður við verkið. Hefir undanfarin ár allvíða verið veittur af ríkinu styrkur til samskonar aðgerða. 7. liður sömu gr. er til fyrirhleðslu Þverár í Eyjafirði, 1100 kr. Er það helmingur kostnaðar. Þessi fjárveiting byggist á því, að á þessi hefir brotist úr farvegi sínum og flætt yfir engi nærliggjandi jarða, en um leið hefir hún lagst að þjóðveginum, sem liggur upp frá Eyjafjarðarbrúnni, svo að hann er í hættu vegna þessa vatns. Með það fyrir augum hefir ríkið gengist undir að greiða kostnaðinn við þetta að hálfu leyti. Þetta er ekki allur kostnaðurinn, því enn er unnið að þessu verki. En nú þykir mjer líklegt, að því verði lokið í vor, og verður þá ríkið að greiða eitthvað meira.

9. liður er til fyrirhleðslu Skálmar. Skal jeg geta þess, að ríkið hefir gengist inn á að greiða hálfan kostnað. Þessi fyrirhleðsla á að vera til varnar nokkrum bæjum í Álftaveri. Samkv. skýrslu Búnaðarfjelags Íslands er áætlaður kostnaður 3500 kr. Þetta hefir þó farið nokkuð fram úr áætlun, og hefir ríkið greitt nokkuð af þeim umframkostnaði.

12. liður er til varnar gegn vatnságangi af Kúðafljóti. Er það upplýst, að Búnaðarfjel. Íslands hefir sjeð um þessa fyrirhleðslu, sem á að verða til varnar nokkrum jörðum þar eystra, sem allar eru eign ríkissjóðs. Og með það fyrir augum hefir það orðið að ráði samkv. till. Búnaðarfjelagsins, að ríkið legði fram 3000 kr. til þessa, en Búnaðarfjel. 1000 kr.

Um 6. gr. hefi jeg ekkert sjerstakt að segja.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að 7. gr. Stærsti útgjaldaliðurinn þar er til undirbúnings alþingishátíðarinnar 1930, að upphæð 49 þús. kr. N. kynti sjer eftir föngum, hvernig þessum útborgunum er háttað og fjekk

nokkrar upplýsingar þar að lútandi. Skrifstofustjóra Alþingis, er var gjaldkeri nefndarinnar fram að síðastliðnu hausti, mun hafa verið ávísað 17 þús. kr., og er talið, að þær hafi farið til undirbúnings. N. hefir nú nokkuð kynt sjer þær greiðslur og komist að raun um, að þær hafa að langmestu leyti farið til þess að greiða kostnað við að laga vellina á Þingvöllum, sljetta þá, græða og girða. Þá hafa Magnúsi Kjaran, er ráðinn mun hafa verið framkvæmdastj. alþingishátíðarnefndarinnar, verið ávísaðar 12 þús. kr. til ýmislegs undirbúnings. En nefndin átti ekki kost á að kynna sjer þær greiðslur, því viðkomandi maður hefir ekki verið staddur hjer í bænum. Þá hafa og verið lagðar fram 5 þús. kr. til að verðlauna ljóðaflokka. Einnig hefir húsameistari ríkisins fengið 10 þús. kr. ávísun til þess að flytja Valhöll úr stað. Býst jeg við því, að mörgum sje kunnugt um það, að það hefir þegar verið gert. Einnig hefir konungshúsið svokallaða verið flutt. Hafa þessar 10 þús. kr. runnið til þessa og ýmislegs annars. Ennfremur hefir vegamálastjóri fengið 5000 kr. til ýmislegra vegagerða á Þingvöllum, með það fyrir augum að greiða fyrir væntanlegu hátíðahaldi.

Jeg held svo, að það sje ekki ástæða til þess að taka fleira fram um þessa liði, enda er nú orðið fáment í deildinni. Endurtek jeg svo till. fjvn., að frv. verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. fjvn., hvort þær 13 þús. kr., sem búið er að greiða til ríkisgjaldanefndarinnar, sje allur sá kostnaður, er verður af þessari nefnd.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Það kom fram í fjvn., að þetta mundi ekki vera allur kostnaðurinn. En jeg man ekki, hvort það lá þá fyrir, hvað mikið væri eftir að greiða. En áður mun búið að greiða 5 þús. kr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 543 samþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 576).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 576).

Á 66. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 576, n. 649).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Fjvn. hefir nú yfirfarið þetta frv. og borið það saman við þau skjöl og skilríki, sem fyrir hendi voru. N. lítur svo á, eins og fram er tekið í nál. á þskj. 649, að rjett sje að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg skal einungis taka það fram, að skjöl þau, sem fyrir n. lágu og sem hv. frsm. drap lítillega á, voru mjög ófullnægjandi og ófullkomin sem rökstuðning fyrir nauðsyn eða rjettmæti gjalda þeirra, sem í frv. felast.

Fjvn. átti mjög örðugt með að átta sig á því, hvort fjáraukalögin væru að öllu leyti eins og vera ber. Væri æskilegt, að betri skilagrein væri látin fylgja fjáraukalagafrumvörpum, þegar þau eru lögð fyrir þingið, enda væri endurskoðendunum mjög gert hægra um vik með því. Jeg hjelt, að hv. frsm. myndi taka þetta fram, en úr því hann gerði það ekki, þá kvaddi jeg mjer hljóðs til þess að geta þessa stuttlega.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg skal fúslega viðurkenna það, sem hv. þm. Seyðf. sagði í ræðu sinni. Það lágu ekki fyrir skjöl viðvíkjandi öllum liðum frv. En þrátt fyrir það tók n. ákvörðun þá, sem felst í nál., og jeg veit ekki til, að nokkur einstakur nm. hafi gert aths. um þetta atriði í fundarbókinni. Sem frsm. fann jeg enga ástæðu til þess að taka þetta sjerstaklega fram. Jeg lít svo á, að hv. þm. Seyðf. hafi gert þessa aths. sem einstakur nm. og sem þm., en ekki í nafni n.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg hefi ekkert út á það að setja, þótt hv. þm. Seyðf. hefji aðfinslur út af því, að eigi hafi nægileg grg. fylgt frv. þessu til fjáraukalaga, sem hjer liggur fyrir. Jeg játa, að svo er í raun og veru. En öll þau ár, sem jeg hefi setið í fjvn. þessarar hv. deildar, hefir n. ekki haft við aðrar heimildir að styðjast en þær skýringar, sem fylgdu frv. N. hefir því sjaldnast haft tök á að rannsaka gaumgæfilega hvern einstakan lið eða gera sjer ljósa grein fyrir þeim ástæðum, er legið hafa til þess að fjárgreiðsla var rjettmæt eða óhjákvæmileg. Í þetta sinn er sömu sögu að segja. Jeg tek því alls ekki illa upp aths. hv. þm. og er honum samdóma um það, að æskilegt sje að sem fullkomnastar skýringar fylgi hverjum fjáraukalögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til. 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 704).

---

## 38. Lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

Á 66. fundi í Ed., 11. maí, var útbýtt:

**Frv. til l. um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina** (þmfrv., A. 598).

Á 67. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og sjest á frv. þessu og grg. þeirri, sem því fylgir, er það flutt af fjhn. þessarar hv. deildar. Um frv. er ekki annað að segja en það, að hæstv. fjmrh. hefir óskað eftir að fá í einu lagi heimild til lántöku samkv. sjerstökum lögum, bæði frá yfirstandandi þingi, þinginu í fyrra og eldri lögum. Hæstv. ráðh. telur hagkvæmara að fá þessa heimild í einu lagi, og telur nefndin það eðlilegt og hefir því flutt frv. þetta. Jeg skal svo ekki lengja þetta mál, en skal aðeins bæta því við, að með því að frv. er flutt af n., sje jeg ekki ástæðu til að því verði vísað til n. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Þorláksson:** Jeg á sæti í þeirri n., er greiddi götu þessa frv. inn í þingið fyrir tilmæli hæstv. fjmrh. En jeg vildi samt við þessa 3. umr. málsins láta fylgja því nokkrar almennar aths. frá mjer.

Frv. þetta felur ekki neitt annað í sjer en að safna á einn stað þeim lántökuheimildum og heimildum til lánsfjárnotkunar, sem búið er að gefa og

verið er að gefa í ýmsum lögum og með fjárlagaákvæðum. Það er því algerlega formlegs efnis og á ekki að hafa í för með sjer neinar breyt. á þeim lögum, sem þegar hafa verið afgr. eða er nú verið að afgr. En þar sem hjer er um svo merkilegt mál að ræða, þykir mjer rjett að minna á, að í árslok 1923 voru ríkisskuldirnar um 18 milj. króna. En samkv. síðasta uppgerðum landsreikningi voru þær í árslok 1927 kr. 11288749.77. Það er því ekki lítið spor, sem verið er að stíga, þegar ráðgert er að taka 12 milj. kr. lán, eða nokkru hærra en allar ríkisskuldirnar eru taldar í síðasta landsreikningi.

Þó nú búið sje að veita allar þessar lántökuheimildir, þá virðist mjer samt svo, að það sje mjög athugaverð fjármálastefna, er kemur fram í þessu. Það er nú svo ástatt með okkur, að við búum yfirleitt við góðæri, og lýsir það sjer á margan hátt. Í peningamálunum er það svo, að seðlabanki landsins, Landsbankinn, á um 10 milj. kr. erlendis, sem hann telur rjettilega geymdar þar, þar sem óvíst er, að fljótlega sje hægt að finna svigrúm fyrir þær til ávöxtunar með því að draga þær inn í landið. Vinnubrögðin í landinu eru svo, að heita má að allar hendur sjeu starfandi. Þegar svona er ástatt, þá er mjög erfitt að draga stórfje inn í landið, svo að það verði til nokkurs raunverulegs gagns. Það fást ekki fleiri hendur til þess að vinna. Það er því spurning, hvort það borgar sig að fá erlent fje inn í landið eins og nú stendur á. Aukning allskonar starfa og framfara í landinu er vitanlega sjálfsögð og nauðsynleg, en það er ávalt hollast, að framþróunin sje stöðug og jöfn, en verði ekki í stórum stökkum annað veifið, en svo kyrstaða á milli þess. Með þeim sveiflum, sem hjer eru á atvinnulífinu, getur lánsfje komið að góðum notum, ef því er veitt inn í landið þegar tímarnir eru erfiðir. Þá hefir það þau áhrif, að það heldur við atvinnunni og styður að aukningu atvinnufyrirtækjanna. Þess vegna er það mín skoðun, að eins og nú stendur á sje ekki rjett að ráðast í það að taka stórlán, nema það fáist með mjög aðgengilegum kjörum.

Af þeim lántökuheimildum, er stj. hefir áður fengið og taldar eru í 2. gr. frv., hafa sumar valdið miklum ágreiningi og sumar eru svo, að jeg álít, að hæstv. stj. ætti alls ekki að notfæra sjer þær. Sjerstaklega vil jeg þar tilnefna heimild til lántöku til þess að byggja nýtt strandferðaskip. Álít jeg það alveg skakt spor að ráðast í slíkt. Vil jeg taka það skýrt fram, að jeg er engu síður á móti því nú, að stj. noti þessa lántökuheimild, en jeg hefi áður verið. Hygg jeg, að bráðum komi úr annari átt till. til umbóta á siglingum og strandferðum hjer við land, sem er miklu betri og kostnaðarminni en að fara að bæta við nýju strandferðaskipi á stærð við „Esju“.— Sama er að segja um brúargerðalántökuheimildina frá 1919. Hún hefir aldrei verið notuð ennþá, því sú stefna hefir verið ríkjandi, að það væri athugavert að nota lánsfje til slíks, og tel jeg það vel farið. Mjer finst fyrir mitt leyti, að það megi alls ekki eiga sjer stað, að lánsfje sje notað til fyrirtækja, er gefa jafnlítinn beinan hagnað og brúargerðir.

Aftur er það annað, sem allir eru

sammála um að lána fje til, en það er fyrsti liður þessa frv., stofnfje ríkissjóðs til Landsbankans. Eins og nú er komið löggjöfinni um bankann, má búast við, að þetta lán verði byrði á fjárlögunum. Er þetta einn þáttur í þeirri óheppilegu fjármálastefnu, er hefir verið ríkjandi síðan eftir kosningarnar 1927, er sú breyt. var gerð á Landsbankanum, er sviftir ríkissjóð 100 þús. kr. árlegum tekjum af þessari stofnun. Upphæð þessi var eftir l. frá 1927 ætluð til þess að ríkissjóður gæti skaffað bankanum nýtt stofnfje án þess að þurfa þess vegna að leggja þungar byrðar á skattborgarana. En eins og nú er orðið, fer það eftir því, hvort hægt er að fá lán með góðum kjörum, hversu skattþegnarnir komast hjá að greiða sjerstakt gjald vegna þessa stofngjalds til Landsbankans. Munurinn á þessum 2 bankalögum er sá, að samkv. fyrri l. frá 1927 á Landsbankinn að greiða 6% af öllu stofnfje sínu, bæði gamla og nýja innskotsfjenu, en eftir lögunum frá 1928 aðeins 6% af viðaukanum. Það er mjög óvíst, að það fáist svo góð lánskjör, að hægt sje að standa straum af því erlenda láni með þeim 6%, er bankinn greiðir.

Jeg álít samt rjett, að stj. fái þessa lántökuheimild, og að hún fái hana skýrt og vel orðaða, svo að engin fyrirstaða geti orðið á því formsins vegna að fá hin bestu lánskjör, sem fáanleg eru. En þó jeg telji rjett að veita heimildina, þá vil jeg þó taka það skýrt fram, að jeg er að ýmsu leyti ósammála þeirri fjármálastefnu, er leitt hefir til þess, að svo stór lántaka er framundan.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg hefi ekki mikið að segja út af því, er hv. 3. landsk. mælti. Það er öllum vitanlegt, hvers vegna þetta frv. er fram komið. Það er aðeins til þess að setja í eitt þær heimildir, sem þingið hefir áður gefið stj. til þess að taka lán til ýmsra framkvæmda. Hv. 3. landsk. veit vel, að þegar taka þarf lán utanlands, þá er það til mikilla óþæginda, að lántökuheimildirnar sjeu í ýmsum lögum, enda er venja að hafa þetta svo hjá öðrum þjóðum, er gefa svipaðar heimildir. Hjer er aðeins um form að ræða og engu bætt við, heldur aðeins teknar saman þær heimildir, er nú liggja fyrir um að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að deila um það við hv. 3. landsk., hvort hyggilega sje stofnað til hinna einstöku lánsheimilda. Það má vitanlega altaf deila um það, því menn líta svo misjöfnum augum á hlutina. En jeg vil benda á það, að þó þetta fje yrði alt tekið að láni, þá mundi það aðeins hrökkva til þess að fullnægja 3 stærstu lánsheimildunum, sem veittar hafa verið, nefnil. Byggingar- og landnámssjóði, Landsbankanum og veðdeild Landsbankans. Með þessu er þó ekki sagt, að fjeð verði eingöngu notað til þessara framkvæmda; sennilega verður veðdeildin að víkja fyrir öðru nauðsynlegra.

Jeg get ekkert sagt um það, hve hátt lán verði tekið, eða hvort það muni verða að svo stöddu. En ef tækifæri gefst milli þinga til þess að komast að sæmilegum lánskjörum, þá er mikil fyrirgreiðsla að hafa heimildina. Á-leit jeg því rjett að telja upp flestar

þær heimildir, er gefnar hafa verið, án þess þó að það sje á nokkurn hátt bundið við það að nota fje til alls þess, er talið er upp í 2. gr.

Það má ef til vill deila um það, hvort rjett sje að taka lán. En jeg fæ ekki sjeð, að þau fyrirtæki og stofnanir, sem ákveðið er í lögum að setja upp fyrir lánsfje, geti tekið til starfa nema lán sje tekið, enda beinlínis til þess ætlast af þinginu. Og jeg verð að líta svo á, að stj. beri að gera ráðstafanir til þess, að framfylgt verði þeim lögum, er þingið hefir afgreitt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 598).

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Eins og hv. þdm. muna, þá afgr. síðasta þing ýmsar lántökuheimildir handa ríkisstj. Sama hefir og þetta þing gert. Þessar lánsheimildir eru í mörgu lagi og er erfitt að sameina þær, er til lántöku kemur. Þegar þessi lög voru samin, var það vitað, að til framkvæmda á þeim var óhjákvæmilegt að taka lán. Frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, er fram komið til þess að setja þessar lántökuheimildir í ein lög, svo greiðara verði um lántöku, þegar að því kemur, fyr eða síðar, að lán verði tekið til þess að fullnægja þeirri starfrækslu, sem lögin mæla fyrir, að sje gerð. Það er reglan, þegar lán er tekið í útlöndum, að spurt er um heimild þá, er ríkisstj. hafi til lántökunnar. Er þá erfitt að sýna þær heimildir, sem felast í hinum og þessum lögum. Miklu hægara er að hafa aðeins ein lög, er vísa má til. 1. gr. þessa frv. er skilyrðislaus heimild til að taka alt að 12 milj. kr. lán. Í 2. gr. eru svo talin upp flestöll lög, sem nú eru í gildi og lántökuheimild fela í sjer. En þó þetta sje hjer upp talið, þá er ekki þar með sagt, að þessi heimild verði að fullu notuð. Verður það að fara eftir atvikum og verður að ráða fram úr því hvað sitja skuli fyrir og hvað búa verður á hakanum. Frv. þetta er borið fram af hv. fjhn. Ed. fyrir mín tilmæli, og var enginn ágreiningur um það í n. eða í hv. Ed. Var þar álitin þörf að safna þessu svo saman sem hjer er gert. Vænti jeg þess einnig, að þessi hv. deild geti fallist á að setja umræddar lánsheimildir í þetta form. Hefi jeg beðið formann hv. fjhn. þessarar deildar að taka frv. þetta til athugunar í þeirri n., svo frv. geti fengið sem greiðasta afgreiðslu hjer í þessari hv. deild, þar sem það þarf að afgreiðast næstu daga. Jeg veit ekki, hvort hv. fjhn. hefir getað tekið frv. til athugunar. Ef svo er eigi, legg jeg til, að því verði vísað til hennar. En komi fram yfirlýsing frá hv. formanni þeirrar n. um, að frv. hafi verið athugað og að n. geti fallist á það, þá tel jeg þarflaust að vísa því til n. hjer. — Vildi jeg gjarnan óska eftir áliti hv. form. fjhn. um þetta.

**Halldór Stefánsson:** Jeg vil aðeins geta þess, að samkv. ósk hæstv. fjmrh. tók fjhn. Nd. þetta mál til athugunar þegar eftir að það var afgr. frá Ed., og allir þeir, sem á fundi mættu, mæltu eindregið með því, að frv. nái fram að ganga. Sömuleiðis hygg jeg, að jeg geti sagt eftir samtali við hina nm., að þeir muni ekki leggjast á móti málinu.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg stend alls ekki upp til þess að mæla gegn þessu frv. Það er sjálfsagt, að frv. verði samþ., því að ætíð er hægara að fá lán erlendis þegar lánsheimildin er ein en þegar þær eru margar, og auk þess er gott, að þingið fái að sjá, hvað það er búið að gera.

En úr því að mál þetta er til umr., vil jeg spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki liggi fyrir tilboð um lán nú. Hefi jeg heyrt, að svo sje, og þætti gott að fá svar, ef þetta er ekki leyndarmál.

Ennfremur vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðh., hvort stj. hafi hugsað sjer að taka lán til allra þeirra framkvæmda, sem getið er í 2. gr. frv. og heimildarlög eru til fyrir. Um sumar þeirra er það að segja, að mjög liggur á að fá það fje, er með þarf, svo sem til byggingar- og landnámssjóðs, Búnaðarbankans og Landsbanka Íslands. Ef þetta alt er tekið, vantar ekki mikið á, að sú fjárhæð verði fylt, sem frv. gerir ráð fyrir, sjerstaklega ef ráðist er í stofnun síldarbræðslustöðvar og útvarpsstöðvar.

Jeg tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri ákveðið að taka lán til allra þeirra hluta, sem þarna eru taldir, og vil jeg mega skilja orð hans þannig, að t. d. verði ekki á næstunni ráðist í smíði nýs strandferðaskips, heldur ekki til brúargerða og sennilega ekki til húsagerðar ríkisins, þótt þessi heimildarlög sjeu tekin með.

Ennfremur vildi jeg spyrja hæstv. ráðh. um það, hvernig hann skilur þessa lántöku fyrir Byggingar- og landnámssjóð og Búnaðarbankann viðvíkjandi vaxtagreiðslum, hvort vextir af þessum lánum muni falla á ríkissjóð. Í lögunum er ekkert ákvæði um þetta, en hitt þykist jeg viss um, að ríkissjóður verði að greiða afborganirnar, því að annars mundu hlutaðeigandi stofnanir dragast saman og verða að engu á þessum tíma. Ef lánið er tekið til 20 ára og árlegir vextir nema um 700 þús. kr., verður þarna fastur útgjaldaliður, sem nemur um ½ milj. kr. á ári. Og ef svo er, er ekki um annað að gera en auka skatta eða að draga úr verklegum framkvæmdum, en hvorttveggja er afleitt.

Mjer þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti svarað þessum spurningum mínum, en sætti mig vel við, þótt það verði ekki fyr en við síðari umr. þessa máls, ef hæstv. ráðh. kæmi það betur.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf., hvort tilboð liggi fyrir um lán, get jeg svarað því, að ekkert tilboð liggur nú fyrir. Hvað því viðvíkur, hvenær stj. hugsi sjer að taka þetta lán, er það að segja, að hún hefir ekki búist við að gera það bráðlega, meðfram vegna þess, að tími til þess að taka lán erlendis virðist óheppilegur sem stendur, en miklar líkur eru til þess, að betri kjör fáist síðar. Að vísu er sá

tími takmarkaður, sem hægt er að bíða með alt þetta lán, en jeg geri mjer von um, að hægt verði að starfrækja það, sem hjer er gert ráð fyrir og bráðast kallar að, þótt eitthvað dragist með lántökuna.

Þá mintist hv. þm. á það, að ekki væri rjett að taka lán til allra þeirra framkvæmda, sem getið er um í frv. Það er ekki meiningin að taka þetta lán alt í einu, en annars er ekkert ákveðið um það. Eldri lánsheimildirnar, frá 1919, um brúargerðir og húsagerðir ríkisins, tók jeg aðallega upp til þess að hafa þær með öðrum lánsheimildum, án þess að jeg hafi sjerstaklega hugsað um að taka lán til þess.

Ennfremur mintist hv. þm. á vaxtagreiðslur Byggingar- og landnámssjóðs, Búnaðarbankans og Landsbankans. Hvað Byggingar- og landnámssjóð snertir get jeg ekki gefið fullnægjandi svör, en jeg hefi hugsað, að því láni, sem yrði tekið, yrði ekki eytt á einu eða tveimur árum, heldur notuð 1 milj. kr. á ári.

Í lögum um Byggingar- og landnámssjóð er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 200 þús. kr. á ári. Þetta hefi jeg skilið þannig, að þessar 200 þús. kr. ættu að ganga til þess að greiða mismuninn á útlánsvöxtum sjóðsins og vöxtum af því láni, sem tekið yrði handa honum. Mjer fanst hv. þm. gera ráð fyrir því, að lánið yrði tekið til 20 ára. Þetta er alls ekki ráðið. Hitt er líklegra, að lánið yrði tekið til eins langs tíma og gert er ráð fyrir að sjóðurinn sjálfur láni út fjeð, svo að afborganir á útlánum sjóðsins geti að nokkru staðið straum af afborgunum af heildarláninu.

Um Búnaðarbankann get jeg ekkert sagt að svo stöddu, en í lögunum er það heimilað, að stj. geti frestað framkvæmd veðdeildar bankans. Annars býst jeg ekki við því að geta gefið nein svör um meðferð Búnaðarbankans við umr. þessa máls, vegna þess hve stutt er um liðið síðan það mál var afgr., og hæstv. forsrh. hefir ekki tekið neinar sjerstakar ákvarðanir um það mál við mig.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. fjmrh. hefir svarað fyrirspurn minni þannig, að ekkert tilboð um lán liggi fyrir nú, og skil jeg það svar hans þannig, að tilboð hafi legið fyrir áður, en sje fallið niður.

Jeg hygg það rjett vera, að óhentugur tími sje nú til lántöku erlendis, og mun eflaust betra að draga að taka lánið, ef hægt er. Það gladdi mig að heyra hæstv. ráðh. undirstrika það, að tilgangurinn væri ekki sá, að taka lán til þess að fullnægja öllum lánsheimildunum, og þótt framkvæmdirnar sjeu mismunandi aðkallandi, skal jeg ekki að fyrra bragði vantreysta hæstv. ráðh. að velja rjett úr.

Viðvíkjandi því, er hæstv. ráðh. sagði, að lána ætti 1 milj. kr. á ári úr Byggingar- og landnámssjóði, verð jeg að segja, að mjer finst óhentugt að taka ekki alt lánið í einu, því ekki er hægt að búast við öðru en að allmikið vaxtatap verði. Ennfremur vil jeg geta þess, að er jeg nefndi 20 ár í sambandi við lántökuna, var það aðeins tekið sem dæmi, en alls ekki að jeg ætlaði að setja stj. neinar reglur um það. Annars hygg jeg, að tíminn sje nokkuð mismunandi hvað lánsheimildirnar snertir. T. d. gæti ekki

komið til mála að taka lán til skipakaupa til 42 ára.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þær 200 þús. kr., sem ríkissjóður leggi fram árlega, eigi að ganga til þess að greiða mismuninn á útlánsvöxtum sjóðsins og vöxtum af því láni, sem tekið yrði handa sjóðnum. Það má vel vera, að þetta sje meiningin; en þetta kemur ekki fram í lögunum, og fellur mjer vel skýring hæstv. ráðh. En viðvíkjandi því, að sjóðurinn eigi líka að greiða afborganir, skilst mjer, að afleiðingin hljóti að verða sú, að ekki verði lánað fje úr sjóðnum nema í 5 ár. Næstu 37 ár væri svo verið að draga inn fjeð, en af þessu leiðir, að starf sjóðsins stöðvast alveg. Það sjá allir, að með 5 milj. kr. komumst við skamt á veg með að byggja upp sveitir landsins. Öðru máli er að gegna, ef 5 miljónir eru altaf í veltunni.

**Hákon Kristófersson:*** Það sje fjarri mjer að vekja andúð gegn þessu frv.; það er ekki nema eðlileg afleiðing af því, sem þingið er búið að gera. Hinsvegar hygg jeg, að lánsupphæðin sje of lágt áætluð, og myndi tæplega nægja minna en 16—18 milj. kr.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að ýmsir liðir hefðu verið teknir með, sem stj. ætlaði sjer ekki að framkvæma, og nefndi þar sjerstaklega brúargerðir og húsagerð ríkisins. Hvað fyrri liðinn snertir, þá kemur þetta mjer nokkuð á óvart, því að jeg hefi það bygt á góðum og gildum rökum, að hæstv. stj. mundi ekki vera öll á einu máli að því er þann lið snertir. Jeg hefi góðar heimildir fyrir því, að ef þetta lán yrði tekið, mætti búast við því, að bygðar yrðu tvær brýr í mínu kjördæmi, sem jeg flutti till. um við umr. fjárl. hjer í hv. deild, en meiri hl. hv. deildar kom af sjer með þeim drengskap, sem á því máli var. Og það tel jeg miklu betur farið, að verja þessu láni til nauðsynlegra framkvæmda, í stað þess að ríkið fari að gefa sig að ýmsum „spekulationum", hvort sem það er í síld eða öðru.

Jeg mun síst átelja hæstv. stj., þótt hún verði láninu til óhjákvæmilegra framkvæmda, svo sem brúargerða. Það er áreiðanlega eins mikill liður í samgöngubótum og kaup á nýju strandferðaskipi.

Jeg vona, að hæstv. ráðh. skilji ekki þessi fáu orð mín þannig, að jeg sje að stefna neinum ásökunarskeytum til hans, en þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. kom mjer mjög á óvart.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg vil taka það fram, að jeg greiði þessu frv. atkv. mitt með því fororði, að þessu láni verði hvorki varið til kaupa á nýju strandferðaskipi nje til brúargerða. Slíkar framkvæmdir eiga að borgast af tekjum hvers árs, og það er ekki varlegt að taka lán til þeirra framkvæmda, sem ekki gefa beinar tekjur, eins og t. d. strandferðaskip.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að óhentugt væri að taka lánið til 40 ára, vegna þess, að sumar þær framkvæmdir, sem nota ætti fjeð til, væru þannig, að fjeð gæti ekki staðið svo langan tíma í fyrirtækinu. Það er rjett, að þetta er dálítið óhentugt, en jeg álít, að það yrði að reyna að komast að þeim

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

kjörum, að hægt væri að borga inn í lánið eftir því sem til fjelli á hverjum tíma, auk afborgana. Veit jeg ekki, hvort þetta tekst, en það verður reynt. Jeg hefi litið svo á um Byggingar- og landnámssjóð, að hann væri stofnaður svipað og veðdeild, og starf hans þess vegna tímabundið. En sje það ekki meiningin, verður vitanlega að ætla upphæð í fjárl. til afborgana á hverju ári.

Mjer skildist hv. þm. Barð. sakna þess, að fjeð yrði ekki notað til brúargerða. Jeg hefi ekki slegið neinu föstu um það, hvort fjeð verður notað til þess eða ekki. En jeg lít svo á, að ef fjárhagurinn er sæmilegur, þá sje rjett, að ríkissjóðurinn beri baggann af slíkum framkvæmdum hvert ár. Og þó jeg viðurkenni, að brúargerðir sjeu nauðsynlegar, þá held jeg, að bygging þeirra verði að miða við getu ríkissjóðs á hverjum tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:*** Það er næsta erfitt að ræða um þetta mál, þar sem hæstv. stj. lætur ekki svo lítið að sýna sig hjer í hv. deild, þegar þetta stærsta mál hennar er til umr.

Jeg var tafinn frá að vera hjer viðstaddur í gær, er málið var rætt við 1. umr. En jeg hafði hugsað mjer að hreyfa ýmsum aths. og beina ákveðnum fyrirspurnum mínum til hæstv. stj. í sambandi við frv. Að vísu hefi jeg heyrt, að hreyft hafi verið nokkrum aths. í gær við 1. umr., og furðar mig alls ekki á því, enda væri full ástæða til, að alllangar umr. færu fram um þetta mál, þar sem hjer er um að ræða heimild fyrir stærsta ríkisláni, sem nokkru sinni hefir verið tekið. Hjer er svo mikið í húfi, að mínum dómi, að jeg mun ekki treystast til að greiða atkv. með því, eins og alt virðist í pottinn búið.

Það mætti eflaust hreyfa andmælum og aths. gegn ýmsu því, sem ætlast er til að borga með láni þessu. Með lántökunni á að framkvæma hitt og þetta, sem heimilað er í lögum, ef fje er fyrir hendi, en sem jeg er a. m. k. ekki sammála um, að sje svo afarnauðsynlegt, að rjett sje að sækja fje til útlanda í því skyni. Að vísu er farið fram á í heimildinni, að af láninu eigi að greiða Landsbankanum stofnfje sitt, sem átti að vera búið að greiða fyrir löngu, og er jeg því fyllilega samþ., að tekið sje lán til þess.

Aftur á móti eru ýmsar framkvæmdir, sem hæstv. stj. hefir leitað heimilda til í fjárl., sem vafasamt er um, hvort Alþingi á að veita heimild til að framkvæma á þennan hátt. Virðist margt benda til, að sumar þær framkvæmdir hefðu átt að bíða þangað til fje væri fyrir hendi hjá ríkissjóði.

Annars væri hjer dálítið öðru máli að gegna, ef hæstv. stj. hefði sýnt þessu stórmáli þann sóma að láta sjá sig við umr. Það getur verið gott út af

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

fyrir sig að heimta af þm. að mæta hjer á fundum nótt eftir nótt, en svo geti hæstv. stj. skotið sjer undan því að vera til staðar, þegar beina þarf til hennar áríðandi spurningum, sem ætla má, að henni væri ljúft að svara.

Jeg mun ekki að þessu sinni fara langt út í þetta mál. Mjer er ljóst, að hjer er um afarstóra lántöku að ræða, þá stórkostlegustu lántöku, sem hlýtur að hafa ófyrirsjánleg áhrif á allan peningamarkað landsins. Það er með öllu óhugsandi, að hægt sje að koma með 12 milj. kr. inn í landið án þess að það hafi stórkostlegar afleiðingar fyrir peningamarkaðinn. Að vísu má svara því, að hjer sje aðeins um heimild að ræða, sem hæstv. stj. geti látið vera að nota út í ystu æsar. En verði heimildin gefin, þá getur hún líka verið notuð, og það þykir mjer sennilegast. Jeg hefði því viljað spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hefði gert sjer ljóst, hvaða áhrif það hefði á peningamarkaðinn og gengið, ef svo stór lántaka yrði framkvæmd í einu. Ef framkvæmt yrði að taka 570 þús. sterlingspund að láni í einu, þá mundi slík ráðstöfun verka í þá átt að hækka gengið, er svo mikið væri boðið fram af erlendum gjaldeyri, þegar ekki þarf að koma nema eitt góðæri til þess að hafa þau áhrif, að sterlingspundið falli. Afleiðingin mundi því verða sú, að sterlingspundið fjelli niður í sitt rjetta gengi, en krónan færi upp í gullverð.

Mjer er líka ljóst, að ef boðið er svo mikið fram af erlendum gjaldeyri, þá verða engin tök fyrir bankana að færa svo mikið fje yfir fyrir það verð, sem nú er, nema þá að krónan hækki ekki.

Jeg hygg, að bankinn hafi átt fullerfitt með að standast þá óeðlilegu aðstöðu með gjaldeyri eftir góðærið síðastl. ár. Ef nú á að bæta við og láta bankann yfirfæra þetta miljónalán með núv. gengi, þá er það alveg sama og að stýfa. Jeg hefi hingað til verið mótfallinn stýfingu, og hlýt því að mótmæla þessari ráðstöfun, sem ótvírætt miðar að því að slá genginu endanlega föstu. Hinsvegar gæti vel farið svo, ef herfjötrar stýfingarinnar væru höggnir af krónunni, að hún færi upp í gullgildi, ef framboði og eftirspurn væri svo háttað. En af þessu mundi leiða minst tveggja milj. kr. tap fyrir bankann. Jeg geri þó ekki ráð fyrir, að yfirfærslan verði svo klaufaleg, að stórtjón hljótist af. En þetta mál hefir aðra hlið, sem Alþ. og stj. ber að líta á. Jeg á hjer við þau áhrif, sem 12 milj. kr. lán, sem veitt er inn í landið, mundi hafa á atvinnulíf vort og peningamál alment. Að mínu viti mundi slík lántaka skapa „inflation" í landinu. Það er flutt inn í landið kaupgeta upp á 12 milj. kr. án þess að virkilegt verðmæti standi að baki. M. ö. o.: Með þessu er sköpuð fölsk kaupgeta í landinu, sem nemur tólf milj. króna. Af þessu fje á Landsbankinn að fá 3 milj. sem stofnfje. Við það losnar tilsvarandi fjármagn og gengur út í veltuna. Rekstrarfje bankans eykst snögglega um 3 milj. króna, sem renna til atvinnuveganna og hleypa ofvexti og fjöri í þá í svipinn. Við þetta skapast ólga í peningamálunum, „inflation" eða hásveifla, sem síðar hlýtur að enda í hruni, vegna þess að þessir peningar skilja ekki eftir sig tilsvarandi verðmæti í landinu. Sama er að segja um

þá peninga, sem ríkið ver til ýmsra sjóða, sem lána þá jafnóðum út í allar áttir. Alt slíkt miðar að því að hleypa fjöri í atvinnulífið og öll einkenni „inflationar" koma í ljós. Hásveiflutímabil hefst í atvinnulífinu, sem hlýtur að enda með kreppu og hruni og stórtjóni fyrir atvinnuvegi landsins. Sá hluti þessa lánsfjár, sem varið verður til verklegra framkvæmda, orsakar ákafa eftirspurn eftir vinnuafli, og hlýtur það að hækka mjög í verði. Af því leiðir aftur vinnudeilur í þann mund, sem hásveiflutímanum lýkur. Þetta vildi jeg biðja hæstv. stj. að leggja sjer ríkt á minni, og umfram alt ber henni að gjalda varhuga við öllum mistökum, ef þetta lán á ekki að hafa í för með sjer nýtt hrun á krónunni og kreppu í viðskiftalífi voru síðar. Jeg sje nú, að hæstv. fjmrh. er kominn inn í deildina; vil jeg þá benda honum á það, að við höfum ekkert hliðstætt eða svipað þessari lántöku áður, nema þá helst þegar Íslandsbanki var stofnaður og kom með nokkrar milj. kr. inn í landið. Það hafði þau áhrif, að verðlag hækkaði eigi alllítið í landinu, en gengið hjeltst þó óbreytt í það sinn. En jeg verð nú að líta svo á, að viðskiftalíf okkar nú á tímum sje mjög miklu viðkvæmara en þá, enda leiðir það beint af því, að nú er það komið í fullkomnara horf en þá. Af þessu leiðir aftur það, að því er miklu hættara við sveiflum og örum breyt. heldur en í þann mund, sem Íslandsbanki var settur á laggirnar. Jeg býst nú við, að hæstv. stj. svari þessu á þá leið, að heimild þessi, sem frv. gerir ráð fyrir, verði ekki notuð út í æsar. En til hvers er þá löggjafarvaldið að gefa slíka heimild? Jeg er andvígur þeirri einstöku fjármálaspeki, að þingið veiti ríkisstjórninni heimildir til gífurlegra lántaka, einungis í því trausti, að hún neyti þeirra ekki. Slíkt væri alveg óforsvaranlegur leikaraskapur, sem síst má láta óátalinn, þegar um peningamál þjóðarinnar er að ræða.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Það er vegna þess, að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur ræðu hv. 1. þm. Reykv., að jeg kvaddi mjer hljóðs.

Hv. þm. var mjög áhyggjufullur út af þessari lántöku. Lágu til þess aðallega tvær orsakir. Sú fyrri var, að lántakan mundi leiða af sjer „inflation", en hin ástæðan var, að hún mundi hafa „deflation" í för með sjer. (**MJ:** Alveg rjett). M. ö. o.: Í fyrsta lagi hlýtur krónan að hækka og í öðru lagi hlýtur hún að lækka. Þannig er nú röksemdaleiðsla hv. þm. Mál sitt reynir hv. þm. að sanna með því að ganga út frá sem staðreynd, að bæði ríkisstj. og Landsbankinn fari eins vitleysislega að ráði sínu og frekast er hugsanlegt. Vitstola manni væri einum trúandi til þess að fara að eins og hv. þm. gerir ráð fyrir, að fjármálavöldin geri í sambandi við þessa lántöku. En sæmilega greindum manni er innan handar að stýra fram hjá þeim hættum, sem hv. þm. taldi upp og talaði um af svo miklum fjálgleik.

Hv. þm. sagði meðal annars, að ef þessu láni væri veitt inn í landið, myndi það leiða af sjer gífurlegt framboð á gjaldeyri í landinu, svo að bankastjórnin hlyti að hækka innlenda gjaldeyrinn í verði. En nú er það auðsætt, að ef búið er að taka ríkislán, þá þýðir ekkert fyrir stj. eða

bankana að spyrna við því, að sá gjaldeyrir flytjist inn í landið, að svo miklu leyti sem hann er til þess ætlaður, enda myndi fáum bankastjórnum detta sú fjarstæða í hug að fara að breyta genginu fyrir þær sakir. Ennfremur hjelt hv. þm., að bankinn myndi tapa alt að tveim milj. kr. á því að yfirfæra lánið, ef krónan hækkaði. En sannleikurinn er, að bankinn þarf ekki að tapa einum eyri. Ef nokkur tapar, þá yrði það lántakandinn, ríkissjóður, en ekki bankinn. Landsbankinn er einungis milliliður. Hans eina áhætta er, að honum ekki takist á sínum tíma að útvega þá erlendu peninga, sem þarf til þess að afborga ríkislánið. En vitanlega eru slíkar afborganir svo seinar og tregar, að ekki kæmi til mála, að bankinn yrði í vandræðum með að útvega erlendan gjaldeyri til þess að greiða þær með. Þess vegna mun hvorki bankastj. Landsbankans nje gengisnefnd láta sjer detta í hug að hækka gjaldeyrinn, til þess að sporna við því, að ríkislánið renni inn í landið.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv. það einnig, að þetta væri sama og að stýfa gjaldeyrinn endanlega. Það er að vissu leyti rjett. Allar slíkar ‚transaktionir' styðja að festingu gjaldeyrisins, og þessi lántaka er engin undantekning í því. Að vísu er hjer um öflugri festingarráðstöfun að ræða en við höfum áður þekt, enda er þetta lán stærra en áður hefir verið tekið.

Hv. þm. fer mjög villur vegar, er hann ætlar, að allir þessir peningar renni inn í landið. Því fer fjarri. Hv. þm. sagði, að Landsbankinn myndi veita þeim hluta lánsfjárins, sem kæmi í hans hlut, sem nýjum lánum til atvinnuveganna. Af því myndi leiða snöggan vöxt og óeðlilegan uppgang í atvinnulífinu. En hvað segir hv. þm. um það, ef Landsbankinn gerði sjer hægt um hönd og veitti ekki fjenu inn í atvinnulífið, heldur ljeti það ganga til greiðslu á erlendum skuldum? Ef bankinn tæki þann kostinn, sem vel getur komið til mála, þá kæmi þetta lánsfje aldrei inn í landið, og hefði því ekki þær verkanir, sem hv. þm. lýsti svo átakanlega. Þessar ástæður hv. þm. eru orðaflaumur einn og á engum rökum bygðar. Þess er skemst að minnast, að þessi sami hv. þm. fjargviðraðist á síðasta þingi út af því, hvað þetta stofnfje, 3 milj. kr., væri lítið. Nú er þetta sama stofnfje, þó minna sje, orðið að stórhættu fyrir þjóðfjelagið. Sannleikurinn er vitanlega sá, að þetta stofnfje á að verða til þess að styrkja bankann, og það mun gera það, ef vel er á haldið. En hv. þm. gerir hjer sem oftar ráð fyrir því einu, að óskynsamlega sje með farið og að framkvæmdir allar takist óhöndulega. En hv. þm. hefir ekkert leyfi til þess að ganga út frá þessu sem gefnu og álykta á þeim grundvelli. Allar ráðstafanir þingsins eru með þeim fyrirvara, að framkvæmdin verði skynsamleg. Það er skilyrði, sem er þegjandi undanskilið öllum ályktunum. Auk þess skal jeg benda hv. þm. á það, að minst af því fje, sem fer til byggingar strandvarnarskipsins og síldarverksmiðjunnar og til útvarpsins og fleiri verklegra fyrirtækja, rennur inn í landið, nema þá aðeins að forminu til. Geta því tæplega hlotist miklar verðlagsbreyt. af

því fje, og engu máli skiftir það, hvort það efni og annað, sem kaupa þarf erlendis vegna hinna verklegu framkvæmda innanlands, er greitt gegnum Landsbankann eða erlenda banka, ef til þess er varið hluta af þessu umrædda láni. Að hjer sje sjerstök hætta á „deflation", er því fjarri öllum sanni. Slík lántaka mun heldur styðja að því að halda verðlagi uppi, og þarf því að sjálfsögðu allrar varúðar, því eins og sakir standa er verðlagið þegar fullhátt. Það er því sönnu nær að tala um „inflations"-hættu í þessu sambandi; í því er nokkurt vit, en ekkert í hinu. Enda má hv. þm. skilja það, hve fjarstætt það er að gera ráð fyrir tveim gagnstæðum hættum í einu, hættum, sem útiloka hvor aðra.

Hinu vil jeg einnig mótmæla, að þótt þetta lán geti orðið til þess að auka kaupgetu landsmanna, þá sje ástæða til að kalla það falska kaupgetu, eins og hv. 1. þm. Reykv. gaf í skyn. Slík kaupgeta á ekkert skylt við þá kaupgetu, sem myndast af völdum mikillar seðlaútgáfu í landinu. Þetta er ekkert sambærilegt. Hjer er um raunverulega peninga að ræða; áhætta er engin, hvorki með yfirfærslur nje ill áhrif á atvinnulífið, svo framarlega að það takist að skapa í landinu raunverulegt verðmæti fyrir þessa peninga, verðmæti, sem standi undir láninu.

Að lokum vil jeg leiða athygli hv. þdm. að því, að það, sem hjer er um að ræða, er alls ekki ný lánsheimild, heldur gamlar lánsheimildir teknar saman í eitt. Í rauninni er hjer um algert formsatriði að ræða. Er því síst ástæða fyrir hv. þdm. að rísa nú upp öndverðir og láta svo sem hjer sje á ferðum ný ríkislántaka.

Jeg hefi nú talað þessi fáu orð vegna þess, að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur þegar hv. 1. þm. Reykv. flutti ræðu sína, og sömuleiðis vegna þess, að hv. þm. vjek ræðu sinni að gengismálunum og kendi þar nokkurs misskilnings, sem jeg hefi nú gert mjer far um að leiðrjetta.

**Magnús Guðmundsson:** Aðeins fáein orð út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um þetta mál. Mjer skildist, að hann gæti ekki fylgt frv. þessu, af því að af lántökunni leiddi fyrst gengishækkun og svo lækkun á eftir. Hvað þetta atriði snertir, þá get jeg tekið undir það með hv. þm. V.-Ísf., að hægt sje að halda þannig á, að ekki sje hætta á slíku. Jeg mun því greiða atkv. með frv., af því að jeg vil ekki bregða fæti fyrir þær framkvæmdir landbúnaðinum til handa, sem lán þessi eiga að ganga til, a. m. k. að nokkuð miklu leyti. Hv. 1. þm. Reykv. vil jeg segja það, að lántaka sem þessi getur vitanlega haft áhrif á gengi peninganna, en jeg vil ekki láta það standa fyrir öðrum framfaramálum, þó að gengismálið sje ennþá ekki leyst. Og jeg verð að segja, að mjer þykir það illa farið, að það skuli ekki hafa verið leyst á þessu þingi, en jeg vil þó ekki bæta gráu ofan á svart með því að stöðva mikið af framkvæmdum í landinu.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg hefi ekki ástæðu til þess að segja mikið um mál þetta nú, enda tel jeg miklar umr. um það þýðingarlausar. Jeg hafði

alls ekki búist við því, að hv. þdm. gengju inn á almennar umr. um fjármál landsins við umr. um þetta mál nú. Jeg hjelt, að það myndi verða látið nægja, sem um það var talað við 1. umr. Í morgun, þegar jeg fjekk fregnir um það, að farið væri að ræða peningamál landsins alment í sambandi við þetta mál, var jeg staddur uppi í stjórnarráði við afgreiðslu áríðandi erinda; heyrði jeg því miður ekki nema síðasta hluta af ræðu hv. 1. þm. Reykv., en það var nægilegt til þess, að jeg fjekk fulla vitneskju um, að hún muni ekkert hafa komið þessu máli við. Með þessu frv. er aðeins verið að safna saman í eina heild þeim lánsheimildum, sem til eru fyrir í ýmsum eldri og yngri lögum. Er þetta því aðeins gert til þæginda, því það er alls ekki útilokað, að hægt verði að taka lán, þó að þetta frv. verði ekki samþ. Þá skildist mjer á hv. þm., að hjer ættu þeir menn að fara með fjármálin, sem ekkert vit hefðu á þeim, og því taldi hann sig ekki geta fylgt frv. Það má vel vera, að hv. þm. finnist þetta, en jeg býst þó við, að hann skilji, að við svo búið verði að sitja. Að öðru leyti skal jeg ekki tefja tíma þingsins með því að ræða þetta mál á þeim grundvelli, sem liggur langt fyrir utan svið frv.

**Magnús Jónsson:*** Jeg held, að hún hafi að nokkru leyti verið orðum aukin fregnin, sem hæstv. fjmrh. hefir fengið upp í stjórnarráð í morgun, að verið væri að hefja alm. umr. um peningamál landsins, þó að jeg mælti nokkur viðvörunarorð vegna þeirra ráðstafana, sem hjer er verið að gera. Annars finst mjer, að þeir, sem mest hafa talað hjer, og þá sjerstaklega hv. þm. V.-Ísf., vera mjer alveg sammála í aðalatriðum málsins, enda þótt hann væri að gera sjer upp andstöðu við mig, að það yrði að fara með mestu varúð, þegar svona stórri peningaupphæð væri veitt inn á peningamarkað okkar í einu.

Þar sem jeg var ekki við 1. umr. þessa máls, fanst mjer ekki nema rjett að minnast á þetta atriði. Hv. þm. V.-Ísf. vildi slá mál mitt niður með því, að jeg hefði sagt, að annarsvegar væri hjer um „deflation", en hinsvegar um „inflation" að ræða. Það má vitanlega setja svona mótsetningar fram og láta sýnast eins og þær rekist hvor á aðra. En hjer er það ekki. Það er hvorttveggja fyrir hendi, þó að ekki sjeu í einu gerðar ráðstafanir til þess, að gjaldeyririnn þjóti upp í svipinn og falli svo aftur. Þá er hitt atriðið, að þegar þetta geysilega fje er farið að starfa hjer í landinu, getur það valdið geysilegri verðþenslu og almennri hækkun, og afleiðingin getur orðið sú, að okkar gjaldeyrir falli. Það er óyggjandi reynsla fengin fyrir því, að það er ómögulegt að veita svona miklu fje inn í landið án þess að úr því verði „inflation". — Það getur nú verið, að nokkru af þessu fje verði varið til að greiða erlendar skuldir. Það væri þá ekki annað en að breyta einni skuld í aðra, eins og í rauninni átti sjer stað 1921 um enska lánið, og raskar það auðvitað engu.

Enska lánið var í rauninni alt stofnað fyrir 1921. Það, sem þá gerðist,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

var í rauninni ekki annað en það, að mörgum óhagstæðum, uppsegjanlegum lánum var breytt í eitt umsamið lán. Öll sú „inflation", sem af þeirri lántöku hefði átt að leiða, var komin á undan og afleiðingar höfðu sýnt sig. Lántakan 1921 var einungis gerð til þess að „dekka" það, sem búið var að eyða. Nú er þessu ekki til að dreifa, nema að því leyti, sem Landsbankinn kynni að nota eitthvað af sínum hluta til að greiða erlendar skuldir.

Jeg er reyndar alls ekki viss um, að bankastjórnin myndi telja það hyggilegt að verja því til þess. Miklu fremur gæti jeg haldið, að hún mundi kjósa að láta hagstæð lán standa, með því líka að þingið hefir nú gert ráðstafanir til að skerða starfsfje Landsbankans allmikið, með lögunum um Búnaðarbankann, með því að vjela frá honum sparisjóðsfje, o. s. frv. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þessi lántaka geri miklu meira en halda bankanum við eftir þá skerðingu, sem hann verður fyrir vegna aðgerða þingsins. Sem sagt, jeg gæti trúað, að þar yrði svo þröngt fyrir dyrum, að bankinn sæi sjer ekki fært að greiða sín föstu lán erlendis.

Hv. þm. V.-Ísf. hjelt því fram, að það yrði að ráðstafa þessu fje eins og vitlaus maður mundi gera, til þess að hætta gæti stafað af því, og hæstv. fjmrh. virtist vera honum sammála um það. Annað lagði hann eiginlega ekki til málanna.

Nei, þess þarf ekki með. Við þurfum ekki að haga okkur eins og brjálaðir menn, heldur nægir alveg óvarkárni og þekkingarleysi til þess að stórtjón geti hlotist af þessu. Það er margreynt bæði hjer og erlendis, að af þessu leiðir ógegnd í viðskiftum og hrun á eftir. Þetta er einmitt það, sem erlendir fjármálamenn eru altaf að stríða við, og þeim hefir ekki tekist að ráða bót á því. Þeir eru þó ekki allir brjálaðir.

Fyrv. fjmrh., Magnús heitinn Kristjánsson, lýsti því einhverntíma yfir, að það væri ekki til neitt ákveðið viðskiftalögmál. Jeg vil nú ekki segja, að núv. hæstv. fjmrh. muni gefa slíka yfirlýsingu. A. m. k. geri jeg ráð fyrir, að hann sjái, að 12 milj. kr. hljóti að hafa róttæk áhrif á markaðinn og öll viðskifti innanlands.

Hv. þm. V.-Ísf. hjelt því fram, að efni til bygginga og strandferðaskipið mætti eins kaupa gegnum erlenda banka og kæmi það fje þá aldrei inn í landið. En þetta eru framkvæmdir, sem leiða af sjer aukinn innflutning. Verslunin fjörgast, mikil vinna, hátt kaup, mikill innflutningur, ekki síst af óþarfa vörum.

Það kemur ekki málinu við, hvernig menn drífa upp fje til kaupanna. Þetta er fölsk kaupgeta, fengin án þess að nokkuð sje framleitt heima fyrir á móti. En hitt er satt, sem hv. þm. sagði, að þetta getur með tímanum skapað kaupgetu.

Jeg geri þó ekki ráð fyrir, að nýtt strandferðaskip skapi nýja kaupgetu, þótt jeg efist ekki um, að það verði landi og lýð til gagns. Sömuleiðis er jeg vantrúaður á, að skrifstofuhúsið og prentsmiðjan verði til þess að skapa raunverulega kaupgetu.

Nei, þetta er fölsk kaupgeta og þess vegna finst mjer ekki að ófyrirsynju, þótt einhver verði til þess að benda á það, hvað mikil ábyrgð fylgir þessum ráðstöfunum. Það er að vísu

rjett, að þetta hefði fremur átt að ræðast í sambandi við þær einstöku lagasetningar, sem hafa leitt þetta frv. af sjer. En þessar ýmsu lagaheimildir voru heldur ekki samþ. mótmælalaust. (**HStef:** En þó alt löglegar heimildir). Já, en þeir háttvirtir þingmenn, sem hafa samþykt þær, hafa anað áfram án þess að gera sjer grein fyrir, hvað þeir voru að gera, og jafnvel ekki búist við, að til lántöku þyrfti að koma með sumt einstakt. (**Fjmrh.:** Það er jafnóvíst fyrir þessu. — **ÓTh:** Stj. hefir eftir ýmsum lögum heimild til að taka 20 milj. að láni). Já, jeg geri ráð fyrir því, ef teknar eru með sjerstakar ráðstafanir frá ófriðarárunum, þegar öllu var slept lausu. En jeg hygg, að alment hafi verið litið svo á þessar eldri ráðstafanir, að þær skyldu falla úr gildi, þegar það ástand, sem leiddi þær af sjer, væri um garð gengið.

Jeg held, að við, hv. þm. V.-Ísf. og jeg, sjeum í rauninni alveg sammála um, að hjer verði að fara varlega. En munurinn er sá, að honum finst þetta svo sjálfsagt, að óþarfi sje að vera að eyða orðum að því. Það er nú svo um margt. T. d. má segja, að það sje svo sjálfsagt fyrir hvern seðlabanka að gefa ekki út of mikið af seðlum, að óþarfi sje að segja bankastj. fyrir um það; hún muni sjá það sjálf. En bæði okkar þing og annara þjóða hafa þó talið sjálfsagt að láta þetta til sín taka. Nei, aðvörunarorð eru aldrei óþörf, jafnvel þótt ekki sje gert ráð fyrir því vitlausasta, sem hægt er að gera.

Ef litið er á þessa lántöku í sambandi við gengið, þá er það ljóst, að með henni er einmitt verið að afgreiða gengismálið. Það er meiningin.

Jeg fyrir mitt leyti vil ekki heimila stj. þessa lántöku. Jeg vil ekki með því ýta undir hana að framkvæma hina og aðra vitleysu, sem hv. meiri hl. þingsins hefir veitt heimildir til.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Jeg hefi aldrei játað, að nein hætta sje á gengishækkun, því hækkun gengis er sjálfráð athöfn valdhafanna og gengishækkun er nú eins og komið er svo óskynsamleg, að enginn núv. valdhafi lætur sjer detta í hug að gera slíka ráðstöfun. En ef einhver ljeti sjer detta í hug að hækka gjaldeyrinn í tilefni af erlendri lántöku, þá ætti auðvitað sú hækkun að framkvæmast áður en þetta fje berst inn í landið, og þá yrði aðstaðan önnur en hv. 1. þm. Reykv. hjelt fram.

Hv. þm. hjelt því fram, að venjulega væru tekin lán til þess að hækka gengið. Þetta er rangt. Það eru oft tekin lán til þess að varðveita þá skráningu, sem búið er að framkvæma, sem sagt, til að hindra lækkun, en alls ekki til að hækka gengið.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að svara hv. þm., en mjer fanst hann þó gera alt of mikið úr þeirri verðlagsbólgu, sem af þessu fje gæti leitt, því að mikið af fjenu hefir engin áhrif á verðlag í landinu.

Hitt líkaði mjer vel, að heyra hv. 1. þm. Reykv. segja, að ef lánsheimildin yrði samþ., hætti hann að vera einn í þeirra hópi, sem tala um hækkun krónunnar. En það hefði óneitanlega farið betur á því, að hann hefði sagt þetta við 1. umr. um myntlagafrv. í vetur, þegar hann flutti sína ræðu um gengishækkun. Allar þessar lánsheimildir, sem hjer eru samandregnar í

eitt frv., voru þá í lögum. Aðstaðan var þá alveg sú sama og nú, og því jafnrík ástæða þá fyrir hv. þm. til að hverfa frá sinni hækkunarstefnu eins og nú.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

---

## 39. Fjáraukalög 1927.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927** (stjfrv., A. 18).

Á 4. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Í frv. þetta eru teknar þær fjárhæðir, er yfirskoðunarmenn hafa talið rjett að fá aukafjárveitingu fyrir. Að öðru leyti vísast til landsreikningsins, og verður honum útbýtt hjer í deildinni von bráðar. Legg jeg til, að frv. verði vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 18, n. 447).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Um frv. þetta hefi jeg eigi annað að segja en það, að það er samhljóða till. yfirskoðunarmanna landsreikninganna og að fjhn. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

6.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 18).

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 636).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** N. hefir svo sem venja er til athugað frv., og leggur hún til, að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed. 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum (14) atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 702).

---

## 40. Landsreikningur 1927.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um samþykt á landsreikningnum 1927** (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Frv. þetta er í sama formi og venja er til, en nánari sundurliðun gjalda og tekna má sjá í landsreikningnum fyrir árið 1927. Að umr. lokinni legg jeg tel, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 19, n. 448).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Fjhn. hefir athugað frv. þetta og borið það saman við landsreikningana og fskj. með þeim og engar talnaskekkjur fundið. Álit n. má sjá á þskj. 448, en við það vildi jeg bæta nokkrum aths. um útkomu ársins 1927. Eins og menn vita, var árið 1926 eitthvert hið versta fyrir atvinnuvegina, sjerstaklega sjávarútveginn. Enda sjer það á tekjum ársins 1927. Á því ári brugðust sumir tekjuliðir óvenjulega, og skal jeg nefna þessa liði:

| Tekjur undir áætlun: | | |
|---|---|---|
| Af tekju- og eignarskatti | 213 | þús. kr. |
| — erfðafjárskatti | 10 | — — |
| — áfengistolli | 224 | — — |
| — vörutolli | 208 | — — |
| — vineinkasölu | 175 | — — |
| — bönkum og vaxtafje | 91 | — — |
| Samtals | 921 | þús. kr |

Á árinu var tekjuhalli ríkissjóðs um 1 milj. kr., eða aðeins lítið eitt hærri en það, sem tekjurnar af þessum 6 liðum reyndust lægri en áætlað var. Hinsvegar hafa og nokkrir liðir farið fram úr áætlun, svo sem aukatekjur 114 þús. kr., vitagjald 75 þús. kr., stimpilgjald 50 þús. kr., útflutningsgjald 118 þús. kr., tóbakstollur 174 þús. kr., kaffi- og sykurtollur 200 þús. kr. En til þess hefir verið ætlast, að tekjuáætlunin væri sett það lágt, að vissa væri fyrir, að tekjurnar yrðu mun hærri en áætlunin í fjárl. Þá hafa einnig margir liðir gjaldanna farið nokkuð fram úr áætlun. Skal jeg nefna þessa:

Alþingiskostnaður 37 þús. kr., ráðuneytið og utanríkismál 143 þús. kr., dómgæsla og lögreglustjórn 126 þús. kr. (Þar af 106 þús. kr. til landhelgisgæslu). Annar sakamála- og löggæslukostnaður um 50 þús. kr., vegabætur 162 þús. kr., samgöngur á sjó 70 þús. kr. (Þar af Esja 65 þús. kr., og er þó ótalið vextir af kaupverði og fyrning skipsins, en það má áætla um 100 þús. kr.). Vitamál 28 þús. kr., til verklegra fyrirtækja 43 þús. kr., þá fór styrkur samkv. jarðræktarlögunum 129 þús. kr. fram úr áætlun, til almennrar styrktarstarfsemi 375 þús. kr., þar af til berklavarna 360 þús. kr. og til ellistyrktarsjóða 10 þús. kr. Óviss útgjöld 67 þús. kr., þar af eru óvænt gjöld endurgreiddur tollur fullar 28 þús. kr., uppfylling kirkjugarðs í Reykjavík 14 þús. kr., vextir af lánum Karls Einarssonar 7 þús. kr., vinna á Þingvöllum 7 þús. kr. Þá eru útgjöld samkv. l. og fjáraukalögum 625 þús. kr. — Þar af Flóaáveitan: framlag 42 þús. kr., lán 85 þús. kr., hafnargerð í Vestmannaeyjum 184 þús. kr., tillag til ræktunarsjóðs 50 þús. kr., húsabyggingar ríkisins 135 þús. kr. og í fjáraukalögum 16 þús. kr., breyting á tolllögum 24 þús. kr., útgáfa bankavaxtabrjefa 8 þús. kr.

Tekjuhalli ársins 1927 er, eins og áður er sagt, 1 milj. kr., og má því segja, að hann stafi af því, að tekjurnar hafa brugðist, að upphæð 920 þús. kr. Að sjálfsögðu höfðu nefndarmenn ekki tíma eða aðstöðu til þess að athuga fylgiskjöl landsreikninganna, svo að um „kritiska" endurskoðun geti verið að ræða. N. verður því, að öðru en talnasamanburði og samlagningu talna, að fara eftir till. yfirskoðunarmanna, að því leyti sem ástæða virðist til.

Þær aths., sem yfirskoðunarmenn hafa gert og ekki virðist nægilega svarað af ráðherra, eru:

1. Sýslumanni Strandasýslu er greidd uppbót á skrifstofukostnaði 700 kr. N. óskar að fá upplýst, af hvaða ástæðum þessi upphæð er greidd, þar sem talið er, að sýslumaður þessi hafi ekki og þurfi ekki aðstoð í skrifstofunni.

2. N. vill beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. stj., að láta selja sem fyrst þær eignir, sem ríkissjóður hefir fengið upp í skuld fyrv. bæjarfógeta Karls Einarssonar. Það mun

jafnan reynast óhagstætt ríkissjóði að eiga hús til þess að leigja þau út, því jafnan munu gerðar fyllri kröfur um viðhald og endurbætur á því, sem ríkið á, heldur en gert er til einstakra manna. Nú er góðæri og því von um að geta selt þessar húseignir góðu verði. Þá telja og yfirskoðunarmennirnir rjett, að eignir þessar sjeu taldar á eignaskrá ríkisins ásamt öðrum eignum, ef ekki verður af sölu nú bráðlega. En þar sem eignir þessar verða væntanlega seldar bráðlega, gerir n. enga till. um það.

3. Þá vill meiri hl. n. taka það fram, að hann telur kostnað við hestahald og bílaeign ranglega færðan landhelgissjóði til gjalda, og gerir till. um, að eftirleiðis verði slíkur kostnaður færður á aðra liði landsreikningsins. Það er máske ekki nema eðlilegt, að veislukostnaður, sem greiddur er beint vegna erlendra manna, sem hingað koma vegna landhelgisvarnanna, sje greiddur af landhelgissjóði, því ekki er hægt að ætlast til, að forsrh. haldi allar slíkar veislur fyrir risnufje sitt. En ekki er hægt að segja, að veisluhald og bílaeign sjeu viðkomandi landhelgissjóði. Og þann kostnað á landhelgissjóður ekki að greiða.

4. Þá vill n. beina því til hæstv. stj., hvort ekki væri rjett að Alþingi fengi íhlutunarrjett um skipun stj. Fiskifjelags Íslands á svipuðum grundvelli og nú er um Búnaðarfjelagið.

5. Loks vill n. eins og fyr leggja ríka áherslu á, að innheimtar sjeu útistandandi verslunarskuldir ríkissjóðs, og skal jeg í því sambandi lesa hjer upp skrá yfir þessar skuldir. Þær voru hjá öllum landsverslunum í árslok:

| | 1925 | 1926 | 1927 |
|---|---|---|---|
| Eldri landsv. | 445000 | 395000 | 341000 |
| Tóbakseinkas. | 127000 | 71000 | 55000 |
| Olíueinkasala | 780000 | 903000 | 1082000 |
| Áfengisverslun | 468000 | 430000 | 296000 |
| Samtals | 1820000 | 1779000 | 1774000 |

Á árinu 1928 hafa þessar skuldir lækkað nokkuð, að því er reikningshaldarar hafa tjáð n., eða sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| Olíuskuldir | um | 318000 |
| Tóbaksviðskifti | — | 8000 |
| Eldri viðskifti | — | 30000 |
| Áfengisverslun | — | 158000 |
| | Alls | 514000 |

Útistandandi skuldir ríkissjóðs eru því í árslok 1928 um 1 milj. og 260 þús. Þetta er að vísu góð lækkun á einu ári, en betur má ef duga skal.

Jeg vænti, að hæstv. fjmrh. taki vel í þessa málaleitan n. um að lögð verði rík áhersla á innheimtuna. Það er líka mín persónulega skoðun, að rjettara sje að lúka þessu sem fyrst, jafnvel þótt lítið fáist, til þess að menn viti, að hverju er að ganga í þessu efni. Það er miklu betra að fá litla borgun strax en að láta skuldina standa og fá svo ef til vill ekkert.

Jeg vil sjerstaklega beina því til athugunar hæstv. ráðh., að í árslok 1927 voru fyrirliggjandi tunnubirgðir landsverslunar, er námu um 220 þús. kr. Jeg vænti, að þessar birgðir sjeu nú seldar að einhverju leyti, eða ef til vill allar, en ef það er ekki, væri æskilegt, að þessu væri sem fyrst komið í verð. (**HV**: Þessar tunnur munu nú að mestu leyti seldar). Hv. 2. þm. Reykv., sem mun vera þessu kunnug-

ur, segir, að tunnurnar sjeu nú að mestu seldar, og er það vel, ef svo er.

Að öðru leyti hefir fjhn. ekkert að athuga við frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, með tilvísun til aths. yfirskoðunarmanna.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Jeg þarf aðeins að segja örfá orð út af ræðu hv. frsm.

Jeg verð að játa, að um sum atriðin, sem hv. frsm. gerði að umtalsefni, er mjer ekki fullkunnugt, þar á meðal um uppbótina á skrifstofufje sýslumannsins í Strandasýslu. Um það, hvernig á henni stendur, er mjer ókunnugt og get því engar upplýsingar um það gefið.

Þá mintist hv. frsm. á eignir Karls Einarssonar fyrv. bæjarfógeta, og hefi jeg ekkert að athuga við það, sem hann sagði um þær. Jeg geri ráð fyrir, að þessum eignum verði ráðstafað á þann hátt, sem hagkvæmast þykir fyrir ríkissjóðinn.

Um eignir viðkomandi landsversluninni er það að segja, að af tunnunum mun nú vera orðið lítið eftir, en bæði það, sem eftir er af þeim, og annað er sjálfsagt að selja.

Þá mintist hv. frsm. á hestahald og veislukostnað landhelgissjóðs. Þetta er gamalt deiluatriði og eldhúsdagsmatur. Það er viðurkent, að ekki er hægt að komast hjá nokkurri risnu vegna þeirra manna, sem hingað koma frá útlöndum í sambandi við landhelgisgæsluna. Sú risna er þá oft fólgin í ferðalögum, annaðhvort á hestum eða í bifreiðum. Hvort þessi kostnaður er tekinn úr landhelgissjóði eða beint úr ríkissjóði, skiftir ekki miklu máli. Það er í rauninni sama og að taka úr einum vasanum og láta í hinn.

Þá beinir n. því til ríkisstj., hvort ekki sje rjett að taka upp íhlutun um skipun stjórnar Fiskifjelags Íslands, svipað eins og á sjer stað um Búnaðarfjelagið. Þetta er auðvitað hægt að gera og þarf ekki annað en binda styrkinn til fjelagsins því skilyrði, að Alþingi eða stj. ráði einhverju um stj. fjelagsins, og vitanlega hefir stj. ekkert að athuga við, að það verði gert.

Um skuldainnheimtur ríkissjóðs er það að segja, eins og hv. frsm. tók fram, að allmikið hefir innheimtst á síðasta ári, og um framhaldið skal jeg taka það fram, að innheimtan hefir verið falin hv. 1. þm. Skagf., og jeg geri ráð fyrir, að hann hafi innheimtuna í samráði við stj., eftir því sem talið er best henta fyrir hag ríkissjóðsins. Hitt getur verið álitamál, hvort rjett sje að ganga mjög harkalega að mönnum; ef hægt er að komast að hagkvæmum samningum, getur það í mörgum tilfellum borið eins góðan árangur. Jeg held, að hv. 1. þm. Skagf. og jeg sjeum sammála um, að rjett sje að viðhafa alla gætni í þessari innheimtu, til þess að fá sem mest greitt af því, sem ríkið á útistandandi.

Jeg hefi svo ekki neitt annað að segja um nál. fjhn. eða það, sem hv. frsm. sagði um þetta mál.

**Halldór Stefánsson:** Jeg hefi skrifað undir nál. fjhn. með fyrirvara. Þó er ekki fyrirvarinn bundinn við till. n. um samþ. frv., heldur aðeins um 5. málsgr. nál., um hestahald og veislukostnað landhelgissjóðs. Við það atriði er minn fyrirvari bundinn.

Það hafa áður, a. m. k. tvisvar, ef ekki þrisvar, komið fram aths. frá yfirskoðunarmönnum um þetta, og fjhn. og þingið hefir ekki sjeð ástæðu til að taka þær til greina, en látið sjer nægja svör stj., er hafa verið á þá leið, að þar sem þessi kostnaður væri vegna landhelgisgæslunnar, þá væri eðlilegt að færa hann landhelgissjóði til útgjalda. Nú hefir n. tekið öðruvísi í þetta, og að því leyti er jeg henni ósammála. Jeg skal þó ekki tala langt mál um þetta nú, en vísa aðeins til svars hæstv. fjmrh. og þeirra ástæðna, sem áður hafa verið taldar fullnægjandi í þessu efni.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Jeg ætla ekki að vekja deilur um þetta atriði, en mjer þykir óviðfeldið að sjá á reikningi landhelgissjóðs talda upp bíla, hesta og hestafóður og annað slíkt. Jeg sje heldur ekki, að þótt sjóðurinn þurfi stöku sinnum á hestum og bílum að halda, að ástæða sje til að eiga þá, þegar hægt er að fá þá leigða hvenær sem með þarf. Það er ekki nema sjaldan, að hjer koma erlendir menn vegna landhelgisgæslunnar, ekki oftar en svo, að miklu ódýrara yrði að leigja þessi farartæki í hvert skifti. Í raun og veru borgar ríkissjóður þetta í báðum tilfellum, en úr því að reikningi landhelgissjóðs er yfirleitt haldið út af fyrir sig, finst mjer óviðfeldið að sjá þetta alt fært á hans reikning. Mjer er kunnugt um, að úti um landið, þar sem menn eru ekki eins kunnugir þessu og hv. þdm., kemur þessi færsla mjög einkennilega fyrir, sem eðlilegt er.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en vænti þess, að hæstv. fjmrh. taki þetta til athugunar.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg get verið hv. fjhn. þakklátur fyrir, að hún hefir tekið aths. okkar yfirskoðunarmanna til greina, ekki síst frá hinni ‚kritisku' hlið. Jeg skal taka það fram í þessu sambandi, alveg laust við það, hvort jeg gegni þessu starfi lengur eða skemur, að jeg tel misráðið að vera altaf að skifta um endurskoðendur árlega. Það er yfirleitt svo, að það verður hverjum að list, sem hann leikur. Sömuleiðis vil jeg taka það fram, að það ætti helst að hafa einn reikningsfróðan mann fastan í þessu starfi, þó skift væri um hina öðru hverju.

Jeg get verið hæstv. stj. þakklátur fyrir þær ráðstafanir í sambandi við skuldir vínverslunarinnar, að þeir viku úr stöðum sínum, sem mest skulduðu, en jafnframt verð jeg að láta þess getið, að mjer kemur það einkennilega fyrir sjónir, að sá, sem mest skuldar, situr enn í stöðu sinni. (**Forsrh.:** Hver er það?). Það er útsölumaðurinn á Akureyri. Það væri a. m. k. æskilegt, að gerð væri gangskör að því að fá þessa skuld greidda. (**Forsrh.:** Hún er öll greidd. — **Fjmrh.:** Skuldin er öll greidd). Úr því svo er, þá er það gott, en hún virðist hafa verið ógreidd þegar reikningurinn var gerður og lagður fyrir endurskoðendur.

Að því er snertir færsluna á reikningi landhelgissjóðs, gleður það mig, að meiri hl. fjhn. er mjer sammála um hana, og vil jeg aðeins taka undir ummæli hv. frsm. þar um.

**Hannes Jónsson:** Jeg hefi skrifað undir nál. fjhn. fyrirvaralaust, en jeg tek þó ekki alveg eins alvarlega hestahald og veislukostnað landhelgissjóðs eins og hv. frsm. og yfirskoðunarmaður landsreikninganna (GunnS). Jeg lít svo á, að kostnaðurinn eigi að skiftast milli þessara tveggja aðila, ríkissjóðs og landhelgissjóðs, eftir nokkurnveginn rjettlátum hlutföllum, en geri hinsvegar ekki að ágreiningsatriði, þó landhelgissjóður eigi hesta.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um landsreikninginn yfirleitt. Jeg hefði óskað, að nál. hefði verið nokkru fyllra, en það er ekki auðvelt að koma öllu að í einu nál., sem æskilegt hefði verið, að kæmi ljóst fram. Hv. frsm. hefir skýrt alveg rjett afstöðu n. til þessa máls að því er mig snertir, nema þetta um hestahaldið, sem jeg held að komið hafi fram í n.

Það er annars dálítið einkennilegt að heyra hv. 2. þm. Rang. tala um það, hvað nauðsynlegt væri að hafa sömu endurskoðendur áfram vegna kunnugleika þeirra og æfingar í starfinu, en svo reynist hann sjálfur ekki kunnugri en það, að hann fer að kvarta um skuld, sem er greidd fyrir löngu síðan. (**GunnS:** Jeg fór eftir reikningnum eins og hann lá fyrir). Jeg sje ekki, að þetta beri vott um, að ástæða sje til að endurkjósa altaf yfirskoðunarmenn.

**Halldór Stefánsson:** Jeg vil aðeins endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, að endurskoðendur hafa áður gert aths. í sömu átt og nú, og þingið hefir ekki sjeð ástæðu til að taka þær til greina. Og úr því að það er viðurkent, að landhelgissjóður þurfi að hafa kostnað vegna risnu, þá sje jeg ekki, að það geri neinn eðlismun á málinu, hvort um er að ræða hesta eða bifreiðar.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg er sammála hv. 2. þm. Rang. um færsluna á reikningi landhelgissjóðs. Mjer finst óviðfeldið að sjá þetta fært á reikning landhelgissjóðs og sýnist rjettara að færa á sjerstakan reikning allan risnukostnað ríkissjóðs, og ætti helst að vera sjerstakur liður fyrir þetta í fjárl. Með því fæst betra yfirlit yfir þennan kostnað. Jeg er yfirskoðunarmönnunum sammála um þetta, eins og jeg hefi áður verið þegar þessi aths. hefir komið fram. Þingið hefir hingað til daufheyrst við þessu, og meðan það gerir það, má telja víst, að þetta verður fært á sama hátt og áður.

Mig langar til að gera fyrirspurn til hv. 2. þm. Rang. viðvíkjandi áfengisversluninni. Svo er mál með vexti, að árið 1925 var skuld hjá vínversluninni hjer í Reykjavík, en á þessum reikningi sjest ekki, hvað mikið er enn útistandandi af þeirri skuld. Langar mig til að fá upplýsingar um þetta.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Jeg skal ekki vera langorður. Það ætti öllum að vera ljóst, að sá, sem notar meira hvort heldur sem það er nú hest eða bíl, á að teljast eigandi þessara farartækja. Ef hv. þm. V.-Húnv. væri oddviti hrepps, þar sem t. d. sjúkrasjóður hreppsins hefði sjerreikning, hreppurinn ætti bíl og bílkaup og rekstrarkostnaður væri færður sjúkrasjóði til gjalda, hygg jeg sumum þætti það skrítin reikningsfærsla.

Landhelgissjóður notar þessi farartæki lítið, og er því óviðfeldið að færa þennan kostnað á hans reikning.

Út af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, get jeg upplýst það, að yfirskoðunarmennirnir vissu ekkert um þessa skuld, því að reikningar áfengisverslunarinnar fyrir árið 1927 voru ekki búnir fyrr en löngu eftir að þeir höfðu endurskoðað landsreikninginn.

**Gunnar Sigurðsson:** Hv. frsm. n. hefir svarað hv. þm. V.-Húnv., svo að jeg get sparað mjer það ómak. Aðeins skal það tekið fram, að eins og jeg greip fram í fyrir hv. þm. V.-Húnv., er ómögulegt að fara eftir öðru í yfirskoðun landsreikninganna en reikningunum sjálfum eins og þeir liggja fyrir, og sýnir það þekkingarleysi þm., er hann hyggur, að komið verði við að ná til allra hlutaðeigenda til að sannfærast um, að liðir reikninganna sjeu á annan veg en þeir eru skráðir, t. d. greitt það, sem ógreitt er talið.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. get jeg upplýst það, að mig minnir, að útistandandi skuldir hjer í Reykjavík hafi numið 8000 kr. Þó er jeg ekki viss um, að jeg muni það rjett.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg er undrandi yfir því, að yfirskoðunarmennirnir skyldu ekki hafa gert aths. við þessa skuld, því að hún virðist hafa staðið í stað, óbreytt eins og hún var 1925. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að full ástæða sje til að athuga, hve mikið af henni muni hægt að fá inn.

**Gunnar Sigurðsson:** Út af síðustu ummælum hv. 1. þm. Árn. skal jeg taka það fram, að þessi skuld mun einskis virði og því ekki talin til eigna á landsreikningnum 1927.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg vil beina þeirri fyrirspurn til hv. 2. þm. Rang., hvort hann hafi sjeð skrána yfir þessa skuld. (**GunnS:** Já). Og telur hv. þm. hana ófáanlega? (**GunnS:** Já). Jeg vil þá upplýsa það, að árið 1925, þegar jeg var yfirskoðunarmaður landsreikninganna, fengu yfirskoðunarmenn ekki að sjá þessa skrá, svo að þá voru ekki tök á að athuga hana. Vænti jeg þess, að hæstv. stj. taki það til athugunar, hvort þessi skuld, sem nam 9000 kr. fyrir árið 1925, muni nú tapaður peningur.

**Magnús Jónsson:** Það er nú orðið langt um liðið, síðan jeg var yfirskoðunarmaður landsreikningsins, svo að jeg er farinn að ryðga í ýmsu, sem þá bar á góma, en svo mikið man jeg, að við yfirskoðunarmennirnir gerðum þá fyrirspurn viðvíkjandi því, að þessi upphæð skyldi hvergi koma fram. Við fengum þau svör, að innheimtustofa Manschers teldi skuldina tapaða með öllu. Við þetta var ekkert að athuga, enda mun öllum hafa komið saman um, að þetta væri töpuð skuld. En við gerðum þó þá aths. um þetta, að ekki væri rjett bókfærsluaðferð að láta þessa skuld hverfa, heldur ætti að tilfæra hana sem tapaða. Annars sje jeg ekki, að þetta geti verið neinum til ámælis, og þó að hjer hafi verið notuð skökk aðferð, skiftir það ekki máli, úr því sem komið er.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg neita því, að þessar 9000 kr. hafi komið til

greina fyrir landsreikninginn 1925. Hv. 1. þm. Reykv. man ef til vill, hvernig þessi upphæð varð til, en jeg legg ekkert upp úr því, sem Manscher segir um hana. Leyfi jeg mjer að skora á hæstv. stj. að hlutast til um, að þessi skuld verði innheimt, að svo miklu leyti sem unt er.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 19).

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til fjhn. með öllum atkv.

---

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 637).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** N. hefir athugað frv. og borið saman við landsreikninginn. Að vísu hefir ekkert nýtt komið þar fram, en rjett er að láta þess getið, að ekki liggja fyllilegar upplýsingar fyrir um 29. liðinn. Hefir ekki verið gerð full grein fyrir þeirri upphæð, er þar um ræðir; hafa og endurskoðunarmenn LR. bent á þetta. Jeg hefi viljað láta þess getið, að n. hefir athugað þetta, en að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ.

**Jón Þorláksson:** Til viðbótar við aths. hv. frsm. vil jeg leyfa mjer að leiða athygli að því, að rekstrartekjur ríkissjóðs eru á reikningi II, undir 5. gr., vantaldar um 109400 kr., en aftur er upphæðin í reikningi III (sjóðreikningi), endurgreidd lán og seldar eignir, oftalin um sömu upphæð. Þetta er talin á 11. fskj. afborgun af skuld áfengisverslunar ríkisins, en er ekki annað en tekjueftirstöðvar frá áfengisversluninni 1926, sem átti að greiðast í ríkissjóð á því ári, en hefir dregist og á að teljast með rekstrartekjum 1927, þar sem upphæðin kom ekki sem tekjur á landsreikningi 1926. — Þetta er að vísu reikningsfærsluatriði og ekki annað, en sú upphæð, sem reikningurinn telur rekstrarmismun, á þá að lækka um sömu upphæð.

Svo er annað atriði miklu mikilvægara, sem jeg vildi gjarnan fá upplýsingar um hjá hæstv. fjmrh. Á þessum landsreikningi, sem er dagsettur 29. okt. 1928, er innskotsfje Landsbankans talið með eignum ríkissjóðs eins og venja er til. Á reikningi Landsbankans 1927, sem er dagsettur fyr en þessi landsreikningur, er þetta inn-

skotsfje látið falla burtu. Nú vil jeg spyrja hæstv. fjmrh., hvort hæstv. stj. hafi samþ., að þessi liður væri á þennan hátt strikaður út úr reikningum Landsbankans, og hvort það sje tilætlunin að láta þennan lið falla burtu úr eignaskýrslu ríkissjóðs á næsta landsreikningi.

**Fjmrh. (Einar Árnason):** Hvað mig snertir, þá hefi jeg ekki enn tekið afstöðu til þessa atriðis í reikningum Landsbankans. Jeg geri ráð fyrir, að þetta komi til kasta landsbankanefndarinnar nú um þessar mundir, og jeg get ekkert sagt um það fyrirfram, hvernig hún kann að líta á þetta. Jeg er heldur ekki við því búinn að gefa neinar upplýsingar um, hvernig jeg muni snúast við þessu, þegar reikningurinn kemur til mín.

**Jón Þorláksson:** Mjer nægir ekki svar hæstv. fjmrh. Þessi úrfelling er gerð á reikningi Landsbankans fyrir árið 1927, og jeg á ekki von á, að hann komi nokkurntíma til landsbankanefndarinnar til úrskurðar. Jeg hefði því gjarnan viljað fá vitneskju um það hjá hæstv. fjmrh., hvort hæstv. stj. væri búin að samþ. þessa úrfellingu. Jeg tel raunar, að hæstv. stjórn hafi ekkert vald til þess að samþ. þessa úrfellingu, því að í landsbankalögunum, sem gengu í gildi áður en landsreikningurinn fyrir árið 1927 kom til úrskurðar, stendur, að innskotsfje ríkisins skuli telja til stofnfjár bankans. Jeg veit ekki, hvernig hægt er að komast framhjá þessu ákvæði, en vildi þó að þessu sinni ekki gera annað en að beina þessari fyrirspurn til hæstv. fjmrh.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn samþ. með 11 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með öllum (14) atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

---

## 41. Brunamál.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907** (þmfrv., A. 234).

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Halldór Stefánsson):** Jeg þykist hafa gert nægilega grein fyrir ástæðunum fyrir flutningi þessa frv. í grg., og vísa til þess, sem þar er fram

tekið. Sje jeg ekki ástæðu til þess, hvorki að endurtaka það eða fjölyrða um málið. Vil jeg svo leyfa mjer að óska þess, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 234, n. 316).

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Jeg skal leyfa mjer að benda á það, að fjhn. mælir einhuga með því, að frv. þetta nái fram að ganga. Jeg skal ekki bæta miklu við það, sem sagt er í grg. frv., en aðeins geta þess, að kostnaður sá, er af því myndi leiða, að frv. yrði samþ., er talið, að ekki þyrfti að verða meiri en 1500—2000 kr., og það er svo lítil upphæð, að ekki er rjett að spara hana þegar jafnmikið er í húfi. Virðingarverð þeirra eigna, sem trygðar eru í Brunabótafjelaginu, nemur nál. 40 milj. kr., og þar sem frv. lýtur að því að vernda svo miklar eignir, virðist mjer ekki áhorfsmál, að það beri að samþ. Auk þess má benda á það, að það getur haft mikla þjóðhagslega þýðingu um skipun brunamálanna í framtíðinni. Brunabótafjelagið vátryggir nál. 5/8 hluta af þessari upphæð, sem jeg nefndi áðan, en ef gott skipulag kæmist á brunavarnir í kaupstöðunum, má ætla, að ekki verði þörf á að endurtryggja svo mikið erlendis, og jafnframt gætu ef til vill lækkað iðgjöldin. Skal jeg að svo mæltu ekki fara fleiri orðum um frv. þetta, en vænti þess, að hv. þdm. fallist á að samþykkja það.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg vil spyrja hv. frsm., hvort n. ætlist til þess, að þetta eftirlit nái til sveitanna, eða aðeins til kaupstaða og kauptúna. Ef eftirlitið á einnig að ná til sveitanna, er sýnilegt, að upphæðin, sem hv. frsm. nefndi, er alt of lág. Sje hinsvegar aðeins átt við eftirlit í kauptúnum og kaupstöðum, þá furðar mig á því, að ríkissjóði skuli ætlað að greiða nokkuð af þessu gjaldi. Fyndist mjer eðlilegra, að Brunabótafjelagið gerði það, enda er það svo vel stætt fjelag, að óþarfi er að hlaupa undir bagga með því um svona litla fjárhæð. Ef eftirlitið nær einnig til sveitanna, gætu hinir sameiginlegu brunabótasjóðir þeirra borið kostnaðinn. — Jeg vona, að hv. þdm. taki ekki þessi ummæli mín þannig, að jeg sje að amast við því að skerpa eftirlitið með brunavörnum landsins. Vil jeg biðja hv. frsm. að upplýsa þessi atriði fyrir mjer, en ef með þarf áskil jeg mjer rjett til að bera fram brtt. við frv. við 3. umr.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Út af fyrirspurnum hv. 1. þm. Skagf. skal jeg geta þess, að ekki er gert ráð fyrir, að eftirlitið nái nema til þeirra kaupstaða og bæja, sem eru tryggingarskyldir í Brunabótafjelagi Íslands, enda mundi eftirlit um alt land kosta miklu meira en hjer er gert ráð fyrir.

Þá þótti hv. þm. það eðlilegast, að Brunabótafjelagið greiddi þennan kostnað að öllu leyti. Mjer finst þetta ekki rjett hjá hv. þm. Í fyrsta lagi á

Á 58. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 464).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 464).

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 464, 520).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 520. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Þetta frv. er komið aftur frá hv. Ed. Það hafa verið gerðar á því tvær lítilsháttar breytingar. Önnur er sú, að lögin gangi í gildi þegar, og er ekkert við það að athuga, en má telja til bóta, en hin er sú, að ákveða, að til ársloka 1931 greiði ríkissjóður og Brunabótafjelag Íslands kostnaðinn við eftirlitið að hálfu hvort, en eftir þann tíma greiði Brunabótafjelagið allan kostnað.

Jeg hefi leyft mjer að koma með brtt. við þetta seinna atriði. Jeg hefi ekki haft tækifæri til að bera mig saman við n. um það, en hygg, að eftir því, sem áður var rætt í n., muni nefndarmenn og fylgja því. Brtt. fer aðeins fram á það að láta vera óbundið um það, hver greiði kostnaðinn eftir 1931.

Nú er þetta þannig vaxið, að með brunamálalögunum var ákveðið, hvernig skuli háttað umbúnaði eldfæra og brunavörnum í kaupstöðum og kauptúnum. Þessum ákvæðum hefir ekki verið framfylgt, og því er þörf að setja hjer eftirlit. Vitanlega er það ríkið, sem á að sjá um, að lögunum sje framfylgt. Brunabótafjelagið hefir nú boðist til þess, af því að það á þarna hagsmuna að gæta, að greiða hálfan kostnað af þessu eftirliti, ef það yrði sett upp, og í samráði við hæstv. stj. var þetta frv. flutt.

Það kom fram hjer við umr., að sumum virtist Brunabótafjelagið eiga að greiða allan þennan kostnað. En það er, eins og jeg að nokkru leyti vjek að þá, alveg það gagnstæða. Ríkið ætti að rjettu að borga allan þennan kostnað.

Nú er ekki farið fram á annað með þessari brtt. en að það sje óbundið eftir 1931, hvernig fer með þennan kostnað. Þar með vil jeg ekki segja, að Brunabótafjelagið kynni ekki að vinna til að greiða kostnaðinn eftir 1931. En jeg kann ekki við að ákveða í lögum, að það greiði þann kostnað, sem ríkið á að greiða.

Jeg skal geta þess til viðbótar því, sem jeg hefi áður sagt, að fleiri eiga hagsmuna að gæta í þessu efni en Brunabótafjelag Íslands; það eru brunabótafjelög þau, sem vátryggja innanstokksmuni, og er þó ekki ætlað að bera nokkurn hluta af kostnaði þessum. Áður hefi jeg bent á, að ríkið á mikilla hagsmuna að gæta þarna, þar sem það er í ábyrgð fyrir Brunabótafjelagið. Og það má segja, að ríkið eigi líka hagsmuna að gæta vegna þegnanna, að það geri það, sem hægt

er að sporna við, að stórbrunar komi fyrir, því að þeir hljóta altaf að valda miklu tjóni, bæði á eignum manna og atvinnu, og jafnvel á lífi og limum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vænti þess, að hv. deild fallist á þessa till., þar sem hún nálgast samræmi við það, sem áður var samþ. hjer í hv. deild.

**Magnús Guðmundsson:** Það var víst við 1. umr. þessa máls, sem jeg ljet það álit í ljós, að jeg teldi eðlilegast, að Brunabótafjelagið greiði þennan kostnað að mestu eða öllu leyti. Gerði jeg þá ráð fyrir að koma með brtt. við frv. En við 2. umr. var jeg ekki viðstaddur, og fór þetta mál út úr deildinni eins og það var flutt inn í byrjun. En í hv. Ed. var því breytt á þann hátt, sem hv. flm. kvaðst vera óánægður með, og vill fá aftur breytt.

Mjer finst það vera ofureðlilegt, að Brunabótafjelagið taki á sig þennan kostnað allan eftir að búið er að koma þessu í lag. Mjer finst það ekki vera rjett af hv. flm. að gera þetta að kappsmáli. Jeg viðurkenni, að hann sem forstjóri Brunabótafjelagsins hafi skyldu til að sjá hag fjelagsins borgið. En það er svo um ríkissjóð, að honum eru bundnir svo margir baggar, og sumir stórir, og jeg get ekki sjeð, að þetta geti skift neinu verulegu máli fyrir Brunabótafjelagið. Og að því er snertir það, að ríkið er í ábyrgð fyrir fjelagið, þá er jeg ekkert hræddur við þá ábyrgð. Því að eftir því, sem iðgjöldin eru í þessu fjelagi, þá hefir það sýnt sig, að þau gera miklu meira en að nægja til að greiða þá brunaskaða, sem hafa orðið. Og líklega er meira að segja hægt að færa þau eitthvað niður. Kæmi að því að lækka iðgjöldin fyr eða síðar, yrði þetta eitt af þeim atriðum, sem komið gætu til greina til þess að halda þeim uppi. Annars get jeg viðurkent, að hjer er ekki um svo stórt atriði að ræða, að nein ástæða sje til að deila mikið um það. En mjer finst eðlilegast, að Brunabótafjelagið beri þennan kostnað. Hann fellur á þess starfssvið og það nýtur mjög mikils góðs af þessari ráðstöfun.

Það er satt, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, að önnur fjelög greiða ekki neitt í þessu skyni, t. d. þau, sem hafa vátryggingu. En það er af því, að það er ekki hægt að ná til þeirra. En hjer er um skyldutryggingu að ræða hjá Brunabótafjelaginu, og því er hægt að koma þessu yfir á það, og mjer finst ekki nema sanngjarnt að gera það. Jeg legg því til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Ekki vil jeg deila mikið um þetta við hv. 1. þm. Skagf. Jeg hefi tekið fram þær rjettu ástæður, sem fyrir þessu eru. Honum finst „ofureðlilegt“, að Brunabótafjelagið eigi að greiða allan kostnað. Jeg hefi sýnt fram á, að það má með rjettu snúa þessu við, — að það sje ofureðlilegt, að ríkið borgi allan kostnað.

Ef maður lítur á Brunabótafjelagið, sem tekur að sjer tryggingarnar, annarsvegar og ríkið hinsvegar sem tvo sjálfstæða aðila, sem það vitanlega er viðskiftalega sjeð, þá horfir þetta þannig við. Ríkið hefir sett lög um útbúnað á eldfærum og brunavarnir. Og fjelagið, sem hefir tekið að sjer

vátryggingu á þessum húsum, gerir það vitanlega að því tilskildu, að staðið sje við það, sem gert er ráð fyrir í brunamálalögunum. En þetta hefir ekki verið gert. Það er ríkið eitt, sem á að sjá um, að skilyrði laganna sjeu haldin. En þó að Brunabótafjelagið hafi boðist til, fram yfir skyldu, að greiða hálfan kostnað við þetta eftirlit, þá gefur það enga rjettlætingu fyrir því að heimta, að það greiði hann allan. Ekki fyrir það, að þetta sje svo mikið fjárhagsatriði fyrir Brunabótafjelagið, en þetta er bara óeðlilegt, og rangt að setja svona lög. Og ef það skiftir ekki máli fjárhagslega fyrir Brunabótafjelagið, þá því síður fyrir ríkissjóð. En það er ekki fjárhagsatriðið, sem jeg er hjer um að fást; jeg kann aðeins ekki við, að fjelagi sje gert að skyldu að inna af hendi það, sem ríkið ætti að gera að öllu leyti.

**Magnús Guðmundsson:** Rjett er það, að ríkið á að sjá um, að lögum sje haldið uppi, sem það hefir sett. Það er gert með þessi lög eins og önnur, að embættismönnum landsins er falið að sjá um þau. En hjer er farið fram á annað og meira en það venjulega eftirlit með lögunum. Jeg geng út frá, að hv. 1. þm. N.-M. þyki sanngjarnt, að fjelagið greiði helming kostnaðar. Þar með er hann inni á þessari sömu hugsun og jeg. Okkur greinir aðeins á um það, hversu langt skuli ganga á þessari sömu braut. Þar sem Brunabótafjelagið er stofnun, sem ríkið hefir komið á fót og er rekin að miklu leyti á ábyrgð ríkissjóðs, þá get jeg ekki sjeð neitt undarlegt við það, þótt henni sje falið að framkvæma þetta eftirlit. Mjer finst það ekki nein ósanngjörn byrði á fjelaginu. En hinsvegar er gott fyrir ríkissjóð að losna við þessi útgjöld, þó að þau sjeu ekki meiri en þetta.

ATKVGR.

Brtt. 520 samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JÓl, JörB, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, J-AJ, ÞorlJ.

**nei:** JS, LH, MG, PO, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, HK, IngB, JJós.

Fjórir þm. (BSv, BSt, EJ, MJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 61. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 524).

Á 62. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. hefir tekið dálítilli breyt. í hv. Nd. og því er það hingað komið í annað sinn. Breyt. er við niðurlag 1. gr., að í staðinn fyrir orðin „Brunabótafjelag Íslands annast um allan kostnað úr því", eins og stóð í frv. er það fór hjeðan, þá hefir hv. Nd. orðað þetta nokkuð víðtækara. Er breyt. þá þessi: „Eftir það fer um kostnaðinn við eftirlitið eftir samkomulagi á milli ríkisstj. og Brunabótafjelagsins". Fjhn. hefir ekki tekið breyt. þessa til athugunar, og hefi jeg því ekkert að segja um hana fyrir n. hönd. En sjálfum finst mjer breyt. þess eðlis, að

ástæðulaust sje að málið strandi hennar vegna, og mun jeg því greiða frv. atkv. í þeirri mynd sem það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 549).

## 42. Kjallaraíbúðir.

Á 36. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um íbúð í jarðhúsum** (þmfrv., A. 254).

Á 38. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason):** Frv. þetta um íbúð í jarðhúsum (kjöllurum), er jeg flyt hjer ásamt hv. 5. landsk., hafa hv. dm. nú átt kost á að kynna sjer ásamt grg. þess, svo jeg þarf ekki að halda langa ræðu að þessu sinni. Þó vil jeg fylgja því úr hlaði með örfáum orðum. Mál þetta, sem í eðli sínu er bæði menningar- og heilbrigðismál, er flutt í þeim tilgangi að reyna að bæta úr því algerlega óþolandi ástandi, er nú tíðkast hjer að því er jarðhúsaíbúðir snertir. Eru í 1. gr. frv. talin upp þau atriði, sem teljast verða nauðsynleg skilyrði þess, að nota megi jarðhúsaíbúðir. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í kaupstöðum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins gera íbúðir í jarðhúsum, að eftirfarandi skilyrðum sje fullnægt". En þau eru: 1. að jarðhúsið sje ekki dýpra í jörðu en 1 m. á þeim hluta, er íbúðarherbergi eru; 2. að allir gluggar viti mót sólarátt, að eldhúsi og búri fráskildu; 3. að forgarður ekki mjórri en 6 m. greini húsið frá götunni, og í 4. lagi, að öll íbúðin sje rakalaus, með sæmilegri hitun og umgengni.

Með þessum skilyrðum er það meiningin að bæta úr því óþolandi ástandi í þessum efnum, er á sjer stað hjer í Reykjavík og víðar. Þetta er sú gr. frv., sem mestu máli skiftir, en jeg vil í sambandi við hana geta þess, að rjettara mundi ef til vill að breyta ákv. í 3. lið 1. gr., svo að þar komi 4 m. í stað 6 m. Hygg jeg það öllu framkvæmanlegra. Í 2. gr. er talað um það, að bæjarstjórnum og hreppsnefndum sje heimilt að banna íbúð í jarðhúsum, ef þær fullnægi ekki skilyrðum 1. gr. Í 3. gr. eru ákvæði um það, að haldin skuli sjerstök skrá yfir allar jarðhúsaíbúðir í kauptúnum, og skal þar tekið fram, að hve miklu leyti þær fullnægja skilyrðum 1. gr. Þær íbúðir, er ekki fullnægja þeim, skal skoða árlega og leiðrjetta skrá þá, er fyr var getið, eftir því, hverjar breytingar hafa orðið á íbúðinni. 4. gr. kveður á um það, að við hver áramót skal bæjarstjórn velja úr þær jarðhúsaíbúðir, er lakastar eru, ekki færri en 1/30 af öllum jarðhúsaíbúðum kauptúnsins. Skal svo senda skriflega tilkynningu um bannið bæði til húseiganda og leigjanda. Er ætlun með þessu, að afnumdar verði á 30 árum allar þær íbúðir, er ekki fullnægja skilyrðum 1. gr., og væri þá mikið fengið. Loks segir í 5. gr., að skaðabóta verði ekki krafist, þótt

bönnuð sje íbúð í jarðhúsi, nema hún fullnægi ákvæðum 1. gr.

Jeg veit nú, að í því, er jeg hefi nú sagt, felst ekki annað eða meira en það, er í frv. stendur, en nú skal jeg gera nánari grein fyrir skilningi okkar flm. á þessu máli.

Ef til vill finst nú einhverjum, að fullfast sje kveðið á um þetta í grg. frv., þar sem sagt er, að jarðhúsaíbúðir sjeu blettur á þjóðinni og hættulegar fyrir heilbrigði manna. En jeg get nú ekki litið svo á, því að jeg verð að álíta, að slíkar íbúðir sjeu bæði menningarskortur og mjög spillandi fyrir heilbrigði manna og sje því óhætt að segja, að þær sjeu bæði til skaða og skammar. Enda er það svo, að allar menningarþjóðir, er láta sjer ant um velferð þegna sinna, hafa sett ákvæði svipuð þessum í löggjöf sína, svo einstakir menn geti ekki notað sjer neyð annara til þess að leigja út og okra á svona íbúðum.

Helstu gallar jarðhúsaíbúðanna eru þeir, að þær eru alt í senn, loftillar, dimmar og rakasamar, og það oft í þeim mæli, að ómögulegt er að halda neinum hlutum óskemdum í þeim, ætu nje óætu. Af þessum ástæðum eru þær oft gersamlega óhæfir bústaðir fyrir ungbörn og gamalmenni, og enda fólk á besta aldri.

Þessar íbúðir hafa færst mjög í vöxt upp á síðkastið, enda þótt engu af skilyrðum þeim, er gert er ráð fyrir í 1. gr., hafi verið fylgt. En það, að altaf hafa fengist nógir til að búa í slíkum íbúðum, kemur vitanlega til af húsnæðisvandræðunum. Síðan hefir verið okrað á þessum íbúðum, og er nú ástandið í þessum efnum svo, að það er gersamlega óviðunandi.

Þó að jeg sje nú ekki sjerstaklega byggingarfróð, hefi jeg kynt mjer nokkuð þessi efni og veit, að rakahættan er mest í jarðvegi, sem mikið vatn er í, og afleiðing þess eru svo kaldir veggir. Þess vegna þarf í öllum þessum jarðhúsaíbúðum að fóðra veggina miklu betur en gert er. Hvað birtuna og sólina snertir er óhætt að segja það, að það er ekki síður selt hjer en annað, og hafa þeir þá mest, er ríkastir eru að aurum. Þeir fátæku verða að láta sjer lynda að dvelja í skugganum. Við þessu er nauðsynlegt að reisa einhverjar skorður, því allir verða að hafa jafnan rjett til þess a njóta sólarbirtunnar. Vonda andrúmsloftið stafar af mörgu. og þá fyrst og fremst af þeirri kolsýru, er safnast fyrir á rökum og dimmum stöðum. Verður þá af henni illur daunn. Í þessu sambandi er og rjett að geta þess, að vegna þess hve byggingarskipulagi bæjanna er ábótavant hefir ekki verið hægt að hafa forgarð framan við húsin, heldur hefir aðeins verið og er mjó ræma milli hússins og götunnar. Er því á slíkum húsum varla hægt að opna glugga, því óðara er alt orðið fult af ryki og öðrum óþverra. Auk þess verður að breiða fyrir gluggana, svo ekki sjáist mjög mikið inn, en af því leiðir aftur, að birtan verður ekki eins góð.

Ef því væri horfið að því að fullnægja ákvæðum eins og þeim, sem 1. gr. gerir ráð fyrir, mundi þetta alt batna. Íbúðirnar yrðu bjartari, hollari og hlýrri.

Jeg gat þess fyr í ræðu minni, að 6 m. milli húss og götu væri ef til vill óþarflega langt og að það mundi nægja, þó bilið væri ekki nema 4 m.

Þetta vil jeg biðja þá hv. n., er fær málið til meðferðar, að athuga.

Nú mun það svo, að varla er bygt nokkurt hús án þess að undir því sje jarðhús. Hefi jeg spurst fyrir um það, hvernig kostnaðarhlutföll við húsbyggingu verði, og hafa fróðir menn sagt mjer, að jarðhúsin sjeu síst ódyrari en aðrar hæðir hússins. Af því leiðir, að ekki er eins vel vandað til þeirra og þyrfti, og svo verður leigan af þeim eðlilega hærri að tiltölu. Líti maður svo sem 30 ár aftur í tímann, þá var það svo hjer, að jarðhúsaíbúðir voru mjög fáar. Hjer í Reykjavík man jeg aðeins eftir tveimur. Var önnur notuð fyrir skósmíðaverkstæði, en í hinni mun hafa verið búið. Svona var nú þetta þá, og skal jeg láta menn sjálfráða um það, hvort þeir álíta núv. ástand framför frá því. Komi maður til Bretlands, er það mjög fátítt, að maður sjái jarðhús, og eru Bretar þó ekki taldir óhagsýnni hvað byggingar snertir en aðrir.

Ef horfið verður nú að því ráði, er við hv. 5. landsk. leggjum til í þessu frv. okkar, er jeg ekki í vafa um það, að slíkt væri hið mesta menningarspor og mundi bæta heilbrigðisástand manna allverulega. Þá mundi fólkið flytjast úr hinum ljelegu jarðhúsum í betri híbýli, á 1. eða 2. hæð. En ef hjálpa á öllum til þess að komast upp úr jörðinni, verður það einungis gert með lagaboði, því altaf verða nógu margir, sem reyna að hagnast í því að leigja út jarðhúsaíbúðir. Þingið þarf því að taka nokkuð föstum tökum á þessu máli, því þjóðin horfir þangað, sem löggjafinn er, og treystir því, að hann gefi út fyrirskipanir, er verða henni til heilla.

Þó ekki sje ef til vill hægt að segja, að þetta mál sje stórmál, þá vonast jeg samt eftir, að hv. dm. taki því með skilningi og vinsemd og bæti úr því, er ábótavant þykir við frv. En jeg skal strax taka það fram, að jeg mun verða mjög ófús til þess að slaka nokkuð til á þeim kröfum, er gerðar eru í frv.

Jeg vona, að hv. n. geri ekkert það, sem dragi úr þeim umbótum, sem frv. felur í sjer, á jarðhúsaíbúðum. Það er sagt, að í Reykjavík sjeu um 800 slíkar íbúðir, en eftir till. þeim, sem fram eru bornar í frv., ætti að fara svo, að eftir 30 ár yrðu allar slíkar íbúðir horfnar, og er þá vel farið.

Jeg ætla ekki að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni. Jeg vona, að frv. verði vel tekið og að hv. n. sýni okkur flm. þá vinsemd að ráðgast við okkur um þau atriði, sem ástæða kynni að vera til að breyta til batnaðar. Jeg geri það að till. minni, að frv. verði vísað til allshn.

**Jón Baldvinsson:** Jeg verð að segja, að jeg fellst alveg á þá hugsun, sem liggur á bak við þetta frv., en engu að síður finst mjer ýmislegt athugavert við formið. Frv. er góð hugsun í mjög ljelegum búningi, því að jeg fæ ekki betur sjeð en að það, sem hv. flm. ætla að útrýma, sjeu þeir einmitt að lögfesta. Mjer vitanlega er ekki til áður í lögum nein ákvæði, sem beinlínis lögheimila kjallaraíbúðir. En svo er um þetta frv. Strax í 1. gr. eru heimildir til þess, að gera megi kjallaraíbúðir. En í heilbrigðissamþykt

Reykjavíkur eru ákvæði, sem mega banna allar kjallaraíbúðir. Sú samþykt er sniðin eftir lögum, sem Alþingi hefir gefið sem heimildarlög, en ákvæðin eru svo lin, að æskilegt væri að fá fram í lögunum einhver ákvæði um lágmarkskröfur um húsnæði, og ef þetta frv. á að vera það, verð jeg að segja, að það er mislukkað, þar sem það einmitt heimilar að nota kjallara til íbúðar. Það ætti að vera algert og undantekningarlaust bann gegn kjallaraíbúðum.

Hv. 1. flm. hefir í ræðu sinni sagt margt gott um, að afnema eigi kjallaraíbúðir, en jeg er hræddur um, að því miður verði ekki eingöngu með lagabanni komið í veg fyrir, að menn búi í kjöllurum. Enda blasir við önnur leið, og það er að byggja svo margar íbúðir, að fólk þurfi ekki að nota kjallaraíbúðir. Jeg vil eiga von á stuðningi hv. 2. landsk., þegar frv. um verkamannabústaði kemur hingað til Ed. Það er leið til þess að útrýma kjallaraíbúðum og þá má banna að taka kjallara til íbúðar.

Þá er nafn frv., sem mjer finst mjög óviðkunnanlegt. Að nota orðið „jarðhús“ í þessu sambandi er hreinasta misnotkun. Jeg hefði hugsað, að það ætti við hús, sem grafið væri í jörð niður. En hvað sem þessu líður, er rjett að láta frv. fara til n. Eins og það nú er nær það alls ekki tilgangi sínum. Það verkar alveg öfugt við það, sem það á að gera, því að það heimilar að gera djúpa kjallara til íbúðar. Það skal því ekki standa á mjer að gera brtt. við frv., sem eru í samræmi við þá aðalhugsun, sem mjer fanst koma fram í ræðu hv. flm.

**Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason):** Jeg get ekki annað en látið mjer vel líka, að hv. 4. landsk. skuli fallast á hugsun þessa frv. Jeg gat ekki búist við óskoruðu lofi frá hv. þm., en viðurkenningin um, að hjer væri um gott mál að ræða, blasti hinsvegar við okkur flm.

Jeg ætla með örfáum orðum að svara því, sem jeg náði að skrifa niður af aðfinslum hv. þm. Hv. 4. landsk. segir, að frv. geri ráð fyrir, að haldið verði áfram að byggja kjallara til íbúðar. Í grg. frv. er þó auðsjeð, að svo er ekki. Þar segir svo: „.... Með frv. þessu er að því stefnt að leyfa bestu jarðhúsaíbúðir, en banna hinar ....“. Og í 1. gr. segir svo: „Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins gera íbúðir í jarðhúsum (kjöllurum), að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum ....“ o. s. frv. Með þessu er ekki verið að hvetja menn til að byggja kjallara til íbúðar, heldur þvert á móti. Jeg vil biðja hv. 4. landsk. að lesa frv. með meiri athygli og meiri velvilja. Jeg átti síst von á mótstöðu frá honum, með allri hans umhyggju fyrir þeim, sem neyðast til að búa í jarðhúsum.

Hv. þm. sagði, að frv. væri góð hugsun í ljelegu formi. Hann um það. Jeg býst ekki við, að jeg taki mjer nokkru sinni penna í hönd eða orð í munn, svo að honum þyki gott. Hv. þm. segir, að með þessu frv. sje verið að lögfesta kjallaraíbúðir. Það er viðleitni til að lesa á milli línanna það, sem er ekki í línunum sjálfum. Það er ekkert orð og enginn sá andi í frv., sem bendir til þess, að verið sje að

örva menn til að byggja jarðhúsaíbúðir. Þvert á móti.

Hv. þm. sagði, að engin lög væru til um, að það ættu að vera jarðhúsaíbúðir í húsum. Nei, sem betur fer. En við flm. viljum láta banna með lögum allar slíkar íbúðir, óhollar og ljelegar. Þá sagði hv. þm., að hann teldi æskilegt, að í lögunum væru lágmarksákvæði um jarðhúsaíbúðir. Það er einmitt það, sem verið er að gera með þessu frv.

Þá mintist hv. þm. á það, að ýmislegt þyrfti að laga í frv. Jú, jeg tók það sjálf fram. Það er eins með þetta frv. og flestar aðrar frumsmíðar, að það er ekki alfullkomið, enda er því ætlað að fara til nefndar. Og jeg gat þess, að jeg vonaði, að n. mundi með velvilja og íhugun umbæta þá galla, er á því kynnu að vera.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt margt gott um óhollustu jarðhúsaíbúða. Jeg þori að fullyrða, að jeg hafi að minsta kosti sagt satt. Jeg er ekki mikið fyrir að látast, en reyni að bera sannleikanum vitni í hvaða máli sem er.

Hv. þm. þótti heiti frv. óviðfeldið. Jeg hefi nú einhvern af okkar bestu norrænufræðingum fyrir því, að heitið sje rjett. Íslenskir torfbæir hafa aldrei verið kallaðir jarðhús, eins og hv. þm. mætti vita. Að síðustu sagðist hv. 4. landsk. vonast eftir stuðningi frá mjer, þegar frv. um verkamannabústaði kæmi hingað til Ed. Jeg get engu lofað um það, fyr en jeg hefi lesið frv. En því get jeg lofað, að jeg skal ekkert rangfæra í frv., heldur reyna að skilja það og tilgang þess. Þá getum við talast við um það, hvort jeg vilji styðja málið.

**Jón Baldvinsson:** Hv. 2. landsk. hefði átt að vera búin að lesa frv. um verkamannabústaði, því að það er fyrir löngu búið að leggja það fyrir þingið. Það sýnir ekki mikinn áhuga, að hafa ekki kynt sjer þá leið til úrlausnar á því máli, sem hv. þm. þykist vera að berjast fyrir.

Mjer hefir ekki fundist hv. flm. vera alveg í samræmi við sjálfa sig, þegar þm. las með áherslu fyrstu línurnar í 1. gr. og sagði, að **því aðeins** mætti gera íbúðir í kjöllurum, að fullnægt væri vissum skilyrðum. Og hv. flm. vildi láta líta svo út, að þetta væri bann gegn kjallaraíbúðum. En með þessu eru kjallaraíbúðir leyfðar, og það meira að segja í djúpum kjöllurum. Að vísu eiga þær að vita á móti sól. Það er auðvitað gott út af fyrir sig, en þetta er ekki sá tilgangur, sem lýsti sjer í fyrri ræðu hv. flm. Ef hv. flm. vill ekki þetta, þá hefir það óvart orðið svona í frv. Flm. eru reyndar tveir. Kannske að annar vilji banna kjallaraíbúðir, en hinn lögfesta þær. (**IHB:** Þetta er útúrsnúningur).

Jeg leyfi mjer að vísa þeim ummælum algerlega á bug, að jeg hafi ekki litið á þetta frv. með velvilja. Jeg vildi aðeins vekja athygli hv. flm. og hv. þdm. yfirleitt á því, hver væri úrlausnin í þessu máli. Það væri ástæða til að banna fleira en kjallaraíbúðir. Sumar háaloftsíbúðirnar eru síst betri. Jeg þekki margt fátækt fólk, einkum þar sem mörg börn eru og mikill erill og umgangur, sem kýs miklu heldur að búa í kjallara en uppi á háalofti.

Hvað sem hv. flm. hefir eftir norrænufræðingum, get jeg ekki felt mig við heiti frv. Hjer er það látið þýða

alt annað en í fornu máli. Snorri Sturluson var drepinn í jarðhúsi; það var hús, sem grafið var niður í jörðina. En þessi „jarðhús“ eiga að vera úr steini og eru að nokkru ofanjarðar. En sjálfsagt er að taka frv. til velviljaðrar athugunar í n.

**Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason):** Mjer virðist anda hlýrra í garð frv. nú en í fyrri ræðu hv. þm., enda treysti jeg því, að hann samkvæmt stefnu flokks síns leggi gott til þessa máls.

Jeg felst ekki á, að jeg sje ekki í samræmi við sjálfa mig að því er snertir 1. gr. frv. Jeg skil mælt mál, engu síður en hv. 4. landsk., og kann sæmilega að lesa. Að jeg hafi ekki náð hugsun minni í frv., kannast jeg heldur alls ekki við. Jeg skal taka undir það með hv. 4. landsk., að það eru fleiri íbúðir en jarðhúsaíbúðir, sem ástæða væri til að banna. Í sumum húsum eru íbúðirnar yfirleitt alveg óhæfilega illa úr garði gerðar og illa við haldið. En hvað dugir að kvarta? Menn hafa sjaldnast upp úr því annað en ómakið, þar sem við þá húseigendur er að eiga, sem hugsa meira um að fá sem mesta leigu en að íbúðirnar sjeu í viðunanlegu standi.

Það er ekki ástæða til að vera að karpa um þetta lengur. Jeg býst við, að þegar öllu er á botninn hvolft, vaki eitthvað svipað fyrir okkur báðum. Og þó að ekki náist til allra annmarka, sem á íbúðum eru, með frv. þessu, þá er það þó spor í þá rjettu átt. Einhversstaðar verður að byrja, og mætti svo smám saman fikra sig áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 457, 459).

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Eins og nál. á þskj. 457 ber með sjer, þá hefir allshn. ekki getað orðið samferða í þessu máli að öllu leyti. Hv. 4. landsk. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, sem felst í því, að hann vill ganga nokkuð lengra í þeim umbótum, sem frv. fjallar um, heldur en bæði frv. og meiri hl. allshn. telur fært að fara að svo stöddu. — Öll var því n. sammála um, að frv. yrði til bóta, ef að lögum verður gert, og að það mundi verða til þess smátt og smátt að útrýma slæmum íbúðum, sem óneitanlega eru til. Að vísu eru til heilbrigðisnefndir, en það er hvorttveggja, að vald þeirra hefir verið lítið. enda hefir því sennilega verið slælega beitt. Ákvæði þessa frv. eiga nú að taka til allra kauptúna, sem hafa yfir 100 íbúa, og hyggur n., að frv. muni verða til bóta og fjelst því á það. Ástæðan fyrir því, að við 2 nm. gátum ekki fylgt form. okkar í því að ganga lengra, eða eins og brtt. hans á þskj. 459 bera með sjer, var sú, að við óttuðumst það, að það mundi valda hækkun á húsaleigu að miklum mun, sjerstaklega hjer í Reykjavík. Við þorðum því ekki að ganga lengra, þótt við hinsvegar teljum æskilegt, að fólk búi sem best, bæði af heilbrigðislegum og menningarlegum ástæðum.

Okkur fanst því ekki fært að ganga lengra í þessu en frv. gerir og fjellumst því á að leggja til, að það gangi fram.

Við höfum leyft okkur að koma fram með 6 brtt. við frv., en af þeim eru þó ekki nema tvær, sem verulegu máli skifta. Hitt eru engar efnisbreyt. Við leggjum til, að í stað þess að nota orðið „jarðhús" verði notað orðið „kjallari". Kjallari er orð, sem búið er að fá hefð í málinu, og orðið jarðhús er notað í annari merkingu. Orðið kjallari er orðið fast í málinu, og sje jeg því ekki, að neitt sje á móti því að taka það upp í lagamálið.

Við viljum bæta þeim ákvæðum inn í 1. gr., að gluggar megi ekki vera neðar en 25 cm. frá jörðu, svo að trygt sje, að vatn renni ekki inn um þá og hægara sje að opna þá, þó að snjór sje. Er þetta gert í samráði við hv. flm. frv., eins og reyndar þær aðrar breyt., sem við leggjum til, að gerðar verði á frv.

Frv. gerir ráð fyrir, að forgarður, ekki mjórri en 6 m., greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu. Okkur fanst varhugavert að ganga eins langt í þessu efni og frv. gerir, vegna þess að þá verða lóðir að vera mjög stórar og þar af leiðandi dýrar, en við teljum það til mikilla bóta, ef 3 m. eru frá götu eða gangstjett.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en leyfi mjer fyrir hönd allshn. að ráðleggja hv. deild að samþ. frv. með brtt. á þskj. 457.

**Jón Baldvinsson:** Það er stigmunur á afstöðu minni og hv. meiri hl. allshn. Jeg vil ganga lengra í að útrýma kjallaraíbúðunum en hv. meiri hl. n. og banna þær með öllu. Eftir svo sem 20 ár verður Reykjavík helmingi stærri en hún er nú, og þá hefir íbúðarhúsum hjer fjölgað um helming, og ef leyfilegt verður að hafa kjallaraíbúðir, er ekki vafi á, að haldið verður áfram að byggja þær, og þá verður allmikill hluti fólksins í kjallaraíbúðum. En kjallaraíbúðir verða aldrei góðar, jafnvel þótt sólarmegin sjeu, vegna sagga, kulda og þeirra óþæginda, sem af því stafa, að þær verður að grafa að einhverju leyti í jörð niður. Jeg vil því láta banna að byggja kjallaraíbúðir hjeðan í frá, og að því lúta brtt. mínar á þskj. 459. — 1. brtt. gengur út á það, eins og jeg áður sagði, að bannað verði að taka kjallara til íbúðar í húsum, sem bygð verða hjer eftir, og að eigi megi gera kjallaraíbúðir í húsum, sem þegar hafa verið bygð. En síðari brtt. er þess efnis, að þeim kjallaraíbúðum, sem nú tíðkast, skuli fækka eftir ráðstöfunum bæjar- eða sveitarstjórna, þannig að þær hverfi með öllu á næstu 20 árum. Hjer í Reykjavík munu vera um 800 kjallaraíbúðir, svo að samkv. þessu ættu 40 að leggjast niður á ári. Jeg þykist vita, að sumir muni segja, að þetta sje aðgangshart fyrir húseigendur og fólk muni vegna þessara ráðstafana eiga vont með að útvega sjer íbúðir, en þessu er til að svara, að því marki verður aldrei náð með neinni linkind að útrýma kjallaraíbúðunum, heldur verður að gera strangar ráðstafanir til þess að halda í horfinu, því að menn virðast hafa alveg óvenjulega tilhneigingu til þess að

láta gera kjallaraíbúðir, og hygg jeg þó, að slíkt sje ekki til neinna hagsbóta. Annars er svo um kjallaraíbúðir hjer í bæ, að fjöldinn af þeim var „innrjettaður" á stríðstímunum, þegar húsnæðisvandræðin voru mest.

Það er rjett, að heilbrigðisstjórn hefir vald til að ákveða, að ekki skuli nota kjallaraíbúðir, en það vald er veikt með undanþágumöguleikunum, auk þess sem hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfjelög munu alltrauð til að skapa sjer erfiðleika með því að láta fólk út á götuna og þurfa svo að sjá því fyrir betri íbúðum á eftir. Ef mínar till. ná fram að ganga, er ekkert undanfæri í þessu efni, og svo verður að vera.

Jeg veit, að það eru fleiri íbúðir vondar en kjallaraíbúðir, t. d. uppi á háalofti í ýmsum húsum, en þó mun mest óhollustan af kjallaraíbúðunum, vegna þess mikla sagga, sem þeim fylgir.

Jeg vil láta setja ákvæði um það í þetta frv., hver eigi að skera úr, ef ágreiningur rís út af því, hvað eigi að teljast kjallaraíbúð. Vil jeg, að stjórnarráðið hafi þar úrskurðarvaldið.

Þá vil jeg breyta fyrirsögn frv., þannig að í stað orðsins „jarðhús" komi: kjallari. Mjer finst orðið jarðhús merkja alt annað en hjer er átt við.

Loks ætlast jeg til þess, að l. þessi gangi í gildi um næstu áramót og að árið 1930 fari fram fyrsti útdráttur kjallaraíbúða, frá fardögum að telja.

Ein af brtt. hv. meiri hl. allshn. er þess efnis, að 3 metra forgarður skuli greina hús frá götu, í stað 6 metra, eins og frv. gerir ráð fyrir. Jeg tel þetta til bóta, þó að jeg þykist vita, að erfitt verði að framkvæma það, því að víða í kaupstöðum mun búið að ákveða breidd gatna og miðað við það, að hús sjeu bygð fast að gangstjett. Í slíkum húsum kemur auðvitað ekki til greina að hafa kjallaraíbúðir. Jeg tel þetta ákvæði því til bóta, þar sem það að þessu leyti takmarkar kjallaraíbúðir.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, því að jeg fór allrækilega út í þetta frv. við 1. umr., og þær brtt., sem jeg flyt, eru í samræmi við það, sem jeg sagði þá.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg get í öllum aðalatriðum verið ánægð með undirtektir hv. allshn., og þó einkum meiri hl. n., í þessu máli. Þær breyt., sem hv. meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru ýmist orðabreyt. eða til bóta á efni frv.

Fyrsta brtt. hv. meiri hl. n. er við 1. gr. frv. Er hún í þrem liðum. Fyrsti liðurinn (a) gengur út á það, að í stað orðsins „jarðhús" komi: kjallari. Þetta er orðabreyt., sem jeg hefi ekkert við að athuga í sjálfu sjer. Annar liðurinn (b) er þess efnis, að kjallara megi ekki grafa dýpra í jörðu en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar megi ekki vera neðar en 25 cm. frá jörðu. Þessi brtt. er gerð í samráði við okkur flm. frv., því að eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, fengum við áheyrn hjá n. Þriðji liður þessarar brtt. er á þá leið, að ekki megi skemri forgarður en 3 m. greina hús frá götu. Í frv. var gert ráð fyrir 6 m. forgarði, en eins og við flm. tókum fram strax við 1. umr., mun þar til of mikils mælst og erfitt verða að koma þessu við, auk þess sem

lóðir yrðu með þessu móti að vera mjög stórar og þar af leiðandi dýrar. Við flm. getum því, eftir atvikum, fallist á þessa brtt.

Önnur brtt. hv. meiri hl. allshn. er við 2. gr. frv. Er hún þar færð til betra og gleggra máls. Sama er að segja um aðrar brtt. hv. meiri hl. n. við frv. Við flm. frv. höfum því ekkert við þær að athuga, en teljum þær hinsvegar til bóta á frv.

Hv. 4. landsk. þm. hefir gert grein fyrir þeim brtt., sem hann flytur. Hann er sammála meiri hl. allshn. um það, að þetta frv. miði að því að bæta úr hinu illa ástandi, sem kjallaraíbúðirnar valda. Er hann því að efni til samþ. þessu frv., en vill hinsvegar fara aðra leið til umbóta á þessu sviði. Honum þykir frv. ekki ganga nógu langt í því að útrýma kjallaraíbúðunum og vill láta leggja bann við þeim. Auðvitað teldum við flm. æskilegast að útrýma kjallaraíbúðunum í einni svipan, en við sáum okkur ekki fært að ganga svo langt. Eins og bent hefir verið á, mundi slíkt hafa í för með sjer húsnæðisvandræði og þannig hækka húsaleiguna, en það kæmi svo harðast niður á þeim, sem þetta frv. á að bæta í búi fyrir, fyrst og fremst. Að ætla sjer að leggja blátt bann við kjallaraíbúðum — það er svo stórt spor, að jeg þori ekki að stíga það. Að öðru leyti eru brtt. hv. 4. landsk. þm. í samræmi við frv. og aðeins lítils háttar orðabreyt. Þó gerir hann þar einn mun, þar sem hann vill láta þessi lög öðlast gildi 1. janúar 1930. Samkv. frv. öðlast l. gildi 12 vikum eftir að þau verða samþ., svo að þau öðlast síðar gildi eftir till. hv. 4. landsk.

Hv. 4. landsk. þm. getur ekki, frekar en hv. meiri hl. allshn., felt sig við orðið jarðhús, og vill í þess stað taka upp orðið kjallari. Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort orðið verður heldur notað, þó að jeg sjái hinsvegar ekki, hvað geti verið á móti orðinu jarðhús. Jeg þekki ekki neina þá merkingu í orðinu, hvorki að fornu nje nýju, er þar geti verið í vegi. Og jeg er þakklát hv. meiri hl. n. fyrir það, að hann hefir orðið við þeim tilmælum mínum að halda orðinu jarðhús í svigum. En annars skiftir þetta engu máli.

Jeg teldi æskilegast, að þær umbætur, sem þetta frv. felur í sjer, gætu orðið sem fljótast, en vegna þekkingar minnar á þeim örðugleikum, sem hjer er við að stríða, sá jeg mjer ekki fært að ganga lengra í till. mínum en svo, að kjallaraíbúðunum yrði útrýmt á 30 árum. Það er fyrir mestu, að sá skilningur komist inn hjá fólki, að kjallararnir ættu með öllu að hverfa úr sögunni, nema til geymslu. Þó get jeg ekki tekið undir það, að kjallaraíbúðir geti aldrei verið góðar; en þær kjallaraíbúðir eru teljandi, sem svo er til vandað, að þær geti talist góðar, og mega ekki vera grafnar nema 1 m. í jörð niður.

Jeg læt hjer staðar numið. Jeg get í öllum aðalatriðum verið þakklát hv. allshn. fyrir meðferð hennar á þessu frv. og vænti þess, að hv. d. taki því með velvild og skilningi á þeim umbótum, sem í því felast.

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Jeg ætla ekki að fara að halda hjer neina ræðu. Jeg er áður búinn að gera grein fyrir því, af hverju n. gat ekki orðið samferða í þessu máli.

Við í meiri hl. teljum, að það muni hafa óheppileg áhrif á húsaleiguna, ef svo langt er gengið og hv. 4. landsk. þm. vill fara. Okkur er það ljóst, að það mark, sem að á að stefna, er að útrýma hinum óhollu kjallaraíbúðum með öllu, en við teljum það of stórt stökk að ætla sjer að koma því í kring á 20 árum. Við munum því ekki geta greitt brtt. hv. 4. landsk. þm. atkv. Hinsvegar teljum við c-lið 2. brtt. hans til bóta og munum því flytja brtt. í samræmi við þann lið við 3. umr., ef frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem við leggjum til. Eins og c-liðurinn er nú orðaður, getur hann ekki staðist, ef brtt. okkar meiri hl. verða samþ., og vænti jeg þess því, að hv. 4. landsk. þm. taki hann aftur, ef a- og b-liður þessarar till. hans verður feldur. Mjer finst það hálfóviðkunnanlegt að þurfa að fella þennan lið nú, en samþ. hann svo með lítilsháttar breytingum við 3. umr.

Viðvíkjandi 3. tölulið 1. gr. vil jeg taka það fram, að hann ber að skilja svo, að forgarður, ekki mjórri en 3 m., greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu. Munum við hv. 2. þm. S.-M. taka það til athugunar, hvort ekki sje rjett að taka þetta skýrar fram en gert er í frv.

**Jón Þorláksson:** Mjer finst frv. þetta, hvort heldur er óbreytt eða með brtt. þeim, er fram eru komnar, bera það með sjer, að efni þess er ekki nægilega athugað af byggingafróðum mönnum. Jeg sakna þess, að hvorki í grg. frv. nje heldur í nál. er gerður hinn minsti samanburður á kröfum þeim, sem gerðar eru í frv., og kröfum þeim, sem nú eru gerðar í byggingasamþyktum kaupstaðanna. Til að rökstyðja þetta má nefna, að eins og hv. frsm. skýrði 3. lið 1. gr., þá hefir hann ekki við neitt að styðjast, nema þar sem íbúðin veit að götu, en ekki þar, sem svo hagar til, að hús er bygt í brekku undan götu og í bakhlið hússins eru skilyrði fyrir kjallaraíbúð. Þar gæti þó verið full ástæða til að setja ákvæði um, hver fjarlægð þurfi að vera frá næsta húsi. Það er ekki nóg, að gluggarnir snúi mót sólu, ef síðan verður bygt fyrir þá, eins og vel má gera þrátt fyrir ákvæði frv. Ýmislegt fleira af slíku mætti taka fram, þar á meðal það, að það er nokkuð óákveðið skilyrði, að því aðeins megi **gera** íbúð í kjöllurum, að hún sje rakalaus og með sæmilegri **umgengni** (1. gr. 4. málsl.). Ekki verður hægt að meta umgengnina, þegar ákveðið er, hvort leyfa skuli að byggja íbúðina.

Jeg get tekið undir það með hv. 4. landsk., að fyrsta skrefið, sem stíga á, er að banna að byggja ný hús með kjallaraíbúðum. Það er eðlilegt að byrja á því, ef útrýma á kjallaraíbúðum, eins og æskilegt væri, og er það svo í raun og veru, að með því væri engum óhagræði gert. Menn vita um það, er þeir láta gera uppdrætti að húsum sínum, að þeir mega ekki hafa það snið, sem títt er, að byrja með hæð, sem er hálf ofan og hálf neðan jarðar og verður of kostnaðarsöm til geymslu einnar, en altaf síðri íbúð en á efri hæðunum. Þetta er fyrsta sporið, sem rjett er að stíga, ef löggjöfin á annað borð lætur úrlausn málsins til sín taka. Jeg mun því greiða brtt. hv. 4. landsk. við 1. gr. atkv.

En svo er hitt öllu vandasamara mál, hvernig fara eigi að því að útrýma smám saman þeim kjallaraíbúðum, sem til eru og ekki eru viðunandi. Þar er ekki mikill munur á frv. og brtt. hv. 4. landsk. Hvorttveggja taka það upp, að lögþvinga skuli, að tiltekinn hluti íbúða skuli lagður niður á ári. Samkv. frv. á að gera þetta á 30 árum, en samkv. brtt. á 20 árum. Jeg er ragur við hvorttveggja. Jeg er ragur við að samþ. svona lögþvingun, er ekki tekur neitt tillit til, hvernig á stendur á hverjum stað og hverjum tíma. Rjetti tíminn til að leggja niður ljelegar íbúðir er þegar orðið er sæmilega rúmt um húsnæði og sæmilega auðvelt að afla sjer þess. Ef reka á fólk út úr þessum íbúðum á þeim tíma, er það lendir í vandræðum með að fá annað þak yfir höfuðið, þá er farið skakt að. Jeg hefði því álitið, að ákvæðin um niðurlagningu íbúðanna þyrftu að vera frjálslegri, svo að því mætti haga nokkuð eftir tíma og kringumstæðum.

Nú eru í byggingasamþyktum og heilbrigðissamþyktum ýms ákvæði, er að þessu lúta. Hjer í Reykjavík veit jeg til, að mikill áhugi er fyrir að losna við slæmu íbúðirnar. Og jeg er sannfærður um, að hjer í bænum verður í því efni gert alt það, er fært þykir án nýrrar löggjafar. Sjerstaklega þó, ef það væri í lög leitt, að ekki megi byggja fleiri kjallara til íbúðar. Þar með er settur stimpill á kjallaraíbúðir, er hlýtur að vera hvöt fyrir stjórnarvöldin til að útrýma þeim.

Annars sakna jeg þess, að ekki skuli í grg. vera gerð grein fyrir þeim ákvæðum, er nú gilda um þessi efni. Því þau eru til.

Jeg hefi ekki sjerstaklega kynt mjer þau nýlega. En hitt er mjer ljóst, að löggjöf sem þessi getur ekki farið vel úr hendi, nema bygt sje ofan á þau fyrirmæli, sem nú eru til.

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Hv. 3. landsk. er að sjálfsögðu miklu byggingarfróðari maður en jeg, og tjáir mjer ekki að deila við hann um það. Þó skal jeg geta þess, að það er ekki meiningin með frv. að breyta ákvæðum byggingarsamþykta, svo að þau ákvæði haldast áfram, er banna að byggja hús of nálægt hvert öðru. — Það getur verið rjett, að fyrsta sporið til að útrýma kjallaraíbúðum sje að banna að byggja þær í nýjum húsum. En aðalatriðið fyrir okkur var það, að losna við verstu og hættulegustu íbúðirnar. Lögðum við ríkari áherslu á það en hitt, að banna sæmilegar íbúðir, þó í kjöllurum væru. Og við hefðum þar gjarnan viljað vera samferða form. okkar og stytta tímann ofan í 20 ár, en við treystumst ekki til þess. Það getur haft slæm áhrif á leigukjör. Hús þau, er bygð hafa verið, hafa orðið dýr og menn því orðið að haga þeim svo, að sem mest væri upp úr þeim að hafa.

**Jónas Kristjánsson:** Jeg vil minnast hjer á frv. nokkrum orðum, þó margt sje búið að taka fram af því, er jeg vildi sagt hafa.

Mjer finst orðið jarðhús vel mega standa í frv. og ekki saka þó reynt sje að hreinsa málið, og að því miðar fyrirsögn frv. Mjer finst erlenda orðið kjallari vel mega missa sig, þó fengið hafi nokkra festu í málinu. Jeg sje ekki, að orðið jarðhús meiði tilfinn-

ingu manna, og menn myndu fljótt venjast því.

Í 4. gr. frv. er það tekið fram, að tilætlunin sje, að allar kjallara- eða jarðhúsaíbúðir verði horfnar á 30 árum. Þar með er fyrir það girt, að hús verði bygð framvegis með þeirri ætlun að hafa í þeim jarðhúsíbúð. Því húsum, sem nú eru bygð, er ætlað að standa lengur en 30 ár. Ákvæði þetta verður því sama sem bann gegn jarðhúsíbúðum og fyrirbyggir, að hús verði bygð með því fyrirkomulagi.

Mjer er ekki vel kunn byggingarsamþykt Reykjavíkur, en jeg sje ekki, að þó einhver ákvæði væru í henni, er kæmu í bága við þetta frv., að þeim megi ekki breyta. Að vísu geta verið til viðunandi jarðhúsaíbúðir, þar sem þær snúa móti sól og eru að miklu leyti ofanjarðar. Og verð jeg að taka undir það og undirstrika, að gætilegra er að taka lengri tímann, 30 ár í stað 20, og færast ekki í fang að ætla sjer að útrýma kjallaraíbúðum á 20 árum. Það gæti orðið til að hækka húsaleiguna og komið bæjastjórnunum í vandræði, ef þeim er markaður svo þröngur bás. Auðvitað er það fyrsta sporið, að útrýma hættulegustu og ljelegustu íbúðunum.

Annars ber ekki mikið á milli frv. og brtt. hv. 4. landsk. Það er alveg eins aðgengilegt að samþ. frv. eins og það er, og sje jeg ekki, að í brtt. felist verulegar umbætur.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg býst ekki við að svara nú öllum aðfinslum hv. 3. landsk. En út af því, sem hann sagði, að 1. gr. bæri það með sjer, að um frv. hefði ekki fjallað byggingarfróður maður, þá vil jeg taka það fram, að svo var þó, þótt að vísu væri ekki verkfræðingur. Annars hirði jeg ekki um að rekja, undir hverja frv. var borið. Sje jeg ekki annað en að 1. gr. frv. sje lýtalaus, og það því fremur, sem þar er ekki farið fram á annað en að íbúðirnar fullnægi hinum minstu heilbrigðiskröfum.

Þá fann hv. þm. að því, að tormerki væru á, að 4. liður sömu gr. yrði að nokkru hafður til hliðsjónar, þá er leyft væri að byggja kjallaraíbúðir. Það má náttúrlega deila um það, hvað sje „sæmilegt", en svo framarlega sem almenningsálitið verður ekki dautt og marklaust, þá verður leiðbeining að þessu ákvæði.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að rjett væri að banna að byggja kjallaraíbúðir, en hann væri þó ragur við að gera lögþvingaðar ráðstafanir til að útrýma þeim, sem fyrir væru.

Mjer finst, að þessi atriði 1. gr. þurfi ekki að fá þennan harða dóm, því að jeg hefi leitað umsagnar ýmissa manna, sem eru mjer fróðari á þessum sviðum, og eftir áliti þeirra hefi jeg farið.

Þá var vikið að því, að ákvæðin um forgarð og fjarlægðir milli húsa væru ekki nægilega skýr. Það er ákveðið að hún megi ekki vera minni en 3 m. frá götu. Hjer er auðvitað átt við kjallaraíbúðir, sem snúa að götu, en ekki við bakhlið húsa. Kjallaraíbúðir eiga að snúa í sólarátt, frá rjettu austri til rjetts vesturs, og umgengni á að vera sæmileg. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta sje mikil bót frá því, sem nú er, en hitt virðast mjer þvingunarlög, ef á að fara að banna mönn-

um að hafa kjallaraíbúðir í húsum sínum, sjerstaklega þegar menn hafa bygt þau á dýrum lóðum og dýrustu tímum. Jeg hygg, að kjallaraíbúðir leggist niður af sjálfu sjer, þegar ákvæðin eru gerð svona ströng, og almenningsálitið mun útrýma þeim, hvort sem það kann að verða á 20 eða 30 árum, enda finst mjer það hafa frekar lítið að segja, hvort tíminn er 10 árum lengri eða skemri. Jeg er ekki eins stórhuga í framförunum og margir hv. þdm., enda virðist mjer það aðalatriðið, að þeim sje ekki íþyngt, sem verið er að reyna að bæta fyrir. Ef kjallaraíbúðir væru bannaðar með öllu nú þegar, myndi af því leiða, að ekla myndi verða á húsnæði og leiga hækka að miklum mun. Þess vegna höfum við flm. þessa frv. ekki sjeð okkur fært að ákveða tímann skemri en 30 ár.

Þá sagði hv. 3. landsk., að engin ákvæði væru sett um bakhlið húsa í frv., en þar er því til að svara, að fyrirkomulag húsa er yfirleitt samningsatriði milli byggingarnefnda, bæjarstjórna eða hreppsnefnda og eigenda húsanna, og þeir myndu ekki fá leyfi til að byggja, nema sæmilega væri frá húsunum gengið. Það myndi engan gleðja meira en mig, ef hv. 3. landsk. og hv. 4. landsk. gætu komið fram með stórkostlegar umbætur á frv. þessu, og jeg hygg, að meðflm. minn sje mjer þar sammála. Okkur dettur ekki í hug að segja, að frv. þetta sje alfullkomið, en jeg vil biðja hv. þdm. að athuga það, að öll ákvæði þess stefna til bóta frá því ástandi, sem er. Jeg verð að telja það illa farið, ef samningsatriði milli einstakra þm. og hlutaðeigandi n. tefðu fram gang þessa máls, enda vænti jeg þess fastlega, að hv. þdm. láti ekki slík smáatriði ráða afstöðu sinni við atkvgr. um frv.

**Forseti (GÓ):** Þar eð tveir hv. þm. hafa mælst til, að umr. verði frestað til morguns, vil jeg verða við óskum þeirra og tek því málið af dagskrá.

**Umr. frestað.**

Á 60. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 254, n. 457, 459, 518).

**Jón Baldvinsson:** Eins og kunnugt var við fyrri hluta þessarar umr., þá var málinu frestað, vegna þess að ýmsir hv. þdm. vildu koma með brtt. við frv., til þess að samræma það betur þeim tilgangi, sem með því var ætlað að ná. Það, sem jeg vildi leggja aðaláherslu á, var það, að kjallaraíbúðir yrðu bannaðar framvegis, þannig að ekki mætti innrjetta kjallaraíbúðir í nýjum húsum og ekki gera að nýju kjallaraíbúðir í gömlum húsum. Þetta fólst í brtt. mínum á þskj. 459. En nú hefi jeg tekið þær aftur, vegna þess að samkomulag hefir orðið milli mín og hv. 3. landsk. um aðrar brtt., sem ganga í sömu átt og sem við flytjum nú við þessa umr.

Þessar till. fara í fyrsta lagi fram á það að banna íbúðir í nýjum húsum, og ennfremur að gera kjallaraíbúðir í gömlum húsum. Þetta er tekið úr ákvæðum frv. eins og það er nú um

skilyrði fyrir því að mega hafa íbúð í kjöllurum áfram, og er nokkurn veginn shlj. því, sem er í 1. gr., þó með þeirri breyt., sem allshn. vildi á gera, að forgarðurinn þyrfti ekki að vera nema 3 m. Því hefir verið bætt við, að þetta eigi við þar, sem kjallaraíbúð snúi að götunni, en vera má, að gluggar snúi í aðra átt, og sje þá nóg rúm til þess að fullnægja því, sem brtt. okkar vill vera láta.

Annað er ekki nýtt í þessum till., sem jeg ekki var búinn að minnast á í fyrri hluta ræðu minnar. Það hefir orðið að samkomulagi, að leita skuli álits hlutaðeigandi byggingarnefndar, áður en skorið er úr ágreiningi um það, hvað telja skuli kjallaraíbúð.

Fleiri ákvæði eru ekki ný. Þetta má segja, að sje soðið saman úr till., sem jeg flutti við fyrri hluta umr., og úr frv. eins og það nú er. Þar næst sá tilgangur, sem vakað hefir fyrir hv. flm., að takmarka og banna íbúðir í kjöllurum.

**Jónas Kristjánsson:** Það er rjett hjá hv. 4. landsk., að þessar brtt. á þskj. 518 innifela í sjer að mestu leyti það, sem hann sjálfur hefir flutt sem brtt. á sjerstöku þskj.

Það vakti fyrir flm., að hjer væri um mikið nauðsynjamál að ræða, þar sem á að útrýma íbúðum í kjöllurum, því að margar af þeim, þó kannske ekki allar, eru óheilnæmar og geta verið heilsuspillandi. En við flm. hefðum helst kosið, að breyt. hefðu orðið sem minstar á frv., enda verður heldur ekki annað sagt um þessar breyt. en að þær sjeu meira að formi til en efni, nema að því er snertir 6. lið á þskj. 518, en þær tel jeg gera frv. fullkomnara.

Það, sem jeg kann ekki við í brtt., er þetta, að þó að bannað sje að hafast við í þeim húsakynnum, sem ekki fullnægja skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í okkar frv., þá er þó gerð undantekning frá þessu í 3. lið, eða um stundarsakir. Í samræmi við þessar breyt. er og hitt, að færa tímann til að útrýma kjallaraíbúðum niður í 20 ár.

Okkur flm. þessa frv. er það áhugamál, að það nái fram að ganga breytingalaust, en takist það ekki, þá með sem allra minstum breyt.

Jeg skal taka það aftur fram, að mjer finst það lakara, að fyrirsögn frv. verði breytt og útlent orð tekið í stað íslensks, og það því fremur, sem fyrir þinginu liggur frv., sem menn telja að eigi að bæta málið og færa nöfn til íslenskara máls.

Annars skal jeg ekki teygja tímann um þetta frv.; get bætt því við, að jeg tel viðbótina, sem verður við 5. gr., heldur til bóta. En ýmsar aðrar breyt., sem miða aðallega að því að sundurliða frv. og skipa niður á annan hátt en upphaflega var, eru síst til bóta.

**Jón Baldvinsson:** Jeg ætla að gefa þá skýringu, að heilbrigðisnefnd og bæjarstjórn halda sínum rjetti áfram til þess að banna íbúðir, sem þannig eru útbúnar, að ekki er leyfilegt að búa í þeim samkv. heilbrigðisreglugerðum. En það, sem er leyft í okkar brtt., er það, að nota íbúðir, sem ekki fullnægja 1. gr. frv., en þær eiga þó að hverfa á tuttugu árum. Það er að vísu ekki frábrugðið því upprunalega

frv. og því shlj. að efni til, en aðeins tekið beint fram, að leyft sje að nota þessar íbúðir, vitanlega að óskertum rjetti bæjarstjórnar til að banna þær, sem eru skaðlegar.

Jeg sje ekkert athugavert við það, þótt tíminn til að útrýma kjallaraíbúðum sje færður niður í tuttugu ár.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Það er ekki auðvelt fyrir mig að fara út í brtt., sem fyrir liggja á þskj. 518. Mjer hefir ekki gefist tækifæri til að sjá þær fyr en í morgun. Hv. 5. landsk., meðflm. minn um þetta frv., hefir tekið fram ýmislegt viðvíkjandi þessum brtt., og er því óþarfi fyrir mig að rekja það svo nákvæmlega.

Hv. 3. og 4. landsk. flytja till. um það, að á undan 1. gr. komi ný gr.: að í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum, sem bygð eru **hjer eftir.** Þeir stíga það lengra en frv. gerði, að þeir banna að taka kjallara til íbúðar, og ennfremur að gera kjallaraíbúðir. Þetta er nú gott og blessað, og skal jeg ekki andmæla því. Reynslan verður að skera úr, hvort hjer sje ekki um fullstórt spor að ræða. Jeg hefi bent á það áður, að það má gera góðar kjallaraíbúðir.

2. brtt. við 1. gr. er það, að 1. gr. verði 2. gr. Í staflið a. á orðið „nota" að koma í stað „gera". Stafliður b. gengur út á það, að forgarður þurfi ekki að vera breiðari en þrír m. Þetta eru mjög lítilfjörlegar breyt.

3. brtt. er um það, að hreppsn. og bæjarstj. sje heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt þær fullnægi ekki skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal hafa sjerstaka skrá. Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrjetta skrána samkv. því.

Hjer finst mjer stigið spor aftur á bak, þegar á að leyfa íbúðir, sem vitanlega eru ekki í góðu standi. Það er að viðhalda því illa ástandi, sem er.

4. brtt. er, að 3. gr. falli niður.

5. brtt. er við 4. gr., og er þar víst að miklu leyti um tilfærslu að ræða. Þó er allstór efnisbreyt., þar sem leyfa á um stundarsakir kjallaraíbúðir, sem nú eru notaðar sem mannabústaðir. Það er ekki nægilega tekið fram, að þessar íbúðir geti verið í svo slæmu standi, að hjer sje verið að taka það með annari hendinni, sem gefið er með hinni. Ennfremur vilja hv. flm. stytta tímann. Frv. gerði ráð fyrir á þrjátíu árum að afnema allar þær kjallaraíbúðir, sem heilbrigðisn., bæjarstj. eða hreppsn. álíta óhæfar. Þessi breyt. er fullkomlega í anda frv., en jeg er einungis hrædd um, að þetta geti orðið til þess að hækka húsaleigu hjá þeim, sem eru illa stæðir og búa í ódýrustu íbúðunum.

Við 5. brtt. hefi jeg ekkert að athuga.

6. brtt. er um það, að stjórnarráðið skuli skera úr ágreiningi um, hvað teljast skuli kjallaraíbúð, að fengnum till. hlutaðeigandi hjeraðslæknis og byggingarn., ef til er. Þetta ákvæði tel jeg til bóta. Enda vona jeg, að þeir, sem tilgreindir eru til úrskurðar um þetta, gangi eftir, að ákvæðunum sje framfylgt.

Jeg hefði helst kosið, að frv. hefði náð fram að ganga með ekki meiri breyt. en allshn. gerði *á* því, en verð eftir atvikum að sætta mig við þessar breyt., þótt jeg telji margar þeirra

ekki til bóta, hvorki að búningi eða efni. Sú mótspyrna, sem heitið „jarðhús“ hefir mætt í hv. d., er mjer óskiljanleg, einmitt þar sem komin er fram þessi sterka tilhneiging til að taka upp fornyrði, — jafnvel á þeim stöðum, þar sem enginn gamall maður man eftir, að staðurinn gengi undir því nafni, sem upp skal taka.

Jeg hefi ekki tíma nema til stuttrar aths., enda þótt jeg hefði viljað segja fleira. Jeg vona, að frv. nái samþ. með þessum á orðnu breyt., og þó að þær sjeu ekki allar að mínu skapi, tel jeg frv. til stórbóta, bæði til endurbóta á íbúðum og til að útrýma ljelegum íbúðum.

**Ingvar Pálmason:** Þar sem hv. frsm. er ekki viðstaddur, vildi jeg láta nokkur orð falla út af brtt. þeim, sem fyrir liggja.

Það hefir verið tekið fram, að þessar brtt. gangi í sumum atriðum allmiklu lengra en frv. og þær brtt., sem meiri hl. n. hefir lagt fram. Þessar brtt. komu fram í n. strax, og um þær varð ágreiningur. Og afstaða meiri hl. til þeirra atriða er ekki að neinu leyti breytt.

Brtt. hv. 4. og 3. landsk. ganga sem sje í þá átt að afnema alveg íbúðir í kjöllurum. Þetta kann að vera nauðsynlegt; jeg skal ekki segja um það með fullri vissu. En jeg hygg, að það sje rjett í þessu tilfelli sem öllum öðrum að gæta þess, að svo skal böl bæta, að bíða ei annað meira. Jeg hygg, að í Reykjavík muni leiða af þessum ákvæðum talsverða erfiðleika fyrir einmitt þann hluta bæjarbúa, sem hjer á að bæta fyrir. Og þó að aldrei nema ströngu lagaákvæðin sjeu góð og geti borið góðan árangur, þá vil jeg ógjarnan setja lagaákvæði, sem ekki eru líkur til, að verði að öllu framkvæmd. En jeg óttast, að verði íbúðir í kjöllurum í Reykjavík forboðnar með öllu, þá hljóti það um ófyrirsjáanlegan tíma að valda nokkru hærri húsaleigu. Það er og skoðun mín og margra annara, að íbúðir í kjöllurum sjeu ekki lakari en í sumum öðrum stöðum, t. d. þakherbergjum. Jeg hygg, að íbúðir í kjöllurum, ef þeirra skilyrða er fyllilega gætt, sem sett eru í þessu frv., geti verið fyllilega sæmilegar og þurfi ekki að valda í minsta máta heilsutjóni.

Einnig ber að líta á, að þetta frv. nær til fleiri staða en Reykjavíkur, — allra kauptúna, sem hafa yfir 100 íbúa. Jeg efast um, að Alþingi sje við því búið, — ef þetta mál er skoðað niður í kjölinn — að setja slík ákvæði, að banna algerlega íbúðir í kjöllurum í smákauptúnum. Jeg hygg, að Alþingi eigi ekki að ganga lengra en að setja þau skilyrði, sem frv. gerir ráð fyrir, því að svo stöddu álít jeg varhugavert að ganga öllu lengra. Jeg vil því treysta því, að hv. d. aðhyllist frv. eins og það liggur fyrir með brtt. okkar meiri hl. allshn. Jeg held, að þar sje forsvaranlega langt farið. Jeg tel tímabilið, sem ætlað er til að útrýma þeim íbúðum, sem ekki fullnægja viðunandi skilyrðum, of stutt tuttugu ár. Til þessara endurbóta þarf gerbreytingu og umrót hjer í Reykjavík. Því að það er verra að þurfa að fara í gegnum sjálfan sig og slaka á lagaákvæðum, sem reynslan sýnir, að ilt er að framkvæma.

Að lokum vil jeg taka fram, að meiri hl. getur fallist á b-lið 2. brtt.

á þskj. 518, sömuleiðis á 6. og 7. brtt. Sú 8. er í samræmi við brtt. meiri hl.

**Jón Þorláksson:** Viðvíkjandi aðalbrtt. okkar á þskj. 518, að banna að gera kjallaraíbúðir í nýjum húsum, má eiginlega vísa til grg. fyrir frv. Þar hefir einhver maður komið að, sem hefir þekkingu á byggingum; því að þetta er alveg rjett, sem þar segir, að t. d. á Bretlandi eru kjallaraíbúðir fátíðar, og byggja þeir þó engu dýrara en aðrir. Sannleikurinn er sá, að húsasniðið breytist sjálfkrafa, ef menn hætta að nota jarðhús til íbúðar, en til þess að fátæklingarnir komist upp úr jörðinni, er nauðsyn á lagasetningu um þetta mál.

Þetta er alveg rjett, að frá byggingarinnar sjónarmiði er ekki nokkur nauðsyn á því að leyfa að gera kjallaraíbúðir, því að það mun naumast vera hægt að benda á nokkur dæmi þess, að það sje til óhagræðis, að slíkt sje bannað, ef sá, sem gerir uppdrátt af húsinu, vill leggja sig niður við að haga húsbyggingunni í samræmi við það bann, þannig að alt pláss, sem á að nota til íbúðar, sje ofanjarðar.

Við erum þess vegna með þessari brtt. ekki í ósamræmi við hv. flm. frv., heldur er sporið stigið fult og eftir því, sem í grg. frv. er gefið tilefni til.

Þessu næst vildi jeg benda á það, að verði sú brtt. feld og 1. gr. frv. samþ. eins og hún er nú, eða með þeim breyt., er n. leggur til, þá felur hún í sjer afturför í byggingum kjallaraíbúða, a. m. k. hjer í Reykjavík. Það er nefnil. svo hjer, að byggingarnefnd leyfir alls ekki, að gerðar sjeu kjallaraíbúðir nema við einstaka götur. En ef frv. verður að lögum án þess að tekið sje tillit til þeirra ákvæða, er gilda um vald bæjarstj. og byggingarnefndar til þess að ráða, hvernig bygt er í kaupstöðunum, þar á meðal í Reykjavík, þá verður það aðeins til þess að lögleiða kjallaraíbúðir, ef þær fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í frv. Þetta mundi því aðeins leiða til þess, að meira yrði bygt af kjallaraíbúðum hjer í Reykjavík en nú á sjer stað.

Þá vildi jeg næst leiða athygli hv. flm. að brtt. á þskj. 518. Jeg skal og geta þess, að við, sem flytjum brtt. á því þskj., mælum með því, að samþ. verði 2 af brtt. n. við 1. gr. Eru það liðirnir a. og b. í brtt. 1. Höfum við ekki tekið þær upp í okkar brtt., því að það er svo orðað í brtt. n. sem við hefðum helst kosið.

Að síðustu skal jeg geta þess út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði um tímabilið, sem útrýming kjallaraíbúðanna á að taka yfir, að jeg er fús að taka það til athugunar til 3. umr., hvort þetta tímabil, 20 ár, sem við gerum ráð fyrir, sje svo þröngt, að hætta sje á því, að það valdi vandræðum, ef því verður framfylgt.

**Ingvar Pálmason:** Hv. 3. landsk. sagði, að það mundi varla valda neinu óhagræði frá byggingarfræðilegu sjónarmiði, þó bannað væri að byggja hús með kjallaraíbúðum. Jeg skal játa, að það má vel vera rjett. En jeg vil þó benda hv. þm. á það, að víða úti um land hagar svo til, að allmikinn gröft þarf þegar hús eru bygð, til þess að fá góða undirstöðu, og er þá beinlínis sparnaður að gera kjallara. Sje nú jarðvegurinn rakalítill og kjallarinn móti suðri, virðist mjer vel

geta komið til mála að athuga, hvort ekki sje ástæða að nota hann til íbúðar. Jeg veit nú ekki, hvernig hagar til með þetta hjer í Reykjavík. En ef lögin eiga á annað borð að ná til fleiri kaupstaða en Reykjavíkur, þá verður og að hafa hagsmuni þeirra fyrir augum þegar gengið er frá lögunum. Og jeg veit fyrir víst, að það gæti víða valdið óhagræði, ef kjallaraíbúðir væru algerlega bannaðar.

Þá vildi hv. 3. landsk. skilja það svo, að ef kjallaraíbúðir væru leyfðar samkv. frv., þá væri þar með tekið fram fyrir hendur byggingarnefndar Reykjavíkur. Þetta er hinn mesti misskilningur, því það er skýrt tekið fram, að þær einar kjallaraíbúðir megi leyfa, er fullnægja ákvæðum laganna. En það er hvergi sagt, að ekki megi banna þær, ef heimild er til þess samkv. öðrum lögum. Auk þess stendur í frv., að kjallaraíbúðum skuli útrýmt smátt og smátt, uns þær sjeu alveg úr sögunni.

Jeg hefi svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Jeg er þakklátur hv. 3. landsk. fyrir það, að hann er í efa um það, hvort ákvæðin í brtt. hans um tímabiið sjeu rjett og er fús til að athuga það til 3. umr. Hinsvegar er jeg ekki í neinum efa um það, og þarf engan umhugsunarfrest. Jeg vil ekki fara að samþ. það nú upp á það að kippa því aftur úr við 3. umr. Tel jeg það formgalla að fella það við 3. umr., sem samþ. hefir verið við 2. umr. Læt jeg svo skeika að sköpuðu með þetta frv., en treysti því, að hv. flm. fylgi hinu upphaflega frv., og svo ef þeir vilja fallast á einhverjar brtt., þá verði það brtt. meiri hl. allshn.

**Jónas Kristjánsson:** Jeg gat ekki skilið það hjá hv. 3. landsk., er hann var að tala um, að það mundi leiða til afturfarar í byggingum hjer í Reykjavík, ef þetta frv. yrði samþ. Það er greinilega tekið fram í 4. gr. þess, og reyndar víðar, að eftir 30 ár skuli allar kjallaraíbúðir vera horfnar. Nú er yfirleitt vandað svo til húsa, þá bygð eru, að gera má ráð fyrir, að þau svari til þeirra krafna, sem gerðar verða til húsa að liðnum 30 árum hjer frá. Fæ jeg því ekki skilið, að það hafi nokkra þýðingu til hins verra fyrir byggingu húsa framvegis, þó þetta frv. verði samþ.

Fyrst verður gengið að því að útrýma þeim kjallaraíbúðum, sem lakastar eru, og síðast verður þeim skárstu útrýmt. Og eftir 30 ár eiga þær engar að vera til. Hinsvegar fæ jeg ekki skilið, að 30 ár sjeu of stuttur tími. Hjer í Reykjavík munu vera um 800 kjallaraíbúðir, og virðist þessi tími ekki óhæfilega langur til útrýmingar þeim. Enda munu margar kjallaraíbúðir vera svo góðar, að vel sje unandi við þær þangað til.

ATKVGR.

Brtt. 518,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 518,2.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 457,1.a samþ með 9 shlj. atkv.
— 457,1.b samþ. með 12 shlj. atkv.
— 457,1.c tekin aftur.
— 518,2.b samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 518,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 457,2 þar með fallin.

Brtt. 518,4 (3. gr. falli niður) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 518,5 (ný 4. gr.) samþ. með 7: 4 atkv.
— 457,3—4 þar með fallnar.
— 518,6 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 457,5 þar með fallin.
— 518,7 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 518,8 tekin aftur.
— 457,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um íbúð í kjöllurum.**

---

Á 63. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 536, 545).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 545. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Þetta er nú síðasta umr. málsins, en jeg get ekki stilt mig um að minnast á helstu gallana eftir að búið er að samþ. breyt. þær á þskj. 518, sem hv. 3. og 4. landsk. báru fram. Það má segja, að til lítils sje að ræða frv. nú, en jeg skal þó gera nánar grein fyrir því, við hvað jeg á, þegar jeg tala um gallana.

1. brtt. á þskj. 518 er ný gr. og hljóðar um það, sem að nokkru leyti stendur í 1. gr. eins og frv. lá fyrir. Viðbótin er þessi, að það má ekki taka kjallara til íbúðar í þeim húsum, sem bygð eru **hjer eftir.** Þetta tel jeg síður en svo til bóta. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í þeim húsum, sem bygð voru áður en lög þessi öðlast gildi. Sú till. er kannske meinlaus.

2. brtt. á sama þskj. er um það, að 1. gr. frv. verði 2. gr. Hún er í tveim stafliðum, a. og b. Í stað þess að „gera" komi „nota". Það er aðeins orðabreyt. (**Forseti:** Jeg vil benda hv. þm. á, að þetta er búið að ræða áður). Það er ekki venjulegt, að það þurfi að biðja mig um að vera stuttorð, en þó skal jeg taka bendingu hæstv. forseta. Og það er kannske óþarfi fyrir mig að telja allar skemdir, sem orðnar eru á frv. Þó get jeg ekki stilt mig um að minnast á þær. Mjer virtist, sem hv. allshn. væri á sama máli og við flm. um öll aðalatriði frv., og jeg hefði getað fallist á brtt. n. En svo er 2. umr. frestað, og form. n. og hv. 3. landsk. flytja brtt. Um þær lýsti jeg yfir þá og lýsi yfir enn, að þær eru allar til skemda á frv., nema sú síðasta. Hana tel jeg til bóta, þar sem hún segir blátt áfram, að hjeraðslæknir og byggingarn., ef til er, skuli skera úr því, hvað teljast skuli kjallaraíbúð eftir lögum þessum.

Mjer þykir leitt að geta ekki fylgt þeirri braut, sem jeg ætlaði mjer í þessari umr., en jeg vil vera eins og hlýðnu börnin og verða góðfúslega við tilmælum hæstv. forseta.

En jeg verð þó að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að það hafa komist veilur inn í frv., þessar undanþáguveilur. Jeg veit, hvaðan þær eru runnar. Það er eins og form. n. tók fram við 1. eða 2. umr. þessa máls, að ætli maður að koma fram umbótabreyt., þá má ekki hlífast við að koma illa við einhvern. Nú virðist mjer þessi sami hv. þm. (JBald) hafa breytt um skoðun, þar sem hann kemur nú með

undanþágur, sem eru því hættulegri, þar sem vitanlegt er bæði í okkar bæjarfjelagi og líklega í mörgum öðrum, að óþarfi er að hlaða undir undanþáguveilur. Undanþágur skapa veilur. Þegar undanþágur eru leyfðar, er þeim of mikið beitt af þeim, sem líta meira á sinn eiginn hag og vina sinna og kunningja heldur en á hag heildarinnar. Jeg tel hag heildarinnar í þessu falli betur borgið með því að koma fram þeim umbótum á kjallaraíbúðum, sem vakti fyrir höf. þessa frv. og okkur flm. Það er alkunnugt, að þetta frv. er að mestu leyti samið af hinum alþekta fróðleiksmanni í þessari grein, próf. Guðmundi Hannessyni. Og jeg efast um, að þeir, sem hjer hafa lagt til málanna, hafi gert það af meiri þekkingu og skilningi gagnvart almenningsheill en hann.

Það var verið að tala um göt á 1. gr. frv., þegar það lá fyrst fyrir. En jeg verð að snúa þessu við og segja, að það er búið að fara svo með þennan góða hlut, sem frv. var, að gera hann götóttan.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Mjer er svo ant um að koma fram umbótum viðvíkjandi þessum margumtöluðu jarðhúsaíbúðum, sem sumir vilja endilega láta heita kjallaraíbúðir, að þó að frv. okkar hv. 5. landsk. fengi ekki að vera óbreytt, þá vona jeg samt, að málið nái fram að ganga og megi verða til nokkurra bóta. Jeg vona ennfremur, að hv. Nd. taki það á dagskrá sem allra fyrst, þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

**Jón Baldvinsson:** Þegar frv. þetta var til 2. umr., varð það fyrir allmiklum breyt., og var breytt heiti þess meðal annars, þannig að frv. hjeti ekki frv. til l. um jarðhús, heldur er tekið upp það orð, sem lengi er búið að nota um þessar íbúðir, sem sje kjallaranafnið. Þannig er í 1. gr. frv. talað um kjallara, en hvergi nefnd jarðhús, en eftir standa þá í 2. gr. frv. leifar þessa heitis í svigum aftan við kjallara-nafnið. Þetta vil jeg láta fella úr frv. og hefi gert brtt. um það á þskj. 545. Það er aðeins til þess að samræma, því að þetta orð kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum í 2. gr., og enginn veit, hvað það táknar eins og það er þarna inn komið. Það hefði þá átt að vera í fyrsta skifti, sem það gat komið fyrir í frv. (**JóhJóh:** Það var það líka). Já, en þegar hinar breyt. voru gerðar, var ekki gætt að því að samræma þetta.

Að því leyti sem hv. 2. landsk. fór almennum orðum um frv. nú og brtt. þær, sem samþ. voru, skal jeg svara því. Það er ekki ákaflega mikill munur á frv. nú og því, sem hefir vakað fyrir hv. flm. Bæði við, sem brtt. flytjum, og hv. flm. frv. erum sammála um þetta, ýmist að takmarka eða banna kjallaraíbúðir. Við höfum aðeins með brtt. gengið ofurlítið lengra að banna íbúðir í kjöllurum í framtíðinni. Um hitt, hvernig skipa eigi um þær íbúðir, sem fyrir eru, má segja, að það sje fyrirkomulagsatriði. Hvort þær hverfa á 10, 20 eða 30 árum, er mjer ekkert sjerstakt kappsmál. Takmarkið næst hvort sem er bráðlega með þessum lögum.

Hv. 2. landsk. talaði um undanþáguveilurnar í frv. En það var að

mínu viti nauðsynlegt að leyfa að nota kjallaraíbúðir í húsum þeim, sem fyrir eru, þangað til bannað væri að búa í þeim samkv. fyrirmælum um það efni, þar sem bæjarstj. eiga að skrifa upp vissan hluta íbúða á ári og banna að nota þær. Það verða vitanlega verstu íbúðirnar, og þær hverfa smátt og smátt, nema þær, sem fullnægja fyrirmælum 2. gr. Þær geta haldist lengi, eftir því hvað þær eru góðar og ef ekki hefir verið nægilega bygt til þess að fólk hætti við kjallaraíbúðir. Það er svo um marga, að þeim þykir lakara og heldur til niðrunar að búa í kjöllurum. En þeir byggingarfróðu segja — meðal annara hv. 3. landsk. við 2. umr. —, að það yrði enginn bagi þeim, sem byggja, ef þeir vissu það í upphafi, að þeir fengju ekki að láta gera íbúð í kjallara.

Jeg álít þá, að frv. komi að þeim fullu notum, sem hv. flm. ætlast til, þó að þeir treystu sjer ekki í upphafi til að fara svo langt sem nú er gert í 1. gr. frv. Undanþágur eru ekki meiri í frv. en voru. (**IHB:** Ekki sambærilegt!). Undanþágur eru ekki meiri en svo, að hitt vegur á móti, að bannað er að byggja kjallaraíbúðir og gera slíkar íbúðir í þeim húsum, sem fyrir eru.

Og fyrir framtíðina er þessi tilhögun miklu betri. Hv. flm. sagði, að ef þessi brtt. mín yrði samþ., yrði lækningin ekki eins stórfeld og hún ætti að vera. En jeg verð nú samt sem áður að líta svo á, að lækningin verði alveg nógu áhrifamikil, þar sem bannað er að byggja ný hús með kjallaraíbúðum og þeir gömlu kjallarar eiga að vera horfnir eftir 20 ár. Og þær kjallaraíbúðir, er þá yrðu ef til vill eftir, eru einmitt þær sem hv. flm. er mjer sammála um, að ekkert geri til þó verði eftir.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Jeg vil aðeins geta þess, að þessi skýring hefir ekki breytt skoðun minni á þeim skemdum eða veilum, sem komnar eru inn í frv. Jeg hefi ennþá mína skoðun á því, en vil þó ekki tefja fyrir afgreiðslu málsins með því að ræða það frekar.

ATKVGR.

Brtt. 545 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 561).

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 2. umr. (A. 561, n. 673).

Of skamt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson):** N. leggur til, að frv. verði samþ. eins og

það kemur frá Ed. Frv. gengur út á það, að ekki verði leyft að hafa kjallaraíbúðir í húsum framvegis, en að þær, sem fyrir eru, skuli lagðar niður á 20 árum. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en vil þó aðeins geta þess, að einn nefndarmanna, hv. 1. þm. Skagf., hefir einhverja sjerstöðu í málinu og hefir því skrifað undir nál. með fyrirvara.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara, en það gerði jeg sökum þess, að jeg er í efa um, að rjett sje að banna alveg kjallaraíbúðir í nýjum húsum, ef þær eru ekki niðurgrafnar og ef enginn slagi er þar. Þótt jeg hafi skrifað undir með þessum fyrirvara, er jeg þó fylgjandi frv., því að það er til bóta frá því, sem áður var.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 710).

---

## 43. Innflutningur sauðnauta.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um innflutning og ræktun sauðnauta** (þmfrv., A. 227).

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Með því að liðið er fram yfir venjulegan fundartíma, þykir mjer rjett að geyma greinargerð fyrir þessu frv. til 2. umr. Með því að málið kemur frá n., sje jeg ekki ástæðu til að vísa því til n. nú, en legg til, að því verði tafarlaust vísað til 2. umr.

**Forseti (BSv):** Það mun þýðingarlaust að halda áfram þessari umr., þar sem komið er fram yfir venjulegan fundartíma, enda hafa flestir hv. þdm. störfum að gegna á nefndafundum. Verður því umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til frh. 1. umr.

**Forseti (BSv):** Þar sem enginn hefir kvatt sjer hljóðs, er umr. lokið. En með því að svo margir hv. þm. eru fjarstaddir, að deildin er ekki ályktunarfær, þá verður atkvgr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Nd., 18 apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, 357).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 357. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):*** Eins og grg. frv. sýnir, er þetta frv., sem hjer er á ferðinni, ekkert nýmæli. Laust eftir aldamót voru veittar 10 þús. kr. í því skyni að flytja inn sauðnaut. Minnir mig, að svo stæði á, að norskur skipstjóri byðist til þess að flytja dýrin til landsins, en þessi fyrsta tilraun fórst fyrir, af því að skipstjórinn stóð ekki við loforð sín. Nú á seinni árum hefir vaknað aftur mikill áhugi á þessu máli, einkum vegna rita Vilhjálms Stefánssonar um þetta efni, þar sem hann hefir sýnt fram á, hvaða framtíðargagn gæti orðið að þessum dýrum bæði hjer og annarsstaðar. Hefir mönnum því fundist ástæða til að fara að athuga þetta mál fyrir alvöru.

Því má ekki gleyma, að við eigum víðáttumiklar óbygðir og meira haglendi að tiltölu við fólksfjölda en flestar aðrar þjóðir. Sýnist full ástæða til að nota þetta land eftir föngum. Skal jeg benda á það til hliðsjónar, að Norðmenn hafa nú síðustu árin aukið stórum hreindýrarækt hjá sjer, og einkum til þess að fá aðstöðu til að nota þann gróður, sem annars rotnar niður og kemur að engu gagni.

Jeg tel það fyllilega íhugunarvert, hvort við ættum ekki að fara svipað að og Norðmenn í þessu efni og reyna að nota að einhverju leyti heiðagróðurinn hjer á landi. Virðist mjer þá standa næst að reyna, hvort þessi óvenjuharðgerðu dýr, sem hjer er um að ræða, sauðnautin, geti ekki þrifist hjer.

Talið er, að sauðnautunum í Grænlandi fækki óðum. Þau eiga erfitt með að forða sjer og verða því hrönnum saman mönnum og dýrum að bráð. Ekkert er sennilegra en að þeim verði útrýmt að mestu eftir fáa áratugi. Því er rjett að grípa tækifærið nú, meðan nóg er af þeim.

Ekki þýðir að spá neinu um það, hvernig sauðnaut myndu þrífast hjer á landi. En landbn. sjer ekki eftir dálítilli fjárupphæð til tilraunar í þá átt. En hún treystir ekki fyllilega á framtak einstaklinganna í þessu máli og leggur því til, að stj. beiti sjer bæði fyrir því, að dýrin verði útveguð og tilraunastöð komið upp. Hefir n. stungið upp á, að sú tilraunastöð yrði á Norður- eða Austurlandi. Telur hún, að skilyrðin muni vera þar betri en á Suður- og Vesturlandi, af því að tíð er þurviðrasamari og minni áfreðar. Þó gerir n. staðinn ekki að neinu kappsmáli og getur vel gengið inn á brtt. hv, þm. Borgf. til samkomulags. En hvar sem dýrin eiga að vera, þurfa þau vitanlega eitthvert aðhald, en þó eigi svo þröngt, að að þeim kreppi til muna.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Sje jeg svo eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Hepnist sú tilraun, sem hjer er um að ræða, telur n. að það myndi verða til mikilla hagsmuna íslenskum landbúnaði, einkum bændum þeim, er fram til dala-búa og minst skilyrði hafa til ræktunar á jörðum sínum.

**Pjetur Ottesen:*** Mjer þykir gott til þess að vita, að áhugi skuli vera að aukast í þá átt að flytja þessi nytjadýr inn í landið. Hjer í hv. deild eru nú komnar fram 2 till. um þetta efni. Önnur er frv. hv. landbn., sem hv. 2. þm, Skagf. talaði fyrir áðan. Hin er till. hv. fjvn. um tuttugu þús. kr. fjárveitingu til að hefjast handa í þessu skyni.

Eftir upplýsingum, sem fyrir liggja um lifnaðarháttu þessara dýra, má ætla, að þau muni þrífast mjög vel hjer á landi. Aðalástæðan til þess, að áhugi vaknaði á innflutningi þeirra, mun, eins og hv. frsm. tók fram, eiga rót sína að rekja til skrifa Vilhjálms Stefánssonar. En upplýsingar um þessi dýr hafa líka komið úr annari átt. Maður sá, er Vigfús heitir og er kallaður Grænlandsfari, fór árið 1913 þvert yfir Grænland ásamt dönskum heimskautafara. Leið þeirra lá einmitt yfir þau svæði, þar sem þessi dýr ala aldur sinn. Kyntist Vigfús þá lifnaðarháttum þeirra. Veiddu þeir fjelagar nokkur þeirra sjer til matar og fjell kjötið vel í geð. Ull er á þessum dýrum, eins og kunnugt er, og ganga þau úr reifi einu sinni á ári eins og sauðfje. Ekki er mjer kunnugt um gæði ullarinnar, en hygg þó, að hún muni vera til margra hluta nytsamleg. Mjer er auk þess kunnugt af upplýsingum, að ekki muni erfitt að handsama þessi dýr. Þau eru spök og flýja ekki, þó að hætta sje á ferðum, heldur þjappa sjer saman í hópa. Vigfús Grænlandsfari segir, að mjög auðvelt sje að ná þeim.

Hv. þdm. mun vera kunnugt, að fyrir nokkrum árum var myndað hjer í Rvík fjelag manna til þess að ná lifandi sauðnautum og flytja þau hingað til landsins. Þetta fjelag hefir tvisvar leitað á náðir Alþingis um fjárstyrk. Hv. Nd. hefir brugðist vel við þeirri málaleitan og tvisvar samþ. fjárveitingu í þessu skyni. Á síðasta þingi var samþ. till. um 20 þús. kr. fjárveitingu, en hún fjell í hv. Ed. Hefir því enn ekkert orðið úr framkvæmdum.

Nú hefir hv. fjvn. tekið upp sömu fjárveitingu og í fyrra. Auk þess hefir hv. landbn. tekið málið í sínar hendur. Er því sýnilega tekið á því fastari tökum en áður. Má því ætla, að leiðangur til að útvega dýrin verði gerður út áður en langt líður.

Jeg hefi leyft mjer að flytja brtt. við 1. gr. frv., um það, að tilraunastöðin skuli ekki eingöngu bundin við Norður- og Austurland. Jeg sje ekki annað en að það ákvæði í frv. n. sje alveg ástæðulaust, því að þótt Norður- og Austurland sjeu vafalaust vel fallin til sauðnautaræktar, má hún engu síður takast í hinum landshlutunum.

Eitt atriði í ráðagerð þeirra manna hjer í Rvík, sem ætluðu sjer að beitast fyrir útvegun dýranna, var að tryggja sjer þá bestu aðstoð og leiðsögn, sem völ væri á. Höfðu þeir til þess augastað á Vigfúsi Grænlands-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

fara. Nú er svo ástatt, að Vigfús mun vera ráðinn í leiðangur til Grænlands með þýskum vísindamönnum árið 1930. Væri nauðsynlegt að tryggja sjer þá jafnframt aðstoð hans við öflun dýranna, enda mun hann fús til að veita hana. Tel jeg því óhjákvæmilegt, að stj. hefjist handa um undirbúning framkvæmda þegar á þessu ári. Eins og hv. frsm. tók fram, fer dýrunum óðum fækkandi vegna vaxandi eftirsóknar, og er nauðsynin því brýnni á skjótum framkvæmdum. Mjer er kunnugt um, að 2 leiðangrar verða gerðir út til Grænlands í sumar, annar frá Noregi og hinn frá Danmörku. Eru þetta raunar vísindaleiðangrar, en munu þó vafalaust veiða dýr sjer til matar og til að hafa heim með sjer. En alt slíkt miðar að því að útrýma dýrunum. Vil jeg skjóta því til hæstv. stj., að jeg tel tæplega fært að slá á frest, svo að nokkru nemi, þeirri tilraun, sem hjer á að gera með þessi nytjadýr.

Sauðnautin hafast einkum við í grend við St. Jósephs-fjörðinn. Þar er öllum frjáls landganga og veiði heimil. Frá þeirri hlið er því ekkert til fyrirstöðu. Það er og alkunna, að þar norður er alt dýralíf einangrað frá umheiminum og engin hætta á, að þaðan berist þeir sjúkdómar, sem búpeningi landsins stafar mest hætta af.

Jeg vil svo enn á ný fastlega mælast til þess, að Alþingi sýni nauðsynlegan skilning á þessu máli, og að ekki standi á hæstv. stj. að gera sitt til að auka framtíðarmöguleika landbúnaðarins íslenska.

**Gunnar Sigurðsson:*** Jeg er hv. landbn. þakklátur fyrir flutning þessa frv. En af því að það er nú orðið „móðins" að spyrja um nál., vil jeg spyrja þessa hv. n., hvað líði áliti hennar um frv. mitt um innflutning lifandi dýra. Mjer er raunar kunnugt um, að flestir nm. a. m. k. muni vera því samþykkir. En jeg vildi fastlega mælast til þess við hv. form., að hann sjái um, að álitinu verði skilað hið allra fyrsta, svo að frv. geti komið til umr.

Jeg ætla mjer ekki að halda langa ræðu um sauðnautin. Þó vil jeg benda á eitt stórt atriði í þessu máli. Færi svo, að þessi dýr dæju út á Grænlandi, en sæmileg lífsskilyrði reyndust fyrir þau hjer, myndi verða mikill markaður fyrir þau í öðrum löndum. Mjer er t. d. kunnugt um, að dýragarðar kaupa fágæt dýr mjög háu verði. Eins og hv. þm. Borgf. tók fram, fer þessum dýrum árlega fækkandi, af því að þau eru varnarlaus gegn nýtísku veiðarfærum.

Jeg vil taka undir þá ósk, að tilraunin verði framkvæmd sem allra fyrst, og efast ekki um, að hún muni bera góðan árangur.

**Sveinn Ólafsson:** Út af brtt. hv. þm. Borgf. langar mig til að segja nokkur orð.

Jeg sje raunar ekki ástæðu til að amast við brtt., en þó hygg jeg, að hv. landbn. hafi gert rjett í því að tiltaka uppeldisstöðvar þessara dýra á Norður- eða Austurlandi. Jeg dreg það af því, að hreindýrin, sem flutt voru inn fyrir 150 árum og nú hafa leitað uppi þær stöðvar, sem þeim henta best, hafast svo að segja öll við á heiðunum norðan og austan við

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Vatnajökul. En jeg hygg, að sauðnaut sækist einmitt eftir sama gróðri og hreindýrin, þ. e. hreindýramosa, fjallagrösum og kræðu. Og hreindýrin hafa nú sjálf sagt til um það, hvar á landinu þeim þykir best að vera.

Jafnvel þótt ekkert yrði um það ákveðið í frv., ætti tilraunastöðin samt að verða einhversstaðar á landinu norð-austanverðu. Og jeg hefi mælt þessi fáu orð af því, að jeg teldi hraparlegt, ef tilraunin mistækist eingöngu af því að illa tækist til um val staðarins.

ATKVGR.

Brtt. 357 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj atkv.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 365).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 365).

Á 52. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 365, n. 633).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):*** Jeg var búinn að gleyma því, að jeg er frsm. þessa máls; jeg hjelt, að það væri hv. 5. landsk. Jeg skal því vera fáorður.

Á síðari árum hefir vaknað töluverður áhugi á því að flytja þessar skepnur hingað til landsins. Er það talið gagnleg ráðstöfun, enda er í sjálfu sjer gott, að dýrum fjölgi hjer á landi. Auk þess eru skepnur þessar taldar meinlausar, og geta sennilega þrifist vel hjer á landi, sjerstaklega uppi til heiða. Eru þar haglendi góð og önnur skilyrði til sauðnautaræktar. Nefndin leit því svo á, að ekki væri úr vegi að gera tilraun með þetta, enda er stj. veitt heimild í fjárl. til þess að láta flytja dýrin inn á kostnað ríkisins. Að vísu hafði n. fremur litlar upplýsingar þessu viðvíkjandi fyrir hendi, en hinsvegar eru margir, sem kunnugir eru, á þeirri skoðun, að þessi ráðstöfun geti orðið til hinnar mestu nytsemi. N. vill því gjarnan, að þetta sje reynt, og leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 701).

## 44. Hjeraðsskólar.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um hjeraðsskóla** (stjfrv., A. 24).

Á 6. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Með þessu frv. er ætlast til, að komið verði skipulagi á nokkra unglingaskóla í sveit, sem áður hafa verið styrktir í fjárl., t. d. á Núpi, Hvítárbakka, Laugum og Laugarvatni, þannig að aðstandendur þessara skóla viti, á hvern hátt þjóðfjelagið vill styrkja þá, og hinsvegar leggi þeir á sig nokkrar byrðar, skólunum til gagns.

Það hefir tekið heilan mannsaldur hjer á Íslandi að finna það form, sem heppilegt er fyrir gagnfræðaskóla í sveit. Á síðustu árum hafa umbætur í þessu efni orðið mestar, svo að nú er það álit skólamanna, að með þeirri reynslu, sem fengin er, sjái menn nokkurn veginn, hvernig þessir skólar eigi að vera, svo að þeir fullnægi kröfum æskulýðsins. Einn af merkustu læknum landsins, Steingrímur Matthíasson, hefir sagt um einn af hjeraðsskólunum — einkum með tilliti til vinnukenslunnar og íþróttakenslunnar —, að nú sæi hann, hvernig gagnfræðaskólar ættu að vera á Íslandi.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að skólar þeir, sem þar eru nefndir, svo og fleiri skólar, sem fyrir áhuga hjeraðsbúa yrði hrundið áfram, fái úr landssjóði vissan styrk í hlutfalli við nemendatölu. Það er þegar á nokkrum stöðum verið að undirbúa stofnun hjeraðsskóla, og mundu ákvæði þessa frv. að sjálfsögðu ná til þeirra, ef það yrði samþ.

Það má sjálfsagt færa einhver rök gegn þessu máli, eins og t. d. það, að hætt sje við, að kennarar mundu draga að sjer nemendur með „agitationum", frekar en að það væru kostir skólans, sem drægju nemendur að skólanum. En það er margt, sem mælir með því, að skólarnir fái styrk eftir því, hvernig þeir eru sóttir. Reynslan yrði áreiðanlega sú, að ljelegur skóli gæti ekki haldið sínum vinsældum. Þá mundi landssjóðsstyrkurinn minka og kennararnir yrðu að fara. Það er því einskonar hlutur, sem kennarinn er upp á, líkt og á smábátunum. Það verður sagt við kennarana: „Ef þið stjórnið ekki skólanum á þann hátt, að nemendurnir vilji læra hjá ykkur, þá verðið þið að fara".

Það er annað nýmæli í þessu frv. Það er sem sje gert ráð fyrir því, að gamlir nemendur standi saman og myndi fastan fjelagsskap til þess að styrkja skólana. Einnig er ætlast til, að þessi hópur gamalla nemenda sje kjósendur að meiri hluta skólanefndar. Ef stofnendur þessara skóla og lærisveinar bera ekki hlýjan hug til þeirra, þá er ekki von, að aðrir geri

það. Jeg get nefnt það til dæmis, að í Borgarfirði og Mýrasýslu hafa 5 bændur haldið uppi Hvítárbakkaskólanum, og þeir hafa staðið í skuldum fyrir eigninni, sem hafa numið upp undir 50 þús. kr. Jeg hygg, að það sje reglulegur ávinningur fyrir þjóðfjelagið, að geta notað sjer slíkan áhuga aðstandendanna. En ef einhver skóli er svo daufur, að nemendur vilja ekkert fyrir hann gera, þá eru ákvæði í frv. um það, hvernig honum skuli stjórnað.

Sem dæmi upp á það, hversu hjer er reynt að stilla í hóf fjárframlögum úr landssjóði, skal jeg geta þess, að frv. kveður svo á, að 5000 krónur skuli veittar á hvern bekk árlega. Ríkisskólar fá miklu meiri styrk en þetta. Kostnaður sá, sem ríkið ber vegna þeirra, er frá 7—11 þús. kr. á ári fyrir hvern skóla. Enda hefir það mætt nokkrum andmælum frá sumum aðstandendum hjeraðsskólanna, að 8. gr. frv. skuli ekki gera ráð fyrir meiri styrk en þetta. En það er gert af ásettu ráði, í trausti þess, að hjeraðsskólarnir reynist ódýrari en ríkisskólarnir. Þar sem hverahiti er, sparast til dæmis eldiviður. Auk þess er ætlast til, að gamlir nemendur veiti skólanum nokkurn stuðning.

**Einar Jónsson:** Jeg get gjarnan tekið undir það álit manna, að rjettmætt sje að vinna að því að koma betra skipulagi á skóla í sveitum en áður hefir ríkt. Það er því síður en svo, að jeg með þessum fáu orðum, sem jeg ætla að segja, vilji hnekkja frv. því, sem fyrir liggur.

Jeg er fyllilega sammála hæstv. dómsmrh. um það, að fjölga þurfi skólunum. Þó að fastir hjeraðsskólar sjeu á þeim 4 stöðum, sem nefndir eru í frv., er hætt við, að einhverjum fyndist þeir vera útundan. Í þessu sambandi vil jeg minnast á þá hugmynd, sem vakað hefir fyrir Rangæingum á síðari árum. Okkar ágæti sýslumaður, Björgvin Vigfússon, hefir manna mest og best barist fyrir því að fá henni framgengt. En samkomulag hefir ekki náðst í þessu máli. Í síðastl. nóvember var haldinn aukafundur í Rangárvallasýslu einungis til þess að ræða þetta skólamál. Meiri hl. sýslunefndar var samþ. hugmynd sýslumanns. Til sýnis fyrir sýslunefndina hafði hann samið frv. með glöggum og mikilsverðum aths., og var tilætlunin sú, að frv. væri lagt fram hjer á Alþingi sem fyrst. Jeg veit samt ekki til, að það hafi verið gert. Hitt veit jeg, að sýslumaður vonaði fyrst, að stj. mundi taka þessu frv. vel og gera það að stjfrv., en sú von hans var farin að dofna, þegar leið að þingtímanum. Gerði hann sjer þá von um, að mentmn. þessarar hv. deildar tæki málið að sjer til flutnings og meðmæla, en sú leið mun enn vera óviss. Jeg sje þó ekki betur en að það sje blátt áfram knýjandi skylda gagnvart Rangæingum að leggja þetta frv. fram í þinginu.

Eitt af því, sem sýslumaður hugsar sjer í þessu máli, er að innleiða vinnuskyldu fyrir nemendur. Þeir eiga að leggja fram 7 vikna vinnu eitt vor, og þeim sömu mönnum er síðan leyft að sækja skólann sjer að kostnaðarlausu í 6 mánuði veturinn næsta á eftir.

Jeg býst við, að þetta lagafrv. frá Rangæingum muni koma fram síðar á þinginu. Að minsta kosti ætla jeg að vinna að því, að svo verði.

Ef hv. mentmn. vill ekki flytja frv., þá munum við þm. Rang. ef til vill flytja það á þessu þingi samkv. ósk sýslun. Rangárvallasýslu. Jeg býst við, að það sje engum vafa bundið, að þessu frv., sem hjer liggur fyrir, verði vísað til mentmn. Þess vegna vildi jeg bera fram þessar aths. og benda henni á að leyfa fleiri ákvæðum upptöku í þetta frv. samkv. því, sem jeg nú hefi tekið fram. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að lýsa óánægju yfir ákvæðum þessa frv. og er því á engan hátt mótfallinn. Skal jeg svo ekki lengja umr. meira að sinni.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Út af fyrri lið í ræðu hv. 1. þm. Rang. vil jeg geta þess, að hann hefir skilið mig rjett. Jeg geri ráð fyrir, að það komi kröfur um fleiri hjeraðsskóla, í viðbót við þá, sem komnir eru, og að þeir skólar hljóti með samþ. Alþingis að heyra undir þessi lög. Vestur-Húnvetningar og Strandamenn hafa skrifað mjer um, að þeir vilji koma upp hjeraðsskóla við heita laug, sem er austanvert við Hrútafjörð; og þar er landskiki, sem er opinber eign. Víðar á landinu er mikill hugur í mönnum um stofnun hjeraðsskóla.

Að því er snertir síðara atriðið í ræðu hv. 1. þm. Rang., þá skal jeg geta þess, að það er rjett, að sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hefir sent stj. frv. eða till. um stofnun vinnuskóla í Rangárvallasýslu, og ætla jeg að biðja hv. mentmn. að flytja það í þessari deild, eða þm. kjördæmisins. En það rekur sig ekkert á þetta frv., sem hjer liggur fyrir, um hjeraðsskóla.

**Ólafur Thors:** Mjer þykir rjett að nota þetta tækifæri, þegar stj. leggur fyrir þingið frv. um hjeraðsskóla, þar á meðal Laugarvatnsskólann, til að finna að gerðum stj. í því máli. Sýslurnar austanfjalls hafa viljað sameina sig um einn skóla; um það hafa allir verið sammála. En ágreiningur hefir aftur á móti verið um það, hvar skólinn ætti að standa.

Allar stj. hafa viðurkent sjálfsákvörðunarrjett sýslnanna í þessu máli, og einnig núv. stj., þar sem hún fjellst á að skipa oddamann þeirrar nefndar, sem ákveða skyldi staðinn. Eins og kunnugt er, valdi þessi oddamaður stj. Árbæ í Holtum í Rangárvallasýslu. En þá gerðust þau tíðindi, að hæstv. dómsmrh. tók sjálfsákvörðunarvaldið af hinum rjettu aðilum og ákvað sjálfur, að skólinn skyldi standa að Laugarvatni.

Jeg skal játa, að sökum ókunnugleika er jeg ekki dómbær um þennan stað. Jeg er jafnvel ekki fjarri því, að hann muni vera vel valinn. En hinu held jeg fram, að það hafi verið vítavert af hæstv. stj. að taka fram fyrir hendurnar á rjettum aðilum, úr því að samkomulag hafði náðst milli þeirra. Þetta framferði stj. verður Alþingi að víta. Þess ber og að gæta, að eftir þeim umr., sem hjer hafa farið fram, er fult útlit fyrir, að ríkið verði nú að leggja fram fje til tveggja skóla í stað eins. Og jeg

verð að telja það ákaflega misráðið að stofna tvo skóla, þar sem allir viðurkenna, að einn skóli hefði nægt.

Jeg hefi hreyft þessu nú við fyrstu umr. þessa frv. um hjeraðsskóla, af því að jeg tel, að nú sje tækifæri fyrir Alþingi til þess að lýsa óánægju yfir gerðum ráðh. í þessu máli. Alþingi á að leggja þessari stj. og þeim stj., sem á eftir koma, þá lífsreglu að sóa ekki fje ríkisins að óþörfu á þennan hátt. Þörfin fyrir skóla á ýmsum stöðum er afarbrýn, og því seinna verður bætt úr henni, sem gálauslegar er með það fje farið, sem þeim er ætlað í fjárl.

**Jörundur Brynjólfsson:** Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú fundið að gerðum hæstv. dómsmrh. í skólamáli Sunnlendinga. Það er aukaatriði, hvort hann talar hjer frá eigin brjósti eða fyrir munn annara manna. Hitt er aðalatriðið, hvort aðfinslur hans eru á rjettmætum rökum bygðar eða ekki.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að gera þetta mál að umtalsefni nú, jafnvel þó að það snerti enga meir en okkur fulltrúa Árnes- og Rangárvallasýslna. Jeg býst satt að segja ekki við, að aukast muni hróður þeirra manna, sem hafa haft það með höndum á undanförnum árum, þó frammistaða þeirra væri rifjuð upp.

Fyrir tveim árum var svo komið, að hjeraðsbúar sjálfir höfðu ráðið málinu til lykta. En þá var gripið inn í ákvörðun þeirra frá æðri stöðum og hún eyðilögð. Sú íhlutun var gerð á svo óviðeigandi hátt, að jeg mundi hafa sjeð mig knúðan til að átelja það, ef eigi hefði breytst aðstaðan til málsins hjer á þingi. En vegna þeirra breyt., sem urðu skömmu eftir þessa ráðstöfun, taldi jeg það eigi viðeigandi.

Hv. 2. þm. G.-K. átaldi hæstv. dómsmrh. fyrir það, að hann hefði, að mjer skildist, skipað skólanum stað á Laugarvatni. En í þessu kemur fram mikill misskilningur hjá hv. þm. Sýslunefnd Árnessýslu hafði eitt sinn ákveðið það, að skólinn skyldi standa að Laugarvatni, með það fyrir augum, að hann yrði ekki einungis fyrir Árnessýslu, heldur einnig Rangárvalla- og jafnvel Vestur-Skaftafellssýslur. Ákvörðun sýslunefndarinnar er því beinlínis fylgt með því að setja skólann að Laugarvatni.

Jeg viðurkenni það, að í Árnessýslu eru nokkuð margir menn á móti því að hafa skólann á þessum stað; og svo mun einnig vera í Rangárvallasýslu. Um Vestur-Skaftfellinga er mjer ekki kunnugt. En það veit jeg líka, að margir þessara manna eru engir sjerstakir skólamenn og mundu hafa látið sjer í ljettu rúmi liggja, þó að dráttur hefði orðið á stofnun skólans.

Nú þegar skólinn var reistur að Laugarvatni, þá var það eftir ósk nokkurra hjeraðsbúa sjálfra, og fyrir þeirra tilmæli og atbeina var fje veitt til hans. Jeg er því eigi kunnugur, hvað líður greiðslum úr ríkissjóði til skólans, en hygg þó, að þar hafi verið farið eftir fjárl. og eigi greitt meira en þau heimila.

Eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. G.-K., er vegalengd því ekki til fyrirstöðu, að hægt sje að sækja skóla þarna eins og annarsstaðar í hjeraðinu. Það skiftir minstu máli, hvort

nemendur eiga 10—20 km. lengri eða skemri leið til skólans. Hitt er aðalatriðið, að skilyrði á staðnum sjeu sem best. Og þó að margir góðir skólastaðir sjeu á Suðurlandi, tekur enginn þeirra Laugarvatni fram. Jeg hefi heldur ekki orðið annars var en að almenningur yndi þeirri skipun, sem á er orðin. En hjer varðar mestu, eins og endranær, að vel sje á haldið. Því aðeins nær skólinn tilgangi sínum, að til hans veljast góðir menn. En þá er jeg ekki hræddur um, að hann gjaldi þess ágreinings, sem verið hefir um hann. Og það er illa farið, ef einhverjir þeir, sem þetta mál kemur tiltölulega lítið við, gerast til þess að ala á sundrung meðal hjeraðsbúa.

Jeg fyrir mitt leyti sje enga ástæðu til að gera ráðstafanir stj. í þessu máli að sjerstöku umtalsefni.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg sje mjer ekki annað fært en að standa upp, fyrst verið er að ræða skólamál Sunnlendinga. Jeg hefi altaf haldið því fram, að Árnes- og Rangárvallasýslur ættu að standa saman um einn skóla. En nú hefir málið verið leyst með þeim hætti, að skólarnir hljóta að verða tveir, og fyrir þessa lausn á málinu vil jeg víta hæstv. stj.

Jeg verð að segja það, að frásögn hv. 1. þm. Árn. um val skólastaðarins er meira en lítið lituð. Sannleikurinn er sá, að skólinn var settur að Laugarvatni í trássi við meiri hl. manna á Suðurlandi.

Jeg tel hæstv. dómsmrh. freklega ámælisverðan fyrir að taka fram fyrir hendur á þeirri nefnd, sem valdi Árbæ fyrir skólasetur. Það má þó segja hæstv. dómsmrh. til hróss, að hann hefir tekið vel í að styðja skóla í Árbæ, ef hann yrði stofnaður þar að vilja hjeraðsbúa.

Læt jeg svo útrætt um þetta mál að sinni. Jeg vildi aðeins gera stutta grein fyrir afstöðu minni og leiðrjetta missagnir hv. 1. þm. Árn.

**Ólafur Thors:** Jeg hefi í raun og veru fáu að svara, einkum af því að hv. 2. þm. Rang. hefir með sinni ágætu þekkingu á málinu tekið fram flest það, sem jeg vildi sagt hafa. Eins og jeg hefi áður tekið fram, dæmi jeg ekki um það, hvort Laugarvatn sje heppilegur staður eða ekki. Sömuleiðis get jeg aðhylst það, að ekki skifti miklu máli fyrir nemendur skólans, hvort hann er 10—20 km. fjær eða nær heimilum þeirra. En það hefir talsverða þýðingu fyrir hjeraðsbúa alment, ef skólinn á að vera einskonar miðstöð í hjeraðinu, hvar hann er í sveit settur. Með tilliti til þess er hann betur settur í Árbæ en að Laugarvatni. Þangað er auðveldara að sækja fyrirlestra hvaðanæfa úr hjeraðinu. En það er ekki þessi hlið málsins, sem jeg ætla að gera að umtalsefni. Það, sem jeg legg áherslu á, er, að það hafi verið alveg óviðeigandi af hæstv. stj. að taka fram fyrir hendur hjeraðsbúa og ákveða staðinn upp á sitt eindæmi í trássi við þá. Hv. 1. þm. Árn. vildi halda því fram, að hæstv. ráðh. hefði eigi gert þetta. Sagði hann frá því, að einhver sýslunefnd hefði einhverntíma samþ. að reisa skólann að Laugarvatni. — eða skildi jeg það ekki rjett? Um þetta er mjer ekki kunnugt; en það veit jeg, að samkomulag um skólastaðinn milli Árnesinga og Rangæinga hefir aldrei orð-

ið, fyr en Árbær var ákveðinn sem skólastaður. En þá tók hæstv. ráðh. fram fyrir hendurnar á þeim, og það þó hann hefði viðurkent sjálfsákvörðunarrjett þeirra með því að skipa oddamann í nefndina. Jeg sje eiginlega ekki, hvaða vit var í því að skipa manninn, en taka svo ekkert tillit til þess, sem hann lagði til. En í þessu kemur auðvitað fram einræði hæstv. dómsmrh., eins og í öðrum stjórnarathöfnum hans.

Það er sjálfsagt rjett, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að hæstv. ráðh. hefði tekið vel í skólastofnun að Árbæ. En hv. þdm. verða að gæta þess, að hæstv. ráðh. er þar að bjóða fram fje ríkisins, en ekki sitt eigið fje, og þess vegna er það engin dygð.

Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Árn., að við, sem áteljum athafnir stj. í þessu máli, sjeum að vekja úlfúð og að okkur komi þetta ekki við. Hverjum þm. ber að sporna við óþarfafjáraustri úr ríkissjóði. Það er eigi aðeins rjettur hans, heldur skylda að finna að því, þegar stj. eyðir fje ríkisins að nauðsynjalausu.

**Einar Jónsson:** Jeg verð að taka undir með þeim, sem halda því fram, að það hafi verið rangt að reisa skólann að Laugarvatni eins og sakir stóðu. En jeg ætla ekki að vekja deilur um það efni. Jeg tel það illa farið, að hæstv. stj. skyldi hafa að engu till. þeirrar nefndar, sem valin var af hálfu Rangæinga og Árnesinga og samþykk varð um Árbæ sem skólasetur. Jeg er raunar í vafa um, hvor staðurinn sje betri. Laugarvatn er ágætur staður, en það er Árbær líka. Í Ytri-Rangá er kraftmikill foss, sem er mikils virði til virkjunar. En það þýðir ekki að sakast um orðinn hlut. Nú, þegar búið er að reisa skóla að Laugarvatni, er æskilegt að hverfa eigi frá honum. En um þann skóla hefir ekkert samkomulag náðst milli Árnesinga og Rangæinga. Rangæingar eru jafnóánægðir eftir sem áður. Hitt skal jeg taka fram, að jeg hefi aldrei gert mikið úr vegalengdinni að skólanum, og geri ekki enn.

Það er rjett hjá hv. 2. þm. G.-K., að með því að stofna tvo skóla þar, sem einn hefði nægt, er farið ósparlega með ríkisfje.

Það atriði, að þm. eru að spila út ríkisfje, en ekki peningum úr eigin vasa, ættu þeir betur að muna en þeir gera, þegar um fjárveitingar er að ræða.

Samkv. þessu, sem nú er sagt, get jeg ekki verið sammála hv. 1. þm. Árn. um það, að hæstv. dómsmrh. hafi gert það, sem rjett var í þessu máli, því að af sundrunginni leiðir það, að reisa verður annan skóla handa Rangæingum. En hitt er satt, að ekki tjáir að sakast um orðinn hlut og að við það verður að sitja, sem komið er, og hlynna sem best að Laugarvatnsskóla í framtíð.

Jeg veit ekki, hvort óskir Rangæinga verða teknar til greina á þessu þingi, en hitt veit jeg, að það verður gert bráðlega. Jeg veit, að Alþingi vill ekki skilja Rangárvallasýslu útundan, enda á sú sýsla það ekki skilið, frekar en aðrar sýslur, sem enga fræðslustofnun hafa að halla sjer að. Það er rjett, sem einhver sagði áðan, að það má búast við fleiri röddum um skóla, þó að aðeins þessir fjórir skólar, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., verði

nú samþ. Úr Rangárvallasýslu er þegar komin fram krafa um skóla, og jeg er þá ekki spámannlega vaxinn, ef á löngu líður áður en rödd heyrist í sömu átt úr fleiri stöðum. Jeg sakna þess, að ekki skyldi takast samheldni með báðum sýslunum, Rangárvalla- og Árnessýslum, um að koma upp í sameiningu einum og góðum skóla, því að jeg ber kvíðboga fyrir því, að skólarnir verði því ljelegri og gagnsminni, því fleiri sem þeir verða. En jeg vona, að þingið beri gæfu til þess að hjálpa mönnum til að koma upp fræðslustofnunum þar, sem hentast er, því að ment er máttur.

**Jörundur Brynjólfsson:** Það er tilgangslítið að vera að karpa um þetta mál, en úr því að umr. hafa hafist, og ekki síður vegna þess, að mjer hefir verið borið á brýn, að jeg hafi talað litað um málið, vil jeg ekki láta vera að hreyfa nokkrum andmælum.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að jeg hefði talað litað um málið. Því vil jeg andmæla. Hann hefði frekar getað sagt, að jeg hefði ekki sagt nóg, t. d. um frammistöðu hans fyrr og síðar. (**GunnS:** Hún hefir altaf verið sú sama). Það, sem jeg sagði, er rjett, og ekki orði hallað, en hitt er satt, að jeg kom ekki inn á alt, sem hægt hefði verið að minnast á, enda hefði það orðið langur lestur, og er auk þess fjarri mjer að vilja rifja það alt upp.

Mjer virðist, að þeir þrír hv. þm., sem risið hafa upp í röð til þess að færa fram aðfinslur út af því, að skólinn hafi verið settur á stað, sem leiddi til sundrungar, haldi, að til engrar sundrungar hefði leitt, ef skólinn hefði verið reistur að Árbæ samkv. till. nefndarinnar. (**EJ:** Það hefi jeg aldrei sagt). Hinir tveir þm. sögðu það, og hv. 1. þm. Rang. óbeint. Jeg skal ekkert um það dæma, hvort ágreiningurinn hefði orðið meiri eða minni en hann er nú, ef skólinn hefði verið reistur að Árbæ, en það er víst, að einhver hefði hann orðið, og það töluverður. Þetta vita allir, sem til þessa máls þekkja. Auk þess veit jeg það með vissu, að þeim, sem mest hafa látið sig skólamálin skifta, var það þvert um geð að hafa skólann að Árbæ, — ekki vegna þess, að staðurinn væri ekki að mörgu leyti góður, heldur vegna ýmissa annara agnúa, svo sem þeirra, að byggja þyrfti rafstöð til að hita skólann og lýsa, því að þetta er á „köldum" stað og engum jarðhita til að dreifa. Slík rafstöð var gert ráð fyrir að mundi kosta um 40 þús. kr., og er ekki nema eðlilegt, að flestum hrjósi hugur við þeirri upphæð. Þegar á þetta er litið, er ekki víst, að orðið hefði neinn sparnaður að því að setja skólann þarna. Það er hjer um bil óhætt að fullyrða það, að rekstrarkostnaður tveggja skóla á „heitum" stað er ekki meiri en rekstrarkostnaður eins skóla á „köldum" stað. Til þess að sannfærast um þetta, þurfa menn ekki annað en að kynna sjer, hvað það kostar að hita þá skóla, sem fyrir eru, t. d. Hvanneyrarskólann. Það er býsna mikið. En í rekstri skóla á „heitum" stað sparast mjög mikið í þessu efni.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að vegalengdin skifti engu máli, og er slíkt von um svo glöggan mann. Hitt er aðalatriðið, að skólinn sje vel settur, bæði í nútíð og framtíð. Þeir menn, sem borið hafa skólamálin sjerstak-

lega fyrir brjósti, eru fleiri í Árnessýslu en í Rangárvallasýslu. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vanþakki Rangæingum þeirra gerðir; þeir hafa haft áhuga fyrir málinu, en það hefir meira borið á áhuga Árnesinga. Það hefir engum dulist, að reisa ætti skólann á „heitum" stað, en um hitt greindi menn á, hvort hann ætti að vera að Laugarvatni eða á Hveraheiði í Hrunamannahreppi, og það var að mörgu leyti ekki nema eðlilegt. En úr því, sem komið er, þarf að vinna að því að jafna ágreininginn og hlúa að skólanum þar, sem hann er kominn. Yfir skólastaðnum þarf enginn að kvarta og þeim, sem búa austan Þjórsár, má á sama standa, hvort skólinn er þarna eða á hinum staðnum. Vegalengdin skiftir þar engu máli.

Hv. 2. þm. G.-K. gat þess, að það mundi hafa vakað fyrir hjeraðsbúum að hafa skólann sem næst miðju hjeraðanna. Jeg kannast við þetta, en mjer þótti verst, að hann skyldi telja þetta aðalatriði málsins, að þessu yrði svo hagað, því að það er hreinasti misskilningur og næsta undarlegt, að hann skuli koma fram frá svo mentuðum manni sem þessi hv. þm. er. Þetta er auðvitað aukaatriði. Höfuðatriðið er það, að staðurinn sje góður og að kenslan við skólann komi að fullum notum. Og svo auðvitað það, að þeir, sem kenna við skólann, sjeu starfinu vaxnir. Frá því jeg fór fyrst að hafa afskifti af þessum skólamálum, ljet jeg mig það miklu skifta að fá þann mann við skólann, sjera Kjartan Helgason prófast í Hruna, sem jeg þekti að öllu góðu og hafði sjerstaklega álit á. Sá maður tók ekki við skólanum, — því miður. En jeg vona, að þeir menn, sem nú starfa við skólann, reynist vel, og eftir því orðspori, sem af þeim gengur í vetur, er þeim borin vel sagan.

Jeg minnist þess, að Rangárvallasýsla var þríklofin, þegar þar voru greidd atkv. um skólamálin. Mikill hluti sýslunnar vildi engan skóla, nokkrir vildu sjerskóla fyrir sýsluna eina, en aðrir vildu samvinnu við Árnesinga, hvort sem skólinn yrði reistur vestan eða austan Þjórsár. Slík atkvgr. hefir aldrei farið fram í Árnessýslu, en jeg veit, að hún hefði orðið alt öðruvísi, og þá hefði skoðanamunurinn komið greinilega fram.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál; aðeins að drepa á eitt enn. Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að það væri skylda allra þm. að fylkja sjer gegn allri fjesóun, hvort heldur sem væri í þessu máli eða öðru. Jeg tek undir það. En jeg held, að þessi hv. þm. hefði komist að annari niðurstöðu í þessu máli en hann gerði, ef hann hefði athugað, hvílíkt óhagræði það væri fyrir ríkið, ef skólinn hefði verið reistur á „köldum" stað.

**Lárus Helgason:** Það er nú búið að tala svo mikið um skólamál, að varla er á bætandi, en af því að hv. 2. þm. Rang. tór að blanda okkur Skaftfellingum inn í umr., kvaddi jeg mjer hljóðs. Þessi hv. þm. sagði, að Rangæingar og Skaftfellingar væru jafnóánægðir með sitt skólalevsi. Jeg veit ekki betur en að Skaftfellingar sjeu vel ánægðir með úrslit skólamálsins, og það vill svo vel til, að jeg get fært rök fyrir því. Á fjölmennum fundi

eystra vildi nefnilega svo til, að ákveðinn íhaldsmaður, sem framarlega hefir staðið í skólamálum, fann hvöt hjá sjer til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir aðgerðir hans í þessu máli. Jeg býst við því, að Skaftfellingar mundu ekki víta úrslitin — nema þá örfáir menn —, heldur þvert á móti, ef málið væri borið undir þá. Og jeg verð að játa það, að jeg finn ekki heila brú í því, þegar menn eru að segja, að byggja verði annan skóla í Rangárvallasýslu, af því að skólinn var reistur að Laugarvatni. Jeg tel það ekki þm. samboðið að fylla þennan togstreytuflokk. Það þurfti einhver að skera úr um það, hvað best og heppilegast væri. Og það er tilfellið, að þrátt fyrir andúð gegn ráðstöfuninni í byrjun játar allur fjöldinn, að skólinn er á góðum stað og líklegur til að koma að almennum notum. Og mjer finst, að Alþingi væri þarfara að snúa sjer að einhverju öðru en að ræða um þetta mál, sem góð lausn er þegar fengin á.

**Gunnar Sigurðsson:** Hv. 1. þm. Árn. var að víta mína frammistöðu í skólamálinu, en nefndi að vísu ekkert dæmi þess, enda er það ekki hægt. Hún hefir ávalt verið sú sama, að reistur væri einn skóli miðsveitar. Á þessum grundvelli hefi jeg altaf barist, og þegar málið var komið á góðan rekspöl í þessa átt, var tekið fyrir það, illu heilli. En það þýðir að vísu ekki að sakast um orðinn hlut og jeg þakka hinsvegar hæstv. dómsmrh. fyrir góðar undirtektir um að reisa sjerstakan skóla fyrir Rangárvallasýslu.

Jeg hefi ýmislegt að athuga við legu Laugarvatnsskólans. Hann liggur yst í Árnessýslu, og það er ekki rjett, að vegalengdin skifti engu máli. Hjeraðsskóla þarf að vera vel í sveit komið, t. d. með tilliti til fyrirlestrahalds. Hvað hitann snertir, er gott að hafa hverahita, en það er um fleiri möguleika að ræða, og jeg veit ekki betur en að gott sje til raflýsingar á Árbæ. Og því mega þeir ekki gleyma, sem ekki geta hugsað sjer skóla annarsstaðar en við hveri og laugar, að rafmagnið er engu síður framtíðarinnar orkugjafi til ljóss og hita.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Aðeins nokkur orð, til þess að leiðrjetta nokkrar smávillur, sem fram hafa komið. Því hefir verið haldið fram, að góðar líkur hafi verið til þess, að sýslurnar mundu sameinast um einn skóla. Jeg þykist vita, að hv. 2. þm. G.-K. hafi ekki haft aðstöðu til að kynna sjer þessi mál, en hann getur fengið vitneskju um þau í Alþingistíðindunum 1926. Þar segir Eggert sál. Pálsson, sem var manna kunnugastur þessum málum, að ómögulegt væri að fá sýslurnar til að vinna saman. Það hefði verið reynt í heilan mannsaldur og engan árangur borið. Þessi þráður var svo tekinn upp aftur, eftir að málið hafði legið niðri um hríð, af nokkrum áhugamönnum í Árnes- og Rangárvallasýslum, og niðurstaðan varð sú, að skipuð skyldi nefnd til að gera út um málið. Í þessa nefnd skyldu sýslurnar skipa sína tvo mennina hvor, en ríkisstj. þann fimta. Það var ekki búið að útnefna þennan mann, þegar stjórnarskiftin urðu, svo að það kom í minn hlut að gera það. Það er viðurkent af öllum, að oddamaður

stj. gerði sitt ýtrasta til að koma á samkomulagi. En það var alt árangurslaust. Rangæingar vildu hafa skólann hjá sjer og Árnesingar hjá sjer. Úrslitaatkv. varð því að koma frá oddamanninum. Jeg vil benda á það, að skoðun sr. Eggerts heitins Pálssonar fjekk ríka staðfestingu í þessum málalokum. Jeg býst ekki við, að allir viti, að eftir atkvgr. í nefndinni virtist mikill hluti af Suðurlandsundirlendinu standa utan um skólann að Árbæ. En hvernig fór svo? Jeg skal ekki fara út í það, nema nokkuð er víst, að ekkert varð þar úr framkvæmdum. Á sýslufundi Rangárvallasýslu í vetur var fram borin till. um það að hafa skólann að Laugarvatni, en feld með 4:2 atkv., en till. um að hafa hann að Árbæ feld með 5:2 atkv. Þetta sýnir, að í Rangárvallasýslu var mótstaðan meiri gegn því að reisa skólann að Árbæ heldur en að Laugarvatni.

Jeg vil benda á það að lokum, að þessi atriði, sem jeg hefi drepið á, sýna, að þetta virtist óleysanlegt spursmál og ómögulegt var að fá sýslurnar til þess að taka höndum saman um málið. Hv. 1. þm. Rang. hefir skýrt málið frá sínu sjónarmiði, og jeg frá því, hvernig sr. Eggert sál. Pálsson leit á það. Og þó að menn sjeu að gamna sjer að því að deila um þetta mál í dag, þá er þó búið að leysa part úr málinu með því að styrkja mikinn hluta Árnessýslu til þess að koma sjer upp skóla. En það þarf að gera meira, og því er jeg sammála hv. 2. þm. Rang. um það, að reisa verði á sínum tíma annan skóla í Rangárvallasýslu til að hafa undan þörfinni. Það er eina leiðin, úr því að sýslurnar gátu ekki unnið saman.

Það hefði verið hlægilegt, ef landið hefði kipt að sjer hendinni og ekki viljað rjetta Árnesingum hjálparhönd til að koma sjer upp skóla, þegað þeir voru búnir að útvega fje og afbragðs stað undir hann.

Það, að nota náttúrugæðin, þar sem þau eru fyrir hendi, til þessara hluta, er svo gífurlegur sparnaður, að sparnaður sá, sem þessi hv. þm. var að tala um, verður að engu, þegar til samanburðarins kemur. Og jeg vil ennfremur benda þeim hv. þm., sem álasa Árnesingum fyrir að hafa valið Laugarvatn sem skólasetur, á það sláandi dæmi, að Borgfirðingar og Mýramenn, sem mjög einhuga hafa staðið að Hvítárbakkaskólanum, eru nú mjög ákveðið farnir að hugsa um að flytja hann þaðan á annan stað, þar sem hægt er að nota jarðhitann til upphitunar o. fl. í þágu skólans. Ef þetta og því um líkt eru ekki þung rök móti þeim mönnum, sem álasa þeim Árnesingum, sem vildu hafa skólann á Laugarvatni, þá veit jeg ekki, hvað rök eru.

Þá er og annað atriði, sem jeg vil benda á, og það er, að skólastjórarnir á Laugum og Hvítárbakka eru í vandræðum með að hindra það, að skólar þeirra verði of stórir. Í öðrum þeirra eru nú um 80 nemendur, en í hinum 60. Að þeir halda þessu fram, að mikið fjölmenni í skólunum sje miður heppilegt, er af uppeldisfræðilegum ástæðum. Þeir líta svo á, að skólarnir með því móti verði ekki eins góðir. Jeg fyrir mitt levti er ekki sannfærður um, að þessi kenning sje

rjett hjá skólastjórunum. En sje hún rjett, þá er það ljóst, að á Suðurlandsundirlendinu, þar sem búa um 10 þús. manna, verður að hafa tvo skóla, svo framarlega, sem verulegur hluti hins unga fólks, sem þar á heima og skóla vill sækja, á að komast að í skólunum. Og þó að þessi skoðun skólastjóranna og annara skólamanna, sem halda þessu fram, að skólarnir eigi ekki að vera mjög fjölmennir, sje alveg látin liggja á milli hluta, þá hlýtur hv. 2. þm. G.-K. og þeir, sem honum fylgja í þessu máli, að sjá, að þegar styrkur ríkissjóðs er fastbundinn við hvern bekk skólanna, þá hlýtur það að vera sama, hvort það eru 10 bekkir í Árbæ, eða 5 í Árbæ og 5 á Laugarvatni. Og þegar þess er ennfremur gætt, að byggingarkostnaðurinn er hinn sami fyrir hvern bekk í heimavistarskólum, þá hlýtur það að vera öllum ljóst, að það er á engan hátt verra, að skólarnir sjeu tveir. Hvernig sem á þetta mál er litið, verður því niðurstaðan hin sama. Skólakostnaðurinn verður jafn á hvern mann, hvort sem það eru hundrað menn á tveimur eða tvö hundruð menn á einum stað. Jeg held því, að þessi skemtun, sem hjer hefir verið stofnað til með því að draga skólamál Árnesinga inn í þessar umr., verði til lítils annars en tefja tíma þingsins og auka umr. með alóþörfu málæði. En það er víst, að svo framarlega sem þessir 5 hreppar í Árnessýslu, sem hjer eiga hlut að máli, hefðu ekki lagt í það að koma upp Laugarvatnsskólanum, þá væri ekkert farið að gera enn til þess að leysa skólamál Suðurlandsundirlendisins. Þeir hafa því bjargað málinu.

**Magnús Jónsson:** Þar sem jeg er í mentmn., sem fær frv. þetta til meðferðar, þarf jeg ekki mikið um það að tala. En úr því að farið er að hefja hjer almennar umr. og eldhúsdag á hæstv. dómsmrh., vildi jeg leyfa mjer að segja örfá orð. Jeg skal fúslega viðurkenna, að það geri ekki mikið til, hvort skóli stendur í miðri bygð eða ekki, úr því að nemendurnir á annað borð verða að fara heiman að til dvalar. En hitt skiftir miklu, að samkomulag náist um skólann. Og hvað snertir skóla Sunnlendinganna, þá hefir það nú alllengi gengið, að ilt hefir verið að ná samkomulagi um hann, þó að ekki keyrði um þvert bak með ósamkomulagið, fyr en núv. kenslumálaráðh. greip inn í málið. Og jeg sakna þess, að hæstv. ráðh. skyldi ekki gefa skýrslu um afskifti sín af málinu, úr því að hann á annað borð fór að tala um það, því að satt að segja hafa ýmsar sögur gengið um þau, og þær allar ekki sem fallegastar. Hefði því verið gott fyrir hæstv. ráðh. að fá tækifæri til að hnekkja þeim.

Það mun aldrei hafa vakað fyrir mönnum að hafa nema einn skóla fyrir alt Suðurlandsundirlendið, hvað svo sem nú kann að vera orðið. Var máli því svo langt komið, þegar núv. hæstv. kenslumálaráðh. tók við völdum, að sýslurnar höfðu komið sier saman um að velja menn til þess að gera út um, hvar skólasetrið skyldi vera, og átti stj. að útnefna oddamanninn. En svo hefir heyrst, að útnefning þessa oddamanns hafi gengið mjög erfiðlega fyrir hæstv. ráðh. Má og vel vera, að það sjeu lausafregnir, en hitt er víst, að margir vel þektir skólamenn fóru

austur yfir „fjall“, að sögn til þess að búa sig undir það að verða oddamenn í þessari nefnd, sem átti að ákveða skólastaðinn. Meðal þeirra, sem fóru, má nefna skólastjórann frá Laugum, Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóra og kunnan skólamann hjeðan úr bænum, Helga Hjörvar, og var beinlínis sagt, að hann færi til þess að kynna sjer málið, svo að hann gæti verið oddamaður í n. En engan þessara manna skipaði ráðh. til þess að taka sæti sem oddamaður í n. Var sagt, að það væri af þeirri ástæðu, að enginn þeirra vildi fallast á þann stað fyrir skólasetur, sem ráðh. **taldi óheppilegastan.** Að hæstv. ráðh. vildi hafa þetta svo, er talið hafa verið af því, að hann í hjarta sínu var búinn að ákveða að hafa till. n. að engu, og taldi sjer því mestan styrk í því, að þær væru sem vitlausastar. Hvort þessar sagnir eru rjettar, skal jeg ekkert um segja, en hitt er víst, að vel tókst valið á manninum, sem loks var útnefndur sem oddamaður n. Hann valdi fyrir skólasetur Árbæ, „kaldan stað“, sem mjög orkaði tvímælis að væri heppilegt skólasetur. Var því þá svo komið, að ekki var um nema þessa tvo staði að ræða, Laugarvatn og Árbæ, og úr því lá beint við, hvor staðurinn skyldi valinn. Þannig er afskiftum núv. kennslumálaráðh. af þessu skólamáli lýst, og má vel vera, að þeim sje þannig rjett lýst, því að þau standa oft djúpt ráð þessa hæstv. ráðh. (**Dómsmrh.**: Þegar hann er að snúa á íhaldið).

Nú er um það að ræða, hvort Laugarvatn sje í rauninni heppilegt skólasetur. Ýmsir hv. þm. hafa nú staðið upp og talið, að svo myndi vera, og meðal þeirra hv. 1. þm. Rang. Hv. 1. þm. Árn. lagði mest upp úr, að það væri „heitur staður“. Hann skiftir nefnil. öllum skólastöðum í heita og kalda staði, eins og vinur hans dómsmrh. En jeg fyrir mitt leyti vil benda á eitt atriði, sem jeg tel hafa mikla þýðingu fyrir fjárhagslega afkomu skólans. Laugarvatn er mjög afskektur bær, en það verður að teljast miður heppilegt, því það liggur í hlutarins eðli, að mikill sparnaður getur verið að því fyrir skólann, ef þeir, sem við hann vinna, geta búið í nágrenni við hann, en það er ekki hægt, nema því aðeins, að hann sje þar, sem þjettbýlt er. Hvað Laugarvatn snertir er því ekki um slíkt að ræða; kennararnir verða að vera þar búsettir. Og getur vel farið svo, að sá kostnaðarauki, sem því er samfara, gæti vegið töluvert upp á móti hitanum, sem þar fæst ókeypis.

Þá talaði hæstv. ráðh. mikið um það, hve óánægjan og sundrungin á Suðurlandsundirlendinu væri mikil út af þessum málum, en jeg sje hreint ekkert, hvað hann hefir gert til þess að bæta úr þessari sundrung. Jeg fjekk ekkert annað út úr ræðu hans en það, að hann gerði ráð fyrir að reisa þarna tvo skóla, annan á Laugarvatni, en hinn í Rangárvallasýslu. Og það þjóðráð hefði hver maður getað fundið þegar í upphafi. Það má leysa hverja deilu með því að láta báða aðilja hafa sitt.

Þá vildi jeg aðeins minnast á eitt atriði enn. Mjer var nefnil. ekki kunnugt um annað en það væri fyrirfram afráðið, hver tæki við stjórn Suðurlandsskólans, þegar hann yrði stofnað-

ur, sem sje sr. Kjartan Helgason í Hruna. En nú hefir, eins og allir vita, alt öðrum manni verið falin forstaða hans, og það án þess að sr. Kjartani væri boðin hún. Þetta er þeim mun undarlegra, þegar þess er gætt, að einmitt þessi sami maður, sem nú er kenslumálaráðh., var fyrir nokkrum árum mjög hlyntur fjárveitingu til þessa manns, beinlínis með það fyrir augum, að hann síðar tæki við skólastjórn Suðurlandsskólans. Það skyldi nú ekki vera, að skólinn hafi verið settur á Laugarvatni til þess meðal annars, að hann skyldi ekki í upphafi ganga undir nafninu Suðurlandsskóli, og það svo aftur til þess að losna við að bjóða þessum ágæta manni skólastjórnina.

**Jón Auðunn Jónsson:** Með frv. þessu er verið að lögfesta nokkra staði fyrir hjeraðsskóla, þó að það muni nú vera svo, að þegar sje búið að ákveða staði fyrir skóla þessa bæði á Norðurlandi og í Borgarfirði, og að nokkru leyti á Suðurlandi. En hvað Vestfirðinga snertir, þá hafa þeir enga ákvörðun tekið um það ennþá, hvar hjeraðsskóli þeirra skuli vera. En svo hagar til víða á Vestfjörðum, að þar eru staðhættir góðir og því margir staðir þar til, sem heppilegir geta talist fyrir skólasetur, og það miklu heppilegri en Núpur, þar sem lýðskólinn er nú. Jeg hefði því kunnað betur við, að leitað hefði verið álits hjeraðsbúa, áður en farið væri að lögfesta þar staði fyrir hjeraðsskóla, sem engin ákvörðun hefir verið tekin um af hálfu hjeraðsbúa sjálfra.

Hæstv. dómsmrh. o. fl. hafa lýst því með mjög sterkum litum, hversu mikil þægindi og sparnaður væri í því að hafa slíka skóla þar, sem heitar laugar væru. Jeg verð því að ætla, að Vestfirðingum verði gefinn kostur á að hafa skóla sinn á þeim stað, þar sem best hagar til í þessu efni á Vestfjörðum, en það er við Ísafjarðardjúpið. Þangað eru líka mjög greiðar samgöngur, og auk þess afarauðvelt að ná þar í þá fæðutegund, sem ódýrust og hollust verður fyrir okkur Íslendinga, sem sje nýja fiskinn. — Jeg vildi aðeins benda á þetta, en ætla alls ekki að fara að taka þátt í þeim deilum, sem hjer hafa orðið.

**Ólafur Thors:** Í tilefni af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, vil jeg upplýsa, að jeg hygg það muni rjett vera, að ræðumaður sá, sem hann vitnaði í, sje sami maður, sem fyrstur stakk upp á Laugarvatni sem skólasetri. Er skoðun þess manns því engin sönnun fyrir hugarfari manna þar eystra til þessarar skólastofnunar, og jeg minnist þess líka, að þegar ráðist var á hæstv. dómsmrh. á fundunum eystra í haust, út af aðgerðum hans í þessu skólamáli, var auðheyrt, að mönnum þótti það að makleikum.

Með því að aðalandmælandi minn, hv. 1. þm. Árn., er setstur í forsetastól, vil jeg ekki deila á hann. Það gladdi mig, að hann var sammála mjer í því að víta hæstv. dómsmrh. fyrir það að hafa ekki einu sinni boðið sr. Kjartani í Hruna skólastjórastöðuna við Laugarvatnsskólann, manni, sem er landfrægur fyrir ágæti. Væri því æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi skýra frá því hjer, hvers vegna hann hafi alveg gengið framhjá þessum ágæta manni.

Það liggur í augum uppi, að aðstaða Sunnlendinga í þessu skólamáli er nú miklum mun verri en hún var, áður en núv. kenslumálaráðh. fór að skifta sjer af því.

Jeg skal ekki tala um það með neinu dómaravaldi, hvaða horfur voru á því, að þessi hjeruð hefðu getað komið sjer saman um samskóla. En jeg tel víst, að svo hefði getað orðið. Rök hæstv. dómsmrh. gegn því voru a. m. k. mjög ljeleg. Hann vildi færa það fram sem rök, að sr. Eggert heit. Pálsson hefði 1926 talið það vonlaust. En ef svo var 1926, hvers vegna skipar hæstv. dómsmrh. þá mann í nefnd 1½ ári síðar til þess að velja stað fyrir samskóla? Og hvers vegna sendir hann hvern manninn á fætur öðrum austur fyrir fjall, til þess að prófa, hvort þeir hafi hið rjetta hugarfar, sem sá maður átti að hafa, sem tæki sæti í n. sem oddamaður. Það var skrítið að vera að þessu öllu, ef það var óskeikult, að samkomulag gæti ekki orðið. Það hlýtur hæstv. ráðh. að sjá. Þetta var nú gert á árinu 1928, og ári síðar víta báðir þm. Rang. hæstv. ráðh. fyrir að hafa sett á stofn Laugarvatnsskólann og þar með girt fyrir það, að um samskóla gæti orðið að ræða. Eina ástæðan, sem hæstv. ráðh. bar fram og takandi var tillit til, ef rjett væri með farið, var það, að vegna ákvæða fjárl. hefði honum verið skylt að veita fjeð til Laugarvatnsskólans. En jeg efast um, að sú ástæða sje rjett, og vil því til sönnunar lesa, með leyfi hæstv. forseta, skilyrði það, er fjárveitingunni fylgir. En það hljóðar svo: „Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign". — Jeg vil nú leyfa mjer að spyrja: Hverskonar tryggingu hefir hjeraðið lagt fram fyrir því, að það greiði ½ stofnkostnað? Sje sú trygging ekki lögð fram, þá er þessi viðbára hæstv. ráðh. bara blekking. Jeg vil skora á hæstv. dómsmrh. að skýra frá því hjer, í hverju sú trygging er fólgin. Ef hún er örugg, þá get jeg játað, að aðstaða hæstv. ráðh. hefir verið erfiðari um að neita um fjárframlag til skólans.

Jeg efa það ekki, að þægilegt er að hafa skóla við heita staði. En það eru til önnur öfl, sem geta komið í þess stað og líka eru þægileg. Svo er með vatnsafl, sem gefið getur hita og ljós á ódýran hátt.

Hvað því atriði viðvíkur, að skólarnir geti orðið of stórir, þá trúi jeg ekki á það, enda trúir hæstv. ráðh. því ekki sjálfur. Hitt sjá allir, að hægra er að gera vel við einn skóla en tvo, a. m. k. hvað kenslukrafta snertir, og reyndar margt annað. Jeg vil nú þakka hæstv. forseta fyrir þá miklu þolinmæði, sem hann hefir sýnt mjer, og í trausti þess, að hann sýni mjer enn hið sama, vil jeg bæta við fáum orðum. Það er alveg bert, að tveir skólar verða ríkissjóði dýrari en einn skóli. Þetta kemur og í ljós í sjálfu frv. Ef t. d. 2 skólar hafa sína 12 nemendur hvor, þá kosta þeir ríkissjóð samkv. ákvæðum frv. 10000 kr. En væru þessir nemendur í einum skóla, kostaði það ríkið aðeins kr. 5800. Jeg stóð upp til að víta hæstv. ráðh. fyrir það, að hafa beitt því ger-

ræði að stofna Laugarvatnsskólann. Með því hefir hann beitt ofbeldi og bakað ríkissjóði fjárútlát.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er fram komið. Með því hefir verið stigið spor í þá átt, að tryggja hag sveitaskólanna, bæði fjárhagslega og á annan hátt. Sóknin til kaupstaðaskólanna hefir ekki verið hvað minsti þátturinn í því að draga unga fólkið frá sveitinni. Þessir skólar ættu því að verða einn mikilsverður þáttur í því að festa fólkið í sveitunum, framar en nú hefir verið um hríð, með því að gefa sveitaunglingunum kost á að afla sjer þeirrar mentunar, er þeir æskja, í sveitunum sjálfum, og liður í því að bjarga einni hinni mestu nauðsyn sveitanna.

Út af deilu þeirri, sem risið hefir um stofnun Laugarvatnsskólans, þar sem haldið hefir verið fram, að einn skóli **hefði nægt,** þá vil jeg bæta því einu við, að jeg tel, að einn skóli **muni nægja** þessum hjeruðum fyrst um sinn. Það má a. m. k. verða mikil breyt. á áhuga manna á þessu svæði, einkum Rangæinga, þar sem allmikill hluti greiddra atkv. voru nýlega móti öllum skólum, ef Laugarvatnsskólinn nægir ekki fyrst um sinn, þegar hann er kominn í það horf, sem til er ætlast. Mjer finst ekki koma til neinna mála, að löggjafarvaldið fari að styrkja annan skóla á þessu svæði fyrr en búið er að fullbyggja Laugarvatnsskólann og reynslan búin að sýna hann of lítinn.

Um staðinn er það að segja, að enginn ágreiningur hefir komið fram um, að hann sje vel valinn og þeim kostum búinn, sem að notum koma. Jafnvel svo, að menn, sem ekki er ætlast til að sjeu neitt sjerstaklega vinveittir stj., hafa gefið þangað stórgjafir, vegna þess eins, að þeir hafa orðið hrifnir af staðnum. Hitt ber og öllum saman um, að það sje algert aukaatriði, hvort nemendur þurfa að sækja 10—20 km. lengra til skólans eða ekki. En sje staðurinn góður, sje jeg ekki, að það skifti miklu máli, **hvar** hann er, svo að alt þetta þvarg um það er aðeins rifrildi um keisarans skegg.

Vegna þeirrar ádeilu, sem gerð hefir verið á hæstv. dómsmrh., vil jeg taka það fram, að mjer finst frekar ástæða til að þakka honum það, að hann hafði í máli þessu vit fyrir þeim mönnum, sem ekki voru gæddir þeim fjelagsþroska að geta sjálfir ákvarðað staðinn í sameiningu. Og þótt hv. 2. þm. Rang. teldi sig ánægðan með Árbæ, þá voru þó flestir Árnesingar óánægðir með þann stað, eins og hefir þegar sýnt sig. Og það er einmitt svo, að hvar sem skólastaður er valinn, þá eru jafnan einhverjir óánægðir með hann í fyrstu, þótt þeir síðar sætti sig smátt og smátt við það, þegar þeir sjá, að staðurinn hefir verið vel valinn að öðru leyti. En það er t. d. von, að þeir, sem vildu engan skóla hafa og lýstu því yfir með atkv. sínu, sjeu óánægðir.

Jeg vil að endingu ráðleggja þeim hv. þm., sem taka ætla að sjer eldabuskustarfið hjer á þingi í vetur, að afla sjer einhvers undirstöðubetra í mat þann, er þeir ætla að framreiða, ef hann á að verða boðlegur.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Hv. 1. þm. Reykv. var með spurningar til mín, sem jeg skal svara stuttlega. Hv. þm. þótti fyrst og fremst kynlegt, að

nokkrir mentafrömuðir höfðu verið á ferð austanfjalls um það leyti sem Árnesingar voru að velja sjer skólastað. Jeg býst nú við, að hv. þm. sjái það, að ráðh. getur ekki lagt neitt lögbann á ferðir manna þar, og þá ekki heldur þótt mentafrömuðir ferðist þar um og finni vini sína þar. Jeg veit nú ekki um erindi allra þessara manna. Mjer þykir t. d. líklegt, að fræðslumálastjóri hafi átt erindi þangað austur vegna síns embættis. Þá vissi jeg, að Arnór skólastjóri á Laugum fór þangað eftir beiðni eins merkisbónda austur þar, sem mikinn áhuga hafði á skólamálinu. Jeg held, að ekkert vit hefði verið í því fyrir mig sem ráðh. að leggja lögbann á þessa menn, enda hafði jeg ekkert vald til þess. Það er rjett, að jeg útnefndi góðan mann og gegnan til að vera oddamaður í nefndinni. Reyndi hann að miðla málum svo sem kostur var. Úrskurður hans var sá, að ef saman ætti að ganga, þá væri helst um Árbæ að ræða. Hinu var þó langur vegur frá, að fult samkomulag væri um þennan stað. Jeg hefi nú verið sakfeldur fyrir að hafa nefnt þennan mann í n. En hefði jeg nú neitað því, hvað ætli hefði þá komið frá andstæðingum mínum? Ætli þeir hefðu þá ekki talað um þrjósku, óheilindi og yfirdrepskap? Hlutleysi mitt í vali þessa manns sjest best á því, að hann taldi sig skyldan að fara sem mest eftir vilja samskólamannanna, úr því að nefndin var sett að þeirra tilhlutun. En áhuginn var nú samt sem áður svo lítill fyrir þessum stað, að sýslan feldi að hafa skólann þar, og þegar svo var komið, gat landsstj. ekki aðhafst neitt til að koma upp skóla þ·

Þá vítti hv. þm. mig fyrir það, að jeg hefði ekki ráðið sr. Kjartan í Hruna fyrir skólastjóra á Laugarvatni. Mjer finst nú satt að segja dálítið öfugt að ásaka mig fyrir það, hvernig því máli er komið. Árið 1926 gekst jeg fyrir því, að Alþingi veitti sr. Kjartani nokkur heiðurslaun frá þinginu, gegn því, að hann tæki að sjer forstöðu væntanlegs skóla á Suðurlandsundirlendinu. Fjárveitingin gekk fram, þrátt fyrir andróður nokkurra íhaldsmanna. T. d. talaði hv. þm. Seyðf., mágur sr. Kjartans, móti fjárveitingunni, af því hann sagðist ekki vilja sr. Kjartani svo ilt að taka að sjer skólaforstöðu. Þó gekk þetta fram, en fjell síðan niður af því Jón heit. Magnússon neitaði að nota heimildina til að koma skólanum upp. Hann og vinir hans ólu á æsingu og sundurþykkju í þessu máli. Og svo er mjer brugðið um óheilindi, þótt jeg hafi ekki getað framkvæmt það nú, sem hann og fleiri börðust á móti þá og eyðilögðu. (**ÓTh**: Lifir ekki sr. Kjartan enn?). Jú, en þegar búið er að fella niður fjárveitinguna, er ekki lengur hægt að framkvæma það á þeim grundvelli, er lagður var 1926. Á hinn bóginn er það sannanlegt, að byggingarnefnd Laugarvatnsskóla fól trúnaðarmanni sínum í fyrra að leita hófanna við sr. Kjartan, en hann vildi þá ekki sinna því. Og þess vegna vísast öllum getsökum heim til föðurhúsanna, til þeirra manna, sem gerðu alt sitt til að eyða þessu máli fyr og síðar.

Enn er ekkert því til fyrirstöðu, að sr. Kjartan, eða hv. 1. þm. Reykv., eða hver annar, sem til greina getur komið, verði skólastjóri á Laugarvatni, því skólastjórastaðan verður opin þar

í vor. En þeim, sem avalt hafa viljað bregða fæti fyrir þetta mál og hafa með undirferli og þrjósku reynt að tefja það — þeim er best að þegja.

**Sigurður Eggerz:** Jeg ætla ekki að blanda mjer til muna í sögu málsins. Það er því miður, að það hefir altaf strandað á hinu sama, að samkomulag hefir ekki fengist. Jeg hefi um mörg ár haft áhuga fyrir þessu máli. Þegar jeg var í Skaftafellssýslu, þá var farið að tala um að setja á stofn samskóla fyrir þessar 3 sýslur. Jeg átti þá tal um þetta við sýslumenn Árnes- og Rangárvallasýslna, og jeg áleit þá, eins og ætíð síðan, að ekki skifti svo miklu máli, hvar skólinn væri settur, að öðru leyti en því, að miklu skifti, að skólinn yrði þannig settur, að samúð sýslnanna gæti fylgt honum strax. En jeg hefi ávalt lagt áherslu á það, að sýslurnar ættu allar að sameinast um hann, því á þann hátt væri nógur styrkur til að gera skólann sem fullkomnastan, sem jeg tel og taldi aðalatriðið. Vitanlega var eitt skilyrðið, sem taka þurfti tillit til við val á skólastaðnum, að hann væri þar settur, sem hann mætti minstri andúð. Nú er skólinn settur á Laugarvatni, og gegn því hefir risið andúð austanfjalls. Nú er spurningin sú, hvort skólinn getur unnið svo á með því að sýna góða niðurstöðu af starfinu, að hann geti eytt þeirri andúð, sem risið hefir gegn honum. Það er sýnilegt, að þeim 5 hreppum, sem að stofnun hans stóðu, hefir verið það mikið áhugamál, þar sem krafist var alt að 40 þús. kr. framlags móti ríkissjóðsstyrknum. Þetta má telja hreinasta kraftaverk, ef þeir hafa lagt þá fjárhæð á sig. En jeg vil geta þess hjer, sem flogið hefir fyrir, svo hægt sje að mótmæla því nú þegar, að þeir hafi fengið lán hjá ríkinu til þess að geta þetta. En sje svo, þá fer nú lofið að minka í þeirra garð; það er ekkert óvanalegt, að slík lán sjeu svo gefin eftir síðar meir, og þá fer nú fórnin að verða minni. Jeg vil biðja hæstv. dómsmrh. að svara þessu.

Jeg verð að segja, að mjer þykir leitt að heyra, að komnar eru fram kröfur um 2 skóla á Suðurlandsundirlendinu. Um leið og jeg krefst þess, að slíkir skólar sjeu virkileg menningarstofnun og að þeir sjeu gerðir sem allra fullkomnastir, þá krefst jeg þess líka, að öll hagsýni sje viðhöfð um stofnun þeirra. En það er bersýnilegt, að tveir skólar verða í rekstri dýrari en einn, og erfiðara að fullnægja ýmsum menningarkröfum í sambandi við þá. Jeg vil nú vona, að til þess komi ekki, að setja þurfi upp 2 skóla. En þótt óánægja sje talsverð í byrjun, þá þarf að vinna að því, að hún hverfi. Og það verður best gert með því að velja til skólans sem besta kenslukrafta, menningarfrömuði, sem geri garðinn frægan. Einkum er áríðandi valið á skólastjóranum. Það má ekki velja hann með tilliti til skoðana hans, heldur hins, að hann sje fær um að hafa göfgandi og þroskandi áhrif á sálarlíf nemenda sinna.

Jeg vildi undirstrika þessa skoðun mína um leið og jeg vildi gefa hæstv. dómsmrh. tækifæri til að andmæla því, að skólinn hafi fengið lán úr ríkissjóði. Því ef það er ekki, þá er áhuginn óneitanlega mikill. **(Dómsmrh.:** Hrepparnir hafa lagt fram fjeð á móti. Ríkissjóður hefir ekki lánað

neitt). Það er ágætt að fá upplýsingu um, að svo er.

**Einar Jónsson:** Jeg býst við, að hv. þdm. þyki undarlega við bregða, að jeg skuli nú biðja um orðið í þriðja sinn. En mig langar til að leiðrjetta ummæli hæstv. dómsmrh. um atkvgr. í Rangárvallasýslu í nóv. síðastl. Hann vill láta líta svo út, sem minni áhugi hafi verið fyrir Árbæ en Laugarvatni. Hæstv. ráðh. skýrði að vísu rjett frá úrslitum atkvgr. í sýslunefndinni. En þeim úrslitum rjeði það, að samskólahugmyndin var úr sögunni með stofnun Laugarvatnsskólans; en þegar svo var komið málum, kaus meiri hl. sýslun. að stofna fremur skóla á Stórólfshvoli en í Árbæ. Þannig stóð á því, að færri atkv. voru greidd með Árbæ en Laugarvatni. Það er því ekki rjett að byggja það á þessari atkvgr., að Rangæingar hafi verið á móti ákvörðun n., sem tilnefndi Árbæ fyrir skólasetur.

Þá vil jeg snúa mjer að hv. þm. Mýr. Hann álítur, að einn skóli væri nægilegur fyrir Suðurlandsundirlendi. Jeg er einnig þeirrar skoðunar. En málinu er nú svo komið, að samstarf er útilokað, og þýðir ekki um það að tala. En þegar hann heldur því fram, að ekki komi til mála að reisa annan skóla, þá þykir mjer hann nokkuð djarfmæltur. Mjer er kunnugt um, að ekki er búið að reisa nema nokkurn hluta þeirrar byggingar, sem gert er ráð fyrir að Laugarvatni. Nú vil jeg spyrja: Er ekki hægt að fresta viðbótarbyggingu að Laugarvatni og verja því fje, sem til hennar á að ganga, til þess að verða við óskum Rangæinga? Jeg get nú látið útrætt um þetta mál. Tilgangur minn var aðallega sá, að gefa skýringu á því, hvernig stóð á atkvgr. sýslun. í Rangárvallasýslu. En mjer skildist, að hv. þm. Mýr. væri að tala um okkur íhaldsmenn í sambandi við einhvern kjötpott. Jeg held, að þessi hv. þm. reyr. eins mikið og hver annar að nálgast kjötpottinn, og að honum hafi tekist það sæmilega. Vona jeg, að sú viðleitni hans beri sem ríkulegastan árangur og að hann nái í sem flesta heila kjötbita. Og get jeg ekki annað sjeð en að hann sje nokkuð vel á veg kominn með það.

Mjer þykir það mjög óviðfeldið, að hæstv. dómsmrh. skuli vera að brigsla öðrum um óheilindi og ráðleggja þeim að þegja um þetta mál; þeir ættu helst að þegja, sem hafa óhreint mál að verja, og það hefir enginn fremur í þetta sinn en hæstv. ráðh.

**Gunnar Sigurðsson:** Hv. 1. þm. Rang. hefir að miklu leyti tekið af mjer ómakið. En jeg skal þó í fáum orðum skýra frá því, hvernig í málinu liggur.

Upphaflega hjeldum við þm. Árn. og Rang. fast við það að stofna einn samskóla fyrir báðar sýslurnar. Síðar komu fram einstakir menn, svo sem sýslumaður Rangæinga, sem vildu hafa sjerstakan skóla fyrir Rangárvallasýslu. Smámsaman hófust svo deilur um málið, sem stóðu árum saman án þess að til úrslita drægi. Afleiðingin varð sú, að menn urðu þreyttir á málinu, og gat það litið svo út, sem áhuginn fyrir skólanum væri að rjena. Jeg vil fyrir mitt leyti mótmæla því harðlega, að jeg hafi verið eða sje

andvígur skólastofnun; óska jeg skýringa á því hjá hv. þm. Mýr., hvað hann hafi átt við með ummælum sínum áðan, sem vel mátti skilja sem ásökun um það í minn garð.

Hv. þm. Mýr. er sjálfráður um það, hversu þakklátur hann er hæstv. dómsmrh. fyrir afskifti hans af málinu; en jeg hygg það koma af ókunnugleika þm. á málinu fyr og síðar. En þar sem nefndin var á einu máli, tel jeg, að hæstv. ráðh. hafi verið innan handar að sameina sýslurnar um skólann. Jeg er þess líka fullviss, að fleiri hefðu verið ánægðir með Árbæ en Laugarvatn, og að þeir, sem óánægðir voru með úrskurð n., mundu fljótlega hafa sætt sig við hann.

**Magnús Jónsson:** Það, sem jeg ætla að segja nú, er aðeins ofurlítil kvittun til hæstv. dómsmrh. Jeg býst við, að hv. þdm. sjeu yfirleitt glaðir yfir þeirri skemtilegu ræðu, sem hann flutti áðan. Það sást á henni, að hverinn, sem allir hv. þdm. kannast við, er ekki ennþá hættur að gjósa. Það þarf ekki að láta í hann nema lítið eitt af sápu til þess að hann fari að gjósa. (**ÓTh:** Og það þó að þetta sje ekki nema óþverrahola). Hæstv. ráðh. sagðist ekkert hafa vitað um ferðir þeirra mentamanna, sem jeg nefndi, austur yfir fjall. Það er merkilegt, hvað hann er ófróður í þetta sinn, þessi hæstv. ráðh. Hann hefir þó stundum vitað það, sem smærra er, t. d. þegar hann var að segja frá vinnukonudraumunum norður á Akureyri. Það var alveg óþarfi fyrir hann að vera að sverja fyrir það, að hann hefði vitað um ferð fræðslumálastjórans að minsta kosti. Jeg var ekkert að ásaka hann um, þó að hann hefði vitað þetta. Jeg spurði bara. Annars skil jeg ekki, hvers vegna hæstv. ráðh. er svona óstiltur; það er rjett eins og hann sje ekki með öllum mjalla. Jeg spurði ósköp blátt áfram, og hann hefði getað látið sjer nægja að svara því, að hann hefði engan þátt átt í þessu.

Mjer skildist raunar hæstv. ráðh. komast í mótsögn við það, sem hann var búinn að halda fram áður. Hann sagði nú, að oddamaðurinn hefði valið Árbæ af því, að hann hefði verið búinn að skoða alt málið vandlega og setja sig inn í hugsunarhátt manna í hjeraðinu. Því meiri ástæða var til að fara eftir tillögum hans.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki hafa verið skyldugur til að skipa oddamann; það er rjett. En úr því að hann skipaði oddamanninn, var hann skyldugur til að fara eftir ráðum hans. Alt annað var skrípaleikur. Eftir þessar aðfarir hæstv. ráðh. finst mjer vafasamt, að hann hafi haft leyfi til að styrkja Laugarvatnsskólann.

Þegar leið á ræðu hæstv. ráðh., fór hún að harðna nokkuð mikið, og var eigi gott að fylgjast með orðum hans. Þó heyrðist mjer hann segja, að Jón heit. Magnússon hefði eyðilagt skólamálið. Jeg var eigi kunnugur afskiftum hans af því máli og veit því ekki, hvað hefir komið honum til að skirrast við að taka ákvörðun upp á sitt eindæmi, eins og hæstv. dómsmrh. hefir nú gert.

Hæstv. ráðh. sagði nú, að það hefðu verið íhaldsmenn og aðrir vondir nótar, sem hefðu eyðilagt skólamálið. Áður talaði hann um, að það hefði verið skoðanamunur meðal hjeraðsbúa. Ekki hefir Jón heit. Magnússon

getað eytt málinu lengur en fram til ársins 1926. En þá er einkennilegt, að einmitt frá dánarári Jóns Magn. eru ummæli sr. Eggerts Pálssonar, sem hæstv. ráðh. vitnaði í áðan til þess að sýna, hve ólæknandi þessi sundrung manna sje. Jón heitinn Magnússon og íhaldsnótarnir hafa þá ekki unnið annað til saka en það, að lækna ekki það, sem var ólæknandi. Þegar jeg athuga þetta tvent, verð jeg að halda því fram, að hæstv. ráðh. segi það eitt, sem hann þarf á að halda eftir atvikum og skaplyndi hans býður honum.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um óheilindi íhaldsmanna gagnvart sr. Kjartani. Mjer skildist hann ætlast til, að íhaldsmenn kæmu sr. Kjartani að skólanum. En sje nokkur sekur um óheilindi gagnvart þessum manni, þá er það hæstv. ráðh. Fyrst ber hann fram till. um heiðurslaun handa honum og skammar þá, sem eru á móti henni. Jeg skal játa það, að mjer var mjög lítið um að samþ. þá till. Jeg vissi, að sr. Kjartan var einn af bestu prestum á landinu og fanst hæpið að láta hann fara úr embætti sínu. En þegar hæstv. ráðh., sem sjálfur flutti þessa till., hafði það á sínu valdi að láta sr. Kjartan verða skólastjóra, þá gerði hann það ekki. En orsökin mun vera sú, að nýr maður var kominn til sögunnar, sem hæstv. ráðh. vildi heldur; og þá hirti hann ekki um sr. Kjartan. Jeg skal ekkert dæma um hæfileika þess manns, sem nú stjórnar skólanum. Jeg þekki hann vel að góðu einu. En framkoma hæstv. ráðh. er jafnóheil, þó að sá maður sje góðum kostum búinn. Sundrungin og óheilindin í þessu skólamáli er engum fremur að kenna en hæstv. ráðh.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Það gleður mig, að hv. 1. þm. Reykv. hefir komist til meðvitundar um það, að þetta mál kemur allóþægilega við hann og flokksbræður hans, þegar það er krufið til mergjar. Jeg hefi áður rakið sögu málsins í nokkrum aðalatriðum og sýnt fram á, hvernig sundrungin, deyfðin og óheilindin hafa dregið framkvæmd þess árum saman. Nú loks hefir dregið til úrslita. Og hvað er það, sem hefir gerst? Það er búið að leysa nokkurn hluta þessa þrætu- og vandamáls, svo að allir mættu vel við una. Það er margreynt, að samkomulag milli sýslnanna var ómögulegt. Sjálf sýslunefnd Rangæinga feldi till. um að reisa skólann að Árbæ. En nú, þegar búið er að leysa nokkurn hluta málsins, rísa upp menn, sem aldrei áður hafa neitt viljað fyrir það gera, og leggja sig fram til að vekja úlfúð meðal hjeraðsbúa og óvild gegn skólastaðnum. Hv. 1. þm. Reykv. játaði það sjálfur, að hann hefði verið á móti því, að sr. Kjartan yrði skólastjóri. Vinsemdin í garð skólans var ekki meiri en svo, að hann tímdi ekki að sjá af einum presti til hans.

En jeg veit, hvað það er, sem hv. 1. þm. Reykv. og samherjum hans sviður sárast í þessu máli. Þeir vita og finna, að þeir hafa beðið ósigur. Allur sá stuðningur, sem skólinn nýtur nú frá mönnum á ýmsum stöðum og úr öllum flokkum, er vantraust gegn framkomu þeirra í garð skólamálsins. Skólanum berast nú gjafir hvaðanæfa að, jafnvel úr ólíklegustu áttum. Á meðal

þeirra manna, sem nú styðja Laugarvatnsskólann, eru jafnvel margir kjósendur hv. 1. þm. Reykv., sem að vísu greiða honum atkv., en vita, að hann er flón í þessu máli.

Gengi Laugarvatnsskólans er rjettlát hefnd á hv. 1. þm. Reykv. og hans líka fyrir þá ósæmilegu pólitík, sem þeir beittu í þessu máli 1926. Því hefir verið lýst, hvernig málinu var þá komið. Rangæingar vildu ekki vera með í samtökunum. Sýslunefnd Árnessýslu ákvað skólastaðinn. Jeg fjekk samþ. heiðurslaun handa sjera Kjartani. Þingmenn Árnesinga voru búnir að útvega lán til byggingarinnar. Framkvæmd var þegar hafin. Þá sendi Jón heitinn Magnússon brjef austur í Árnessýslu. Bannaði að byggja skólann. Bannaði sýslunni að taka lánið, og jeg held jafnvel, að uppdrátturinn af skólahúsinu hafi verið brendur í stjórnarráðinu. Að minsta kosti finst hann þar ekki nú.

Af öllu þessu hafa nú íhaldsmenn hlotið þá vansæmd, sem þeir áttu skilið. Árnesingar kunna þeim óþökk. Það hafa þeir sýnt við kosningar.

Jeg skal taka það fram, að ummæli mín eiga ekki við alla íhaldsmenn. Meðal þeirra eru ýmsar heiðarlegar undantekningar, sem hafa haft vilja á að greiða úr málinu á sæmilegan hátt. En hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. G.-K. og þeirra líkar hafa ávalt komið illa fram í þessu máli. Þeir hafa nú beðið fullan ósigur.

Æskan á Suðurlandi hefir fengið skóla sinn, þrátt fyrir andstöðu þeirra; ef til vill verða þeir að þola þá raun, að Laugarvatnsskólinn verði stærsti skóli á landinu. Hv. 1. þm. Reykv. má óhræddur segja svo margar staðleysur, sem honum þóknast um þetta mál. Hann getur eigi spilt sínum málstað meira en orðið er. Og jeg get ekki komið í veg fyrir þá óvirðingu, sem hann óhjákvæmilega hlýtur af þessu máli, hversu ant sem mjer kynni að vera um sæmd hans.

**Magnús Jónsson:** Jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. dómsmrh., hvernig skólamálið hafi eiginlega verið leyst. Jeg sje ekki, að hann hafi gert annað en að láta báða aðila hafa það, sem þeir báðu um. Það er lítill vandi að leysa mál með þeim hætti, og er í rauninni engin lausn. Jeg sje heldur ekki, að hæstv. ráðh. þurfi að vera eins uppbólginn og hann er út af fyrirspurn minni um sr. Kjartan. Hann hefir sýnt hinn mesta yfirdrepskap í því máli, en lætur fyrirspurn minni ósvarað.

**Magnús Torfason:** Jeg hefi setið hjá hingað til í þessum umr. En sem oddviti sýslunefndarinnar í Árnessýslu og út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. get jeg ekki látið það ógert að lýsa yfir því, að jeg tel, að við Árnesingar eigum engum manni fremur að þakka skóla þann, sem við höfum loks fengið, en hæstv. dómsmrh. Með dugnaði sínum og viljastyrk hefir hann átt þátt í því, öllum öðrum fremur, að hrinda þessu stórnauðsynlega máli í framkvæmd. Annað mál er það, að skólann styðja líka margir aðrir góðir menn, sjerstaklega í uppsveitum Árnessýslu. Og eiga þeir miklar þakkir skilið fyrir áhuga sinn og framtak. Þeir hafa með föstum samtökum ýtt málinu áfram og lagt á sig þyngri

byrðar í því skyni en dæmi munu vera til annarsstaðar á landinu.

**Magnús Jónsson:** Jeg vil aðeins benda á, hvers virði muni vera þetta þakklæti frá fulltrúa þeirrar sýslunnar, sem hafði sitt mál fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til mentmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 24, n. 177).

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Mentmn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt í öllum aðalatriðum. Enda er frv. bygt á eðlilegum þroskaferli þessara stofnana á undanförnum árum.

Frv. þetta er bygt á því höfuðatriði, að skólarnir skuli vera sjálfseign. Svo hefir það líka í rauninni verið um þessa skóla. Þeim hefir verið haldið uppi af einstökum mönnum og fjelögum, sem þó hafa lítið lagt til þeirra. Skólarnir hafa því mest lifað á skólagjöldum og ríkisstyrk, eftir að stofnfje hefir verið lagt fram í vissum hlutföllum af aðiljum og ríkissjóði. Þótt skólarnir sjeu nefndir hjeraðsskólar, þá er nú yfirleitt svo, að það er ekkert eitt hjerað, sem að þeim stendur, er sje fjárhagseining út af fyrir sig. Þetta hefir valdið töluverðum vanda um val skólastaða og tillög til þeirra, er orðið hafa af svo skornum skamti, að þegar skólagjöldin og tillag ríkissjóðs hafa ekki hrokkið til, hefir það gengið út yfir kennara, og þó einkum forstöðumenn skólanna. Að þessu leyti hefir verið öðru máli að gegna um skóla í sveitahjeruðum en í kaupstöðum. Þar er um fjárhagslega eining að ræða, sem fellur saman við skólahjeraðið. Þar er því um tvo sjálfsagða aðilja að ræða, sem að unglingaskólunum standa: bæjarfjelögin og ríkið.

Jeg hefi því komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegasta lausnin á skólamálum sveitahjeraðanna sje, að skólarnir verði sjálfseign og hljóti svo ríflegan stuðning úr ríkissjóði, að þeir með þeim stuðningi ásamt skólagjöldum geti staðið á eigin fótum. Til þeirra þarf því að leggja meira en til kaupstaðaskólanna, enda verður kenslukostnaður o. fl. dýrara, þar sem um heimavistarskóla er að ræða.

Nú vill svo vel til, að þegar setja skal lög um þetta efni, getur ekki leikið vafi á um það, hverja skóla beri að taka upp í frv. Um Laugaskólann og Hvítárbakkaskólann er enginn ágreiningur, enda þótt flutningur á síðarnefndum skóla standi fyrir dyrum. Um Núpsskólann vart heldur. Sá skóli er búinn að starfa svo lengi og hefir verið rekinn með svo mikilli prýði, að ekki gat komið til mála annað en taka hann með í frv., enda komin á hann sú festa, sem ekki er vert að hrófla við. Og þó sá skólastaður sje ekki búinn kostum hins heita vatns, þá er ekki á Vesturlandi um marga slíka heita staði að ræða, sem liggi vel við samgöngum og hafi auk hverahita aðra nauðsynlega kosti. — Um Laugarvatnsskólann getur ekki held-

ur verið ágreiningur. Hvað sem líður deilunni um val skólastaðarins, þá er skólinn þar kominn og staðarmálið þar með útkljáð. Enda er skólastaðurinn hinn glæsilegasti og hin byrjandi starfsemi hans lofar góðri framtíð. Um það getur því ekki verið ágreiningur, að hann á að verða skóli fyrir Suðurland, og eini Suðurlandsskólinn meðan hann fullnægir þörfinni. — Allir þessir skólar hafa notið styrks frá ríkinu. Þá er enn einn skóli, sem raunar ætti að njóta sömu kjara og þessir skólar. Það er Eiðaskólinn. En saga hans er orðin þannig, að ómögulegt er að fá því framgengt að svo stöddu. Sá skóli nýtur nú sjerstakra hlunninda, sem gera það að verkum, að ekki mun hægt að taka hann með í bráðina. Sýnir það best, hver vandræði geta hlotist af skipulagsleysi. En á því mun þetta frv. gera enda um allar framtíðarráðstafanir í hjeraðsskólamálum.

Það leiðir af sjálfu sjer, að þegar skólarnir skulu vera sjálfseign, verður stjórn þeirra að vera með sjerstöku sniði. Í frv. er gert svo ráð fyrir, að fyrst í stað skipi stofnendur 2 menn í stjórnina, en eftir 5 ár getur fjelag gamalla nemenda öðlast þann rjett. N. hefir viljað gefa stofnendum meiri rjett og auka þar með festu í stjórn skólanna umfram það, sem var í frv. — 4. og 5. brtt. tryggja stofnendum skólanna áframhaldandi rjett til að taka þátt í skipun skólanefndanna.

Tilgangur þessara skóla er sá, að búa unglingana undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnu og íþróttum. Þeir ættu að hafa öll skilyrði til að geta líkst meir enskum og grískum uppeldisstofnunum en flestar aðrar skólastofnanir okkar um það, að lögð sje meiri áhersla á siðferðislegan og líkamlegan manndóm, sem hollar venjur og heimilishættir skapa. Heimavistaruppeldi við góð kjör hefir marga kosti. Það eitt er að syrgja í þessu sambandi, að skólatíminn er nokkuð stuttur. En væntanlega verður hægt að bæta úr því áður en langt um líður, með því að bæta við 3. ársdeild.

En til þess að þessir skólar geti haft það gildi fyrir íslenska sveitamenningu, sem ástæða er til að gera sjer vonir um, þá má hinn fjárhagslegi skór ekki vera of þröngur. Fjárhagsörðugleikar hafa til þessa ráðið niðurlögum margra góðra tilrauna til skólastarfs í sveitum. N. hefir því orðið sammála um, að hækka þurfi styrkinn frá því, sem er í frv. Leggur hún því til, að ríkissjóður greiði 6000 kr. á fyrstu 15—20 nemendurna. Er það minst á mununum fyrir ríkissjóð. Aðeins 1000 kr. á skóla, eða 4000 kr. alls samkv. þessu frv. Einnig vill n. hafa tvö stig á greiðslu ríkisstyrks vegna nemendafjölda. Hækka á lægri tölunni, eða frá 20 upp í 40 nemendur, en lækka svo úr því. Er það bygt á því, að hlutfallslega er dýrara að reka skóla með fáum nemendum en mörgum. Óttast jeg mest, að hjer sje farið of skamt. Till. okkar eru miðaðar við lágmarksþörf undanfarinna ára. Má vera, að með þeim sje fullnægt brýnustu þörfum, en hvað lægra er farið, mun það valda örðugleikum. — Það eitt er því að afsaka, að ekki hafa verið gerðar svo háar kröfur, að skólarnir gætu haft rúmt um sig hvað fjárhag snertir.

Um brtt. n. er það frekar að segja,

að 1. brtt. er aðeins orðabreyt.; 2. brtt. er nánari skilgreining á, hvernig sjálfsnámi skuli hagað; 3. brtt. lýtur að hinu sama. Um 3 næstu brtt. hefi jeg áður rætt. Þá er 7. brtt., að styrkur skuli veittur til námsskeiða, eins þótt skemur standi en 6 vikur, eins og er í frv. Um sum námsskeið er svo, að þau geta verið nauðsynleg og gert fullt gagn, þótt þau standi eigi lengur en t. d. 2—3 vikur. — 8. brtt. er öryggisráðstöfun, ef skóli verður fyrir óhöppum. Verða þau vart bætt rjettlátlega öðruvísi en eftir mati fræðslumálastj. í hverju einstöku tilfelli.

Hefi jeg svo eigi meira að segja að sinni. Þetta er gott frv. og óska jeg, að því vegni vel í hv. deild og á þingi.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg stend ekki upp til þess að andmæla ræðu hv. frsm. Það er aðeins út af einu atriði í ræðu hv. frsm., sem jeg vil segja örfá orð. Hv. þm. sagði, að óvíða mundi hægt á Vesturlandi að sameina heitt vatn og önnur nauðsynleg skilyrði, sem skólasetur þurfa að hafa. En jeg tel þetta ekki rjett, því jeg veit af tveimur stöðum í N.-Ísafjarðarsýslu, sem hafa heitt vatn og að öðru leyti góð skilyrði sem skólasetur. T. d. betri samgöngur en Núpur. Jeg er ekki með þessu að segja, að flytja eigi skólann þangað strax. En ef einn skóli verður fyrir Vesturland og rjett þykir að hafa hann þar, sem aðstaða er til að ná í heitt vatn, þá álít jeg, að flytja beri hann til annarshvors þessara staða.

**ATKVGR.**

Brtt. 177,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 177,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 177,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 177,4 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 177,5 (ný 6. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 177,6 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 177,7 (ný 10. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 177,8 (ný 12. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

13.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 244, 275).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 275 samþ. með 13:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 39. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 288).

Á 41. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til mentmn. með öllum (14) atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 477).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Eins og nál. á þskj. 477 ber með sjer, hefir n. orðið sammála um, að frv. þetta næði fram að ganga með örlitlum breyt. Það má segja, að þessir hjeraðsskólar sjeu nýgróður, þar eð flestir hafa risið upp á síðustu 10 árum, nema skólinn á Núpi í Dýrafirði, sem er orðinn nokkuð gamall. Skólar þessir þykja góðir og svara vel til þeirra krafna, er menn gera til þeirra, og því þykir rjett að setja nokkrar reglur um starfssvið þeirra. N. leggur því til, að frv. þetta verði samþ. með nokkrum smábreyt. 1. brtt. er við 10. gr. Í Nd. hafði sú breyt. komist inn í frv., að námsskeið, sem haldin væru við þessa skóla, gætu notið styrks af opinberu fje, þótt þau stæðu ekki nema vikutíma. Í frv. voru þau skilyrði sett fyrir styrkveitingu, að námsskeiðin stæðu í 6 vikur, og n. lítur svo á, að svo skuli það vera, því að styttri námsskeið bera varla þann árangur, að þau sjeu verð styrks. Þá komust þau ákvæði inn í 12. gr. í Nd., að skólinn skyldi halda óskertum styrk, þótt nemendum fækkaði um 2 ára skeið, en eins og hv. þdm. mun kunnugt, skal styrkurinn miðast við nemendafjölda. Þetta áleit n. rjett að nokkru leyti, ef um smávægilega fækkun væri að ræða, og eins þótt stór fækkun sje um stundarsakir. Hún leggur því til, að ef fækkunin nemur ⅓ af meðaltali þriggja næstu ára á undan og skólanum sje ekki um að kenna, þá skuli heimilað að greiða fullan styrk úr ríkissjóði, en sá styrkur skuli gilda í 2 ár. — 3. brtt. er við 13. gr. og er hún viðvíkjandi kosningu endurskoðenda. Það hafði láðst í Nd. að samrýma það við skólanefndarkosningar, en að því miðar þessi brtt. n. Eins og menn sjá, eru þessar breyt. ekki stórvægilegar, en hinsvegar nauðsynlegar til þess, að frv. geti orðið að lögum. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 477,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 477,2 (ný 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 477,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

14.—16. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 7. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 517).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 517).

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 517, 589).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 589. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þegar frv. þetta var afgr. hjeðan úr Nd., var ekkert takmark sett um lengd þeirra námsskeiða, sem frv. gerir ráð fyrir, að haldin sjeu við alþýðuskólana og styrkhæf teljast. En hv. Ed. hefir nú breytt þessu og sett lágmarkið 6 vikur. Jeg get nú kannske fallist á það, að rjett sje að setja eitthvert lágmark, enda þótt mjer þyki hv. Ed. hafa sett það of hátt, og hefi því komið fram með brtt. um að færa þetta niður í 3 vikur. Þykist jeg vita, að hv. Ed. geti fallist á það og að málinu sje því ekki stefnt í neina hættu, þótt brtt. sje samþ.

Jeg tel, að námsskeið, sem standa í 3 vikur, og raunar skemur, geti í mörgum tilfellum komið að tilætluðu gagni. Svo er t. d. um ýms handavinnunámsskeið, húsmæðranámsskeið o. fl., sem geta gert fult gagn, enda geta nemendur ekki varið meiri tíma til þeirra oft og tíðum. Skólar þessir standa svo lengi, 6 mánuði, og námsskeiðin verða því að fara fram haust eða vor, og geta því naumast starfað í ngan tíma.

Jeg þykist vita, að málið sje í engri hættu og hefi því gert þessa litlu brtt., sem jeg vona, að verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 589 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og sendursent Ed.

---

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 595).

Á 67. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta frv. um hjeraðsskólana er nú hingað komið aftur frá hv. Nd., og hefir hún gert á því eina breyt., við 10. gr., að því er snertir námsskeið, sem haldin kunna að verða við þessa skóla. Eftir frv. eins og það var, er það fór frá þessari hv. deild, var það gert að skilyrði fyrir ríkisstyrk til námsskeiða, að þau stæðu minst 6 vikur. En nú hefir hv. Nd. breytt þessu og fært tímatakmarkið niður í 3 vikur.

Mentmn. Ed. áleit, að lítið gagn mundi verða að námsskeiðum þessum, ef þau stæðu skemur en 6 vikur, en vill þó ekki leggja út í stríð við hv. Nd. út af þessu, með því líka, að hún hefir fengið upplýsingar um, að nokkurt gagn geti orðið að stuttum námsskeiðum, t. d. í matreiðslu.

N. vill því leggja til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 626).

---

## 45. Menningarsjóður.

Á 40. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð** (þmfrv., A. 301).

Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jón Jónsson):** Frv. þetta er þannig vaxið, að ekki þarf að fara um það mörgum orðum. Það er flutt að beiðni form. Mentamálaráðsins, Sigurðar Nordals, og í samráði við hæstv. dómsmrh. Fer frv. fram á breyt. á 5. gr. laga þeirra um Menningarsjóð, er samþ. voru hjer á Alþingi í fyrra. Þar er ákveðið, að sjerstök útgáfunefnd stýri bókaútgáfu sjóðsins. Eiga sæti í þeirri nefnd prófessorar háskólans í sögu og íslenskum bókmentum og auk þeirra íslenskukennarinn við kennaraskólann. En í 5. gr. þessara laga hefir af vangá komist inn það ákvæði í fyrra, að sjálft ráði Mentamálaráðið vali bóka þeirra, er útgáfunefndin gefur úr. Meiri hl. Mentamálaráðsins telur tilhögun þessa óheppilega, og því er þetta frv. fram komið. Vona jeg, að hv. deild leyfi frv. að ganga til 2. umr. og mentmn., sem þá getur leitað fullnaðarumsagnar Mentamálaráðsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 394).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Mentmn. hefir athugað þetta frv. og látið uppi álit sitt um það á þskj. 394. Leitaði n. umsagnar Mentamálaráðsins um frv., og lagði það til, að frv. væri samþ. eins og það lá fyrir. En einn maður úr Mentamálaráðinu, hv. 2. landsk. þm., kom á fund n., og í samráði við hann varð niðurstaðan sú, að orða frvgr. örlítið öðruvísi en gert er í frv. Sama ákvæðinu er haldið, að stjórn útgáfudeildar sjóðsins ráði vali bókanna, en því bætt við, að hún skuli leita álits Mentamálaráðs, áður en fullnaðarákvörðun er tekin um útgáfu bókanna. N. fanst þetta sanngjarnt, og þess er að vænta, að hv. deild fallist á það.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Af því að jeg er fulltrúi í Mentamálaráði, get jeg ekki látið hjá líða að þakka hv. n. fyrir skilning sinn á þessu máli og afgreiðslu þess. Og jeg vænti þess, að þetta mæti sama velvilja hjá hv. deild og að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 394 (ný frvgr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 432).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 432).

Á 66. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til mentmn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 634 og 642).

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Nál. meiri hl. er það ítarlegt, að ítarlegrar framsögu er ekki þörf. Sannleikurinn er sá, að það hefir aldrei verið samþ. af Alþingi, að Mentamálaráðið ætti að hafa afskifti af bókavali stjórnardeildar Menningarsjóðs. Jeg minnist þess, að á milli 2. og 3. umr. um frv. um Menningarsjóð á síðasta þingi kom til mín maður af skrifstofunni og sagði, að það þyrfti að leiðrjetta orðið „nefnd" á einum stað í frv. og breyta því í Mentamálaráð. Jeg svaraði því, að ef þetta hefði gleymst, þá væri sjálfsagt að leiðrjetta það í skrifstofunni, en svo kemur það á daginn, að skrifstofumaðurinn hafði ekki rjett fyrir sjer um þetta. Með orðinu nefnd á þessum stað var ekki átt við Mentamálaráðið, heldur við stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs. Þetta sjest skýrt af skjalaparti þingtíðindanna, og það, sem aldrei hefir verið samþ. af þinginu, getur ekki verið lög og virðist því rjettast að afgreiða það frv., sem nú er til umr., með rökstuddri dagskrá, þar sem hjer er aðeins um vangá að ræða. Frv. er óþarft að því leyti sem ætlast er til að fá stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs meiri ráð í hendur yfir bókaútgáfunni heldur en virðist ætlast til í lögunum. Spurningin er aðeins það, hvort prentarar og skrifstofumenn eiga að hafa löggjafarvaldið, eða hvort Alþingi sjálft á að hafa það.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Jeg hefi ekki getað fallist á þá skoðun hv. meiri hl. mentmn., að það væri formlega rjett að breyta þessu lagaákvæði þannig, eða gefa aðeins nokkurskonar skýringu á þessu lagaákvæði, úr því að á annað borð hefir svo til tekist, að lögin eru staðfest og birt í

Stjórnartíðindum í öðru formi en því, sem menn vilja að þau sjeu. Ef hv. deild vill á annað borð fá breytingu, þá finst mjer alveg sjálfsagt að gera hana í lagaformi. Þetta frv. hefir gengið í gegnum hv. Ed. og á aðeins eftir síðustu umr. hjer, til þess að þetta verði samþ. í frumvarpsformi, löglega.

Jeg vil benda á það, að þótt stjórn Menningarsjóðs, landsstjórn og þingmönnum sje kunnugt um þetta, þá getur farið svo, að þeir, sem um það vita, falli frá, og hinir síðari menn kannist ekki við, að til sje rökstudd dagskrá í þingtíðindunum, sem segir, að lögin hafi verið prentuð öðruvísi en til var ætlast, og Mentamálaráðið komi til að hafa ráðin þrátt fyrir dagskrána í þingtíðindunum. Aftur á móti, ef þetta kemur í Stjórnartíðindunum, þá verður það til leiðbeiningar þeim, sem hafa með lögin frá í fyrra að gera.

En það er hjer annað atriði, sem kemur til greina og sem gerir það líka, að hv. meiri hl. hefir ekki viljað breyta þessu með lögum. Það er það, að hv. Ed. skaut hjer inn nýju smáatriði í þetta frv., sem er það, að láta ekki stjórn útgáfudeildarinnar vera alveg einráða um val bókanna, heldur bætti við ákvæði um það, að ekki skuli taka fullnaðarákvörðun um val bóka án þess að leita álits Mentamálaráðsins sjálfs. Það mun vera þetta, sem hefir valdið því, að hv. meiri hl. vildi ekki láta samþ. þetta frv., en að breyta því hefði kostað það, að þá hefði frv. orðið að fara til Ed. aftur, og málinu með því verið stofnað í hættu. Jeg fyrir mitt leyti álít alveg hiklaust, að þessi breyt. sje til bóta, og það er vegna þess, að í stjórn þessarar útgáfudeildar eru, eftir lögunum um Menningarsjóð, sjálfkjörnir menn: Prófessorarnir í íslenskum bókmentum og sögu við háskólann í Reykjavík og kennarinn í íslensku við kennaraskóla landsins. Og þó að svo hittist á nú, að ágætir menn sjeu í þessum stöðum, þá skilst mjer, að það geti verið menn í þessari stjórn, sem hafi ekkert sjerlegt vit á því að velja bækur við alþýðuhæfi; t. d. er ekki víst, að það sje altaf skáld og rithöfundur, sem kennir íslensku við kennaraskólann; það getur alveg eins verið maður, sem er duglegur við að stagla málfræði inn í nemendur sína. Það getur líka verið í alla staði merkur sagnfræðingur, sem er kennari í sögu við háskólann, þótt hann sje ekki sjerstaklega fær um að velja bækur við alþýðuhæfi. Aftur á móti er Mentamálaráðið kosið af Alþingi með það fyrir augum að stjórna sjóðnum, og það er ekki hugsanlegt, að Alþingi láti hjá líða að velja menn með smekk og þekkingu.

Jeg vil þess vegna, af þessum framkomnu ástæðum, breyta lögunum með lögum, og þrátt fyrir þessa litlu breyt., sem gerð hefir verið, hefi jeg lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, og ef svo verður gert, þá er það mjög fyrirhafnarlítið; frv. þarf ekki nema að ganga í gegnum 3. umr. hjer, en ekki að fara aftur til hv. Ed.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það er rjett hjá hv. þm. (MJ), að það á að breyta lögum með lögum. En vegna þess að hv. þm. vill breyta núgildandi lögum og fá Mentamálaráðinu yfirráð yfir bókaútgáfunni.

vegna þess vill hann nú lagabreytingu. En hinum, sem það eitt vakir fyrir, að vilja láta lögin standa eins og þau hafa verið samþ. af Alþingis hálfu, en aðeins leiðrjetta villu, sem hefir skotist inn hjá skrifstofunni, þeim má vera alveg sama, hvort frv. er afgr. með rökstuddri dagskrá eða breytt í það horf, sem það upphaflega var í, þegar það var borið fram í hv. Ed. En ef á að breyta frv. í það horf, þá þarf til þess enn þrjár umr. í þinginu, og er þá sýnt, að málið muni ekki ganga fram. Þess vegna var sjálfsagt fyrir okkur að taka þann kostinn, sem var jafngóður og einfaldur, að leggja til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá. Það er engin hætta á því, að það gleymist, að þessi dagskrá hafi verið samþykt; „traditionin" í Mentamálaráðinu mun varðveita kunnugleikann um það. — Mentamálaráðið ræður ekki eins og nú er, og jeg tel heldur ekki heppilegt, að Mentamálaráðið hafi neina yfirsjón um þetta, því að jeg er viss um, að það, sem hefir heldur lítil laun, en ýmisleg störf, leggur ekki á sig það aukna erfiði að kynna sjer bækurnar rækilega, eins og útgáfustjórnin mun gera. Það stoðar ekki að setja úrslitavaldið til þeirra manna, sem ekki eru óskiftir við starfið, og geta því ekkert bætt um það, sem útgáfustjórnin hefir ákveðið.

Jeg hygg, að hv. frsm. minni hl. hafi því aðeins lagt áherslu á, að frv. sje samþ., að hann vilji breyta núgildandi lögum. Ef hv. frsm. væri þeirrar skoðunar, að það væru gildandi lög, að Mentamálaráðið ætti að hafa þessi yfirráð, þá hefði hv. þm. ekki lagt til, að þetta frv. yrði samþ., heldur felt. Í þessu liggur viðurkenning hv. þm. um þörf á frv., en það er viðurkenning um það, að eftir núgildandi lögum eigi Mentamálaráðið engin yfirráð að hafa yfir útgáfunni.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skal ekki ræða um það, hvort heppilegt sje að gera þessa breyt., sem þeir eru að ræða, hv. frsm. meiri og minni hl. mentmn., en vil benda á það, að mjer finst það vera talsvert varhugaverð skoðun hjá hv. meiri hl. mentmn., að það þurfi ekki að breyta þessum lögum, sem hjer hafa verið nefnd, til þess að útiloka Mentamálaráðið. Við verðum að athuga það, að forseti þingsins hefir sent þessi lög til stj. ásamt sínum vottorðum um það, að svona hafi þau verið samþ. á Alþingi, og hæstv. dómsmrh. hefir skýrt konungi frá, að þetta hafi verið samþ., og konungur hefir þannig undirskrifað það sem lög. Og þó svo kunni að vera, að þetta vottorð frá forseta og dómsmrh. til konungs væri nú eitthvað rangt, þá er mikil spurning um það, hvort það sjeu ekki lög fyrir því. Og svo er annað. Eftir þeim upplýsingum, sem komið hafa fram í dag, hefir þetta verið gert á milli 2. og 3. umr. hjer í deildinni; þar af leiðir, að þetta hefir verið samþ. við 3. umr. málsins, svo að jeg er ekki viss um, að þetta vottorð verði talið skakt, sem forsetinn hefir gefið ráðherranum og ráðherrann konungi.

Jeg verð fyrir mitt leyti að álíta, að í svona tilfelli sem þessu væri rjettara að breyta lögunum. Svo er ekki nóg með það, að lögin hafa verið afgr. svona, eftir vottorðum forseta og ráðherra, heldur er líka búið að birta

þetta í Stjórnartíðindunum sem lög; en hitt skal jeg ekkert blanda mjer í, hvort rjettara sje hjá meiri eða minni hl. það, sem haldið er fram um bókaútgáfuna, en ef ekki á að fara eftir lögunum, þá verður að breyta þeim.

Jeg man eftir, að svipað kom fyrir í Danmörku einu sinni. Það kom fyrir þegar siglingalögin dönsku voru samþ. Þá hafði komist inn villa hjá ríkisdeginum, og þótti þá nauðsynlegt að fá sjerstök lög. Hitt er auðvitað, að það skiftir ekki máli, þó það dragist til næsta árs, en jeg vildi aðeins gefa þessa skýringu.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Þó að jeg færi út í það í minni fyrri ræðu að mæla með þeirri breyt., sem hv. Ed. hefir gert á efni þessara laga, þá er það alls ekki rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að það sje aðeins vegna þeirrar breyt., sem jeg vil leggja til að frv. sje samþ. Mín ástæða er vitaskuld sú, að jeg tel þetta algerlega óformlega aðferð, að fara svona að. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ef jeg væri þeirrar skoðunar, þá væri sú rjetta afleiðing af því, að jeg ætti að leggja til, að frv. væri felt. Jeg skil ekki þetta. Einmitt af því að jeg tel rjett, að sá sanni vilji Alþingis komi fram, og það má búast við, að hann sje í þá átt, sem hann var í fyrra, þá sje nauðsynlegt að samþ. breytinguna. Eins og nú er, þá er það ljóst, að það er Mentamálaráðið, sem ræður. Þessi texti laganna segir það, og þess vegna, ef Alþingi vill ekki láta það ráða því, þá verður að samþ. breytinguna.

Jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að jeg vildi óska þess, að hið háa Alþingi henti ekki það formleysi, að ætla að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Það er alveg óvanaleg braut að leggja út á, því að það er ómögulegt að segja um, hvað mönnum kynni þá að detta í hug að afgreiða með rökstuddri dagskrá.

Um breyt. þá, sem okkur greinir á um, hv. frsm. meiri hl. og mig, vil jeg aðeins benda á það, að það er sá stóri munur á stj. útgáfudeildar og Mentamálaráðinu, að Mentamálaráðið ber ábyrgð fyrir Alþingi, en hitt ekki. Við skulum segja, að Alþingi, sem hefir sett svo mikið fje í þetta, sje mjög óánægt með bókaútgáfu sjóðsins, þá getur það engu tauti við komið, ef það er stj. útgáfudeildar, sem ræður þessu ein. Það eru fastskipaðir menn, sem ráða, af því að þeir eru í þessum embættum, og Alþingi getur við ekkert ráðið, nema þá með því að gera hreina byltingu. Aftur á móti getur það dregið Mentamálaráðið til ábyrgðar, þar sem það er kosið af þinginu.

Hina ástæðuna, að meðlimir Mentamálaráðsins muni ekki kynna sjer eins vel bækurnar, skal jeg undirskrifa og veit, að það verður jafnan stj. útgáfudeildar, sem hefir allar till. og ræður mestu um þetta, og að Mentamálaráðið fer ekki að skifta sjer af því, nema ef það telur, að þessi stj. breyti sjerstaklega óhyggilega.

Hjer er því sama til að dreifa eins og svo víða. Alþingismenn hafa sína ráðunauta, sem þeir leita ráða til, svo sem vegamálastjóra, vitamálastjóra, landssímastjóra o. fl. En hvers vegna dettur engum í hug að segja: Þessir menn hafa víst miklu betur vit á þessu en við alþm.; það er best að láta þá al-

veg ráða. Nei, alþm., sem ekki eru sjerfræðingar, taka till. þeirra til yfirvegunar, og ráða svo málunum til lykta. En þeir, sem hafa sjerþekkinguna, hafa sinn sterka tillögurjett. Og Mentamálaráðið, sem Alþingi hefir tökin á, getur tekið þarna í taumana.

En aðalatriðið er langsamlega það, hvort hjer á að fremja þetta formleysi, sem hv. meiri hl. fer fram á, eða ekki.

**Halldór Stefánsson:** Fyrir utan það, sem það verður að telja mjög athugaverða leið að ætla sjer að breyta lögum með þingsályktun, þá skilst mjer, að einnig sje erfitt að samþ. þessa rökstuddu dagskrá, vegna þess, að sumt, sem í henni segir, er alls ekki rjett. Það er sagt þar, að þetta orðalag hafi komist inn í frv. af vangá. Má vera, að það sje rjett, en svo er sagt, að þetta hafi aldrei verið samþ. af þinginu. Var frv. þá ekki borið undir atkv. og samþ. við síðustu umr.? Jú, þingið hefir samþ. þetta engu síður, þótt það sje fyrir vangá.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Jeg vil fyrst svara því, sem hv. síðasti ræðumaður nefndi og tók upp eftir hv. 1. þm. Skagf., að ákvæðið um íhlutun Mentamálaráðs hefði verið samþ. við 3. umr. í Nd. á síðasta þingi. En þar er því til að svara, að skrifstofa Alþingis hefir engan tillögurjett á deildarfundum, og breyt., sem þar eru gerðar, verða ekki taldar löglega samþ., þar sem þær eru ólöglega bornar fram. En skilyrði fyrir því, að tillaga sje lögleg, er það, að hún sje borin fram af þingmanni, en ekki af manni úti í bæ, hvort sem það er skrifstofumaður eða prentari. Það ákvæði, sem hjer um ræðir, hefir ekki verið samþ. af Alþingi; vangáin er hjer greinileg, og þótt dómsmrh. hafi lagt þetta fyrir konunginn, þá hafa þeir þó ekki löggjafarvald tveir einir. Samþ. Alþingis er skilyrði fyrir, að nokkuð geti orðið að lögum, og nægir hvorki samþ. dómsmrh. nje konungsins, ef Alþingi hefir hvergi nálægt komið. Forseti Sþ. hefir stungið því að mjer, að slíkar leiðrjettingar sem þessi hafi átt sjer stað í Danmörku, og jafnvel hjer á okkar landi. Jeg innti hann ekki eftir dæmi, en hann kvaðst þekkja dæmi til þeirra í báðum löndum, enda virðist það bersýnilegur hlutur, að það, sem er prentvilla eða vangá, sje ekki sama sem samþ. lög. Það leiðir af sjálfu sjer. Hæstv. forseti þessarar deildar (BSv) þekkir til svipaðs dæmis, þar sem hann ljet gera leiðrjettingu á frv. um búnaðarbankann, þar sem um enga efnisbreyt. var að ræða, heldur aðeins vangá hv. Ed. Mjer finst að þeir, sem eru hræddir við þessa aðferð, ættu að óttast hitt miklu fremur, að lögin um búnaðarbankann verði ekki talin gildandi lög. Og þegar breyt. hefir verið gerð á skrifstofu Alþingis og gengið gegnum deildina fyrir athugaleysi, þá ætti því frekar að mega gera leiðrjetting með dagskrá án nýrrar löggjafar.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það yrðu engin takmörk fyrir því, hvað menn kynnu að aðhafast hjer á þingi, ef svona rökstudd dagskrá væri samþ. En takmörkin verða nákvæmlega þau sömu og þau hafa altaf verið, þ. e. vilji þingm. Þingviljinn er takmörkunin fyrir því, hvort þessi dagskrá verður samþ. eða ekki, og er líka takmörkunin fyrir allri okkar löggjafarstarfsemi. Önnur tak-

mörk verða ekki sett, og þeim takmörkunum er engin hætta búin af dagskránni.

**Magnús Guðmundsson:** Það er fjarri mjer að ætla að hefja kappræður um þetta mál, enda er jeg ekki í efa um það, ef rannsaka á, hvað eru lög, þá er það ekki annað en það, sem birt er í Stjórnartíðindunum. Því er ekki að neita, að komið hefir fyrir, að atriði hefir verið samþ. við eina umr. og farið með það síðan sem lög. En hitt er rjett, að það var ekki tilætlun þingsins að gera þetta. En lögin eru ekki það, sem þingið ætlar að segja, heldur það, sem það í raun og veru segir.

Það er rjett út af fyrir sig hjá hv. frsm. meiri hl., að löggjafarvaldið er ekki hjá dómsmrh. og konungi eingöngu, heldur er það hjá Alþingi og konungi í sameiningu. Af því leiðir aftur það, að lögum er ekki hægt að breyta nema á þann sama hátt og þau verða til. Um búnaðarbankann er alt öðru máli að gegna. Sú villa, sem þar var um að ræða, var leiðrjett í heyranda hljóði frá forsetastóli strax. En eigi að breyta lögunum, verður það að gerast á Alþingi og ganga síðan gegnum ráðherra, konung og Stjórnartíðindi.

Jeg hefði gaman af, að hv. 2. þm. Árn. gæti bent á hliðstætt dæmi frá Danmörku, þar sem leiðrjett hefði verið samskonar efni á þann hátt og hjer er lagt til. Jeg þekki a. m. k. ekkert dæmi þess. En hitt veit jeg, að í danska ríkisdeginum kom það fyrir, að villa var í eintaki því, er forseti undirritaði og konungur staðfesti, en þó álitið lög, þar sem það var undirritað af rjettum aðilum.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):*** Mjer finst það satt að segja hótfyndni að heimta lagabreyt. til þess að leiðrjetta það, sem er hrein og bein prentvilla í lögum. Enda mundi það æra óstöðugan að tína upp allar prentvillur, sem fyrir kunna að koma í lögum.

Þegar búnaðarbankinn var hjer til umr., þá lýsti jeg því yfir frá sæti mínu, að jeg teldi mjög vafasamt, hvort það væri löglegt að leiðrjetta þá villu, sem þar var um að ræða, í próförk. Í upphafi 25. gr. þingsk. stendur, að ef deildin breyti frv. í smáu eða stóru, þá sendi forseti það aftur til hinnar deildarinnar. Virðist mjer þetta svo augljóst, að um það þurfi ekki að deila.

Aftur á móti er í þessu máli, sem fyrir liggur, beinlínis um efnisbreyt.-atriði að ræða, og um það eitt deilt. Það er öllum vitanlegt, að það gekk atkvgr. um þetta sama atriði á þinginu í fyrra og var samþ., en svo koma lögin, og þá eru það önnur stjórnarvöld, sem ráða, en þingið hafði ætlast til. Nú er ákaflega vont að sjá, hvað efnisbreyt. þarf að vera mikil til þess að breyta þurfi með lögum. Það hefir komið fyrir áður, að villa slæddist inn í lög af vangá, og varð að leiðrjetta hana með lögum.

Hv. frsm. meiri hl. sagðist vilja, að þm. rjeðu, hvernig lögin væru úr garði gerð. En vilji þm. ræður engu nema hann komi fram á ákveðinn og formlegan hátt. Þm. ráða engu nema þegar þeir eru á fundi og undir þingsköpum. Með afgr. þeirri, sem hv. meiri hl. vill hafa á málinu, er um formgalla að

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ræða, sem ekki kemur hjer að neinu gagni.

**Sigurður Eggerz:** Jeg vil aðeins taka í sama streng og aðrir, að jeg álít, að ekki sje hægt að samþ. þessa dagskrártill. Með því að samþ. hana yrði skapað slæmt og óheppilegt fordæmi.

Að því er snertir lögskýringar, þá byggjast þær fyrst og fremst á orðunum, en ef orðin eru tvíræð eða margræð, þá koma II. flokks skýringar til greina, eins og þingvilji o. fl.

Annars ætla jeg ekki að halda lengri ræðu, vildi aðeins vekja eftirtekt á því, að jeg tel, að ekki sje hægt að samþ. dagskrártill. þá, sem hv. meiri hl. hefir borið fram á þskj. 634.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það er vitanlega rjett hjá hv. þm. Dal., að aðalskýringin liggur í sjálfum orðum laganna, en svo eru líka aðrar skýringar, sem sjást í sögu málsins, og þær geta orðið þungar á metunum.

Nú er það rjett skýring á því atriði, sem hjer um ræðir, að það er inn í lögin komið fyrir vangá. Það hefir ekki verið formlega borið upp og aldrei formlega samþ., heldur hefir það komist inn í lögin þvert á móti vilja þingsins og á síðustu stundu.

Það er rangt hjá hv. frsm. minni hl., er hann segir, að það atriði, sem hjer um ræðir, hafi verið samþ. við atkvgr. og talsvert um það deilt. Það hefir aldrei nein sjerstök atkvgr. farið fram um það, en frv. sanh í einni heild. Jeg get ekki á neinn hátt litið á þetta öðruvísi en prentvillu, og enginn þarf að óttast, að hæstv. dómsmrh. hafi hvíslað í eyru konungs neinum upplýsingum um þetta atriði sjerstaklega.

Hæstv. dómsmrh. var það meira að segja ekki ljóst fyr en í vetur, hvaða slys hafði orðið. Milli hans og konungs hefir ekkert borist í tal um þetta, svo að konungi er ekki heldur ljóst, hvaða breyt. hefir á orðið. Enginn þarf því að gera sjer samviskubit eða óþægindi út af því, að konungur hafi með sinni staðfestingu ætlast til annars en dagskráin felur í sjer.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 634, frá meiri hl. mentmn., feld með 14:6 atkv.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 432, 668).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 668. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Brtt. sú, er jeg hefi leyft mjer að bera fram á þskj. 668, er í samræmi við afstöðu meiri hl. mentmn. við 2. umr. þessa máls og samkvæmt eindreginni ósk Mentamálaráðs Íslands í brjefi til mentmn. hv. Ed., dags. 18. apríl síðastl. Þar segir svo:

„Vill Mentamálaráðið lýsa yfir því, að það telur auðsætt af lögunum um Menningarsjóð í heild sinni, og athugasemdum þeim, sem frv. fylgdu í upphafi, að ákvæði þetta sje komið inn í lögin af vangá og samrýmist ekki 3. gr. laganna, og vill því eindregið mæla með því, að þessu sje kipt í lag".

Þegar Mentamálaráðið óskar eftir þessari breyt., þá er mjer óskiljanlegt, að hv. deild sjái ástæðu til að hindra, að hún nái fram að ganga.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):*** Jeg skal ekki gefa tilefni til langra umr. um þetta mál, en vil aðeins lýsa yfir því, að mjer virðast þær breyt., sem gerðar hafa verið í Ed., til bóta. Hv. frsm. og flm. hefir gert grein fyrir í hverju þessi munur liggur, sem lagt hefir verið til í Ed. og hjer er farið fram á, og sje jeg ekki ástæðu til að víkja að því fleirum orðum. Það, hvort Mentamálaráðið geti haft áhrif á val þeirra bóka, sem út eru gefnar, er ekki skýrt til tekið, en nú er ákveðið, að ekki skuli tekin fullnaðarákvörðun um val bókanna, nema leitað sje álits Mentamálaráðsins, og það ætti að verða trygging gagnvart Alþingi gegn því, að valdar sjeu laklegar bækur. Hv. Alþingi mun ekki láta blekkjast af því, að þótt nú sjeu færir menn, sem skipa þau embætti, sem til eru tekin, þá getur þó svo farið, að á því verði breyt., þannig að þessir menn hafi ekki næga dómgreind til að finna út það, sem best er. Jeg vil að endingu leiðrjetta það hjá hv. flm., að enginn ágreiningur hafi orðið um þetta mál á síðasta þingi, því að þá kom fram brtt., er gekk í þá átt að fela Mentamálaráði umráðin til fulls. Þetta er miðlunartill. milli þeirra stefna, er komu fram í þinginu í fyrra, og sje jeg ekki ástæðu til að ræða málið frekar.

**Jón Auðunn Jónsson:*** Mjer finst sjálfsagt, þar sem um sjálfkjörna nefnd er að ræða, sem þingið getur ekki haft áhrif á, þá sje Alþingi heimilt að hafa hönd í bagga með, hvaða bækur sjeu gefnar út. Það virðist undarlegt, ef Alþingi vill ekki láta þá menn, sem það kýs, skifta sjer neitt af bókaútgáfunni, sem þó er mikill þáttur í menningu landsins. Þótt Mentamálaráðið bæðist undan þessu, sje jeg ekki ástæðu til fyrir þingið að ganga að slíku. Jafnvel þótt gengið verði til hv. þdm. og þeir beðnir um fylgi við brtt., virðist mjer sjálfsagt, að nefnd sú, sem Alþingi kýs, eigi að hafa íhlutunarrjett um þessi mál, enda virðist það einkennilegt, ef taka á aðalatriðin undan afskiftum Mentamálaráðs, eins og t. d. bókaútgáfuna.

ATKVGR.

Brtt. 668 samþ. með 13:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv. og endursent Ed.

---

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 678).

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta frv. um Menningarsjóð er komið til okkar aftur frá hv. Nd., og hefir nú verið fært aftur í það form, sem það var fyrst í hjer í deildinni. — Jeg fyrir mitt leyti tel það ekki neitt til bóta, þótt það sje nú komið í sama horf og jeg flutti það í upphaflega. Jeg teldi það ekki nema sanngjarnt og að það gæti ekki verið málinu til spjalla að bera val bóka undir Mentamálaráðið, en þar sem það nú er komið aftur í sama horf, og auk þess eins og hugsað var með frv. í fyrra, þá vildi jeg mæla með, að það yrði samþ., því að jeg teldi það eðlilegra fyrirkomulag, úr því að stj. útgáfudeildar á að sjá um útgáfuna, að hún ráði líka vali bóka, eins og þessi hv. deild var búin að fallast á. Og jeg vil líka benda á það, að þessi breyt., sem komst inn í frv. í fyrra, að Mentamálaráðið skuli ráða vali bóka, komst inn í ógáti. Það er alveg skýrt tekið fram, eins og frv. lá fyrir þinginu í fyrra, — þar segir svo í athugasemdunum við frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Hjer er gert ráð fyrir, að stjórn útgáfudeildarinnar hafi óbundnar hendur um bókavalið, geti gefið út gamlar og nýjar íslenskar bækur og þýddar bækur, fræðirit og skáldskap. Stjórn útgáfufjelagsins má ekki setja önnur takmörk en að hún velji verulega góðar bækur og gefi þær út vel og smekklega".

Hjer er gert ráð fyrir, að stj. útgáfudeildar hafi óbundnar hendur um bókavalið. Þar er alveg skýrt tekið fram, að hún eigi að ráða valinu, og eftir þeirri gr., sem hjer er um að tala, er þetta auðsjeð líka. Reyndar er frágangurinn á 5. gr. í fyrra ekki eins góður og skyldi, en aths. taka af allan vafa um þetta, og orðalagið í 5. gr. stríðir ekki á móti. Ef svo eru athugaðar þær brtt., sem fluttar voru við frv., bæði í Ed. á þskj. 256 og eins þær, sem fluttar voru í Nd. á þskj. 620, þá sjest, að engin brtt. hefir verið flutt í þá átt að gera breyt. á þessu. Það hefir aðeins komist á sú breyt., sem getur verið nokkuð í sambandi við það, að upphaflega var lagt til, að stjórnarnefndin hjeti mentamálanefnd, en eftir till. hv. Nd. var hún kölluð mentamálaráð. Þetta virðist þess vegna alveg hafa verið ljóst, og þessi breyt. hafa slæðst inn í ógáti við prentun á frv., að Mentamálaráðið skuli ráða vali bóka.

Jeg vil þess vegna eindregið mælast til þess, að hv. deild leyfi frv. að ganga fram, og það því fremur, sem Mentamálaráðið hefir mælt með þessu og sömuleiðis stjórn útgáfudeildar. Auk þess er þegar farið að vinna á þessum grundvelli, — enda þótt jeg hefði ekkert haft á móti því, að þetta frv. kæmist í gegn eins og þessi hv. deild afgreiddi málið.

**Jón Þorláksson:** Ágreiningurinn, sem er um þetta mál, hann er um það atriði, hvort Mentamálaráðið eigi að

hafa nokkurn íhlutunarrjett um það, hvaða bækur sjeu gefnar út fyrir þann hluta Menningarsjóðs, sem á að verja til bókaútgáfu. Lögin fela forstöðu þeirrar bókaútgáfu þremur embættismönnum, og eins og lögin eru nú, þá hafa þeir alla forstöðu bókaútgáfunnar, en Mentamálaráðið ræður vali bókanna.

Því er nú haldið fram, að þetta hafi komist inn í lögin fyrir vangá, en jeg fyrir mitt leyti hefi alls ekki getað sannfærst um, að svo væri. Það stóð í frv. eins og það var borið fram í fyrra, að „nefndin" eigi að ráða bókaútgáfunni, en það þýðir annars í frv. Mentamálaráðið, sem þá hjet í frv. mentamálanefnd, en er nú skýrt svo, að það eigi að þýða stjórn útgáfudeildar. En þegar skilur á lagagrein og lögskýringu, þá er það forn venja, að lagagrein skuli ráða. Til samkomulags gekk jeg inn á það í mentmn. þessarar hv. deildar, að ganga þannig frá málinu, að stj. útgáfudeildar, þessir þrír embættismenn, hefðu að vísu úrskurðarvald um val bókanna, en að þeir ættu að bera sínar till. undir Mentamálaráðið, og mjer finst, satt að segja, úr því að þingið skipar þessa stj., þá megi ekki minna vera en að hún fái að vita, hvað embættismennirnir eru að gera. Þetta nefir ekki fundið náð fyrir augum hv. Nd., sem hefir fært frv. í það horf, að þessi bókaútgáfa skuli alveg vera í höndum þessara embættismanna og sú þingkosna yfirstjórn, Mentamálaráðið, ekki einu sinni að fá að vita um það, fyr en bækurnar eru komnar á markaðinn, til hvers peningunum er varið. Mjer finst ekki rjett að gera þessa breyt. Það er vísað í það, að Mentamálaráðið mæli með henni, en það er fullkomlega upplýst, að það stendur ekki óskift; það eru til þeir fulltrúar, sem óska að fá vitneskju um það fyrirfram, hvaða bækur er í ráði að gefa út, og það er ekki nema eðlilegt.

Eins og frv. nú liggur fyrir finst mjer ekki vera rjett að láta það ganga fram, og verð því fyrir mitt leyti að greiða atkv. á móti því.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Það er vegna þess að jeg á sæti í Mentamálaráðinu, að jeg ætla að segja örfá orð um þetta ágreiningsatriði, sem hefir verið á milli deildanna. Hjer er að ræða um lítilfjörlega íhlutun af hálfu Mentamálaráðsins um það, hverjar bækur skuli á hverjum tíma vera gefnar út fyrir það fje, sem stjórn útgáfudeildar er ætlað að ráðstafa til bókaútgáfu. En hinsvegar veit jeg, að þeir fulltrúar Mentamálaráðsins, sem óska að hafa íhlutun um bókavalið, ætla sjer ekki að grípa fram fyrir hendur þeirra manna, sem eru sjerstaklega skipaðir til að annast bókaútgáfuna. En hinu mælir öll sanngirni með, ef það er eitthvað annað en óhugsaður lagabókstafur, að Mentamálaráðið hafi nokkur áhrif í þessu falli, að það fái að vita um það á hverjum tíma, hvaða bækur stjórn útgáfudeildar ætlar sjer að taka til útgáfu. Það má líka benda á, að það hefir komið fyrir í öðru sambandi með bókaútgáfu hjer í Reykjavík — á jeg þar við þjóðvinafjelagið —, að þar hafa verið valdar bækur handa alþýðu, sem jeg býst við, að margir muni segja um með mjer, að betur hefði mátt velja bækur en taka þýðingar, sem e. t. v. hafa legið í hand-

riti tugi ára án þess að nokkur forleggjari hafi fengist til þess að gefa þær út.

Nú er það ekki mín meining að segja, að þeir menn, sem hjer eiga í hlut, sjeu líklegir til að velja slíkar bækur. En þar sem þessar bækur eru einmitt ætlaðar alþýðu manna, því þá ekki að leyfa meðlimum Mentamálaráðsins að vita, hverjar bækur skuli gefnar út á hverjum tíma? Það hefir hingað til verið svo góð samvinna innan Mentamálaráðs, að það myndi ekki skapa neina úlfúð eða skaða starf þess, þótt þessi íhlutun Mentamálaráðsins hefði verið látin standa, og Mentamálaráðið hefði sætt sig við það, jafnvel þótt ekki hefði því verið ætlaður annar eða meiri rjettur en sá, sem mentmn. þessarar hv. d. tók upp, sjá brtt. á þskj. 394. Þess vegna finst mjer, að það muni vera af einhverjum hvötum, sem mjer eru ekki kunnar, að verið er að má út öll afskifti Mentamálaráðs um þetta þó ekki svo þýðingarlitla atriði. En svo best verður þessi sjóður að notum fyrir þjóðarheildina, að það sje einhver trygging fyrir því, að það sje litið á þetta mál frá fleiri sjónarmiðum en aðeins þeirra manna, sem eiga að annast bókaútgáfuna og velja bækurnar. — Jeg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkv. með frv. eins og það liggur nú fyrir.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg þarf ekki að bæta nema litlu við það, sem hv. 6. landsk. sagði um þetta mál. Jeg er á engan hátt að hrekja það, að sumir muni hugsa svipað eins og virðist vaka fyrir hv. 2. landsk. og að það geti verið alveg eins rjett.

Það má segja, að það væri ein leið til að byggja þetta fyrirtæki þannig, að þótt stjórn náttúrufræðisjóðsins og stjórn útgáfudeildar ynnu sjálfstætt, þá væru þær aðeins undirstjórnir, en aðalstjórn sjóðsins hefði eftirlit með þeirra verkum. En eins og hv. 2. landsk. tók fram, var frv. ekki bygt þannig, heldur svo, að það væru þrír aðalvegir til að nota þessa peninga. Ein leiðin væri að nota þá til kaupa á listaverkum; hana hefði aðalstjórn sjóðsins með höndum, auk allmargra annara erinda, sem stjórn Menningarsjóðs hefir með höndum, og sem verða sennilega aukin áður en lýkur. T. d. hefir Alþingi ákveðið í vetur að veita nokkra fjárupphæð til ýmsra námsmanna, sem Mentamálaráðið á að úthluta, til þess að Alþingi þurfi ekki að gera það með meiri eða minni handahófs-atkvgr., eða að landsstj. þurfi að skifta sjer nokkuð af því. Það er þess vegna víst, ef ekkert óheppilegt kemur fyrir með Mentamálaráðið, að það verður föst og sterk stofnun, með miklum og sennilega vaxandi viðfangsefnum, þótt það skipulag haldist, sem hugsað var upphaflega, að þær tvær deildir, sem hvor hafa til umráða þriðjung þess fjár, sem inn kemur, starfi óháðar, hvor í sínu verkefni.

Til þess að gera það ljósara, að þessi breyt., sem varð á frv. í fyrra, komst inn af mistökum, vil jeg benda á það, að ef átt hefði að leggja stjórn útgáfustarfsins, sem er í höndum þriggja sjálfkjörinna embættismanna, undir yfirráð Mentamálaráðsins, þá hefði líka átt að leggja stjórn náttúrufræðisjóðsins undir það. En það var ekki gert, og það er af því, að þar er haldið frumhugsun frv. En aft-

ur á móti mun þessi stefna eitthvað hafa komist inn við nafnbreytinguna.

Jeg geri enga tilraun til að afsanna það, sem þeir hv. 2. og 3. landsk. hafa sagt, að það mætti alveg eins vel hugsa sjer þetta á annan veg. Jeg segi aðeins það, að þetta frv. var bygt svona upp í fyrra, og þegar svo bæði stjórn útgáfudeildar, eða a. m. k. meiri hl. hennar, er frv. fylgjandi, og það hefir talsverðan styrk, líklega meiri hl., í Mentamálaráðinu, sem álítur, að þetta sje betra, þá finst mjer rjett að samþykkja það. En aftur á móti getur það vel komið fyrir, að seinni þingvilji breyti þessu skipulagi aftur.

**Ingibjörg H. Bjarnason:** Mjer er ekki kunnugt um, að það hafi verið nokkur meiri hl. fyrir því, að Mentamálaráðið sem slíkt afsalaði sjer allri íhlutun um bókaútgáfuna. Hinsvegar hefir formaður Mentamálaráðsins getið þess, að í 5. gr. laga um Menningarsjóð sjeu ákvæði um afskifti Mentamálaráðs af bókaútgáfu Menningarsjóðs komin inn af vangá.

Það er enganveginn sambærilegt, að tala um náttúrufræðirit og alþýðubækur í senn. Það er beinlínis skoplegt að tala um vísindaleg náttúrufræðirit og almenna bókaútgáfu sem skylda hluti. Nei, þetta er tvent ólíkt. Til annars þarf vísindalega sjermentun í náttúrufræði, en til þess að velja bækur fyrir alþýðu þarf einungis greinda og gáfaða menn, án þess að nokkra sjerstaka sjerþekking þurfi. Hjer er verið að ákveða, hversu megi auka bókakost þjóðarinnar. Get jeg ekki sjeð, að afskifti Mentamálaráðs rýri að nokkru leyti rjett bókaútgáfunefndar Menningarsjóðs. Jeg get heldur ekki skilið, að íhlutun Mentamálaráðs hefði orðið misbeitt. Jeg geri ráð fyrir, að um bókavalið hefðu einungis orðið vinsamlegar umr. milli Mentamálaráðs og bókaútgáfunefndar, og ætíð náðst samkomulag um það, hvaða bækur væru heppilega valdar. Og enginn hefði verið líklegri til samkomulags um þá hluti en einmitt formaður ráðsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 706).

## 46. Ráðstafanir vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930** (þmfrv., A. 313).

Á 43. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhannes Jóhannesson):** Eins og frv. þetta ber með sjer, er það flutt af allshn. eftir beiðni undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar 1930, en í þeirri nefnd eiga sæti tveir

af ráðherrunum, svo óhætt er að ganga út frá því, að það sje í fullu samræmi við vilja stj.

Í I. lið 1. gr. frv. eru ákvæði um að láta slá sjerstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis, en til þess að minnispeningar þessir verði gjaldgeng mynt þarf lagaheimild.

Annar og þriðji liður 1. gr. eru um heimild fyrir stj. að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ennfremur um heimild til þess að taka í sínar hendur umráð yfir herbergjum í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um 3 vikna tíma meðan á hátíðahöldunum stendur. Ákvæði þessi telur n. nauðsynleg, en gerir jafnframt ráð fyrir, að ekki þurfi til þeirra að taka, því að hún væntir, að samningar náist við hlutaðeigandi aðilja um þessa hluti án þess að til valdboða komi. Vænti jeg svo, að málið fái að ganga áfram nefndarlaust.

**Jón Þorláksson:** Jeg leyfi mjer að leggja það til, að frv. þessu verði vísað til nefndar, enda þótt það sje flutt af nefnd, og þá helst til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 7:6 atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 331).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Við 1. umr. þessa máls var frv. vísað til fjhn. Fór það svo, að n. gat ekki orðið sammála, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ., eins og sjá má á þskj. 331, en minni hl. hefir ekki skilað neinu áliti, en mun eflaust gera sínar aths. hjer við þessa umr.

Um frv. sjálft er eiginlega ekki neitt að segja annað en það, sem tekið er fram í grg. Virðist ekki ástæða til þess að setja sig á móti því, að hátíðarnefndin fái heimild til þess að hafa hönd í bagga með samgöngum til Þingvalla yfir þann tíma, sem hátíðahöldin standa, og á ekki að nota þá heimild, sem gefin er í II. og III. lið frv., nema nauðsyn krefji að dómi hátíðarnefndarinnar.

Um I. liðinn er það að segja, að hann er alveg sjálfstæður og getur engin hætta af honum stafað. Má telja það víst, að þessir minnispeningar seljist allir, og væri eflaust óhætt að hafa þá fleiri, sjerstaklega þá smærri, því að margir hátíðargestir munu sækjast eftir þeim, t. d. Vestur-Íslendingar. N. hefir að vísu ekki komið með neina brtt., en ef fram kæmi brtt. um það, að auka tölu minnispeninganna af minstu tegund, þá mundi meiri hl. verða henni meðmæltur. Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala frekar um þetta nema sjerstakt tilefni sje gefið.

**Jón Þorláksson:** Við höfum ekki fundið ástæðu til að koma með sjerstakt nál., jeg og hv. 1. þm. G.-K., en erum ekki mótfallnir heimildinni í I. lið frv., um að gefa þessum minnispeningum peningagildi.

Að því er snertir II. og III. lið frv., þá sjáum við ekki annað en að alþingishátíðarnefndin geti trygt það með

samningum, að hún fái nægileg farartæki og húsnæði fyrir sína gesti, og í öðru lagi álítum við það best, að ekki sjeu lagðar neinar kvaðir á þá menn, sem hafa hús og flutningatæki til umráða. Jeg fyrir mitt leyti álít það blett á hátíðinni, ef forstöðumennirnir fara að beita kúgun og þvingunarráðstöfunum, sem ekki er beitt í siðaðra manna ríkjum nú orðið nema þegar ófriður er.

**Jóhannes Jóhannesson:** Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að alþingishátíðarnefndin gerir alls ekki ráð fyrir að þurfa að nota heimildina, sem gefin er í II. og III. lið þessa frv. Hinsvegar lítur hún svo á, að það geti komið fyrir, að einstaka menn sýni óbilgirni og okri á húsum og flutningatækjum, og er þá nauðsynlegt, að hægt sje að sporna við því, því að það verður að teljast blettur á þjóðinni, ef farið verður að okra á þeim, sem hátíðina sækja.

Jeg skal geta þess út af ummælum hv. frsm., að það er ekki endanlega búið að ákveða upphæð minnispeninganna, en ef heimildin verður samþ., þá nær hún til allra þeirra minnispeninga, sem slegnir verða.

Það geta altaf verið til þeir menn, sem gætu orðið þjóð sinni til ósóma við svona tækifæri, ef þessi lög væru ekki til, en jeg lít svo á, að ef þau eru til, þá muni ekki þurfa að grípa til þeirra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 50. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 313, 360).

**Jóhannes Jóhannesson:** Minni hl. fjhn. hefir flutt brtt. á þskj. 360, sem ganga í þá átt að nema burt úr frv. heimild ríkisstj. til þess að taka í sínar hendur umráð yfir gistiherbergjum og leigubifreiðum í Reykjavík meðan á hátíðahöldunum stendur, um alt að þriggja vikna tíma. Jeg verð nú að líta svo á, og held fast við það, að stj. er nauðsynlegt að hafa þessa heimild. Ef hinsvegar er settur hámarkstaxti, getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar, auk þess sem eigendur herbergjanna og bifreiðanna myndu tæplega telja sjer skylt að hafa leiguna undir hinum setta taxta. Raunverulega gæti slíkt því orðið til þess að hækka leiguna. Auk þess er ekki óhugsandi, að eigendur tækju þetta óstint upp, og ef um samtök væri að ræða af þeirra hálfu, gæti slík ráðstöfun teflt málinu í hið mesta öngþveiti. Ennfremur er hugsanlegt, að eigendur gistihúsanna væru búnir að leigja út áður, og svo væri alt upptekið, þegar þörfin væri mest, en fyrir þetta er bygt samkv. frv.

Af þessum ástæðum og fleirum get jeg með engu móti felt mig við brtt. á þskj. 360. Jeg verð eindregið að leggja til, að þær sjeu feldar. Annars hefi jeg ekki getað borið þær undir hátíðarnefndina, vegna þess hve n. er fjölmenn og nm. störfum hlaðnir. En jeg tel brtt. þessar miða til hins verra, og legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Jón Þorláksson:** Jeg var svo sokkinn niður í lestur þingskjala, að jeg gáði þessi ekki að kveðja mjer hljóðs

til þess að mæla með brtt. okkar á þskj. 360. Okkur finst alt of langt gengið með því ákvæði að heimila ríkisstj. að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum og gistiherbergjum meðan á hátíðahöldunum stendur. Þvílíkar ráðstafanir munu hvergi þekkjast, nema þegar ófrið ber að höndum. Og enda þótt jeg viðurkenni, að hátíðarnefndin hafi mikið starf að inna af hendi, þá get jeg á engan hátt líkt því við það, að um hernaðarástand sje að ræða. Mjer finst því óhætt að lofa landsmönnum að hafa óskert umráð eigna sinna, þrátt fyrir hátíðahöldin. Hv. þm. Seyðf. sagði, að ef hámarksverð væri sett á bifreiða- og herbergjaleigu, gæti farið svo, að eigendur þessara gæða yrðu saupsáttir við hátíðarnefndina eða ríkisstj. En jeg vil benda hv. þm. á, að þetta mega aðrir sætta sig við. Þegar menn selja hlut, eiga þeir það undir kaupanda, hve mikið hann vill gefa fyrir hann. Annars álít jeg, að hátíðarnefndin hafi góða aðstöðu til þess að fá nægilegar bifreiðar og herbergi, þar sem hún hefir í fyrsta lagi ríkissjóðinn að baki, og í öðru lagi er hún hjer á staðnum og þarf því eigi úr fjarlægð að sækja um gæði þessi. Í þriðja lagi hefir nefndin ráðið fastan framkvæmdastjóra, og á jeg bágt með að trúa, að hann geti ekki, að landslögum óbreyttum, samið svo við eigendur þessara gæða, að engin vandræði eða truflanir þurfi af að hljótast.

Um brtt. okkar er það að segja, að við berum þær ekki fram af því, að við teljum hámarkstaxta æskilegan; síður en svo. En brtt. okkar eru einskonar málamiðlun til þess að ekki þurfi að ganga óhæfilega langt í því að svifta menn umráðum eigna sinna.

**Jóhannes Jóhannesson:** Hv. 3. landsk. talaði um alþingishátíðina sem hversdagslegan atburð, sem skeði næstum daglega. Jeg held, að rjett sje að líta öðrum augum á það mál. Það er búist við, að um 10—20 þús. manns verði á Þingvöllum meðan á hátíðahöldunum stendur, og allir eða flestir þeirra koma fyrst til Reykjavíkur, eða eiga þar heima og fara svo til Þingvalla. Þess vegna hlýtur það að vera miklum örðugleikum bundið að flytja alt þetta fólk á skömmum tíma á milli Reykjavíkur og Þingvalla, jafnvel þótt vegurinn verði bættur. Þess vegna álít jeg, að brýn nauðsyn sje á því að fyrirbyggja, að einstakir menn taki bifreiðar á leigu handa sjálfum sjer, sitji einir í þeim til Þingvalla og hafi þær hjá sjer, meðan hátíðahöldin standa yfir, og aki svo einir til baka, án þess að nokkur fái að vera með. Á þennan hátt getur fjöldi bifreiða orðið notalaus öllum þeim sæg, sem þarf að komast fram og til baka. Þótt hámarksverð væri sett, þá fyrirbygði það ekki slíkt. Af þessum tveim leiðum, umráðarjetti eða hámarkstaxta, verð jeg að leggja meiri áherslu á umráðarjettinn.

Jeg býst ekki við, að annað og þriðja ákvæði 1. gr. verði nokkurntíma notuð. Jeg býst við, að það muni nægja að setja slíkt í lög, án þess að til þess þurfi að grípa. En þótt Alþingi gangi í þetta skifti svo langt, að taka um stundarstakir af mönnum umráð eigna þeirra, þá get jeg varla

skilið, að það ylli nokkurri verulegri óánægju, enda kemur slíkt ekki fyrir nema einu sinni á þúsund árum, nema aðrar nauðsynjar krefji.

**Jón Þorláksson:** Jeg talaði ekkert um það, að slík hátíðahöld væru hversdagslegir atburðir, heldur hitt, að enda þótt Alþingi hjeldi þúsund ára afmæli sitt hátíðlegt, væri engin ástæða til að líta svo á, sem útlendur her hefði ráðist inn í landið. En þetta frv. virðist bygt á því, að við ættum í vændum að berjast við óvinaher á þúsund ára afmæli Alþingis. Það er að vísu rjett, að mikil umferð verður um veginn til Þingvalla meðan á hátíðahöldunum stendur, en þá og því aðeins ganga flutningarnir vel og greiðlega, að minni hyggju, ef þeir, sem vanir eru að fást við slíkt og hafa atvinnu af, fá óhindraðir að ráða framkvæmdum sínum. Jeg tel öll afskifti hátíðarnefndarinnar af þessum málum til ills eins. Hitt þarf ekki að óttast, að bifreiðastöðvarnar leigi bifreiðar út með þeim hætti, sem hv. þm. Seyðf. drap á, því að þær gera að sjálfsögðu alt til þess að fullnægja þörfum sem flestra eða allra viðskiftavina þeirra, svo að enginn þurfi að verða útundan. Það er lögmál hinnar frjálsu samkepni, sem þvingar þá til þess.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að slíkar ráðstafanir myndu engri röskun valda, því slíkt kæmi einungis fyrir á þúsund ára fresti. En jeg tel það í mesta máta óviðeigandi, að Alþingi minnist þúsund ára afmælis síns á þennan hátt.

ATKVGR.
Brtt. 360,1 feld með 8:5 atkv.

Brtt. 360,2 þar með fallin.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 313).

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 401).

**Frsm. (Ólafur Thors):** Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Fjhn. þessarar d. hefir haft það til athugunar og leggur óskift til, að frv. verði samþ. N. álítur eftir atvikum rjett að veita stj. þá heimild, sem frv. fer fram á. Heimild þessi er í þrennu lagi: Í fyrsta lagi er stj. gefin heimild til þess að láta slá minnispeninga í tilefni af hátíðahöldunum. Um það atriði hefir enginn ágreiningur orðið, enda er hjer um tekjugrein að ræða fyrir ríkissjóð. Í öðru lagi veitist ríkisstj. heimild til að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis og ákveða hámark bifreiðataxta. Þessi liður var samþ. ágreiningslaust í Ed. og ágreiningslítið í fjhn. Í þriðja lagi veitist ríkisstj. heimild til þess að taka í sínar hendur umráð

herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum meðan á hátíðahöldunum stendur. Enda þótt slíkar nauðungarráðstafanir sjeu flestum hvumleiðar og enda þótt óneitanlega væri best, að eigi þyrfti til þeirra að grípa, þá er nú málum svo háttað, að í þessu tilfelli verður ekki hjá þeim komist. Það er öllum hv. þm. ljóst, að hjer í Reykjavík er þröngur kostur húsnæðis, enda mun það mála sannast, að engin gistihús sjeu hjer boðleg hinum tignu gestum, sem hjer verða á vegum þings og ríkisstj., nema hið nýja gistihús „Borg", sem nú er verið að reisa. Alþingi hefir boðið talsvert mörgum gestum til hátíðahaldanna. Mun svo vera til ætlast, að þessir gestir beri sjálfir allan kostnað af för sinni og dvöl hjer. En hinsvegar ber skylda til að tryggja þessum mönnum vísan verustað á gistihúsum og greiða fyrir þeim að því og öðru leyti. Það er þessi hugsun, sem liggur til grundvallar þessum ráðstöfunum, sem felast í 3. lið 1. gr. En fjhn. hefir litið svo á, að það væri ekki nægjanlegt að útvega þessum gestum verustað, heldur yrði og að gera ráðstafanir til þess, að þessir gestir yrðu ekki krafðir um nema hæfilegt og eðlilegt endurgjald fyrir dvöl sína þar. Það væri tæplega vansalaust fyrir okkur, ef þessir tignu gestir yrðu að greiða okurleigu af þeim vistarverum, sem ríkisstj. vísar þeim á. En ef ekki eru gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess að afstýra því, þá er ofureðlilegt, að svo verði í reyndinni, enda er slíkt altítt með öðrum þjóðum. Sem dæmi má taka, að meðan á brúðkaupi norska ríkiserfingjans stóð, komst leiga fyrir hergiskytrur í Oslo upp í 500 kr. á viku, sem svarar 90 íslenskum kr. á dag. Slíkt okur verður að fyrirbyggja að því er snertir gesti ríkisins. Með það fyrir augum hefir nefndin lagt til, að bætt væri við III. lið 1. gr. ákvæði um, að ríkisstj. væri einnig heimilt að ákveða hámarksverð á herbergjaleigu meðan á hátíðahöldunum stendur. N. lítur svo á, að ef þetta er ekki ákveðið með lagafyrirmæli, þá geti af því leitt hin mestu vandræði, ef ekki næðist samkomulag milli stj. og eigenda þeirra herbergja, sem hún tæki undir sín yfirráð. En þótt n. álíti þetta nauðsynlegt, þá er það alls ekki meining hennar, að ákvæði þessu yrði beitt á þann veg, að eigendur gistiherbergja mættu ekki taka háa leigu. Okkur skiftir minstu um aðra en gesti ríkisins, og n. gerir ráð fyrir, að eigendur gistihúsa hafi óbundnar hendur um herbergjaleigu alment til annara en gesta Alþingis eða ríkisins.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari snertir III. lið tillögunnar. Jeg tel óþarft að gefa stj. heimild til að setja hámarksverð á húsaleigu gistihúsanna og jeg skal geta þess, að t. d. gistihúsið „Borg", sem nú er verið að byggja, mun sjálfsagt hafa gert ráð fyrir einhverjum gróða einmitt meðan á hátíðahöldunum stæði, enda væri slíkt ekki ómaklegt, því ella getur liðið á löngu áður en eigandinn fær greiddan þann geipikostnað, sem hann nú leggur í, auk þess sem húsið er bygt meðfram vegna hátíðahaldanna 1930. Jeg hygg, að slíkar ráðstafanir muni vera einsdæmi, nema ef

ófrið ber að höndum. A. m. k. veit jeg, að meðan Wembly sýningin stóð, var ekkert hámarksverð sett á herbergjaleigu í London. Það er álitið, að þótt slíkar sýningar og hátíðahöld sjeu kostnaðarsöm, þá fáist nokkur endurgreiðsla óbeinlínis með þeim gróða, sem íbúarnir hafi af greiða- og gistisölu í sambandi við hátíðahöldin. Jeg tel þennan lið till. allsendis óþarfan, því að jeg tel víst, að stj. geti komist að samkomulagi við gistihúseigendur um verustaði handa hinum tignu gestum, sem koma að ráðstöfun Alþingis. Jeg kysi því helst, að þessi liður till. væri feldur niður. En með því fororði, sem hv. frsm. hafði um það, að þetta yrði ekki notað til þess að þröngva kosti gistihúseigenda, læt jeg ógert að mæla frekar gegn þessum lið. Get jeg því látið hjer staðar numið að sinni.

**Magnús Jónsson:** Út af niðurlagi ræðu hv. frsm., og sjerstaklega í tilefni af ræðu hv. þm. N.-Ísf. um að ósanngjarnt væri að setja hámarksleigu á gistingu hjer meðan á hátíðahöldunum stæði, þá vil jeg benda hv. þdm. á, að í frv. felst ekkert ákvæði um slíkt. Það er einungis nefndin, sem stingur upp á að bæta þessu ákvæði við. Ástæðan til þess er, eins og hv. frsm. tók fram, sú, að rjett sje að tryggja gestum ríkisins 1930 hið besta hótelpláss, sem völ er á hjer, og við ekki óhæfilegu verði. Það er ekki af því, að samkomulag geti ekki náðst, heldur af því, að í slíku tilfelli sje betra að hafa lagaheimild að baki. Það er þetta, sem vakað hefir fyrir n. fyrst og fremst. Hinu dettur engum í hug að amast við, að gistihúsaeigendur græði fje á gistihúsum sínum.

Í II. lið 1. gr. frv. er þess óskað, að stj. fái heimild til þess að ákveða hámark á bifreiðataxta. Er það gert sökum þess, að búast má við, að mikið reyni á bílpláss þegar fólk verður flutt að og frá Þingvöllum meðan á hátíðahöldunum stendur, og þá sjerstaklega frá Þingvöllum til Reykjavíkur. En það virðist engin ástæða til þess, að bifreiðastöðvarnar og bílaeigendur geti okrað á þeim fólksflutningum. En að sjálfsögðu má búast við, að fargjöldin verði eitthvað dýrari en á venjulegum tímum, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem svo mikið er lagt á bifreiðarnar. Þetta vildi jeg taka fram, af því að mjer skildist helst á hv. þm. N.-Ísf., að n. myndi misbeita þessum heimildum. Jeg get því fullyrt, að tilgangur undirbúningsnefndarinnar er alls ekki sá, að misbeita þessu, heldur miklu frekar sá, að nota heimildina alls ekki. Að það er stj., sem fær heimildina, er vitanlega formsins vegna, því að Alþingi getur ekki gefið einni n. slíka heimild sem þessa.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Jeg vil leyfa mjer að benda á, að heimildina í II. og III. lið 1. gr. frv. má stj. ekki nota nema nauðsyn krefji, að dómi undirbúningsnefndar hátíðahaldanna. Valdið er því alt hjá nefndinni.

Hv. þm. N.-Ísf. þarf jeg ekki að svara miklu. Það mun vera rjett hjá honum, að erlendis sje ekki gripið til slíkra ráðstafana sem þessara, enda er slíks ekki þörf þar. En hjer er alt öðru máli að gegna, þar sem ekki er um að ræða nema eitt gott gistihús og

ríkið nokkuð í áhættu, þar sem það hefir gefið ábyrgð fyrir 800 þús. kr. Í öðru lagi lýtur þetta ekki aðeins að því að tryggja hagsmuni Brunabótafjelagsins, heldur miðar eftirlitið að því að tryggja eignir, líf og limi borgaranna; því að ef stórbruni verður í kaupstöðunum, getur margt slíkt hent. Virðist því eðlilegt, að ríkið taki þátt í kostnaðinum.

Í þriðja lagi er þess að geta, að það er eðlilegt og hagkvæmt, að ríkið og Brunabótafjelagið geti haft íhlutun og samstarf um þetta eftirlit, og þá er rjettlátast, að báðir aðiljar beri kostnaðinn. Það hefir verið um þetta rætt við stj., og hefir hún fallist á þessa tilhögun. En þótt jeg hafi sagt þetta, tel jeg það ekki mikið atriði, hvort Brunabótafjelagið greiðir eitt kostnaðinn eða ekki, en jeg hefi stungið upp á því, að kostnaðurinn skiftist þannig, af því að mjer fanst það eðlilegt og rjett.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg vil þakka hv. frsm. þær skýringar, er hann hefir í tje látið, sem jeg tel fullnægjandi; en jeg get ekki horfið frá því, að mjer finst eðlilegast, að Brunabótafjelagið greiði kostnaðinn að öllu leyti. Jeg skildi síðustu orð hv. frsm. þannig, að hann myndi ekki telja frágangssök, þótt þessu yrði breytt, enda er hjer um að ræða öflugt og vel stætt fjelag og engin þörf á að losa það við þær greiðslur, er það á að bera.

Mjer finst óeðlilegt, að ríkissjóður taki þátt í þessum kostnaði, því að þetta munar fjelagið tiltölulega lítið, en hinsvegar hefir ríkissjóður nóg á sinni könnu og fær margan skellinn. — Jeg vænti þess, að hv. frsm. bregðist ekki illa við því, þótt jeg beri fram brtt. um þetta við 3. umr.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara að ræða þetta nánar á milli okkar, og mun jeg ekki endurtaka þær ástæður, er jeg hefi fram fært skoðun minni til stuðnings. Hinsvegar mun jeg alls ekki taka það illa upp, þótt hv. þm. kunni að finnast ástæða til þess að bera fram brtt. um þetta atriði, og getum við á milli umr. rætt þetta nánar.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 49. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 234).
Á 51. í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 234, n. 419).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. er komið frá Nd. og var flutt þar af hv. 1. þm. N.-M., sem líka er forstjóri fyrir tryggingarstofnun ríkisins og því vel kunnugur þessum málum. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er fram komið, er sú, að ákvæðum laga nr. 85 frá 1907 um brunamál hefir þótt slælega fylgt hingað til, sjerstaklega þeim ákvæðum, er lúta að tryggingum og vörnum gegn brunahættu. Eftir þeim lögum eiga sveitar- og bæjarstjórnir að hafa eftirlit með því, að þessum ákvæðum væri fylgt, en á því hefir þótt verða eigi alllítill misbrestur. Þetta frv. fer aðeins fram á, að gerðar verði ráðstafanir til þess að bæta úr þessu og sjá um, að þessum ákvæðum um tryggingar og varnir gegn brunahættu verði fylgt betur en hingað til. Fjhn. hefir viljað fallast á þetta og mælir því með frv. í öllum meginatriðum.

Eftir frv. er gert ráð fyrir, að kostnaður, sem leiðir af þessu eftirliti skuli greiðast að hálfu leyti úr ríkissjóði og að hálfu af Brunabótafjel. Íslands. N. leit svo á, að í byrjun væri þetta ákvæði rjettlátt. Meðan verið er að kippa þessu í lag og bæta úr því, sem hingað til hefir verið áfátt í þessum efnum, þá virðist mjög sanngjarnt, að ríkið leggi til þess nokkurt fje. En eftir að brunavarnir eru komnar í sæmilegt horf og samkv. ákvæðum laganna, þá virðist rjettlátt, að Brunabótafjelagið sjálft taki eftirlitið að fullu í sínar hendur og greiði allan af því leiðandi kostnað. Með hliðsjón af þessum skilningi hefir nefndin leyft sjer að bera fram brtt. á þskj. 419, þar sem ákveðið er, að ríkið greiði kostnaðinn að helmingi á móti Brunabótafjelaginu fram til ársloka 1931. N. var á þeirri skoðun, að ef sá tími væri notaður vel, þá myndi hann nægja til þess að hægt væri að koma skipulagi á tilhögun og framkvæmd þessara mála í heild, og lægi þá beinast við, að Brunabótafjelagið annaðist eftirlitið upp frá því.

N. lítur einnig svo á, að æskilegast væri, að framkvæmdir væru hafnar þegar í stað og að láta ekki dragast að koma ákvæðunum um brunavarnir í gott horf. Með hliðsjón af þessari skoðun hefir n. flutt brtt. þess efnis, að lögin öðlist gildi þegar í stað, svo að framkvæmdir geti þegar byrjað.

Jeg minnist svo ekki að þurfa að segja fleira fyrir n. hönd, nema það, að n. leggur það til, að frv. nái fram að ganga með þeim breyt., sem n. hefir borið fram.

ATKVGR.
Brtt. 419,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 419,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

við eigum von á mörgum tignum gestum, sem beinlínis verða gestir ríkisins. Er því ekki um annað að ræða fyrir okkur en snúa okkur til eiganda þess, þar sem okkur ber skylda til að sjá um, að gestir okkar standi ekki á götunni. Og ef ekki semst um leiguna, er nauðsynlegt að geta ákveðið hana. Hitt er vitanlega alveg sjálfsagt, að hóteleigendur hafi óbundnar hendur með leigu á herbergjum sínum til annara en gesta landsins. Þar hafa þeir því óskertan rjett til þess að græða fje eftir því sem verða má, því að það er alls ekki til þess að hlífa buddu erlendra auðmanna, sem hingað kunna að leggja leið sína, sem frv. þetta er borið fram. Þvert á móti lítur n. svo á, að stuðla beri að því, að sem mestir peningar verði eftir í landinu frá hinum útlendu ferðamönnum.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg vil ekki leggja á móti því, að stj. fái þessa heimild. En jeg vil taka það fram út af III. lið 1. gr. frv., að jeg samþykki hann með því skilyrði, að heimild þeirri, sem í honum felst, verði ekki beitt þannig, að útlendingar þeir, sem hingað koma til þess að skemta sjer 1930, verði látnir komast sem ódýrast út af því, því að það er hvergi siður í neinu landi að hlífa útlendum ferðamönnum við gjöldum. Til slíkra hátíðahalda sem þessara verða ríkin venjulega að leggja fram mikið fje, og er ekki ótítt, að þau búist við að fá mikið af því endurgreitt aftur, og það einmitt frá útlendingum. Jeg vil því alls ekki, að þetta ákvæði verði notað til þess að hlífa erlendum ferðalöngum, sem hingað koma til þess að skemta sjer. Hitt er aftur rjett, að okkur ber skylda til að hugsa um, að þeir, sem hingað koma sem gestir okkar, verði ekki óhæfilega hart úti.

**Pjetur Ottesen:** Það má segja um frv. þetta, að „ekki sje ráð nema í tíma sje tekið", þar sem með því á að girða fyrir hættu, sem stafað geti af því, að eigendur gistihúsa og bifreiða misnoti aðstöðu sína við hátíðahöldin 1930 þannig, að þeir okri á erlendum ferðamönnum, sem hingað koma til þess að vera viðstaddir hátíðahöldin. En það sýnir best, hversu ástæðulaust er að vera að gera slíkar opinberar ráðstafanir, að þeir menn, sem að þessu máli standa, rísa upp hver á fætur öðrum og lýsa því yfir, að enda þótt farið sje fram á heimild þessa, þá geri þeir ekki ráð fyrir, að til hennar þurfi að taka. Mjer virðist, að frv. þetta sje alveg að ófyrirsynju fram komið, enda veit jeg ekki til, að framkoma Íslendinga — þessarar gestrisnu þjóðar — gagnvart erlendum ferðamönnum hafi verið þannig, að gera þurfi ráð fyrir, að til slíkra ráðstafana sem þessara þurfi að taka. Jeg held því, að þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, sjeu með öllu óþörf.

Hvað snertir brtt. hv. fjhn. á þskj. 401, þá er hún aðeins til þess að bæta gráu ofan á svart, þar sem stj. er heimilað að setja hámarksverð á herbergjaleigu gistihúsa. Auk þess sem jeg geri fullkomlega ráð fyrir, að þetta sje óþarft, af því að ekki komi til þess, að beitt verði þar neinu okri, þá er með öllu óþarft að vera að samþykkja lög um þetta, þegar þess er gætt, að hinum tignu gestum landsins, sem hingað koma 1930, mun eflaust

ætlað að búa á hinu nýja gistihúsi, sem nú er í smíðum, og ef nauðsynlegt hefði þótt að gera ráðstafanir til þess að tryggja það, að á þeim væri ekki okrað þar, þá held jeg, að stj. hafi í hendi sinni nóg vopn til þess að girða fyrir slíkt án þess að til lagaboða hefði þurft að koma, því eins og kunnugt er, hefir maður sá, sem byggir gistihús þetta, orðið að leita atbeina ríkisins með ábyrgð á lánum. En setjum nú svo, að hann sje búinn að fá þessa ábyrgð án þess að honum hafi verið nokkur skilyrði sett um þetta; þá hefir stj. í hendi sjer þau tök á þessum manni, að henni á að vera í lófa lagið að girða fyrir þetta ímyndaða okur. Því eins og kunnugt er, hefir stj. í fjárlagafrv. heimild til þess að veita þessum hóteleiganda nokkurra ára gjaldfrest á tolli af þeim dýru innanhúsmunum og borðbúnaði, sem kaupa á handa gistihúsinu. Jeg held því, að brtt. hv. fjhn. sje með öllu óþörf, eins og þau önnur ákvæði í frv., sem jeg hefi gert að umtalsefni.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Hv. þm. Borgf. taldi frv. þetta óþarft, en ræddi þó ekki um það í heild, heldur aðeins III. lið 1. gr. þess. Jeg býst því við, að hann hafi aðeins átt við það ákvæði þess. Hv. þm. virtist byggja skoðun sína á því, að okkur Íslendinga ræki ekki nauður til að gera ráðstafanir, sem aðrar þjóðir gerðu ekki. En eins og jeg benti á í svari mínu við ræðu hv. þm. N.-Ísf., þá stendur alt öðruvísi á hjá okkur en annarsstaðar. Hjer verður aðeins um eitt sæmilegt gistihús að ræða, en erlendis er venjulegast um fjölda gistihúsa að ræða, sem taka við fólksstraumnum, og er því ekki ástæða til slíkra ráðstafana þar eins og hjer. Annars geri jeg ekki ráð fyrir, að hinir ágætu þm., hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Ísf., viti nokkuð um það með fullri vissu, hver sje venja erlendra þjóða í þessum efnum. Jeg fyrir mitt leyti get ekkert um það sagt, hvort nokkurntíma sje gripið til slíks eða ekki. En jeg lít svo á, að sje nokkurntíma ástæða til þess að tryggja sig hjer á landi í þessum efnum, þá sje það á þjóðhátíð þeirri, sem fram á að fara að sumri.

Önnur rök hv. þm. Borgf. fyrir því, að frv. þetta væri óþarft, voru þau, að stj. hefði í hendi sinni að kúga eiganda nýja gistihússins, ef henni sýndist svo. En sje svo, fæ jeg ekki sjeð, að neinn skaði sje skeður, þó að frv. þetta nái fram að ganga. Það er þá í hæsta lagi meinlaust og gagnslaust. Annars skil jeg ekki, að mál þetta þurfi að valda neinum sjerstökum ágreiningi í þessari hv. deild, og þá síst hjá manni eins og hv. þm. Borgf., sem telur stjórnina geta beitt valdi og kúgað gistihúseigandann.

**Magnús Jónsson:** Jeg vil aðeins segja hv. 1. þm. Skagf. það, að það er fjarri því, að alþingishátíðarnefndin vilji draga úr því á nokkurn hátt, að erlendir túristar, sem hingað koma að ári, fái að borga fult fyrir sig. Annars gerir n. yfirleitt ekki mikið að því að draga þess háttar fólk hingað, því að hún telur, að hátíðin eigi fyrst og fremst að vera fyrir okkur sjálfa, og í öðru lagi fyrir þá góðu gesti, sem við bjóðum hingað. Um venjulega erlenda túrista kærum við okkur því ekkert, og þá því síður um það, að þeim sje nokkuð sjerstaklega

hlíft. Og jeg verð að segja, að jeg skil vel þá menn, sem eru á móti því, að verið sje að hlaupa til og setja hámarksverð, því að jeg er venjulega manna mest á móti slíku. En 1930 stendur alveg sjerstaklega á hjá okkur að ýmsu leyti, og jeg býst við, að sjaldan hafi staðið eins einkennilega á annarsstaðar, þó víða væri leitað. Þegar sýningar og mikil hátíðahöld eru erlendis, er slíkt venjulega nálægt stórborgum, sem gleypa alla gestina, og er því ekki þörf neinna sjerstakra ráðstafana þeirra vegna. En þar sem svo sjerstaklega stendur á eins og hjer næsta ár, þá verður að telja ráðstafanir eins og felast í frv. þessu alveg nauðsynlegar, og jeg er þakklátur hv. fjhn. fyrir það, hve vel hún hefir brugðist við frv. þessu og sýnt því mikla alúð, enda þótt jeg vænti þess, að ekki komi til, að á heimildum þessum þurfi að halda. Annars er það algengt, að settar sjeu slíkar varúðarráðstafanir sem þessar; þannig hefir lögreglan t. d. leyfi til þess að koma inn á allar skemtanir og slíta þeim, ef þess gerist þörf. En að þess sje þörf, kemur mjög sjaldan fyrir; en eigi að síður getur það komið fyrir, og er ákvæðið því nauðsynlegt.

Hv. þm. Borgf. benti á, eins og hv. frsm. hefir líka tekið fram, að stj hafi í fullu trje við eiganda nýja gistihússins, en þess vegna átti hann einmitt að vera með III. lið 1. gr. frv., því að í honum liggur frekari takmörkun en hinu.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vil fyrir hönd undirbúningsnefndar þakka hv. fjhn. fyrir góða afgreiðslu málsins

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg hefi verið í miklum vafa um, hvernig jeg ætti að greiða atkv. um þetta mál, og skal jeg því gera lítilsháttar grein fyrir atkv. mínu. Jeg hefi litið svo á, að eini ljósi punkturinn við fjárhagshlið hátíðahaldanna 1930 væri sá, að hingað kæmu margir útlendingar og greiddu vel fyrir þá hluti, sem þeir þurfa hjer að fá til eins og annars. Það er með öllu óhjákvæmilegt, að ríkið leggi fram allmikið fje vegna þessara hátíðahalda, sem að sjálfsögðu verður að leggjast á þjóðina í auknum sköttum á einn eða annan hátt. Maður verður því að hugga sig við, að eitthvað komi inn á móti þeim útgjöldum vegna hins erlenda ferðamannastraums. Þess vegna vil jeg fara sem skemst í þá átt að takmarka það, að Íslendingar geti fyllilega notið þess, að hinir erlendu menn vilja skemta sjer og eyða fje. Jeg get því tekið undir það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að jeg vænti þess, að ákvæðum frv. þessa verði beitt sem allra varlegast, og því aðeins miðuð við gesti landsins, en ekki til þess að hlífa hinum erlenda flökkulýð, sem hingað kann að koma. Með því skilyrði greiði jeg frv. þessu atkv.

ATKVGR.

Brtt. 401 samþ. með 14:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.

2. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 483).

**Frsm. (Ólafur Thors):** Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vil taka fram að þessu sinni. Jeg hefi orðið þess var síðan 2. umr. um þetta mál fór fram, að einstakir hv. þdm. hafa skilið till. fjhn. á þann veg, að hún bæri lítið traust til eiganda nýja gistihússins hjer í bænum. Hefir mjer jafnvel virtst sumir skilja álit n. svo, að hjer væri að ræða um ófyrirleitinn mann og fjárgráðugan, sem þyrfti sjerstakt aðhald. Jeg stend hjer upp eingöngu til þess að leiðrjetta þennan misskilning og lýsa því yfir, að þetta er mjög fjarri lagi. Till. fjhn. má engan veginn skilja á þennan veg. Þessi maður er þvert á móti þektur að allri sanngirni í viðskiftum, og það er mín skoðun, að þegar hann nú ræðst í að koma upp þessu myndarlega gistihúsi, þá sje það ekki aðeins af fjárgræðgi eða með gróðavon fyrir augum, heldur jafnframt af hinu, að hann álíti, að með því sje sóma landsins betur borgið. Þetta vildi jeg taka skýrt fram hjer, til þess að fyrirbyggja misskilning á till. n., og jeg get bætt því við, að einmitt vegna þess að um þennan sjerstaka mann er að ræða, mætti jafnvel segja, að till. n. sjeu óþarfar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 483).

Á 61. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 535).

---

## 47. Loftferðir.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um loftferðir** (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Með því að hæstv. forsrh. er bundinn við frumvörp, sem hann er að leggja fyrir Nd., en hinsvegar er nauðsynlegt, að hv. Ed. geti fengið starfsefni, þá ætla jeg að segja fáein orð um sum af þeim frv. frá atvinnumáladeildinni, sem fyrir liggja.

Þetta frv. um flugferðir er samið af Flugfjelagi Íslands, sem stofnað var í fyrra, eins og menn vita, og átti mikinn þátt í þeim tilraunum um flugferðir, sem hjer voru gerðar síðastl. sumar.

Frv. er náttúrlega sniðið eftir svipuðum lögum í öðrum löndum, þar sem flugferðir eru komnar í fast horf, og því fylgir grg. frá stj. Flugfjelagsins, svo að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það. Aðeins vænti jeg þess, að frv. verði vísað til samgmn., að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 250).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Samgmn. hefir haft frv. það, sem hjer liggur fyrir, alllengi til meðferðar. Veit jeg, að hv. þdm. skilja, að n. var umhent að gefa álit sitt á þessu máli, vegna þess, að flugferðir eru hjer alveg ný og óþekt atvinnugrein, og lágu þessir örðugleikar fyrst og fremst fyrir nefndinni. Auk þess hafði n. enga þá faglega þekkingu, er komið gæti henni að liði. Sjerfróðir menn voru engir við hendina, er n. gæti leitað til, og enda þótt margt útlendra rita sje til um þetta efni, var erfitt fyrir n. að fá þau. Þó fjekk n. dönsku loftferðalöggjöfina og bar hana saman við frv., en aðra löggjöf gat n. ekki útvegað sjer hjer.

Slík lög sem þessi hlýtur að vera allerfitt að semja, þar sem hjer er engin reynsla fyrir í þessum efnum, er hægt væri að styðjast við. Má þó að sjálfsögðu hafa hliðsjón af útlendum lögum og reynslu, enda mun það og hafa verið gert, þegar frv. þetta var samið. En þótt lagasetning þessi verði að teljast erfið, virtist okkur nm., að framkvæmdir laganna mundu verða enn erfiðari. Því er svo háttað um loftferðir sem atvinnuveg, að ekki verður hjá því komist við framkvæmd laganna að hafa mikið eftirlit með þeim. Ákvæði þessara laga um loftferðir snúa einnig að allverulegu leyti að eftirlitinu. Eins og áður hefir verið drepið á, eru hjer á landi engir fagmenn, er sjeu þess færir að aðstoða stj. við slíkt eftirlit. Eftir frv. á stj. að hafa eftirlit með flugferðunum, en það ákvæði áleit n., að erfiðast myndi til framkvæmda, af þeim ástæðum, er þegar hafa verið teknar fram. Nú mætti að vísu segja, að stj. gæti tekið útlenda fagmenn sjer til aðstoðar, en það fanst n. ekki hentugt, enda myndi það verða nokkuð dýrt, samanborið við það, hve mikið loftferðir yrðu stundaðar hjer á landi fyrst um sinn. Hinsvegar má vænta þess, að þegar farið væri að stunda flug hjer á landi, mundu fljótlega rísa upp innlendir fagmenn, er orðið gætu stj. til aðstoðar um framkvæmd laganna, og þegar fram í sækti, myndi eflaust myndast dálítill hópur manna, sem þá mætti velja úr. Þess vegna áleit n., þótt erfitt sje að semja þessi lög og framkvæma þau í fyrstu, að heppilegra mundi að setja þau, þótt þau sjeu ekki fullkomin, en að láta loftferðir eiga sjer stað í lögleysi og eftirlitsleysi.

Á þskj. 250 hefir n. borið fram nokkrar brtt., sem jeg nú skal gera frekari grein fyrir. — 1. brtt. er við 21. gr. frv. og er í því fólgin, að síðari málsl. þeirrar gr. falli burt. Sú breyt. stafar af því, að þessi málsl. hefir lent inn í frv. á skökkum stað, að því er n. virðist, og á ekki heima í

þessari gr., enda hefir það verið viðurkent af þeim manni, er aðallega var við samningu frv. þessa riðinn.

2. brtt. n. er við 22. gr. Í gr. er bæði talað um leyfi og samþykki stj., en þar sem þessi tvö orð eru notuð um sama hugtakið, þótti n. rjettara að samræma þetta þannig, að altaf væri notað orðið leyfi. Ennfremur er málsl. þeim, er feldur var niður úr 21. gr., bætt aftan við þessa gr., því að þar átti sá málsl. heima.

3. brtt. er við 23. gr. og er sama eðlis og orðabreyt. á 22. gr., sett inn orðið „leyfi" í stað samþykkis.

Þá er 4. brtt., við 25. gr. Hún er að mestu leyti í því fólgin að færa til betra máls byrjun greinarinnar, en hún byrjar þannig: „Loftför mega lenda, fyrir utan í bæjum". Vill n., að a-liður byrji þannig: „Annarsstaðar en í bæjum og kauptúnum". Hefir n. bætt þar við orðinu kauptún, því að öðrum kosti hefði mátt skilja gr. þannig, að hjer væri aðeins átt við bæi þá, er öðlast hefðu bæjarrjettindi.

Annars skal jeg geta þess, að n. þótti málinu á frv. allvíða ábótavant, þótt hún rjeðist ekki í að breyta frv. að því leyti til mikilla muna.

5. brtt. er við 36. gr., og eru þar feld burtu nokkur orð úr frvgr. Síðari málsgr. þeirrar frvgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjelar, varahluti, hreyfla, áhöld, bensín, bensól, olíu og annað, er til rekstrar flugvjela þarf". Vill n. láta fella niður bensín, bensól og olíu, því að þær vörutegundir eru notaðar til fleiri atvinnuvega en flugferða, t. d. bensín, sem notað er til bifreiða og annara mótora. N. álítur, að tolleftirlit yrði svo erfitt, ef þessar vörutegundir yrðu undanþegnar tolli, að óforsvaranlegt væri að ganga inn á þá braut.

Annars eru brtt. n. þannig vaxnar, að jeg býst við, að allir hv. þdm. hafi áttað sig á þeim, og skal jeg því ekki fjölyrða um þær frekar, en aðeins óska þess fyrir hönd n., að frv. verði samþ. með þeim breyt., er n. hefir gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

9.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

14.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

18.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 250,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 250,2 (ný 22. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 250,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

**Forseti (GÓ):** Við samanburð á 4. brtt. á þskj. 250 og 25. gr. frv. sjest, að komist hefir inn ósamræmi nokkurt. Verði brtt. samþ., kemur upphaf gr. til að hljóða svo: Annarsstaðar en í bæjum og kaupstöðum, fyrir utan í bæjum, o. s. frv. Í þessu mun vera einhver misskilningur.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg fæ ekki skilið, að hjer sje neinn misskilningur á ferðinni hjá n., en hitt er rjett, að hjer er klaufalega frá geng-

ið. Byrjunin á a-lið á að rýma fyrir brtt. Það átti n. við, og þannig ber að skilja brtt. Það er misgáningur, að þetta er ekki tekið fram í brtt. Jeg vænti, að hv. deild sjái, hvað við er átt, og má gera ráðstafanir til að laga þetta í prentun.

**Forseti (GÓ):** Skýring hv. frsm. gerir þetta skiljanlegt, en brtt. n. eins og hún nú er orðuð er jafnfráleit fyrir því, og þetta er ekki hægt að leiðrjetta í prentun. En hv. n. getur tekið till. aftur til 3. umr.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg leyfi mjer þá fyrir hönd n. að taka till. aftur til 3. umr.

Brtt. 250,4 tekin aftur.
25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
26.—28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
31.—34. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 250,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
37.—41. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 307, 312, 315).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 315. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Björn Kristjánsson:** Jeg hefi leyft mjer að bera fram fimm brtt. á þskj. 315, sem jeg ætla að fara um nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er í því fólgin að fella niður b.- og c.-lið 13. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að stj. veiti loftförum leyfi til flugferða hjer, sem ætluð eru til hernaðar eða þesshátt ar.

Í aths., sem fylgir 13. gr., er það tekið fram, að flest lönd hafi slík ákvæði í hliðstæðum lögum, og get jeg skilið, að þetta geti verið nauðsynlegt í hernaðarlöndum og þar, sem fleiri lönd liggja saman, því að þar geta lögreglu- og tollmál fljettast saman, og jafnvel hernaðarmál. En mjer finst, að við Íslendingar, sem lýst höfum yfir ævarandi hlutleysi, megum ekki láta slík ákvæði sjást í loftferðalögum okkar, heldur sje í þeim aðeins gert ráð fyrir flutningum fólks, farangurs og pósts.

Önnur brtt. mín er afleiðing af hinni fyrri, þar sem einnig er gert ráð fyrir, að stj. veiti leyfisbrjef fyrir loftför „erlendra ríkja til hernaðar".

Þriðja till. mín fer fram á, að leyfi til að reka hjer loftferðir sje ekki veitt einstöku ákveðnu fjelagi til lengri tíma en 10 ára.

Þó að þetta leyfi sje ekki beint nefnt einkaleyfi í frv., þá verður það þó svo í reyndinni, því að enginn fer að samkeppa við fjesterkt fjelag, sem stendur á bak við flugfjelagið hjer, um flugferðir hjer á landi. Til þess er landið of fáment og fátækt. Og ef rekstur fjel. reynist vel fyrstu 10 árin, þá er engin hætta á því, að það fái ekki leyfið framlengt. Jeg tel rjett, að þingið fari varlega í að semja við

einstök fjelög um loftferðir um langan tíma í senn, og 20 ár tel jeg of langan tíma, enda virðist ekki þörf á að semja fyrir svo langan tíma, þar sem loftferðum var haldið hjer uppi síðasta ár án allra slíkra rjettinda. Og ef slík rjettindi eru veitt einu ákveðnu fjelagi í 20 ár, þá má líta á það sem fullkominn „monopol" í jafnlangan tíma. Þetta tel jeg of langt farið, og því fremur, sem loftferðirnar mega teljast á tilraunastigi, svo að enginn getur sagt nú, hvernig flugferðum verður háttað framvegis eða hvernig flugvjelarnar verða. Það gæti farið svo, ef flugvjelarnar yrðu stórum bættar á næstu árum, að hið útlenda fjelag, sem hjer stendur á bak við, notaði okkur til að slíta út þeim vjelum, sem ekki þættu nothæfar erlendis.

Og þó að þessi stytting leyfistímans hefði einhvern lítinn drátt í för með sjer, sem vera mundi með öllu ástæðulaus, þá tel jeg litlu slept, ef loftferðirnar ættu að verða jafnófullkomnar eins og þær reyndust síðasta sumar, því að þær voru vægast sagt óboðlegar, og svo ljeleg var flugvjelin, sem notuð var, að það mátti telja mikið happ, að stórslys hlautst ekki af hvað eftir annað. Lengsta flugið var þó lengra en 2½ tíma flug. Annars er það mín skoðun, að sennilega væri það rjettara að bíða með samninga um allar flugferðir þangað til við höfum ráð á að kaupa flugvjelar sjálfir. Og auðgert er að skapa menn til þess að stjórna þeim á tiltölulega stuttum tíma, þar sem einn ágætur flugmaður mun nú vera í þann veginn að ljúka fullnaðarprófi og annar efnilegur maður stundar nú flugnám.

En vitaskuld verður að setja einhverjar flugreglur, eins og frv. gerir, úr því flugferðir eru hjer byrjaðar.

Fjórða brtt. mín miðar að því að tryggja gott eftirlit með flugferðum. Og þó að það kosti ríkissjóðinn nokkrar þúsundir kr. á ári, þá er ekki hægt að komast hjá því, ef flugferðir eru að öðru leyti leyfðar. Og ekki ættu þeir menn að horfa í það, sem hafa mikla trú á því, að flugferðir komi Íslandi að verulegu gagni.

Við 2. umr. þessa máls bar hæstv. fjmrh. mest kvíðboga fyrir því, að ekki væri hægt að hafa neitt örugt eftirlit með loftferðum, og lái jeg honum það ekki. Það mundi verða bætt úr því, ef þessi brtt. mín yrði samþ. En vitanlega yrði sá eftirlitsmaður að vera óháður því fjelagi, sem loftferðaleyfið fær, og að hafa tekið fullnaðarpróf, svo að ekki þyrfti að saka hann um kunnáttuleysi.

Viðvíkjandi 5. brtt. vil jeg taka það fram, að flugvjelarnar eru eitt af nýjustu og hættulegustu hernaðartækjunum; er því stórhættulegt fyrir varnarlausa þjóð að veita fjelögum, þó að íslensk sjeu að nafninu, rjett til flugferða ákveðinn langan tíma, nema svo sje áskilið — og það fyrirfram í lögunum —, að ríkisstj. megi taka allar flugferðirnar í sína hönd og nota flugvjelar og áhöld fjelagsins eða fjelaganna fyrir sanngjarna leigu eftir mati, ef nágrannaþjóðirnar skyldu lenda í ófriði, sem hlutleysi voru og sjálfstæði gæti stafað hætta af. Eða þá að hafa leyfi til að banna allar flugferðir um tíma.

Ef ákvæði um þetta er sett inn í lögin, þá ætti það að sýna, að við gerðum þó það, sem í okkar valdi stæði, til

þess að vernda hlutleysi okkar. Og ekki veitir af að vera varkár í þeim efnum.

Vænti jeg svo, að þessum brtt. mínum verði tekið vinsamlega af hv. d.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Jeg vil aðeins benda á það, að brtt. á þskj. 315 var ekki útbýtt hjer í d. fyr en í dag, í byrjun þessa fundar, svo að hvorki n., sem hefir þetta til meðferðar, nje hv. þdm. hafa haft tíma eða næði til þess að virða þær fyrir sjer. Þar sem nú þessar till. fela í sjer miklar breyt., þá finst mjer nauðsynlegt, að þær sjeu íhugaðar rækilega. Jeg ætla því að leyfa mjer fyrir hönd n. að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá, svo að tími vinnist til þess fyrir n. og hv. þdm. að skapa sjer skoðanir um þessar brtt.

**Forseti (GÓ):** Þar sem hjer er um talsvert víðtækar breyt. að ræða, vil jeg verða við beiðni hv. 2. þm. N.-M. og taka málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 307, 312, 315, 336).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 336. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Samgmn. hefir tekið til yfirvegunar brtt. á þskj. 315, frá hv. 1. þm. G.-K. Hann talaði sjálfur fyrir brtt. um leið og þær komu fram hjer í d., og þess vegna þarf jeg ekki að skýra þær. Þar er um tvær höfuðbreyt. að ræða. Fyrri breyt. er sú, að nema burt úr frv. ákvæði, er snerta styrjaldir, eða leyfi til loftferða í sambandi við hernað, sem ef til vill geta orðið hættuleg, og að stytta um helming þann leyfistíma, sem veita má einstökum fyrirtækjum að starfrækja flutninga með loftförum. Er lagt til, að leyfistíminn sje færður úr 20 árum niður í 10 ár. N. vill fallast á þessar brtt. og álítur, að þær sjeu til bóta. Leggur hún til, að þær verði samþ. með orðabreyt. samkv. till. á þskj. 336. Þá orðabreyt. hefir n. leyft sjer að gera til samræmis, og er það gert í samráði við hv. flm. brtt.

Jeg vil ennfremur geta þess, að a-liður 4. brtt. á þskj. 315 gefur stj. fulla heimild til að ráða faglærðan aðstoðarmann til eftirlits með flugvjelum. N. leit svo á, að þetta ákvæði væri óþarft, en gerði ekkert til, af því að í frv. væri óbeinlínis veitt heimild til þess. Og hafa nm. um þetta óbundið atkv., en jeg geri ráð fyrir, að meiri hl. n. verði því mófallinn.

Ennfremur flytur n. brtt. á þskj. 312, aðeins til þess að færa til rjettara máls setningu í a-lið 25. gr. Önnur till., sem n. lagði fram við 2. umr., var tekin aftur.

**Björn Kristjánsson:** Jeg þakka n. fyrir, hvað vel hún hefir tekið í till. mínar. Það er rjett, sem hv. frsm. tók fram, að brtt. n. á þskj. 336, um orðalag á 1. lið í brtt. mínum, er gerð í samráði við mig. Orðið „íslenskra" hafði fallið burt úr till. minni, en var í frv., og er nú bætt inn í aftur; einnig er orðunum „eigendur þeirra" (loftfara) bætt í till., og hefi jeg fallist á þetta.

Í 3. brtt. minni hafði mjer yfirsjest, þannig að jeg hafði á tveimur stöðum sett 20 ár, þar sem átti að vera 10 ár. Nú hefir n. bætt úr þessu með brtt. sinni, og skoðast það sem ritvilla. Vænti jeg, að það verði leiðrjett í skrifstofunni.

Hv. frsm. gat þess, að n. hefði ekki verið á einu máli um a-lið 4. brtt., um að heimila ráðh. að ráða mann til eftirlits með flugvjelum. Jeg skil ekki, að um það þurfi að vera ágreiningur og held, að nefndin hafi hugsað, að með tillögunni væri gefin skipun til stj. um að gera þetta. En svo er ekki, enda ómögulegt að koma því við á þessu ári, af því enginn maður er hjer fær til þess starfs. Og þó það jafnvel yrði ekki gert á næsta ári, skyldi það ekki verða átalið af mjer. En það veitir mikið aðhald flugfjelögum, sem kunna að senda hingað misjafnar flugvjelar, að þessi heimild er í lögunum. Þó hún verði látin ónotuð fyrst um sinn, þangað til eitthvað ber út af, þá má altaf grípa til hennar. Og það er gott fyrir stj. að eiga þessa heimild í fórum sínum. Jeg vildi, að hv. d. skildi þetta og gæti fallist á, að þessi heimild er til bóta.

ATKVGR.

Brtt. 336,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 315,1 þar með fallin.
— 315,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 336,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 315,3 þar með fallin.
— 312 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 315,4.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 315,4.b samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 342).

Á 48. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 342, n. 468).

**Frsm. (Gunnar Sigurðsson):** Frv. um loftferðir, sem hjer liggur fyrir, hefir fengið góðan undirbúning og er samið eftir evrópiskum lögum um þetta efni af dr. Alexander Jóhannessyni, formanni flugfjelagsins, í samráði við merkan þýskan flugmann, sem Walter heitir. Eins og kunnugt er, eru í vændum ekki einungis flugferðir hjer á landi, heldur líka, að erlendir flugmenn fljúgi yfir landið. Fjórir hafa ráðgert að gera það í sumar, og eru líkur til, að svo verði. Þess vegna er nauðsynlegt að fá löggjöf um þetta efni þegar í stað. Hefir því samgmn. lagt með frv. einróma.

Aðeins skal jeg geta þess, að n. hefir orðið sammála um að gera tvær smávægilegar breyt. Það stendur í frv., að heimilt sje með leyfi atvmrh. að flytja sprengiefni, hervopn og hernaðartæki með loftförum. N. taldi rjett að taka alveg fyrir, að þesskonar áhöld væru flutt, og á það sjerstaklega við ef ófrið bæri að höndum. Sömuleiðis er tekið fram í 31. gr. frv., að menn eigi kröfurjett á útfarar-

kostnaði þeirra, sem fyrir slysum kunna að verða. En í frv. eins og það lá fyrir er ákvæði um það, að jarðarfararkostnaður skuli miðast við lífskjör hins dána. Okkur þótti rjettara að hafa ekki ákvæði um þetta í lögunum; það má vita, að eitthvert tillit yrði tekið til þessa fyrir því.

Að svo mæltu vil jeg leggja til eindregið f. h. samgmn., að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, svo að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

11.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

18.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

21. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

22.—23. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

24.—25. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 468,1 (ný 26. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

27.—30. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 468,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

31. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

32.—34. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

35.—43. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 515).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 515).

Á 63. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Frv. hefir tekið litlum breyt. í Nd., og heldur til bóta, það sem þær eru. Það eru gerðar breyt. við 26. gr. Eins og frv. fór frá þessari deild var heimilt með samþykki atvmrh. og samgmn. að flytja í loftförum sprengiefni, hervopn og önnur hernaðartæki. Þessi atriði eru tekin burt, og eins og gr. er nú, er alveg bannað að flytja slíkt með loftförum.

Síðari breyt. er smávægileg, en þó þess eðlis, að telja verður, að betur fari á að hafa hana í lögunum. Samgmn., sem hafði málið til athugunar hjer í d., verður að leggja til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samb. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 560).

## 48. Vitar, sjómerki o. fl.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.** (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Þetta frv. hefir verið undirbúið sjerstaklega af mönnum, sem eru vel að sjer í vitamálum, og á að vera til þess að fullkomna nokkuð okkar sjómerkja- og vitakerfi.

Jeg vil óska, að frv. verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Ed., 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 56).

**Frsm. (Erlingur Friðjónsson):** Aðaltilgangur þessa frv. virðist vera sá, að gera skýrari ákvæðin um skyldur hins opinbera til þess að nema burt farartálma á siglingaleiðum og höfnum og herða á þeim ákvæðum, sem til eru í lögum um þetta. Ennfremur sá, að færa kostnaðinn, sem leiðir af að nema í burtu slíka farartálma, af ríkissjóði og yfir á hafnarsjóði, þar sem löggiltar hafnir eru.

Áður hefir það verið svo, að hlutaðeigandi hafnarsjóðir hafa átt að greiða þrjú hundruð krónur af þeim kostnaði, sem leiddi af því að nema í burtu farartálma, sem orðið hafa á höfnum inni. En nú er farið fram á, að hlutaðeigandi hafnarsjóðir greiði þetta að öllu leyti. Eða gera má ráð fyrir, að það yrði svo í flestum tilfellum, ef frv. yrði samþ. óbreytt.

Í frv. því, sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir því, að kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burtu farartálma inni á höfnum, eigi hafnarsjóður að greiða og verja alt að helmingi peningaeigna sinna, þar með taldar útistandandi skuldir, verðbrjef og aðrar eignir, sem gefa fastan árlegan arð, t. d. leigulóðir og hús. N. þykir of langt farið í þessari 5. málsgr. frvgr., sem hjer liggur fyrir, og flytur því till. um það, að þessi 5. málsgr. frvgr. verði feld niður, en í hennar stað komi aftur grein, sem nefndin flytur á þskj. 56, þar sem ætlast er til, að hlutaðeigandi hafnarsjóðir greiði alt að helmingi, eða leggi fram alt að helmingi eins árs tekna sinna, til þess að nema slíka farartálma í burt.

Til þess að gera þetta nokkuð skiljanlegra þeim, sem ef til vill ekki hafa sett sig nægilega inn í málið, þá tel jeg rjett að vitna bæði til laga um skipströnd og vogrek, sem samþ. voru á þinginu 1926, og einnig til gr. úr hafnarreglugerðum, sem fjalla um líkt efni og þetta. Í 30. gr. laga um skipströnd og vogrek er einmitt talað talsvert ítarlega um það, hvernig fara eigi að, þegar skip sekkur á siglingaleið, eða þegar þarf að nema í burt farartálma, vegna vogreks eða annars. Með leyfi hæstv. forseta tel jeg rjett að lesa upp þessi ákvæði laganna. Í 30. gr. nefndra laga stendur skrifað:

„Atvinnumálaráðherra getur látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt þegar eftir strand eða skipbrot, ef óhjákvæmileg nauðsyn þykir vegna hættu eða tálma, er af því stafi. Ef skip eða skipsflak verður annars til tálma eða hættu, þá skal vitamálastjórnin auðkenna staðinn, og jafnframt setja þeim, er skip eða skipsflak á, með auglýsingu í Lögbirtingablaði hæfilegan frest til að hirða það. Að þeim fresti liðnum getur atvinnumálaráðherra látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt. Ekki á sá, sem rjett á yfir skipi eða skipsflaki, kröfu til bóta, þó að eign hans sje spilt fyrir þær ráðstafanir, sem í þessari grein segir".

Og ef greininni er haldið áfram, stendur skrifað:

„Til tryggingar kostnaði af ráðstöfunum samkvæmt þessari grein er skip eða skipsflak, svo og farmur, ef hætta stafar af honum eða verulegt óhagræði, og andvirði, ef sala hefir farið fram, að veði framar öllum öðrum höftum, er á þeim kynnu að hvíla. Má selja það, er bjargast kann, á opinberu uppboði til greiðslu kostnaðar, en það, er afgangs kynni að verða, skal greiða rjettum aðiljum samkvæmt 18. gr. 2. málsgr.".

Jeg vildi taka þetta fram, til þess að gera það skýrt, að það er gert ráð fyrir, að eigandi að farartálma greiði fyrst og fremst kostnað við að koma farartálma í burt, utan hafna og innan, það, sem nær til skipstranda og vogreka. Aftur á móti er tekið fram í hafnarreglugerð fyrir Reykjavík, nr. 100, 12. nóv. 1917, — með leyfi hæstv. forseta:

„Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur".

Hjer er þá gert ráð fyrir, samkv. því, sem jeg hefi lesið upp úr lögum um strand og vogrek, og samkv. hafnarreglugerð fyrir Reykjavík, Akureyri og má vera að það sje tekið fram víðar, þó að jeg hafi eigi kynt mjer það, að á kostnað þess, sem valdur er að farartálma, sje farartálmi numinn í burt. Sá kostnaður, sem því kynni að vera greiddur af hafnarsjóðum samkv. till. sjútvn. á þskj. 56, er þá það, sem ekki er hægt að heimta inn hjá eiganda farartálma, og n. gerir ráð fyrir því, að a. m. k. í flestum tilfellum, ef ekki öllum, mundi hlutaðeigandi hafnarsjóður geta greitt þann kostnað með hálfum árstekjum sínum. Ef sá kostnaður verður meiri en það, þá telur n. ósanngjarnt, að hlutaðeigandi hafnarsjóður greiði meira en þetta.

Þar, sem hafnarsjóðir eru ekki til, gerir frv. ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þann kostnað, sem af þessu leiðir.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., sem hjer liggur fyrir, og þá brtt., sem sjútvn. flytur hjer um leið og hún leggur frv. fram til 2. umr. Jeg vil aðeins árjetta þá umsögn n., sem kemur fram í brtt., að það er í raun og veru alllangt gengið frá því, sem nú er skylda til fyrir rík-

issjóðinn, að bera allan kostnað af að nema farartálma í burt, að undanteknum þeim þrem hundruð krónum, sem hafnarsjóður átti að greiða. Og það er langt gengið í að ljetta byrðum af ríkissjóði í till. n., þótt ekki sje nálægt því eins langt gengið og gert er í frvgr., eins og það var lagt fyrir þingið frá hæstv. ríkisstj.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Hv. sjútvn. hefir fallist á aðalatriði þessa frv., og m. a. á það mjög þýðingarmikla ákvæði, að þegar á að stofna til kostnaðar við að nema burt skipsflök eða annað í námunda við hafnir, þá eigi að gera það í samráði við ráðuneytið, en ekki eins og oft hefir verið gert hingað til, að einstakar hafnarnefndir stofna einar til slíkra verka, sem kannske er mjög mikill kostnaður samfara, og koma svo með reikninginn til ráðuneytisins og segja: Borgið þið þetta. Það er hlutur sem ekki á að eiga sjer stað, að hafnarnefndir gangi þannig inn á verksvið ráðuneytisins og ávísað úr ríkissjóði án þess að það geti haft hönd í bagga með því, sem gert er.

Aftur á móti hefir hv. n. ekki getað fallist á till. frv. um það, hvernig kostnaðinum ætti að skifta. Hv. frsm. n. vitnaði í hafnarreglugerðir fyrir Reykjavík, Akureyri og fleiri lög, en þau ákvæði, sem hv. þm. vitnaði í, gera ekki annað en styrkja þá skoðun alment, að hafnarsjóðir eigi að greiða eitthvað. En hjer er um það að ræða, hver eigi að greiða kostnað við að laga innsiglingaleið inn á höfn, sem hefir orðið fyrir skemdum. Við höfum nú einmitt talsvert almenna reglu um svipað efni, hvernig hafnargerðir eru styrktar; þar borgar ríkið einn þriðja kostnaðar, en hafnarsjóður tvo þriðju hluta. Aftur hefir undir sumum kringumstæðum, t. d. í Bolungavík og í Vestmannaeyjum, ríkissjóður lagt fram helming kostnaðar. Jeg álít, að hv. n. hafi hjer verið of kröfuhörð við ríkissjóð, og jeg er viss um, að ef hún hefði leitað umsagnar trúnaðarmanns ríkisstj. í þessum efnum, þá mundi hann hafa stutt þessa skoðun mína; við eigum hjer að setja almenna reglu um það, hvernig ríkissjóður hagi sjer í þessu máli, tilsvarandi við það, hvernig ríkissjóður styrkir hafnargerðir í upphafi. Jeg vil því mælast til þess, að þessi brtt. hv. n. verði feld, en þótt hún verði samþ., þá álít jeg frv. til töluverðra bóta, samt sem áður. En mjer þætti gaman að vita, hvort hv. n. getur bent á nokkuð því til stuðnings, að ekki sje rjett að halda þeirri stefnu, sem jeg nú hefi gert grein fyrir.

**Frsm. (Erlingur Friðjónsson):** Jeg leit svo á, sem þessi breyt. á lögum um vita og sjómerki fjallaði aðallega um það, ef farartálmi yrði af skipi, sem sykki á siglingaleið. Af þeirri ástæðu las jeg upp ákvæði úr lögum og hafnarreglugerðum, sem jeg hefi kynt mjer um þetta efni, og athugaði ekki málið lengra. Nú skilst mjer á hæstv. fors.- og atvmrh., að þetta eigi að ná nokkuð lengra en til þess, ef skip sekkur á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið; m. ö. o., þetta eigi jafnvel að ná til þess að gera siglingaleiðir greiðfærar inn á hafnir, og jafnvel til að vinna þar á farartálmum, sem stafa af völdum náttúrunnar.

Ef á að taka málið á þessum grund-

velli, má vel vera, að sjútvn. hefði íhugað það eitthvað nánar.

Hæstv. forsrh. var að tala um hvernig kostnaði við byggingu hafna væri skift niður, þegar ríkið og bæjarsjóðir eða hafnarsjóðir tækju þátt í kostnaðinum, og gat þess, að ríkissjóður greiddi þar ⅓ kostnaðar, en hafnarsjóður ⅔. En þegar ríkið leggur ekkert fram, hvernig á þá, þegar svo stendur á, að gera upp á milli ríkissjóðs og hafnarsjóðs?

Hæstv. ráðh. lagði til, að brtt. n. yrði feld, og þá væntanlega í þeim tilgangi, að frvgr. yrði samþ. óbreytt eins og hún liggur fyrir. Nú vil jeg benda á, að í frvgr. er gert ráð fyrir, að hlutaðeigandi hafnarsjóður eða bæjarsjóður leggi fram alt að helmingi eigna sinna til þess að rýma burt farartálma.

Ef það er rjett, að hjer sje um að ræða skuldlausa eign hafnarsjóða, þá getur þetta orðið mjög mikið fje, eins og t. d. mundi vera í Reykjavík og á Akureyri, þegar ætlast er til, að ríkissjóður komi þá fyrst með framlag sitt, þegar helmingurinn af eign hafnarsjóðanna hefir gengið til þess að nema farartálmann burt.

Þegar nú er litið á það, að ríkissjóður hefir kostað miklu minnu en lagt hefir verið til endurbóta á lendingarstöðum víðsvegar í sjávarþorpum landsins, finst mjer æðilangt gengið, að í stað þess að hafnarsjóðirnir greiði 300 krónur, eins og það er nú, komi fleiri tugir þúsunda. Því að oft hagar svo til, að hafnirnar eiga svo miklar eignir, að gjaldið getur orðið meira en 100 þús. kr. Mjer finst vera stigið of stórt spor, ef ganga á svo langt.

**Jón Þorláksson:** Jeg álít fyrri málsgr. í brtt. n. nauðsynlega, þar sem jeg get ekki sjeð betur en að ákvæði frv., eins og þau eru, muni verða skilin svo, að sú endurgjaldsskylda skipseiganda á kostnaði fyrir að nema í burtu skipsflök og annan farartálma, sem nú er í lögum, sje með frumvarpinu í burtu fallin, þar sem ákveðið er, að hafnarsjóðir og ríkissjóður beri kostnaðinn. En þetta hefir ekki verið tilætlunin, og tel jeg því nauðsynlegt að setja inn þetta ákvæði, til þess að það komi skýrt fram, að skylda skipseiganda á að haldast hin sama og áður.

Að því er snertir seinni liðinn, um skiftingu kostnaðarins, getur verið álitamál, hvaða takmörk á að setja. Mjer finst ákvæði stjfrv. ekki vera heppilegur grundvöllur, af því að það getur staðið svo misjafnlega á um peningaeign og arðberandi lóðir hafnarsjóðanna. Hjer getur verið um að ræða stóra höfn, sem hefir miklar tekjur og getur þess vegna vel staðið straum af kostnaðinum.

En það, sem mjer finst einkum á vanta, og um það er jeg fyllilega sammála hæstv. forsrh.; er það, að í frv. með brtt. n. er ekki nægilega skýrt frá því gengið, að miklar framkvæmdir, sem hafnarsjóðirnir geta ekki tekið á sínar herðar, ættu ekki að geta orðið á annan hátt en þann, að samþykki ráðuneytisins væri fyrirfram fengið. Í frv. stendur bara, að hreppstjóri eða hafnarnefnd skuli sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið. Þetta er óákveðið orðatiltæki, sem þarf að vísu ekki að vera ákveðnara, þegar hafnarsjóður ber sjálfur allan

kostnað af framkvæmdunum, en þegar mikill hluti kostnaðarins lendir á ríkissjóði, er nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði um þetta atriði. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til hv. n., hvort ekki sje hægt fyrir 3. umr. að bæta inn í frv. ákvæði í þá átt, að slíkar framkvæmdir verði ekki gerðar, nema ráðuneytið hafi lagt samþykki sitt í þær og tilhögun þeirra.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil sjerstaklega geta þess út af ummælum hv. 3. landsk. um að skylda skipseigendur til að taka þátt í kostnaði við að ná burtu skipsflökum, að hvorki í núgildandi lögum nje heldur í 7. gr. frv. er nefnd sú skylda skipseigenda. Jeg er auðvitað enginn lögfræðingur, en jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þessi skylda hvíli alls ekki á eigendum skipanna, svo að að því leyti er um enga breyt. að ræða með frv. því, sem hjer liggur fyrir. Ef ástæða væri til þess að athuga þetta atriði, þá er það mál út af fyrir sig. Hinsvegar get jeg vitanlega fallist á það, að ef þetta er of óákveðið í frv. og þá einnig í núgildandi lögum, væri æskilegt, að það yrði lagað.

Aðalatriðið í þessu máli er, að það er ekkert vit í því að láta slíkar framkvæmdir fram fara án þess að tala eitt orð um það við ráðuneytið. Fyrir 3 eða 4 árum sökk skip hjer á höfninni í Reykjavík. Því var náð upp að nokkru og kostnaðurinn við að ná því upp nam tugum þúsunda. En ekki eitt orð var sagt við ráðuneytið, og reikningurinn kemur nú á hverri stundu. Svipað atvik kom fyrir á Siglufirði. Þar sökk skip, en „Fylla“ var fengin til þess að ná því upp, að tilhlutun ráðuneytisins. Jeg verð því að segja, að það er ekki rjett hjá hv. frsm., að ríkissjóður hafi ekki þurft að kosta ýkjamiklu til. Hann hefir þegar þurft að borga æðimikið fje, og jeg veit, að hann verður krafinn um meira.

Ákvæðið um að hafnarsjóðir greiði aðeins 300 kr. af kostnaði við að nema burt farartálma á höfnum, var ekki í stjfrv. 1911. Þar var gengið út frá því, að hafnarsjóðirnir ættu að borga allan kostnaðinn. Það voru þeir góðu menn, talsmenn hafnarsjóðanna úti um landið, sem komu ákvæðinu inn í lögin.

Jeg verð að segja, að mjer finst ekki nema rjettlátt, þó að allmikið komi í hlut þeirra hafnarsjóða, sem eiga miklar peningaeignir.

Jeg býst nú við, að mál þetta verði athugað á milli umr. Og vildi jeg mælast til þess, að hv. n. ætti tal við vitamálastjóra, áður en hún gengur endanlega frá till. sínum.

**Frsm. (Erlingur Friðjónsson):** Jeg skal geta þess, að mjer þykir mjög sennilegt, að n. sje fús á að tala við vitamálastjóra um þetta mál. Jeg sje ekkert á móti því, að annaðhvort verði þetta mál tekið af dagskrá, til frekari íhugunar, eða atkvgr. um það frestað.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Ed., 7. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 7, n. 56, 73).

**Frsm. (Erlingur Friðjónsson):** Eftir að máli þessu var frestað 4. mars tók sjútvn. það til nýrrar athugunar og flytur nú till. á þskj. 73, sem viðbótartill. við brtt. á þskj. 56.

N. átti tal um þetta við vitamálastjóra og leitaði álits hans á frv. og brtt. á þskj. 56. Eftir það viðtal sá n. ekki ástæðu til þess að hvika frá brtt. sinni. N. óskaði þess við vitamálastjóra, að hann gæfi henni upp tekjur helstu verslunarstaða, og varð hann við því. Má af því sjá, hvað hafnarsjóðir kauptúnanna myndu greiða, áður en til greiðslu úr ríkissjóði kæmi. Eftir till. n. er gert ráð fyrir því, að ½ tekjur ársins sjeu greiddar áður en ríkissjóður leggur til þessa verks, að koma burt farartálma. Hálfar tekjur ýmsra hafna hafa verið árið 1927 sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík ..... | kr. | 366474,29 |
| Hafnarfjörður ..... | — | 23050,35 |
| Stykkishólmur ..... | — | 5863,98 |
| Ísafjörður ..... | — | 30504,40 |
| Siglufjörður ..... | — | 16249,08 |
| Akureyri ..... | — | 33043,00 |
| Húsavík ..... | — | 912,83 |
| Seyðisfjörður ..... | — | 5147,08 |
| Nes í Norðfirði ..... | — | 2179,75 |
| Eskifjörður ..... | — | 791,35 |
| Búðir í Fáskrúðsfirði | — | 855,64 |
| Vestmannaeyjar ... | — | 91356,99 |

Gera má nú ráð fyrir því, að slys muni helst vilja til á höfnum stærstu kaupstaðanna. Og þar sem tekjur þeirra eru mjög háar, þá er varla um þau slys að ræða, sem valda farartálma, að ½ tekjur þeirra dugi ekki til að greiða kostnað við að nema hann burt, og kemur þá ekki neitt til kasta ríkissjóðs. Mætti því segja, að viðbótartill. sje óþörf, því til kasta ríkissjóðs muni aldrei koma. En n. leit svo á, að brtt. hennar sjeu til bóta, að því leyti að orða þetta skýrar og gefa tryggingu fyrir því, að ríkisstj. geti haft hönd í bagga, ef um mikið verk er að ræða, sem kostað getur mikið fje, svo sem getur verið um sokkin skip, og hafi þá yfirráð yfir framkvæmdum verksins.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Og þar sem jeg hefi í þessari umr. málsins talað eins og þingsköp leyfa, þá vona jeg, að meðnm. mínir taki til máls, ef þess þarf með.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg tel brtt. á þskj. 73 til bóta. Vil því mæla með því, að hún verði samþ. — Þá hefir og hv. frsm. n. gefið upplýsingar, sem skýra það vel, hvers vænta má um getu hafnarsjóða miðað við ½ árs tekjur þeirra. — En nú vildi jeg í því sambandi skjóta einni spurningu til hv. n., og hún er um það, hvernig skilja beri brtt. á þskj. 56, þar sem sagt er, að hafnarsjóður skuli bera kostnað af því að nema í burt farartálma, alt að helmingi árstekna það ár. Er hjer einungis átt við eitt ár, eða er átt við fleiri? Nú getur það tekið fleiri ár að nema burt farartálma, til dæmis þegar stórt skip sekkur. Er þá átt við öll þau ár, sem verkið tekur? Eða ef aðeins er átt við eitt ár, er það þá árið, sem verkið er byrjað, eða verkinu er lokið? Eða er það árið, sem skipið sekkur? Þetta væri æskilegt, að hv. n. vildi athuga til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 56 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 73 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

**Fyrirsögn samþ. án atkvgr.**

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 9. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 81).

**Frsm. (Erlingur Friðjónsson):** Jeg hefði ekki tekið til máls um frv. þetta við þessa umr., ef hæstv. forsrh. hefði ekki við 2. umr. óskað þess, að n. skýrði betur brtt. sína á þskj. 56, sem nú er komin inn í frv. Hæstv. ráðh. spurðist fyrir um það, hvort n. ætlaðist til, ef það tæki meira en eitt ár að nema burt farartálma, að þá gengi helmingur af tekjum hafnarsjóðanna öll árin, sem unnið væri að því, til greiðslu kostnaðarins við burtnámið. Út af þessari fyrirspurn vil jeg taka það skýrt fram fyrir hönd n., að hún ætlast ekki til, að meira verði varið af hálfu hafnarsjóðanna til þess að nema slíkar tálmanir burt **en hálfum eins árs tekjum þeirra,** hvort sem það tekur lengri eða skemri tíma að vinna verkið, og hún lítur svo á, að í flestum tilfellum muni það verða nægilegt, því að hættan á skipströndum vegna ásiglinga er vitanlega mest þar, sem siglingarnar eru mestar, og þar eru því tekjur hafnarsjóðanna mestar, eins og t. d. hjer í Reykjavík. Þannig hefði t. d. árið 1927 mátt verja alt að 350 þús. af hafnarsjóðnum hjer til þess að nema burt farartálma af siglingaleiðum, og í Vestmannaeyjum yfir 90 þús., og því tilsvarandi hjá öðrum höfnum, þar sem siglingar eru miklar.

Að sjálfsögðu leit n. svo á, að alla farartálma af siglingaleiðum inn á hafnir þyrfti að nema sem fyrst burt, og gekk út frá því, að í flestum tilfellum væri hægt að gera það á einu ári, enda þótt þess væru dæmi, að til þess þyrfti lengri tíma.

Jeg þykist nú hafa gengið hreint út frá því, að átt sje við, að aldrei gangi meira en helmingur af eins árs tekjum hafnarsjóðanna til þess að nema burt slíka farartálma í hverju einstöku tilfelli, án tillits til þess, hversu langur tími fer til þess. Svo ef hæstv. stj. teldi ástæðu til að kynna sjer síðar umr. um þetta mál af því að ákvæði laganna um þetta efni væru ekki nægilega skýr, þá á hún að geta sjeð glögt, hvernig n. vill, að till. hennar sje skilin, og þá um leið 5. málsgr. frvgr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 81).

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 224).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Eins og sjá má á þskj. 224, hefir n. gert allítarlega grein fyrir till. sínum í þessu

máli. Sjútvn. telur nauðsynlegt að nema burt farartálma af siglingaleiðum. Hún er einnig sammála um, hverjir aðilar bera skuli þann kostnað. Og hún telur eðlilegt, að viðkomandi hafnarsjóður beri töluverðan hluta af kostnaði. En n. þykir varhugavert, að till. hv. Ed. um skiftingu kostnaðarins sjeu látnar standa óbreyttar. Telur hún of hátt farið að gera hafnarsjóði að greiða til þess helming árstekna sinna. Slíkt telur n., að margir hafnarsjóðir mundu ekki þola vegna annara framkvæmda og kostnaðar. Aftur á móti þótti n. rjett að hækka nokkuð þá föstu upphæð, sem sjóðunum er skylt að verja til að rýma burt farartálma, eða úr 300 kr. upp í 500 kr. Mundi sú upphæð nægja til að nema burt minni háttar farartálma. En þegar burtnám þeirra fara að skifta þúsundum, eða jafnvel tugum þúsunda króna, verður hafnarsjóðunum ofurefli að kosta eins miklu til og hv. Ed. vildi. Till. n. er því að hækka lágmarksupphæðina, en lækka tillag hafnarsjóðs úr ½ árstekjum niður í ¼ árstekna. Lengra taldi n. ekki fært að fara um tillög hafnarsjóða, ef hagur þeirra ætti að vera nokkurnveginn trygður. Skal jeg svo ekki orðlengja frekar um þetta að sinni.

**Magnús Torfason:** Jeg hafði skrifað undir nál. með fyrirvara og vildi skýra frá því, að hann þýddi það, að jeg taldi fulllangt gengið í brtt. n., þar sem hún leggur til, að sá hluti kostnaðarins, sem fer yfir 500 kr., greiðist að ⅔ úr ríkissjóði, en aðeins að ⅓ úr hafnarsjóði. Mjer finst nógu langt gengið eins og hv. Ed. gekk frá frv., að ríkissjóður og hafnarsjóður greiði að hálfu leyti hvor kostnað þennan. Lengra finst mjer ekki ástæða til að fara. Sjerstaklega þó, þegar þess er gætt, að seinna í till. n. er þessi upphæð einskorðuð við ¼ hluta af árstekjum hafnarsjóðs. Jeg hafði undirbúið brtt., þar sem þessi skoðun mín kemur fram. En því miður verður hún líklega ekki svo snemma tilbúin úr prentsmiðjunni, að hún geti komið til atkv. nú. Geymi jeg mjer því rjett til að koma fram með hana við 3. umr. frv. þessa.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það sækist þungt róðurinn að tryggja hag ríkissjóðs á þessu sviði. Eftir núgildandi löggjöf er ríkissjóður algerlega rjettlaus, ef skip sekkur á siglingaleið við höfn. Getur þá hafnarnefnd látið taka það burt án þess svo mikið sem að spyrja ríkisstj. um það, jafnt þó það kosti tugi þúsunda. Dæmi um þetta eru bæði hjer í Reykjavík og á Siglufirði. Verður ríkissjóður afarhart úti, og get jeg búist við, að lendi í málaferli hjer. Nú hefir meðferð málsins orðið sú í hv. Ed., að dregið hefir verið úr því þar, að hagur ríkissjóðs væri vel trygður. Og hv. sjútvn. hjer hefir gengið enn lengra í þessa átt með brtt. sínum. Í frv. stj. var kostnaði skift svo, að ef kostnaður verður svo mikill, að meiru nemur en ½ eign hafnarsjóðs, þá skiftist afgangur jafnt milli ríkissjóðs og hafnarsjóðs. Þessu breytti Ed. þannig, að ef kostnaður nemur meiru en ½ árstekjum sjóðsins, þá greiðir ríkissjóður það, sem framyfir er. En samkv. brtt. hv. sjútvn. hjer má kostnaðarhluti hafnarsjóðs ekki nema meiru

en ¼ hluta af þess árs tekjum. Jeg verð að líta svo á, að hv. sjútvn. hafi gengið of langt í því að leggja gjöldin á ríkissjóð, einkum með tilliti til þess, að ríkissjóður hefir víða lagt mjög ríflega fram til hafnarmannvirkja. En þrátt fyrir það, að jeg tel hjer of langt gengið hjá hv. sjútvn., þá skal jeg þó játa, að jafnvel þótt till. n. verði samþ., þá er þó frv. stór bót frá því ástandi, sem nú er, og verð jeg því að óska þess, að frv. gangi fram samt. Það út af fyrir sig er stórt atriði, að verkið á að vinnast með samþykki og eftirliti ríkisstj.

Jeg býst ekki við, að hægt sje að spyrna á móti brtt. hv. sjútvn., og þar sem frv. svo breytt verður samt til aukinnar tryggingar fyrir ríkissjóð, mun jeg ekki leggjast á móti brtt. n., en óska þess, að frv. nái fram að ganga, þó að hjer sje óneitanlega um skerðing á rjetti ríkissjóðs að ræða.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Jeg þarf engu að svara út af þeim fyrirvara, sem hv. 2. þm. Árn. lýsti. Sá ágreiningur, sem er á milli hans og okkar hinna nm., er of lítill til að svo sje. En út af því, sem hæstv. fors.- og atvmrh. sagði, vil jeg taka það fram, að í frv. er gengið svo langt í þá átt, að láta hafnarsjóði bera kostnað af burtnámi ýmissa farartálma af siglingarleiðum, að varla er hugsanlegt, að slíkt nái samþykki þingsins. En hitt er rjett hjá hæstv. forsrh., að núv. ástand er með öllu óþolandi fyrir ríkissjóð. Hjer er um það að ræða, hversu mikið af kostnaðinum ríkissjóður eigi að bera að sínu leyti, og hinsvegar hafnarsjóðirnir. Og um það atriði má auðvitað deila í það endalausa. Það er eðlilegt, að stj. vilji tryggja ríkissjóðinn sem best í þessu efni, en þess verður að gæta, að hafnirnar geta liðið stórkostlegt tjón, fjárhagslega sjeð, við þann trafala, sem verður á siglingaleið hafnarsvæðis, ef t. d. skip sekkur í hafnarmynninu. Og jeg held, að till. sjútvn. sjeu fullkomlega sæmilegar og verjandi, með því líka, að með þessu móti skapast föst regla í þessum efnum, og framkvæmdavaldið er lagt í hendur stj.

Það er nú svo, að hjer hjá okkur eru hafnarsjóðirnir í bernsku og eiga fult í fangi með að standast venjulegar framkvæmdir, en þegar skip sekkur á siglingaleið hafnarsvæðis, er um óvænt áfall að ræða, sem hefir í för með sjer aukalegan kostnað fyrir hafnarsjóðina.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Málið var mikið rætt í n., og eins og jeg hefi þegar tekið fram, treystir hún sjer ekki til að leggja til, að lengra verði gengið í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 224 samþ. með 15:3 atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var frv aftur tekið til 3. umr. (A. 252, 256).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 256 feld með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, HStef, JörB, MG, MT,* BSv.

nei: SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HJ, HK. JJós, JAJ, JÓl, LH, MJ, PO.

JS greiddi ekki atkv.

Sex þm. (BÁ, HG, HV, IngB, ÓTh, SE) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 252).

Á 41. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

**Ingvar Pálmason:** Þetta frv. er komið hingað aftur frá Nd. og hefir tekið allmiklum breyt., en með því að sjútvn. þessarar d. hefir ekki getað tekið fullnaðarafstöðu til þeirra breyt., vildi jeg mælast til, að hæstv. forseti frestaði umr. og tæki málið út af dagskrá. Verði það ekki, treysti jeg mjer ekki til að greiða frv. atkv.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 252, 324).

**Ingvar Pálmason:** Þetta frv. er aftur komið frá Nd. og hefir þar verið gerð á því sú breyt., að sá hluti kostnaðar við að nema burt farartálma á höfn, sem hafnarsjóði er ætlað að greiða, er færður niður; auk þess er forminu breytt þannig, að hafnarsjóði er ekki ætlað að greiða nema 500 kr. Verði nettókostnaður meiri en 500 kr., greiðist það, sem umfram er, að ⅔ hlutum úr ríkissjóði og ⅓ úr hafnarsjóði. Sú skifting er í sjálfu sjer ekki óeðlileg; en þó er sleginn sá varnagli, að kostnaðarhluti hafnarsjóðs má aldrei nema meiru en ¼ hluta af þess árs tekjum hans. Sjútvn. þessarar d. lítur svo á, að þó þetta sje nokkru lægra en var í frv., þá sje rjett að fallast á þetta til samkomulags, að kostnaður hafnarsjóðs við að nema burtu farartálma á höfn verði ekki nema ¼ hluti af árstekjum sjóðsins það ár; en ríkissjóður greiði það, sem fram yfir er. En n. finst óþarft að gera skiftingu þessa kostnaðar eins grautarlega og Nd. hefir ákveðið, og telur nægilegt að slá því föstu, að hafnarsjóður greiði aldrei meira en ¼ af árstekjum sjóðsins. N. hyggur, að þessi leið, sem Nd. hefir valið um skiftingu kostnaðarins, geti valdið ágreiningi og að rjettara sje að ákveða það skýrt, þannig að hafnarsjóður greiði kostnaðinn alt að ¼ árstekna sjóðsins það ár. N. flytur því brtt. á þskj. 324, við 5. málsgr. frvgr., og leggur til, að hún verði samþ., enda þótt frv. verði að fara til Nd. aftur. Jeg býst við, að hjer geti ekki orðið

* Með svofeldri greinargerð: Jeg vildi aðeins geta þess, að það átti að greiða helming úr hafnarsjóði, en svo færði n. það niður í fjórða hluta, og þá virðist rjett, að hvor greiði sinn helming, hafnarsjóður og ríkissjóður, af þessum fjórða hluta, sem hafnarsjóður kemur til að greiða mest.

um mikinn ágreining að ræða milli þingdeildanna, þegar þær verða sammála um hámarksgreiðslu hafnarsjóðs.

ATKVGR.

Brtt. 324 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 340).

Á 49. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 340, n. 390 og 406).

**Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors):** Þetta frv. er hjer í deildinni til einnar umr. Jeg álít því útrætt um það að öðru leyti en því, sem við kemur þeirri breyt., sem hv. Ed. gerði á frv., en sú breyt. er á þskj. 324. Breyt. snertir það ákvæði laganna, hvernig skifta skuli kostnaði, sem leiðir af burtnámi farartálma úr siglingaleið, að svo miklu leyti sem sá kostnaður ekki fæst greiddur af eiganda farartálmans.

Þessi hv. deild hafði lagt til, að hafnarsjóður greiddi af þessum kostnaði fyrstu 500 krónurnar, en síðan ⅓ hluta kostnaðar, þó aldrei meira en ¼ hluta af „brúttó"-árstekjum sínum. Hv. Ed. breytti þessu í það horf, að hafnarsjóður á að greiða kostnaðinn allan, alt hvað hann ekki nemur meiru en ¼ hluta árstekna hans, en hitt á svo ríkissjóður að greiða í báðum tilfellum. Minni hl. sjútvn. hefir litið svo á, að hjer sje aðeins um smávægilega breyt. að ræða, orðbúningsbreytingu, eins og hv. minni hl. n. kallar það. En þetta er töluverður misskilningur, því að hjer er um mikla efnisbreyt. að ræða.

Um þessar till. má segja, að það gildi einu, hvor þeirra er, ef kostnaður við brottnám farartálma nemur ¾ árstekna hafnarsjóðs eða meira, vegna þess að framlag hafnarsjóðs takmarkast við ¼ hluta árstekna í báðum tillögunum, og sje kostnaðurinn orðinn ¾ af árstekjum, jafngildir ⅓ kostnaðar ¼ árstekna. Sje kostnaðurinn minni en þetta í hlutfalli við árstekjur hafnarsjóðs, ganga till. hv. Ed. mjög á hagsmuni hafnarsjóðs, og þegar kostnaður nemur ¼ hluta af árstekjum, þá er mismunurinn orðinn mestur, er verið getur. Þá er framlag hafnarsjóðs þrisvar sinnum meira eftir till. hv. Ed., því þá á hafnarsjóður að greiða allan kostnaðinn samkv. till. Ed., en aðeins ⅓ hluta hans samkv. till. Nd. Og helst þetta hlutfall áfram þegar kostnaðurinn minkar frá þessu í hlutfalli við árstekjurnar. Hefi jeg hjer ekki tekið tillit til 500 kr. framlagsins, enda skiftir það minstu. Þetta þykir nú kannske tyrfinn útreikningur, en er þó auðskilinn sæmilega reikningsglöggum mönnum. Meiri hl. hefir tekið eitt raunverulegt dæmi, til þess að sýna, að full rök liggja til grundvallar álitj meiri hl. um þetta efni. Reykjavíkurhöfn hefir um 1 milj. kr. árstekjur. Útkoman verður þá sú, ef miðað er við þessar tekjur, að mismunur þess, sem hafnarsjóði ber af mörkum að leggja eftir till., getur numið mest 167 þús. kr. á ári. Að öðru leyti

leyfi jeg mjer að vísa til nál. meiri hl. á þskj. 406.

Jeg á erfitt með að skilja, hvernig minni hl. fer að kalla þetta einungis „orðbúningsbreytingu“ eða „minni háttar breytingu“. Jeg vil vona, að hv. þdm. kynni sjer vel þau rök, sem fram eru flutt í nál. meiri hl., en hygg, að þeir, sem þegar hafa ekki haft áhuga til þess að kynna sjer það, muni nú litlu bættari, þó jeg lesi upp tölur og útreikninga þessu viðvíkjandi. En þess vil jeg vænta í lengstu lög, að hv. Nd. standi við það, sem hún hefir þegar sagt um þetta mál. Það er búið að ræða málið í þrjú skifti, og deildin hefir þegar kveðið upp sinn dóm. Nú veltur á því, að deildin standi við þann dóm, eftir að hv. Ed. hefir gert tilraun til þess að hrinda honum, tilraun, sem bygð er á hreinum misskilningi. En látum það aldrei á sannast, að hv. Ed., með sínum fáu atkv., traðki rjetti þessarar hv. deildar, þegar við höfum á rjettu máli að standa. Annars geri jeg fastlega ráð fyrir, að þegar minni hl. hefir sjeð það svart á hvítu, að hjer er um meira en orðbúningsbreytingu að ræða, muni mega leiðrjetta þann misskilning, sem nál. hans byggist á. Og ef svo tækist til, þá er jeg í engum vafa um, að deildin mun standa sem einn maður gegn þessari tilraun hv. Ed. til þess að traðka rjetti þessarar hv. deildar.

**Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson):** Hv. frsm. meiri hl. hefir skýrt þetta mál frá sínum bæjardyrum. Leggur hann mikla áherslu á þann aðstöðumun, sem kemur fram, þar sem stórir eru hafnarsjóðir og auðugir. Minni hl. lítur svo á, að ekki sje um stórvægilegan mun að ræða, nema þar sem tekjumiklir hafnarsjóðir eiga í hlut og kostnaður við brottnám farartálma er tiltölulega lítill. Í öllum þeim tilfellum, þegar slíkur kostnaður nemur sem svarar ¼ af tekjum hafnarsjóðs og þar yfir, þá er munurinn lítill eða enginn. (ÓTh: Þetta er ekki rjett). Þetta er alveg rjett. Að því er snertir dæmi meiri hl. af Reykjavíkurhöfn, þar sem er stór og tekjumikill hafnarsjóður, þá getur í vissum tilfellum, t. d. ef kostnaður nemur kringum eða neðan við ¼ af tekjum sjóðsins, þessi munur orðið töluvert mikill ríkissjóði í vil. En það sýnist ekki óeðlilegt, að þar sem eru tekjumiklir hafnarsjóðir, þá beri þeim skylda til að ryðja farartálmum úr vegi, að því leyti sem kostnaðurinn fæst ekki greiddur af eiganda þess, sem farartálma veldur, samkv. almennum lögum. Sjóðunum hefir verið gefin aðstaða til slíks síðari árin, með því að þeim eru gjaldstofnar fengnir og ýmsir möguleikar til þess að afla tekna. Og þar sem þessar tekjur hafa víðast vaxið mjög á síðustu árum, þá sýnist ekki óeðlilegt, að eldri ákvæðum um þessi efni sje breytt og sjóðunum lagðar meiri kvaðir á herðar. Samkv. lögum frá 1911 er hafnarsjóðunum aðeins ætlað að greiða 300 kr. til burtnáms farartálma, hversu kostnaðarsamt sem verkið er, en ríkissjóði allur mismunur, og tekur ekki tali að láta þau eða lík ákvæði haldast lengur. Þar sem hafnarsjóðir hafa nú umráð yfir miklu fje, eins og hefir verið bent á um Reykjavíkurhöfn, þá leiðir af því,

að máttur þeirra er stórum meiri en áður, og þess vegna eru þeir fullfærir um að taka á sig þann aukna kostnað, sem frv. ætlar þeim eftir till. minni hl. n. Í flestum tilfellum, þegar kostnaðurinn við burtnám farartálma nálgast það að svara ½ árstekjum hafnarsjóðs, eða ofan við það, þá verður breyt. eftir till. Ed. lítil eða engin. En ef till. meiri hl. verður samþ., þá er með því leitað aukinna hagsbóta og jafnvel ófyrirsynju fyrir hina stærri hafnarsjóði. Annars skal jeg að lokum taka það fram, að jeg legg ekki svo mjög mikla áherslu á þetta atriði, enda hygg jeg það tæplega svo stórvægilegt, að það sje ómaksins vert að hrekja málið á milli deilda fyrir sakir tillagna meiri hl.

**Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors):** Hv. frsm. minni hl. vjek að því, að rjett væri að leggja þyngri byrðar á hina tekjumeiri hafnarsjóði. Jeg vil biðja hv. þdm. að athuga, að það atriði er þegar útrætt í þessari hv. d., við þrjár umr., sem fram fóru um málið. En hitt, sem hv. frsm. sagði um hina stærðfræðilegu hlið þessa máls, var flest þveröfugt við staðreyndirnar. Hv. þm. sagði meðal annars þessa setningu, sem jeg skrifaði hjá mjer og hv. þm. leiðrjettir sjálfsagt, ef jeg fer ekki rjett með: „Í öllum tilfellum, þegar kostnaður við brottnám farartálma af siglingaleið nemur sem svarar ¼ hluta af tekjum hafnarsjóðs og þar yfir, er munurinn lítill eða enginn". — Auðvitað er þetta alrangt, eins og jeg þegar hefi skýrt. Efa jeg ekki, að hv. þm. áttar sig á því, þótt síðar verði, og eftirskil jeg þessum mæta manni að gerbreyta þessu öllu, venju samkvæmt, í þingtíðindunum, þegar hann leiðrjettir ræðu sína. En það er þýðingarlaust fyrir hv. þm. að reyna að láta líta svo út, að báðar till. komi út á eitt. Eftir annari till. skal hafnarsjóður bera allan kostnaðinn, en samkv. hinni skal hann einungis greiða ⅓ hluta, og fari þó aldrei fram úr ¼ hluta árstekna. Hjer er því ekki um að ræða neina „minni háttar breytingu", eins og minni hl. orðar það, heldur meginbreyt. — Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni.

**Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson):** Jeg ætla ekki að deila lengi um þetta atriði, hvorki við hv. frsm. meiri hl. eða aðra. Skal einungis taka það fram, að ef brtt. meiri hl. verða samþ., þá kemst frv. í sama horf og sama form og það hafði er það fór frá Nd. áður. Tel jeg ekki ósennilegt, að hv. Ed. mundi geta sætt sig við þau úrslit, ef til kæmi, en reyndar mun leið frv. liggja til sameinaðs þings, ef svo fer. Jeg skal bæta því við, að ef svo færi, þá yrði kostur ríkissjóðs þó öllu lakari en samkv. till. hv. Ed. og minni hl., og kæmi það vitanlega til hagsbóta fyrir hina tekjumeiri hafnarsjóði, sem síst þurfa styrktar við. Að öðru leyti skal jeg ekki fara neitt út í það, hvort jeg eða hv. frsm. meiri hl. hafi skilið rjett muninn á till. meiri og minni hl. Það mun verða skorið úr því við atkvgr., og er hún þó ekki efsti dómur. Hinsvegar er mjer þetta ekkert kappsmál og vil þó vænta þess, að nokkur bót fáist á þeim eldri og úreltu ákvæðum þessara laga.

**ATKVGR.**

Brtt. 406 samþ. með 14:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

---

Á 58. fundi í Ed., 1. maí, og á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 482).

Á 4. fundi í Sþ., 7. maí, var frv. tekið til umr.

**Ingvar Pálmason:** Frv. þetta hefir nú gengið í gegnum báðar deildir þingsins, 3 umr. í hvorri deild, og aftur eina umr. í hvorri, og ekki fengist samkomulag um málið.

Það, sem á milli ber, virðist ekki sjerstaklega stórvægilegt atriði. Það er það, að ákveða, hversu mikinn þátt hlutaðeigandi hafnarsjóðir skuli taka í kostnaði við að nema burt farartálma samkv. þessum lögum. Nú hafa báðar deildir komið sjer saman um, að hluti hafnarsjóðs skuli aldrei nema meiru en ¼ hluta af árstekjum sjóðsins það ár.

Að fara inn á frv. þetta í einstökum atriðum virðist ekki ástæða til að þessu sinni, en við, sem eigum sæti í sjútvn. Ed., teljum okkur hafa gengið svo langt til samkomulags, að ekki sje ástæða til að ganga lengra.

Eftir frv. eins og það nú er, eftir eina umr. í hv. Nd., á hafnarsjóður að greiða kostnaðinn upp að 500 kr., en það, sem hann kann að nema fram yfir það, á að greiðast að ⅓ úr hafnarsjóði og ⅔ úr ríkissjóði, þó hannig, að hluti hafnarsjóðs aldrei nemi meiru en ¼ af tekjum hans það ár. Sjútvn. Ed. telur hinsvegar nægilegt, að því sje slegið föstu, að hluti hafnarsjóðs skuli ekki nema meiru en ¼ af tekjum þess árs, og liggur þá í því, að hafnarsjóður greiði allan kostnaðinn upp að því marki. Þetta hefir Ed. haldið fast við og vill enn halda fast á sínu máli.

Að okkar áliti, Ed.-manna, getur hjer tæplega orðið um verulegan mun að ræða, svo að stórfje geti numið; þó getur það komið fyrir í sjerstökum tilfellum, að þetta geti munað nokkru fyrir ríkissjóðinn.

Sjerstaklega teljum við þann ókost á frv., að eins og það nú liggur fyrir er ekki hægt að sjá, hvernig kostnaðurinn skiftist, fyr en hann nær hámarki.

Sjútvn. Ed. flytur nú aftur brtt. shlj. þeirri, sem hún flutti við eina umr. í Ed., og vil jeg nú að svo mæltu afhenda hæstv. forseta þessa till. Hún er að vísu prentuð og má finna hana í skjölum þingsins, en af því að henni hefir ekki verið útbýtt í Sþ., hygg jeg, að hún verði að skoðast sem skrifleg.

**Forseti (MT):** Mjer hefir borist svo hljóðandi brtt. frá sjútvn. Ed.: [Sjá þskj. 565].

**Frsm. meiri hl. sjútvn. Nd. (Ólafur Thors):** Jeg vil aðeins leyfa mjer að spyrja hæstv. forseta, hvort ekki þurfi að leita afbrigða fyrir brtt. þessa.

**Forseti (MT):** Jeg tók ekki eftir, að neinn hæstv. ráðh. væri viðstaddur, og ætlaði að láta þetta bíða þangað til kæmi að atkvgr., en nú sje jeg hæstv. fjmrh. hjer í salnum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 565 leyfð af stj., en þingið synjaði þeirra með 12:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BÁ, BK, EÁ, EF, GÓ, GunnS, HStef, HJ, HG, IngB, IP, JóhJóh, JónJ, JS, JKr, JörB, LH, MJ, PH, SE, SvÓ, ÞorlJ, MT.

nei: BSv, BSt, EJ, HV, IHB, JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO, SÁÓ.

Sex þm. (HSteins, HK, JBald, JÞ, JónasJ, TrÞ) fjarstaddir.

**Frsm. meiri hl. sjútvn. Nd. (Ólafur Thors):** Eftir þessa atkvgr. sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Nú hafa menn tækifæri til að samþ. gerðir Nd., eða fella frv. alla.

Annars var það ekki rjett hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP), að hjer sje um mjög veigalítið ágreiningsatriði að ræða. Það sjest best á því, að fyrir hafnarsjóð Reykjavíkurbæjar getur munað alt að 167 þús. kr., hvor leiðin er farin.

Það er rjett, að í vissu falli getur niðurstaðan orðið hin sama, nefnil. þegar kostnaðurinn nemur ¾ af árstekjum hafnarsjóðs. Þá er sama, hvort sagt er, að hafnarsjóður skuli greiða ⅓ hluta kostnaðar eða ¼ hluta af árstekjum sínum það ár. Því að ¾ : 3 = ¼. Þetta er ofureinfalt reikningsdæmi, sem jeg hygg, að a. m. k. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) geti skilið. Sem sagt, þegar kostnaðurinn er ¾ af árstekjum hafnarsjóðs eða meiri, gildir einu, hvor leiðin er farin. En lækki kostnaðurinn í hlutfalli við árstekjur, fer munurinn vaxandi og nær hámarki sínu þegar kostnaðurinn nemur ¼ af árstekjum sjóðsins. Eins og sýnt er fram á í nál. á þskj. 406, getur þessi mismunur numið að því er snertir Reykjavíkurhöfn, sem hefir ca. 1 milj. kr. árstekjur, 167 þús. kr. á ári. Það er því fjarri lagi að vera að deila um, hvort hjer sje um verulegt atriði að ræða. Hitt má auðvitað deila um, hvort það sje sanngjarnt eða rjett að binda hafnarsjóðum slíkan bagga.

Jeg sje ekki ástæðu til að vera að fjölyrða um þá hlið málsins að þessu sinni. Hv. Nd. hefir tekið svo ákveðna afstöðu til þess, næstum einróma, við eina umr. fyrir skömmu, og með því að atkvgr. um afbrigðin fór eins og hún fór, þá vænti jeg einnig, að hv. Ed.-menn kjósi heldur að samþ. frv. eins og það liggur fyrir en að fella það. Af tvennu illu, frá þeirra sjónarmiði, vænti jeg, að þeir kjósi það betra.

**Ingvar Pálmason:** Jeg hygg, að þar sem sameinað Alþingi hefir beitt þeirri óvenjulegu aðferð hjer að neita um afbrigði fyrir brtt. okkar, að við Ed.-menn höfum fulla ástæðu til að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann tæki mál þetta út af dagskrá nú, svo að brtt. okkar geti komið til atkv. Jeg vil því leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

**Frsm. meiri hl. sjútvn. Nd. (Ólafur Thors):** Mjer finst atkvgr., sem hjer hefir farið fram, svo skýr, að ekki sje hægt að búast við annari niðurstöðu, þótt til atkv. kæmi um till. sjálfa. Jeg get hinsvegar vel sætt mig við, að málið verði tekið af dagskrá, með því að ef til vill má segja, að hv. Ed.-menn hafi verið beittir harðýðgi, og er síst

ástæða fyrir þá, sem afbrigða hafa synjað, að leggja á móti því, að málið verði tekið af dagskrá.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það er sem betur fer sjaldgæft hjer á Alþingi, að slíkur reipdráttur verði á milli deilda sem átt hefir sjer stað í þessu máli.

Um málið sjálft vil jeg aðeins segja það, að sú brtt., sem hv. 2. þm. S.-M. flytur, er nær frv. eins og það var frá stj. hendi og betri fyrir ríkissjóðinn, en jeg mun þó eigi að síður, ríkissjóðsins vegna, telja mjer skylt að mæla á móti því, að hún verði samþ.

Það er vegna þess, að ef brtt. verður samþ., má telja víst, að frv. verði felt á eftir.

Hv. 2. þm. S.-M. má ekki búast við því, að hann fái alla hv. þm., sem eru fylgjandi till. efnislega, til að greiða atkv. með henni; þeir munu margir hverjir greiða atkv. gegn henni, til þess að fá það næstbesta, nefnil. frv. eins og það er nú.

Þar sem það virðist kappsmál margra hv. Ed.-manna, að málið verði tekið út af dagskrá, vil jeg styðja að því, að svo verði gert, til þess að stofna ekki til meiri ófriðar. En jeg vil þó beina því til hv. 2. þm. S.-M., hvort hann getur ekki fallist á að hverfa frá þessari ósk, með því að telja má næstum því víst, að till. nái ekki fram að ganga.

**Ingvar Pálmason:** Jeg skal verða við þeirri ósk hæstv. forsrh. að svara því, hvort jeg geti fallið frá þeirri ósk, að málið verði tekið út af dagskrá, en jeg verð að svara því neitandi. Mjer stendur enginn ótti af því, þótt frv. verði felt. Það kemur dagur eftir þennan dag og þing eftir þetta þing, og þar sem það er viðurkent af hæstv. forsrh. og fleirum, að stefna okkar Ed.-manna sje rjett og eðlileg, tel jeg engan nauð reka til, að þetta frv. verði samþ. nú. Jeg veit, að hæstv. forsrh. er það áhugamál að fá leiðrjettingu á núgildandi l. um þetta efni, en jeg get ekki fallið frá þessari ósk minni, sjerstaklega þegar jeg sje, að hv. Nd. hefir tilhneigingu til að beita okkur Ed.-menn ofríki. Að svo sje, kom greinilega í ljós í því, að hv. Nd. skyldi synja um afbrigði fyrir þessa till., og jeg vil heldur bera skarðan hlut frá borði, þannig að málið gangi ekki fram, því að jeg hefi góða von um, að till. okkar Ed.-manna nái fram að ganga, þó að síðar verði.

Það, sem á milli ber, snýst aðallega um hafnarsjóðina í Reykjavík og Hafnarfirði, cg að nokkru leyti í Vestmannaeyjum. Þegar þess er gætt, að sumir hafnarsjóðir hafa mikil efni, að einum hafnarsjóði hafa verið veitt mikil hlunnindi fram yfir alla aðra hafnarsjóði af Alþingi, þ. e. fengið fje til mannvirkis, sem sannanlegt er, að hann gat reist upp á eigin spýtur, sje jeg ekki ástæðu til þess að láta í minni pokann. Jeg er þess sannfærður, að einhverntíma opnast augun á mönnum fyrir því, að ekki sje rjett, að ríkið greiði slíkan kostnað, þegar um auðuga hafnarsjóði er að ræða.

Hv. Nd. meinaði okkur Ed.-mönnum um afbrigði fyrir till. okkar, en þótt við megum okkur lítils hjer í hv. Sþ., teljum við rjett að halda hlut okkar fyrir Nd.-mönnum, hvernig sem ástatt er.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil benda á það, að eins og löggjöfinni er nú háttað, getur hvaða hafnarnefnd sem er úti um landið gert ráðstafanir, sem hafa tuga þúsunda kr. útgjöld í för með sjer fyrir ríkið, án þess að spyrja stj. Þó að ekki væri við öðru gert en þessu, tel jeg það stórt spor til bóta.

Það er sýnt, að ekki er hægt á þessu þingi að stíga það spor, sem stj. og hv. Ed. leggur til, að stigið verði, og verður þess vegna að lúta að því, að stíga það sporið, sem hægt er að stíga, þó að skemmra sje. En jeg er reiðubúinn til þess að vinna að því með hv. 2. þm. S.-M., að hitt sporið verði stigið á næsta þingi. En jeg legg áherslu á það, að þetta frv. nái fram að ganga, ríkissjóðsins vegna.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 17. maí, var fram haldið umr. um frv. (A. 482, 565).

**Ingvar Pálmason:** Þar sem hæstv. forsrh. er veikur og getur ekki mætt hjer, en er hinsvegar mjög mótfallinn brtt. sjútvn. Ed., eins og greinilega kom í ljós við fyrri hluta þessarar umr., óska jeg ekki eftir að þessi brtt. komi til atkv., og hefi í samráði við hv. þm. Ak. fallist á að taka hana aftur.

ATKVGR.
Brtt. 565 tekin aftur.

Frv. samþ. með 28:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 692).

## 49. Tilbúinn áburður.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð** (þmfrv., A. 142).

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Pjetur Ottesen):** Jeg ætla ekki að hefja neinar umr. um mál þetta nú; það var svo þrautrætt í fyrra í sambandi við lögin um tilbúinn áburð. Jeg leyfi mjer því aðeins að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 329).

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Landbn. hefir athugað frv. þetta og borið sig saman við mann þann, er sjerstaklega hefir haft kaup og útsendingu áburðarins á hendi undanfarið, Árna G. Eylands. Mjer er óhætt að segja, að n. hefir varið miklum tíma í að velta því fyrir sjer, hvernig styrknum yrði best fyrir komið og öllum gert sem jafnast undir höfði. Eftir þá íhugun hefir n. komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje um aðra leið að ræða líklegri til að ráða bót á misrjettinu en þá, sem stungið er upp á í frv.

N. leggur til, að í staðinn fyrir „á-

burðarmagn (þyngd)“ í frv. komi: söluverð. Er það gert að bendingu Árna. Nú fá menn 3 kr. flutningsstyrk á áburðarsekk, sem ekki kostar nema 9—10 kr. Sama styrk fá þeir, er kaupa t. d. „nitrophoska“, en af því kostar sekkurinn 30 kr. Í þessum áburði eru öll áburðarefni sameinuð og fyrirferðin hlutfallslega lítil. En það er ekki ástæða til að ýta undir menn til að kaupa þau efnasambönd, sem eru sjerstaklega mikil fyrirferðar, og kosta því ríkissjóð miklu meira í flutningsgjöldum.

Í öðru lagi leggur n. til, að í stað orðanna „fyrir hver áramót“ í 1. málslið 5. málsgr. komi: fyrir 1. október. Hafði n. þar í huga, að menn gætu fengið styrkinn útborgaðan um áramót. Það er alment svo, að menn gera upp viðskifti sín um áramótin. Er það bændum því hagkvæmara að fá styrkinn útborgaðan það snemma. Er því ástæða til að hraða skýrslusöfnuninni.

Í 3. brtt. er það ekki nánar ákveðið hvernig skírteini þau skuli vera, er fylgja eiga skýrslunum. Er það lagt á vald atvmrh. að ákveða það með reglugerð. Ráðunautur n. skýrði henni frá, að sjer hefði flogið í hug, að láta mætti sjerstakan seðil fylgja hverjum sekk, er notandi fengi í hendur. Þessir seðlar fylgdu svo skýrslunum sem sönnunargagn fyrir því, að þeir hefðu keypt og notað áburðinn, en þetta er bara lausleg uppástunga, því að n. vildi ekki ákveða, að svona skyldi það vera og ekki öðruvísi. Það getur verið um fleiri leiðir að ræða, og því taldi hún rjett að fela atvmrh. ákvörðunarrjettinn og að gefa út reglugerð, sem styddist við till. þessara manna. — Jeg mun nú ekki fjölyrða frekar um þetta mál, því að jeg hefi flutt það bæði í fyrra og nú, en vona, að því verði nú vel tekið.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Mjer er það í fersku minni, að í fyrra, þegar frv. um þetta efni var á ferð, komu svipaðar till. fram, en þá var svo liðið á þingið, að til þess að stofna málinu í heild ekki í voða var samþykt þeirra frestað.

Mitt álit er það, að hjer sje farið inn á rjetta braut, en jeg vildi þó gera tvær aths. við þetta. Jeg vildi beina því til hv. n., hvers vegna hún hafi ákveðið, að Búnaðarfjelag Íslands skyldi hafa úthlutunina á hendi. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, er það S. Í. S., sem hefir aðalverslunina á hendi fyrir bændur, og því álít jeg það hyggilegra að láta það sjá um úthlutunina í þessi 3 ár. Hitt atriðið lýtur að styrk hreppa-, búnaðar- og jarðræktarfjelaga. Oft er það svo, að þessar stofnanir útvega áburðinn, en oftar gera samvinnufjelög bænda það. Vildi jeg því beina því til n., hvort ekki myndi rjett að taka þau fjelög með.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg get ekki látið þetta frv. ganga gegnum deildina án þess að mótmæla einu atriði í grg. þeirri, er því fylgir. Þar er sagt á þá leið, að frv. sje fram komið til þess að bæta úr misrjetti, sem bændur yrðu fyrir í gildandi lögum í styrkveitingunni til áburðarflutningsins. Þetta er rangt. Eftir núgildandi lögum hafa allir bændur **jafnan** styrk og fá hann allir fyrir **sama** verð á sinni

verslunarhöfn, hvar sem er á landinu, og er aðstaðan til hans alveg sú sama og alls þess varnings, er menn þurfa að flytja að sjer, að kostnaðurinn við kaupstaðaferðirnar er því meiri sem vegurinn er lengri. Þessa mismunandi aðstöðu jarðanna er ekki unt að þurka út, enda er það hún, sem meðal annars skapar verðlagið á jörðum í landinu, og í verðlaginu njóta og gjalda þær þessarar aðstöðu. Hjer er aftur á móti farið fram á misjafna styrkveitingu til bænda; að greiða þeim meira, sem lengri hafa landflutning. Jeg ætla mjer nú ekki í sjálfu sjer að fara að andmæla því, að þetta fyrirkomulag sje reynt. En jeg vil láta nefna hlutina rjettum nöfnum. Hinsvegar verð jeg að segja, að mjer finst málið helst til flókið eins og það liggur fyrir nú, og Búnaðarfjelag Íslands verður ekki öfundsvert af að þurfa að úthluta þessum styrk. Jeg efast líka um, að meira rjettlæti sje náð með þessu en áður var, en mun þó verða fylgjandi frv., m. a. til að undirstrika það, að það er ekki „bóndinn í Mosfellssveit", sem talar, eins og einn hv. þm. skaut að mjer. Jeg þekki gildi tilbúins áburðar og mun nota hann jafnt hvort nokkur styrkur er veittur til flutnings hans eða ekki. En jeg vil einskis láta ófreistað til að vinna að útbreiðslu hans, og ef þetta mætti verða til þess, þá er vel. Reyna má það að minsta kosti.

Jeg vildi að lokum beina þeirri fyrirspurn til hv. nefndar, hvernig á að skilja 2. liðinn: „Stjórnir fjelaganna skifta styrknum milli áburðarnotenda innan hreppa hlutfallslega eftir flutningskostnaði þangað, er áburðurinn er notaður, og þyngd áburðarins". Hvernig hugsar n. sjer fyrirkomulag þessa? Ætlast hún til, að búinn sje til sjerstakur styrktaxti fyrir hvert býli í landinu, sem áburðinn notar, eða á að láta nægja að hafa einn sameiginl. taxta fyrir hvert búnaðarfjelag? Um þetta vildi jeg gjarnan fá upplýsingar, þar eð það kemur til minna kasta sem stjórnarnefndarmanns í B. F. Í. að sjá um úthlutunina.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. forsrh. verð jeg að segja, að jeg álít rjettara, að Búnaðarfjelagið hafi úthlutun þessa opinbera styrks með höndum heldur en S. Í. S., þótt það hafi tekið að sjer verslunina.

**Frsm. (Jón Sigurðsson)**: Jeg þarf ekki mörgu að svara í ræðu hæstv. forsrh., en hvað snertir tilmæli hans um að láta S. Í. S. en ekki Búnaðarfjel. hafa á hendi skiftingu styrksins, þá vil jeg geta þess, að jeg hefi litið svo á, að starfsemi þessara fjelaga væri í rauninni svo hliðstæð og samantvinnuð, að jeg gekk út frá því sem gefnu, að þótt Búnaðarfjelagið fengi skýrslurnar, myndi það bera sig saman við framkvæmdarstjóra Sambandsins, er hefir áburðarverslunina, enda hefir Búnaðarfjel. yfir mönnum að ráða, sem hafa sjerstakan kunnugleika á þessu sviði til að bera, svo jeg álít, að Búnaðarfjel. standi þess vegna betur að vígi við að reikna út það, sem reikna þarf.

Hv. þm. Mýr. hefi jeg ekki mörgu að svara. Það er tæplega ástæða til að deila um, hvort hjer hafi verið misrjetti á ferðum. Það liggur svo í augum uppi, þegar um áburðarflutninginn er að ræða, þá er mikill munur á að-

stöðu manna. Ríkissjóður hefir ljett undir með áburðarflutning, þannig að þeir, sem við sjóinn búa, fá allan kostnaðinn greiddan, en þeir, sem búa fram til dala, fá aðeins brothluta af flutningskostnaðinum heim til sín. Þetta kallar þm. Mýr. aðstöðumun, en þetta er misrjetti og ranglæti, sem hefir komist inn vegna aðstöðumunar þessara tveggja aðila, og þann aðstöðumun verður löggjafarvaldið að jafna.

Hv. þm. sagði, að með þessu frv. væri ekki meiru rjettlæti náð en verið hefði áður, og með frv. væri þeim, er langt ættu í kaupstað, gert hærra undir höfði en öðrum. Þetta er fullkominn misskilningur. Allir fá hlutfallslegan styrk, miðað við heildarflutningskostnað frá útlöndum og heim til sín. Þá spurði hv. þm., hvernig ætti að skilja 2. tölulið, viðvíkjandi flutningi áburðarins til hjeraðanna. Jeg fyrir mitt leyti hefi litið svo á, að Búnaðarfjelagið ætti að miða við flutninginn til staðar, sem lægi sem næst miðju hreppsins, en hreppsbúnaðarfjelagið jafna svo aðstöðumuninn milli bænda innan hreppa.

**Jón Auðunn Jónsson:** Jeg vildi beina þeim tilmælum til hv. þdm., að þar sem um styrk til flutnings áburðarins er að ræða, hlutist þeir til um, að þessi vara verði flutt án burðargjalds með þeim skipum, sem landið hefir yfir að ráða, svo að við það verði enginn kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. Jeg hefi átt tal við formann þess báts, sem gengur um Ísafjarðardjúp, og farið fram á þetta við hann, og hefir hann tekið mjög vel í það. Þetta mun spara um 1100 kr. samkv. gildandi gjaldskrá, en jeg tel ekki nema sanngjarnt, að bátarnir flytji áburðinn landinu að kostnaðarlausu.

**Hannes Jónsson:** Jeg hefi ekki viljað ganga inn á þá skoðun, að það sje rjett, sem í raun og veru felst í þessu frv. eins og það er úr garði gert. Hv. þm. Mýr. hefir lýst skoðun sinni á málinu, og jeg get sagt, að jeg er honum að mörgu leyti sammála. Jeg get yfirleitt ekki sjeð neitt ranglæti í því, að allir njóti sömu kjara um kaup á áburði í þeim verslunarstöðum, sem hann er seldur. Hitt er annað mál, að menn eru mismunandi vel settir til að sækja þessa verslun eins og aðra. Jeg hefi aldrei orðið var við till. í þá átt að meta hús hærra til lántöku úr byggingar- og landnámssjóði fyrir það, þó það standi langt frá verslunarstað, og getur þó verið mikill munur að því, hvað það kostar menn að flytja byggingarefni að sjer. Enginn munur er heldur gerður á því, hvort menn verða að flytja steypuefni heila bæjarleið að eða hvort þeir fá það upp úr grunninum hjá sjer. Eins er því farið með styrk, sem veittur er til ræktunar landsins. Þar er enginn munur gerður á því, hvort um víðáttumikið sljettlendi er að ræða, þar sem vegir liggja um og því auðvelt að koma við dráttarvjelum, eða afdali, þar sem þröngt er til ræktunar og vegalaust og engum vjelum verður við komið. Svona gjalda menn aðstöðu sinnar á allan hátt, en það getur verið rjettmætt að upphefja þann aðstöðumun, og er að mörgu leyti nauðsynlegt. Að því er stefnt með vega- og símalagn-

ingu, auknum samgöngum á sjó og öðrum slíkum samgöngubótum. Lengra en þetta tel jeg hæpið, að hjálp þjóðfjelagsins geti náð.

Af þessum ástæðum tel jeg frv. þetta til lítilla þjóðþrifa, enda er hjer um svo örlítið brot að ræða af því óhagræði, sem menn verða fyrir vegna aðstöðu sinnar, að þess gætir varla. Ennfremur er hætt við, að í framkvæmdinni myndist órjettlæti, sem örðugt verði við að eiga. Jeg get t. d. ekki hugsað mjer, að gerður verði munur á styrkveitingu til flutninga á bátum, bílum, kerrum eða klökkum, og getur þó verið um mjög mikinn mismun að ræða.

Hv. frsm. gerir ráð fyrir, að miðað verði við flutningskostnað inn í miðjan hreppinn. Hvernig ætlar hann að fara með Kirkjuhvammshrepp? Hvammstangi liggur nálægt miðju hreppsins. Á ekki að taka neitt tillit til flutningskostnaðar um hann? Það er þó lengra á hreppsenda frá Hvammstanga heldur en í miðjan Ytri-Torfustaðahrepp, sem sjálfsagt fær styrk vegna landflutninga.

Alla þessa örðugleika hafa hv. flm. frv. sjálfsagt sjeð, þó þeir hafi ekki viljað við þá kannast, þegar bent er á þá. Þeir leika sjer að því að loka augunum fyrir þessu, eða a. m. k. draga annað augað í pung. Þó þeir hinsvegar viðurkenni gallana með því að setja engin ákvæði um úthlutun styrksins í frv., en ætlast til, að stj. gefi út reglugerð, sem taki af þeim allan vandann. Varla er þetta gert af einskæru trausti til stj.; fremur má ætla, að þeim sje ósárt um, þó stj. gefi út reglugerð, sem hlýtur að leiða af sjer ágreining og óánægju.

Tíminn mun leiða það í ljós, að með þessu frv. er stefnt inn á braut, sem ógreið reynist.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Vinur minn og sessunautur, hv. þm. V.-Húnv., talaði um, að n. hefði dregið annað augað í pung, eða lokað öðru auganu, þegar hún fjallaði um þetta mál, en því leyfi jeg mjer að mótmæla. Hún hafði bæði augun galopin, en jeg efast um, að hv. þm. V.-Húnv. hafi verið eins vakandi, er hann las yfir frv. Jeg held helst, að hann hafi haft bæði augun aftur, því hann veit ekki, hvað í frv. stendur. Hann fetti fingur út í það, að menn fengju ekki styrk nema til sjóflutninga, en það er alger misskilningur. Tilætlunin er sú, að menn fái styrk til að flytja að sjer vöruna, t. d. fengi bóndinn á Reykjum styrk til þess í hlutfalli við aðra. Styrkurinn kemur öllum til góða, en sá er munurinn, að menn, sem búa í nánd við Reykjavík, eiga hægari aðstöðu en aðrir og fá því nú minni styrk. Annars skal jeg játa það, að fullkomið rjettlæti verður aldrei fundið með slíkum styrkveitingum, en við álítum, að komist yrði mun nær takmarkinu með þessu móti heldur en eins og nú er. Munarins gætir því aðeins, að um verulegar vegalengdir sje að ræða.

Finst mjer svo ekki ástæða til að fara fleirum orðum um málið, en mjer virðist það undarlegt, ef menn geta ekki sætt sig við þetta frv., þótt það sje ekki alfullkomið, því að öllum mun þó ljóst, að það miðar til stórra bóta.

ATKVGR.

Brtt. 329,1 samþ. með 15:2 atkv.

Brtt. 329,2 samþ. án atkvgr.
— 329,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 329,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 351).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 351).
Á 52. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 351, n. 610).

**Frsm. (Jón Jónsson)**: Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, á að bæta úr aðstöðu þeirra manna, sem búa fjarri hafnarstað, að því er snertir flutningskostnað á tilbúnum áburði. Samkv. lögum um einkasölu á áburði, sem sett voru á síðasta þingi, voru notendum áburðarins veitt þau vildarkjör, að fá hann að frádregnum flutningsgjöldum á alla hafnarstaði hjer á landi. En þetta frv. gerir ráð fyrir, að veitt verði ívilnun á flutningsgjöldum frá kauptúnum út í sveitirnar, og á það aðeins að gilda til ársloka 1930. Þetta er að vísu ekkert stórmál, en landbn. áleit sanngjarnt, að þeir, sem ættu erfiðasta og lengsta flutninga, fengju þennan styrk í rjettu hlutfalli við það, sem þeir yrðu að kosta meiru til flutninga en þeir, sem búa við kauptúnin.

N. fanst þó ekki rjett að samþ. frv. óbreytt. Samkv. frv. á að miða styrkinn við tvent, verðupphæð þess áburðar, sem hlutaðeigandi búnaðarfjelag hefir fengið næstliðið ár, og flutningskostnað á áburðinum frá útlöndum heim til hvers fjelags. En ekki er tiltekið, að hve miklu leyti miðað er við hvorn liðinn fyrir sig. N. fanst eðlilegast að ákveða það skýrar og taldi rjettast að miða ívilnunina við flutningskostnaðinn. Sömuleiðis taldi hún rjett, að ef bæjarfjelögin keyptu áburð, þá gætu þau fengið þennan styrk eins og hreppsfjelögin.

Jeg skal taka það fram, að það vakti fyrir n., að búnaðarfjelögum og sveitarfjelögum yrði borgaður út þessi styrkur í einu lagi, og þeim síðan falið að skifta honum á milli notenda áburðarins eftir rjettri tiltölu. Það er þægilegra fyrir stj. að þurfa ekki að borga út til hvers einstaklings. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að stj. setji nánari reglur um úthlutunina, ef hún telur ástæðu til þess. Vera má, að það orki tvímælis, hvort þægilegra sje að fá þessa ívilnun greidda strax, og dregna frá áburðarverðinu, eða að hún verði útborguð eftir á. En frv.

gerir ráð fyrir, að notendur áburðarins borgi hann fullu verði, að meðtöldum flutningskostnaði, en að ívilnunin greiðist þeim á eftir; en það er ekki eins þægilegt.

N. mælir með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 610 (ný frvgr.) samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 661).

**Jón Baldvinsson:** Þetta frv. tók dálitlum breyt. hjer í deildinni, eins og kunnugt er. Þegar frv. kom hingað, var það þannig orðað, að enginn gat skilið það. Jeg hefi spurt marga reikningsglögga menn um það, hvernig ætti að reikna út þessi hlutföll milli flutningsgjalds og söluverðs, en hvergi fengið fullnægjandi svar.

Eftir frv. var því stj. alveg í sjálfsvald sett, hvernig á að skifta styrknum niður, og í öðru lagi var það svo, að landbn. Nd. hafði skilið eftir bæjarfjelög, eins og hún vilji ekki láta þau koma til greina við ívilnun þá, sem veitt er kaupendum áburðarins.

En það, sem úr hófi keyrir, er það, að landbn. Nd. skuli geta skilað frá sjer frv., sem ekki er hægt að botna í, og ekki er um flóknara efni. Rjett er að geta þess, að frv. var þó sæmilega skýrt frá hinum upprunalegu flutningsmönnum þess, svo að vitleysan er komin inn hjá Nd.-nefndinni. Tillögur hennar eru álíka vitlausar, en ekki eins skemtilegar eins og greinin í búnaðarritinu hjá Mark Twain og er eitthvað á þessa leið: Mykja er snotur fugl, sem verpir snemma í janúar. — Um gulrófurnar sagði hann, að þær væru fjarskalega viðkvæmar, svo að best væri að senda dreng upp í trjeð, til að tína þær, en láta þær ekki detta niður, til þess að koma í veg fyrir, að þær skömmuðust.

Jeg hefi aðeins viljað benda á, hvernig þetta frv. var, þegar það kom frá hv. Nd., um leið og við nú afgreiðum málið aftur til þeirrar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 661).

Á 72. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:1 atkv.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** N. hefir ekki haft tíma til að bera sig saman um þetta mál. En þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv., eru frekar smávægilegar. Viðvíkjandi þeirri breyt., sem ákvæðið um útreikning kostnaðarins felur í sjer, að það er felt niður, en í stað þess er stj. ætlað að setja þar um reglugerð, þá var það helst borið fyrir, að það mundi verða torvelt að fást við þennan út-

reikning. Landbn. Nd. komst vel frá að reikna þetta út, og jeg hygg, að það hefðu yfirleitt ekki orðið nein vandkvæði á því. En jeg býst ekki við, að n. geri þetta atriði að deiluefni. Jeg fyrir mitt leyti legg til, að frv. verði samþ.

**Hákon Kristófersson:** Ef á að skilja frv. þannig, að aðeins sje átt við strandferðaskip ríkisins, Esju, tel jeg betur farið, að það verði felt. (**JS:** Þetta er misskilningur). Er átt við öll skip, sem styrkt eru af fje ríkissjóðs? (**JS:** Já). Ef svo er, hefi jeg misskilið frv., og tek þá orð mín aftur. Mín andmæli bygðust einungis á því, að átt væri við Esju.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Það kennir dálítils misskilnings hjá hv. þm. Barð. Ákvæði frv. nær til allra skipa, sem styrkt eru af fje ríkissjóðs, hvort sem það er strandferðaskipið, flóabátarnir eða skip Eimskipafjelagsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 697).

## 50. Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (Ártún og Árbær).

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var útbýtt:

**Frv. til. l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur** (þmfrv., A. 385).

Á 53. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði, að það yrði tekið til meðferðar, með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IngB, JAJ, JS, JörB, LH, MJ, ÓTh, PO, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HG, BSv.

**nei:** MG, SvÓ, HStef.

Átta þm. (GunnS, HJ, HK, HV, J-Jós, JÓl, MT, SE) fjarstaddir.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:*** Hv. 1. flm. er ekki viðstaddur til þess að mæla með þessu frv. og fylgja því úr hlaði. Málið er í sjálfu sjer ákaflega einfalt, enda er grg. frv. ekki nema örfáar línur, og ef menn hafa ekki þegar lesið þær, geta þeir lesið þær snöggvast og komist að raun um, hvað hjer er á ferðum. Jeg vona, að hv. þdm. rugli ekki þessu frv. saman við annað frv. samnefnt, sem hjer var á döfinni fyrir skömmu og sem mjög þótti orka tvímælis, hvort rjett ætti á sjer. Um þetta frv. er alt öðru máli að gegna, því í þessu tilfelli orkar jafnlítils tvímælis eins og eldra frv. þótti orka mikils tvímælis. Jeg vil því beina þeirri ósk til hv. þdm., að þeir lofi máli þessu að ganga til nefndar. Málið er ekki flókið, og jeg geri fastlega ráð fyrir, að n, ljúki fljótlega við það, svo að það verði ekki að ófyrirsynju, að það sje látið ganga til nefndar.

Eins og grg. ber með sjer, hefir þetta mál hlotið þann undirbúning,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

sem eldra frv. þótti skorta, sem sje að leitað hefir verið álits og umsagnar hlutaðeigenda. Hafa báðir aðilar, bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Mosfellshrepps, komið sjer saman um málið með þeim skilmálum, sem í frv. greinir, enda flytjum við frv. samkv. tilmælum bæjarstj.

Jeg sje nú, að tveir hv. þdm. hafa þegar kvatt sjer hljóðs, svo að útsjeð er um, að málið verði afgr. á þessum fundi. Sennilega vakir fyrir þessum hv. þm. að tefja málið nokkra daga, í von um að geta á þann hátt varnað því framgangs. Það er rjett athugað, enda er málinu mjög hætt, alt hvað líður, en jeg vil eigi að síður beina þeim tilmælum til hv. deildar, að hún leyfi málinu að fara til n. nú þegar, því ekki ætti það eitt að saka. Skal jeg svo ekki lengja umr. að sinni og leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allshn.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það er alls ekki meining mín að tefja málið á neinn hátt, en þó þykir mjer rjett að fylgja því úr hlaði með fáum orðum. Jeg var harðorður um frv. það, sem deildin hafði til meðferðar fyrir skömmu, og sem var samnefnt þessu frv., en nú vil jeg geta þess, að um þetta frv. er alt annað að segja. Þetta mál hefir hlotið allan þann undirbúning, sem löglegur er, og verið samþ. af báðum aðilum. Jeg er því þessu eins mjög fylgjandi eins og jeg var á móti hinu eldra frv., enda er hjer ekki um að ræða yfirgang og ásælni Reykvíkinga, eins og í fyrra tilfellinu.

**Ólafur Thors:** Það var heldur ekki rjett hjá hv. 1. þm. Reykv. að fullyrða, að jeg væri á móti þessu máli. Það stendur alt öðruvísi á um þetta mál en um hið samnefnda frv., sem nú er komið fyrir kattarnef. En jeg bendi þó á það, að sá undirbúningur, sem slík mál eiga og þurfa að hafa, hefir alls ekki verið gerður í þessu máli. Það er að vísu rjett, að samkomulag hefir orðið milli tveggja aðilanna, hreppsins og bæjarstjórnarinnar, en álits þriðja aðilans hefir ekki verið leitað, sem sje sýslunnar. Mig minnir, að það sje í 42. gr. sveitarstjórnarlaganna skýrt ákvæði um það, að áður en slík skifti fari fram, þurfi samþykki bæði hlutaðeigandi hreppa og sýslunnar. — Það er ekki ein báran stök hjá þessum hv. þm. Reykv. Það er engu líkara en þeir tapi ráði og rænu, þegar þeir taka allir höndum saman um eitthvert mál. Þó eru a. m. k. tveir þeirra mjög greindir og greinagóðir menn, en það er eins og þeim fatist jafnskjótt sem þeim verður á að leggja lag sitt við samþingismenn sína, jafnaðarmennina.

Þetta mál er ekki undirbúið sem skyldi; það er alger misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Mýr. En jeg skal benda á það í þessu sambandi, að sýslufundur kemur saman um 29. þessa mánaðar, og er þá hægt að leita umsagnar hans um málið. Jeg get gengið inn á, að málið fái að fara til n., en hinu verð jeg harðlega að mótmæla, að málinu sje ráðið til endanlegra lykta að sýslunni fornspurðri.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg skal taka það fram, að sýslufundur hefst á morgun, að því er jeg best veit. Jeg tel því hættulaust að vísa málinu til 2. umr., því um það leyti mun svar sýslunefndar að sjálfsögðu vera komið. Jeg tel

sjálfsagt, að nú hefði þegar verið búið að leita álits sýslunefndar, ef ekki hefði staðið svo á, að sýslufundur átti að koma saman hvort sem var, áður en langt um liði. Það hefði því verið dálítill tvíverknaður og óþarfa umstang að kveðja sýslunefndina saman einungis í þessu skyni.

**Magnús Jónsson:*** Jeg skal með ánægju biðjast afsökunar á þeim getsökum, sem jeg gerði þessum tveim hv. þm., sem nú hafa talað í þessu máli. Vil jeg tjá þeim þakklæti fyrir undirtektir þeirra. Að svo mæltu þarf jeg litlu við að bæta. Hv. þm. Mýr. hefir sýnt fram á, hvernig ráða má máli þessu til lykta á allan löglegan hátt, með því að láta það ganga umsvifalaust til 2. umr. og leita því næst umsagnar sýslufundar, þegar hann kemur saman. En annars býst jeg satt að segja við, að ef hlutaðeigandi hreppur og bæjarfjelag ljá slíkum skiftum samþykki sitt, þá þurfi ekki að spyrja sýslunefnd frekar um leyfi. Það mun vera óhætt að ætla, að hlutaðeigandi hreppur gæti sinna hagsmuna, og ef svo er, þá má treysta því, að hreppurinn, sem gæðin lætur af hendi, muni vera eins dugleg stoð undir efnahag og afkomu sýslunnar í heild eftir sem áður. Jeg held því, að þetta ákvæði, sem hv. 2. þm. G.-K. var að vitna í, muni hafa verið sett vegna þeirra tilfella, að um algerða innlimun hreppa væri að ræða. En annars skal jeg ekki rökræða um þetta atriði, fyrst á annað borð er hægt að leita álits sýslunefndarinnar.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

**Ólafur Thors:** Jeg ætla aðeins að taka það fram, að mitt fylgi við þetta mál er því skilyrði bundið, að sýslunefndin sætti sig við það. Annars skal jeg geta þess, að það er ekki rjettur skilningur hjá hv. 1. þm. Reykv., að sýslunni komi slíkt ekki við, ef einungis Reykjavík og Mosfellssveit koma sjer saman um það og hreppurinn telur sínum hagsmunum borgið. Sýslan hefir skilyrðislausan rjett til íhlutunar um slík mál, og til þess er henni gefinn sá rjettur að lögum, að sjálfsagt þykir, að sýslan dæmi sjálf um, hvort fjárhagur hennar er skertur eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 7. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 385, n. 500).

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg vil aðeins taka það fram, að n. leggur eindregið til, að frv. þetta verði samþ. Reykjavíkurbær leggur mikla áherslu á að fá það í gegn; þess vegna vil jeg leyfa mjer að leggja til fyrir hönd n., að frv. verði samþ., og jafnframt beina því til hæstv. forseta, að hann taki það sem fyrst á dagskrá aftur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 385).

Á 66. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 385, n. 674).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Jarðirnar Árbær og Ártún í Mosfellssveit hafa um nokkurt skeið verið eign Reykjavíkur, enda eru mörg af mannvirkjum raforkuveitunnar í landi þessara jarða. Nú hafa samningar tekist milli Mosfellssveitar og Reykjavíkurbæjar um að leggja jarðir þessar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, gegn því að bærinn greiði hreppnum 15 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll, og taki Reykjavík við þeirri framfærsluskyldu, sem bundin er við þessar jarðir. Sýslan hefir gefið samþykki sitt til þessa, og í hv. Nd. flaug mál þetta ágreiningslaust í gegn. Leggur því allshn. þessarar deildar til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 700).

---

## 51. Síldarbræðsluverksmiðja.

Á 1. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar** (stjfrv., A. 4).

Á 5. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Hæstv. forsrh. er bundinn í Nd. við önnur

frv., og vil jeg því í hans stað fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum. Það var öllum ljóst í fyrra, þá er samþ. var breyt. á l. um einkasölu á síld, að bæta þurfti við nokkrum úrræðum í sambandi við síldarbræðsluna. Rannsóknum á því, hvernig síldarbræðsluverksmiðju yrði best fyrir komið, hefir svo verið haldið áfram og samkomulag náðst við Siglufjarðarkaupstað, þannig að hann leggi fram verulegan hluta af kostnaðinum. — Reynsla einkasölunnar bendir til þess, að dómi þeirra manna, sem besta þekking hafa í þessum efnum, að nauðsynlegt sje að stofna verksmiðju til bræðslu síldarinnar. Í frv. því, sem nú liggur fyrir hv. Ed., er lagt til um það, hversu þessu skuli hagað, en frv. er svo ljóst og skilmerkilegt, að jeg sje ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Jeg legg til, að frv. verði vísað til sjútvn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 220, 239).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 239. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er borið fram af hæstv. stj., og nú hefir sjútvn. haft það til meðferðar. N. er öll sammála um, að frv. eigi fram að ganga, en aftur á móti er hún ekki sammála um allar brtt., sem fram eru komnar. Með l. frá síðasta þingi var ákveðið að stofna verksmiðju til bræðslu síldar, og þar sem þau l. munu koma til framkvæmda svo fljótt sem hægt er, er sjálfsagt að setja lög um rekstur síldarverksmiðju. Jeg skal svo víkja nokkrum orðum að þeim breyt., sem öll n. er sammála um, að þurfi að gera á frv.

Brtt. okkar nm. eru á þskj. 220. Sú fyrsta er við 3. gr., að aftan við hana bætist ný málsgr. Gr. sjálf er þess efnis, að áður en árleg starfræksla hefjist skuli leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna. Á svo að ákveða með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár, en hvergi er gert ráð fyrir, að framboð á bræðslusíld geti orðið of mikið. Þess vegna leggur n. til, að þessi viðauki sje settur, að ef framboðið verður meira heldur en verksmiðjan getur unnið úr, þá sje tekið hlutfallslega jafnt af öllum umsækjendum.

Önnur brtt. er við 5. gr., þess efnis, að bæta við orðum í gr. Í gr. stendur, að síldarbræðslunni skuli skylt að láta af hendi við samvinnufjelög bænda nokkuð af árlegri framleiðslu sinni. N. vildi ekki einskorða þetta svo mjög við samvinnufjelögin, en taldi rjettara að fara heldur eftir ákvæðunum í l. um tilbúinn áburð, og tók því það orðalag, sem er á þeim l.

Þriðja brtt. er við 8. gr. frv. Gr. gerir ráð fyrir, að verksmiðjan kaupi síld af útlendingum, ef sjerstaklega stendur á. Þessi ráðstöfun getur auðvitað haft í för með sjer ýmist hagnað eða

tap. N. taldi rjettast að blanda þessu ekki saman við árlegan rekstur verksmiðjunnar og láta hagnaðinn renna óskiftan í varasjóð, enda beri hann tapið af kaupunum, ef nokkuð verður. — 4. brtt. er aðeins leiðrjetting, þannig, að greinatala frv. breytist samkv. atkvgr.

N. var öll sammála um þessar brtt., og var alls enginn ágreiningur um þær. Aftur á móti var hv. þm. Snæf. ekki fyllilega ánægður með fyrirmæli 7. gr., og flytur hann sjerstaka brtt. við hana á þskj. 239. Hann tók það fram í n., að hann legði svo mikla áherslu á þessa brtt. sína, að það væri algerlega undir framgangi hennar komið, hvort hann greiddi frv. atkv. eða ekki. Jeg ætla samt ekki að tala um þessa brtt. fyr en hv. þm. Snæf. hefir tekið til máls og gert grein fyrir henni.

**Halldór Steinsson:** Þótt jeg sje ekki ánægður með þetta frv., vildi jeg samt ekki kljúfa n., meðfram af því, að hv. meðnm. mínir gengu inn á ýmsar breyt., sem jeg taldi til bóta. Þeir vildu samt ekki fallast á aðrar brtt. en þær, sem eru á þskj. 220, og þess vegna skrifaði jeg undir nál. með fyrirvara.

Í 7. gr. frv. er svo ákveðið, að stj. verksmiðjunnar skipi þrír menn, einn tilnefndur af atvmrh., annar af stj. síldareinkasölunnar, og sá þriðji af bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar. Nú stendur svo á um þetta mál, að það eru aðallega tveir aðilar, sem að fyrirtækinu standa, ríkisstj., sem rekur það, og útgerðarmenn, sem hafa þar viðskifti. Það er því ekki nema rjettmætt, að þessir tveir aðilar hafi jafnan rjett til að ráða, hvernig stjórn verksmiðjunnar er skipuð, en eins og frv. nú er, er annar aðilinn með öllu sviftur íhlutunarrjetti um stjórnina. Þetta fanst mjer mjög ósanngjarnt, og ber þess vegna fram brtt. á þskj. 239, sem fer fram á, að stjórn verksmiðjunnar sje skipuð þrem mönnum; einum skipuðum af atvinnumálaráðherra, einum af stjórn síldareinkasölunnar, og einum tilnefndum af útgerðarmönnum, þeim er hafa viðskifti við verksmiðjuna. Er þetta mjög í hóf stilt, að annar aðalaðili skuli fá að ráða ⅓ stj. Mjer hefir líka dottið í hug, að sanngjarnara væri að láta hæstv. ríkisstj. skipa einn mann í stjórnina, útgerðarmenn annan og Fiskifjelagið þann þriðja. Með því fá útgerðarm. og ríkisstj. jafnan rjett til þess að skipa stjórnina, og mun það rjettlátast, þótt jeg hafi ekki komið fram með það. Ætti landbúnaðurinn hjer hlut að máli, þannig að verið væri að setja á stofn verksmiðju til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þá mundi áreiðanlega koma fram sú krafa, að bændur og Búnaðarfjelag Íslands fengju íhlutunarrjett um skipun stj., og væri það ekki nema rjettmætt. En ef þetta er rjett gagnvart landbúnaðinum, þá á sjávarútvegurinn að njóta sama rjettar, þar sem hann er annar aðalatvinnuvegurinn. Brtt. mín fer þannig aðeins fram á hina fylstu sanngirni, og vona jeg, að hv. d. líti svo á og samþ. hana.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil þakka hv. sjútvn. fyrir það, hve vel hún hefir tekið þessu frv. Hún hefir fallist á frv. í öllum aðalatriðum, og jeg hefi sjálfur ekk-

ert að athuga við brtt. hennar á þskj. 220.

Hv. þm. Snæf. á hjer sjerstaka brtt. á þskj. 239. Vil jeg geta þess, að þessi brtt. hans fer ekki aðeins fram á, að útgerðarmenn fái sinn sjerstaka fulltrúa í stjórn verksmiðjunnar, heldur sviftir hún einnig Siglufjarðarkaupstað sínum fulltrúa. Þetta get jeg alls ekki fallist á, en get þó að ýmsu leyti skrifað undir aths. hv. þm. Snæf. Það atriði, að Siglufjörður fái að skipa einn mann í stjórnina, er svo til komið, að þegar athugað var, hvar hentugast væri að setja upp svona verksmiðju, þá varð Siglufjörður fyrir valinu. Sá kaupstaður fær því mest hlunnindi af stofnuninni, og þótti þá sjálfsagt, að hann tæki einhvern verulegan þátt í stofnkostnaðinum. Hefir komið til tals, og fullvíst að getur orðið, að Siglufjörður legði til lóð undir verksmiðjuna á ágætum stað í bænum með miklum mannvirkjum. Þess vegna tel jeg ósanngjarnt, að Siglufjörður fái ekki jafnframt að hafa hönd í bagga með verksmiðjunni, en ef brtt. hv. þm. Snæf. verður samþ., þá er loku fyrir það skotið að bærinn fái nokkurn íhlutunarrjett um stjórnina. Má þá búast við, að bærinn kippi að sjer hendinni og ríkisjóður fái ekki þetta framlag, sem mun nema alt að ¼ stofnkostnaðar. Þess vegna er jeg á móti brtt. hv. þm. Snæf. eins og hún er nú. Jeg vil annars benda hv. sjútvn. og hv. þm. Snæf. á það, að ef til vill má finna aðra leið út úr þessu. Jeg sje t. d. ekkert því til fyrirstöðu að hafa 5 menn í stj. verksmiðjunnar, og þá má koma því við, að útgerðarmenn fái fulltrúa án þess að útiloka Siglufjörð.

Jeg vil annars geta þess, að mjer þótti það kynlegt, að hv. sjútvn. hefir ekki fengið ályktun, sem samþ. var á Búnaðarþingi út af 5. gr. þessa frv. Form. þeirrar n. sagði mjer, að hann hefði ekki fengið hana, en þar sem jeg vil ekki tefja umr. með því að lesa hana upp, vil jeg afhenda n. hana og biðja hv. nm. að athuga hana milli 2. og 3. umr.

**Jón Baldvinsson:** Ef á að fara inn á þá braut að fjölga mönnum í stj. verksmiðjunnar og útgerðarmenn fá þar einn fulltrúa, þá tel jeg sanngjarnt að á móti komi, að Alþýðusamband Íslands fái að tilnefna einn mann í stj. Það á þar mikilla hagsmuna að gæta vegna verkamannanna, og vil jeg áskilja mjer rjett til þess að bera síðar fram brtt. um þetta efni.

**Halldór Steinsson:** Jeg vil þakka hæstv. forsrh. fyrir, hve vel og liðlega hann tók í brtt. mína. Hann taldi fulla sanngirni, að útgerðarmenn fengju fulltrúa í stjórn verksmiðjunnar, en það væri agnúi á brtt. minni, að Siglufirði væri kipt úr stj. Þetta kann að vera rjett, að Siglufjörður hafi sett þetta skilyrði fyrir sínu framlagi til verksmiðjunnar, og skal jeg játa, að mjer er ekkert kappsmál að svifta Siglufjörð sínum fulltrúa, fyrst svona stendur á. Ef brtt. mín fellur núna, þá get jeg komið með aðra brtt. við 3. umr., þess efnis, að láta fulltrúa síldareinkasölunnar víkja fyrir fulltrúa útgerðarmanna. Jeg get ekki sjeð, að hún eigi rjett á að hafa mann í stj. verksmiðjunnar fremur en margir aðrir aðilar, og miklu síður en útgerðarmenn. Jeg var satt að segja í miklum vafa um það, hvorum aðilanum jeg

ætti að kippa burtu, síldareinkasölunni eða Siglufjarðarkaupstað. Jeg mun til þrautar samþykkja, að 5 manna stj. verði skipuð, ef þessi brtt. mín fellur, en ef hún fellur, mun jeg koma með aðra við 3. umr. og láta þá fulltrúa síldareinkasölunnar falla burt.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg hefi litlu við mína fyrri ræðu að bæta, en mjer láðist að geta þess, að við 8. gr. frv. er brtt. í tveim stafliðum, a. og b. Jeg talaði einungis um a-liðinn, en gleymdi b-liðnum, sem er þess efnis, að verksmiðjan sje undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti. N. leit svo á, að þegar arðinum væri skift upp, þá væri rjett að mæla svo fyrir, að ekki mætti leggja aukaútsvar eða aðra skatta á stofnunina.

Út af brtt. hv. þm. Snæf. hefi jeg ekki margt að segja. Hæstv. forsrh. benti á það atriði, sem gefur Siglufirði fullan rjett á hlutdeild í stj. verksmiðjunnar, og jeg lít svo á, að ef Siglufjörður verður sviftur allri íhlutun, þá sje gengið þar framhjá rjettum aðila. Því var hreyft áðan að fara þá leið að fjölga mönnum í stj., og hefi jeg eiginlega ekkert við það að athuga. Hina leiðina, að það megi alveg eins kippa í burtu síldareinkasölunni eins og Siglufjarðarkaupstað, álít jeg með öllu ófæra. Ef síldareinkasalan heldur áfram, liggur það í augum uppi, að náin samvinna verður að vera á milli hennar og bræðsluverksmiðjunnar. Jeg verð því að líta svo á, að þó einkasalan eigi ef til vill ekki beinna hagsmuna að gæta, þá sje hún svo stór aðili vegna samvinnunnar, að hún hafi fullan rjett á að fá einn mann í stj. Jeg hefi alls ekkert við það að athuga, þó að mönnum sje fjölgað í stj., en jeg get ekki greitt atkv. með því að svifta síldareinkasöluna íhlutunarrjetti, þar sem hún mun komast í svo náið samband og samvinnu við verksmiðjuna.

Jeg vil svo benda á einn galla á brtt. hv. þm. Snæf., og hann er sá, að nú er ekki til sá aðili, sem hann vill láta fá rjett til þess að skipa einn mann í stj. Nú væri því ekki hægt að skipa stj. að fullu, því að þessi aðili, viðskiftamennirnir, er ekki til ennþá. Eftir eitt ár er kominn sá grundvöllur, sem mætti byggja á þetta skipulag, og þá fyrst gæti komið til mála að samþ. svona till. Jeg held því, að rjettast væri, að þessi brtt. hv. þm. Snæf. kæmi ekki til atkv., en frv. væri samþ. eins og það liggur fyrir með brtt. n.

**Halldór Steinsson:** Jeg get ekki sjeð, að það komi að sök, þótt dregið sje að fullskipa stj. þangað til í vor eða sumar, er síldarútgerð byrjar. En þar sem mjer virðist brtt. mín fá daufar undirtektir, en hinsvegar önnur leið byrvænlegri til að fá því framgengt, er í henni felst, mun jeg taka hana aftur til 3. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Hv. þm. Snæf. taldi, að ekki þyrfti að fullskipa stj. fyr en síðar, í vor eða sumar. En þess er að gæta, að ekki er nægilegt að ákveða, að útgerðarmenn skuli eiga fulltrúa í stj. verksmiðjunnar, heldur þarf einnig að setja ákvæði um, eftir hvaða hlutföllum hann skuli kosinn, en um þau hlutföll er ekki hægt að segja fyr en eftir eitt ár, er verksmiðjan er tekin til starfa. Annars er jeg þakklátur hv. þm. Snæf. fyrir, að hann skuli hafa tekið brtt. sína aftur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 220,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 220,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 239 tekin aftur.

6.—7. gr. samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 220,3.a samþ. með 12 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 220,3.b (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 8:2 atkv.

9.—10. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 36., 37., 38. og 39. fundi í Ed., 4., 5., 6. og 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 246, 257, 261, 263).

**Jón Baldvinsson:** Jeg á hjer eina brtt., er jeg gerði ráð fyrir að bera fram við fyrri hl. þessarar umr., og ræðir hún um stj. verksmiðjunnar.

Hv. þm. Snæf. gat þess við fyrri hl. umr., að hann myndi koma fram með brtt., og fyrir því hefi jeg borið fram mína brtt., því að jeg tel sjálfsagt, að ef útgerðarmaður á sæti í stj. verksmiðjunnar, eigi hinn aðilinn, verkafólkið, þar einnig sinn fulltrúa. Brtt. mín er á þá leið, að fjölga þeim mönnum, er sæti eiga í stj., úr 3 upp í 5, til þess að koma þessum aðiljum að. Einn þessara manna er skipaður af atvmrh., annar skipaður af stj. síldareinkasölunnar og sá þriðji af bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar, er leggur til landið handa verksmiðjunni. Ef útgerðarmenn fá sinn fulltrúa í stj., tel jeg sjálfsagt, að Alþýðusamband Íslands skipi mann af hálfu verkalýðsins, sem í raun og veru á meira undir því, að vel takist með stj. verksmiðjunnar en nokkur annar. Í till. hv. þm. Snæf. er ekki gert ráð fyrir því, á hvern hátt útgerðarmenn nefni sinn mann, og getur því farið svo, að ekki verði auðgert að fá hann kosinn, þar sem engar reglur eru til um það. Jeg hefi viljað hjálpa upp á þetta með minni till. og ætlast til, að ráðh. setji um þetta reglur, er útgerðarmenn geti farið eftir.

Jeg leyfi mjer því að mæla með því, að mín till. verði samþ., því að hún er bæði fullkomnari og rjettlátari en till. hv. þm. Snæf. Falli mín till., mun jeg greiða atkv. gegn till. hv. þm. Snæf. og mun þá heldur sætta mig við ákvæði frv.

**Halldór Steinsson:** Við 2. umr. flutti jeg brtt. við 7. gr. frv., er jeg tók þá aftur. Gat jeg þess þá, að jeg mundi flytja hana breytta við þessa umr. Það hefir upplýstst, að Siglufjörður muni leggja verksmiðjunni nokkur fríðindi og vill fá í staðinn íhlutunarrjett í stj. verksmiðjunnar. Að fengnum þessum upplýsingum verð jeg að segja það, að jeg tel ekki ósanngjarnt, að Siglufjörður fái einn mann í stj. verksmiðjunnar, svo framarlega sem það

kemur ekki í bág við skýlausan rjett útgerðarmanna til íhlutunar. En er málið er nánar athugað, sjest, að engin þörf er á því, að síldareinkasalan fái mann í stj. Einkasalan og verksmiðjan eru tvær algerlega aðskildar stofnanir, er hvor hefir sjerstakra hagsmuna að gæta. Einkasalan selur þá síld, er hún hefir markað fyrir, en þegar hann er uppfyltur, þá tekur verksmiðjan við. Þetta eru tvær aðskildar stofnanir og í engu innbyrðis sambandi, og hefir því einkasalan ekki hinn minsta rjett til að fá mann í stj. Því er hjer lagt til, að í stað einkasölunnar komi útgerðarmenn, og fæ jeg ekki sjeð, að með því sje rjettur einkasölunnar á nokkurn hátt fyrir borð borinn. Frekari rök fyrir rjetti útgerðarmanna til að eiga mann í stj. þarf jeg ekki að færa en jeg gerði við 2. umr., og vænti jeg, að till. fái góðar undirtektir.

Hv. 4. landsk. talaði um, að það mundi valda útgerðarmönnum erfiðleikum að koma sjer saman um skipun fulltrúa, ef mín till. yrði samþ. Jeg fæ ekki sjeð þetta; þeir mundu áreiðanlega hafa einhver ráð til að mynda með sjer fjelagsskap nógu tímanlega. Og þó ekkert sje um það getið í lögunum, þá mundi þó stj. að sjálfsögðu setja einhverjar reglur um kosninguna.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg flyt hjer á þskj. 261 tvær brtt. Er hin fyrri einungis leiðrjetting á villu, er verið hefir í frv. undir öllum umr. Er vitnað í skakka gr. í 7. gr.

Hin brtt. er flutt að tilmælum hæstv. atvmrh. Hann hafði veitt því eftirtekt við 2. umr., að plagg nokkurt frá Búnaðarþingi þessu máli viðvíkjandi hafði ekki komist til n. Var það þess efnis, að Búnaðarþingi þótti nokkuð lágt það hámark, er frv. gerði ráð fyrir, að bændur, búnaðarfjelög og samvinnufjelög gætu fengið af framleiðslu verksmiðjunnar. Það má vel vera, að svo sje. En hitt er víst, að það verða að vera föst ákvæði í frv. um það, hvenær ákvörðun um þá sölu verður tekin. Er hjer lagt til, að ákvæði frv. verði rýmkað svo, að bændur geti fengið svo mikið af framleiðslunni sem þeir hafa óskað eftir fyrir 15. ágúst. Þá er í engu fyrir borð borinn rjettur bænda til að tryggja sjer fóðurbæti frá verksmiðjunni. En það er nauðsynlegt, að verksmiðjan viti, hvað hún þarf að ætla bændum. Fyr en hún veit það getur hún ekki ráðstafað því, sem eftir verður af framleiðslunni. Jafnframt þarf að tryggja það, að við pantanir verði staðið. Því er það gert að skyldu, að pantanirnar skuli útleystar í síðasta lagi í okt. Þetta er alveg nauðsynlegt ákvæði, því síðar má það alls ekki vera, að bræðslan fái fulla vitneskju um, hvað tekið verður. Er þá orðið svo áliðið tíma, að verksmiðjan bíður vafalaust tjón af því, að pantanir verði ekki leystar út. — Við, sem að frv. stöndum, teljum rjett, að Íslendingar sjálfir njóti þeirra hagsmuna af verksmiðjunni, er þeir geta, en þó þannig, að fyrirtækið bíði ekki óþarfa tjón af.

Um brtt. þær, er fram eru komnar, hefi jeg ekki margt að segja. Jeg hefi áður lýst afstöðu minni til brtt. hv. þm. Snæf. Jeg tel ekki rjett að útiloka einkasöluna frá áhrifum á stj. verksmiðjunnar. Það er ekki rjett, að **þau fyrirtæki sjeu algerlega aðskildar**

stofnanir, er hafi engra sameiginlegra hagsmuna að gæta. Það vita allir, að ætlast er til náinnar samvinnu milli beggja. Alstaðar í umr. í fyrra telja andstæðingar einkasölunnar það höfuðgalla, að síldarbræðsla sje ekki í sambandi við hana. Þetta er alveg rjett og sannar það, að þessar stofnanir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. (**HSteins:** Hverra?). Þegar mikið berst að af síld, þá þarf að ráðstafa því, sem ekki verður saltað, og er þá betra að nota til þess hina ísl. verksmiðju heldur en fara að láta það í erl. bræðslur, er grípa þá tækifærið og gjalda kannske ekki meira en hálfvirði fyrir síldina. En fari hun í þá ísl., þá fæst þó altaf fyrir hana sannvirði. Enda mun öllum útvegsmönnum koma saman um, að þessar stofnanir eigi að vinna saman.

Um brtt. hv. 4. landsk. skal jeg taka það fram, að jeg álít hana ekki verða til mikilla skemda á frv. En það er hreinn óþarfi að hafa 5 manna stjórn. En það skal jeg játa, að ef það er nauðsynlegt, að útgerðarmenn fái mann í stj. verksmiðjunnar, þá er ekki nema sanngjarnt, að verkamenn fái það einnig. Til samkomulags get jeg því vel fallist á till. Alt, sem leiðir til samkomulags um málið, en er ekki til stórra baga, tel jeg rjettmætt að samþ. Og ef jeg greiði atkv. með þeirri till., þá geng jeg og nokkuð til móts við hv. þm. Snæf. — En þó jeg teldi það galla, ef brtt. hv. þm. Snæf. næði samþykki, þá tel jeg samt ekki ástæðu til að snúast á móti frv.

**Halldór Steinsson:** Hv. 2. þm. S.-M. hefir ekki sannfært mig með ræðu sinni. Hann hjelt því fram, að bæði fyrirtækin yrðu að vinna saman, en það eru engin rök fyrir íhlutun einkasölunnar í stj. verksmiðjunnar. Hv. þm. sagði, að oft kæmi fyrir, að einkasalan gæti ekki tekið við allri síld, sem að henni bærist, og verksmiðjan yrði þá að taka við. En þótt svo væri, sje jeg ekki annað en það mundi ganga greiðlega, þótt einkasalan hefði engan mann í stj. verksmiðjunnar. Hvernig sem á þetta mál er litið, þá verður því ekki neitað, að það er ójöfnuður hinn mesti að bola útgerðarmönnum frá þátttöku í stj. verksmiðjunnar.

**Erlingur Friðjónsson:** Út af ummælum hv. þm. Snæf. vil jeg taka það fram, að það verða hinir sömu menn, sem koma til með að skifta við síldarbræðsluna og einkasöluna. Yrði því sameiginleg stj. beggja fyrirtækjanna þægilegust og best fyrir viðskiftamennina. Einkasalan getur ekki tekið nema vissan hluta af afla hvers skips til sölu. Bræðslan verður að taka nokkuð. Þeir, er veiða síldina, óska því eftir, að samvinnan verði sem allra nánust. Þeirra vegna lít jeg svo á, að það sje hagkvæmast, að bæði fyrirtækin væru undir sömu stj. Stjfrv. gerir ráð fyrir annari leið, en ætlast þó til, að einkasalan eigi fulltrúa í stj. verksmiðjunnar.

Það er hægt að vitna í ræður flestra þm. í fyrra, er töluðu um einkasöluna, að þeir töldu það nauðsynlegt, að þegar stofnuð væri einkasala á síld, þá væri og stofnuð síldarbræðsla, er væru undir einum og sama hatti. Enda væri það einkennilegt, ef sjerstaka stj.

þyrfti fyrir hvort þessara fyrirtækja, er bæði hafa þó sama verkið að vinna, að koma síldinni í verð fyrir sömu eigendur.

ATKVGR.

Brtt. 261,1 samþ. án atkvgr.

— 261,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 257 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins, GÓ.

nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF.

Brtt. 263 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EF, HSteins, IP, JBald, JónJ, PH, EÁ.

nei: BK, IHB, JóhJóh, JÞ, JónasJ, JKr, GÓ.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 41. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 309).

Á 45. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Pjetur Ottesen:** Mjer þykir það næsta kynlegt, að hæstv. forsrh. skuli ekki fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum. Jeg skal nú ekki fara mikið út í einstök atriði frv., enda á það ekki við nú við 1. umr. málsins. En jeg vil þó ekki láta hjá líða að taka fram, að í mínum augum er það næsta mikilsvert, að stj. hefir nú horfið frá því að reka verksmiðjuna fyrir reikning ríkissjóðs. Á þann hátt hefði rekstur hennar orðið mjög áhættusamur. Það eru að vísu dæmi þess, að þegar mikil aflabrögð eru, geta slíkar verksmiðjur borið sig vel, en þegar illa árar, er útkoman býsna ljeleg, og svo mundi og reynast með þessa verksmiðju. Mjer þótti því vænt um, að stj. skyldi hafa tekið þær bendingar, sem fram komu í þessa átt, til greina og farið inn á heppilegri leið en upphaflega var gert ráð fyrir. Jeg ætla nú, úr því jeg hefi kvatt mjer hljóðs, að drepa á þrjú atriði, til athugunar n. þeirri, sem fær frv. til meðferðar.

Fyrsta atriðið er það ákvæði 5. gr., að síldarbræðsluverksmiðjunni sje skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum síldarmjöl til innlendrar notkunar. Það er vert að gefa gaum að, hvað felst í orðinu „kostnaðarverði". Mjer skilst þetta orðalag vera mjög teygjanlegt og óákveðið, og það getur mikið oltið á því, um hve mikil hlunnindi hjer er að ræða til handa landbúnaðinum, hversu þetta er skýrt. Jeg held þess vegna, að nauðsynlegt sje að athuga þetta og slá einhverju föstu um það, hvað meint er með þessu, ef ekki í frv. sjálfu, þá í nál. eða framsöguræðu. Hefi jeg ekki orðið þess var, að þetta hafi verið útskýrt við umr. í Ed., og er því meiri nauðsyn á að taka þetta atriði til frekari athugunar.

Annað atriðið, sem jeg vildi benda n. á, er, hvernig stj. verksmiðjunnar skuli skipuð. Í 7. gr. segir, að stjórnina skipi þrír menn, einn skipaður af atvmrh., annar af stj. einkasölunnar og þriðji tilnefndur af bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar. Mjer finst með þessu ákvæði vera blandað inn óskyldum aðila í stj. fyrirtækisins, þar sem

einkasalan er, en sá aðilinn, sem mjer virðist að fyrst og fremst að sjálfsögðu ætti að hafa hjer íhlutunarrjett, sem eru framleiðendurnir, er þar algerlega útilokaður. Mjer virðist bæði óhyggilegt og með öllu órjettmætt að gefa ekki framleiðendum og seljendum síldarinnar kost á að taka þátt í skipun stjórnar fyrirtækisins. Mjer virðist sjálfsagt að leiðrjetta þetta, og mig undrar, að þetta skuli ekki hafa verið tekið upp í frv. þegar. Jeg vil skjóta því til hv. sjútvn., að hún verði við þessari sjálfsögðu sanngirniskröfu þeirra atvinnurekenda, sem alla afkomu eiga undir rekstri þessa fyrtækis. Jeg vil eindregið vænta þess, að n. taki þetta til greina.

Þriðja atriðið, sem jeg vildi benda á, er það ákvæði 8. gr., sem heimilar síldareinkasölunni að kaupa síld af utanríkismönnum. Mjer kemur slíkt ákvæði dálítið undarlega fyrir sjónir, þar sem það hefir verið stefna þingsins að undanförnu að vinna á móti því, að útlendingar ættu kost á að selja hjer síld. Slík undanþága bætir einungis aðstöðu þeirra til að stunda síldveiði hjer við land, og margir álíta, að síldveiði útlendinga hjer við land sje jafnvel mikið undir því komin, að þeir hafi aðstöðu til þess að selja hjer síld í bræðslu. Það skyldi því gjalda varhuga við að stíga þetta spor. Jeg vænti þess, að hv. sjútvn. taki þetta einnig til alvarl. athugunar. Það er ekki gengið svo frá frv. sem vera ætti; það er stórgallað í verulegum atriðum, og væri gott, ef hv. n. vildi sníða af því mestu agnúana. Eins og nú standa sakir, hefir engin verksmiðja leyfi til þess að taka á móti síld af útlendingum, og jeg teldi stórlega misráðið, ef opnuð væri heimild til þess, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 426 og 437).

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Eins og menn muna, stóð á síðasta þingi allsnörp deila um þetta mál. Í fyrsta lagi um það, hvern þátt ríkissjóður skyldi eiga í því að reisa þessar stöðvar, og í öðru lagi um, hvernig rekstrinum skyldi hagað. Við íhaldsmenn vildum hafa fyrirkomulagið þannig, að það skapaði sem minsta áhættu fyrir ríkissjóðinn. Hinsvegar vildu jafnaðarmenn hafa á þessu hreinan ríkisrekstur.

Þegar leið að lyktum á meðferð þessa máls á síðasta þingi, kom hv. þm. V.-Ísf. fram með till. um það, að ef þessar stöðvar yrðu seldar, skyldu þær ekki seldar öðrum en þeim, sem rækju þær með samvinnusniði. En hann fjell frá þeirri till. eftir að hæstv. atvmrh. hafði lýst því yfir, að slíkt mundi ekki eiga sjer stað í sinni stjórnartíð.

Mjer er það ánægja, að hæstv. atvmrh. hefir að vissu leyti sýnt viðleitni til að aðhyllast þær óskir, sem íhaldsmenn báru fram á síðasta þingi. Þó þykir mjer allmiklir gallar á þessu máli, bæði eins og hæstv. stj. lagði

það fyrir þingið og eins og hv. Ed. hefir gengið frá því.

Að vísu er með frv. trygt, að ekki verði tekinn upp beinn ríkisrekstur, en hinsvegar er frv. mjög gallað í veigamiklum atriðum, og skal jeg þá fyrst og fremst þar til nefna ákvæði 4. gr. frv. Við þau hefi jeg margt að athuga, m. a. það, að frádráttur sá af andvirði innlagðrar síldar, sem þar er gert ráð fyrir, virðist með öllu óeðlilegur. Fyrst á að draga frá stjórnarkostnað og annan eðlilegan rekstrarkostnað, og þá væntanlega einnig vexti af þeim höfuðstól, sem fyrirtækið starfar með. Er slíkt ekki nema eðlilegt.

Í öðru lagi á að draga frá 5% af stofnkostnaði stöðvarinnar. Þetta er einnig eðlilegt ákvæði. Mjer virðist ekki sæmilega trygt að hafa þetta minna, ef miðað er við, að stöðin endist í 20 ár. Það virðist fullkomlega eðlilegt, að viðhaldið sje talið með rekstrarkostnaði, og geng jeg þá út frá, að 5% nægi fyrir fyrningu. Það er vitanlega ekki nóg nema því aðeins, að mjög vel sje vandað til vjela og bygginga. En jeg geri ráð fyrir, að þess megi vænta; a. m. k. er svo ráð fyrir gert í þeirri áætlun, sem hv. 3. landsk. hefir samið.

Ef jeg man rjett, er stofnkostnaðurinn áætlaður 800 þús. kr., auk lóða og mannvirkja, sem fyrir eru á þeim lóðum, sem gert er ráð fyrir, að notaðar verði á Siglufirði.

Jeg hefi þá ekkert að athuga við fyrstu 2 frádráttarliðina. En auk þess er ætlast til, að 5% sjeu dregin frá fyrir fyrningu í húsum, áhöldum og öðrum mannvirkjum, og loks undir 4. lið 4. gr. 5% í varasjóð.

Jeg vil nú spyrja hæstv. forsrh., hvað sje átt við með 5% í 4. lið. Hvort þetta gjald á að reiknast af stofnkostnaði eða af umsetningu verksmiðjunnar, og ef miðað skal við umsetningu, hvort þá er átt við innkaups- eða útsöluverð síldarinnar. Svar við þessu gefur frv. sjálft ekki, og það hefir heldur ekki komið fram í umr. um málið.

Ef nú má ganga út frá því, sem eftir frv. virðist liggja næst að halda, að 4. liður eigi við sama og 3. liður, þá er þarna lagður skattur á viðskiftamenn verksmiðjunnar, sem mundi nægja til þess að greiða allan stofnkostnað verksmiðjunnar á 20 árum og jafnframt til að mynda sjóði, sem eftir 20 ár gætu numið ca. 5 milj. króna.

Þegar jeg nefni þessa upphæð, þá miða jeg við, að það fje, sem þannig safnast, verði jafnóðum lagt í rekstur einnar eða annarar stöðvar og henni reiknaðir bankavextir sem af hverju öðru láni.

Mjer virðist þetta nokkuð hart að gengið, að slíkur skattur sje lagður á smábátaútveginn, að hann skuli, fyrir það eitt að fá að skifta við verksmiðjuna, verða að greiða allan stofnkostnað hennar á 20 árum og auk þess mynda sjóð, sem að þessum 20 árum liðnum mundi nema ca. 5 milj. kr. Auk þessa er sú kvöð lögð á útveginn, að hann er skyldaður til að selja bændum það, sem þeir þurfa til sinna þarfa af síldarmjöli, „við kostnaðarverði“.

Frumkvöðull þessa máls mun hafa verið fyrv. fjmrh. (MK), sem nú er látinn. Jeg held, að jeg fari rjett með, þegar jeg segi, að það hafi verið hans vilji, að smáskipaútveginum yrði

hjálpað með þessu án sjerstakra viðurlaga, og allra síst svo þungbærra sem þeirra, er felast í frv. Jeg vil þessu til sönnunar, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer nokkur ummæli fyrv. fjmrh. við umr. um málið á síðasta þingi. Hann komst m. a. svo að orði:

„Jeg vil, að verksmiðjan komist upp og ríkið taki að sjer að starfrækja hana, þannig að framleiðendurnir kæmu afla sínum til vinslu. Þetta á ekki að vera gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð, heldur gert til þess að ljetta undir með atvinnuvegunum og fyrirbyggja, að afurðirnar ónýtist í höndum framleiðendanna. ....“

Þannig talaði fyrv. fjmrh. um þetta mál, og finst mjer í þessum ummælum hans kenna ólíkt meiri hlýju til atvinnuveganna en lesa má út úr frv. hæstv. atvmrh., sem nú liggur hjer fyrir.

Jeg hygg þó hinsvegar, að hjer valdi meira um hjá hæstv. ráðh. skortur á þekkingu á þessu máli, og vil jeg þá um leið skjóta því að honum, að hann ljet svo um mælt á síðasta þingi, að hann mundi ekki ganga framhjá mjer nje öðrum kunnugum mönnum, þegar til þess kæmi að ákveða, hvernig rekstrinum skyldi hagað. Þó að hæstv. ráðh. hafi ekki leitað minna ráða í þessu efni, þá vænti jeg, að enn sje ekki of seint að koma fram með nokkrar bendingar í þessu máli, og vænti jeg, að hann taki þær til greina, ef honum sýnast þær á viti byggðar.

Þessi 10%, sem þannig á að taka af smábátaútgerðinni, er allþungur skattur. Ef miðað er við þann stofnkostnað, sem hv. 3. landsk. gerir ráð fyrir í áætlun sinni, yrði þessi aukaskattur um 70—80 þús. kr. á ári. Mundi skatturinn þá geta orðið 3000—5000 kr. fyrir hvern bát árlega, og fyrir togara gæti hann auðveldlega komist upp í 10—12 þús. kr. á ári. Jeg skal ennfremur geta þess, að ef miðað er við minstu vinslu, sem hv. 3. landsk. telur, að slík verksmiðja þurfi að hafa til þess að geta borið sig, mundi skatturinn samtals nema 2—3 kr. á hvert mál síldar, sem bátarnir legðu til vinslu. Jeg hefi haldið því fram, að aukaskatturinn væri óþarfur. Það kann að vera, að vjefengja megi þessi ummæli mín að einhverju leyti. Ef ríkið á að eiga verksmiðjuna, gæti komið til greina, að varasjóðsframlagið þyrfti að vera. En það er ekki gert ráð fyrir því, að þessi verksmiðja verði áhættufyrirtæki. (SE: En ef engin síld fæst til vinslu, gæti það ekki skapað áhættu?). Það er „praktiskt“ talað útilokað, að það verði, svo fremi sem verksmiðjan yrði starfrækt. Hinsvegar gæti síldin orðið lítil, en þá yrði skatturinn þeim mun þyngri á framleiðendum. Að vísu verður ekki sagt fyrir, hve mikil aflabrögð verði hvert árið, en lögin mæla svo fyrir, að verksmiðjan verði ekki rekin nema fyrirfram sjeu henni trygð viðskifti við hæfilegan fjölda báta. (SE: En ef verksmiðjan stendur auð, leiðir það ekki af sjer áhættu?). — Já, nú kem jeg að því. Aðaláhætta ríkissjóðs liggur í því, að fyrirtækið verði ekki starfrækt sökum þess, að því eru ekki trygð nægileg viðskifti. Því auðvitað þarf þó fyrirtækið að greiða vexti af höfuðstól, vátryggingargjöld o. fl. og laun til þeirra starfsmanna, sem nauðsynlegt er, að sjeu fastráðnir við verksmiðjuna, og skapast af þessu nokkur

áhætta, þótt hún sje tiltölulega lítil. Ennfremur er hugsanlegt, þegar búið væri að reisa þessa stöð fyrir eina milj. kr., að verðfall gæti orðið sökum þess, að fundist hefðu betri tæki til vinslunnar. Þá áhættu, sem af þessu myndi leiða, er ekki hægt að reikna út. Að minni hyggju er þessari áhættu rjett fyrir komið með því að halda eftir eðlilegum hluta af andvirði vörunnar fyrir hugsanlegri áhættu, sem lagður yrði í varasjóð, en framleiðendur sjálfir eignuðust hluta í sjóðnum, eins og er um sjóði samvinnufjelaganna. Yrði þessu öllu best fyrir komið með því, að ríkið selji samvinnufjelagi stöðina.

Vona jeg, að hæstv. atvmrh. geti sætt sig við, ef borin er fram till., sem hnígur að því, að þeir, sem skifta við fyrirtækið, hafi þennan rjett samvinnumanns og eignist hlutdeild í sjóði hvers árs, sem stendur í rjettu hlutfalli við það magn, sem þeir hafa lagt til bræðslustöðinni, og heildarmagn stöðvarinnar hinsvegar. Sje jeg ekki, að framleiðendur geti haft neitt á móti þessu, svo framarlega sem þeir eignast sjóðinn sjálfir. Ef hæstv. atvmrh. vildi ganga inn á þetta, myndi jeg flytja brtt. við 4. gr., að 3. liðurinn fjelli niður, en 4. liðurinn, gjald í varasjóð, væri tekinn á þann veg, sem jeg hefi áður sagt. En helst kysi jeg þó, að hrein sala færi fram til samvinnufjelagsframleiðenda.

Jeg sje, að hæstv. dómsmrh. er byrjaður á hinum vanalegu hvíslingum sínum, og vil jeg því leyfa mjer að minna á það, þegar hann heimtaði, að hringt yrði á mig um daginn, er jeg var að tala við hv. 1. þm. Reykv. undir ræðu hans. Jeg hefi ekkert á móti því, að þetta komi fram í þingtíðindunum, til þess að sýna hlutdrægni þess forseta, er þá var í forsetastóli, en það var hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). (**Forseti BSv:** Jeg sje ekki ástæðu til þess fyrir hv. 2. þm. G.-K. að víta forseta Nd., sem þá var, fyrir það, að hann hafi tekið rangt á málum hv. þm.). Jeg skal ekki deila við hæstv. forseta um þetta atriði, en hæstv. forseti var ekki viðstaddur er þetta kom fyrir. Skal jeg fullyrða, að slíkt hefði aldrei átt sjer stað, ef hann hefði setið í forsetastóli — og læt jeg svo útrætt um þetta mál.

Það má ekki gera skilyrðin of óaðgengileg fyrir þá, sem skifta við verksmiðjuna. Um leið vil jeg geta þess, að það var hugsjón hins látna fjmrh., Magnúsar Kristjánssonar, að styðja smábátaútveginn með þessu fyrirtæki. Ef nú á að taka 10% af andvirði vörunnar og leggja í sjersjóð, sem ríkið á að eiga, en ekki framleiðendurnir sjálfir, og auk þess er framleiðendum ekki greidd nema 70% út á andvirði vörunnar, þá gæti þetta fyrirkomulag orðið til þess, að menn skiftu síður við fyrirtækið, en það gæti aftur leitt af sjer þá hættu, að bræðslustöðin stæði ónotuð ýms ár, sem annars væri hægt að starfrækja hana með fullum krafti.

Jeg lít svo á, að ríkið eigi að sjálfsögðu ekki að hafa neina áhættu af þessu fyrirtæki, en það á ekki heldur að gera sjer það að fjeþúfu. Ef að minni till. yrði farið, myndi endir málsins verða sá, að eftir 20 ár væri fyrirtækið að fullu greitt, en framleiðendur hefðu þá eignast allálitlegan sjóð. Með því gæti afskiftum ríkisins verið lokið, og mætti þá t. d. hugsa sjer,

að framleiðendur hagnýttu sjer sjóðinn á þann hátt að reisa fleiri bræðslustöðvar á landinu, en þá ættu eigendur sjóðsins að fá fulla vexti, til þess að hann gæti orðið þeim að einhverjum notum. — Þetta eru höfuðaðfinslur mínar við frv., en nú vil jeg benda á nokkur smærri atriði.

Í 3. gr. frv. er svo fyrir mælt, að áður en árleg starfræksla hefjist skuli stj. verksmiðjunnar leita loforða útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna, og skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi 15. júní ár hvert. Verður þá ákveðið, hvort verksmiðjan skuli starfrækt eða ekki. Þetta þykir mjer alt of seint. Menn fá þá ekki vitneskju um það fyr en seint í júní, hvort þeir öðlast viðskifti við verksmiðjuna eða ekki, en þá er síldveiði oft byrjuð, sem kunnugt er. Þetta er mjög bagalegt fyrir væntanlega viðskiftamenn verksmiðjunnar, sem bera vonir í brjósti um að öðlast viðskifti við verksmiðjuna, en verði hún ekki starfrækt, hafa þeir setið sig úr færi með að semja um viðskifti við aðrar verksmiðjur. Það liggur í augum uppi, að af þessu getur hlotist stórtjón.

Um fyrirmæli 5. gr., að verksmiðjunni sje skylt að selja við kostnaðarverði síldarmjöl til bænda fyrir milligöngu samvinnufjelaga, hreppsfjelaga og búnaðarfjelaga, hefi jeg ekki annað að segja en að mjer finst þetta ákvæði fremur lítils virði og ástæðulaust að leggja kvöð á viðskiftamenn verksmiðjunnar bændum til hagsmuna. Jeg hefi heyrt það eftir hæstv. atvmrh., að þegar hlaupið sje undir bagga með sjávarútveginum, sje ekki nema sjálfsagt, að landbúnaðurinn njóti þar góðs af.

Annars er þetta aukaatriði, sem jeg geri ekki mikið úr. Þó vil jeg spyrja hæstv. atvmrh. að því, hvað átt sje við með kostnaðarverði, því að í það orð má leggja margvíslegan skilning. Ef átt er við kostnaðarverð framleiðslunnar á síldarmjöli, getur þetta auðveldlega orðið hærra á einstökum árum en gangverð síldarmjöls á heimsmarkaðinum. Vænti jeg þess, að hæstv. ráðh. skýri, hvað átt er við með þessum fyrirmælum, því að það er nauðsynlegt, að þau sjeu skýrð. Kostnaðarverð gæti meðal annars þýtt það, að taka ætti gangverð síldar og leggja til grundvallar, bæta síðan við kostnaðinum við vinsluna og telja útkomuna kostnaðarverð mjölsins. Ennfr. vil jeg benda á það, að slíkt kostnaðarverð á síldarmjöli er háð olíuverðinu, ef á að leggja gangverð síldar til grundvallar. (**Forsrh.**: Það er ekki meiningin).

Kem jeg þá að ákvæðum 7. gr. um skipun á stj. fyrirtækisins. Þar er svo fyrir mælt, að stjórnina skipi þrír menn, og skipar atvmrh. einn þeirra, stj. síldareinkasölunnar annan og bæjarstjórn Siglufjarðar þann þriðja. — Mjer þykir eðlilegt, að á meðan ríkið er eigandi fyrirtækisins eigi það einn mann í stj. þess. Ennfremur finst mjer sanngjarnt, að Siglufjarðarkaupstaður, sem leggur fje af mörkum til verksmiðjunnar, skipi einn stjórnanda hennar. Hinsvegar finst mjer ekki eðlilegt, að síldareinkasalan skipi mann í stjórnina, einkum ef með því á að meina viðskiftamönnum verksmiðjunnar að eiga þar sinn fulltrúa. Atv-

mrh. er vandalaust að velja sinn fulltrúa í stjórnina með það fyrir augum að tryggja eðlilegt samband milli einkasölunnar og bræðslustöðvarinnar.

Jeg rak mig á það í ræðu hv. 2. þm. S.-M., sem á sæti í hv. Ed., að hann hafði rökstutt nauðsyn þess, að einkasalan skipaði einn mann, með því, að einkasölunni væri nauðsynlegt að tryggja sínum viðskiftamönnum viðskifti við bræðslustöðina. Þetta er ekki alveg hættulaus misskilningur. Því að þegar verksmiðjan er búin að tryggja sjer viðskiftamenn, verða þeir auðvitað að ganga fyrir, og má þá ekki krefjast þess, að hún taki á móti síld frá viðskiftavinum síldareinkasölunnar, en það eru svo að segja öll íslensk skip, sem síldveiði stunda. Gætu viðskiftamenn verksmiðjunnar þá átt það á hættu að verða útilokaðir, vegna þess að bræðslustöðin tæki við ósamningsbundnum aðiljum. Jeg vil taka það fram, að jeg sem útgerðarmaður myndi aldrei byggja útgerð mína á slíkum viðskiftum. Jeg mundi fyrst spyrja þess, hve mörg skip bræðslustöðin hefði gert samninga við. Ef hún hefði gert samninga við óeðlilega stóran skipastól, þyrði jeg sem seljandi ekki að skifta við verksmiðjuna. Í góðu veiðiári gæti það komið fyrir, að öll afgreiðsla stöðvaðist vegna þess, að of mikið bærist að bræðslustöðinni, og stafar af því hin mesta áhætta fyrir samningsbundna viðskiftavini. Það verða að vera skýr fyrirmæli um það, að þeir viðskiftavinir verksmiðjunnar, sem fyrirfram gera samning um viðskifti, eigi algerlega forgangsrjett á því, að leggja sína síld inn til bræðslu.

Vænti jeg þess, að hæstv. atvmrh. geti aðhyllst það, að kröfurjettur framleiðendanna er miklu ríkari og rjettmætari en kröfurjettur síldareinkasölunnar til að skipa eitt sætið í stj. þessa fyrirtækis.

Mjer finst rjettur framleiðenda, þeirra sem síldina veiða, svipaður og rjettur bænda í samvinnufjelagi til að ráða nokkru um stj. fyrirtækisins.

Þá vil jeg minnast á ákvæði 8. gr. Þar er svo fyrir mælt, að ef sjerstaklega stendur á, þá megi veita verksmiðjunni heimild til að kaupa síld í bræðslu af erlendum skipum. Jeg er nú mótfallinn þessu ákvæði af mörgum ástæðum. Hingað til hafa þær útlendu bræðslustöðvar, sem nú eru hjer, sótt mjög eftir því að fá að kaupa af útlendum skipum síld í bræðslu. Jeg hygg nú, að þeim málum sje loks svo komið, að við sjeum að mestu orðnir lausir við þá áleitni og kvaðir. Hygg jeg, að hæstv. atvmrh. hafi sjálfur gengið vel fram í því, og á hann þakkir skilið fyrir það. Hann hefir litið á hag Íslendinga í þessu efni og neitað um kaup á síld frá útlendum skipum. En jeg kann því illa, þegar þessu er nú loks í liðinn kipt, að það sje tekið upp aftur og íslenskar verksmiðjur látnar fá meiri rjett um þetta. Og mjer er eigi grunlaust um, að nokkur hætta geti af þessu stafað fyrir okkur út á við. Ef þetta ákvæði er ekki haft í lögum, er okkar aðstaða góð. En aðstaða okkar gagnvart útlendingum byggist á því, að við getum sagt, að hjer sje margfaldlega nógur skipastóll til að fullnægja eftirspurninni. Það er þetta, sem gerir aðstöðu okkar sterka út á við. Inn á við held jeg, að þetta hafi fremur litla þýðingu og að það yrði sjaldan notað.

Þetta mikla mál hefir í raun og veru enn verið mjög lítið rætt í nefnd. Það var lauslega tekið fyrir á einum fundi og þá lauslega rætt. En málið þarf rækilegrar athugunar við enn, áður en það er samþ. að fullu. Vona jeg, að samkomulag náist við hæstv. atvmrh. um nauðsynlegar breyt. á þessu til 3. umr.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Jeg var ekki viðstaddur, þegar hv. frsm. minni hl. hóf umr. um þetta mál. Sakir þess veit jeg ekki með vissu um alt, sem fram kann að hafa komið frá hans hendi. Þó tók jeg eftir því, að hann lagði mikla áherslu á það, að frádráttur frá afurðaverði eftir 4. gr. væri of mikill, og taldi hann 5% fyrningargjald og 5% varasjóðsgjald óhæfilega mikinn frádrátt. Jeg verð nú að segja, að á meðan engin reynsla er fengin um þessa hluti, er ekki gott að gera nákvæmar áætlanir um þetta. Út af fyrir sig virðist fyrningargjaldið eigi hátt, og enginn getur sjeð fyrir áföll varasjóðs. Það virðist því rjett að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessum efnum sem öðrum og áætla ekki gjöld verksmiðjunnar of lág. 10% eftir 2. og 3. lið gr. virðist t. d. ekki of hátt áætlað til greiðslu höfuðstóls, fyrningar og vaxta. Sama er að segja um gjaldið í varasjóð, sem áætlað er 5%. En eigi að síður virtist mjer helst, að komið gæti til mála að færa þann lið niður, ef um niðurfærslu væri að ræða. Hina liðina tel jeg ekki ært að færa niður, meðan alla reynslu vantar um rekstur þessa fyrirtækis.

Háttv. frsm. minni hl. fann að ýmsum fyrirkomulagsatriðum að því er snertir rekstur verksmiðjunnar, og þá sjerstaklega að ákvæðum 5.—8. gr. Það er að sjálfsögðu álitamál, hvernig þessu eigi að skipa, og er því tæplega hægt að búast við, að nú þegar verði hægt að finna þann grundvöll, sem aldrei þurfi að breyta. Jeg fyrir mitt leyti verð því að álíta, að þar sem svo virðist, að gert sje ráð fyrir í frv. þessu öllum þeim atvikum, sem líkur benda til, að fyrir geti komið við rekstur verksmiðjunnar, þá sje rjett að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, enda liggja ekki fyrir neinar brtt. við það. Meiri hl. sjútvn. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt, en gerir hinsvegar ráð fyrir, að með tíð og tíma þurfi að gera einhverjar breyt. á því.

Vil jeg svo ekki tefja umr. frekar.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg hefi enga ástæðu til þess að halda langa ræðu um mál þetta nú, a. m. k. ekki vegna þess, hvernig hv. 2. þm. G.-K. tók í það, þegar það var hjer síðast á dagskrá. Út af ræðu þeirri, sem hann flutti þá, vil jeg fyrst segja þetta: Öðruvísi mjer áður brá. — Þegar mál þetta um stofnun síldarbræðslustöðvar var hjer til umr. í fyrra, þá talaði þessi hv. þm. um það, hvílíkt geysilegt áhættufyrirtæki slíkt fyrirtæki sem þetta væri. En nú, þegar frv. þetta

kemur fram samkv. beinu loforði frá í fyrra, þá söðlar hv. þm. um og talar um það, hvílíkt geysilegt gróðafyrirtæki hjer sje um að ræða, þar sem ríkið komi til með að eiga ekki aðeins verksmiðju þessa eftir 20 ár, heldur að auki 5 milj. kr. í sjóði sem beinan ágóða af rekstri verksmiðjunnar. Svo mikill á gróði þessa fyrirtækis að verða.

Jeg verð nú að segja, að mjer finnast þessir útreikningar hv. þm. vera nokkuð mikið út í loftið. En jeg trúi ekki öðru en svo megi ganga frá þessu máli, að hjer verði hvorki um stórgróða- eða stóráhættufyrirtæki að ræða, og að því vil jeg vinna, því að jeg er alveg á sömu skoðun og Magnús sál. Kristjánsson var, að hjer eigi ekki að vera um neitt gróðafyrirtæki að ræða og ekki heldur áhættufyrirtæki.

Annars virtist mjer, að nú gætti meiri velvildar í garð þessa fyrirtækis hjá þessum hv. þm. en í fyrra. Það voru meira fyrirkomulagsatriði, sem hann talaði um nú, en bein andstaða gegn málinu.

Þar sem hv. þm. lýsti ánægju sinni yfir því, að stj. hefði farið að vilja íhaldsmanna í þessu máli, má hann túlka eins og hann vill. Við fórum hjer fram á framkvæmd á samvinnugrundvelli, og jeg býst við, að flestum sje það ljóst, að við munum ekki hafa þurft að fara til íhaldsmanna til þess að fá skilning um það, að það var sá grundvöllur, sem hyggilegast var að byggja þetta mál á. Jeg held því, að sje ástæða fyrir einhverja að gleðjast í sambandi við þetta mál, þá sjeum það við framsóknarmenn, sem megum gleðjast yfir því, að íhaldsmenn hafa þó a. m. k. í þessu máli snúið frá villu síns vegar.

Jeg skal þá snúa mjer að einstökum atriðum málsins.

Aths. hv. þm. beindust fyrst og fremst að 4. gr. frv. Við fyrstu tvo liði hennar hafði hann lítið að athuga. Voru því aths. hans aðallega við 3. og 4. lið hennar. Hv. þm. hjelt því fram, að það væri alt of ríflega lagt í þessa liði, og þá sjerstaklega alt of mikið lagt í varasjóðinn. Eins og tekið var fram í fyrra, er ekki ætlast til, að hjer verði um að ræða áhættufyrirtæki fyrir ríkissjóð, og þegar engin reynsla er fengin fyrir rekstri slíkrar verksmiðju, þá er ekki hægt að gera ráð fyrir, að strax verði hægt að lenda á hinum rjettu tölum í þessum efnum. En mín skylda er nú sú, að sjá fyrir hag ríkissjóðsins; má því vel vera, að reynslan sýni, að jeg hafi haft hjer vaðið fullmikið fyrir neðan mig. Annars hygg jeg, að erfitt verði að fá hjer þær tölur, sem allir teldu vera hinar rjettu. Mjer virtist því ekkert óviðeigandi, að sett væri inn í frv. ákvæði um það, að þessi „skali" skyldi lagaður, ef hann reyndist of hár. Aðrar aths. hv. þm. voru við 5., 6., 7. og 8. gr. frv. Og er þá fyrst að minnast á aths. hans við 5. gr. Í þeirri gr. eru ákvæði um að tryggja landsmönnum síldarmjöl til fóðurs. Hv. þm. taldi þetta þýðingarlítið atriði. En hinsvegar á þetta ekki að vera verksmiðjunni baggi. Þetta á að vera trygging fyrir bændur fyrir því, að þeir fái vöruna og fái hana óskemda. Hjer er um að ræða eina allra bestu fóðurbætistegundina, og ríður því á miklu, að hún fáist með sanngjörnu

verði og óskemd, en því miður hefir á stundum verið nokkur misbrestur á því. Það hefir í sumum tilfellum reynst beinlínis hættulegt að skifta við verksmiðjurnar, ekki af því, að þær hafi vísvitandi selt skemda vöru, heldur er þessi vara svo viðkvæm, að það er mjög vandfarið með hana, ef hún á að geymast vel.

Nei, þetta er ekki smáatriði. Það er gert til þess að tryggja það, að bændur fái vöruna með sanngjörnu verði og óskemda, og það vænti jeg, að hv. þdm. telji hvorki lítilsvert nje ástæðulaust að taka með í reikninginn. Það er líka gott, þá því verður komið við, að atvinnuvegirnir geti stutt hver annan.

Hv. 2. þm. G.-K. spurði um, hvað meint væri með orðinu „kostnaðarverð" í 5. gr. Mín hugsun var sú, að kostnaðarverð væri það verð, sem verður hið raunverulega verð þegar alt er gert upp við framleiðendurna. Hjer er því ekki um neina ívilnun að ræða. En vitanlega á ekki að leggjast á sá kostnaður og gjöld, sem koma á útfluttu vöruna.

Þá spurði hv. þm., hvort ætti að skylda bændur til að kaupa af verksmiðjunni. Um þetta er ekkert ákvæði í frv. og því ekki um neina skyldu að ræða aðra en þá, að láta vita fyrir ákveðinn tíma, hvort þeir vilja kaupa af þeim og hve mikið.

Þá er stjórnarfyrirkomulag verksmiðjunnar. Í hv. Ed. vildu hv. fhaldsmenn ekki láta Siglufjörð fá fulltrúa í stjórninni, en vildu, að einkasalan hefði einn fulltrúa og stj. annan. Jeg lít nú hinsvegar svo á, að Siglufjörður eigi heimtingu á að fá fulltrúa í stj., þar sem gert er ráð fyrir, að hann leggi verksmiðjunni til allmikið fje. Aftur á móti gæti komið til mála að fjölga stjórnendum upp í 5. Jeg sje ekkert á móti því, að það mætti verða með svona fyrirtæki, og þá gæti fulltrúi útgerðarmanna komist að.

Þá vjek hv. þm. að 8. gr. og sagði, að nú mundi vera búið að ganga sæmilega frá um kaup verksmiðjanna af erlendum skipum.

Jeg hygg, að hv. þm. viti, hvernig þetta fór. Jeg bannaði verksmiðjunum að kaupa. Þær keyptu eigi að síður. Jeg fór í mál við verksmiðjurnar og það fór svo, að jeg tapaði málinu. Það er því nú sem stendur ekkert í veginum fyrir því, að þessar verksmiðjur kaupi svo sem þeim lítst síld af útlendum skipum.

Jeg sje ekki ástæðu til að taka fleira fram að svo stöddu um þetta mál, en skal taka það fram, að jeg er fús til að ræða málið við n. á milli umr.

**Magnús Jónsson:*** Hæstv. forsrh. þarf ekki að vera neitt undrandi yfir því, þótt öðruvísi sje tekið í þetta mál nú en frv. það, sem lá fyrir þinginu í fyrra. Í því voru engin ákvæði, sem bentu til, að skapa ætti ríkissjóði stórkostlega fjárhagslega áhættu; miklu frekar mátti gera ráð fyrir, að ríkið mundi hagnast heldur en hitt. Nú horfir þetta mál alt öðruvísi við, og er þá ekki nema eðlilegt, að fram komi andmæli gegn málinu. Nú er þessu hreyft á alt öðrum grundvelli,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

og skal jeg nú snúa mjer að nokkrum einstökum atriðum.

Hæstv. forsrh. hefir nú skýrt, hvað hann meinti með „kostnaðarverð“ í 5. gr., og eftir því er það ekki annað en eðlilegt markaðsverð, því að vitanlega er ekki greitt neitt útflutningsgjald af þessari vöru. Er þá ekki neitt um þetta að segja, eftir skýringu hæstv. ráðh., en orðið „kostnaðarverð“ í frv. er ákaflega óákveðið og liggur næst að skilja það eins og hv. 2. þm. G.-K. gerði. Þetta þurfa ekki að vera nein sjerstök fríðindi fyrir kaupendur og er líka á hinn bóginn athugavert fyrir útgerðarmenn, ef ekki er tekinn allur kostnaður til greina. Eftir skýringu hæstv. ráðh. er þetta ákvæði einkum sett til þess að tryggja, að bændur fái vöruna.

Þá kem jeg að stjórnarfyrirkomulagi verksmiðjunnar. Jeg hefi enn ekki heyrt eða sjeð nein rök færð fyrir því, að síldareinkasalan fái fulltrúa í stj. verksmiðjunnar. Mjer finst satt að segja, að verksmiðjan sje henni fullkomlega óviðkomandi. Hitt finst mjer mjög eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisstj. og Siglufjarðarkaupstaður fái fulltrúa í stj. Þetta eru þeir aðilar, sem leggja fram stofnfjeð. Nei, miklu framar einkasölunni finst mjer, að þeir menn, sem mest eiga undir rekstri verksmiðjunnar og leggja henni til hráefni, ættu rjett á að fá mann í stj. Hæstv. atvmrh. hafði ekki beint á móti því, en taldi, að til þess þyrfti að fjölga stjórnarmeðlimum upp í 5. Mjer finst þetta óþarfi, enda finst mjer aðallega vera að ræða um þá 3 aðila, sem jeg nú hefi talið: ríkisstj., Siglufjörður og útgerðarmenn.

Þá kem jeg að ákvæðum 9. gr. um að verksmiðjan skuli vera undanþegin skatti. Jeg fyrir mitt leyti tel þetta algerlega rangt. Þetta fyrirtæki á auðvitað að greiða skatta og skyldur eins og hvert annað atvinnufyrirtæki. Jeg veit heldur ekki, hvernig þeir menn, sem vilja fjölga þessum fyrirtækjum, hugsa sjer að halda tekjum ríkisins óskertum með því að undanþiggja þau sköttum og skyldum. Jeg veit ekki, hvar slíkt lendir. Mjer finst líka, að þeir menn, sem hafa trú á þessum fyrirtækjum, ættu að treysta þeim til þess að bera þær byrðar, sem lagðar eru á einstaklingana. Þetta var sett inn í frv. í hv. Ed. Það var ekki í stjfrv., og vil jeg vekja athygli hv. n. á, að þetta er alls ekki til bóta, og væri mjög æskilegt, að hún vildi lagfæra það.

Þá er atriði, sem hv. 2. þm. G.-K. vjek að og talaði um af miklu meiri þekkingu en jeg nú mun gera. Það er í 4. gr., að mjer finst, hálfgerð hugsunarvilla. Það má skilja hana svo, að gert sje ráð fyrir, að verksmiðjan komist með tímanum í hendur þeirra manna, sem leggja henni til hráefnið. Sá skilningur byggist á því, að vextir af þeim peningum, sem standa í fyrirtækinu, sjeu taldir með rekstrarkostnaði.

Í fyrsta lið 4. gr. frv. er allur kostnaður tekinn með, stjórnarkostnaður og „annar venjulegur rekstrarkostnaður“, en ef byrjað er aftan á og litið á síðasta liðinn, þá kemur þar 5% gjald í varasjóð, en þar stendur ekkert um af hverju. (**SvÓ**: Af andvirði vörunnar). Jeg held, að það standi hvergi í frv. (**Forsrh.**: Það má auðvitað skýra þetta). Jeg held,

að varasjóðsgjaldið ætti að reikna af ágóða. (**Forsrh.**: Hver er ágóðinn af þessu fyrirtæki?). Um það skal jeg ekki segja, en það má sjálfsagt finna grundvöll til að ganga út frá í þessu efni.

Þá er 3. liður 4. gr., 5% fyrningargjald af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum. Eftir þessu virðist meiningin, að þegar þessar eignir eru gengnar úr sjer, hafi myndast sjóður, sem nægi til að byggja þau upp aftur.

Þá kemur í 2. lið 5% afborgun af stofnkostnaði stöðvarinnar. Nú er það venjulegt, að þegar menn afborga, þá eignast þeir hlutinn, sem þeir eru að borga af.

Þetta fyrirtæki uppfyllir alveg venjuleg skilyrði samvinnurekstrar. Það er rekið með lánsfje frá ríkissjóði, sem það endurborgar á 20 árum. Í frv. vantar aðeins ákvæði um það, hvernig fyrirtækið skuli rekið þegar þeir, sem leggja til hráefnið, taka við því. Þetta gjald er hreint aukagjald og alls ekki hægt að ætlast til þess, að menn afborgi fyrirtækið án þess að eignast það. Það er mjög einkennilegt, ef menn eiga, eftir að hafa greitt allan rekstrarkostnað, fyrningargjald og varasjóðsgjald, að greiða afborganir af verði stöðvarinnar án þess að nokkuð komi á móti.

Alþingi setti inn í lögin í fyrra heimild til að selja fyrirtækið samvinnufjelagi útvegsmanna, ef það yrði myndað, með þeim skilyrðum, sem þar eru sett. Jeg var að hugsa um að bera fram brtt. um þetta, en treysti mjer ekki til að orða þá breyt. svo, að vel færi til að koma frv. í æskilegt horf. Ef heimildin í lögunum frá í fyrra er notuð, leggur ríkið fje til fyrirtækisins að láni, gegn því að það verði rekið sem samvinnufjelag. En annars ætti þessi 2. liður 4. gr. að falla niður.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um þetta að sinni, en vil skjóta því til hv. n. til velviljaðrar athugunar, hvort hún sæi sjer ekki fært að koma fram með brtt. í þá átt, sem jeg hefi óskað. Hún hefir betri aðstöðu til þess en jeg. En vilji hún ekki sinna þessu, mun jeg reyna að koma fram með brtt. sjálfur.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)**: Jeg er um flest alveg sammála hv. 1. þm. Reykv., en tel vansjeð, að takast megi, eins og nú er áliðið, að koma þeim breyt. gegnum þingið, sem hann taldi æskilegar. Þess vegna mun jeg að þessu sinni bera fram þær breyt. einar, sem jeg tel mestar líkur til, að hægt verði að ná samkomulagi um.

Jeg sje ekki ástæðu til nú að fara að deila um málið. Jeg heyrði því miður ekki alla ræðu hv. frsm. meiri hl. og get því ekki svarað öllu. Hann sagði, að í frv. væri farið eftir líkum um frádrátt til að standast áhættu. Það er rjett, að það er engin reynsla fengin um það, hvað áhætta ríkissjóðs vegna fyrirtækisins kann að verða mikil. en hitt er rangt, að ákvæði frv. miðist við líkur.

Jeg sýndi fram á það hjer í framsöguræðu minni í fyrradag, að það er ekki um að ræða venjulega rekstraráhættu fyrir ríkissjóð, og þess vegna nær auðvitað ekki neinni átt að meta áhættu ríkissjóðs svo mikils,

að öll þau gjöld, sem lögð eru á útgerðarmenn, geri ekki meira en jafna þá áhættu. Hinsvegar verður mikið fje bundið í fyrirtækinu á hverjum tíma, og ef svo færi, að verksmiðjan gæti ekki starfað um lengri tíma, hlýtur óhjákvæmilega að leiða af því mikið tap, bæði vaxtatap og sömuleiðis kostnað af föstu mannahaldi, viðhaldi o. fl.

Hin hættan, sem jeg gat um, var áhættan, sem leitt gæti af því, að þegar búið væri að reisa fyrirtækið, yrðu fundnar aðrar betri og ódýrari vjelar. En það virðist þó ekki mögulegt að gera fyrir þessum áhættum á sömulegan hátt með fyrirmælum eins og þeim, sem eru í 4. gr., eins og það er erfitt að meta þær. En það fullyrði jeg af nokkrum kunnugleika, að líkurnar benda gegn því, að rjett sje ætlað fyrir þessari áhættu með fyrirmælum frv.

Jeg heyrði það á ræðu hv. 1. þm. Reykv., að hv. frsm. hefði sagt, að þau 5%, sem getið er um í 4. lið 4. gr., ættu að vera af söluverði afurða. Jeg hefi nú í lengstu lög vænt þess, að sá skilningur verði ekki lagður í þessi fyrirmæli, því að ef svo er gert, er það sama og alt að 35% skattur af stofnkostnaði fyrirtækisins sje alls lagður á framleiðendur. Hv. 3. landsk., sem hefir áætlað um stofnkostnað og rekstrartilhögun þessarar verksmiðju, skýrði frá í sínu áliti, að það mesta vinslumagn, sem slík verksmiðja gæti komist yfir, sje 15 smál. á klst., eða 360 smál. á sólarhring. En þetta gæti á þeim 80 dögum, sem slík verksmiðja má í hæsta lagi starfa, numið upp undir 300 þús. mál síldar. En andvirði þeirra unninna og kominna á erlendan markað vildi jeg ætla 4 milj. króna. 5% af þeirri upphæð er 200 þús. kr., og það yrði hvorki meira nje minna en 20% af öllum stofnkostnaði slíkrar verksmiðju. Svo að ef þessi skilningur verður lagður í 4. lið 4. gr., þá er frv. með öllu ótækt.

Jeg ætla þá að snúa máli mínu með nokkrum orðum til hæstv. forsrh. Jeg tel óþarfa að orðlengja mjög um þetta mál, vegna þess að jeg geri ráð fyrir, að reynt verði að ná samningum um breytingar á frv. til 3. umr.

Hæstv. forsrh. benti á, að það hefði verið hlutverk bæði mitt og annara íhaldsmanna í þessari hv. deild á síðasta þingi, að brýna hann mjög til varfærni fyrir hönd ríkissjóðs í þessu máli, og þótti honum mikið ósamræmi í því,. að nú er öll áhersla lögð hjá okkur á það, að gera hlut ríkissjóðs sem minstan í þessu máli. Jeg talaði svo hógværlega og — ef nota má það orð — svo vingjarnlega í garð hæstv. forsrh., að það er tæplega verðskuldað, þegar hann fer að snúa út úr þessum hlutum. Jeg skal segja hæstv. ráðh. það, að ef jeg hefði átt við hæstv. dómsmrh. um svona frv., þá hefði jeg tekið fastari tökum á því. Hæstv. ráðh. skilur það áreiðanlega vel, að aðstaða okkar íhaldsmanna í ár er í samræmi við aðstöðu okkar í fyrra, nefnilega að hætta sem minstu fyrir ríkissjóð. Og ráðið til þess er að haga starfrækslunni þannig, að ríkissjóður hafi ekki þá áhættu, sem leiðir af kaupmensku í þessu efni, heldur beri þeir einir áhættu af rekstrinum, sem fyrirtækið er reist fyrir. Nú hefir hæstv. ráðh. gengið

inn á þessa braut. Nú tryggir sjálft frv. það, sem við í fyrra fórum fram á, að ríkissjóður kaupi ekki þessa vöru og selji fyrir eiginn reikning, heldur aðeins veiti vörunni móttöku og aðstoði útgerðarmenn með fjárframlögum. Með því er aldrei greitt út á vöruna meira en svo, að fullvíst er, að hún skili því öllu aftur, og meiru til. Þarna yrði fullnægt þeim óskum, sem við íhaldsmenn bárum fram.

Þegar svo hæstv. ráðh. fer að ætla ríkissjóði stórkostlegar tekjur, er of langt gengið. Enda er jeg sannfærður um, að hæstv. forsrh. gerir það af ókunnugleika, þar sem hann hefir ekki haft aðstöðu til að kynna sjer til fulls, hverju þetta nemur, en ekki af því, að hann vilji leggja þessa byrði á smáútgerðina.

Þegar hæstv. ráðh. leggur út í þetta, þá er eðlilegt, að við segjum: engin áhætta fyrir ríkissjóð og ekkert okur fyrir ríkissjóð. Er það í fullu samræmi við það, sem við sögðum í fyrra, og í samræmi við anda þess manns, sem er faðir þessa frv., fyrv. fjmrh. Magnúsar Kristjánssonar. Það er og í samræmi við ummæli, sem fjellu hjá hæstv. forsrh. sjálfum. En því hefi jeg vikið nokkuð að þessu, að jeg vil ekki, að hæstv. forsrh. hafi þetta í háði. Aðstaða okkar er hin sama og í fyrra: öryggi ríkissjóðs, en ekkert okur.

Jeg ætla ekki að neita því, að mín ræða í fyrradag í þessu máli bar vott um velvilja til málsins. Jeg vil benda á, að öll mín framkoma gagnvart málinu á síðasta þingi bar vott um, að jeg vildi, að slík stofnun kæmist upp, þó að jeg beitti mjer með talsverðri festu gegn því, að ríkið hefði áhættu af henni.

Jeg læt mjer það alveg í ljettu rúmi liggja, hvort hæstv. ráðh. þykir það sannmæli eða öfugmæli, að það sje stefna íhaldsmanna í þessu máli, sem nú sjái dagsins ljós að nokkru leyti í þessu frv. Það er engin ástæða að rífast um, hver á heiðurinn af þessu. En jeg álít, að hæstv. ráðh. hafi orðið fyrir góðum áhrifum af ýmsum till. okkar íhaldsmanna. En því miður hefir ekki orðið alræði íhaldsins í málinu. Hæstv. ráðh. hefir ekki alveg farið eftir till. okkar. Gengið of skamt, málinu til skaða. Eins og hæstv. ráðh. man, var altaf um það deilt, hvort fyrirtækið ætti að hlíta venjulegum ríkisrekstri eða vera á samvinnugrundvelli. Við íhaldsmenn börðumst fyrir samvinnugrundvellinum. Og hæstv. ráðh. hefir ekki gengið inn á þann grundvöll í sínu frv. Það, sem jeg ætla að leitast við að fá hæstv. ráðh. til að aðhyllast til 3. umr., er einmitt að koma málinu á samvinnugrundvöll. Og þar sem hann má svo að segja aldrei ógrátandi á samvinnuna minnast, þá vænti jeg þess, að auðvelt verði að fá aðstoð hans í þeim efnum.

Hæstv. ráðh. sagði, að allir rendu blint í sjóinn um áhættu ríkissjóðs af þessu fyrirtæki. Jeg hefi skýrt í frumræðu minni, að þetta er ekki svo. Að vísu er erfitt að segja, hver mesta áhætta geti orðið. En ráðið til að firra ríkissjóð allri áhættu er að flytja hana yfir á þann rjetta aðila, — er einmitt það, sem jeg óska að nái framgangi, nefnilega að þeir, sem skifta við fyrirtækið, þeir eigi það. Og ef þeir megi ekki eignast það,

þá a. m. k. eignist þeir það í sjóðum fyrirtækisins, sem þeim að rjettu hlutfalli ber við aðra skiftamenn fyrirtækisins. Jeg get vel hugsað mjer til bráðabirgða að aðhyllast það fyrirkomulag, að ríkið ætti fyrirtækið, að skiftavinir borguðu allan kostnað og náttúrlega vexti, því að það skoða jeg sem rekstrarkostnað, og auk þess 5% afborganir, og svo t. d. 5% í staðinn fyrir þau 10, sem frv. mælir fyrir. Að lokum yrði árlega gert upp, hvað afgangur væri, og þegar allur rekstur væri borgaður, fengi hver viðskiftavinur sinn hlut, eftir því hvert magn hann hefir fengið verksmiðjunni til vinslu í hlutfalli við heildarmagn verksmiðjunnar. Þetta fje gæti svo eftir sem áður staðið inni sem innieign hjá verksmiðjunni, jafnvel allan þann tíma, sem ætlast er til, að ríkissjóður hafi eignarhald á verksmiðjunni, þ. e. þau 20 ár, sem myndu ganga til að greiða allan stofnkostnað.

Hæstv. ráðh. bendir á, að hann sje reiðubúinn til að gera á þessu leiðrjettingu seinna, ef reynslan sýnir, að þessi gjöld sjeu of há. En það er ákaflega erfitt að finna nokkra algilda reynslu í þessu efni. Hæstv. ráðh. gat um, að jeg hefði nokkra reynslu. Hún er þó ekki það mikil, að jeg treysti mjer til að segja um, hvort sú áhætta, sem hvílir á fyrirtækinu, nefnilega að nýjar vjelar verði fundnar upp, eða fyrirtækið ekki starfrækt, mundi skella á. En jeg ítreka það enn, að hjer er ekki um venjulega áhættu þeirra fyrirtækja að ræða, sem kaupa síld til vinslu og selja afurðir fyrir eiginn reikning. Þá áhættu ber ekki ríkissjóður, heldur viðskiftavinirnir.

Um ákvæði 5. gr. skal jeg ekki fjölyrða. Hæstv. ráðh. hefir skýrt þau þannig, að þau ættu ekki að verða verksmiðjunni að baga. Verðið, sem þar er ákveðið, er kostnaðarverð. Skilst mjer hann þar eiga við það meðalverð þess mjöls, sem verksmiðjan selur öðrum en þeim aðiljum, sem tilgreindir eru í 5. gr. frv. Einasti annmarkinn á þessari skýringu er þó sá, að ef svo skyldi fara með tímanum, að meiri hl. mjölsins yrði seldur innanlands, gæti það orðið bændum óhagstætt að vera bundnir við verð á þeim tiltölulega litla hluta, sem seldist út úr landinu og af hendingu gæti náð einhverju gæðaverði. Þyrfti kannske að tryggja þetta enn nánar en fyrirmælin gera. En sá skilningur, sem jeg sje, að hæstv. ráðh. leggur í þetta, er mjer að öðru leyti geðfeldur.

Jeg vil þá benda á það, að það er ekki full trygging fyrir því, að varan sje góð, að hún sje frá þessari verksmiðju. Hæstv. ráðh. sagði sjálfur, að varan til þessa hefði oft verið vond, en þó ekki vísvitandi. Slíkir annmarkar geta náttúrlega alveg jafnt komið til greina hjá þessari stofnun. En við ættum þó að hafa fulla tryggingu fyrir því. að forráðamenn bessarar verksmiðju reyndu að halda besta mjölinu til íslenskra bænda. Og það er kannske sú hlið málsins, sem gerði það að verkum, að jeg vildi mæla með þessu fyrirmæli.

Um stjórnarfyrirkomulag kvaðst hæstv. ráðh. geta gengið til móts við minni hl. n.. og þá helst með því að fjölga í stjórninni upp í fimm. Jeg

þarf ekki mikið um það að ræða; hv. 1. þm. Reykv. hefir gert það allítarlega. Jeg tel eins og hann miklu heppilegra að hafa aðeins þrjá menn í stj. og ástæðulaust að hafa fleiri, en mun annars ræða um það við hæstv. ráðh. milli umr.

Um fyrirmæli 8. gr. skal jeg að vísu játa, að jeg hafði a. m. k. lagt í þau víðtækari skilning en hæstv. ráðh. Jeg hjelt, að hæstv. ráðh. ætti með þessum fyrirmælum við það, að verksmiðjan mætti gera bindandi samninga um viðskifti við erlenda menn að sama skapi sem erlendum verksmiðjum hefir verið heimilað það. En jeg sje nú, að hæstv. ráðh. á aðeins við það, að þessi verksmiðja megi kaupa af þeim erlendu skipum, sem samkv. ísl. lögum — eða a. m. k. ísl. venju — hafa leyfi til að selja hjer afla úr einni veiðiför. Þetta er náttúrlega talsvert annað. En þó hefði mjer verið langgeðfeldast að láta þessa heimild niður falla. Jeg geri ráð fyrir, að þetta komi sjaldan eða aldrei til. En mjer þykir það styrkja okkar aðstöðu út á við, að við sýnum, að það er hægt að reka ísl. síldarverksmiðju án þess að kaupa síldina af erlendum skipum.

Að öðru leyti ætla jeg að láta liggja milli hluta sumt af því, sem mjer hefði fundist tilefni til að ræða um, hefði jeg ekki haft von um að geta náð samkomulagi við hæstv. ráðh. og hv. frsm., og vel því heldur að ræða málið við þá á milli deildarfunda.

**Sigurður Eggerz:** Jeg skal ekki halda langa ræðu að þessu sinni. Jeg var búinn að lýsa svo ítarlega afstöðu minni til frv. í fyrra og kom þá með mínar almennu aths. um ríkisrekstur, svo að það þýðir ekki að koma með þær að nýju.

Jeg sje ekki betur en að eftir þessu frv. sje um algerðan ríkisrekstur að ræða. Og þessir draumar, sem hafa komið fram hjá einstökum hv. þm. í deildinni, að hjer væri ekki ríkisrekstur á ferð, heldur samvinnufjelagsskapur, held jeg að eigi enga rót í sjálfu frv. Að vísu eru vissar ákvarðanir um, hvernig hráefna skuli aflað í verksmiðjuna, og er gert ráð fyrir að útgerðarmenn leggi fram síldina gegn vissri fyrirframgreiðslu, sem miða á við líkurnar fyrir því, hvað verksmiðjan getur selt afurðir sínar að frádregnum rekstrarkostnaði og 15%, er skiftist í stofnsjóð, rýrnun o. s. frv., en eftirstöðvarnar greiðast er niðurstaðan er komin af rekstri verksmiðjunnar. En eins og hv. 2. þm. G.-K. benti á, er engin vissa fyrir því, að útgerðarmenn fáist með þeim skilyrðum, sem í frv. felast, til þess að leggja næga síld í verksmiðjuna. Það liggur í hlutarins eðli, að útgerðarmenn reyni að fá sem mest upp úr síldinni. En vegna hins mikla frádráttar, er lögin gera ráð fyrir, þá má búast við, að útgerðarmenn snúi sjer fremur til þeirra verksmiðja, sem greiða strax ákveðið fyrir málið, en það gera ýmsar síldarverksmiðjur nú, sem eru í frjálsri samkepni. Jeg sje ekki betur en ríkisverksmiðjan verði þá að fara út í samkepnina og borga eins og aðrar verksmiðjur fyrir síldina.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh., hvort ákvæði þau, sem standa í 8. gr., sjeu í nokkru sambandi við

þá samninga, sem sýnilega eru nú á leiðinni í Noregi. Í blaðinu Bergens Aftenblad sjer maður, að framkvæmdarstjórar einkasölunnar eru báðir staddir þar og eru að semja við norska fiskveiðamenn um að reka síldveiðar hjer. Og í viðtalinu við Pjetur Ólafsson, sem birt er í blaðinu, stendur, að niðurstaðan af samningaumleituninni væri þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Resultatet av forhandlingene blev, at vi paa betingelse av, at den norske sammenslutning blev gjort obligatorisk, saaledes at alle norske Islandssildefiskere var indbefattet, erklærte os villige til ovenfor sildemonopolets eksportkomite og den islandske regjering, at anbefale et utarbeidet forslag til samarbeide, som i hovedtrækkene gaar ut paa en forholdsvis begrænsning fra begge land av saltsildkvantumet, og i forbindelse hermed at de norske fiskere faar adgang til sildoljefabrikene paa Island for det fra saltningen overskytende kvantum, forsaavidt fabrikene kan motta samme, og tilladelse til indenfor grænsene at stationere en flytende sildoljefabrik, for at motta fabriksild fra norske og islandske fartöier".

Samkv. blaðinu mæla forstjórar einkasölunnar með undanþágu þeirri frá fiskiveiðalöggjöfinni, er getur um hjer að ofan. Við þessa samninga mætti maður frá norsku stjórninni. Jeg þykist viss um, að hæstv. forsrh. muni ekki hafa dottið í hug að ganga inn á það, sem hjer er á ferð, enda stendur ekkert í blaðinu um það. En um það verður að spyrja hæstv. forsrh., hvort þessi samningatilraun hafi farið fram með samþykki stj. Þessi samningatilraun grípur inn í utanríkismál þjóðarinnar, og ótrúlegt er, að forstöðumönnum einkasölunnar sje falið að semja um slík mál, enda undanþága sú, er þeir hafa mælt með, óverjandi í alla staði.

Mál eins og þessi heyra sannarlega ekki undir forstöðumenn verslunarfyrirtækis, heldur ber stjórninni eða diplomatiskum starfsmönnum ríkisins að fara með slík mál. Það er hinn mesti háski, ef einstakir menn fara að blanda sjer inn í svo alvarlega hluti. Og hvílík hætta getur ekki stafað af þessu fyrir kjöttollsmálið.

Jeg mun, eins og jeg hefi tekið fram, greiða atkv. á móti þessu frv. Og satt að segja hafði jeg vonað, að hæstv. fors.- og atvmrh. mundi ekki leggja svona mikla áherslu á frv., heldur láta það daga uppi á þessu þingi. Held jeg, að það hefði verið það skynsamlegasta.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Það eru aðeins fáein orð út af því, er þeir hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. G.-K. hafa sagt. En jeg geri ráð fyrir því, út af þeim aths., sem hjer hafa verið gerðar, að þessi atriði verði nánar rædd við 3. umr. í sambandi við þær brtt., er þá verða á ferðinni. Er því ástæðulaust að rökræða það sjerstaklega nú.

En jeg vil benda á það, út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um þau ákvæði 4. gr., er snerta prósent-tölu þá, er á að ganga til verksmiðjunnar, að hann átti þar við alt annan lið en hv. 2. þm. G.-K., sem átti við 4. lið gr. En hv. 1. þm. Reykv. átti aðallega við 2. lið þessarar greinar.

Út af því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði um áhættuna, þá er ekki undar-

legt, þó jeg tali nokkuð um hana, svo mikið veður sem gert hefir verið út af henni bæði utanþings og innan. Hafa íhaldsblöðin básúnað þetta viku eftir viku og kallað síðasta þing síldarþing og reynt að gera Framsókn tortryggilega út af þessu máli. En jeg hefi áður lýst því yfir, að jeg teldi það mína fyrstu skyldu að hafa opin augun fyrir þessari margumræddu áhættu.

Þá var jeg og spurður að því hjer á Alþingi í fyrra, hvort jeg ætlaði ekki að leigja verksmiðju, ef ekki yrði hægt að byggja hana bráðlega. Voru blöðin síðan látin bergmála þetta um land alt. En hvað hefir nú orðið úr öllu þessu? Jú, engin verksmiðja hefir verið reist og þegar jeg kem með frv., er ákveður fyrirkomulag rekstrarins, er jeg áfeldur fyrir það að vera of varfærinn.

Af einstökum atriðum, er hv. 2. þm. G.-K. vjek að, skal jeg aðeins minnast á nokkur.

Hann vjek nokkuð að ákv. 5. gr. viðvíkjandi því, er landbúnaðurinn á að fá af síldarmjöli. Hann fjelst á skýringu mína viðvíkjandi kostnaðarhliðinni, en benti á, að erfitt mundi að framkvæma þetta. En jeg vil minna hann á, að í 5. gr. frv. eins og það var frá stj. hendi var talað um, að verksm. væri ekki skyldug að selja til landbúnaðarins nema alt að ⅓ þess síldarmjöls, er hún framleiddi árlega. Og jeg hygg, eftir því, sem nú er og búast má við, að það verði ekki svo mikið, er verksmiðjan þarf að selja. Jeg setti upphaflega ⅕ hluta í uppkastið af frv. Þetta mun því ekki valda neinum erfiðleikum, því þörf bænda fyrir síldarmjöl er svo lítil í samanburði við væntanl. framleiðslu.

En það var aðallega út af fyrirspurn hv. þm. Dal., að jeg stóð upp. En áður en hann bar hana fram talaði hann mikið um og lagði áherslu á þá áhættu, er fylgdi þessu fyrirtæki, sjerstaklega þó ef verksmiðjan hefði ekki nóg að starfa. Það er einmitt þetta, sem mjer finst hv. 2. þm. G.-K. fullgleyminn á, þegar hann vill ekki fallast á þær tryggingarráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv. Virðist mjer svo um hann, að hann hafi gengið fullangt til annarar hliðarinnar í fyrra, en til hinnar núna. En það er svo, að þar sem ríkið ber áhættuna, er ætlast til þess, að varasjóður sá, sem gert er ráð fyrir í 4. lið 4. gr., beri þá skelli, er fyrirtækið kann að verða fyrir. (**ÓTh**: Jeg hefi þegar bent á þetta í frumræðu minni). Já, það er rjett. En mjer fánst hv. þm. ekki taka nægilega afleiðingunum af þeirri niðurstöðu, er hann komst að.

Þá spurði hv. þm. Dal., hvað gert yrði, ef ekki fengist nægileg síld til þess að vinna úr. Hann svaraði sjer svo sjálfur og sagði, að hún mundi verða rekin samt. En þetta er ekki rjett. Lögin segja sjálf, að hún skuli ekki rekin. (**SE**: En hvað verður gert, eftir að ríkið er búið að byggja verksmiðju fyrir 1 milj. kr., ef hún verður svo ekki notuð neitt?). Ef reynslan verður sú, að hennar er ekki þörf fyrir síldarútveginn, þá verður hún seld og ríkið hættir við reksturinn. Að vísu verður ríkissjóður þá fyrir nokkru vaxtatapi, en jeg álít, að nauðsynlegt sje að leggja út í þetta vegna síldarútvegsins.

Þá spurði hv. þm., hvort nokkurt samband væri milli fyrirmælanna í 8. gr. um það, að heimilt sje að kaupa síld af utanríkismönnum, og þeirra samningaumleitana, er farið hafa fram í Noregi af hálfu síldareinkasölunnar, og hvort þær væru gerðar í samráði við landsstj. Jeg skal strax geta þess, að milli frv. og þessara samningsumleitana er ekkert samband. Mjer skildist, að samkv. frásögn þess blaðs, er hv. þm. las upp, hafi þessi umræddi fundur átt að hafa átt sjer stað fyrir fáum dögum. En frv. var samið í desember og endanlega frá því gengið í janúar. Skal jeg ennfremur lýsa því yfir, út af því, er hv. þm. las upp úr þessu norska blaði, að stj. veit ekki til þess, að neinir samningar, slíkir sem þar er getið um, hafi átt sjer stað.

Yfirleitt er það svo, að enginn sá samningur er gerður við útlönd, er utanríkismálanefndin fjallar ekki um, heldur eru öll slík mál útkljáð í samráði við hana. En ef þessi ummæli blaðsins skyldu því miður reynast rjett, þá get jeg sagt það, að um það hefir ekkert verið ráðgast við stj. Og ef um einhverjar slíkar samningsumleitanir er að ræða, mun hv. þm. Dal. sem meðlimur í utanríkismálanefndinni fá að vita það jafnsnemma og stj.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg hefi skrifað undir nál. meiri hl. á þskj. 426 og þar með lýst fylgi mínu við þetta mál. En eins og nál. ber með sjer, hefi jeg ekki skrifað fyrirvaralaust undir það. Vil jeg því gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna jeg ber ekki fram brtt. við frv.

Þar sem svo var orðið áliðið þings, áleit meiri hl. n. ekki rjett að koma fram með brtt., er gætu orðið til þess að tefja málið. En hitt var mjer og öðrum ljóst, að nauðsynlegt var, að þessi verksmiðja gæti tekið til starfa á þessu ári. (**ÓTh:** En það gerir hún ekki). Það eru alls ekki litlar líkur til þess, en það fer vitanlega eftir því, hve rösklega verður að því gengið að hraða málinu og undirbúningi verksins.

Þó jeg sje nú alls ekki ánægður með það fyrirkomulag, er á að verða á þessu fyrirtæki, vildi jeg þó ekki tefja málið að þessu sinni með því að koma fram með brtt. við það. En eins og allir vita, er það hugsun okkar jafnaðarmanna, að þessi verksmiðja sje að öllu leyti eign ríkisins og rekin af því. Og eins og reynslan hefir sýnt með rekstur þeirra síldarbræðsluverksmiðja, er starfræktar hafa verið hjer á landi, fylgir þessu ekki nokkur áhætta fyrir ríkissjóð.

Jeg hafði hugsað mjer, að verksmiðjan tæki síldina með því verði, er alment er í öðrum verksmiðjum, miðað við sömu gæði. Geri jeg ráð fyrir, að það verð, er verksmiðjurnar alment greiða, sje ekki svo hátt, að þær sjái sjer ekki borgið í meðalári. Svo að loknu starfsári ætlast jeg til, að verksmiðjan borgi vissan hluta af ágóðanum til viðskiftamannanna og verkamannanna. Hvað hann yrði stór, fer eftir atvikum. Hygg jeg, að þetta fyrirkomulag mundi verða mjög vinsælt. Ef enginn hagnaður yrði, kæmi eðlilega ekkert til úthlutunar.

Eitthvað á þennan hátt hefðum við jafnaðarmenn hugsað okkur fyrirkomulagið, og hygg jeg, að það mundi hafa orðið mjög farsælt. En jeg býst

ekki við því, að þessi hugmynd hafi mikið fylgi hjer á Alþingi og mun því þýðingarlaust að koma fram með brtt. í þessa átt. En tíminn mun leiða það í ljós, hvort þetta fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir að verði á rekstri verksmiðjunnar, gefst vel eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti hefði kosið það á hinn veginn.

Ein breyt. á þessu frv. er það, er mikið hefir verið rædd og margir óska, að verði samþ. Víkur hún að stjórnarfyrirkomulaginu. Er gert ráð fyrir því í frv., að stj. verði skipuð 3 mönnum, og er það álit margra, að það sje nóg. Er hjer líka um svo marga aðila að ræða, sem hagsmuna þykjast eiga að gæta í viðskiftum við verksmiðjuna, að þeir geta varla allir átt fulltrúa í stjórninni. En sje það álitið rjett, að útgerðarmenn eigi fulltrúa í stj., þá eiga verkamenn ekki síður rjett á því. Mundi jeg geta fallist á það, að þessir 2 aðilar fengju sæti í stj. Annars hygg jeg, að það sje ekkert deiluatriði, að ríkið verður að eiga fulltrúa í stj. Ennfremur verður það að teljast sjálfsagt, að Siglufjörður, sem leggur til svo mikið verðmætt land, og auk þess ef til vill bryggjur og hús, verði líka að eiga einn fulltrúa í stjórninni. Hitt hefir aftur á móti verið mjög deilt um, hvort síldareinkasalan ætti að eiga fulltrúa í stj. Hv. 1. þm. Reykv. taldi það t. d. ekki rjett, og beinlínis óþarft, því síldareinkasalan væri rekin af ríkinu og starfrækt beint undir þess umsjá og eftirliti. Jeg lít aftur á móti öðruvísi á þetta. Jeg álít, að hjer sje um svo nátengd fyrirtæki að ræða, að nauðsynlegt sje, að einkasalan hafi mann í stjórn verksmiðjunnar. Verksmiðjan mun aðallega verða fyrir hin smærri skip og báta, er skifta við einkasöluna. Nú getur vel farið svo, að einkasalan geti ekki tekið nema nokkurn hluta af afla þessara skipa, og getur þá verið gott að eiga greiðan aðgang að því að láta hitt ganga til verksmiðjunnar. Að þetta geti vel gengið fyrir sig, tel jeg best trygt með því, að einkasalan fái einn fulltrúa í stj. verksmiðjunnar.

Þá hefir og mikið verið rætt um 4. gr. frv. Er það í raun og veru aðallega 4. liður þeirrar greinar, sem deilt er um, nefnilega hve gjaldið í varasjóðinn skuli vera hátt. En hvergi er tekið fram, hvorki í grg. frv. nje annarsstaðar, hvort þetta gjald skuli tekið af því, er kemur til útborgunar strax, eða hvort það skuli tekið af því verði, er fæst fyrir síldina þegar búið er að vinna hana. Jeg hefi skilið þetta svo, að átt væri við hrásöluverð síldarinnar, og sami skilningur virtist mjer koma fram hjá hv. 2. þm. G.-K. Yrði það þá sama sem 10% af almennu söluverði síldarinnar. (**ÓTh:** Nei, við stofnkostnað verksmiðjunnar, en samkv. lögunum er ekkert ákveðið um þetta). Jeg hefi þá ekki skilið hv. þm. rjett.

Sami hv. þm. sagði, að sá skattur, er með þessu væri lagður á togarana, næmi ca. 12 þús. kr. á hvern og 3—5 þús. kr. á mótorbát. Jeg veit ekki, af hve miklum afla hann reiknar þetta, en býst við, að hann hafi miðað við meðalafla. En samkv. hagskýrslunum er meðalsíldarafli 1927 4076 mál á hin stærri skip, en 1643 mál á hin smærri. (**ÓTh:** Hv. þm. veit miklu betur um þetta sjálfur). Ef maður reiknar nú út frá þessu —

jeg er ekki sammála því, að rjett sje að reikna með 9 kr. verði á mál, jeg held að það hafi alment verið 8 kr., miðað við 150 kg. —, þá verður þessi skattur, er hv. 2. þm. G.-K. talaði um, 3260 kr. á togara, en 1300—1400 kr. á smærri skip, miðað við hrásöluverð síldarinnar.

En hv. þm. mintist líka á, að þessum mönnum væri ætluð þátttaka í þeim arði, sem fengist við það að vinna úr síldinni. Það er ekki gott að segja, hve mikið það verður; það fer vitanlega eftir síldarmagni og verðlagi vörunnar. En jeg hefi sjeð það nýlega í norskri bók um norskar síldarbræðsluverksmiðjur, að eftir þeirri reynslu, sem fengist hefir í Noregi, þá muni þar venjulegast að fá 27 kg. af síldarmjöli úr einu máli síldar. Jeg hygg, að hjer sje óhætt að gera ráð fyrir því sama, eða jafnvel muni óhætt að gera ráð fyrir meiru. Auk þess munu fást um 14 kg. af lýsi úr hverju síldarmáli. Það getur verið, að þetta sje öðruvísi hjer, en þó hygg jeg, að nokkuð sje óhætt að byggja á norskri reynslu.

Það kom fram hjá hv. þm. G.-K., að hann taldi, að 5% skattur af söluverði síldarafurðanna væri sama sem 10% af hrásöluverði síldarinnar. — Þetta mun vera rjett. Verðmæti síldarinnar mun vera alt að því helmingi meira þegar búið er að vinna hana. Nú liggur það í hlutarins eðli, að ef hagnaður verður á rekstrinum, þá fá viðskiftamennirnir allmikla uppbót, sem ætti þá að vega fyllilega á móti því, sem þeir verða að greiða verksmiðjunni fyrir vinslu síldarinnar, er hún að sjálfsögðu verður að fá til þess að tryggja sjálfa sig.

Jeg skal svo ekki fara út í önnur deiluatriði þessa máls. Jeg býst við því, að jeg muni heldur fylgja frv. eins og það er heldur en fara að umturna því, svo að hætta sje á, að það komist ekki gegnum þingið. En annars hefi jeg óbundnar hendur um það að greiða atkv. með brtt., er fram kunna að koma og jeg gæti fylgt. Jeg býst þó helst við að fylgja því, sem hjer er fyrir hendi, enda þótt það sje ekki svo gott sem jeg og flokksbræður mínir vildum óska. — Skal jeg svo ekki tefja umr. lengur að svo stöddu.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Það mun nú vera svo hjer sem í öðrum málum, að lítill gróði er að löngum umr. Er þess og síst að vænta, að þær leiði til mikils árangurs.

Jeg verð að segja, að jeg byggi meira á því starfi, sem hefir verið unnið í n., en umr. Hv. frsm. minni hl. hefir talað mjög hóglega og vingjarnlega um frv. og væntanlegar breyt. á því. Jeg finn því ekki ástæðu til að svara orði til orðs einstökum aðfinslum, og þó að mjer virðist sumstaðar kenna misskilnings í umr., held jeg, að jeg verði að vona og byggja á því, að menn geti komið sjer saman um aðalatriðin. Jeg ætla, að af hv. 4. þm. Reykv. hafi verið vikið að stj. stofnunarinnar eins og gert er ráð fyrir í 7. gr., að hún verði. Jeg verð að segja, að jeg hefi enga trú á, að betur færi, þó að stj. yrði fjölmennari og við bættust fulltrúar viðskiftavina og verkamanna. Mjer finst, að eins og fyrirkomulagið er hugsað, hafi þeir enga þörf á að eiga þar talsmann. Mjer virðist, að

þeirra hagsmuna muni verða gætt eftir reglunum um rekstur fyrirtækisins. Og varla þurfa þeir að hafa talsmann til að gæta þess, að ekki verði ranglega bókfært það, sem bókfæra þarf.

Hv. 4. þm. Reykv. tók það rjettilega fram, að síldareinkasölunni væri nauðsynlegt að hafa þarna mann í stjórn. Samvinnan hlýtur að verða talsvert náin á milli síldareinkasölunnar og þessarar stofnunar.

4. gr. frv. hefir verið skilin misjafnlega af einstökum ræðumönnum. Jeg verð að segja, að þar sem upphafið er á þessa leið: „Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði — —“ o. s. frv., getur ekki verið að ræða um annað en söluverð afurða. Það er ekki stofnkostnaður fyrirtækisins, sem miðað er við, nema í 2. og 3. lið. Með hliðsjón af þessu hefir ýmsum virst, að einkum gjaldið í varasjóð, sem um ræðir í 4. lið, sje of hátt. En reynslan verður að skera úr um þetta. Mjer finst áhættan töluvert mikil, og jeg get vel ímyndað mjer, að varasjóðurinn sje a. m. k. fyrst í stað ekki svo sterkur, að hann sje einhlítur, ef óhöpp ber að höndum.

Það er vissulega um fleiri tegundir áhættu að ræða en þær, sem hv. frsm. minni hl. tók fram. Jeg skal t. d. nefna eina tegund áhættu, sem er ekki langt undan landi. Það getur komið ísrek á miðju sumri, sem getur stöðvað veiðina. Það geta líka komið fyrir óhöpp vegna óveðurs. Varasjóðstillagið er því a. m. k. ekki óhæfilega hátt til að byrja með. Aðrir liðir 4. gr. skilst mjer, að ekki sjeu of háir; þeir eru meira að segja ef til vill of lágir.

Einhver hv. ræðum. fann að því, að samkv. ákv. 9. gr. er verksmiðjan undanþegin aukaútsvari og tekju- og eignarskatti. Þetta er auðvitað nokkuð hart fyrir það bæjarfjelag, sem í hlut á, að verksmiðjan skuli vera undanþegin aukaútsvari. Hitt er engin fjarstæða, þó að ríkissjóður sje sviftur tekju- og eignarskattinum meðan verksmiðjan er ríkisins eign.

Jeg vil ekki tefja tímann með því að fara út í aðfinslur einstakra manna. Jeg get tekið það fram aftur, að líkur benda til þess, að breytingar muni þrautalítið geta komist á í n. og að þá megi líka vænta þess, að þeim verði vel tekið í hv. d.

**Magnús Jónsson:*** Hæstv. forsrh. var enn að láta í ljós undrun sína yfir því, hve ólík væri aðstaða íhaldsmanna nú og fyr í þessu máli. En jeg vil benda á, hvað samþ. var í fyrra. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp 1. gr.:

„Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir“. — Hjer er ekkert um það sagt, hvort fyrirtækið eigi að rekast á samvinnugrundvelli eða sem hreint ríkisáhættufyrirtæki. Í frv. nú er sagt meðal annars: „Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sjerstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning“. Og svo eru

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

lögð á menn óteljandi gjöld til að tryggja ríkissjóð. Hæstv. ráðh. er að ýmsu leyti alveg með því, að frv. hafi gengið mjög langt í þá átt, sem við íhaldsmenn vorum að tala um í fyrra, eins og hv. 2. þm. G.-K. hefir sagt. En jeg er sammála hv. þm. Dal. um það, að hjer er um ríkisrekstur að ræða, sem jeg get ekki, frekar en hann, greitt atkv. mitt, nema því aðeins, að tekið sje tillit til till. minna. Það er gaman að sjá, hvernig þær till. leysa öll vandræði. Hv. þm. Dal. benti á, að verksmiðjan yrði að hætta, ef ekki fengist nægilegt magn síldar til að vinna úr, og hæstv. forsrh. sagði, að einmitt vegna þeirrar hættu riði á háum gjöldum. Það er hugsunarvilla hjá hæstv. ráðh., því að hin háu gjöld fæla viðskiftamennina í burtu. En þetta sýnir, hvað till. mín um að gera ráðstafanir til að selja þeim verksmiðjum, sem eiga að leggja til hráefnið, er nauðsynleg.

Annað atriði í þessu máli er það, hvort gjöldin eru mátulega há í sjóðina. Fyrningargjaldið kemur ekki hjer til greina, en um hin ber fyrst og fremst að líta á það, hvort mennirnir eru að borga sjálfum sjer eða öðrum. Þeir vita, að eftir því sem meira er í varasjóði, eykst eign þeirra í fyrirtækinu. Jeg vildi því óska, að hv. n. og hæstv. stj. vildu taka till. mína til athugunar. Aðalatriðið er, hvort hjer eigi ekki að ganga inn á þá braut, sem hæstv. stj. hefir ósjálfrátt farið inn á með afborgunarlið 4. gr., um að heimila sölu fyrirtækisins til samvinnufjelaga. Það er augljóst, að þessi tvö höfuðvandkvæði leysast alveg, ef þessi aðferð er tekin.

Jeg hefi fundið það, án þess að hæstv. forsrh. upplýsti það, hvað það gerir að verkum, að 5% afborgun sje tekin upp. Í 3. gr. laganna frá í fyrra stendur: „Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, alt að 1 miljón króna, er greiðist af tekjum stofnanna á næstu 25 árum".

Þetta er með öðrum orðum gert að skyldu, að ríkissjóður skuli vera laus við lánið í 25 ár. En hitt er misskilningur, að ríkissjóður eigi að vera búinn að greiða lánið og um leið eignast fyrirtækið, sem sje taka tvöfaldan skatt af mönnum. Það er eins með þetta og hvert annað lán. Atvinnuvegirnir endurgreiða lánin. Ríkissjóður á ekki að greiða þetta og sitja svo uppi með eignirnar. Með því móti er farið fram á hreint rán. Þetta er svo ótækt, að ef menn ekki samþ. till. mína um heimild til að selja, verður að kippa 2. eða 3. lið burt úr 4. gr.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Jeg ætla fyrst að svara hv. 1. þm. Reykv. Jeg hefi áður getið um, að ef hægt er að fá það fyrirkomulag, sem hann stingur upp á, vil jeg það helst, en jeg vil benda á, að ef uppástungur mínar til samkomulags ná fram að ganga, er þeim viðskiftavinum verslunarinnar, sem til þessa tíma hafa skift við hana, skaðlaust, þó að endanlegt skipulag dragist. Aðalatriðið er, að viðskiftamenn eignist það, sem haldið er eftir af andvirði vörunnar umfram þörfina, í rjettu hlutfalli við viðskifti sín við verslunina.

Jeg ætla ekki að svara hæstv. ráðh. miklu. Jeg get þó ekki komist hjá að segja það enn, að mjer er alveg

óskiljanlegt, af hverju hann lætur sem hann skilji ekki aðstöðumun okkar til þessara mála frá því, sem var í fyrra. Íhaldsm. beittu sjer fyrir ákveðinni stefnu í fyrra. Og á milli þinga hafa þeir bent á, að mikil hætta grúfði yfir ríkissjóði í sambandi við þetta mál. En hvers vegna? Af því að hæstv. ráðh. fjekst ekki til þess í fyrra að gefa yfirlýsingu um, hvernig hann ætlaði að haga starfrækslu þessa fyrirtækis. Hitt veit hæstv. ráðh., að í fyrra ætluðumst við til, að fyrirtækið væri rekið fyrir ríkissjóðsreikning á venjulegum kaupmenskugrundvelli. Hæstv. ráðh. var margspurður, en ekki tókst að fá svar. Ein yfirlýsingin var sú, að ef verksmiðjan væri seld, mundi hann ekki selja hana öðrum en þeim, sem ræki hana á samvinnugrundvelli. En hæstv. ráðh. gaf ekkert loforð í því tilfelli, að verksmiðjan yrði ekki seld. Nú er aftur á móti lagt inn á þá braut, sem firrir ríkissjóð þeirri hættu, sem við óttuðumst mest. Þegar það er búið, segjum við: „Við sjáum ekki ástæðu til að okra á framleiðendunum". Hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að það væri ekki heldur tilgangur sinn. Hann getur þó ekki verið að seilast eftir mótstöðu okkar. Frv. ætlast til, að greiða megi framleiðendum alt að 70% af andvirðinu, en með því að halda eftir 30%, tel jeg, að girt sje fyrir hámark áhættunnar.

Jeg vil ennfremur benda á — og jeg legg ríka áherslu á það —, að það er rjett, sem jeg gat um í frumræðu minni, að ef skilmálar fyrir verslun við verksmiðjuna eru gerðir eins óaðgengilegir og frv. fer fram á, ef lagður er í það skilningur hv. 1. þm. S.-M., er þar með verksmiðjunni lokað. Enginn skiftir við hana upp á þá skilmála.

Jeg ætla að víkja örfáum orðum að hv. 4. þm. Reykv. Hann tilfærði rök fyrir nauðsyn þess, að síldareinkasalan ætti mann í stj. fyrirtækisins og ljet alveg eins og hann hefði ekki heyrt ræðu mína í fyrradag, þar sem jeg tilfærði ákveðin rök fyrir því, að einkasalan þyrfti þar engan mann að hafa. Rök mín voru einmitt svar við ræðu hans, þó að hún kæmi á eftir. Jeg gat svarað þessu, af því að jeg hafði fylgst með gangi málsins í Ed. og lesið ræður hv. flokksbræðra hans þar. Það er hættulegur misskilningur, ef hv. þm. heldur, að síldareinkasölunni sjeu opnar dyr fyrir alla sína viðskiftamenn í verksmiðjuna, hvenær sem mikið berst að af síld. Það er nauðsynlegt að marka skýrar línur um það, að samningsbundnir viðskiftamenn gangi fyrir hlaupaviðskiftamönnum, þegar mikið er af síld.

En jafnvel þó að þessu væri ekki svona háttað, á sá stjórnarmaður, er ráðh. skipar, að tryggja eðlilegt samband einkasölunnar og bræðslustöðvarinnar. Önnur eða meiri nauðsyn er ekki þarna fyrir hendi, og síst ástæða til að fá einkasölunni þetta vald til kosningar stjórnarnefndarmanns, ef á að úthýsa öðrum rjettum aðilja, þar sem viðskiftamennirnir eru.

Í ræðu hv. þm. kendi allmikils misskilnings á því, hvaða skilning jeg legði í 4. gr. laganna, en jeg legg ekki svo mikið upp úr þeim misskilningi, að jeg vilji verja miklum tíma til að leiðrjetta hann. Aðeins vil jeg

benda á það, að mínir útreikningar hníga að því, að þau 10%, sem tekin eru af framleiðendum umfram það, sem nauðsyn ber til, samsvöruðu álagi, sem næmi 3—5 þúsundum á vjelbát og 10—12 þús. á togara.

Hv. þm. nefndi tölur, sem áttu að vera meðalveiði skipa. Þær voru að vísu rjettar eftir hagtíðindunum, en villandi samt, af því að þær miðast við meðalveiði, á meðan menn kunnu minna til veiða og veiddu aðallega til söltunar, en eins og hv. þm. veit, þá má áætla afla þess skips, sem aflar eingöngu til bræðslu, tvöfaldan á móti afla þess skips, er veiðir síld til söltunar. Hv. þm. tilgreindi reynslu Norðmanna um það, hversu mikil olía og mjöl fengist úr einu máli af síld. Þær tölur eru mjög villandi að því er snertir íslenska síld, eins og reynslan sýnir. Önnur talan, sem hann nefndi, er of há, en hin of lág. Hv. þm. misskilur eðli málsins, þegar hann er að tala um, að verðmæti síldarinnar tvöfald ist við slíka vinslu. Það er t. d. ekki verðmæti fiskjarins sjálfs, sem eykst, þó að söluverð á fullverkuðum fiski sje mun meira en á honum óverkuðum. Mismunur söluverðs á fullþurkuðum fiski og saltfiski nemur því, er svarar vinnulaunum og öðrum verkunarkostnaði, eða sem næst því. Eins er það um söluverð á síldarafurðum, ef það er borið saman við innkaupsverð verksmiðjanna á síldinni; þá verður að draga frá söluverðinu allan vinslukostnað á síldinni, umbúðir, flutningsgjöld o. fl. Hitt er rjett, að það er ætlast til, að útgerðarmenn hafi hagnað af því að skifta við verksmiðjuna. Hv. þm. taldi, að sá hagnaður væri eins mikill og sá baggi, sem á þá væri lagður samkv. þessu frv. með greiðslum, sem þeim er ætlað að inna af hendi til ýmsra sjóða. Þetta er rjett. En hvaða hagnað hafa þeir af þessum viðskiftum, ef hann er tekinn af þeim með gjöldum til ríkissjóðs og verksmiðjunnar, þannig að ágóðinn og útgjöldin vega hvort á móti öðru? Þá má ætla, að útgerðarmenn skifti heldur við aðrar verksmiðjur, þar sem þeir fá andvirði síldarinnar greitt út í hönd, heldur en við þessa verksmiðju, þar sem aðeins er gert ráð fyrir 70% útborgun samkv. þessum lögum.

Að endingu vil jeg víkja fáum orðum að hv. frsm. meiri hl. Hann taldi, að útgerðarmönnum væri ekki nauðsyn að hafa mann í stj. fyrirtækisins, vegna þess að þeir þyrftu varla að efast um, að reikningshald og bókfærsla yrði rjett hjá stj. verksmiðjunnar.

Mig rekur í rogastans; jeg er alveg hissa á að heyra slík rök frá svo greindum manni sem hv. frsm. er. Því það er eins og hann álíti, að útgerðarmenn varði ekki um annað en bókfærsluna. Hann virðist halda, að þá varði ekki um innkaup til verksmiðjunnar eða söluverð síldarinnar á erlendum markaði. Hv. frsm. ætti þó að vita, að afkoma útgerðarmanna á þessu sviði er mikið undir því komin, hvernig stj. verksmiðjunnar fara þessi störf úr hendi og hvernig hún hagnýtir þá möguleika, sem heimsmarkaðurinn býður. Jeg veit ekki, hverja varðar um þetta, ef það eru ekki einmitt eigendur þeirrar vöru, sem verksmiðjan hefir til meðferðar og sölu. Jeg gæti með miklu meiri rjetti sagt, að ríkið varðaði ekkert um rekstur verksmiðjunnar, því ríkið á þar aðeins þá hagsmuni í veði, að vextir og af-

borganir fáist af stofnkostnaðinum. Ríkið hefir miklu minni hagsmuna að gæta heldur en framleiðendur við rekstur verksmiðjunnar. Það eiga engir eins mikið á hættu og einmitt framleiðendur. Þess vegna er ekki hlustandi á slík rök hjá hv. frsm. meiri hl., og gegnir furðu, að hann skuli hafa borið þau fram hjer í deildinni. Aðalábyrgð og vanda af þessu máli hafa þeir, sem vöruna eiga og leggja hana inn til vinslu í verksmiðjunni. Ríkið á ekki annað á hættu en að fá greidda vexti og afborganir af stofnfje því, er það leggur í fyrirtækið. Og ríkinu er þetta trygt, vegna þess að það hefir forgangskröfur til þess hluta af verði vörunnar. sem ekki er útborgaður. En sá aðili, sem ekki er tryggur gegn áhættunni, eru útgerðarmennirnir. Á þeim hvílir sú endanlega áhætta af rekstrinum, þeir verða að ná hinum síðasta eyri, sem hægt er að hafa upp úr vörunni.

Það er geysilegur misskilningur, að ríkið hafi áhættuna; áhætta þess er sama og engin. Hv. frsm. meiri hl. bætti við áhættu af hafís, en hann gæti eins vel nefnt áhættu vegna styrjalda, eldgosa og svarta dauða!

Að lokum virtist hv. frsm. ekki enn vera búinn að átta sig á 4. gr. frv. Hann telur, að þau 5%, sem nefnd eru í 2., 3. og 4. lið, sjeu af söluverði afurðanna. Eða er þetta ekki rjett frá skýrt hjá mjer? (**SvÓ**: Það er best að láta lögfræðingana skýra það). Það þarf ekki til. Í sjálfu frv. stendur: 2. liður, 5% afborgun af stofnkostnað síldarstöðvarinnar. 3. liður, 5% fyrningargjald af húsum, mannvirkjum vjelum og áhöldum. 4. liður, 5% gjald í varasjóð. Samt sem áður segir hv. frsm.: „Í 4. gr. frv. er ákveðið, að þessi gjöld skuli tekin af söluverði aflans". Þessi skýring hv. frsm. meiri hl. sýnir, að hann hefir ekki lesið frv.; annars hefði honum ekki fatast svo, jafnglöggum og skilríkum manni. En hv. frsm. gaf sjer ekki tíma til að kynna sjer málið í n., og þá er ekki von, að vel fari, og ekki nema mátulegt að hv. frsm. þiggi nú laun starfsins með því að gerast ber að því að þekkja ekki grundvallaratriði málsins.

**Pjetur Ottesen**: Jeg þurfti sjerstaklega að víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh.; en af því að hann er ekki viðlátinn hjer í deildinni, og að líkindum bundinn við eldhúsdagsumr. í Ed., þá kæri jeg mig ekki um að tala hjer yfir tómum stólum, en vil óska eftir því, að hæstv. forseti gefi fundarhlje.

**Magnús Jónsson**:* Það er einungis lítil aths. Jeg gleymdi að svara hv. frsm. meiri hl. út af andmælum hans gegn því, er jeg sagði um ákvæði 9. gr., að verksmiðjan eigi að vera undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti. Hann játaði, að það væri að vísu hart fyrir hlutaðeigandi sveitarfjelag að missa aukaútsvarið. Og vitanlega þýðir þetta ekki annað en að það verða lögð þeim mun þyngri gjöld á önnur fyrirtæki og gjaldendur á staðnum. Hv. frsm. sagði, að þetta gerði ríkissjóði lítið eða ekkert til, þó að verksmiðjan yrði undanþegin tekju- og eignarskatti; hann fengi það bætt

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

upp á annan hátt. En þetta er hinn mesti misskilningur; ríkissjóður þarf að fá uppbót á sínum tekjum, ef þessu er kipt burt úr skattalöggjöfinni, og þá verður að þyngja skattinn á öðrum stofnunum og gjaldendum. En ef það á að ljetta skattinum af öðrum samstæðum stofnunum, þá er ekkert við því að segja. Það sjá allir, út á hvaða braut er stefnt, þegar á að undanþiggja eitt fyrirtæki tekju- og eignarskatti. Þegar byrjað er með því að taka atvinnureksturinn af einstaklingunum og láta hann í hendur ríkinu og undanþiggja hann svo opinberum gjöldum, þá eru byrðarnar lagðar á einstaklingana. Að því er aukagjöldin snertir, þá hefði jeg viljað, að það væri eins og í stjfrv. upphaflega, að þau væru látin falla undir 1. liðinn. Jeg veit ekki, hvers vegna á að undanþiggja þá menn gjöldum af þeirri vöru, sem þeir leggja til verksmiðjunnar. — Skal jeg svo ekki tefja umr. lengur.

**Pjetur Ottesen:** Við 1. umr. þessa máls benti jeg á nokkur atriði í þessu frv., sem jeg áleit, að væri þannig varið, að full ástæða væri til, að sú n., sem málinu var vísað til, tæki þau til athugunar.

Eins og þau nál., sem fram hafa komið um þetta mál, bera með sjer, þá hefir það orðið ofan á hjá hv. n. að láta málið koma til 2. umr. án þess að hún bæri fram nokkrar brtt. við það. Þetta þykir mjer harla undarleg afgreiðsla á málinu; Mjer þykir hún undarleg af því, að það er yfirlýst í nál. beggja þessara nefndarhluta, að þeir telji breytingar á frv. meira og minna nauðsynlegar. Það stendur í nál. hv. minni hl. n., að hann telji alveg óhjákvæmilegt að bera fram brtt. við frv., en ætli nú að slá því á frest til 3. umr., þar sem óskað sje eftir því, að málið komi fljótt til 2. umr.

Í áliti hv. meiri hl. n. kemur það skýrt fram, að hann viðurkennir það fullkomlega, að það myndi fara miklu betur á því, að breyt. væru gerðar á þessu frv., því að þeir segja svo, — með leyfi hæstv. forseta:

„ .... en meiri hl., sem að vísu getur fallist á, að nokkrar breytingar geti til bóta orðið, vill ekki tefla málinu í tvísýnu svo seint á þingi með breytingum".

Í þessu skilst mjer koma fram nokkuð greinileg yfirlýsing meiri hl. um, að þetta frv. sje þannig vaxið, að það væri fullkomin ástæða til að gera á því nokkrar breyt. En þessi viðbára, sem er höfð um, að það myndi verða til þess að sigla málinu í strand, eða tefja það um skör fram, er að mínu áliti ástæðulaus, því að þótt nú sje allmjög liðið á þingið, þá hefir málið þegar gengið í gegnum aðra deildina, og myndi þess vegna vinnast nægur tími til að koma því fram, þótt gerðar sjeu á því verulegar breyt. Og þar sem báðir nefndarhlutar eru sammála um það, að það færi betur að gera breyt. á frv., þá er þar með fengin yfirlýsing um, að það sje almennur vilji, að einhverjar breyt. á frv. nái fram að ganga, og þar sem svona er ástatt, er því síður ástæða til að ætla, að þetta valdi nokkrum óeðlilegum töfum.

Svo hefir hæstv. atvmrh., sem flutti þetta mál, tekið mjög vel í það að samþykkja, að einhverjar breyt. verði

gerðar á frv. Það er þess vegna yfirlýst af öllum aðilum, að þeir myndu fúsir til að taka höndum saman um breytingar. En hver verður þá niðurstaðan af því, að hv. sjútvn. fer svona með málið? Hún verður sú, að nú er rætt um málið eins og það lægju fyrir brtt. um öll þau atriði, sem þyrfti að breyta. Svo kemur málið til 3. umr., og þá verða allar umr. teknar upp aftur. Þessi vinnubrögð verða því til þess, að það verða haldnar helmingi fleiri ræður og hafðar helmingi meiri málalengingar en ef farið væri að á eðlilegan hátt. Þetta vildi jeg aðeins benda á, áður en jeg fer nú nánar inn á málið.

Hv. frsm. minni hl. hefir gert að umtalsefni hjer þau atriði, sem jeg benti á við 1. umr. og sem jeg álít, að nauðsynlegt væri að breyta, og auk þess bent á fleiri atriði til athugunar og ef til vill til að breyta. Það er af eðlilegum hætti, að hv. 2. þm. G.-K. hefir tekið margt miklu rækilegar fram um þetta mál en jeg gerði við 1. umr., því eins og allir vita, þá er hv. þm. öllum þessum málum mjög kunnugur, svo að jeg þarf ekki þar við neinu verulegu að bæta. En það er samt út af ummælum, sem hjer hafa fallið um þessi atriði, að jeg vildi segja nokkur orð. Er það þá fyrst í sambandi við þá skýringu, sem hæstv. atvmrh. gaf á því, hvað meint væri með ákvæðunum í 5. gr. um það, að samvinnufjelög, bæjarfjelög, hreppsfjelög og búnaðarfjelög ættu að geta fengið aðgang að því hjá þessari síldarverksmiðju að fá síldarmjöl með kostnaðarverði. Það var vitanl. alveg nauðsynlegt, að það kæmi hjer fram við þessa umr., hvað meint væri með þessu „kostnaðarverði", því að í þetta orð, kostnaðarverð, má vitanlega leggja mjög mismunandi meiningar. Hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að fyrir sjer vekti það verð, sem þeir fengju, sem legðu sína síld inn í verksmiðjuna, það meðalverð, sem þeir fengju að lokum, m. ö. o. það verð, sem fengist hefði á erlendum markaði. Mjer finst, að af þessu geti leitt það, að ekki sje loku fyrir það skotið, að bændur sæti nokkru lakari kaupum en annars, eða gætu mist af betri kjörum, ef þetta verð t. d. hækkaði síðari hluta þess tíma, sem salan fer fram utanlands, svo að það yrði í raun og veru hærra en það, sem hægt hefði verið að kaupa síldarmjöl fyrir. Þess vegna finst mjer, að það geti brugðið til beggja vona um það, hvort yrði meiri hagur að því að kaupa af þessari verksmiðju eða annarsstaðar. En það var annað, sem hæstv. ráðh. benti á, að það væri meiri trygging fyrir því að fá góða vöru heldur en annarsstaðar. Jeg skal ekkert um það segja; það getur verið, þótt það muni náttúrlega geta komið fyrir hjá þessari verksmiðju, að eitthvað beri út af með verkunina eins og hjá öðrum. Jeg hefði litið á þetta sem dálítið hagsmunaatriði fyrir bændur, að þeir ættu ef til vill kost á því að fá síldarmjöl með eitthvað lægra verði en annarsstaðar, og jeg verð að segja það, þegar ríkið leggur fram svona mikið fje til þessa atvinnurekstrar, að það hefði ekki frá mínu sjónarmiði verið neitt ósanngjarnt, þótt bændur hefðu notið einhvers hagnaðar í viðskiftum fram yfir það, sem þeir gætu fengið annarsstaðar. Jeg vildi um leið vekja athygli hv. deildar á því, að það mundi ekki

skerða svo öryggi þessa fyrirtækis, að ekki sje þar forsvaranlega fyrir öllu sjeð, þó nokkuð væri slakað til á kröfum þeim, sem gerðar eru til framleiðendanna um sjóðatillög og önnur fjárframlög til verksmiðjunnar. En í notum þess væri það betur trygt en nú er, að bændur fengju nokkra frekari ívilnun í verði þess síldarmjöls, er notað er til skepnufóðurs í landinu.

Þá var allmikið talað um stjórnarfyrirkomulagið á þessu fyrirtæki, og jeg verð nú að segja það, og taka þar undir með hv. frsm. minni hl., að jeg er alveg undrandi yfir þeirri vörn, sem hjer hefir verið færð fram fyrir því, að einn aðilinn í þessu máli er algerlega útilokaður frá því að geta haft nokkuð hönd í bagga með stjórn þessa fyrirtækis, nefnilega útgerðarmennirnir, sem leggja til afurðir sínar. Jeg kem ekki auga á nema þrjá aðila, þá tvo, sem leggja fram fjeð, þ. e. ríkissjóður og Siglufjarðarkaupstaður, en þriðji aðilinn er sá, sem leggur verksmiðjunni til alt hráefnið og sem unnið er fyrir, og það er vitanlega sá aðilinn, sem mest á undir því, hvernig fer um rekstur þessa fyrirtækis. Jeg er alveg undrandi yfir því, að nokkur maður skuli taka sjer það á tungu, að það eigi að setja rjett bátaútvegsmanna skör lægra en síldareinkasölunnar eða þeirra manna, sem henni stjórna. Það nær engri átt, enda hefir þegar verið bent á það. Þó það geti ef til vill verið nauðsynlegt, að síldareinkasalan og þessi síldarbræðsluverksmiðja vinni eitthvað saman, þá er vitanlega opin leið að því án þess að stj. síldareinkasölunnar skipi mann í stj. þessa fyrirtækis. Jeg held þess vegna, að það hljóti að verða ofan á í þessari hv. deild, að framleiðendur fái aðstöðu til þess að ráða einum manni í stj. verksmiðjunnar. Það er ómögulegt að komast framhjá því, að rjettur þeirra manna, sem eiga alt hráefnið, sem verksmiðjan vinnur úr, verði viðurkendur og að þeir fái að sjálfsögðu að eiga sinn hlut í því, hverjir stjórna þessu fyrirtæki.

Nú er það vitanlegt líka, að það er ein af höfuðástæðunum til þess, að þetta fyrirtæki geti orðið að þeim notum, sem til er ætlast, að síldarútvegsmenn noti verksmiðjuna, að þeir álíti sínum hagsmunum jafnvel borgið þar sem annarsstaðar. En það segir sig þá sjálft, að þeir álíta betur sjeð fyrir hag sínum, ef þeir hafa valið einn af þeim mönnum, sem veita þessu fyrirtæki forstöðu. Og auk þess tengir það einmitt útgerðarmennina miklu betur við þetta fyrirtæki en annars, svo þeir myndu frekar kappkosta að láta sínar afurðir þangað heldur en annað. Jeg geng þess vegna út frá því sem sjálfsögðu, að þó að þetta hafi mætt andmælum hjer við þessa umr. málsins, þá muni þetta samt horfa þannig við að lokum, að þessu sanngirnisatriði verði framfylgt.

Þá kem jeg að því atriði, sem jeg mintist á síðast við 1. umr. þessa máls, og skýrt hefir verið nokkru nánar af frsm. minni hl., hv. 2. þm. G.-K. Það er um heimildina í 8. gr. frv. til þess að kaupa til handa verksmiðjunni síld af útlendum mönnum. Jeg lýsti þá undrun minni yfir því, að þetta ákvæði hefði verið tekið upp í lögin, og jeg bygði það á því, að það hefir verið ríkjandi stefna hjer á landi um langt skeið að reyna í allan máta, bæði með löggjöfinni og í allri fram-

kvæmd þeirrar löggjafar, sem að þessu á að stuðla, að sporna sem allra mest við því, að útlendingar hefðu þá aðstöðu að geta notað til fulls þá góðu möguleika, sem eru við að stunda veiði hjer og leggja hana hjer á land. Fiskiveiðalöggjöfin, sem sett var 1922, lagði góð drög til þess, að þetta gæti þannig orðið, enda hefir þetta náðst í mörgum tilfellum.

Þetta hefir verið hin ríkjandi stefna. Því er það mjer undrunarefni, að þegar ríkið ætlar að eignast verksmiðju, þá skuli það fara fram á heimild, er gengur í þveröfuga átt. Það gengur í bág við anda ísl. löggjafar og landsmanna yfirleitt.

Hvað síldveiðarnar snertir, þá höfum við ekki náð því marki enn að útiloka útlendinga frá að leggja veiði sína hjer á land. Ætla jeg, að það væri þegar á næsta sumri eftir að fiskiveiðalögin gengu í gildi, að Norðmenn krefðust rjettar til að fá að leggja síld á land. Þáv. atvmrh., Klemens Jónsson, úrskurðaði þá, að hvert norskt skip mætti leggja á land 200 tn. síldar, og ekki meira. Sá úrskurður var bygður á 3. gr. laganna 2. málsl., er svo hljóðar — með leyfi hæstv. forseta:

„Það er og bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfnum inni; enn er bannað öllum öðrum en ísl. ríkisborgurum að flytja veiði sína í landhelgi eða á land til þess þar að verka hana".

Í þessa mgr. lagði ráðh. þann skilning, að ekki væri bannað að leggja síldina á land til sölu. Í skjóli þess skilnings fjell þessi úrskurður. Og samkv. honum hafa erlend skip lagt hjer upp nokkuð af síld. Skal jeg ekkert um það segja, hvað mikið það hefir orðið í framkvæmdinni, en samkv. úrskurðinum er hverju skipi ekki heimilt að leggja upp meira en 200 tn. árlega.

Í öðru lagi er í 9. gr. l. heimild handa atvmrh. að veita síldarverksmiðjum leyfi um 2 ár í senn að taka erlend skip á leigu til að veiða til verksmiðjanna. Þessi heimild hefir verið notuð og að því verið fundið, og ætla jeg, að nú sje svo komið, að við sjeum lausir við þau leyfi.

Þar sem við erum nú lausir við þetta, þá mætti vænta þess, að hv. þdm. verði sammála um að slá ekki vopnið úr hendi sjer og setja ekki slíka heimild inn í þetta frv. Það yrði áreiðanlega til þess að draga úr því í augum útlendinga, að það sje virkilega ákveðinn vilji landsmanna að spyrna móti veiðum þeirra hjer. Það er vitanlegt, að sá mismunur, er fiskiveiðalögin gera á aðstöðu útlendinga og innlendra til veiðanna, er eitt af fjöreggjum þjóðarinnar. Því ber að vera þar mjög á verði og gæta ítrustu varúðar í þessu efni.

Hv. þm. Dal. las hjer upp grein úr blaði, sem gefið er út í Bergen, þar sem er höfuðsetur norskra síldveiðimanna þeirra, er hjer stunda veiðar. Þar var skýrt frá fundi, er forstjórar einkasölunnar höfðu átt við norska síldveiðimenn, og bollaleggingum þeirra um að fá aukinn rjett til veiða hjer við land. Eftir því, sem lesið var upp úr blaðinu, þá hefir það verið aðalefni fundarins, að Norðmenn fengju svipaða aðstöðu til síldveiða hjer við land og landsmenn sjálfir. Fyrir þetta ætla þeir að veita okkur það náðarbrauð að beygja sig undir ákvæði

einkasölulaganna um það, hvað mikið skuli saltað. Það er ekkert ónáttúrlegt, þó Norðmenn reyni að skapa sjer sem besta aðstöðu hjer við veiðarnar. Það er þeim vitanlega mikið hagsmunamál. En hitt undrar mig stórlega, ef satt er, að þessir ísl. forstjórar skuli hafa tjáð Norðmönnum, að þeir skyldu leggja með því við ísl. stjórnina, að Norðmenn fengju þessu framgengt. Jeg á ekki vald á einu einasta lýsingarorði, er fær rúmað það, er jeg vildi sagt hafa um slíka framkomu, ef sönn reynist frásögnin. Því það er sjálfsagður fyrirvari, að rjett sje með farið í blaðinu. Þennan fund sátu fulltrúar norsku stj., svo sýnilegt er, að þar hefir ekkert markleysurabb fram farið. Hæstv. fors.- og atvmrh. hefir þvegið sínar hendur í þessu efni; hann kvaðst ekki hugmynd hafa um þetta baktjaldamakk, og er það gott að heyra. En þess verður að gæta, að kosning forstjóranna er pólitísk. Þeir menn, er valið hafa þá Pjetur Ólafsson og Einar Olgeirsson fyrir forstjóra, eru til þess kjörnir af Alþingi. Norðmenn, er athuga stjórnmálaþræðina hjer, hljóta því að leggja mikið upp úr því, þegar slíkir menn taka svo undir mál þeirra.

Í tilefni af þessum upplýsingum vil jeg beina því til hæstv. utanríkisráðh., að hann nú þegar og tafarlaust láti rannsaka, hvort hjer er rjett með farið. Og ef svo reynist, að frammistaða forstjóranna er slík, þá liggur beint við og er óhjákvæmilegt, að þeir verði settir af þegar í stað. Annað er óforsvaranlegt.

**Sigurður Eggerz:** Hæstv. forsrh. hefir játað því, sem jeg hjelt fram, að höfuðáhættan stafaði af því, að verksmiðjan ætti ekki kost á nægilegu hráefni. Ef svo færi, þá yrði að stöðva hana. En jeg geng út frá, að þegar búið væri að setja á stofn verksmiðju fyrir 1 milj. kr., þá mundi þykja lítið ráðlegt að láta slíkt fyrirtæki standa óstarfrækt. Vextir tapast, borga verður starfsfólki, ýmislegt, sem dregið hefir verið að til rekstrarins, rýrnar o. s. frv. En verði hin leiðin farin, sú, sem gildir í samkepninni, þá er verksmiðjan einnig komin út í áhættuna. Útgerðarmenn gætu einnig myndað samtök um að skifta ekki við verksmiðjuna, svo þeir síðar fengju hana ódýra. Það verður altaf áhætta við reksturinn. Það liggur í hlutarins eðli, að þessi verksmiðja er sömu áhættunni undirorpin og allar aðrar.

Jeg get þakkað hæstv. forsrh. fyrir hina skýru yfirlýsingu, er hann gaf um, að hann ætti engan þátt í því ráðabruggi, sem skýrt var frá í norska blaðinu. Hæstv. ráðh. neitaði því, eins og jeg bjóst við, og er jeg honum þakklátur fyrir. — Jeg verð að segja það, að það er illa farið, að framkvæmdarstjórar einkasölunnar skuli hafa farið inn á þessa braut. Ef nokkuð er utanríkismál, þá er það þetta. Þetta er eitt viðkvæmasta mál þjóðarinnar.

Eins og jeg fór hóflega í málið og einungis í þeim tilgangi að fá ákveðna yfirlýsingu frá hæstv. ráðh., en ekki til að koma stj. í nein vandræði, þá var óþarfi hjá hæstv. ráðh. að fara að sletta því fram, að Pjetur Ólafsson væri í frjálslynda fl. Annars er það ekki rjett. Hann bauð sig fram sem utanflokkamann árið 1927. En þó hann hefði verið frjálslyndur, þá hefði

það ekkert dregið úr mjer að víta þetta framferði. Og úr því að hæstv. ráðh. fann ástæðu til að taka þetta fram, þá vona jeg, að hann viðurkenni ekki síður, **að það var þm. frjálslynda flokksins, er fyrstur vítti þetta.** Og þó P. Ó. hefði verið frjálslyndur, þá hefði það þó ekki breytt afstöðu minni.

Jeg vil taka aftur í þann sama streng og áðan og vona, að stj. láti starfsmenn einkasölunnar skilja það, að þeir eiga ekki að blanda sjer í utanríkismál þjóðarinnar. Það þurfa þeir að vita strax.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ekki skal jeg lengja umr. um skör fram. Bjóst jeg við, að jeg hefði ekki ástæðu til að taka aftur til máls, en hv. 2. þm. G.-K. sagði nokkur orð, er jeg þarf að mótmæla.

Hann benti á, að einkasalan þyrfti ekki að eiga mann í stjórninni, en færði ekki fram fyrir því þau rök, er nægja. Eins og jeg hefi gert grein fyrir, þá eru svo náin viðskifti með einkasölunni og verksmiðjunni, að hagkvæmt er, að einkasalan eigi þátt í stjórninni. Jeg gerði fulla grein fyrir því í minni fyrri ræðu, og skal ekki endurtaka það. En hitt skil jeg vel, að togaraeigandinn hv. 2. þm. G.-K. álíti, að heppilegra sje, að togaraeigendur ráði manni í stjórninni en stofnun ríkisins, síldareinkasalan. En um það getum við þráttað í allan dag. Aðalatriðið er það, að þeir, sem afla síldarinnar, geti hindrunarlaust lagt afla sinn á land á þeim stað, sem þeim er trygt sannvirði hans, og það er fyrsta hlutverk þessa hugsaða fyrirtækis.

Og útgerðarmönnum hlýtur að vera það mjög til hagnaðar að geta ávalt selt þann hluta síldaraflans, sem þeir salta ekki, í bræðslu við því verði, sem verksmiðjan gefur.

Jeg skal nú ekki tefja málið frekar með þessu góðlátlega rabbi, og skal nú snúa mjer að því, sem hv. þm. Borgf. sagði um 8. gr. Jeg vil benda á, að að mínu áliti felst í þessu ákvæði 8. gr. heimild fyrir verksmiðjuna til þess að kaupa síld af skipum, er eigi hafa leyfi til að leggja hjer síld á land. En viðvíkjandi því, að undanfarin þing hafi gert ráðstafanir til þess að varna útlendingum að leggja hjer síld á land til söltunar, sölu eða bræðslu, þá skal jeg benda á það, að slíkt hefir tekist næsta óhönduglega. Fiskiveiðalögin frá 1927 hafa reynst helst til götótt í verulegum atriðum. Sem dæmi má nefna, að nú mun vera nýfallinn hæstarjettardómur í máli einu, og eftir honum virðist útlendingum vera heimilt að setja síld á land hjer. Með öðrum orðum, að þeir útlendingar, sem sigla með afla í íslenska höfn, hafa leyfi til að selja hann hjer, eftir þessum dómi að dæma. Þetta ákvæði fiskiveiðalaganna er því ekki trygt og veitir enga fullgilda vörn gegn því, að útlendingar geti laumað inn hingað þúsundum hektolítra af síld. Hitt er rjett, að eftir þessum lögum er útlendingum ekki heimilt að gera fyrirfram samninga við Íslendinga um kaup á síld, enda gæti slíkt orðið til þess að yfirhlaða markaðinn og bægja íslenskum framleiðendum frá.

Hv. þm. Dal. talaði um, að þessi

atvinnurekstur væri varasamur og áhættusamur. Jeg skal nú ekki fara langt inn á þetta atriði. Þetta er gömul grýla, sem reynt var að magna í fyrra, þegar þetta mál var til umr., og sem nú skýtur upp kollinum hjer í þessari hv. deild. Hjer er ekki um sjerstaklega áhættusamt fyrirtæki að ræða, enda hefir reynslan sýnt og sannað, að svo er ekki. A. m. k. hafa útlendingar ekki þá sögu að segja. Og jeg býst við, að ef hv. 2. þm. G.-K. vildi leysa frá skjóðunni og segja afdráttarlaust það, sem hann vissi sannast og rjettast um þetta mál, þá myndi hann verða að viðurkenna, að hið eina, sem getur gert slíkan verksmiðjurekstur hættulegan eða áhættusaman, er það, að alger síldarleysisár komi. En með vaxandi síldarskipastól er lítil hætta á, að ekki aflist nægilega mikið til verksmiðjunnar, jafnvel þótt lítil síldarganga sje. Jeg hygg, að alment sje þessi atvinnurekstur talinn mjög arðvænlegur, og því ætti ríkinu ekki að stafa mikil áhætta af að setja verksmiðjuna á fót og reka hana. A. m. k. kemur hv. þm. ekki til hugar að snúast gegn málinu fyrir þær sakir.

Jeg geri svo ráð fyrir, að mál þetta verði rætt í nefnd, og væntanlega finst þar einhver heppileg lausn á þeim deiluatriðum, sem ágreiningi hafa valdið hjer við umr. Jeg geri ekki ráð fyrir, að skipulag og öll tilhögun þessara ráðstafana samkv. frv. sje svo fullkomið, að ekki standi til bóta, ef vandlega er að gáð.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg lagði nokkrar fyrirspurnir fyrir hæstv. atv.-mrh. um þetta mál á þinginu í fyrra, sem hann þá skoraðist undan að svara. Jeg vil því endurtaka þessar spurningar og vona, að hæstv. ráðh. láti svo lítið að svara þeim, því þær skifta eigi alllitlu í sambandi við það mál, sem nú er til umr. hjer í hv. deild. Fyrst vil jeg spyrja hann, hvað hann hugsi sjer að halda langt áfram á þessari — ef svo mætti kalla — síldarverksmiðjubraut? (**Forsrh.**: Eina verksmiðju á Siglufirði og ekki meira). Það er gott að heyra þetta svar af munni hæstv. ráðh. En í frv. stendur „stöðvar eða stöð", svo að af því orðalagi mætti ætla, að ætlunin væri að halda lengra í þessa átt. Því næst vil jeg spyrja hæstv. ráðh. um hvað líði undirbúningi undir bygging þessarar verksmiðju og hvort hún muni geta tekið til starfa á þessu ári. (**Forsrh.**: Það mun hún ekki geta). Nú, ef svo er, þá á jeg bágt með að skilja, hvers vegna frv. þessu liggur svo á að ná afgreiðslu á þessu þingi. Mjer sýnist þá nóg að taka það til endanlegrar meðferðar á næsta þingi. Mjer skilst því óþarft að eyða tíma þessa þings til þess, því að væntanlega verður næsta þing búið fyrir síldartímann 1930. Jeg gekk út frá, eftir viðhorfi málsins á Alþingi í fyrra, að undinn yrði bráður bugur að því að byggja þessa verksmiðju, helst svo að hún gæti tekið til starfa nú í sumar. Jeg skal ekki álasa stj. fyrir þetta, en mjer skildist, að þetta væru áform stj. eftir kappi því að dæma, sem hún lagði á þetta mál í fyrra. Jeg sje ekki, hvaða ástæða er til þess að eyða miklu af hinum nauma tíma þingsins nú til þess að setja lög og reglur fyrir fyrirtæki, sem enn er óstofnað og

enginn veit, hvenær kemur til framkvæmda. Nú er svo ástatt, að mikill fjöldi mála er óútræddur, og væri því óneitanlega gott að losna við slík mál, sem öðrum eins ágreiningi valda eins og þetta. Það er nú búið að þvæla þetta mál allan þennan dag, og verð jeg að segja, að margt hefði mátt þarfara vinna. Svo er 3. umr. eftir, og þá má búast við annari eins hrotu eða jafnvel verri.

Jeg sný mjer þá að málinu sjálfu. Mjer sýnist vel geta komið fyrir, ef aflaleysisár kemur, að verksmiðjan fái lítið eða ekkert að gera, og standi síðan arðlaus ef til vill ár eftir ár. Sjá allir, hver háski getur af slíku stafað. Þessu svarar ráðh. á þann veg, að þá sje ekkert annað en að selja verksmiðjuna! Já, það var þá úrræði, sem hæstv. ráðh. bendir á! Hvaða tryggingu hefir ráðh. fyrir því, að nokkur vilji kaupa verksmiðjuna? Alls enga. Af þessu má sjá, hvílíkt stórtjón slík ráðsmenska getur bakað ríkissjóði. Hví vill ríkisstj. þá ekki heldur taka þann kostinn, að ábyrgjast lán fyrir útgerðarmenn, ef þeir kynnu að vilja ráðast í þetta fyrirtæki, eða mynda fjelagsskap í því skyni? Jeg gæti ef til vill gengið inn á það, en ekki þessa tilhögun. Jeg vil með engu móti leggja út á jafnviðsjála braut og þetta frv. leiðir til, með því að ráðast í miljónafyrirtæki, sem síðan getur staðið ónotað árum saman. Jeg vil heldur ekki gefa útgerðarmönnum undir fótinn með það, að ef þeir vilji ekki skifta við verksmiðjuna, þá geti farið svo, að þeir geti fest kaup á henni fyrir lægra verð en sanngjarnt væri. Jeg vil vænta þess, að hv. þdm. gefi þessu atriði gaum.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg skal geta þess, að þegar eru búnar fimm umr. af sex, sem þurfa til þess, að mál þetta nái afgreiðslu á þessu þingi, svo að það væri miklu meiri tímaeyðsla, ef hætt væri við málið nú og tekið upp að nýju á næsta þingi. (**MG:** Það getur tekið breytingum við þessa umr.). Jafnvel þótt svo færi, þá þyrfti þó væntanlega ekki nema eina umr. til í Ed. Við getum ekki beðið með að setja lög um þetta efni þegar á þessu þingi, því atvmrh. skiftir það ekki litlu máli að vita ger um það, á hvaða grundvelli verksmiðjan eigi að vera rekin, áður en hann lætur hefja byggingu hennar. Og fyrir mitt leyti legg jeg áherslu á að fá að vita vilja þingsins um þetta, áður en skorsteinarnir eru reistir.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Umr. eru nú mjög teknar að dragast á langinn, og tel jeg því rjett að lengja þær ekki til muna, úr því sem komið er. Jeg ætla því að leiða hjá mjer að svara ræðu hv. 4. þm. Reykv., enda geri jeg ráð fyrir, að þeir, sem fylgst hafa með fyrri ræðum mínum, muni þá hafa heyrt svör við flestu því, sem hv. þm. sagði í síðustu ræðu sinni. Mjer virðist það vera orðin gróin skoðun í þessari hv. deild, að síldarverksmiðjan eigi að verða einskonar safnþró fyrir einkasöluna, en vænti þó, að takast megi að girða fyrir slíkan misskilning þegar í upphafi.

Þegar hv. þm. Dal. hjelt fyrri ræðu sína, þá vildi svo til, að jeg gekk fram á ganginn meðan hann las þessa grein í hinu norska blaði, „Bergens Aftenblad", frá 25. apríl síðastl. Jeg verð að segja það, að við lestur þessarar greinar rak mig í rogastans, og ef rjett er frá skýrt, þá er hjer um alveg einstaka óhæfu að ræða, sem með engu móti má taka vetlingatökum. Hv. þdm. er það sjálfsagt fullljóst, að fiskiveiðalöggjöf okkar er beinlínis fjöregg þjóðarinnar. Það skiftir því mestu máli að halda fast við þá löggjöf og láta í engu undan þoka. Þjóðarheill býður oss að láta ekki erlendar þjóðir ganga á þann rjett vorn nje traðka honum. Allir þekkja viðskifti okkar við Norðmenn út af þessum málum. Árið 1924 gerðu Norðmenn harðvítuga og jeg vil segja ósvífna tilraun til þess að rjúfa skarð í þann varnargarð, sem vjer höfum hlaðið utan um hið litla þjóðfjelag vort með fiskiveiðalöggjöfinni. En fyrir festu og einurð íhaldsmanna var þeirri tilraun á bug vísað. Það er og alkunnugt, að eftir 1924 hafa Norðmenn gert margar tilraunir í sömu átt, en allar verið kveðnar niður, bæði af fyrv. stj. og jeg hygg líka af núv. stj.; a. m. k. mun núv. hæstv. forsrh. hafa áhuga á því að láta ekki ganga á rjett vorn á þessu sviði. Jeg verð því að telja það býsna ósvífið, að sá eða þeir aðilar, sem á þessu sviði, í huga erlendra manna, lítt fróðra í þessum efnum, ganga næstir hæstv. stj. að myndugleik til samninga um síldveiðar, skuli leyfa sjer að setjast við samningaborðið ásamt þeirri þjóð, sem að þessu leyti hefir gert sig bera að ágangi og fjandskap við okkur. Og svo langt gengur frekjan hjá þessum trúnaðarmönnum okkar, að þeir dirfast að gera slíkt algerlega án vilja og vitundar hæstv. stj., hvað þá heldur í umboði hennar. Slíkt keyrir alveg fram úr öllu hófi, ef rjett er skýrt frá. Yfirleitt verður að halda með einstakri varúð á þessum málum, fyrst og fremst af því, að fái einhver þjóð hjer aukin rjettindi, eiga allar þjóðir, sem njóta bestu kjara, kröfu til hins sama. Jafnframt og festan er fyrir öllu verðum við þó að koma fram með lipurð og lægni við erl. vinveittar þjóðir. Þegar óánægja blossar upp, gildir því að draga á langinn og láta tímann jafna deiluna. En þegar svo langt er komið, að við í augum Norðmanna erum búnir að fylla syndabikarinn, þá er það hæstv. stj. og enginn annar, sem á að setjast við samningaborðið. Alt annað er óþolandi og má ekki líðast. Það er óafsakanlegt af forstjórum einkasölunnar að fara að tala við Norðmenn um þetta og lofa að mæla með ákveðnum fríðindum þeim í hag, og að gera slíkt í fullu heimildarleysi, það keyrir úr öllu hófi. Ef rjett er skýrt frá í áminstu blaði, þá hafa forstjórar síldareinkasölunnar lofað og skuldbundið sig til þess að mæla með því, að Norðmenn fengju frjáls afnot síldarverksmiðja hjer á landi um sölu síldar, að svo miklu leyti sem verksmiðjur kynnu að vilja kaupa, og ennfremur, að þeir mættu hafa fljótandi bræðslustöðvar í íslenskri landhelgi. Forstjórarnir hafa lofað þessu öllu. Þau fríðindi, sem áskilin eru af þeirra hálfu okkur í hag, eru, að norska stjórnin skipi fyrir um lögþvingaða samvinnu hinn-

ar norsku síldarútgerðar hjer við land, og að stilt verði í hóf söltun beggja, til þess að markaðurinn verði ekki offyltur. En með þessu er einmitt verið að tryggja Norðmönnum betri aðstöðu, þá aðstöðu, sem þeir þurfa að hafa til þess að geta orðið okkur verulega hættulegir á þessu sviði. Það, sem nú gerir þeim erfiðara um vik til þess að stunda síldveiði hjer við land, er, að geta ekki selt hæfilegan hluta aflans hjer á landi, því að útgerðin er rekin mestmegnis á smáum eða tiltölulega smáum skipum. Með hliðsjón af þessu getur slík ívilnun, sem hjer er um að ræða, orðið beinlínis stórhættuleg þessari atvinnugrein okkar. Nú er það hlutverk ríkisstj. að láta rannsókn fara fram um ósóma þennan og krefja hlutaðeigendur sagna, og ef ummæli blaðsins reynast á rökum bygð, þá verða þessir menn að víkja sæti, skilyrðislaust og tafarlaust. Með engu öðru móti getur ríkisstj. markað afstöðu okkar gagnvart slíkum tilraunum. Er og mikilsvert, að útlendar þjóðir sjái það, að við tökum hart á slíku athæfi og að við erum staðráðnir í að láta í engu þokast, þegar annarsvegar er um ágang og ásælni útlendra þjóða að ræða og hinsvegar sá rjettur, sem að alþjóðarjetti tilheyrir okkur sem fullvalda þjóð.

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skal ekki tefja umr. frekar. Aðeins örstutt aths.

Hæstv. forsrh. áleit, að ekki þyrfti nema sex umr. um þetta frv. Jeg veit ekki. Þær gætu eins orðið níu. Ef svo færi, þá eru umr. ekki nema hálfnaðar nú. En hinsvegar get jeg vel skilið þá ástæðu, sem hæstv. ráðh. færði fyrir því, að hann vildi vita, á hvaða grundvelli og eftir hvaða meginreglum verksmiðjan yrði rekin. En mjer kemur það kynlega fyrir sjónir, að hæstv. ráðh. vildi ekkert á þetta atriði minnast í fyrra, þegar um þetta var rætt í þinginu. Þó var það meining hæstv. ráðh. þá, að byggja ætti verksmiðjuna tafarlaust. Annars finst mjer það undarlegt, að menn skuli ætla sjer að reka verksmiðjuna á þessum grundvelli, þannig, að útgerðarmenn, sem leggja síld til hennar, fái ekki nema 70% af sannvirði síldarinnar fyrir hana. Það sýnist nokkurnveginn gefinn hlutur, að þeir kjósi þá heldur að leggja síldina inn annarsstaðar, þar sem þeir fá hana greidda með gangverði. Annars veltur öll afkoma verksmiðjunnar á því, meir en nokkru öðru, að eitthvað veiðist, en ef síldveiði bregst, þá er verksmiðjan í voða og gífurlegur fjárhagslegur hnekkir vofir yfir ríkissjóði. Það gegnir furðu, að menn skuli ekki koma auga á jafneinfaldan sannleika. Annars mættu hv. þm. spara sjer að þvæla um þetta mál meira en þegar er gert, því á þinginu í fyrra var látið svo, að verksmiðjuna þyrfti að reisa strax á þessu ári, en framkvæmdirnar hafa orðið helst til smástígar. Mjer er ekki kunnugt um, að annað hafi verið gert í þessu máli en að manni nokkrum hafa verið greiddar 1200 kr. fyrir að fara frá Siglufirði til Reykjavíkur á fund hæstv. stj. og segja til um, fyrir hvaða verð hann vildi leigja ríkinu verksmiðju þá, sem hann hefir yfir að ráða.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil einungis minna hv. 1. þm. Skagf. á það, að lögin í fyrra voru einungis heimildarlög. Jeg hafði því í mínu valdi að ákveða, hvort jeg neytti þessarar heimildar eða ekki. Hv. þm. má álasa mjer, þótt jeg neytti heimildarinnar ekki að svo stöddu, en til þess gekk mjer það, að jeg vildi vita með vissu, á hvaða grundvelli og eftir hvaða meginreglum ætti að reka verksmiðjuna. Þetta er jeg búinn að upplýsa hv. þdm. um, og það má hver lá mjer sem vill.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði enn mikið um áhættusemi þessa fyrirtækis. En þessi skoðun hv. þm. kemur illa heim við það, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði um þetta atriði. Hann kvað ríkið mundu græða 5 milj. kr. á 20 árum á þessu fyrirtæki. Jeg ætla að eftirláta þessum tveim hv. flokksbræðrum að samrýma þetta.

Út af þeim ummælum, sem fallið hafa hjer í hv. deild um þessa grein í „Bergens Aftenblad", þá skal jeg lýsa yfir því, að ef blaðið fer rjett með, þá er sá verknaður, sem þar ræðir um, alls ekki með mínum vilja og vitund ger. Og ef þetta reynist satt, þá álít jeg það mjög óviðeigandi og tel það mjög illa farið, en á hitt ber að líta, að „tíðindamönnum svellur oft í muna mjög" og því ekki ósennilegt, að eitthvað sje málum blandað. Það er ekki ætíð mikið leggjandi upp úr öllu því, sem útlend blöð flytja af slíku tægi, enda býst jeg við, að sumir hv. þm. hafi einhverntíma orðið þess áskynja. Að öðru leyti tel jeg sjálfsagt, að mál þetta verði krufið til mergjar, enda munu nú þeir menn, sem hlut eiga að máli, vera á leiðinni upp til Íslands, og gefst mönnum þá væntanlega tækifæri til þess að fá að vita, hvað satt er og rjett í þessu máli.

**Magnús Guðmundsson:** Það er engin afsökun fyrir hæstv. ráðh., að lögin í fyrra væru heimildarlög. Þau eru það enn. Jeg spurði ráðh., hvort hann ætlaði nú að neyta þessarar heimildar eða hvenær. Hæstv. ráðh. svaraði því, að hann myndi neyta hennar strax. Jeg vil nú biðja hv. þdm. að leggja sjer þessi svör ráðh. á minnið. Þessu sama myndi hann hafa svarað í fyrra, ef hann hefði verið spurður um þetta þá, en allir vita nú, hverjar urðu framkvæmdir hans í málinu. Mjer er ekki grunlaust um, að svo kunni að fara enn, og tel jeg það í sjálfu sjer ekki ámælisvert, heldur hitt, að vera að tefja dýrmætan tíma þingsins í að búa til lög, sem enginn veit, hvort nokkurntíma koma til framkvæmda.

Þá sagði hæstv. ráðh., að skoðun mín um áhættusemi þessa fyrirtækis kæmi illa heim við skoðun hv. 2. þm. G.-K., þegar hann sagði, að ríkið myndi græða á því 5 milj. kr. á 20 árum. Þessi orð hv. 2. þm. G.-K. voru miðuð við fullan rekstur verksmiðjunnar í 20 ár, en jeg held því fram, að vel geti svo farið, að enginn rekstur verði vegna frádráttarins á síldarverðinu.

Hæstv. ráðh. ætti að skilja það, að útreikningur hv. 2. þm. G.-K. var til að sýna þann gróða, sem yrði, ef verksmiðjan væri í fullum rekstri í 20 ár. En einmitt þessi útreikningur sýnir, að útgerðarmenn muni ekki að staðaldri vilja nota verksmiðjuna, er

ríkissjóður tekur svo gífurlegt gjald. Þess vegna er jeg hræddur um, að hún muni fá lítið að gera og ríkissjóður verða fyrir halla.

Mjer þótti vænt um að heyra, hvernig hæstv. ráðh. tók í samningaumleitanir þær, sem forstjórar síldareinkasölunnar hafa átt í í Noregi, eftir blaðafregninni að dæma. Hann viðurkendi, að slíkt væri óforsvaranlegt. Jeg vil þá vænta þess, að hugur fylgi máli og að hæstv. ráðh. láti þær aðgerðir fylgja, sem á sínum tíma verða nauðsynlegar.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Já, mjer mun reynast erfitt að samrýma þá skoðun hv. 2. þm. G.-K., að verksmiðjan muni græða 5 milj. kr. á 20 árum, og hinsvegar kenningu hv. 1. þm. Skagf. um, að verksmiðjan sje hið mesta fjárglæfrafyrirtæki, sem muni aldrei bera sig. Og jeg verð að telja skýringu hv. 1. þm. Skagf. á þessu ósamræmi mjög lítils virði, eins og hann hlýtur að finna sjálfur. En um hitt atriðið í ræðu hans, að þessi lög sjeu að því leyti samskonar lögunum í fyrra, að hvorttveggja sjeu heimildarlög, þá er því til að svara, að í lögunum nú, eða frv. því, sem nú liggur fyrir (**MG:** Jeg átti við lögin frá í fyrra. Þetta er frv., en ekki lög.), er svo að orði komist í 1. gr.: „Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í l. nr. 49, 7. maí 1928, **skal** um reksturinn fylgt ákvæðum þeim, sem segir í lögum þessum".

Þetta orðalag er ótvírætt og fortakslaust; hjer er ekki um heimild að ræða, heldur um skyldu. Verksmiðjan **skal** rekin eftir þeim grundvallarreglum, sem frv. mælir fyrir um. Það er einmitt það, sem jeg hefi viljað fá fram og fá lögfest. Jeg hefi viljað vinna að því að tryggja það, að verksmiðjan verði rekin á þann hátt, sem að mínu áliti er heppilegast og affarasælast fyrir alla aðila.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** LH, MJ, MT, ÓTh,[1] PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, HStef, HJ, IngB, JJós,[2] JAJ,[3] ÞorlJ.

**nei:** MG, SE.

Tíu þm. (BSv, BSt, EJ, GunnS, HG, HK, HV, JÓl, JS, JörB) fjarstaddir.

2.—7. gr. samþ. með 15:1 atkv.

8. gr. samþ. með 11:6 atkv.

9. gr. samþ. með 11:5 atkv.

10.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Jeg vil leyfa mjer að fara fram á það við hæstv. forseta, að þetta mál verði ekki tekið fyrir strax. Það er von á prentuðum brtt., sem við vorum að semja í hljeinu, en þær munu bráðlega koma, enda virðist það ekki

[1]) Með svofeldri greinargerð: Í þeirri von, að samkomulag náist um þær breytingar, sem jeg hefi talað um, þá segi jeg já.

[2]) Með sömu grg.

[3]) Með sömu grg.

þurfa að saka, þótt málinu verði frestað um fjórðung stundar.

**Forseti (BSv):** Jeg mun verða við tilmælum hv. þm. og fresta málinu skamma stund.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til meðferðar (A. 309, 567, 580, 581, 586).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 567, 580, 581 og 586. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Þess var getið við 2. umr., að fara mundu fram tilraunir á milli umr. til þess að ná samkomulagi um nokkrar breyt. Þetta hefir verið reynt og hefir orðið samkomulag um brtt. mínar á þskj. 567. Þær brtt. eru fyrst og fremst við 2. og 8. gr. Það kom fram í umr., að rjettara væri að láta ekki slíkt ákvæði sem er í 8 gr. vera í lögum, og hefir því orðið að samkomulagi, að 8. gr. falli niður, en bætt sje þeim ákvæðum í 2. gr., að verksmiðjan kaupi ekki síld af framleiðendum nema með sjerstöku leyfi atvmrh. og að með reglugerð verði nánar ákveðið um, að hagnaðurinn af þeim kaupum renni í varasjóð. — Aðrar brtt. mínar eru þrjár smábrtt. við 3. gr. 1. brtt. er til að tryggja það, að þeir menn, sem eru samningsbundnir við verksmiðjuna, gangi fyrir öðrum um viðskifti. Þetta er skýring á atriði, sem átti að felast í gr., en er hjer tekið ljóst fram. Ennfremur hefir verið breytt tímatakmörkum fyrir því, hvenær áætlun um viðskiftamagn skuli vera komin til verksmiðjunnar ár hvert. Var í fyrstu til ætlast, að það væri 15. júní, en þar sem síldveiðar byrja oft um mánaðamótin júní—júlí, þótti heppilegra að láta frestinn renna út 1. júní. Ráðh. á að ákveða innan viku frá þeim tíma, hvort verksmiðjan skuli starfa eða ekki. Þetta eru aðalbrtt., sem samkomulag varð um.

Hinsvegar varð ekki samkomulag um 4. gr., því að sumir töldu, að of miklar kvaðir væru lagðar á útgerðarmenn í henni, en aðrir töldu hæfilegt, eftir því sem nú verður sjeð, og mega athuga að fenginni reynslu.

Veit jeg ekki, hvað í breytingatill. þeim felst, sem eru á leiðinni, og bíð jeg því með að taka afstöðu til þeirra. Vænti jeg þess, að samkomulagstill. nái fram að ganga og svo látum við reynsluna skera úr. Við munum hvort sem er þurfa að leiðrjetta ýmislegt, og vil jeg gera ráð fyrir því, að samkomulag geti orðið um þær breyt. í framtíðinni, þegar til kemur.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Jeg get að ýmsu leyti lýst ánægju minni yfir till. hæstv. atvmrh., en verð þó að segja, að mjer virðast þær ganga of skamt.

1. brtt. hæstv. ráðh. er á þá leið, að verksmiðjan megi því aðeins kaupa síld af framleiðendum, að til þess fáist sjerstök heimild atvmrh. Þessa till. verð jeg að skilja svo, að með reglugerðarákvæði verði sú heimild takmörkuð við það, að verksmiðjan kaupi yfirleitt ekki síld af framleiðendum nema fyrir lágt verð.

Tilgangurinn með þessum lögum er sá, að rekstur verksmiðjunnar verði hallalaus, og á það að nást þannig, að framleiðendum eru greidd 70% af á-

ætlunarverði síldarafurða við afhendingu síldar til vinslu, en það, sem meira kann að fást, í lok starfsárs eftir að reikningsskil hafa verið gerð.

Til þess að þessi kaupheimild raski ekki rekstrargrundvellinum, finst mjer eðlilegt, að sett væru þau ákvæði, að verksmiðjan keypti ekki síld hærra verði en framleiðendum er greitt við afhendingu síldar til vinslu. (**Forsrh.**: Vitanlega). — Vitanlega, segir hæstv. ráðh. Jeg geri mig fyllilega ánægðan með það svar hans og læt útrætt um það atriði.

Um fyrsta staflið 2. brtt. hæstv. ráðh. er það að segja, að mjer finst það ekki smábreyt., eins og hæstv. ráðh. áleit, heldur mjög mikilvæg efnisbreyt. Hún er nauðsynleg til þess að skapa þann eðlilega grundvöll undir rekstur verksmiðjunnar. Það kom fram við 2. umr. þessa máls, að einstaka menn höfðu hugsað sje verksmiðjuna sem einhverja safnþró fyrir viðskiftamenn síldareinkasölunnar, en með þessari breyt. er það trygt, að viðskiftamenn verksmiðjunnar geta óhultir samið um viðskifti við stöðina. Og það er ekki lítið atriði fyrir viðskiftamenn verksmiðjunnar, að eiga ekki yfir höfði sjer þá miklu hættu á því að ná ekki afgreiðslu sökum þess að verksmiðjan sæti kaupum þegar mest veiðist hjá þeim viðskiftamönnum einkasölunnar, sem ekki eru samningsbundnir.

Um aðrar brtt. hæstv. ráðh. þarf jeg lítið að tala, því að þar nægja skýringar hans sjálfs.

Hv. þm. Vestm. og jeg flytjum 2 brtt. við þetta frv., sem von er á úr prentsmiðjunni á hverri stundu, en hv. 1. þm. Reykv. flytur í samráði við okkur þá tillöguna, sem tvímælalaust leysir málið best.

1. brtt. er við 4. gr., að 3. tölul. þeirrar gr. falli niður, en hann er um það, að auk afborgana og tillags í varasjóð greiði framleiðendur 5% í fyrningargjald.

Við 2. umr. þessa máls færði jeg að því sterk rök, hve það væri sanngjarnt, að þessi liður fjelli niður. Benti jeg á það við 2. umr., að yfir ríkissjóði ætti engin venjuleg verslunaráhætta að vofa í sambandi við rekstur verksmiðjunnar, ef sá hluti andvirðisins, sem lögskipað er að greiða þegar í stað, er ekki of stór, en þá mætti minka hann, ef svo þætti. Hinsvegar gat jeg um tvær aðrar áhættur fyrir verksmiðjuna, og er hin fyrri sú, að verksmiðjan yrði ekki rekin, en hin síðari, að fundist hefðu ódýrari og betri vjelar til vinslunnar, og gæti það leitt af sjer verðfall. Þessar áhættur verða ekki metnar, en af þeim tveimur er önnur áhættan meiri, sú, að verksmiðjan verði ekki rekin. Því vil jeg benda á það, að með því að reyna að tryggja hag ríkissjóðs um of, eins og gert er með þessu ákvæði, er um leið verið að skapa þá áhættu, að verksmiðjan verði ekki rekin, því þegar kjör viðskiftamanna hennar eru gerð mjög óaðgengileg, vilja þeir heldur skifta við aðrar stöðvar. Jeg álít, af þeirri reynslu, er jeg hefi á þessum málum, að af rekstri verksmiðjunnar stafi ekki sjerstök áhætta, þar sem jeg hefi skilið 4. lið þannig, að 5% af stofnkostnaði og árlegum rekstrarkostnaði renni í varasjóð. Jeg hefi talsvert sjerstæða aðstöðu í þessu

máli, þar sem jeg hefi kynst þessum atvinnuvegi betur en aðrir hv. þm., og ætti það að gefa orðum mínum nokkurn þunga. Nú kynni að vera, að jeg yrði grunaður um að setja sjerhagsmuni mína ofar hag verksmiðjunnar, en ef svo væri, ætti mjer að. vera áhugamál, að skilmálar viðskiftamanna hennar væru sem þrengstir, því að þá myndu færri skifta við verksmiðjuna og framboð til annara stöðva verða meira. Það, sem jeg legg til í þessu máli, geri jeg í fyrsta lagi sem kunnugur maður, í öðru lagi sem umboðsmaður ríkissjóðs og í þriðja lagi sem fulltrúi sjávarútvegsins. Ættu orð mín því að verða talsvert þung á metunum, auk þess sem jeg hefi í ræðum mínum nefnt það vitni, sem mest tillit ætti að taka til í þessu máli, en það eru ummæli og óskir frumkvöðuls þess, Magnúsar heitins Kristjánssonar.

Jeg get lokið máli mínu um þessa till. með því að brýna það fyrir hv. þm. enn a ný, að það má ekki ganga svo langt í að tryggja ríkissjóð gegn áhættum, að það verði til þess að skapa fyrirtækinu áhættu. Meðan fyrirtækið er í æsku mun það þykja óaðgengilegt að greiða 15% af öllum kostnaði og fá ekki nema 70% af andvirði vörunnar útborgað við afhendingu síldarinnar. Það er nauðsynlegt að fá rammann það rúman, að menn fælist ekki frá því að skifta við verksmiðjuna.

Þá flytjum við breytingartill. við 7. gr., sem hnígur að því, að stj. verksmiðjunnar verði skipuð með öðrum hætti en segir í 7. gr. frv. Í frv. er gert ráð fyrir því, að stj. verksmiðjunnar sje skipuð þrem mönnum. Skal einn skipaður af atvmrh., annar af Siglufjarðarkaupstað og sá þriðji af stj. síldareinkasölunnar. Nú flytjum við þá brtt., að í stað þriðja manns, sem síldareinkasalan skipar, tilnefni útgerðarmenn þeir, sem við verksmiðjuna skifta, einn meðlim stj. Það mun rjett, sem hæstv. atvmrh. sagði, að sennilega fengist samkomulag um að hafa fimm manna stj. Mjer finst í raun og veru óþarft, að stj. þessa fyrirtækis sje skipuð fimm mönnum, og liggur þá fyrir að athuga, hvort eigi meiri kröfurjett, síldareinkasalan eða atvinnurekendur þeir, sem skifta við verksmiðjuna.

Jeg hefi við fyrri umr. þessa máls bent á það, að hæstv. atvmrh. er það í lófa lagið að skipa einn stjórnanda með það fyrir augum að tryggja eðlilegt samband við einkasöluna, og annan eða meiri rjett á einkasalan ekki. Um rjett ríkissjóðs og Siglufjarðarkaupstaðar hefir ekki verið deilt. Og um rjett viðskiftamanna verksmiðjunnar verður heldur ekki deilt, ef menn vilja líta á málið með nokkurri sanngirni. Þeir menn eiga alt sitt undir því, hvernig starfshögun verksmiðjunnar er, og er því rjettmætt, að þeir skipi einnig einn mann í stj. hennar.

Jeg veit, að ef hv. þdm. líta á þetta með sanngirni, þarf jeg ekki að eyða fleiri orðum til þess að færa frekari rök að máli mínu. Ef sanngirnin er hinsvegar útilokuð, þýða engin rök, og læt jeg því nægja það, sem jeg nú hefi sagt. Vænti jeg þess, að hinn augljósi rjettur framleiðendanna verði ekki fyrir borð borinn og að hv. þdm. geti fallist á till. okkar.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú

gert grein fyrir brtt. sínum og hv. þm. Vestm. Kom mjer ekki á óvart, að önnur brtt. var viðvíkjandi 4. gr., þar sem þeir leggja til, að 3. liður þeirrar gr. falli niður. Jeg ætla að leyfa mjer að geta þess, að út frá viðtali við hv. 2. þm. G.-K. hefi jeg sannfærst enn betur um rjettmæti þess, að þessi liður verði látinn standa, og þó einkum eftir að jeg hefi nú hlustað á rök hans viðvíkjandi áhættum verksmiðjunnar. Fyrri áhættan, er hann gat um, var sú, að verksmiðjan yrði ekki starfrækt ár og ár, og yrði þannig fyrir allmiklu vaxtatapi. Þetta tap á að borgast af varasjóði, og á 4. liður 4. gr. að sjá fyrir því.

Hin áhættan var sú, sem er mjög líklegt að geti komið fyrir, að fundin verði fullkomnari og betri tæki til vinslunnar, sem leiði af sjer verðfall fyrir verksmiðjuna. 3. liður 4. gr. á að tryggja verksmiðjuna gagnvart þessari áhættu, og ekki getur komið til mála, að 1. og 2. liður verði feldir niður. Hv. þm. benti á þessar tvær áhættur fyrir ríkissjóð, og þar sem 3. og 4. liður eiga að tryggja verksmiðjuna gegn þeim áhættum, og því er það í beinu framhaldi af rökum hv. þm., að við verðum að halda fast við, að þessir liðir verði látnir standa. Annars getur raunin orðið betri en á horfðist, og er jeg þá reiðubúinn til þess að slaka á klónni.

Þá sagði hv. þm., að ekki mætti gera of mikið að því að tryggja um of hag verksmiðjunnar, því að það gæti orðið til þess að fæla burtu viðskiftamenn verksmiðjunnar, þ. e. a. s. að viðskiftamenn verksm. myndu hugsa sem svo, að í 4. lið 4. gr. væru svo miklar kvaðir, að ekki væri hægt að skifta við þetta fyrirtæki. Nú er jeg ekki kunnugur rekstri bræðslustöðva, en nitt veit jeg, að hvaða verksmiðja sem er verður að leggja 1. og 2. lið á viðskiftamenn sína.

Það, sem á að fæla viðskiftamenn verksmiðjunnar frá, eru 5%, sem lögð eru á fyrir fyrningu, og 5% í varasjóð. Jeg er alveg viss um, að önnur slík fyrirtæki verða að gera hið sama, líka verksmiðja hv. 2. þm. G.-K., því að hann er svo forsjáll maður, að honum dettur ekki í hug að leggja minna en 5% í fyrningargjald og 5% í varasjóð, og auk þess ætlar hann sjer að hafa töluverðan ágóða, enda mun hann hafa verið sæmilegur af verksmiðju hans síðastl. ár. Jeg játa, að jeg er illa að mjer um þessa hluti, og veit jeg því, að þeir, sem síldveiði stunda, sjá þetta miklu betur en jeg, enda finst mjer það liggja í augum uppi, að hjer er um að ræða kostakjör fyrir útgerðarmenn. Viðskiftamennirnir ættu því ekki að draga sig í hlje, heldur hugsa sem svo: Þessi verksmiðja leggur á fyrir eðlilegum áhættum, eins og aðrar verksmiðjur hljóta að gera, en hún ætlar sjer ekki að græða af okkur, og hlýtur því að vera óhætt að skifta við hana.

Þá talaði hv. þm. um rjett framleiðendanna til þess að skipa einn mann í stj. verksmiðjunnar. Nú er það svo, að framleiðendur eiga mikil ítök í síldareinkasölunni, svo að sá maður, sem skipaður yrði frá einkasölunni, mundi undir öllum kringumstæðum líta á hag framleiðendanna. Sömuleiðis er sá maður, sem stj. tilnefnir, líka

skipaður með það fyrir augum að gæta hagsmuna framleiðenda.

Jeg vil líka minna á, að jeg hefi boðið samvinnu til þess að fullnægja óskum hv. 2. þm. G.-K. og hann játað, að sú samvinna stæði opin. En nú lítur helst út fyrir, að hann vilji ekki fara þá leið, því að athafnir hans eru ekki í samræmi við þau þungu orð, sem hann lætur falla.

**Magnús Jónsson:*** Jeg verð að segja, að mjer þykir hin ágæta prentsmiðja þingsins vera tekin að gerast nokkuð seinlát um prentun þingskjala. Fyrir rúmri 1½ stundu síðan sendi jeg brtt. til prentsmiðjunnar og þær eru ekki enn komnar til útbýtingar. (**ÓTh:** Eru þetta meðmæli með ríkisprentsmiðju?). Ekki var það meiningin, enda býst jeg ekki við, að hæstv. forseti leyfi umr. um það mál nú.

Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. í samræmi við það, sem jeg talaði við 2. umr., og er það skilyrði fyrir því, að jeg geti fylgt frv., að brtt. mínar verði samþ. Enda þótt brtt. hæstv. forsrh. og brtt. hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Vestm., sem jeg tel allar til bóta, yrðu samþ., get jeg þó ekki fylgt frv., vegna þess að þær koma ekki nálægt því, sem mesta deilan reis út af í fyrra, hvort hjer ætti að vera um ríkisrekstur að ræða eða samvinnufjelagsskap. — Jæja, jeg sje, að verið er að útbýta brtt. mínum, og geta þá hv. þdm. sjeð, að þær eru einu brtt., sem fyrir liggja, er snerta þetta deilumál frá í fyrra.

Að vísu skal jeg játa, að málið horfir dálítið öðruvísi við en í fyrra, þar sem nú eru bornar fram till. um að draga úr áhættu ríkissjóðs af þessu fyrirtæki. Umr. hafa leitt í ljós, að dregið er úr áhættunni, en ekki komið í veg fyrir hana. Áhættan er að vísu minni, en hún er þó engan veginn farin.

Hv. 2. þm. G.-K. benti á 2 hættur, og jeg sje þær þó fleiri. Hann nefndi í fyrsta lagi þá áhættu, að verksmiðjan fengi ekki nóg verkefni, og í öðru lagi nefndi hann, að nýjar uppfyndingar, t. d. í vjelum, gætu orðið hættulegar.

Jeg vil hjer bæta við því þriðja, sem sje því, að verksmiðjan fái ekki fyrir afurðir sínar þau 70% af áætluðu verði. Þetta er alls ekki óhugsandi óhapp. Og enn eina tegund áhættu mun jeg síðar nefna.

Fyrst nefnda áhættan er hjer stærsta atriðið. Og það erfiðasta viðfangs við þessa áhættu er það, að hún **eykst** með þeim öryggisráðstöfunum, sem eiga að bæta úr henni, eins og hv. 2. þm. G.-K. hefir sýnt. Gjöldin eiga að tryggja ríkissjóðinn, en fæla jafnframt viðskiftamennina frá, og auka með því þessa áhættu ríkissjóðsins. Hæstv. forsrh. sagði, að hægt væri að slaka á klónni og færa þessi útgjöld niður, ef reynslan sýndi, að þau væru óþarflega há. En sú reynsla fæst aldrei. Hættan er sífelt yfirvofandi. — Það má aldrei slaka á þessari kló. Hjer er engin önnur leið til útgöngu en sú, að halda gjöldunum, en gera þau aðgengilegri með því að láta þá sjálfa eiga fyrirtækið og sjóðina, sem gjöldin borga. Það er ríkisrekstrarfyrirkomulagið eitt, sem hjer veldur örðugleikunum. Í einstaklinga höndum hverfa þessir örðugleikar

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

eins og aðrir, alveg eins og mjöll fyrir sól. Gjöld þessi eru þó að vísu erfið mönnum í svip, en þau styrkja þó um leið og efla þeirra eigin fyrirtæki. Það er svipað eins og þegar menn t. d. leggja hart á sig að greiða lífsábyrgðargjald, en eignast þá jafnframt verðmæti, sem bætir þeim fullkomlega erfiðleikana. En hjer á að pína framleiðendur með gjöldum án þess að þeir fái nokkra eign, og er það óhæfa og getur ekki leitt til annars en þess, að menn fjarlægjast þetta fyrirtæki og það stendur uppi gagnslaust, en þungur baggi á ríkissjóði.

Hæstv. forsrh. nefndi hliðstætt fyrirtæki, sem hv. 2. þm. G.-K. hefir með að gera, og sagði, að hann mundi ekki telja eftir sjer að tryggja það fyrirtæki með allmiklum gjöldum í varasjóð, til fyrningar o. fl. En hjer er einmitt um það sama að fialla sem jeg hefi hjer vikið að. Þessi gjöld eru þarna bærileg, af því að eigendurnir greiða þau í sitt eigið fyrirtæki. Hæstv. ráðh. var ennfremur að tala um, að áhætta seljanda væri minni með því að leggja inn í ríkisverksmiðjuna heldur en með því að selja verksmiðju hv. 2. þm. G.-K., úr því að hann borgi sömu gjöld í sjóði og hafi ágóða að auki.

En þetta er alveg rangt. Minsta **áhætta** er altaf að selja fyrir ákveðna peningaupphæð. **Ágóðinn** getur orðið minni, en **áhættan** er áreiðanlega minst. Seljandinn afsalar sjer með því voninni í meiri gróða fyrir það að losna við alla áhættu. Eins og jeg sagði áðan, er þessi áhætta ríkissjóðs þess eðlis, að úr henni verður alls ekki bætt með því að hækka tryggingargjöldin til varasjóðs o. s. frv. Slík gjöld fæla aðeins viðskiftamennina frá. Þessi ráðstöfun er alveg jafneinfeldnisleg eins og ef kaupmaður hjeldi, að hann gæti trygt sig gegn áhættu af versluninni með því að leggja sem mest á vöruna. Ágóðinn af sölunni yrði að vísu mikill, ef hann legði t. d. 200% á innkaupsverð vörunnar. En sá ágóði snerist upp í beint tap vegna þess, að þessi mikla álagning mundi fæla alla viðskiftamenn frá. Hann sæti með vöruna óselda og hefði ekkert nema skaðann og skömmina. Eins fer með ríkissjóðinn í þessu tilfelli. Hann **tryggir** sig með því að gera öllum framleiðendum vörunnar viðskiftin óaðgengileg og fæla þá frá.

Þá skal jeg víkja að þeirri áhættu, sem jeg gat um fyr, að jeg mundi koma að síðar. En það er sú hætta, að farið verði að heimta, að ríkissjóður leggi fram fje til þess að kaupa síld handa verksmiðjunni í fullri samkeppni við aðrar verksmiðjur. Þyrfti ekki annað en það, að illa gengi að fá viðskifti við framleiðendurna til þess að þessi krafa kæmi fram. Yrði afnumin takmörkun laganna um kaupverðið til þess að verksmiðjan gæti kept við aðra um síldina, og þar með er þetta alt komið inn á ríkissjóðinn sem hreint áhættufyrirtæki. Jeg vil benda á revnsluna í þessu efni frá síldareinkasölunni. Í fyrra var því haldið fram, að einkasöluna ætti og mætti reka án nokkurs rekstrarfjár úr ríkissjóði. Jeg og fleiri þm. hjeldum því þá fram, að betta mundi varla takast, og hefir þetta nú rætst. Nú hefir reynslan kent mönnum þetta. Og reynslan mun leiða það sama í ljós í þessu fyrir-

tæki líka. Það getur ekki starfað án rekstrarfjár, og þá er það orðið að beinu áhættufyrirtæki, langt fram yfir það, sem nú sjest af þessu frv. Annars er það næsta gaman, ef svo mætti segja, að sjá alla þá endalausu örðugleika, sem hrúgast upp í kringum hverskonar ríkisrekstur sem er, en sem allir leysast og hverfa, ef einstaklingsframtakið fær að njóta sín í fullu frelsi. Þess vegna er það næsta undarlegt, að ríkisrekstur með öllum sínum göllum skuli eiga svo marga formælendur hjer á Alþingi eins og raun hefir orðið á.

Jeg ætla þá að víkja að brtt. mínum á þskj. 580, sem jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. sjeu nú búnir að kynna sjer. Jeg mælti að mestu fyrir þeim við 2. umr. og get því látið mjer nægja að fara um þær fáum orðum nú. Þær fara fram á, að notuð verði nú þegar heimild laganna frá í fyrra um það, að selja verksmiðjuna samlagi síldarframleiðenda, ef það verður myndað. Þar er tilskilið samþykki beggja deilda til þessarar sölu, og það er því mjög einfalt ráð að gera það með þessari lagasetningu. Skilyrði þeirra laga um tryggingar af hálfu kaupanda standa auðvitað í gildi, og þarf því ekki að endurtaka þau nú.

Með þessu eru leyst öll þau vandmál, sem menn hafa hjer verið að deila um. Þau stafa öll af því, að menn eru að vandræðast með ríkisrekstur. Ef fyrirtæki þetta er bygt upp á þeim grundvelli, sem jeg legg hjer til, hverfur alt deilumál um upphæð gjaldanna, því að menn una þeim ekki illa eftir að þeir eiga sjálfir þá sjóði, sem þau renna í. Þá hverfur og ein aðaláhættan, sem sje hættan á því, að verksmiðjan fái ekki síld til vinslu, því að þá er það orðið hagsmunamál framleiðendanna sjálfra, að verksmiðjan fái nægilegt verkefni. Þá hverfur einnig deilan um skipun stjórnarinnar, því að þá skipa eigendurnir sjálfir stjórnina. Erfiðleikarnir stafa yfirleitt af ríkisrekstrinum, og honum einum, hjer eins og ávalt. Og af honum stafar öll áhætta fyrir ríkissjóðinn, en hann á að vera utan við það. Þeir, sem þessa atvinnu stunda, eru rjettur aðili til þess að hafa allan hag og alla áhættu af þessum rekstri.

Jeg skal svo ekki tefja tímann með því að mæla frekar fyrir brtt. mínum, enda vona jeg, að hv. þdm. hafi áttað sig á því, að með því er skorið úr þeim deilum, sem uppi hafa verið um þetta mál. Hinar brtt. eru um fyrirkomulagsatriði, sem heldur eru til bóta, en breyta ekki frv. í neinu verulegu.

Jeg mun greiða atkv. með þeim brtt., sem fram eru bornar, en á móti frv., ef mínar brtt. verða feldar.

**Sigurður Eggerz:** Jeg hefi hlustað með athygli á þessar umr. og jafnfr. athugað brtt. þær, sem fyrir liggja, og tel jeg þær allar eitthvað til bóta, en þó sjerstaklega till. frá hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 580. Hvort breyta þurfi að einhverju leyti orðalagi þeirra, hefi jeg ekki áttað mig á. Annars skal jeg taka það strax fram, að jeg mun greiða atkv. á móti frv., því að jeg tel grundvöllinn undir því hinn sama og í fyrra, enda þótt jeg telji brtt. hv. 1. þm. Reykv. til bóta, ef þær verða samþ. Jeg sje nefnil. ekki betur en að það sje mesti misskilningur að taka

áhættuna yfirleitt af síldarrekstri einstakra manna og færa hana yfir á ríkissjóðinn. Skal jeg þó ekki fara að endurtaka það, sem jeg hefi sagt áður um þetta frv., en það liggur beint í hlutarins eðli, að útgerðarmenn leggja ekki hráefni inn í verksmiðjuna, ef þeir geta fengið hærra verð fyrir þau annarsstaðar.

Út af þeim ummælum hæstv. forsrh., að verksmiðjan yrði stöðvuð þegar ekki fengjust í hana nægilega mikil hráefni vil jeg taka það fram, að jeg sje ekki annað en mikil áhætta geti fylgt því að stöðva oft fyrirtæki, sem kostar um eða yfir 1 milj. kr. Jeg býst því við, að farin verði sú leið, eins og ef um einstaklingsfyrirtæki væri að ræða, að kaupa heldur hráefnin í verksmiðjuna heldur en að stöðva hana oft.

Þá er eitt atriði, sem taka verður til greina, atriði, sem gerir það að verkum, að verksmiðja, sem er eign ríkisins, stendur ver að vígi en verksmiðja, sem er einstaklingseign. Reki einstaklingur síldarbræðsluverksmiðju og fái hann sjerstaklega gott ár með háum markaði fyrir afurðirnar, getur hann ef til vill grætt svo mikið, að hann geti afskrifað töluvert af verði verksm. Stendur hann þá æðimikið betur að vígi, er vondu árin skella á. Alt öðru máli er að gegna um verksmiðju, sem er eign ríkisins. Fái hún gott ár, má hún samt ekki afskrifa nema ákveðinn hluta af verði sínu, og getur því ekki farið í þessu efni varúðarleið einstaklingsins. Einstaklingurinn gerir áætlun í byrjun hvers starfsár fyrir stjórnarkostnaði, fyrningargjöldum o. fl., en veit að sjálfsögðu, að það fer eftir markaðsverðinu, hvort hann getur haldið þeirri áætlun eða ekki. En slík verksmiðja sem hjer er um að ræða verður að fara eftir lögum, sem um hana eru sett. Annars stóð jeg nú ekki upp af því, að jeg byggist við að hafa áhrif á úrslit málsins. Jeg veit, að þau eru fyrirfram ráðin. En þar sem hjer er ráðist inn á nýja braut, sem jeg að mörgu leyti tel óheppilega fyrir ríkissjóðinn, sökum áhættu o. fl., vil jeg undirstrika afstöðu mína til málsins, sem vitanlega er sú, að jeg greiði atkv. á móti málinu. Jeg tel það sem sje ekki verjandi gagnvart ríkissjóði að vera að draga hann að óþörfu inn í slíkt áhættufyrirtæki sem þetta. Sje þetta fyrirtæki nauðsynlegt fyrir útgerðina, mætti fara alt aðra leið til þess að hjálpa henni til þess að koma því upp. Eins og jeg tók fram í upphafi þessara fáu orða minna, tel jeg brtt. hv. 1. þm. Reykv. þá einu af þeim brtt., sem fyrir liggja, er nokkru máli skiftir. Höfuðstefna hennar er sú, að verksmiðjan á sínum tíma komist í hendur einstakra manna, og er í henni falinn möguleiki til að losna við ríkisreksturinn.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Því mun svo farið um þetta mál sem mörg önnur, að það græðir lítið á löngum, efnislitlum og endurteknum umr. Mjer hefir skilist, að í andmælunum gegn frv. þessu nú komi það sama fram og borið var fram við 2. umr., og ætti það því ekki að hafa meiri áhrif að þessu sinni en þá. Eins og kunnugt er, liggja nú fyrir við frv. margar og umfangsmiklar brtt. Verður því að taka þær til athugunar og meta hverja fyrir sig. Þessum brtt.

mátti reyndar búast við, eftir því sem fram kom við 2. umr. Brtt. hæstv. atvmrh. eru til mikilla bóta, og sömuleiðis get jeg sagt það um brtt. hv. minni hl. sjávarútvegsnefndar á þskj. 581, að þær fela í sjer fyrirkomulag, sem ekkert hefði verið á móti að íallast á, ef hjer hefði verið um samvinnufjelag í venjulegum skilningi að ræða. En svo er ekki um þetta, heldur er hjer beinn ríkisrekstur, sniðinn eftir þörfum viðskiftamanna og fyrir augum haft að gera þeim viðskiftin sem hagfeldust.

En þótt hjer sje um ríkisrekstur að ræða, þá er hann þó sniðinn eftir samvinnufjelögunum og miðar eingöngu við hag viðskiftamanna, en að engu leyti við gróða eða tekjur fyrir ríkissjóð.

Ákvæði 9. gr. frv. um, að verksmiðjan sje undanþegin aukaútsvari og tekjuskatti er auðvitað beint til hagsbóta fyrir viðskiftamennina, og finst mjer, með tilliti til þessa, að þeir megi vel við una, jafnvel þótt varasjóðsgjaldið sje ákveðið nokkuð hátt.

Jeg hygg nú, eins og jeg tók fram við 2. umr., að þessi gjöld, fyrningargjald og varasjóðsgjald, muni ekki reynast of há þegar til lengdar lætur, þótt segja megi, að þau verði nokkuð rífleg í bestu árum; einkum finst mjer ástæðulaust að finna að þessu eftir að hæstv. atvmrh. hefir látið í ljós áform um að koma fram með till. til lækkunar á gjaldinu, ef reynslan sýnir, að eigi sje þörf á því svo háu sem hjer er ráðgert.

Jeg skal þá aðeins víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 580. Jeg er alls ekki viss um, að þessar till. sjeu bornar fram í alvöru. Þessi hv. þm. er eins og kunnugt er listfengur og hinn mesti hagleiksmaður, og mjer virðist, að þetta sje einhver haglegasti fleygurinn, sem jeg hefi sjeð frá hans hendi. Ef þessar till. yrðu samþ., tel jeg, að tilgangi frv. væri með öllu umturnað. Ef um samvinnufjelag á að vera að ræða meðal útvegsmanna, eiga auðvitað allir að koma til greina, sem þar hafa hagsmuna að gæta, og í þessu tilfelli þá útvegsmenn af öllu landi, en eftir till. hv. 1. þm. Reykv. gæti vel svo farið, að þetta yrði aðeins fjelagsskapur nokkurra Siglfirðinga, og er alveg augljóst, að hinir, sem fjarlægari eru, mundu þar miklu síður góðs af njóta. Jeg get ekki sætt mig við samvinnufjelag í þessari mynd og þar sem svo stendur á, að mikill fjöldi fjelagsmanna hlýtur að verða áhrifalaus um starfið. Jeg treysti þarna ríkisfyrirtækinu betur til að sjá hag fjöldans borgið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira að sinni, og geri reyndar ekki ráð fyrir að taka oftar til máls, jafnvel þótt mótmæli komi fram. Málið sjálft græðir heldur ekki, að minni hyggju, á frekari umr. Jeg mun því þrauka og bíða atkvgr., en hirða lítt um andmæli, þótt fram komi, enda tel jeg, að jeg hafi svarað höfuðmótbárunum við 2. umr.

**Pjetur Ottesen:** Mjer hafa að sumu leyti brugðist þær vonir, sem jeg gerði mjer við 2. umr. þessa máls um það, hvað vinnast mundi við endurskoðun málsins í sjútvn., þar sem gert var ráð fyrir, að hæstv. atvmrh. yrði í samvinnu við n. Jeg skal þó hinsvegar viðurkenna, að þær brtt., sem hæstv.

atvmrh. flytur nú, eru til bóta, a. m. k. að sumu leyti.

Vonbrigði mín eru einkum út af því, að ekki hefir tekist að ná samkomulagi um að breyta 7. gr., um það, hvernig stj. verksmiðjunnar skuli skipuð. Það hafa verið færðar svo gildar ástæður fyrir því hjer í hv. deild, að útgerðarmenn, sem leggja verksmiðjunni til hráefni og eiga mjög hag sinn undir rekstri hennar, ættu kröfu á því að hafa fulltrúa í stj. hennar, að óþarfi er að bæta þar við. Enda er nú svo komið, að hv. 1. þm. S.-M., sem reyndi að bera fram ástæður gegn því, hefir nú algerlega lagt árar í bát, og ætti hann nú, úr því að hann treystist ekki til að mæla þessu í gegn lengur, hreinlega að viðurkenna það, með því að greiða atkv. með þeim brtt., sem hjer liggja fyrir um að kippa þessu í lag. Að hjer sje um svo hreinan ríkisrekstur að ræða, að þetta geti ekki átt við, nær auðvitað engri átt. Það er þvert á móti ef til vill sterkasti þátturinn, sem hægt er að setja til þess að tryggja, að fyrirtækið nái tilgangi sínum. Þetta, að búið er að gefa upp vörnina, ætti að mega skoða svo, að nú eigi að taka kröfur þessar til greina.

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hæstv. atvmrh., að ef hjer hefðu bændur átt í hlut, þykir mjer ólíklegt, að hann hefði ekki gengið inn á slíka sanngirniskröfu frá þeirra hálfu, og jeg lít svo á, að þó sá atvinnuvegur sje honum ef til vill mein að skapi og hjartfólgnastur, þá ætti hann að líta þannig á það embætti, sem hann gegnir, að honum beri að láta alla jafnt ná rjetti sínum.

Það hafa nú komið fram ýmsar brtt., meðal annars frá hv. 1. þm. Reykv. Hann leggur til, að þetta fyrirtæki gangi smám saman yfir á hendur viðskiftamanna og verði þá rekið með samvinnusniði. Jeg tek þessari till. fegins hendi og vænti, að hún verði samþ. Þetta er einmitt það fyrirkomulag, sem íhaldsmenn börðust fyrir á síðasta þingi. Jeg vona, að endirinn verði nú sá, að þessi möguleiki standi opinn, að verksmiðjan verði rekin með samvinnusniði.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Það hafa nú allmargir hv. þdm. tekið til máls um þetta frv. síðan jeg talaði hjer í dag. Ef út í það væri farið að svara öllum ítarlega, mundi það taka langan tíma, og þar sem flest veigamestu atriðin frá mínu sjónarmiði hafa áður verið tekin fram, tel jeg ekki ástæðu til að endurtaka þau. Jeg vil þó með nokkrum orðum víkja að hv. andmælendum mínum, einkum að því leyti, sem nýtt hefir komið fram í málinu.

Jeg þarf ekki að taka það fram, að með till. hv. 1. þm. Reykv. er farið inn á þá braut, sem jeg barðist mest fyrir í fyrra sem frsm. minni hl. sjútvn. Að jeg ekki sjálfur flutti till. í þessa átt, er eingöngu af því, að jeg taldi örvænt um, að hún næði fram að ganga. Jeg tók því þann kostinn að ganga heldur framhjá þessu nú, með því að jeg tel nauðsyn á, að málinu verði lokið á þessu þingi í einhverri mynd.

Jeg álít mjög æskilegt, að þetta fyrirtæki verði eign samvinnufjelags útvegsmanna, eftir því sem þeir afborga

það, ásamt sjóðum og öðru tilheyrandi; að því leyti er jeg sammála hv. 1. þm. Reykv., en hitt get jeg ekki fallist á, að till. minni hl. sjútvn. sjeu veigalitlar. (MJ: Jeg sagði, að þær væru um fyrirkomulagsatriði). Já, þær eru um fyrirkomulagsatriði, en það eru till. hv. 1. þm. Reykv. líka.

Hv. þm. taldi, að mjer hefði sjest yfir þá áhættu, sem grúfði yfir fyrirtækinu af því, að 70% útborgun kynni að nema meiru en því, sem endanlega yrði greitt fyrir vöruna. Jeg lít svo á og hefi getið þess, að tilskilja megi minni útborgun, ef sjerstaklega stendur á.

Auk þessarar áhættu gat hv. þm. um aðra áhættu, sem sje þá, að verksmiðjan fengi ekki næga síld til vinslu, og mundi þá koma upp krafa um rekstrarfje, til þess að kaupa síld fyrir í samkepni. Jeg vil ekki neita, að þetta gæti komið fyrir, en það yrði þá af því, að viðskiftamenn teldu sjer óhag að skifta við verksmiðjuna samanborið við aðrar síldarverksmiðjur. Hv. þm. spurði um, hvernig ætti að kjósa stjórnarmeðlimi. Við höfum gert ráð fyrir, að hæstv. atvmrh. setji reglur um þetta. Eftir fyrsta starfsár verksmiðjunnar kjósa þeir, sem hafa skift við hana.

Jeg gat ekki hlýtt á ræðu hv. þm. Dal., en mjer hafa verið sögð nokkur atriði úr henni, og eftir þeim að dæma þarf jeg fáu að svara honum. Hann virðist hafa bent á það með rjettu, að þetta fyrirtæki yrði erfiðara statt en einstaklingsfyrirtæki, sem gæti notað allan arð góðæris til þess að jafna halla hallæris. Þetta er að vísu rjett, en þessi verksmiðja er líka undanþegin þeirri áhættunni, sem er þungbærust í einstaklingsrekstrinum, sem sje rekstraráhættunni. — Jeg ætla ekki að öðru leyti að athuga ræðu þessa hv. þm.

Jeg hlustaði ekki heldur á ræðu hv. 1. þm. S.-M., en mjer hefir verið skýrt frá innihaldi hennar. Það gleður mig sjerstaklega að heyra, að hann hafi lýst því yfir, að brtt. hæstv. atvmrh. væru allar til bóta. Eins og hv. þm. veit, eru þessar till. allar undan mínum rifjum runnar. Það er næsta undarlegt, að við afgreiðslu málsins frá sjútvn. fæ jeg ekki að koma nokkurri brtt. að, en þegar jeg kem þeim á stað með milligöngu hæstv. atvmrh., þá rís þessi hygni þm. upp og lýsir yfir, að þær sjeu allar til bóta.

Mjer virðist það ekki vera að ófyrirsynju, að jeg kvarta undan því, að mjer hefir ekki gefist kostur á að koma að mínu viti og umbóta-ágæti í þessu máli í sjálfri n. Till. er til bóta, og er undan mínum rifjum runnin, en um málið fjekk jeg ekki að tala í sjútvn.

Mjer skilst hv. þm. hafa sagt, að brtt. hv. minni hl. ættu ekki við, af því að hjer væri um ríkisrekstur að ræða, en hinsvegar ættu þær við, ef fyrirtækið væri rekið með samvinnusniði. Þetta er að mörgu leyti rjett hjá hv. þm., en ágreiningurinn er þá um það, hvort menn óska, að það sje rekið sem samvinnufjelag eða af ríkinu. Jeg fyrir mitt leyti óska eftir því, en ekki eftir ríkisrekstri, og reyni því með till. mínum að breyta málinu í það horf. Og þar sem þessi hv. þm. (SvÓ) er þjóðkunnur samvinnufrömuður, en hinsvegar hinn megnasti andstæðingur alls socialisma, þá vænti jeg, að hann virði við okkur, að við berum fram slíkar

brtt., með því að fylgja okkur. Þá víkur hann frá stefnu sinna andstæðinga, en inn á þá braut, sem hann í marga áratugi hefir troðið.

Að öðru leyti get jeg tekið undir með hv. þm. um þetta, að það hafa þegar fallið flest rök í þessu máli og því sje þýðingarlaust að rökræða um það úr því sem komið er.

Jeg vil þá aðeins í tilefni af yfirlýsingu hæstv. atvmrh. í hans síðustu ræðu gera nokkrar örstuttar aths. Hæstv. ráðh. taldi, að 3. og 4. tölul. 4. gr. gerði alveg rjettilega fyrir þeirri tvennskonar áhættu, sem jeg hefi talað um — áhættunni, sem stafaði af því, að verksmiðjan yrði ekki rekin í einstökum árum, og áhættunni af verðfalli á eignunum. Þetta er aðallega orðaleikur hjá hæstv. ráðh. Áhætturnar báðar eru ekki stórvægilegri en svo, að fyrir þeim má á eðlilegan hátt gera með því að taka það varasjóðsgjald, sem jeg hefi lagt til, að verði tekið, þó að niður falli 3. tölul. 4. gr.

Hæstv. ráðh. taldi, að það mundi ekki fæla menn frá fyrirtækinu, þótt teknir væru 10% af andvirði vörunnar umfram það, sem þarf til þess að standast allan rekstrarkostnað fyrirtækisins. Jeg skal nú játa, að jeg hygg, að undir mörgum kringumstæðum væri viðskiftamönnum eins hagkvæmt að skifta við þessa verksmiðju, þó að þannig lagað gjald væri tekið, eins og að selja þeim einstaklingum vöruna, sem hjer reka verksmiðjur. Þessi auka-10% mundu jafngilda um 1 kr. af hverju síldarmáli. En eftir þeim útreikningi, sem hv. 3. landsk. hefir gert um rekstur síldarverksmiðju, telst til, að hún geti skilað andvirði fyrir síld, sem er meira en 1 kr. hærri en alment gangverð hefir verið á undanförnum árum. Þannig mætti ætla, að óhætt væri að taka þessa einu krónu af síldarmáli í þarfir verksmiðjunnar, án þess að menn forðuðust viðskiftin. En jeg held samt, að vegna þeirrar ótrúar, sem fjöldi þessara manna hefir á ýmsum opinberum fyrirtækjum, og vegna þess annmarka, að aðeins á að greiða út 70% af andvirðinu, þá sje gengið lengra en góðu hófi gegnir. Við skulum hugsa okkur, að það sje rjett, sem hv. 3. landsk. gerir ráð fyrir, að óhætt sje að ætla, að verksmiðjan geti skilað framleiðendum 11 krónum fyrir hvert síldarmál. Af þeim á að halda eftir umfram kostnað 10%, sem yrði 1 kr. á máli. Eftir eru þá tæpar 10 kr. hand framleiðanda. Við skulum einnig ganga út frá, að alment gangverð á síld yrði ekki hærra í hlutfalli við þetta verð en 9 kr. Framleiðendur velja þá um, hvort þeir vilja fá 7 kr. út á síldarmálið og eiga von á því að fá uppbót, er nemi 3 kr. á mál, eða hitt, að fá útborgaðar þegar í stað 9 kr. Og jeg hygg, að með þeirri ótrú sem menn hafa á þessum opinberu rekstri, og þá ekki síst útgerðarmenn, muni þeir verða fleiri, sem kjósa heldur skiftin við fastan kaupanda, sem greiði andvirðið alt út í hönd. Þannig getur auðveldlega farið — sem jeg áður gat um —, að með því að ætla að tryggja ríkissjóðinn er einmitt verið að skapa honum áhættu. Með því að ganga of tryggilega frá hagsmunum ríkissjóðs er einmitt verið að ganga of mikið á rjett framleiðanda, sem veldur því, að hann skiftir ekki við fyrirtækið. Þetta

var ágætlega orðað af hv. 1. þm. Reykv., þegar hann benti á, að hjer væri um hliðstæðu að ræða við það, að kaupmaður ætlaði að tryggja sjer lífvænlega atvinnu af verslun bara með því að selja nógu dýrt.

Hæstv. ráðh. spurði, hvað jeg mundi gera sem verksmiðjueigandi í þessu efni. Jeg get svarað hæstv. ráðh. því sama sem jeg svaraði hv. þm. Dal., að það er alt annars eðlis, ef um er að ræða einstaklingsrekstur og einstaklingsáhættu af þeim rekstri. Þá er eðlilegt, að einstaklingurinn reikni sjer alt aðra og meiri áhættuþóknun heldur en þegar um er að ræða fyrirtæki, sem ekki á að bera þá áhættu, sem þungbærust er, rekstraráhættuna.

Viðvíkjandi stjórnarfyrirkomulagi þessa fyrirtækis mótmælti hæstv. ráðherra að vísu ekki, að framleiðendur ættu ríkan rjett til þess að skipa stjórnarmeðlim, enda er nú þegar búið að færa svo sterk rök fyrir þeim rjetti, að enginn maður, sem vill hafa lög að mæla, neitar því. Það er búið að sýna fram á, að rjettur framleiðenda í þessu efni er ríkari en nokkurs annars aðilja. Reynt var að bera í bætifláka fyrir það fyrirkomulag, sem frv. mælir fyrir um, með því, að framleiðendur ættu svo rík ítök í stj. einkasölunnar, að þeim ætti að vera fyrir milligöngu þess aðiljans í stj.n., sem kosinn var af síldareinkasölunni, trygður sinn rjettur. Hæstv. ráðh. veit, að þetta er helber vitleysa. Hann veit, að framleiðendur ráða bókstaflega engu um stj. einkasölunnar. Hann veit, að framleiðendur mundu engan þeirra manna hafa kosið í framkvæmdarstjórnina, sem nú fara með það starf. Hann veit, að framleiðendur þurfa að þola, að einn af framkvæmdarstjórum einkasölunnar lýsi yfir því á opinberum fundi, að framleiðendur megi aldrei hafa neinn hag af einkasölunni. Það er þess vegna alveg um hug mælt hjá hæstv. ráðh., þegar hann talar um trygðan rjett framleiðenda í þessu efni, með því að vitna í það, að þeir eigi ítök í stj. einkasölunnar. (HG: Verkamenn eru framleiðendur). Jeg hefi nú stundum deilt við hv. þm. Ísaf. um framleiðendur, og það endar venjulega með því, að enginn sje framleiðandi nema guð almáttugur. Þegar jeg kalla útgerðarmenn framleiðendur, segir þessi hv. þm.: O ekki held jeg, að þið hafið búið til síldina. — Það verður altaf þrautalendingin, að guð almáttugur hafi framleitt síldina, og ekki skal jeg heldur neita því.

Rjett er það, að hæstv. ráðh. hefir boðið samvinnu gegn því, að fimm menn skipi stj. fyrirtækisins. Jeg hefi enn sem komið er ekki tekið í þá útrjettu hendi hæstv. ráðh. um að tryggja framleiðendum rjett til að skipa einn mann með því að fjölga í stj., vegna þess að jeg álít það óþarft að ganga inn á slíkt til að ná svo augljósum rjetti. Það er altaf verra að hafa óþarflega marga menn í stj.; þrír eru alveg nóg. Rjettur framleiðenda er svo augljós, að jeg vil ekki kaupa hann fyrir neitt, en fá hann bara samkv. þeirri eðlilegu kröfu, sem sanngjarn málstaður á altaf, þegar hann er borinn fram fyrir menn með heilbrigða dómgreind.

Jeg skal svo að endingu segja það, að alt. sem jeg hefi talað um áhættu þessa fyrirtækis, og alt, sem jeg yf-

irleitt hefi miðað við, þegar jeg talaði um þetta fyrirtæki, það byggist á því, að því sje stjórnað á eðlilegan og skynsamlegan hátt. En ef á að girða fyrir, að framleiðendur, sem alt eiga undir fyrirtækinu og líklegastir eru til að velja hæfa menn í stj. þess, hafi áhrif í því efni, þá veit jeg ekki, hvort jeg vil bera nokkra áhættu af þessu fyrirtæki eða hvort jeg yfir höfuð vil nokkur afskifti hafa af málinu.

**Magnús Jónsson:*** Jeg verð að taka undir það, sem síðasti hv. ræðumaður endaði á. Jeg skil ekki, hvers vegna þessi mótspyrna er gegn því, að útgerðarmenn fái sín rjettindi í þessu máli, — hvernig stendur á því, að þeir, sem eiga alt undir verksmiðjunni og verksmiðjan á alt undir, skuli að þarflausu vera fældir burtu frá viðskiftum með því að sýna þeim óbilgirni í upphafi. Ef á þannig að reka þessa verksmiðju áframhaldandi, ja, þá bið jeg bara fyrir henni. Hvaða kaupsýslumaður með nokkru viti mundi byrja fyrirtæki, sem hann ætti mikið undir, með slíkum afglöpum sem þessum, að reka hnefann framan í þá, sem fyrirtækið stendur og fellur með? Þetta er svo óskiljanlegt, að mjer þykir líklegt, að síldarframleiðendur í landinu hafi þann manndóm, að þeir bara vegna þessa skifti aldrei við þetta fyrirtæki, ef á að sýna slíka óbilgirni, án þess að nokkur einasta ástæða sje fyrir færð. Það er búið að halda margar ræður um þetta, en það hefir ekki verið sýnt með einu einasta orði, hvað síldareinkasalan á að gera með mann í stj. þessa fyrirtækis.

Jeg vil aðeins segja hv. 2. þm. G.-K., að jeg hefi aldrei sagt, að brtt. hans væru veigalitlar. En jeg sagði, að þær væru um fyrirkomulagsatriði, og hann skaut því fram, að mínar væru það líka. Já, alt eru þetta fyrirkomulagsatriði, ef maður knýr það orð of mikið. Hjer er sá munur á, að hans till. eru um fyrirkomulagsatriði viðkomandi ríkisrekstri, en mínar till. fara fram á stefnubreyt., að fyrirtækið hlíti ekki ríkisrekstri lengur en svo, að þeir, sem láta það fá hráefni, kæri sig ekki um það lengur. (**ÓTh:** Mínar eru brú, sem jeg ætla mönnum að ganga yfir). Hann ætlar hæstv. forsrh. að byggja brú á þessum stöplum, sem hann reisir með sínum till. En jeg vil sjá elfuna brúaða þegar á þessu þingi heldur en eiga undir því, að hún verði bygð á loftköstulum.

Hv. þm. Dal. og fleiri hafa minst á það, að eftir mínum till. ætti þetta fyrirtæki smámsaman að komast í hendur á þessu samlagi. Þetta er ekki alveg rjett. Eftir mínum till. er þetta einkafyrirtæki frá upphafi, en aðeins af því, að ríkissjóður leggur fram þessa peninga, er ekki nema rjett og sanngjarnt, að hann geti sett strangar reglur um fyrirkomulag fyrirtækisins meðan verið er að afborga.

Ekki ætla jeg að víkja mörgum orðum að hv. 1. þm. S.-M. Hann kvað málið ekki græða mikið á þessum umr. Jeg held það sje alveg óhætt um það, að málið hafi ekki mikið grætt á hans ræðu. Hann kvaðst álíta, að jeg hefði borið fram mínar till. í gamni, — þær gætu ekki verið bornar fram í alvöru. Jeg væri þekt-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ur sem listamaður og þetta væri eitt af mínum skemtilegu listaverkum. Mig minnir, að þetta hafi jeg heyrt einhverntíma áður, þegar þessi hv. þm. var í álíka öngþveiti, en a. m. k. er áreiðanlegt, að þetta geta ekki verið rök í málinu. Og jeg verð að segja, að það er miklu erfiðara að hugsa sjer, að hv. þm. sje að tala í alvöru, þegar hann, þessi gamli samvinnufrömuður, er að berjast í líf og blóð gegn því, að þetta fyrirtæki verði rekið á samvinnugrundvelli í stað ríkisrekstrar. En jeg veit ekki, hvar er gamanið í mínum till., þó að jeg beri fram till. um það, sem stór flokkur í þinginu barðist fyrir í fyrra. Það kann að vera, að dragi gamanið af þessum hv. þm. og öðrum þeim, sem honum fylgja, þegar þessi ríkisrekstur er kominn á að þeirra tilstuðlan.

Og hvað var nú gamanið í öllu þessu? Það kom upp úr kafinu, að hv. þm. gat ekki hugsað sjer þetta sem samvinnufjelag, því að það mundi vera bara á Siglufirði. Skilji þeir, sem geta! Ekki vissi jeg, að samvinnuskipulagið væri svona heilagt, að hv. þm. þyrfti að binda okkur með þessum fjálgleik: Drag skó þína af fótum þjer, því að sá staður, sem þú stendur á, er heilög jörð. — Siglufjörður er víst þessir saurugu skór, sem mega ekki koma nálægt samvinnunni. En samvinnulögin frá 1921 eru svo hlægileg, að þau undanskilja ekki Siglufjörð, þó að hv. þm. þætti það rök, að ekki gæti komið til mála að reka samvinnufjelagsskap á Siglufirði.

Jeg skal svo ekki tefja tímann lengur um þetta. Jeg legg till. mínar undir dóm manna. Nú er ekki hægt að bregða neinni hættu við, sem málið sje statt í. Það er bara um það að velja, hvort menn vilja heldur atvinnureksturinn á samvinnugrundvelli eða með ríkisrekstri.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Það hafa nú staðið nokkrar deilur um það, hvort fyrirtækið skuli rekið sem samvinnufjelag eða hvort það skuli rekið að nokkru leyti af ríkinu. Frv. áskilur að vísu, að allur ársrekstur skuli vera með samvinnusniði. En jeg skal játa, að þá vantar heimild um það, að það megi framselja þessar eignir ríkisins samvinnufjelagi, svo að fjelagið sje að öllu leyti rekið sem samvinnufjelag, — að bæði sjeu eignir og stj. á valdi þess fjelags á sama hátt og allur ágóðinn skiftist eftir þeim reglum, sem gert er í samvinnufjelögum. Þetta kemur einna skýrast fram í 2. lið 4. gr., þar sem ætlast er til, að ríkið taki 5 af hundraði af þeim, sem við verslunina skifta og afborga með því stofnkostnað ríkissjóðs.

Jeg skal játa, að það er ekki vel eðlilegt, ef ríkið á að vera hinn eini eigandi, að það taki þannig gjald af þeim mönnum, sem við verslunina skifta og afborga með því sín eigin lán til fyrirtækisins. Það er miklu eðlilegra, að þetta fje, sem þannig er innborgað, hlíti þeim sömu lögum, sem gilda um varasjóði samvinnufjelaga. Það er með þeim hætti eðlilegast, að stj. hafi rjett til að selja þessa verksmiðju samvinnufjelagi, sem starfar eftir samvinnulögunum frá 1921. Það eru að vísu komnar hjer fram till., sem horfa nokkuð í þá átt, en mjer finst þó orðalag þeirra till.

ekki nógu ákveðið til þess að hægt sje að treysta, að það fjelag, sem þar er um að ræða, starfi samkv. þessum lögum. (**MJ**: Það má gera í reglugerð). Ef það er geymt að ákveða um þá hluti þar til reglugerð yrði samin, þá er það ekki þingið sjálft, sem ákveður, hvort fjelagið er reglulegt samvinnufjelag, heldur sú stj., sem situr, þegar salan fer fram. Ef því þingið vill ekki selja verksmiðjuna í hendur öðru fjelagi en samvinnufjelagi, sem starfar eftir lögunum frá 1921, þá þarf að taka það skýrt fram, að það fjelag skuli vera með því sniði. Í till. hv. 1. þm. Reykv. stendur það að vísu, að fjelagið skuli vera með samvinnusniði. Þetta minnir mig á karlinn, sem var að panta sjer föt og sagðist helst vilja hafa þau með samvinnusniði. Annars þykir mjer brtt. hv. 1. þm. Reykv. nokkuð loðnar. (**MJ**: Jeg las ekki till. háttv. þm. frá í fyrra, en ef jeg hefði lesið þær, þá mundi jeg hafa getað tekið þær næstum því orðrjett upp). Mínar till. eru ákveðnari en svo, að farið verði í kringum þær. Vona jeg, að hv. þm. taki sínar aftur, er hann sjer anda sinna brtt. birtast hjer í ákveðnara og skýrara formi. (**MJ**: Eru komnar fram nýjar brtt.? Það vissi jeg ekki). Jeg og hv. þm. Mýr. munum bera fram brtt., er bráðlega verður útbýtt. Fara þær í þá átt að gera það skýrt og ákveðið, að fjelag það, er stofnað kann að verða, skuli verða starfrækt eftir samvinnulögunum nr. 36 1921, og skal þar ekkert vera undanskilið.

Fyrsta brtt. okkar er við 4. gr. 2. lið, sem svo mjög hefir verið rætt um, þar sem þeim, er skifta við verksmiðjuna, er gert að greiða til ríkisins 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar. Við þennan lið leggjum við til að bætist: — „og skal um það fje fara eftir ákvæðum 25. gr. l. nr. 36 27/6 1921, um samvinnufjelög, en ef verður úr stofnun samvinnufjelags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telst það afborgun af stofnkostnaði". Hjer er hvorttveggja tekið fram, að þetta sje ekki eign ríkisins, heldur eign þeirra, er lagt hafa fram efnið til þess að vinna úr, og að það skuli útborgað með þeim skilyrðum samvinnulaganna, er sett eru um slíkar útborganir. En þau eru: dauði manns, burtflutningur af fjelagssvæði, gjaldþrot og ef viðkomandi verður fátækrastyrksþurfi. Í þessu sambandi er landið alt gert að einu fjelagssvæði. Auk þessa er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að fjelagið bæti við 5%, er svo gengur upp í þær afborganir, er um semst milli ríkisins og þess.

Við 9. gr. leggjum við til að bætist, þar sem talað er um undanþáguna: „meðan verksmiðjan er í eign ríkisins". Liggur það í augum uppi, að það er sjálfsagt, að verksmiðjan sje undanþegin þessum gjöldum meðan hún er eign ríkisins. Býst jeg við því, að þeir, er flytja málstað framleiðendanna, verði síst á móti því. En eftir að verksmiðjan hefir verið seld slíku fjelagi og hjer um ræðir, kemur slíkt ekki til mála lengur, heldur verður hún þá að greiða alla sína skatta og skyldur samkv. því, er samvinnulögin segja til um.

Þriðja brtt. okkar er þess efnis, að á eftir 9. gr. bætist ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi: „Ef

minst helmingur þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, gera með sjer fjelag, sem starfar samkv. lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda eru þá allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, skyldir til að vera í fjelaginu. Skal samvinnufjelagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar fjelagið hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram". Hjer er aðalheimildin til þess að selja samvinnufjelagi verksmiðjuna. Hygg jeg og rjett að taka fyrst út úr stj. þann mann, er Siglufjörður skipar, því þegar fjelagið hefir eignast verksmiðjuna, þá hefir Siglufjörður mist eignarhald á því, er hann lagði í hana í byrjun. Þetta hygg jeg, að geti ekki á neinn hátt orðið hættulegt, því fyrsta skilyrði Siglufjarðar var það, að verksmiðjan væri rekin þar. Hitt má honum standa á sama, hvort hún er rekin af samvinnufjelagi útgerðarmanna eða ríkinu. Enda er hjer aðeins um formbreyt. að ræða, því allur andi laganna er sá, að samvinnusnið skuli vera á rekstrinum, þótt í þau vanti heimild til þess að selja verksmiðjuna í hendur slíku fjelagi, ef það tekur á sig allar þær skyldur, er því fylgja.

Þá þótti okkur og rjett að bæta því í 10. gr., að reglugerð skuli sett um ákvæði viðvíkjandi rekstrinum, hvort heldur sem honum er stjórnað af ríkinu eða samvinnufjelagi, því samvinnulöggjöfin er ekki sniðin með tiliti til slíkra stofnana. Þykir okkur rjett, að stj. hefði íhlutunarrjett um það, hvernig verksmiðjan væri útbúin og rekin, því ýms vafaatriði geta orðið í þessu máli, þó alt verði vitanlega að vera í samræmi við samvinnulögin frá 1921.

Með þessum till. er það ætlun okkar að byggja brú á milli hinna mörgu hjer í þessari hv. deild, er deila um þessa hluti. Kveða þessar till. skýrt á um það, að það skuli vera samvinnufjelag, er tekur við verksmiðjunni og rekur hana. Þarf enginn, sem á annað borð trúir á samvinnufjelagsskapinn, að efast um það, að hann geti gert sama gagn hjer og á öðrum sviðum.

Í þessum brtt. okkar er ekkert talað um fulltrúa framleiðenda í stj. verksmiðjunnar, fyr en fjelag hefir verið stofnað til þess að starfrækja verksmiðjuna. En ef þessar brtt. verða samþ., þá geri jeg ráð fyrir því, að þess verði ekki langt að bíða, að slíkt fjelag verði stofnsett. Er heldur ekkert á móti því að ákveða þetta svona, eins og við leggjum til, því það ætti þá heldur að ýta undir stofnun slíks fjelags. En ef þeir, sem sjerstaklega eru kallaðir framleiðendur, hafa engan áhuga á því að stofna með sjer svona samvinnufjelag, þá er vafasamt, hvort þeir eiga að hafa rjett til þess að skipa mann í stj. verksmiðjunnar. Vil jeg vona, að það verði ekki till. okkar hv. þm. Mýr. að fótakefli, þó við leggjum ekki til, að stj. verði skipuð fulltrúa

frá framleiðendum, enda má svo segja, að þeir hafi eins og frv. er nú töluverðan rjett.

Það er ekki ávalt rjett að skifta þjóðfjelaginu niður í stjettir, og eins og stj. þessa fyrirtækis á nú að vera skipuð, þá er það ekki gert. Hún verður svo skipuð, að í henni eiga sæti: einn maður, sem ríkisstj. skipar, annar, er Siglufjörður kýs, og þann þriðja leggur síldareinkasalan til. Þessa fulltrúa eiga allar þær stjettir jafnt, er kosningarrjett hafa til Alþingis og til bæjarstjórnar Siglufjarðar og nokkru ráða um það, hvaða stj. fer með völdin í landinu. Hjer er öllum stjettum blandað saman, og ef það ætti að ákveða stj. fyrirtækis þessa eftir stjettum, þá yrði að skipa hana eftir alt öðrum reglum en gert er ráð fyrir í frv. Þá yrði að taka fulltrúa þeirra verkamanna, er þarna vinna, jafnframt því og tekinn væri fulltrúi þeirra, er stjórna útgerðinni. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að mjer sje ekki kunnugt um það, að það eru útgerðarmenn einir, er bera áhættuna af þessu, heldur vegna þess, að þetta fje, eins og alt annað fje, er ekki annað en samanspöruð vinna, sem ekki á meiri rjett til þess að ráða yfir fyrirtækjunum en hinn lifandi og starfandi vinnukraftur. Hvorttveggja er „kapital". Og ef ekki er hugsað eingöngu um stjettaskiftinguna, þá verður líka að hugsa um fleiri en þá, er eiga sparifje, enda þótt þeir beri ef til vill mesta fjárhagslega áhættu.

Þegar þetta er orðið að samvinnufyrirtæki, eiga þeir einir að ráða, er skifta beint við það samkv. samvinnulögunum. Er það enginn fastur stofn, heldur einn þetta ár og annar næsta ár. Allir hafa því jafnan rjett og tækifæri til þess að skara fram úr.

Jeg vona svo, að þessum till. verði bráðlega útbýtt. (**ÓTh**: Það hefir þegar verið gert). Jæja, það er ágætt. Þær eru ekki svo ólíkar öðrum till., er of seint hafa komið fram og þurft að leita afbrigða fyrir, að þess vegna þurfi að amast við þeim.

**Hannes Jónsson**: Jeg hafði ekki ætlað að tala í þessu máli, en vegna þess að hv. 1. þm. Reykv. vjek að mjer í ræðu sinni, þá þykir mjer rjett að svara honum nokkrum orðum.

Hann var að tala um samvinnuna og þóttist vera að kenna okkur samvinnumönnum. En jeg ætla bara að segja það, að mjer þykir jafnlíklegt, að hann geti kent okkur nokkuð í þeim efnum eins og ef jeg ætlaði að fara að fræða hann í einhverju um Pál postula. Sannleikurinn er sá, að hann hvorki þarf nje getur sagt okkur nokkuð til um það, hvernig við eigum að hegða okkur í þeim málum. Jeg býst við því, að reynslan hafi þegar sýnt það, að við samvinnumenn höfum full tök á okkar málum. Sannast að segja skil jeg ekki þetta írafár, sem alt í einu hefir gripið hv. þm. og ýmsa aðra hans líka núna upp á síðkastið. Þeir eru stöðugt að stagast á samvinnufjelagsskap og ágæti hans, sem þeir skilja þó ekki frekar en köttur skilur ritninguna. Og í þessu máli er þeim eins farið og konu, sem farin er að sauma barnafötin áður en hún hefir vissu fyrir því, að hún eign-

ist nokkurt afkvæmið. (**JJós:** Mega þá ekki aðrir en framsóknarmenn tala um samvinnu?). Hv. þm. Vestm. getur í engu frætt menn um samvinnu frekar en flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Reykv. (**MJ:** Þetta er bara bönnað mont hjá hv. þm. — **JJós:** Þetta er nú kallaður gorgeir hjer á Suðurlandi). Jeg veit ekki, hvað þið kallið það hjer, en heima á Norðurlandi eru staðreyndir sem þessar kallaðar fullframbærileg rök.

Eins og jeg tók fram áður, þá er þetta hjal íhaldsins um samvinnu ekki ólíkt því, þegar kona fer að sauma krakkaföt löngu áður en von er á króanum. En mjer finst nú, að í þessu tilfelli sje óhætt að bíða eftir því, að það bóli á króanum, nefnilega samvinnuhreyfingunni hjá útgerðarmönnunum íslensku, áður en farið er að sníða henni stakk. En jeg verð nú að segja það, að jeg hefi ekki mikla trú á því, að hún eigi sjer djúpar rætur hjá þeim, a. m. k. ekki þeim, er hjer sitja á Alþingi. (**MJ:** Bjeað mont er þetta!).

Jeg held, að hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Mýr. hefði verið óhætt að bíða með till. sínar til þess er líkur væru á því, að hjer væri hægt að byggja á sönnum samvinnugrundvelli. Því jeg álít, að það eigi ekki að byrja á lagabókstafnum og safna svo mönnum saman undir hann. Í því er ekkert vit. Nei, fyrst verður útgerðarmönnum að skiljast, hver er tilgangur og eðli samvinnunnar; þá fyrst, er þeim hefir tekist það, er rjett að setja þeim slík lög. Samvinnufjelag, sem bygt væri á öðrum grundvelli, yrði aldrei annað en gæsalappa-samvinnufjelag. A. m. k. get jeg ekki hugsað mjer það sem heilbrigt. Nú er það og svo, að stj. er völt í sessi og skiftir því oft um, og þó stj. eigi að hafa eftirlit með þessu, þá er það ekki trygt, að ávalt sjeu menn í henni, er hafa fullan skilning á þessum málum. (**ÓTh:** Guði sje lof, að til er hæstirjettur!). Jeg get vel treyst þessari stj., er nú situr, til þess að skilja þessi mál, en það er því miður ekki víst, að hún sitji eins lengi og þörf er á. Jeg held því, að óþarfi sje að sníða þessari samvinnu föt á þessu þingi. (**MJ:** Þau mundu altaf verða of stór á hv. þm. V.-Húnv.). Þau myndu a. m. k. fara hv. 1. þm. Reykv. afskaplega illa.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Það eru aðeins fáein orð út af brtt. á þskj. 586, sem nú hafa komið fram, eftir að talað var fyrir þeim. Annars hefir hv. þm. V.-Húnv. að miklu leyti tekið af mjer ómakið að taka hjer til máls, því að hann hefir tekið það flest fram, er jeg þurfti og vildi sagt hafa.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, er það ekki af því, að jeg hafi ótrú á samvinnunni, að jeg er á móti því, að þetta fyrirtæki verði rekið með samvinnusniði, heldur er það vegna þess, að jeg treysti ekki þeim, er að þessu eiga að standa, til þess að starfrækja þetta í samvinnu. Er jeg alveg samþykkur því, er hv. þm. V.-Húnv. hefir sagt um þetta efni. Einnig er þess að gæta, að þeir, er hjer koma til með að eiga hlut að máli, búa mjög dreift, jafnvel í öllum landshlutum. Verður því miklu erfiðara að halda fjelagsskapnum saman, og

öll aðstaða til þess að hann geti notið sín hin versta. Við, sem þekkjum samvinnufjelögin, vitum, að þau eru staðbundin. Þau hafa sinn ákveðna, tiltölulega litla verkahring hvert um sig. Það er alt annað að stofna fjelag, sem ekki nær nema yfir eina sveit eða einn bæ, eða fjelag, sem á að ná yfir alt landið, en svo mundi það verða hjer, því í þessu samvinnufjelagi, ef það verður stofnað, hljóta að verða menn úr öllum þeim landshlutum, er síldveiðiskip koma frá; ella mundi það fárra manna fjeþúfa. (ÁÁ: Það er til samband íslenskra samvinnufjelaga). Já, en því er svo háttað, að í því eru fjöldamörg einstök fjelög, sem hvert er bundið við lítið svæði. Jeg hefi ekkert á móti samvinnufjelagshugmyndinni í sjálfu sjer, en jeg tel mjög hæpið, að hún njóti sín til fulls við þennan rekstur. (MJ: Er það vegna þess að Siglufjörður á í hlut?). Jeg hallast heldur að því, að á þessu sje ríkisrekstrarfyrirkomulag, sem miðað er mest við hagsmuni viðskiftamannanna allra.

Það hefir verið sagt hjer af mörgum, að hinum væntanlegu viðskiftamönnum væru boðin þau kjör, sem þeir mundu alls ekki geta unað við. Það væri tekið svo mikið af síldarverðinu til tryggingar stofnuninni, að ókjör væru að búa við slíkt. En jeg tel þetta með öllu rangt. Jeg gæti frekar búist við því, að það, sem 4. grein áskilur að tekið verði frá vegna vaxtagreiðslu, fyrningar og í varasjóð, reynist of lágt. Og ef svo færi, að hið gagnstæða yrði ofan á, þá er altaf hægt að gera breyt. í þá átt, að afgangurinn verði tilfærður viðskiftamönnunum. En tapi verksmiðjan, renna allir þessir frádráttarliðir, sem getið er um í 4. gr., í raun og veru í sama sjóð.

Jeg var búinn að lofa því áður að tefja ekki tímann með löngum umr., enda hefi jeg ekki ástæðu til þess. Samt vil jeg áður en jeg lýk máli mínu víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Reykv. Mjer virtist honum gremjast það, að jeg mjög góðlátlega gat þess, að hann hefði með brtt. sínum komið að haglega telgdum fleyg í þetta mál. Reyndi hann að snúa út úr þessu með kringilyrðum. Jeg ætla, að hann spyrði meðal annars að því, hvers vegna Siglfirðingar hvorki gætu nje mættu stofna samvinnufjelag. Jeg hefi aldrei haft neitt á móti því, að Siglfirðingar stofni samvinnufjelag. En jeg hefi ekki traust á þeim samvinnufjelagsskap, sem hjer um ræðir og bygður er upp af dreifðum einstaklingum úr öllum landshlutum. En reyndar má þess vænta, ef nokkuð verður úr samvinnu um þessa stofnun, að fjelagið yrði fyrst og fremst fjelag Siglfirðinga, sem þá eðlilega hefði hag bæjarbúa fremur fyrir augum en aðkomumanna. Með því mundi jeg telja hagsmunum manna úr fjarlægum hjeruðum miður borgið en með hreinum ríkisrekstri, sem að eðlilegum hætti mundi fremur líta á heildarhaginn.

Að hv. þm. taldi það vitleysu hjá mjer, að ríkisrekstur ætti hjer betur við, læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja. Slíkir sleggjudómar sannfæra engan. Jeg gæti gert hv. þm. sömu skil, ef jeg kærði mig um að vera að elta ólar við hann um þetta.

**Magnús Jónsson:*** Brtt. á þskj. 586 var útbýtt eftir að jeg hafði talað í seinna sinn, svo að jeg hefði þurft að fara nokkrum orðum um þær nú. Jeg held, að jeg láti eins og vind um eyrun þjóta hið vinsamlega ávarp hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. S.-M. til mín. Þó að hv. þm. V.-Húnv. talaði alldigurbarkalega um, að við þyrftum ekki að kenna honum samvinnufjelagsskap, situr það illa á honum, sem er að svíkja samvinnufjelagsskapinn og heimta ríkisrekstur í staðinn. Hann sagði, að útgerðarmenn ættu ekki rjett á að vera í samvinnufjelagi, fyr en þeir gætu sýnt fram á, að þeir störfuðu á heilbrigðum grundvelli. Það ætti kannske að láta þá ganga undir einhverskonar gáfnapróf, en það kostar breyt. á lögunum um samvinnufjelög. Hv. 1. þm. S.-M. var líka að tala um, að Siglfirðingar mundu ekki verða góðir í samvinnufjelagsskap. En jeg hjelt, að það væri hverjum manni frjálst að starfa í þeim anda, sem hann vildi.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að samvinnufjelagsstarfsemi væri í þessu tilfelli óeðlileg, þar sem mönnunum væri dreift út um alt land. Starfsemin fer fram á einum stað, þó að mennirnir komi saman af ýmsum stöðum á landinu.

Jeg ætla þá að víkja að till. þeirra hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Mýr. Jeg verð að játa, að það er dálítið erfitt að átta sig á slíkum till. í fljótu bragði. En við yfirlestur þeirra virðist mjer þær vera hjer um bil shlj. mínum till. Jeg skal játa, að orðalag þeirra er að sumu leyti betra en á mínum till. Í nokkrum atriðum líkar mjer þær samt ver, þó að jeg geti fallist á þær til samkomulags. Jeg álít fyrstu brtt. þeirra vera til bóta. Hún gerir ráð fyrir, að ef samvinnufjelag verður stofnað, sem leggur verksmiðjunni verkefni, teljist það fje, sem í gr. ræðir um, afborgun af stofnkostnaði. Jeg hafði hugsað mjer þetta beint í ríkissjóð.

Lakari er viðbótin við 9. gr. Jeg skil ekki, af hverju á að binda undanþágu undan tekju- og eignarskatti við það, að verksmiðjan sje í eign ríkisins. Það er hvort sem er ekki verið að undanþiggja ríkið, heldur mennina, sem leggja til hráefnið í verksmiðjuna. Hinsvegar álít jeg það ákvæði til bóta, að ekki þurfi nema helming þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, til að mynda fjelag, sem megi kaupa verksmiðjuna. Það er sennilegt, að kaupin geti tekist fyr með því móti. Og að vitna í lögin frá 1921 er líka til bóta frá því, sem sagt er í mínum tillögum: með samvinnusniði. Hv. þm. V.-Ísf. flutti í fyrra samskonar till., en jeg las ekki þá till. fyr en jeg hafði skilað minni.

Jeg tel óheppilegt, að það sje fulltrúi Siglufjarðarkaupstaðar, sem gengur úr stjórninni í staðinn fyrir fulltrúa síldareinkasölunnar. Meðan nokkuð er óborgað af stofnkostnaðinum, hefir Siglufjörður hagsmuna að gæta. Brtt. við 10. gr. er shlj. minni till.

Mjer þykir vænt um að hafa komið þessum brtt. af stað, sem líklega eru mjög ítarlega undirbúnar, og það er ekkert metnaðarmál fyrir mjer, hvort þær koma frá sjálfum mjer eða þessum tveim hv. þm., sem flytja þær. Mjer er það fyrir mestu, að löggjöfin

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

um þetta fyrirtæki sje bygð á heilbrigðum grundvelli. Jeg mun taka mínar till. aftur, þar sem meiri von er til, að þessar nái samþykki.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Jeg get lýst ánægju minni yfir því, að brtt. á þskj. 586 eru fram komnar. Það gefur nýjar vonir um, að mín leið verði farin í málinu, þó að jeg áliti ekki tímabært fyrir mig að bera þær fram, enda vonlaust. Jeg get þó ekki að öllu leyti verið samþykkur brtt. hv. þm., t. d. ekki um stjórnarfyrirkomulagið. Jeg tek undir með hv. 1. þm. Reykv. um, að eðlilegast væri, að sá vikj sæti, sem er skipaður af síldareinkasölunni, ef hún á að skipa mann í stjórnina. En jeg held fast við það, að síldareinkasalan eigi engan mann að skipa í stj. Hv. flm. till. hafa ekki sýnt fram á það með rökum, að framleiðendur eigi ekki ríkari rjett í því efni en síldareinkasalan. Það er ekki rjett hjá hv. þm. V.-Ísf., að þó að framleiðendur vilji ekki mynda með sjer samvinnufjelagsskap, eigi þeir ekki rjett á að eiga fulltrúa í stj. Jeg get vel hugsað mjer, að framleiðendur óski ekki á fyrstu árunum að bindast samtökum um samvinnufjelagsskap. En það get jeg ekki skoðað sem sönnun þess, að þeir, sem eiga alt undir verksmiðjunni, megi ekki hafa nein áhrif á stj. hennar. Frá sjónarmiði hv. þm. sannaði þetta afskiftaleysi lítinn fjelagsþroska þeirra, en það sannar ekki, að þeir sjeu ekki færir um að kjósa mann í stjórnina. Mjer þótti gaman að hlusta á hinar heimspekilegu hugleiðingar hv. þm. V.-Ísf. um stjettir og stjettaflokka. Jeg minni aðeins á, að enn er hann í þingflokki, sem hælir sjer af því að vera stjettarflokkur. Sjálfsagt á hann þar ekki heima, og óska jeg honum að hlekkirnir springi sem fyrst.

Í sambandi við stjórnarkosninguna vil jeg benda á það, að það er ekki rjett hjá hv. þm. V.-Ísf., að þessi sjerstaka tilhögun á stjórnarskipuninni, sem frv. mælir fyrir um, tryggi það, að ekki ráði stjettaskipun mannvali. Það er ástæða til að halda, að það verði einmitt stjettaflokkarnir í landinu, sem ráða stjórnarvalinu. Það er rjett athugað hjá hv. þm. V.-Ísf., að útgerðarmenn hafi þarna mestra hagsmuna að gæta. Og þó að það megi til sanns vegar færa, sem hv. þm. sagði um hina uppspöruðu vinnu og lifandi vinnu, tekur hin lifandi vinna endurgjald sitt fyrirfram í krónum, en hin uppsparaða vinna á alt undir stj. fyrirtækisins. Þess vegna á hún rjett á að nefna mann í stj.

Um ákvæði fyrstu brtt. hv. þm. get jeg verið sammála, þó að jeg hefði heldur kosið, að framlag í sjóðina hefði ekki verið svona mikið. Jeg aðhyllist samt till., af því að þó að ekki verði myndað hetta fjelag, er ekki tekið af framleiðendum meira en 10% í stað 15% í stjfrv., því mjer skilst, að framleiðendur og viðskiftavinir verslunarinnar eigi kröfurjett til heirra 5%, sem heim er ætlað að greiða samkv. 1. lið 4. gr. Jeg get svo látið útrætt um hessar till. með heirri yfirlýsingu, að jeg er hæklátur fyrir að hær komu fram, hó að jeg hefði ýmislegt við hær að athuga.

Um ræður heirra hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. S.-M. tel jeg ástæðulaust að fara mörgum orðum. Það kemur fyrir mig einstöku sinnum, ef eitt-

hvað óþægilegt hefir borið mjer að höndum, að mig hefir dreymt það aftur, og miklu óþægilegra en það í raun og veru var. Og þegar jeg heyrði ræðu hv. þm. V.-Húnv., spurði jeg sjálfan mig, hvort mig væri nú farið að dreyma. Jeg man, að í fyrra hjelt hv. þm. ræður með viðlíka reiging og nú. En í vetur hefi jeg vanist alt öðru. Ræða hv. þm. áðan var óvenjulega reigingsleg, og jeg verð að segja, að þegar það er mitt hlutskifti að ræða við ýmsa hv. þm. um rekstur síldarverksmiðju, sem jeg tel mig hafa betur vit á en flestir þeirra, þá hlægir það mig, að þessi hv. þm. skuli standa upp og reigja sig yfir því, að menn skuli leyfa sjer að tala um samvinnu! Það er ekki ljett gangan í musteri samvinnunnar, ef það er goðgá að spjalla um hana í bróðerni hjer á þingi.

Hv. þm. hafa sýnt það hjer með ræðum sínum, að trú þeirra á samvinnunni er ekki meiri en svo, að þeir verða myrkfælnir, ef nefnt er á nafn að færa samvinnuna út fyrir þann ramma, sem þeir hafa einskorðað hana við. En jeg læt mjer það í ljettu rúmi liggja. Jeg er ekki samvinnufrömuður, þó að jeg verði að játa, að jeg kýs hana heldur en ríkisrekstur.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að jeg væri í flokki þeirra manna, sem bygðu stjórnmálastarfsemi sína á stjettaskiftingu. Jeg býst við, að allir stjórnmálaflokkar í landinu geri það, því að hagsmunir hinna einstöku stjetta hljóta að koma fram í stjórnmálunum. Þegar verið er að berjast fyrir hagsmunum einstakra stjetta eða einstakra manna, er engan veginn víst, að þar sje á ferðinni vont mál. Það getur orðið heildinni fyrir bestu. Þannig getur það verið, að flokkur, sem kalla má stjettaflokk, stefni einmitt að því að gera þjóðfjelagið stjettalaust.

Hv. þm. sagði að hin lifandi vinna tæki þóknun sína í krónum, en fjármagnið hirði afganginn og eigi þess vegna mest á hættu. Það er rjett, að verkamennirnir fá krónutöluna ákveðna fyrirfram. En hvað mikið þeir fá í kaup, er alls ekki óháð því, hvernig atvinnureksturinn gengur. Það má segja, að það, sem kemur fyrir hjá atvinnurekendunum, hafi sínar afleiðingar eftir á fyrir verkamenn. Auk þess er jeg ekki sammála hv. þm. um, að hin uppsparaða vinna, þ. e. a. s. framleiðendurnir, eigi að hafa rjett til afgangsins, heldur sjeu það líka sameiginlegir hagsmunir, sem þróunin á eftir að skapa, sem skifta arðinum.

Jeg vil þakka þeim, sem hafa tekið vel undir till. okkar hv. þm. Mýr. Þó að á milli beri um ýms smærri atriði, getum við flestir staðið saman um aðalatriðin. Jeg vona, að þó að þetta snerti hv. þm. V.-Húnv. illa í augnablikinu, sje hann ekki í hjarta sínu andstæður efni tillagnanna. Hv. þm. sagði, að við flm. hefðum getað beðið eftir því, að einhver skilyrði mynduðust hjá þessum mönnum fyrir rjettum samvinnuhug. Jeg verð að segja, að að því er snertir samvinnulöggjöfina hefir ekki verið beðið eftir því, að eitthvert útmælt hugarfar myndaðist. Hvar sem er og hvenær sem er er heimilt að stofna ný fjelög á grundvelli samvinnulaganna, án nokkurra prófa. Slík fjelög verða

hvort sem er ekki til fyr en menn þeir, sem stofna þau, vilja starfa eftir þeim reglum, sem í lögunum eru settar. Jeg hefi aldrei um samvinnufjelög sett önnur skilyrði en þau, að menn vilji gerast samvinnumenn.

Hv. þm. sagðist treysta núv. stj. vel til að dæma um innræti fjelagsmanna, sem kæmu með slíkar beiðnir sem þessa, en komandi stjórnum væri ekki eins vel treystandi.

Hv. þm. virtist leggja ákafl. mikla áherslu á, að hjer væri um stjett að ræða, sem ekki gæti meðtekið heilagan anda. Það minnir á söguna um prestinn, sem sagði, að sig óaði við að segja: „Drottinn sje með yður" við þessa bölvaða dóna. Þegar einhver kemur og krýpur við altarið, þá á að segja við hann: Haltu áfram þínu fyrra lífi. Nei, slíkt þekkist hvergi um stofnanir, hvort sem þær eru andlegar eða verklegar. Það er á móti guðs og manna lögum. Nú höfum við þau meðmæli með þessum mönnum, sem ef til vill mundu einhverntíma koma inn í samvinnufjel.skapinn, að þeir eru áður búnir að koma og segja: Við viljum starfa í samvinnufjelagi. En ef á að leyfa þeim að starfa saman undir samvinnuskipulagi, hvers vegna á þá að banna þeim að mynda sitt eigið samvinnufjelag? Jeg held jeg verði að segja eins og Pjetur postuli: Á þá að banna þeim vatnið?

**Hannes Jónsson:** Hv. 1. þm. Reykv. sagðist mundu láta það sem vind um eyrun þjóta, sem jeg hefði sagt. En hann beitti þó skútu sinni í vindinn og kunni auðsjáanlega ekki að hagræða sjer eða halda fastri stefnu á þeim samvinnusjó, sem hann er nú kominn út á. Annars er það lítilsvert að svara slíkum samvinnupostula. En það er erfiðara og vandasamara að svara hv. þm. V.-Ísf., því að fyrir utan allan sinn samvinnuvísdóm hefir hann svo róttæka þekkingu á biblíufræðum. Það er eins og heilagur úði drjúpi sífelt af vörum þessa hv. þm. á okkur hina, sem erum svo nærri honum, að við megum nema mál hans. Hann talaði um heilagan anda í sambandi við þetta síldarmál. — Jeg vil ekki tala um þetta væntanlega síldarsamvinnufjelag á biblíumáli, heldur á máli samvinnumanna. Ríkisvaldið hefir ekki sett neina löggjöf um það, hvernig samvinnufjelögin geti bygst upp og þróast. Samvinnuhæfir hugsjónamenn hafa í mörgum smærri fjelögum skapað þetta skipulag, sem löggjafarvaldið hefir með samvinnulögunum búið í ákveðið form, og sett þar ákvæði til verndar fjelögunum gegn árásum samkepnismanna, sem nú eru farnir að sjá sitt óvænna. Mætti því til sönnunar nefna síldarsamlagslögin frá 1926, sem Björn Líndal barðist mest fyrir: til þess að skýra það skipulag á samvinnumáli mætti nefna það löggverndaða samvinnu. (MJ: Var það samvinnufjelag?). Þeir vildu kalla það samvinnufjelag. En samkv. þeim lögum gátu útvegsmenn aðeins myndað samlög. Nú er talað um löghvingaða samvinnu. Þetta er samvinnufræði þeirra manna, sem nú hafa stigið í kennarastólinn til þess að kenna okkur samvinnumönnum, án þess að þeir hafi sjálfir hugmynd um, hvað reglulegur samvinnufjelagsskapur er. Jeg skal lána hv. 1. þm. Reykv. samvinnulögin, til þess að hann geti kynt sjer

þau betur; hann verður sjálfsagt að teljast sæmilega mentaður maður, þar sem hann er prófessor við háskóla Íslands. Hann ætti því að geta skilið, að það er mikill grundvallarmunur á hinni lögþvinguðu samvinnu, sem hjer er til stofnað með síldarverksmiðjulögunum, og samvinnufjelagsskap bænda, þar sem einstaklingarnir hafa með persónulegum samtökum fult vald á viðskiftum sínum og bera sjálfir fjelagslega ábyrgð á þeim.

Við till. hv. þm. V.-Ísf. er það að athuga, að hann hyggur, að með löggjöf frá Alþingi sje hægt að skapa mönnum öll þau gæði og hagsmuni, sem samvinnufjelagsskapurinn veitir þeim. Þá ætti hann að ráðleggja, að reist verði verslunarhús í þeim hjeruðum, þar sem skortur er á slíkum byggingum, og svo geti þeir, sem þar búa, fengið styrk til þess að eignast húsin á eftir. En þetta er alls ekki sú leið, sem samvinnumenn vilja fara.

Einstaklingarnir þurfa að byrja á því að þroska hæfileika sína og hneigðir til þess að vinna saman að sínum hagsmunamálum. Ef því er ekki til að dreifa, þá er hætt við, að fjelagsskapurinn fari í hundana fyr eða síðar. — Það hefir stundum komið fyrir hjer á landi, að einstakir menn hafa stofnað til slíks fjelagsskapar, þar sem jarðvegurinn var ekki undir það búinn og skilyrðin slæm, en venjulegast hefir ekkert hafst upp úr því annað en óþægindi og fjártöp fyrir þá, sem að fjelagsskapnum stóðu, og hlutaðeigandi hjeruð.

Það er rjettara að bíða lengur og gera ekki ráð fyrir þessum samvinnufjelagsskap síldarútvegsmanna fyrst um sinn. Verum rólegir þangað til meiri ástæður eru til að taka samvinnuóskir þeirra alvarlega.

**Jón Sigurðsson:*** Jeg get ekki neitað því, að jeg er undrandi yfir þeirri tilhneiging stjórnarliðsins hjer á Alþingi, að vilja draga ríkissjóð inn í þá áhættu, sem er samfara síldarútveginum: síldareinkasölu, síldarsöltun og síldarbræðslu. — Þá sýnist ekki vera nema eitt stig eftir til fullkomins ríkisrekstrar. — Það er talað um, að vel geti svo farið, að síldarverksmiðjuna skorti hráefni til að vinna úr. Jeg sje ekki annað en að þá geti rekið að því, að síðasta sporið verði stigið og ríkissjóður látinn gera út skip til síldveiða; þá er hann kominn svo langt inn á áhættubrautina sem unt er.

Hjer liggur fyrir till. frá hv. þm. V.-Ísf. og þm. Mýr. um að ríkissjóður leggi fram fje til verksmiðjunnar og að þeir útgerðarmenn, sem skifta við hana, geti orðið eigendur hennar, þegar a. m. k. helmingur þeirra hefir stofnað samvinnufjel. til þess að reka hana og óskar eftir kaupum á henni. Jeg hefði talið eðlilegt, að hjer væri farið líkt að eins og við landbúnaðinn. Þar er ekki um að ræða nein ríkisrekstrarfyrirtæki, heldur eru bændur studdir með lánum til þess að gera búsafurðir sínar sem best seljanlegar á erlendum markaði. Síldariðjufyrirtækin gætu alveg eins verið í höndum framleiðenda sjálfra. Fyrst komið er út á þessa braut, þá mun jeg styðja þessa till.

Hv. sessunautur minn, þm. V.-Húnv., talaði um, að í hjeruðum, þar sem jarðvegurinn er slæmur, væri ekki til

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

þessi samvinnuandi, sem stjórnar starfi samvinnufjelaganna. Sumstaðar eru alls engin samvinnufjelög, og þar af leiðandi enginn samvinnuandi.

Hv. þm. talaði um, að ef þar væru bygð verslunarhús á kostnað ríkissjóðs, þá gæti það komið sjer vel fyrir hjeraðsbúa að fá þau; en þá lítur út fyrir, að samvinnufjel. eigi ekki að fá styrk til slíkra húsa. Þetta þykir mjer undarlegt að heyra frá manni, sem þykist vera samvinnumaður.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Jeg vil vekja athygli hv. þm. V.-Húnv. á því, að hjer er ekki um það að ræða að skipa nokkrum manni eða þvinga til að vera í samvinnufjelagi. Heldur er aðeins verið að skapa heimild samkv. samvinnulögunum til þess að síldarútvegsmenn geti starfað á samvinnugrundvelli, ef þeir mynda samtök til þess. Jeg álít ekki ástæðu til að vera að ráðast á þá fyrir það. Annars vil jeg ekki fara að skamma hv. þm. eins og hann vann til, enda sje jeg hann ekki hjer í deildinni, því hann er sjálfur miklu betri maður heldur en mörg af þeim orðum, sem hann ljet falla, benda til.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Jeg skal ekki deila um rjett kapitalsins og rjett hinnar lifandi vinnu, en það er rjett, að verkamaður á oft hagsmuni undir afkomu atvinnurekanda. Hitt er og rjett, að yfirleitt þekkir atvinnurekandi betur atvinnureksturinn en verkamaðurinn, og er því bærari til að stjórna. Beggja hagsmunum er því best borgið með því að tryggja afskifti atvinnurekenda af stj. þessa fyrirtækis. Jeg vil ekki blanda mjer í orðaskifti þeirra hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. V.-Húnv., en jeg vil segja hv. þm. V.-Húnv. það, að við tveir þm. úr Íhaldsflokknum, sem fluttum frv. til laga um síldarsamlag á þinginu 1926, höfðum nægan kunnugleik á samvinnufjelagsskapnum til þess, að við vissum, að það var ekki reist á samvinnugrundvelli. En þekking hans á samvinnumálunum er það ljelegri en okkar andstæðinganna, sem erum taldir heiðingjar í þessum efnum, að hann vissi þetta ekki. **(HJ: Þá er hún ljeleg!).** Það er nú samt svo. Annars þótti mjer hv. þm. miklu hógværari í síðari ræðu sinni. Það er víst af því, að hann hefir verið til altaris undir hinum „heilaga úða" af vörum hv. þm. V.-Ísf. Jeg held, að hann hefði gott af að vera sem oftast við slíka altarisgöngu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 309, 567, 580, 581, 586).

ATKVGR.

Brtt. 567,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 567,2.a samþ. með 22 shlj. atkv.
— 567,2.b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 567,2.c samþ. með 23 shlj. atkv.
— 580,I tekin aftur.
— 586,I samþ. með 15:6 atkv.
— 581,1 tekin aftur.
— 581,2 feld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÓTh, PO, SE, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ.

**nei:** SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt,

GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT.

BSv greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (BÁ, EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 567,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 580,II tekin aftur.

— 586,II samþ. með 16:5 atkv.

— 586,III samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, ÁÁ, GunnS, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, BSv.

nei: MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, HJ, HG, HV, JörB.

BSt, IngB greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BÁ, EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 580,III tekin aftur.

— 586,IV samþ. með 17:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv. og endursent Ed.

---

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 596).

Á 68. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Jeg vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki mál þetta út af dagskrá að þessu sinni. Það er hvorttveggja, að n. hefir ekki haft tækifæri til að athuga þær breyt., sem hv. Nd. hefir gert á frv., og ekki heldur til að bera þær undir viðkomandi ráðh.

**Forseti (GÓ):** Jeg skal verða við tilmælum hv. þm. og tek málið út af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 596).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):*** Frv. þetta er nú komið hingað aftur frá hv. Nd., sem hefir gert á því þannig lagaðar breyt., að meiri hl. sjútvn. getur ekki gengið að þeim.

Aðalbreyt., sem hv. Nd. hefir gert, er fólgin í 9. gr., þar sem heimilað er að selja verksmiðjuna samvinnufjelagi útvegsmanna, ef það myndast. Við þetta er í sjálfu sjer ekkert að athuga, enda er heimild til þessa í lögum frá síðasta þingi og ætti þetta því ekki að spilla málinu, ef ekki væri gengið nokkuð á annan veg frá þessu en gert var á síðasta þingi.

Eins og mönnum er kunnugt, er gert ráð fyrir, að Siglufjörður leggi fram fje til verksmiðjunnar að nokkru leyti á móti ríkissjóði, og er um þetta orðið samkomulag milli ríkisstj. og bæjarstj. Siglufjarðar. Mjer finst því, að svo hljóti að verða litið á, að Siglufj. verði meðeigandi í fyrirtækinu, og finst mjög athugavert, að sala skuli fara fram að þessum aðila fornspurðum.

Auk þess vil jeg taka fram, að það er ekki víst nema bæjarstj. Siglufjarðar líti svo á, að með þessu sjeu rofnir samningar við sig, og má þetta þá verða til þess, að hún dragi til baka sitt framlag. En fari svo, er hjer um bil útilokað, að verksmiðjan verði reist á Siglufirði, en þar mælir flest með að hún eigi að vera. Jeg tel, að með þessu geti málinu verið stefnt í voða, og vænti jeg þó, að það sje ekki meiningin.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Ef tilgangurinn með þessari breyt. var aðeins sá, að samvinnufjelagsskapur — ef hann myndast — gæti átt rjett til að yfirtaka þetta fyrirtæki, þá sje jeg ekki annað en að honum hefði eins orðið náð, þótt brtt. okkar meiri hl. sjútvn. yrði samþ. Við gerum ráð fyrir, að þetta sje heimilt, en viljum aðeins koma því inn í gr., að bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar verði að samþ. þessa breyt. Jeg held, að allir, sem vita, hvernig þetta mál er undirbúið, hljóti að viðurkenna, að með þessu mælir fylsta sanngirni. En ef þessi varnagli er ekki sleginn, getur sú hætta af stafað, að verksmiðjunni verði alls ekki komið á fót á Siglufirði, sem þó er eini staðurinn, þar sem nokkur undirbúningur hefir verið hafinn í þessa átt. En jeg hygg, að allir sjeu sammála um það, að fyrsta síldarbræðslustöðin, sem reist verður, eigi að koma á Siglufirði.

Jeg vil því mælast til, að hv. deild samþ. þessa brtt. okkar meiri hl. sjútvn., því að þótt sagt hafi verið, að breyt. á frv. nú geti orsakað það, að frv. gangi ekki fram, þá tel jeg ekki mikla ástæðu til að álykta svo. Því að ef það er tilfellið, eins og tekið hefir verið fram, að Nd. hafi með þessari breyt. sinni aðeins meint að tryggja það, að samvinnufjelag gæti yfirtekið fyrirtækið, þá næst það alveg eins með till. meiri hl. sjútvn., og ætti því Nd. ekki að verða neitt til fyrirstöðu að ganga að frv. eftir brevt. okkar.

Hinsvegar verð jeg að taka fram, að jeg lít svo á, að með því að afgr. þetta frv. eins og það nú liggur fyrir sjeu miklar líkur til, að settur sje fótur fyrir það, að verksmiðjan komist upp í náinni framtíð. Því að það er alveg áreiðanlegt, að snúist Siglufjarðarkaupstaður svo við þessu máli, að hann gangi frá að leggja sitt fram til verksmiðjunnar, er áreiðanlegt, að engin verksmiðja verður bygð á Siglufirði á þessu ári, og líklega ekki heldur á því næsta. Og það geri jeg ráð fyrir, að hafi ekki verið meining till.manna í Nd.

Jeg skal geta þess, að jeg tel vert að vitna í lög nr. 49, frá 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva, því að þetta frv. ber ekki með sjer, að það eigi að nema úr gildi nokkurn staf í þeim lögum, enda veit jeg, að n. mun ekki hafa ætlast til þess. Þess vegna álít jeg nauðsynlegt að vitna í þessi lög, að þau eru einu lögin um stofnun síldarbræðslustöðva. Þessi lög eiga aðeins að fjalla um rekstur síldarbræðslustöðva, og í sjálfu sjer er ekki margt í þeim, sem ekki væri hægt að koma að í reglugerð. Hygg jeg, að það mundu ekki vera nema aðeins tvö atriði, sem ekki kæmust í reglugerð. En þó svo færi, sem jeg alls ekki geri ráð fyrir, að þetta frv. gæti ekki orðið að l. að þessu sinni, þá tel jeg ekkert til fyrirstöðu, að síldarbræðslustöð sje reist á Siglufirði og rekin jafnvel strax að ári. Jeg álít, að það megi fyllilega byggja starfrækslu hennar á reglugerð, sem beinlínis er heimiluð með l. frá í fyrra. Svo að ef því er að skifta, að annaðhvort yrði þetta frv. að ganga fram óbreytt eða það yrði að falla, þá er jeg ekki í nokkrum vafa, að jeg vil heldur, að frv. falli. Með því er ekki fótur settur fyrir fyrirtækið

sjálft, en með frv. eins og það er nú er stór hætta á ferð, hætta, sem getur orðið því valdandi, að fyrirtækið komist ekki á stofn fyrst um sinn.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira, en vænti þess, að hv. deild greiði brtt. okkar meiri hl. sjútvn. atkv. og leggi það svo í vald hv. Nd., hvort hún vill ganga að þeim eða láta frv. falla. En jeg trúi ekki að óreyndu, að Nd. gangi ekki að frv. með þessari breyt., því að með henni er því marki náð, sem virðist hafa vakað fyrir þeirri hv. deild, þegar hún setti 9. gr. inn. En eins og frv. er nú er nálega hægt að segja, að ekki sje forsvaranlegt af Alþingi að láta það fara frá sjer.

**Halldór Steinsson:** Jeg hefi ekki getað fallist á þessa brtt., sem meiri hl. sjútvn. flytur við þetta frv. Við meðferð málsins í Nd. komst inn 9. gr. frv., sem jeg tel til mikilla bóta, þar sem ákveðið er, að ef síldveiðamenn myndi með sjer fjelagsskap, hafi þeir rjett til að taka að sjer þetta fyrirtæki til rekstrar. Þetta er að miklu leyti í samræmi við ákvæði í l. um síldarbræðslu frá síðasta ári. En hinsvegar miðar þessi brtt. n. í þá átt að gera ákvæði 9. gr. alveg að engu. Jeg álít, að hv. meiri hl. hefði eins getað lagt til, að 9. gr. skyldi falla burt, því að með ákvæði þessarar brtt. má telja víst, að þetta fyrirkomulag geti aldrei komist á. Skilyrðin eru þar svo þröng, að það er vart hugsanlegt, að þessi fjelagsskapur myndist. Fyrst er heimtað, að það skuli vera ⅔ hlutar þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, í staðinn fyrir helming; í öðru lagi, að Siglufjarðarkaupstaður skuli samþ. söluna, og í þriðja lagi, að farið verði eftir ákvæðum l. frá 1928, að málið, áður en það er endanlega útkljáð, sje lagt fyrir báðar deildir þingsins.

Jeg held, að mönnum dyljist ekki, að ef skilyrðin eru svona ströng, þá sje það alveg sama og þetta fyrirkomulag komist aldrei í framkvæmd. Og það sýnist mjer satt að segja hálfkátlegt — að jeg ekki segi algerlega óþarft —, að setja það ákvæði í einhver lög, að það megi breyta þeim með lögum. En í raun og veru felst ekkert annað í því ákvæði, að vísa til laganna um síldarbræðslu frá 1928. Vitanlega geta þing síðari tíma breytt þessum lögum sem öðrum, og er því óviðeigandi að taka það fram í frv.

Breyt. tel jeg svo varhugaverðar, að þær beinlínis geri að engu 9. gr. frv. Bæði vegna þessa og eins vegna hins, að jeg tel málinu beinlínis stefnt í voða með því að breyta frv. og senda til Nd., verð jeg að leggja á móti því, að brtt. verði samþ.

Hv. frsm. meiri hl. taldi 9. gr. einhvern voða fyrir frv. Jeg er á gagnstæðri skoðun, tel hana til stórra bóta, en að það verði til að fella frv., ef brtt. meiri hl. verða samþ.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):*** Jeg verð að segja örfá orð út af ræðu hv. þm. Snæf. Hann sagði, að brtt. okkar meirihl.manna gerðu þá heimild, sem í 9. gr. felst, að engu. Á hvern hátt? Á þann hátt, sagði hann, að skilyrðin eru þrengd svo, að þau eru algerlega óaðgengileg.

Það er rjett hjá honum, að brtt.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

okkar fela í sjer þrjú atriði. Í fyrsta lagi það, að í stað þess að 9. gr. segir, að ef minst helmingur þeirra manna, sem láta síld í verksmiðjuna, myndi með sjer fjelag, sem starfi á þar tilskilinn hátt, skuli heimilt að selja þeim verksmiðjuna, þá finst okkur óeðlilegt, að hinn helmingur viðskiftamannanna sje bundinn við að skifta við hana, og viljum hafa þetta hlutfall ⅔.

Þetta mun vera nálega eins dæmi, að helmingur geti skuldbundið annan helming. Við álítum varla vera forsvaranlegt að hafa hlutfallið minna en ⅔. Um þetta atriði má náttúrlega deila. Það getur verið, að nægði minni meiri hl. en þetta. En hitt er áreiðanlegt, að það er ekki venja að setja í nokkrar reglugerðir eða lög, að ekki þurfi meiri hl. til þess að skuldbinda hinn hlutann.

Í n. kom til tals og mundi hafa fengist samkomulag um það, að í stað ⅔ kæmi ⅗. En það náðist ekki samkomulag um brtt. að öðru leyti, og þá sáum við meirihl.menn ekki ástæðu til að fara þarna neitt neðar.

Jeg held, að allir hljóti að viðurkenna, að þetta ákvæði, sem við viljum breyta, sje alveg óviðeigandi í lögum.

Þá er hjer önnur brtt., sem jeg mintist á í fyrri ræðu minni, — að áskilja, að Siglufjarðarkaupstaður samþ. söluna. Jeg hefi áður fært rök fyrir henni, og hv. þm. Snæf. reyndi ekki með einu orði að andmæla þeim, enda hygg jeg torvelt að verja það, að þarna er rjettur Siglufjarðar fyrir borð borinn, sem haft getur þá afleiðingu, sem jeg hefi margtekið fram, að ekkert verði úr byggingu verksmiðjunnar. Jeg fer að líta svo á, að það, sem vakir fyrir þeim, sem leggja kapp á að spyrna á móti því, að þetta ákvæði komist inn í lögin, sje eitthvað annað en að tryggja það, að heimilt sje að selja síldarbræðslustöðina, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Hv. þm. Snæf. kvað það ekki venju að setja í lög, að þeim mætti breyta með öðrum l. Hjer er alls ekki um það að ræða, því að l. frá í fyrra segja aðeins það, að ef úr sölunni eigi að verða, þurfi samþykki Alþingis. Og þetta ákvæði er ætlast til að standi óbreytt í l. Því að það er ekki neinstaðar í þessu frv. minst á það, að neitt sje numið úr gildi af l. um síldarbræðsluverksmiðjur frá í fyrra. Þess vegna er það sjálfsagður hlutur að taka þetta upp í lögin nú, nema því aðeins, að þetta sje gert að yfirlögðu ráði og að engin l. upphefji eldri l. Ef þetta er tilfellið, þá er best að koma með það, en vera ekki að fara í neina launkofa. Mjer er ekki alveg grunlaust um, að þetta hafi verið meiningin, — að reyna að koma þessu þegjandi og hljóðalaust fram og nema ákvæðið úr gildi á þann hátt. Viðkunnanlegra væri, ef gengið væri hreinna til verks og málið sett í strand, heldur en þessar krókaleiðir. Því hefir ekki verið mótmælt, að afleiðing breytingarinnar á frv. geti orðið sú, að verksmiðjan kæmist ekki upp, og ef þinginu er sama um það, er betra að ganga hreinna að verki gagnvart þessu frv. En þótt nú frv. dagaði uppi, er jeg í engum efa, að til er næg heimild til að byggja og reka slíka verksmiðju, og þarf ekki annað en reglugerð til. Í þessum l. eru þó tvö mikils-

verð atriði, sem ekki verður komið fyrir í reglugerð. Annað er, að verksmiðjan sje undanþegin útsvari, en hitt um skyldu verksmiðjunnar til þess að selja samvinnufjelagi eða öðru fjelagi nokkurn hluta framleiðslunnar. Þetta er alt og sumt.

Annars er ekki vert að deila um þetta. Þegar í l. frá í fyrra er heimild til að selja verksmiðjuna slíku samvinnufyrirtæki, sem nefnt er í l., þá er auðsjeð, að tilgangurinn er einhver annar með því að fá þessa heimild inn í þessi l. heldur en sá, að tryggja það, að slíkt atvinnufjelag geti fengið fyrirtækið keypt. Jeg hefði ósköp vel skilið þessa baráttu, ef í l. frá í fyrra hefði ekki verið til nein heimild fyrir sölunni. En munurinn á þessu ákvæði l. í fyrra og í frv. nú er í sjálfu sjer enginn annar en sá, að nú er tekið skýrt fram, að það má selja fyrirtækið án þess að fá samþykki Siglufjarðarkaupstaðar, sem verður meðeigandi fyrirtækisins, — og svo hitt, að skilyrði 9. gr. upphefja fyrirmæli 2. gr. l. frá 7. maí 1928. Ennfremur þarf ekki að bera þetta undir Alþingi. En það hefir ekki komið fram undir umr., að þetta væri meiningin, en það lítur út fyrir, að það hafi átt með lítilli fyrir höfn að gera ónýta aðalgreinina í l. frá 1928. En það hefði þá átt að ganga hreint til verks.

Jeg verð að segja, að hingað til hefir í ýmsum tilfellum verið talið mjög sæmilega viðeigandi að leggja slíkt úrskurðarvald í hendur Alþingis sem sölu þessa fyrirtækis. Álít jeg í fyrra mjög sæmilega frá þessu gengið, þar sem Alþingi hefir áskilið sjer rjett til þess að leggja síðustu hönd á afgreiðslu þessa máls, hvort selja skuli fyrirtækið eða ekki. Og jeg sje enga ástæðu til, að það afsali sjer þeim rjetti. En það er tvímælalaust gert, ef það er meiningin, að 9. gr. upphefji 2. gr. l. frá 1928.

**Forseti (GÓ):** Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 640, sem jeg mun leita afbrigða fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Jónsson:** Jeg verð að játa, að jeg er illa að mjer í öllum þessum síldarmálum, og skal jeg þess vegna ekki vera mjög fjölorður. Jeg get að sjálfsögðu fallist á það, að ef stofnað verður samvinnufjelag samkvæmt samvinnulögunum, þá sje ekki ástæða fyrir þingið að amast við, að það taki verksmiðjuna. Annars hefi jeg ekki mikla trú á, að þetta verði gert. Mjer finst hugarfar útgerðarmanna eða þeirra, sem síldarútveg stunda, ekki slíkt gagnvart samvinnufjelagsskap, að þeir myndu leggja í þetta, en þó er það ekki útilokað.

Mjer finst það rjett, sem meiri hl. sjútvn. heldur fram, að hjer eigi að eiga atkv. um allir þeir, sem síld hafa til sölu, sem þeir afhenda verksmiðjunni. Þar með hljóta að vera hásetar, svo framarlega sem þeir eru ráðnir upp á hlut. Það er ekki nema rjettlátt, að þeir komi til greina. Hinsvegar er mjer ómögulegt að fallast á, að bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar eigi að hafa atkv. um þetta. Mjer virðist henni nógu hátt gert undir

höfði, ef síldarbræðslustöðin er reist þar á staðnum. Það hlýtur að skifta bæinn svo miklu, þó að hann fái ekki að ráða, hvort ríkisstj., sem rekur verksmiðjuna. (EF: En hann er meðeigandi í fyrirtækinu). Þó að hann sje meðeigandi í fyrirtækinu, þá geri jeg ráð fyrir því á þeim grundvelli, að Siglufjörður — eins og aðrir meðeigendur verksmiðjunnar — fái sitt upp borið. En jeg sje ekki neina rjettmæta ástæðu til, að hann geti ráðið öllu um, hvort samvinnufjelag taki við verksmiðjunni eða ekki.

Jeg leyfi mjer að bera fram skriflega brtt. um það að strika þessi orð út úr till., en að öðru leyti býst jeg við að geta samþ. hana.

**Jón Þorláksson:** Mjer er vel skemt þegar jeg heyri hv. 2. þm S.-M. deila á þetta stjfrv., og sjerstaklega er mjer skemt þegar jeg heyri hann ganga berserksgang á móti 9. gr. frv., sem er þó sett inn í stjfrv. samkv. tilmælum flokksbræðra hans í hv. Nd. Í þeirri baráttu kemur í ljós hið gamla stríð milli holdsins og andans í þeim enda Framsóknarflokksins er að jafnaðarmönnum snýr. Annarsvegar er kærleikurinn til ríkisrekstrarins, sem þar úti í endanum er mjög heitur, hinsvegar játningin undir samvinnustefnuna, sem hjá þeim er ekki orðið annað en yfirskin. En alt það, sem hjer er farið fram á, er það, að stj. sú, er nú situr, fái heimild til þess að selja samvinnufjelagi verksmiðjuna. En það, sem virðist valda reiði hv. 2. þm. S.-M., er einmitt það, að landsstj. skuli vera trúað fyrir því að selja hana án þess að hún þurfi að koma til þingsins og spyrja það um leyfi. Því það er rjett skilið, að með 9. gr. er gerð sú breyt. frá því, sem var í lögunum frá í fyrra, að þessi heimild er fengin stj. á þann hátt, sem venjulegt er. En löggjöfin frá í fyrra gerir stj. að því leyti minna markverða en venjulegt er um aðra, að henni er að vísu gefin heimild til þess að selja, en þó ekki nema því aðeins, að þingið samþ. það fyrir sitt leyti. Jeg hefi því hina mestu skemtun af þessu, en hefi hinsvegar látið þetta frv. afskiftalaust. Stjfrv. fól upphaflega ekki neitt það í sjer, er jeg taldi vert að hlynna að, en hinsvegar voru á því auðsæir gallar, sem mjer var ósárt um, að fengju að reyna sig. Þessir gallar hafa ákaflega lítið verið leiðrjettir ennþá.

Hvað snertir 4. gr. frv., álít jeg það næstum því skoplegt, hversu miklar fjárkvaðir eru lagðar þar á þá vesalings menn, er láta síld í þessa verksmiðju. Þeir eiga að greiða í afborgun af stofnkostnaði 5%, fyrir fyrningu og rýrnun 5% og í varasjóð 5%. Alt þetta á að borga með 5% árlega af verði verksmiðjunnar. En ef þetta fyrirtæki verður rekið á venjulegum fjárhagsgrundvelli, hljóta menn að sjá, að sömu peningarnir fara í alt þetta þrent. En svo á að greiða þetta þrisvar sinnum á ári, eða alls árlega 15% af verði verksmiðjunnar, fyrir utan alla vexti, viðhald og rekstrarkostnað. Þetta gæti ekki verið hagstæðara fyrir hinar verksmiðjurnar, þó þær hefðu allar samið það í sameiningu með það eitt fyrir augum að tryggja sjálfum sjer öll viðskiftin.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, er mjer ósárt um það, hvað um þetta frv. verður. En mjer finst, að hv. frsm. meiri hl. ætti síst að hafa ástæðu til

þess að verða grimdarfullur, þó stj. fái rýmri heimild samkv. 9. gr. en hún hefir nú.

Það er ástæða til þess að leiðrjetta það, er hv. frsm. meiri hl. sagði, að helmingur þeirra, er skiftu við verksmiðjuna, gæti þvingað hana til þess að ganga í fjelagsskapinn. Þetta er ekki rjett. Frv. gefur aðeins heimild til þess að selja helmingi þeirra, er við verksmiðjuna skifta. Það er svo á þeirra ábyrgð, hvort þeir geta skaffað hennì nóg verkefni. En fyrirtækið verður þá þess eðlis, sem önnur samvinnufjelög, að þeir, er skifta við það, verða að ganga í það. Hitt er alger misskilningur, að það sje á nokkurn hátt verið að neyða menn til þess að ganga í fjelagsskapinn. (IP: Það stendur þó skýrt í greininni). Jeg held, að hv. þm. verði að lesa þetta betur. (IP: Vill hv. 3. landsk. lesa gr. upphátt?) Jeg get það, ef þm. vill, en það er óþarfi, því hv. þdm. hafa frv. fyrir framan sig. En greinin segir það, að er samvinnufjelag hefir eignast verksmiðjuna, þá sjeu allir þeir, er við hana skifta, skyldir til þess að vera með í fjelagsskapnum. En það stendur hvergi, að það skuli vera þeir sömu, er áður skiftu við hana. (IP: Hvert eiga þeir þá að fara?) Þeir geta farið til hinna verksmiðjanna, því þeir eru alls ekki skyldir til að skifta við þessa. Þarna er ekki um sama að ræða eins og t. d. í vatnafjelögunum, þar sem viss fjöldi manna getur þvingað aðra til þess að vera með. En hjer er ekki um neina þvingun að ræða. Öllum er það frjálst, hvort þeir vilja fara eða vera með.

**Forseti (GÓ):** Mjer hefir borist skrifl. brtt. við brtt. 640, svo hljóðandi: Orðin „og bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar samþykki söluna fyrir sitt leyti“ falli burt.

Til þess að till. þessi megi koma til umr. og atkv. verður að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 658) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Erlingur Friðjónsson:** Það lætur að líkum, að meiri hl. sjútvn., er flytur brtt. við frv., vilji taka til greina aðstöðu Siglufjarðar, sem samkv. lögum á að verða meðeigandi í því fyrirtæki, sem hjer er um að ræða. Vil jeg benda á, að í 6. gr. frv. er þetta skýrt tekið fram. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta, eftir því sem um semst við ríkisstjórnina“.

Nú er það kunnugt, að Siglufjörður kemur til með að leggja 200 þús. kr. í fyrirtækið og verður þannig meðeigandi að ⅕ eða ¼ hluta í verksmiðjunni. Er því ekki nema eðlilegt, að Siglufjörður vilji ráða nokkru um það, hvort fyrirtækið verður selt strax eða ekki. Þar sem þegar er gert út um það, að verksmiðjan skuli standa á Siglufirði, verður og að tryggja honum rjett til afskifta af sölu, er fram kynni að fara. Að öðrum kosti verður ríkið að taka það á sig að greiða Siglufirði nú þegar þær 200 þús. kr., er þeir leggja í fyrirtækið í lóðum og öðru, ef það vill selja verksmiðjuna.

Þess vegna er það sjálfsagt, að Siglufjörður hafi aðstöðu til þess að ráða nokkru um það, hvort verksmiðjan er seld. Það virðist heldur ekki á nokkurn hátt geta orðið háskalegt, því ef samvinnufjelag yrði stofnað til þess að kaupa verksmiðjuna, munu það að mestu leyti verða Siglfirðingar. Er það aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi verða þeir aðalviðskiftamenn verksmiðjunnar, og í öðru lagi af því, að þeir eru búsettir á staðnum, þar sem fyrirtækið er starfrækt, og hljóta því að hafa meiri áhrif á þessi mál heldur en aðrir viðskiftamenn verksmiðjunnar, sem dreifðir eru út um alt land, og eru þess vegna ekki heldur eins fastir viðskiftavinir og hinir, er búsettir eru rjett hjá henni. Er af þessum orsökum heldur ólíklegt, að árekstur verði milli samvinnufjelagsins og Siglfirðinga og hindri það, að salan nái fram að ganga, ef til kemur. Það er því engin ástæða fyrir þá væntanlegu samvinnumenn að óttast það, þó það ákvæði verði sett í frv., að Siglufjörður skuli hafa íhlutunarrjett hvað söluna snertir.

Jeg mundi ekki leggja svona mikið kapp á þetta atriði, ef ekki væri búið að ganga svo frá því, að Siglufjörður skyldi vera meðeigandi í verksmiðjunni. Veit jeg það, að það er hv. 6. landsk. ljóst, enda þótt hann hafi flutt brtt. við brtt. á þskj. 640, að þó Siglufjörður eigi ekki nema ¼ í verksmiðjunni, þá hlýtur hann að hafa rjett til íhlutunar um sölu þess hluta.

Hv. þm. Snæf. undraðist það, að jeg skyldi vilja halda óbreyttu því ákvæði, er var í lögunum frá í fyrra, þar sem þinginu er trygður rjettur til þess að ráða því, hvort verksmiðjan er seld eða ekki. En mjer er spurn: Hvers vegna má ekki láta komandi þing ráða því? Á að láta stj. ráða því, hvort selt er slíkt miljónafyrirtæki, sem hjer er um að ræða, án þess að þingið fái að ráða nokkru um það? Annars er það nú ekki aðalatriði 2. gr. í l. frá í fyrra, heldur það, að ef slíkur samvinnufjelagsskapur æskir að kaupa, þá setji hann þær tryggingar, er ríkisstj. metur gildar. En ef það á að upphefja þessa 2. gr. l. frá í fyrra, þá er sjálfsagt að setja í þetta frv. ákvæði, er skyldi hlutaðeigandi kaupendur til þess að setja tryggingar, er ríkisstj. tekur gildar.

Hv. 3. landsk., sem hefir þann sið að hlaupa út úr deildinni, ef hann á von á því, að honum sje svarað, talaði um það, að samkv. 4. gr. frv. væru viðskiftamönnunum settir svo þröngir kostir, að enginn mundi vilja skifta við verksmiðjuna, heldur mundu þeir allir fara til hinna verksmiðjanna. Þeir geta talað fagurlega fyrir hönd síldarverksmiðjanna, sem þekkja þær jafnvel og hv. 3. landsk. En jeg býst við því, að sumir aðrir hafi aðra sögu að segja af verksmiðjunum, sem nú eru starfræktar hjer á landi, en það, að ástæða sje að óttast samkepni frá þeim. Nýlega hefir frjetst, að þær ætli að gefa 5—6 kr. fyrir síldarmálið í sumar, en í fyrra gáfu þær þó 7.50—8 kr., og græddu þó stórfje. T. d. var gróði Krossanesverksm. 170 þúsund kr. Ef miðað er við það, að sama eða svipuð umsetning verði hjá verksmiðju ríkisins, þá þarf ekki reikningsglöggan mann til þess að sjá, að ekki er hætt við því, að kosti viðskiftamann-

anna verði þröngvað, þó hún leggi svo sem 50 þús. kr. í varasjóð til tryggingar.

Það er fjarri því, að jeg sje móttfallinn því, að samvinnufjelag með heilbrigðum hugsunarhætti taki í sínar hendur þessa verksmiðju, sem ríkið er að koma upp til hjálpar útgerðarmönnum og öðrum, sem þennan atvinnuveg stunda. En jeg er á móti því, að henni sje kastað í hendur þeirra manna, er ár eftir ár hafa verið að burðast við það, árangurslaust þó, að stofna fjelagsskap til þess að selja afurðir sínar og ekki getað komið þeim fjelagsskap á. Það eru varla nema hálfgerðir fábjánar, er hugsa sjer slíkt. Segi jeg þetta til hv. 3. landsk., sem nú er kominn hjer í deildina, en sem virðist hafa mikla trú á fjelagsskap þessara manna.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):*** Það gleður mig, ef jeg hefi nú getað orðið til þess að gleðja hinn gamla sveitunga minn, hv. 3. landsk. Það verða svo margir og svo margt til þess að hryggja hann, að jeg vil ekki verða til þess að bæta þar neinu við.

Það vill nú svo vel til, að hv. þm. Ak. hefir tekið af mjer ómakið að svara því, er svara þurfti, svo jeg þarf hjer ekki að segja nema örfá orð. Jeg skal aðeins taka það fram, að hv. 3. landsk. fór eins og köttur í kringum heitt soð, er hann talaði um það, hvort rjett væri að útiloka Siglufjörð frá íhlutun um sölu verksmiðjunnar, ef til kæmi. Annars ætla jeg ekki að fara út í það, er hv. 3. landsk. sagði almennt um frv. Það hefir áður verið tækifæri til þess, svo það er óþarfi að lengja nú umr. með því. Það, sem hjer er nú deilt um, er brtt. þær, er fyrir liggja, og breyt. sú, er gerð var á frv. í hv. Nd.

Því hefir verið haldið fram, og það með rjettu, að framlag Siglufjarðar til verksmiðjunnar verði um 200 þús. kr. En ef samningar haldast milli ríkisins og Siglufjarðar, þó frv. þetta verði að lögum með 9. gr. óbreyttri, þá geri jeg ráð fyrir því, að þegar að sölu kemur, þá hafi Siglufjörður rjett til þess að heimta greiðslu á sínum hluta úr ríkissjóði, en ekki af þeim, sem þá kunna að kaupa. En þá er jeg ekki viss um, að Siglufjörður geri sig ánægðan með að fá 200 þús. kr., því þótt hann væri ánægður með það nú, að fá 200 þús. fyrir það, er hann leggur verksmiðjunni til, þá hygg jeg, að enginn þori að fullyrða, að örugt sje, að hið sama verði uppi á teningnum, er til sölu kemur. En þá er tvent til: 1. Að ríkisstj. segi við Siglufjörð: Við kaupum þinn hluta af verksmiðjunni. — Verður þá ríkið að greiða það, sem Siglufjörður heimtar. En jeg býst við, að þessi samvinnufjelagsskapur verði svipaður öðrum að því leyti, að ekki verður hægt að taka allan rjett af Siglufirði um hlutdeild í því, hverjum verður selt. En jeg býst ekki við, að til þessa komi. Því verði 9. gr. samþ. óbreytt, þá verður það til þess, að Siglufjörður dregur sig til baka og neitar að láta af hendi nauðsynlegt land undir verksmiðjuna. Nú er ekki hægt að setja hana annarsstaðar, og væri það þá sama og að slá málinu á frest.

Jeg held, að Siglufjörður sje enn eini staðurinn, þar sem undirbúningur

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

er undir slíka verksmiðju. Jeg get þó nefnt aðra staði jafnlíklega, t. d. Hrísey, Svalbarðseyri og Hjalteyri, en þar er alt óundirbúið. Jeg held því, að ekki sje neinum blöðum um það að fletta, að afleiðingin verði sú, að verksmiðjurnar komist ekki upp. Þetta nægir til að sýna fram á, að jeg get ekki samþ. brtt. hv. 6. landsk.

**Halldór Steinsson:** Hv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að með því að vera á móti brtt. væri minni hl. að fara krókaleiðir í þessu máli. Jeg vil ekki viðurkenna, að svo sje. Með 9. gr. er auðvitað farið fram á, að þau ákvæði falli burt, sem standa í l. frá í fyrra. Jeg tók skýrt fram, að mjer fyndist óeðlilegt að setja í lögin, að næsta þing ætti að breyta þessu. Ef það þing, sem situr, þegar þetta kemur til framkvæmda, er á móti því fyrirkomulagi, getur það bara breytt lögunum.

Hv. þm. Ak. virtist ekki leggja eins mikla áherslu á það nú og áður, að Siglufjarðarkaupstaður hefði ekki atkvæðisrjett um söluna. Hann sagði, að ekki væri hætta á öðru en að greiðlega gengi að fá samþykki Siglufjarðarkaupstaðar. En ef svo er, af hverju er hv. þm. þá svo mikið kappsmál að fá þetta ákvæði inn í lögin? Mjer finst það bera vott um, að hann sje hræddur um, að Siglufjörður muni þá ekki samþykkja söluna. Hann sagði, að bæjarstj. Siglufjarðar yrði að hafa hlutfallslegan rjett við ríkissjóð um sölu á verksmiðjunni. Hv. þm. var ekki svona sanngjarn, þegar um það var að ræða, hvort útgerðarmenn fengju hlutfallslegan rjett í stj. fjelagsins. En nú á Siglufjörður, sem á bara að eiga ¼ eða ⅕ af fyrirtækinu, endilega að hafa hlutfallslegan rjett til að ráða um söluna. Ef þetta er ekki ósamræmi, þá veit jeg ekki, hvað ósamræmi er.

Hv. þm. var ekki lítið grobbinn, þegar hann var að tala um, að hv. 3. landsk. væri vanur að hlaupa af fundi, ef hann byggist við, að honum yrði svarað. Hv. þm. heldur, að hv. 3. landsk. þori ekki að heyra rök hans. En þeir, sem þekkja báða þessa þm., munu ekki vera í vafa um, að hv. 3. landsk. muni hafa í fullu trje við þm. Ak. og vera alls óhræddur við hann.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Mjer skildist á hv. 3. landsk., að honum þykja undarlegt, að við samvinnumenn hefðum ekki altaf verið því fylgjandi, að þetta fyrirtæki á Siglufirði væri einskonar kaupfjelag. Jeg skal gefa hv. 3. landsk. fulla skýringu á þessu, og þætti mjer vænt um, að hann reyndi að afsanna það, sem jeg segi.

Við samvinnumenn vitum, að samvinnan hefir leyst sum verkefni vel, en önnur ekki til fulls. Samvinnufjelögin eru nú í miklum blóma. Þau hafa annast verslun landbúnaðarins að miklu leyti, en hafa ekki ennþá getað náð neitt verulega til sjávarhjeraða, og síst til útvegsins. Það er eins og útvegsmenn, og að nokkru leyti verkamenn, álíti ekki, að samvinna geti leyst þeirra málefni. Samt er ekki um neina andúð að ræða frá sjómönnum. Þeir hafa ekkert gert, sem sýni, að þeir sjeu í framtíðinni ómóttækilegir fyrir þetta form á verslun og viðskiftum. Alt öðru máli er að

gegna um útvegsmenn, en þeir mundu einmitt aðallega skifta við bræðsluverksmiðjuna. Það er ekki til eitt einasta dæmi þess um einn einasta mann í þeirri stjett, að hann hafi unnið sem samvinnumaður. Flestir hafa þeir gert samvinnumönnum alla þá skömm og skapraun, sem þeir hafa getað, þó að aðrir hafi vitanlega verið hlutlausir. Þeir hafa haldið úti einum 15 blöðum, sem með rógi og níði hafa reynt að ófrægja samvinnustefnuna og alla hennar starfsemi fyr og síðar. Það verður því að skoðast sem mjög fjarlægt framtíðaratriði, að menn með þennan hugsunarhátt myndi samvinnufjelag. Það er sjálfsagt að ganga svo frá í frv., að ekki sje hægt að kasta fyrirtækinu í spekúlanta, sem hlaupa saman í fjelag og nefna samvinnufjelag. Það má segja, að vakað hafi fyrir tveim hv. framsóknarþm. í Nd. svo fjarlægt takmark sem trúboðar stefna að. Þeir vona, að sá tími renni upp, þegar allir negrar í heimi verði vel kristnir menn og skilji kristindóminn út í æsar. Á því byggja þeir sína starfsemi, og jeg þykist vita, að það sje samskonar hugsjón, sem vakir fyrir hv. flm. till. í Nd. Mjer skilst á blaði hv. 3. landsk., að það geri gys að þeim samvinnumönnum í Nd., sem höfðu slíka bjartsýni. Það er óviðeigandi, því till. sýnir einmitt trú á málstað okkar samvinnumanna. En jeg óska þess, að ef hv. 3. landsk. vill ræða þetta atriði til þrautar, þá komi fram hjá honum, af hverju hann álítur, að samvinna eigi að koma hjer til greina, úr því að hann og hans flokkur berst á móti samvinnu.

Til að gera enn ljósari mína skoðun, vil jeg bæta því við, að alveg eins og þjóðirnar hafa hallast að því, að t. d. póstur, sími, járnbrautir og skólar eigi að vera ríkisfyrirtæki, af því að allir stjórnmálaflokkar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að þetta verði svo að vera, vil jeg nú, að þetta fyrirtæki verði rekið undir eftirliti ríkisvaldsins, en á ábyrgð framleiðenda og verkamanna.

Eins og jeg hefi áður sagt, hygg jeg, að fyrir flm. till. í Nd. vaki þessi ótrúlega bjartsýni, sem jeg hefi lýst, en fyrir íhaldsmönnum vakir það, að nota sjer þessa bjartsýni til þess að geta klófest fyrirtækið og gert það að spekúlantafyrirtæki. Þess vegna verður annaðhvort að ganga svo frá till., að flm. fái þær tryggingar, að bjartsýni þeirra verði ekki misnotuð, eða að þetta mál verður að bíða eitt ár enn.

**Erlingur Friðjónsson:** Hv. þm. Snæf. var að tala um ósamræmi og ósanngirni hjá mjer út af því, sem jeg sagði um aðstöðu útgerðarmanna til að eiga mann í stj. síldarbræðsluverksmiðjunnar. Það er alt öðru máli að gegna um þá, sem eiga viðskifti við fyrirtækið, en þann aðilja, sem á fyrirtækið. Fyrirtækinu á að stjórna svo, að þeir, sem skifta við það, fái allan hagnað af viðskiftunum. Aðeins á að draga frá rekstrarkostnað og lítið eitt, sem legst í sjóð. Ef hægt hefði verið að koma því við, að útgerðarmenn ættu einn mann í stj., gat jeg verið með því. En jeg get ekki fallist á að taka mann úr stj. einkasölunnar, því henni er það nauðsynlegt að eiga hlutdeild í stj. verksmiðjunnar. Einkasalan er einnig erindreki sömu viðskiftamanna, sem hv. þm. Snæf. bar fyrir brjósti, þegar hann vildi skifta.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði verið að grobba, þegar jeg mintist á, að hv. 3. landsk. gengi út úr deildinni, þegar hann byggist við, að honum yrði svarað, en reyndi ekki að bera af hv. 3. landsk., að hann gerði þetta. Jeg verð að segja, að það er grobb hjá hv. þm. Snæf. að vera að bera hönd fyrir höfuð hv. 3. landsk., því að með því telur hann sig færari en hv. 3. landsk. að svara. En jeg ber ekki þá menn saman að dugnaði og þingmenskuhæfileikum. Hv. þm. Snæf. getur tæpast talist meðalskussi, en hv. 3. landsk. er þó góður meðalmaður.

**Jón Þorláksson:** Það stóð svo á, að jeg þurfti að skreppa út úr deildinni til að fá mjer svaladrykk, og þar sem þetta frv. er stjfrv. og sú litla brevt., sem á því er orðin, er flutt af hálfu stjórnarflokksins, taldi jeg mjer ekki skylt að leggja neitt til málanna að svo stöddu. En þó að hv. þm. hafi kastað einhverjum hnútum til mín, svara jeg því ekki, nema að því leyti sem mjer sjálfum hentar hverju sinni á fundum nje í blöðum. Það er ekki af hugleysi, heldur af því, að mjer finst slík hnútuköst vera hæfilegt verkefni fyrir andstæðinga mína, en jeg lít svo stórt á mig, að mjer finst það einatt of lítilmótlegt fyrir mig. Út af því, sem hv. þm. Ak. sagði um hv. þm. Snæf., get jeg sagt það, að mjer finst, að hv. þm. Ak. ætti að fullkomna nám sitt í algengustu barnaskólanámsgreinum eins og t. d. lestri, áður en hann gerir sig að dómara um þingmenskuhæfileika hv. þm. Snæf. (FF: Vill þá ekki hv. 3. landsk. læra reikning um leið og jeg lærj lesturinn?).

Hæstv. ráðh. var að böglast við að skýra, af hverju hann bæri heitari ást til ríkisrekstrar en samvinnu, og það er náttúrlega góðra gjalda vert. En mjer lá við að vorkenna hæstv. ráðh., þegar hann líkti samvinnumönnum við trúboða, en okkur hinum við negra, sem vonlaust væri fyrir trúboðana að geta snúið til rjettrar trúar. Annars var það einskonar 1000-ára-ríki, sem hæstv. ráðh. var að boða. Eftir 1000 ár yrðu kannske menn í þessu landi, sem reynandi væri að boða samvinnustefnu. Jeg veit ekki, hvernig jeg á að taka þetta. Hæstv. ráðh. hefir lýst yfir því áður, að hann teldi síldarútvegsmenn ófæra til að taka við jafnháleitri kenningu og samvinnukenningunni. En á síðasta þingi sat við hlið hæstv. ráðh. síldarútgerðarmaður, sem var samvinnumaður hans í stj. landsins, Magnús sál. Kristjánsson fimrh. Jeg rifja þetta upp til að sýna, að til eru góðar undantekningar, líka á meðal útvegsmanna.

Hæstv. ráðh. spurði, af hverju jeg væri nú með samvinnu. Jeg hefi gert grein fyrir því áður. Jeg álít fjárhagsafkomu fyrirtækisins best tryggða með því móti, og ekki vel tryggða með neinu öðru móti. Það veltur fyrst og fremst á því, að þeir, sem við verksmiðjuna skifta í góðum árum og meðalárum, hlaupi ekki á burt í vondum árum en af þeir eru sjálfir eigendur fyrirtækisins falla hagsmunir hess og heirra saman.

Fyrir utan hetta eru allar hær sömu ástæður, sem gera það eðlilegt að hetta sje rekið sem samvinnufyrirtæki, eins og ólátrun á sauðfje hænda er rekin af samvinnufjel. heirra sjálfra. Þær ástæður veit jeg, að hæstv. dómsmrh. skilur, og þær eiga allar við

þennan atvinnurekstur síldarútvegsmanna.

Hitt er beinlínis hugarburður hæstv. dómsmrh., að jeg sje á móti samvinnufjelagsskap. Jeg er með hverri þeirri tilhögun, sem getur hjálpað einstaklingunum til þess að ná betri efnalegri afkomu. Einstaklingsframtakið er alstaðar gagnlegt, en sumu er þó auðveldara að koma í kring með fjelagsframkvæmdum. Samvinnutilhögunin er oft hentugust fyrir fjelagsframkvæmdir landbúnaðarins; á ýmsum öðrum sviðum er hlutafjelagsfyrirkomulagið heppilegra. Jeg get felt mig við það, sem við á í hverri grein, þar á meðal samvinnuskipulagið. Mjer er þetta alt saman jafnkært, ef mönnum er frjálst að beita því, sem við á.

Jeg kannast heldur ekki við það fyrir hönd þess flokks, sem jeg telst til, að hann sje á móti samvinnuskipulaginu, þar sem það á við fremur en annað snið á atvinnurekstrinum. En það er ekki mitt hlutverk að boða hæstv. dómsmrh. þá samvinnutrú, sem hann er nú á góðum vegi með að ganga frá. Hann segir, að samvinnufjelagsskapurinn hafi ekki þrifist meðal útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna. (**Dómsmrh.**: Jeg nefndi ekki verkamenn). Jæja, látum þá leiðrjettingu hans standa. En hvað segir hann þá um samvinnufjelag Ísfirðinga? Mjer er sagt, að það fjelag blómgist. Það gæti farið eins um síldarútveginn, ef samvinnumenn lofuðu síldarútvegsmönnum að koma í kirkju til sín og reyna samvinnuskipulagið.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson)**: Hv. 3. landsk. komst ekki vel frá að skýra það, hversu eðlilegt það væri, að síldarspekúlantar sjeu gerðir að samvinnumönnum. Ef hann hefði komist vel frá því að sýna, að á meðal þeirra væri einhver áhugi í þá átt, þá er undarlegt, að hann skuli ekki hafa látið þá útbúa það skipulag sjálfa. (**JÞ**: Á þá að heimta af heiðingjum, að þeir sýni kristindóm í verki?). Eða að hann skuli ekki hafa sameinað þá undir hlutafjelagsformið, sem hann kann best við.

Nei, það er öðru nær en að hjer sje af heilindum mælt. Síldarútvegsmennirnir hafa ekki borið það við að skapa nokkur heilbrigð samtök sín á meðal. — Þegar hv. 3. landsk. var ráðh., báru tveir flokksmenn hans fram frv. á Alþingi um, að reynt yrði að gera mögulega samvinnu um að söltun og sala á síld gæti átt sjer stað undir föstu formi. Framsóknarmenn hjálpuðu til þess, að þetta frv. yrði að lögum. En íhaldsstj. gerði ekkert til þess að koma þeim lögum í framkvæmd eða nota þá heimild, sem í þeim fólst. — Nú var tvent til: Íhaldsmenn hafa altaf reynt að ófrægja ríkisrekstur og samvinnuskipulag. En þeir urðu að beygja sig fyrir því sameinuðu; ganga fyrst inn á einskonar ríkisrekstur, og snúa því síðan yfir í samvinnuskipulag.

Þó að þingið hjálpaði þeim til þess að mynda þetta form, þá gátu þeir ekkert notað það. Samkepnin hjelt áfram að ríkja á meðal þeirra. Sjálfir lágu þeir flatir fyrir útlendingunum eins og áður, og verðið á síldinni hrapaði niður í 7 kr. fyrir síldartunnu og stundum var síldinni fleygt. Alt var í hinni mestu óreiðu.

Þá komu samvinnumenn til sögunnar með það form, sem samþ. var á

síðasta þingi — einkasölulögin —, til þess að útiloka, að síldarspekúlantarnir gerðu alt vitlaust. Þetta var kölluð lögþvinguð samvinna, og það virðist vera hið eina form, sem hægt er að nota við þessa menn, en ekki það form, sem þeim hafði áður staðið til boða frá þinginu. Það er af þessum ástæðum, þegar jeg tala um það eins og trúboð meðal „negra", ef reynt væri að boða þessum stjettum samvinnuskipulag.

Hitt er eins og heimatrúboð meðal hvítra og kristinna manna, og alt annað hlutverk að útbreiða samvinnuhugsjónir á meðal þeirra stjetta, sem í 50 ár hafa reynt að nota það skipulag. Þó að samband ísl. samvinnufjelaga sendi út fyrirlesara til þessarar starfsemi, þá dettur engum í hug, að þeir fari þangað, sem jarðvegurinn er verstur, t. d. til síldarspekúlanta á Siglufirði, í þeim erindum að gera þá að samvinnumönnum.

Þessar till. gera ráð fyrir því, að það sje ekki hægt að fá útvegsmenn meðal þessarar kynslóðar til þess að reka síldarverslun í samvinnustíl, fyrst þeim tókst ekki áður að stofna og reka síldarsamlag. Þess vegna eru þeir meðal negra í þeim efnum, sem snerta samvinnustefnuna. Það er svo alkunnugt, að flokkur hv. 3. landsk. og málgögn hans svívirða samvinnufjelögin ljóst og leynt. Hv. þm. segist vilja hafa samvinnuskipulag á síldarútveginum, ef það væri frjálst, en ekki lögþvingað. Hvers vegna hefir hann ekki fengið togaraútgerðarmenn til þess að taka upp þetta samvinnusnið og kasta hlutafjelagsforminu? (JÞ: Sigurjón Ólafsson og Jón Baldvinsson vilja það ekki). En Ólafur Thors og Jón Ólafsson? Vilja þeir það ekki heldur? Þeir, sem hjer eru að boða samvinnutrú, virðast ekki halda henni að sínum eigin mönnum; og fyrir nokkrum árum strönduðu samlagstilraunirnar á útgerðarmönnum.

Að síðustu sagðist hv. 3. landsk. vera ákaflega vinveittur samvinnustefnunni. En jeg vil þá aðeins vísa til þess, hvernig aðalblað Íhaldsfl., „Morgunbl.", og hin 12—14 fylgiblöð þess hafa öll gengið berserksgang til þess að óvirða samvinnufjelögin, og jafnvel látið sjer detta í hug, að hægt væri að eyðileggja þau.

Með einu bankalagafrv., sem kom fram hjer í deildinni, liggur fyrir till. frá einum af brjóstvinum hv. 3. landsk. um að útiloka frá lánstrausti og viðskiftum við bankann um 8 þús. fjölskyldufeður í landi, af því að þeir eru í samvinnufjelögunum. Þar sjást heilindin.

ATKVGR.

Brtt. 658 samþ. með 8:3 atkv.

— 640 samþ. með 7:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7:3 atkv. og endursent Nd.

---

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 659).

Á 71. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 659, 679).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 679. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:3 atkv.

**Jóhann Jósefsson:** Þótt jeg kveðji mjer hljóðs í þessu máli, þá vita all-

ir, að það er eigi af því, að jeg sje frsm. minni hl. sjútvn., heldur er það hv. 2. þm. G.-K. En af því að hann er forfallaður í dag sökum veikinda, vil jeg segja nokkur orð.

Eins og kunnugt er, urðu allmiklar deilur um frv. þetta við 2. og 3. umr. vegna þess búnings, sem hv. flutningsm. hafði þóknast að færa það í. Þessar umr. enduðu á því, að frv. var fært í viðunanlegri búning fyrir þá, sem ekki kjósa ríkisrekstrarfyrirkomulagið fyrst og fremst, samkv. till. þeirra hv. þm. Mýr. og hv. þm. V.-Ísf. Þeir opnuðu leið til þess, að verksmiðjan yrði rekin með samvinnusniði, ef viss tala þeirra, sem síld láta í verksmiðjuna, stofna með sjer fjelag, sem starfar samkv. núgildandi samvinnulögum. Þegar þetta væri komið í kring, skyldi stj. heimilt að selja slíku fjelagi verksmiðjuna. Í þessu horfi fór frv. frá Nd., en í Ed. hafa þeir menn, sem stefna að ríkisrekstri í öllu, sett ákvæði inn í 9. gr. frv., sem gera þessar endurbætur að engu. Í þessum ákvæðum segir, að því aðeins skuli heimilt að selja þessu samvinnufjelagi verksmiðjuna, ef ⅔ þeirra, er selja henni síld, taka þátt í stofnun þess, þar með taldir hásetar, sem eru upp á hlut á síldveiðiskipum. Nú er eigandi skips venjulega einn, en hásetar 10—15 á slíkum skipum. Hásetarnir verða því í yfirgnæfandi meiri hluta, og um leið og stofnun fjelagsins er undir því komin, hvort þeir ganga í það eða ekki, þá er auðsjeð, að verkalýðsforingjarnir ráða því algerlega, hvort fjelagið verður stofnað, því að ekki nægir eftir þessum ákvæðum, þótt allir útgerðarmenn og skipstjórar vildu stofna fjelagið, ef hásetar setja sig upp á móti því. Myndi því vera auðvelt fyrir verkalýðsforingjana að ráða gerðum hásetanna, þegar litið er á vald þeirra í öðrum tilfellum.

Sá góði tilgangur samvinnumanna hjer í hv. deild, er kom fram í breyt., sem gerðar voru á frv. hjer í deildinni, er því alveg eyðilagður með ákvæðum þessum, sem stafa frá flm. frv. í Ed., sem báðir eru einokunarpostular. Einn þröskuldur enn hefir verið settur inn í frv. til að girða fyrir, að verksmiðjan yrði seld samvinnufjelagi. Þar er því bætt inn, að áður en verksmiðjan er seld slíku fjelagi, verði að fullnægja ákvæði 2. gr. laga nr. 47 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva, og Alþingi verði að leggja samþykki á söluna. Ennfremur á bæjarstj. Siglufjarðar að leggja samþykki sitt á hana eftir till. þeirra. Þetta síðasta ákvæði mun þó hafa verið felt burtu. En eftir eru hin tvö ákvæðin, um að hásetar skuli taka þátt í stofnun fjelagsins og að salan skuli samþ. af Alþingi.

Hjer í deildinni var hinsvegar þannig gengið frá frv., að ríkið mætti selja verksmiðjuna, ef helmingur síldarseljenda stofnaði fjelagið. Hjer ber því mikið á milli, og auðsætt er, að tilgangurinn er sá, að hindra, að annað en ríkisrekstur eigi sjer hjer stað. Baráttan stendur hjer á milli einokunarmanna og hinna, og þarf ekki að efast um, hvaðan aldan sje runnin. Mjer þykir ólíklegt, að þeir samvinnumenn, sem fluttu hjer þær umbótatill. við frv., sem jeg hefi áður minst á, geri sjer að góðu, að einokunarmennirnir í Ed. hafi síðasta orðið. Því hefir minni hl. sjútvn.

flutt hjer brtt. um að koma frv. í samt lag aftur.

Jeg tel ekki rjett að bera fyrir sig í þessu sambandi, að stutt sje eftir þingtímans. Tveir stærstu flokkar þingsins hafa staðið saman um það, að koma samvinnumöguleikanum inn í frv., og munu standa saman um það enn, ef þeir láta ekki einokunarpostulana kúga sig.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Frv. á þskj. 659 er komið hingað aftur eftir eina umr. í Ed., en sjútvn. hefir ekki haft tækifæri til að halda fund um málið síðan. Hinsvegar er komin fram brtt. við 9. gr. frá nokkrum hluta n., vegna breyt., sem frv. sætti í Ed. Jeg skal kannast við, að það er lítil búningsbót, sem frv. hefir fengið í Ed., enda þótt jeg væri ekki allskostar ánægður með frv., er það fór hjeðan. En jeg vil þó ekki tefja fyrir frv. með því að greiða atkv. með þessum brtt., því að þá yrði málið að fara í Sþ., og er þá vafasamt, að málið gengi fram á þessu þingi. Jeg legg því á móti brtt. Málið má ekki daga uppi nú, enda þótt einhver smíðalýti kunni að vera á því. En mögulegt ætti að vera á næsta þingi eða hvenær sem er að lagfæra þessa ágalla, sem á frv. eru og reynslan kann síðar að leiða í ljós.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg vil taka það fram, að hv. 1. þm. S.-M. mælti ekki fyrir munn allrar sjútvn., og að jeg mun sætta mig við breyt. þær, er frv. hefir tekið í Ed. Jeg heyrði ekki ræðu hv. þm. Vestm. vel, en skildist hann vera á móti því, að hásetar væru í fjelaginu. En auðvitað er sjálfsagt að telja þá jafnháa öðrum framleiðendum, enda eiga þeir oft helming framleiðslunnar.

**Magnús Jónsson:*** Jeg skal ekki vera langorður, en jeg vona, að hv. deild sjái, að með breyt. Ed. er frv. sett efnislega í sama form og deildin vildi ekki ganga að áður. Með þessum fleyg er ætlast til og tekst að hindra, að þessi fjelagsskapur myndist. Þeir, sem eru upphafsmenn þessara breyt., ættu ekki að vera með neinn fláttskap í þessu máli. Hjer er verið að leika sama leikinn og í fyrra, þegar samþ. var að setja þann fleyg inn í frv., að ekki mætti selja samlægi útgerðarmanna verksmiðjuna nema með samþykki beggja deilda Alþingis. Nú, þegar postularnir sjá, að takast muni að fá samþykki beggja deilda Alþingis, setja þeir inn nýjan fleyg.

Auðvitað má deila í allan dag um það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um rjettlætiskröfu háseta til hlutdeildar í þessum fjelagsskap. Annars má segja, að hlutaskifti sjeu aðeins sjerstakt form á kaupgjaldi, og getur jafnvel verið gott form, en það á ekki að veita þeim slíkan rjett sem þennan.

Hv. 1. þm. S.-M. var á móti brtt. af ótta við að tefja fyrir málinu, svo að það næði ekki fram að ganga. Jeg tel engan vafa á, að svo mætti liðka til með þingsköpum, að málið mætti vel lúkast, þótt það færi í Sþ. Þetta er hægt, ef deildin vill ekki láta kúga

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

sig eins og í fyrra. Jeg veit, að allir sjá, að hjer er ekki um sanngirnismál fyrir háseta að ræða, heldur eru breyt. Ed. einungis gerðar með ríkisrekstur fyrir augum. Það er eðlilegt, að jafnaðarmenn berjist fyrir þessum stefnumálum sínum. En þeir eiga að kannast við þau og ekki vera að villa á sjer heimildir.

**Jón Ólafsson:** Jeg er sammála hv. frsm. meiri hl. um það, að ekki sje rjett að tefja þetta nauðsynjamál, stofnun síldarbræðsluverksmiðju, með því að vera að flytja brtt. við það eins og nú er komið, enda skiftir það engu máli, hvernig gengið er frá þessu atriði nú, þar sem vitanlegt er, að síldarbræðsluverksmiðjan mun ekkert starfa í ár, eða þá svo lítið, að engu nemur. Hinsvegar finst mjer þær breyt., sem hv. Ed. hefir gert á frv., ekki eins mikilvægar og hv. þm. Vestm. vildi vera láta. Mjer fanst hann tala svo, sem hann hefði ekki skilið, að það er ætlast til þess, að þeir einir geti orðið þátttakendur í þessu fyrirtæki af sjómönnum, sem ráðnir eru upp á hlut við síldveiðarnar. En til þess að háseti geti orðið hluthafi í þessu fyrirtæki, verður hann að hafa lagt inn svo margar tunnur af síld, að það nemi hans skerf af þessum 10%, sem sett eru sem skilyrði fyrir því, að hægt sje að mynda þennan samvinnufjelagsskap. Að öðrum kosti öðlast hann að sjálfsögðu ekki rjett til að gerast hluthafi, því að þá leggur hann ekkert á hættu. Þetta er svo einfalt mál, að um það ætti ekki að þurfa að þrátta. Mjer finst því ástæðulaust að vera að stofna þessu máli í hættu með því að fá þessu atriði breytt. Það er ekki svo mikils virði. En hinsvegar er þetta mál svo þýðingarmikið fyrir síldarútveginn, að ekki má leggja stein í götu þess.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg vil segja nokkur orð út af þeirri skriflegu brtt., sem hjer er fram komin. Eins sjálfsagt og það var að leyfa þeirri till. að komast að, eins sjálfsagt er að fella hana við atkvgr.

Það á nú að slíta þingi eftir nokkra daga, og er því ilt að þurfa að hrekja mál á milli deilda, og getur auk þess orðið til þess, að þau dagi uppi. Sú óánægja, sem hjer hefir risið upp á meðal þeirra, sem bættu því inn í frv., að mynda mætti samvinnufjelagsskap utan um síldarverksmiðjuna, út af þeim breyt., sem hv. Ed. gerði á þessu ákvæði, er líka á misskilningi bygð, því að þetta er nú betur skilgreint en áður var. Hv. Ed. þótti ekki nógu vel gengið frá þessu ákvæði eins og það kom frá þessari hv. deild, því að samkv. því gat lítill hópur lítt úthaldsgóðra manna — það þurfti ekki nema 15 menn til þess að mynda þennan fjelagsskap — krafist þess, að ríkið afhenti þeim þessa verksmiðju, sem það var búið að reisa með súrum sveita. Ástæðan til þess, að ríkið ræðst í þetta, er sú, að það vantar eðlileg samtök á meðal framleiðendanna í þessu efni. Það var unnað með kælihúsin. Þar stóð fjelagsskapur á bak við, sem landið þurfti ekki annað en að styðja. Ef hjer á að fara að mynda fjelagsskap, þarf hann að vera fjölmennur og sterkur og vita, hvað hann vill, en jeg fæ ekki sjeð, að neitt bóli á

því, heldur vilja þessir menn, að landið ryðji brautina fyrir sig.

Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Eins og þessi till. er nú, er hægt að selja samvinnufjelagsskap, sem myndaður yrði, verksmiðjuna, og breyt. hv. Ed. fer einungis í þá átt að hindra, að of fámennur hópur geti tekið ákvörðun um slíka fjelagsstofnun, án þess að það sje rækilega undirbúið.

**Bjarni Ásgeirsson:** Mjer finst hann dálítið einkennilegur þessi úlfaþytur, sem gerður hefir verið út af þeim breyt., sem hv. Nd. gerði á frv., þar sem var ákveðið, að þessi verksmiðja skuli rekin á samvinnugrundvelli, svo framarlega sem þeir, sem að henni standa, finna þörf á að reka hana svo og hafa vilja til þess. Jeg get þó skilið þennan úlfaþyt hjá jafnaðarmönnum, við nánari athugun. Að vísu fundu þeir ekkert hneykslanlegt við það, þó að samvinnufjelagið á Ísafirði væri stofnað og styrkt með ríkisábyrgð, nje þó að stofnuð yrðu með aðstoð löggjafarvaldsins byggingarfjelög í bæjunum á samvinnugrundvelli, en ætla hinsvegar að ganga af göflunum út af þessu máli, eins og verið sje að grafa undan allri velmegun í landinu, hvað þennan atvinnuveg snertir. En þó að þetta sje einkennilegt, skil jeg það samt, því að jafnaðarmenn vilja koma ríkisrekstri alstaðar að, þar sem þeir sjá sjer þess nokkur tök, og líta því samvinnufjelagsskapinn alt annað en hýru auga, er þeir siá hilla undir þjóðnýtinguna á aðra hönd.

Þá virðist það einnig nokkuð einkennilegt, að íhaldsmenn skuli beita sjer svo fast fyrir því að koma á samvinnufjelagsskap í þessum efnum, því að þeir virðast ekki, a. m. k. sumir þeirra, sjá svo bráða þörf fyrir hann á öðrum sviðum atvinnulífsins. En þetta er líka skiljanlegt. Af tvennu illu og bölvuðu vilja þeir heldur samvinnuna en ríkisreksturinn. Við framsóknarmenn stöndum eins og endranær mitt á milli þessara öfgaflokka. Það eina, sem jeg því ekki skil af því, sem fram hefir komið í þessu máli, er það, að ýmsir af samvinnumönnum þingsins virðast orðnir eins og áttaviltir þegar um er að ræða samvinnurekstur á þessari atvinnugrein. Þetta getur ekki stafað af öðru en vantrú á samvinnu eða vantrú á mönnunum, sem er í rauninni hið sama, því að trúin á frjálsa samvinnu er að mínu áliti ekki annað en trúin á það heilbrigða í mannlegu eðli.

Mjer þykir að vísu fyrir því, hve frv. var skemt í hv. Ed. Þó að vísu sje ekki vikið af samvinnugrundvellinum, eru samt lagðir nokkrir steinar í götu þess, að þetta fyrirtæki geti þróast í samvinnuátt, þar sem miög lítill hl. fjelagsmanna getur hindrað það, að sú breyting komist á, og tel jeg það til stórskemda á frv. Hinsvegar er svo langt liðið á þing, að búast má við, að frv. dagi uppi, ef farið verður að gera hjer breytingar á því nú. Jeg mun því ekki greiða þeirri till., sem hjer er fram komin, atkv., en er reiðubúinn til þess síðar að taka höndum saman við þá menn, sem vilja færa frv. aftur til þess horfs, sem það var í, er það fór hjeðan frá þessari hv. deild.

**Jóhann Jósefsson:** Jeg vildi leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá hv. 1. þm. S.-M. Hann taldi, að hin skriflega brtt., sem hjer hefir komið fram, væri eingöngu frá mjer. Þetta er ekki rjett. Hún er borin fram af mjer og hv. 2. þm. G.-K. í sameiningu, eða með öðrum orðum minni hl. sjútvn.

Hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Mýr. könnu ust báðir við, að hv. Ed. hefði skemt þetta frv. til muna, en þeir töldu hinsvegar, að ef hjer væri nú farið að gera breyt. á því, væri frv. stefnt í voða, þannig að það næði ekki fram að ganga á þessu þingi.

Jeg verð nú að leyfa mjer að halda því fram, að þessi ástæða gegn því, að frv. verði breytt hjer til viðunanlegs horfs aftur, er hreinasta yfirskinsástæða — og ekkert annað. Eins og hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Mýr. vita báðir, eru allir á sama máli um það, íhaldsmenn engu síður en framsóknarmenn, að nauðsynlegt sje að koma upp síldarverksmiðjunni. Það er því á misskilningi bygt, að með því sje verið að eyðileggja málið, þótt þessi brtt. sje sett inn, því að það er lafhægt að taka málið á dagskrá í hv. Ed. með afbrigðum þegar í dag, þannig að þar verði haldinn annar fundur, og síðan að afgreiða það með afbrigðum í Sþ. með öðrum fundi á eftir þeim, sem þar á að halda í kvöld. Það, sem hjer veltur því alt á, er það, hvað menn vilja gera í þessu efni, og jeg hygg, að mjer sje óhætt að lýsa yfir því fyrir hönd okkar íhaldsmanna, að við munum allir standa að þessu máli, þótt þessi brtt. verði sett inn, og vinna að því, að það verði ekki tafið, enda væri einkennilegt, ef farið væri til þess, þar eð þetta mál er eitthvert mesta nauðsynjamál síldarútvegsins.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði sagt, að hásetarnir mættu ekkert eiga í þessu fyrirtæki. Þetta er ekki rjett. Hitt sagði jeg, að eftir till. hv. Ed. væru það hásetarnir, sem öllu rjeðu, ef til þess kæmi, að þessi fjelagsskapur yrði stofnaður, en útvegsmennirnir hinsvegar litlu sem engu. Og jeg býst við því, eftir því taumhaldi, sem jafnaðarmenn virðast hafa á sjómönnum, að þeir muni ekki telja eftir sjer sporin til þess að hindra það, að fyrirtækinu verði breytt í samvinnufjelag.

Hæstv. dómsmrh. gerði alleinkennilega upp á milli hv. Ed. og Nd. í ræðu sinni áðan. Hann lýsti yfir því, **að ákvæðin** um þennan væntanlega samvinnufjelagsskap **væru miklu skýrari hjá hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. S.-M. en hjá hv. þm. Mýr. og hv. þm. V.-Ísf., að það væri miklu ljósari og skilmerkilegri hugsun í þessu hjá sósíalistunum í Ed. en samvinnumönnunum hjer.** Og blessaðir samvinnumennirnir í þessari hv. deild beygja höfuð sín í duftið, hörfa frá sínum samvinnutill., kyngja till. sósíalistanna í hv. Ed. og „gefa ríkið Persum og Medum á vald". Það eina, sem þeir afsaka þessa framkomu sína með, er það, að málinu sje stefnt í voða, ef gerðar verða hjer breyt. á frv. nú; en sú ástæða er óframbærileg, þegar þess er gætt, hvað málið hefir mikið fylgi hjer í þinginu, eins og jeg hefi áður sýnt fram á.

Eftir till. framsóknarmanna hjer í þessari hv. deild var stj. heimilað, ef helmingur framleiðenda myndaði sam-

vinnufjelag sín á milli, að selja slíku fjel. síldarbræðsluverksmiðjuna. Þetta fanst hæstv. dómsmrh. ekki eins skýr samvinnuhugsun eins og hjá ríkisrekstrarmönnunum í hv. Ed., en þessi „skýra hugsun" þeirra síðarnefndu, sem ráðh. er svo geðþekk, kemur fram í því að gera þetta ákvæði að engu með því að heimila ákvæðisrjettinn um þetta svo mörgum sjómönnum, að þeir yrðu yfirgnæfandi í fjelaginu, ef það yrði stofnað. En áður hefi jeg bent á það, að forráðamenn sjómanna eru yfirlýstir einokunarmenn. **Það bendir því ótvírætt til þess, að hæstv. dómsmrh. standi nær þessum mönnum en samvinnumönnunum, þegar hann lýsir afdráttarlaust yfir því, að till. einokunarmannanna í hv. Ed. sjeu betri og skýrari en till. samvinnumannanna hjer í þessari hv. deild.**

Það skyldi engan undra, þótt nú á 11. stundu komi hljóð úr horni frá hæstv. dómsmrh. í þessu máli og hann sýni sinn rjetta lit í því. En mjer þykir sem þung kvöð sje lögð á framsóknarmenn þessarar hv. deildar, þegar þeir eru knúðir á móti vilja sínum, eins og skilja mátti á hv. þm. Mýr., sem sagði, að hv. Ed. hefði stórskemt þetta frv. og lýsti yfir því, að hann væri reiðubúinn síðar til samvinnu um að bæta úr þessu, **þegar þeir eru knúðir af hæstv. dómsmrh. og jafnaðarmönnum til að drepa sínar eigin till. í þessu máli, og neyddir til að ganga undir einokunarok sósíalistanna í hv. Ed.** Jeg fyrir mitt leyti hefði kosið hv. þm. Mýr. og hv. þm. V.-Ísf. og öðrum framsóknarmönnum virðulegra hlutskiftis en það, að vera neyddir til þess að draga einokunarhlass sósíalista og kommúnistanna í gegnum þessa hv. d.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Mjer finst það ekki undarlegt, þó að hv. þm. Vestm. sje illa að sjer í samvinnufræðum, því að hann hefir eingöngu lagt stund á gagnstæð fræði. Og mjer kemur það ekki á óvart, þó að honum sje illa við, að það sje skýrt tekið fram, að þessi verksmiðja sje rekin á samvinnugrundvelli. Það stendur nú svo á, að landið er neytt til þess, vegna ástands síldarútvegsins og vanmáttar samkepnismanna, að taka lán, til þess að þessi vara geti orðið til hagsmuna fyrir Íslendinga, en grotni ekki niður eða verði keypt af erlendum verksmiðjum. Ef það er kommúnismi í þessu frv., þá er orðið nokkuð mikið um kommúnisma hjer á Alþingi. Meðal annara er þá flokksbróðir hv. þm. Vestm., hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), kommúnisti, þó að jeg þykist nú vita, að honum gangi það til, að hann sjer, að eins og nú er ástatt hjá samkepnismönnum, gera þeir ekkert nema fyrir sjálfa sig. Ef þetta er kommúnismi, eru ekki einungis jafnaðarmenn kommúnistar, heldur líka allur Framsóknarflokkurinn og meiri hl. Íhaldsflokksins. En sannleikurinn er nú sá, að það er ekki meiri kommúnismi í þessu, nema síður sje, en í ríkisrekstri á pósti og síma. Það fyrirkomulag, sem ætlast er til, að verði á þessu fyrirtæki, er viss tegund samvinnu, það sem kallað er lögþvinguð samvinna, þegar þeir, sem ekki bera skyn á samvinnu og vilja hana ekki, eru neyddir til þess af löggjöfinni að vinna saman, svo að alt fari ekki í ólestri. Þegar Framsóknarflokkurinn hefir gert það mögulegt, að þessi tegund samvinnu geti komist á, með stuðningi íhalds- og jafnaðarmanna, finst mjer sem hv.

þm. Vestm. geti ekki sagt, að við framsóknarmenn sjeum óframsýnir í þessu efni. En látum það nú vera, þó að hann kalli okkur svo, þótt rangt sje. Ríkissjóður leggur fram undir eina milj. kr. í þetta fyrirtæki og ber ábyrgð á því út á við, og verður því að athuga það, að þessu verðmæti, sem keypt er með dýrri fórn erlendra lána, sje sæmilega borgið og trygging fyrir því, að það verði til gagns, ef það er látið af hendi. Hv. þm. Vestm. verður að athuga það, að aðalblað Íhaldsflokksins, bændaútgáfa Morgunblaðsins, hefir haldið því fram, að allar till. í þessu máli væru runnar undan rifjum samkepnismanna. Auðvitað er ekki minsti fótur fyrir slíku. En mjer þykir ekki ótrúlegt, að samkepnismenn ætli sjer að sölsa þetta fyrirtæki undir sig, þegar búið er að koma því á laggirnar. Samvinnumenn hafa veitt þessu máli brautargengi í góðri trú, og hafa ef til vill verið of bjartsýnir og ekki gætt þess, hve erfitt er að gera þá menn að samvinnumönnum, sem andvígir eru stefnu og anda þess fjelagsskapar.

Mig rekur minni til þess, að svo bar við á einum stað hjer á landi, að kaupmannsverslunin, sem þar var, lagðist niður, og keypti þá kaupfjelagið á staðnum verslunarhúsin og varð að taka alla gömlu viðskiftamenn kaupmannsins í fjelagsskapinn. Þetta varð til þess, að nú risu upp deilur í þessu kaupfjelagi, sem aldrei hafði borið við áður, kaupfjelagsstjórinn var þjófkendur út af einum sykurkassa o. s. frv. og fjelagið hálfeyðilagt af innbyrðis deilum, sem þessir nýju menn vöktu. Þessir menn, sem gengið höfðu í fjelagið, ekki af löngun, heldur af slysi, gerðu það í stuttu máli að jarðnesku helvíti, og það var með naumindum hægt að reisa fjelagið við aftur. Þá sagði endurskoðandi þessa fjelags við mig, að það væri ekki hægt að fá verri menn inn í samvinnufjelagsskapinn en þá, sem kæmu þangað nauðugir eða fjandsamlegir og hvorki skildu samvinnuna nje vildu beygja sig undir hennar reglur.

Út frá þessu er það, að jeg álít bæði rjett og skylt að gera ráðstafanir til að varna því, að þessari miklu eign, sem bygð verður fyrir erlent lánsfje, verði gloprað úr höndum almennings og gerð að glæfrafyrirtæki samkepnismanna.

Hv. þm. Vestm. vildi útiloka, að minstu framleiðendurnir hefðu rjett til að ganga í samlagið. Er það þá meining hv. þm., að lítil klíka kaupsýslumanna og spekúlanta myndi samvinnufjelag til málamynda til að svæla undir sig verksmiðjuna og stingi svo af með hana? Ef hv. þm. hefði meint það alvarlega, sem hann sagði um samvinnustefnuna, þá hefði hann ekki haft á móti því, að smærri framleiðendurnir fengju að vera með. Ef það á að vera forsvaranlegt af nokkurri stj. að selja verksmiðjuna, þá verður það að vera trygt, að smáframleiðendurnir fái líka að vera með. Nei, ef hv. þm. hefir meint þetta tal sitt alvarlega, þá hefði hann ekki á móti því, að smáfólkið fái að vera með. Það er síður en svo, að nokkurt kaupfjelag útiloki smáfólkið. Það hefir þar jafnan atkvæðisrjett á við þá stærstu. En þetta vill ekki hv. þm.

Jeg vil alvarlega vara hv. deild við að breyta frv., því mjer hefir skilist það á hæstv. forsrh., að ef það gangi ekki nú í gegn, þá geti svo farið, að

útgerðarmenn eigi mest á hættu sjálfir. Ef þar er engu öðru að mæta en svikum og prettum, þá er þeim best að reyna að vera sjálfbjarga án stórlána, sem ríkið tekur þeim til handa. Núv. ríkisstj. rekur ekki erindi slíkra manna.

**Hákon Kristófersson:** Jeg skal ekki hefja hjer miklar umr. um síldarmálin, þessi hjartans mál hæstv. stj. En mjer kemur það undarlega fyrir sjónir, hve ræða hæstv. ráðh. var árásarkend gagnvart hv. þm. Vestm. Hv. þm. Vestm. mun reynast fullfær um að svara fyrir sig sjálfur, en jeg vil spyrja: Hvað var það, sem hv. þm. fór fram á? Ekki annað en það að færa frv. í sama horf og þessi hv. deild skildi við það! Ef hjer er um einhver svik við samvinnustefnuna að ræða, þá vil jeg spyrja hæstv. ráðh.: Hví ásakar hann ekki hv. flm. þeirra brtt., er hjer voru samþ., þá hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Mýr., fyrir svik við samvinnustefnuna? Annað var það ekki, sem hv. þm. Vestm. fór fram á, en það að breyta frv. í það horf, er þessir menn komu því í.

Hv. þm. Mýr. hjelt hjer ítarlega ræðu og ágæta að öðru leyti en niðurlaginu. Jeg hefði ekki búist við, að jafnmerkur þm. og þar fer reyndist svo undanlátssamur, þegar jafnlítil ástæða er til undanhalds og í þessu máli. Mjer dettur ekki í hug að furða mig á brtt. þeim, sem samþ. voru í Ed., og jeg met þá menn, er að þeim stóðu, síður en svo minna, þótt þeir kæmu fram áhugamálum sínum. Jeg tel þá menn að meiri fyrir að geta stungið mönnum eins og hv. 1. þm. S.-M. í vasa sinn, svo að ekkert bólar á honum upp úr, og að nokkru leyti vini mínum hv. 3. þm. Reykv. (**JÓl:** Þetta var ómaklega mælt um hv. 1. þm. S.-M. ). Þá var annar gállinn á hv. 1. þm. S.-M., þegar hann skrifaði greinina frægu, sem ekki þótti prenthæf fyrir kosningar. Og nú gerist hann svo lítilsigldur að berjast fyrir þeim breyt., sem hann er óánægður með. Hann þykist ekki vilja stofna málinu í voða með því að breyta því aftur. En jeg vil spyrja: Er það forsvaranlegt, eftir að vera búinn að sitja yfir málinu allan þennan tíma, að lýsa því yfir, að það verði að hlaupast burt frá því, þó það sje ekki leyst á þann hátt, er skyldi, af því að komið er að þinglausnum? Svo framarlega sem einhver alvara liggur á bak við, þá mundi hann ekki hika við að reyna að koma skoðun sinni fram, þó málið þyrfti í sameinað þing. Það er broslegt að sjá eins gamlan og greindan þm. og hv. 1. þm. S.-M. koma með slíkar og þvílíkar ástæður fyrir því að vilja ekki koma málinu í samt horf og það fór hjeðan.

Mjer kemur það merkilega undarlega fyrir sjónir þegar hv. 3. þm. Reykv., sem jeg hafði haldið lausan við hugdeigju, er haldinn sömu skelfingunni og hv. 1. þm. S.-M. Báðir skjálfa þeir af ótta við að færa frv. í samt lag.

Hæstv. dómsmrh. taldi, að verksmiðjunni yrði komið á með dýrri fórn. Jeg býst við, að það sje rjett og að hún verði ekki óveruleg fórn landsins á altari síldarfargansins.

Eins og jeg gat um áðan, þá var ræða hv. þm. Mýr. að flestu góð og viturleg, eins og við var að búast. Þó gat hann ekki slept því að hnýta í

Íhaldsflokkinn fyrir fláttskap við samvinnufjelögin. Jeg veit, að þessi hv. þm. vill ekki vamm sitt vita og ekki bera neinn ósönnum sökum! Jeg vil því minna hann á, að íhaldsmenn guldu samvinnulögunum jákvæði, þegar þau voru til meðferðar á hv. Alþingi. Svo ekki hafa þessi ummæli með öllu makleg verið, og veit jeg ekki til, að íhaldsmenn hafi sýnt samvinnufjelögunum fjandskap, enda þótt þeir álíti, að einstaklingsátakið eigi að fá að njóta sín sem best má verða.

Af því jeg er ekki hræddur, þegar jeg hefi samhug hv. 1. þm. S.-M. með mjer, um að málið fái ekki afgreiðslu á þessu þingi, þá mun jeg greiða hinni skriflegu brtt. hv. þm. Vestm. atkv.

Jeg vildi aðeins hafa sagt þessi fáu orð til að láta óánægju mína í ljós yfir hræsninni, er hjer kemur fram, og benda á, hve óframbærileg vörn það er, að af því liðið er að lokadögum þings, þá sje það ekki sæmilegt að flaustra málinu af og vita fyrirfram, að nauðsyn verður að breyta lögunum þegar á næsta þingi. Ef það á þannig að ganga, þá er síst að furða, þó alþjóð undrist þann hringlandaskap, er á Alþingi ríkir.

**Magnús Jónsson:*** Hv. þm. Barð. hefir nú sagt margt af því, er jeg vildi segja. M. a. er jeg sammála honum um, að það er óviðkunnanlegt að greina menn, eins og hv. þm. Mýr., eftir pólitískum flokkum, hvort þeir sjeu vinir samvinnunnar eða ekki. Jeg get vel um þetta talað, því mín æfikjör hafa aldrei leitt mig út í að vera í samvinnufjelagi; það hefir aldrei komið til. En þetta fer ekki eftir pólitískum flokkum. Í Íhaldsflokknum eru viðurkendir ágætir samvinnumenn og samvinnulögin voru alls ekki flokksmál.

Jeg er ekki sammála hv. 3. þm. Reykv., að þetta sje svo þýðingarmikið mál, að ekki megi tefja það. Jeg álít það einmitt svo stórt, að óforsvaranlegt sje að afgreiða það á annan hátt en þann besta. Það er hjer rætt um, hvort verksmiðjuna skuli reka sem ríkisfyrirtæki eða hana skuli selja framleiðendum. Það er um þetta að ræða, og ekki annað. Það er ekkert áhorfsmál að offra 2 dögum eða svo til að fá þetta stærsta mál þingsins afgr. eins og meiri hl. þings vill hafa það.

Jeg vildi gjarnan ræða hjer nokkuð við hæstv. dómsmrh., en það er ekki þægilegt að henda reiður á honum; hann er eins og alstaðar og hvergi og horfinn þegar maður vill fara að yrða á hann. En það vildi svo til, að jeg heyrði ræðu hans í þessu máli í Ed., og virtist hann hjer koma að svipuðu atriði, hve óhæfilegt það væri að hleypa öðrum eins mönnum og síldarframleiðendum inn í samvinnufjelögin. Eftir 1000 ára bót og betrun væri ef til vill hægt að hugsa sjer einhverja von um, að þeir yrðu góðir samvinnumenn. En eins og hv. þm. V.-Ísf. benti á, þá væri undarlegt, ef það væri ekki besta leiðin til að kristna heiðingja, að ná þeim í kirkju og láta þá hlýða messu. Og það er undarlegt, ef samvinnumenn vilja útiloka þá, er þeir telja að standi lægst, í stað þess að ná þeim til sín. — Hann sagði sögu af kaupfjelagi fyrir norðan, þar sem alt hafði orðið vitlaust, af því sam-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

kepnismenn neyddust til að ganga í það. En hjer er um ekkert slíkt að ræða. Í þetta samvinnufjelag eiga ekki aðrir að ganga en þeir, sem þess óska. En hjer er verið að draga menn í dilka, stærri atvinnurekendur eru negrarnir, en hásetarnir hvítir og eiga að göfga alt fjelagið. Þetta er í ósköp góðu samræmi við aðra starfsemi hæstv. ráðh., þegar hann er að „sortera" mannfólkið í svarta og hvíta. Það leit fallega út, þegar hæstv. ráðh. var að tala um hina smærri framleiðendur, hvort þeir ættu að fá að vera með eða ekki. En eftir frv., eins og það var, var hvorki talað um smærri eða stærri menn. Þar var miðað við þá, er síld láta í verksmiðjuna; smærri menn voru ekki undanskildir.

Annars var gaman að heyra muninn á ræðum ráðh. hjer og í Ed. Þegar það er athugað, að brtt. við frv. eru runnar frá flokksmönnum ráðh. sjálfs, þá lítur út fyrir, að það sje einhver misklíð á heimilinu. Og það var ekki annað að heyra en lengi innibyrgð gremja hefði brotist út og hæstv. ráðh. gripi tækifærið til að svala sjer á flokksmönnum sínum. Nú á hv. deild að gera upp á milli sósíalista Ed. og framsóknarmanna Nd., og ekki var að efa, hverjum liðveislan kom. En ekki skal jeg fara að blanda mjer inn í þessa misklíð hæstv. ráðh. og flokks hans.

Það er ástæðulaust að slá undan vegna þess að þing dragist. Till. er sú sama og hjer var samþ. áður, og liggur beint við að deildin samþ. aftur. Þetta er líka svo stórt atriði, að það væri fyllilega rjettmætt, þó þing drægist þess vegna.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það verða aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Vestm. Hann var að brýna okkur með því, að kommúnistar væru búnir að gleypa okkur með húð og hári, af því við vildum ganga að frv. óbreyttu. En jeg vil minna á það, að frv. er nú miklu líkara því, sem afgr. var hjeðan, heldur en hinu, sem Ed. afgreiddi upphaflega. Ed. hefir því að mestu leyti gengið inn á þær breyt., er við lögðum til.

9. gr. er lítið breytt, en aðalbreyt. er í því fólgin, að ⅔ í stað helmings aðila verða að samþ. breytinguna. Þetta er hindrun, eins og jeg hefi áður sagt, en engin grundvallarbreyting. — Þá er önnur breyt. sú, að hásetar, sem eiga síld, skulu tækir í þennan fjelagsskap. Það er grundvallaratriði samvinnustefnunnar, að þeim mönnum, sem sömu skilyrði hafa, skuli frjálst að gerast meðlimir fjelaganna, ef þeir vilja. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje nein ástæða til að fella greinina, en um aðrar verulegar efnisbreyt. er ekki að ræða. Hafi því nokkur gleypt annan, hefir Framsókn gleypt kommúnista, en þeir ekki Framsókn. Út af þeim orðum, sem fjellu hjá mjer áðan, að íhaldsmenn hafi ekki látið dátt að samvinnu, þá ber ekki að skilja þau svo, að jeg hafi þar átt við alla íhaldsmenn. Svo er fyrir að þakka, að innan Íhaldsflokksins, einkum til sveita, eru ýmsir góðir samvinnumenn, sem hafa sýnt trú sína í orði og verki, en flokkurinn hefir hinsvegar sem heild ekki sýnt neinn sjerstakan áhuga fyrir samvinnu, og forkólfar hans ekki beitt sjer fyrir, að framleiðslutæki sjeu rekin á samvinnugrundvelli, heldur þvert

á móti. Jeg sje ekki betur en að jeg hafi haft full rök að mæla, er jeg sagði, að íhaldsmenn hjer í deildinni væru ekki sjerstaklega hlyntir samvinnu, því að á síðasta vetri og nú í vetur hafa legið fyrir þinginu 2 frv., sem miðuðu að því að efla samvinnuna, en við hvorugt þessara frv. hefi jeg orðið var fylgis þeirra. Jeg sje því ekki, að of mikið sje að gert, þótt við framsóknarmenn viljum ekki stofna málinu í voða, þótt ekki gangi það fram í öllum greinum eins og við hefðum helst óskað.

**Halldór Stefánsson:** Það kennir allmikils misskilnings hjá þeim hv þm., sem þykjast halda, að okkur framsóknarmönnum sje erfitt að greiða samþykki okkar með frv. eins og það kemur frá Ed. Breyt. þær, sem þar hafa verið gerðar á frv., eru ekki svo stórvægilegar eins og orð hefir verið á gert. Breyt. í raun og veru ekki önnur en að ⅔ í stað ½ síldarframleiðenda þurfi að ganga í samvinnufjel. til þess að fá kauprjett á verksmiðjunni. Hinar aðrar breyt. eru aðeins ítarlegri orðun á því, sem áður var í frv., enda hefir hv. þm. Mýr. sýnt fram á þetta, og vil jeg því ekki lengja umr. með því að taka það upp aftur. Hitt get jeg ekki felt mig við, að þm. sjeu að bera fram rógmæli um Framsóknarflokkinn á þingi út af þessu máli og öðrum og segi, að kommúnistar hafi gleypt hann með húð og hári. Þessir hv. þm. ljúga þessu að sjálfum sjer — og öðrum með því að bera þetta fram í heyranda hljóði —, þangað til þeir eru sjálfir farnir að trúa ósannindum sínum, og hafa svo engan hemil á ósannindavaðli sínum um yfirgang kommúnista. Þessir menn færa ekki rjett rök fyrir máli sínu. Þeir hafa samvinnufjelagsskapinn að yfirskini í þessu máli, en þeir vilja — af skiljanlegum ástæðum —, að gengið sje sem styst í kröfunum um samvinnufjelagsskap, til þess að sem hægast verði að ná yfirráðum á verksmiðjunni eftir á.

**Magnús Guðmundsson:** Það eru aðeins örfá orð. Jeg vildi beina þeirri fyrirspurn til þeirra þm., sem vilja láta frv. þetta ná fram að ganga óbreytt, hvernig þeir hugsi sjer, að hásetar, sem eru upp á hlut, geti verið í þessum fjelagsskap. Þeir eru oft aðeins eitt sumar á hverju skipi og flytjast milli fjelaga eftir því, sem best lætur. Þetta vona jeg, að hv. frsm. skýri. Um samvinnutalið, sem hjer hefir farið fram, vil jeg segja það, að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að halda því fram, að samvinnumenn sjeu eingöngu í Framsóknarflokknum. Þeir eru í öllum flokkum, og jeg get sagt það t. d. hvað mig snertir, að jeg tel mig bæði fylgjandi samvinnu og samkepni. Jeg get ekki skilið það, að nokkur maður sje svo heimskur, að hann hafi á móti samvinnu innan vjebanda þjóðfjelagsins, en jeg verð einnig að líta svo á, að samkepnin sje jafnnauðsynleg. Við keppum altaf að því að ná feti framar í þroska og fullkomnun heldur en feður vorir hafa gert, eða meðbræður vorir hafa náð. Það er ekki nema eðlileg og sjálfsögð skylda vor. Hvorki samvinnu nje samkepni má vanta. Við eigum að vera í samvinnu um það að keppast um að verða sem bestir ríkisborgarar.

**Jóhann Jósefsson:** Það þótti nokkur

nýlunda hjer í hv. deild, að hæstv. dómsmrh. sýndi sig skamma hríð og mælti þá til mín af allmiklum þjósti. Honum gramdist, er jeg benti á þann mannamun, er hann gerir sjer á hv. framsóknarmönnum í Nd. og þeim, sem breytingar þessar hafa borið fram í Ed. Það hefði raunar máske ekki verið þörf fyrir mig að taka upp þykkjuna fyrir þessa hv. þm., er það kom í ljós, að hann taldi till. Ed. mjög skynsamlegar og skýrar, af því að þær færðu úr lagi þær brtt., sem hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Mýr. höfðu borið fram og komið inn í frv. í Nd., auðvitað með aðstoð annara ágætra þm. Þetta er nú að vísu algert innanhússmál meðal stuðningsmanna stj., hvorn flokkinn eigi að telja gáfaðri. Hv. þm. Mýr. stóð hjer upp áðan og fór að tala um samvinnu og íhald eins og það væri eitthvað fjarskylt. Það er auðvitað vitleysa, eins og þegar hefir verið sýnt glögglega fram á. En það hefir komið fyrir oftar hjer í hv. deild, að hv. framsóknarmenn hafa staðið upp og barið sjer á brjóst að hætti Farisea og sagt: „Sjáið okkur, við erum hinir einu sönnu samvinnumenn, en íhaldsmenn mega ekki tala um neitt slíkt". Það er eins og skilyrðið fyrir því, að verða talinn samvinnumaður af þessum hv. þm., sje, að menn sjeu annaðhvort í einhverju kaupfjelagi eða útskrifaðir af samvinnuskólanum; en jeg hygg, að þeim væri betra að athuga málið dálítið nánar, áður en þeir raupa of mjög af samvinnuafrekum sínum. Hæstv. dómsmrh. tók í sama strenginn og þessir menn og ljet þá trú sína í ljós, að útgerðarmenn myndu ófáanlegir til samvinnu. Þó má hæstv. ráðh. vita það, að útgerðarmenn hafa þó nokkra samvinnu sín á meðal, þótt löggjafinn hafi ekki sett nein verndunarlög fyrir þá, eða þeir farið fram á neitt slíkt; en þessir menn myndu sennilega ekki vera taldir samvinnumenn á bók hv. þm. Mýr., og því munu þeir ekki eiga skilið neina vernd frá löggjafans hendi. Annars væri full ástæða til að spyrja hv. þm. Mýr., hvenær hann tali í alvöru eða svo, að hann vilji láta taka mark á því, sem hann segir í þessu máli, og hvenær ekki. Í fyrri ræðu sinni sagði hann, að frv. væri „stórskemt". Jeg skrifaði það eftir honum, en þegar dómsmrh. er búinn að tala og gefa honum tóninn — því að eftir pípu hans verður hv. þm. að dansa —, þá segir hann, að þetta sje aðeins formsatriði, en mannskapurinn er ekki svo mikill, að hann þori að standa við hin fyrri orð sín. Úr því að karlmenska hans er slík, er ekki heldur hægt að búast við því, að hv. þm. þori að standa upp og mótmæla eyðileggingu Ed. á brtt. hans.

Hæstv. dómsmrh. talaði um það, að ef frv. þetta gengi ekki fram nú á þessu þingi, myndi stj. ekki hirða mikið um það mál framar. Jeg held nú, að útvegsmenn hafi þegar fullreynt það, að gerðir stj. og stuðningsflokka hennar hjer á Alþingi hafa ekki orðið þeim til mikillar blessunar, enda er það svo, að ef Framsókn vinst í bili til fylgis við eitthvert mál, sem við stjórnarandstæðingar berum fram útgerðinni til hagsbóta, þá rísa jafnaðarmenn öndverðir gegn því, og hinir slá þá undan, eða láta málin sofna svefninum langa. Mörg slík dæmi mætti nefna, eins og t. d. fiskiveiðasjóðsfrv.,

sem nægur tími hefði verið til að afgreiða, ef hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. S.-M. hefðu ekki sjeð fyrir, að það frv. yrði svæft. Þetta hefði hv. 1. þm. S.-M. mátt vita, ef hann á annað borð kynnir sjer gang mála hjer á þingi. Þá mættu menn einnig minnast þess, að við afgreiðslu laga um búnaðarbankann drap hv. Framsóknarflokkur þá brtt., að bændur, sem reka smábátaútveg samhliða sveitabúskap, fái hjálp úr bankanum til beggja greina atvinnurekstrar síns. Þetta sýnir umhyggju Framsóknar fyrir sjávarútveginum. Þá mætti minnast á síldareinkasöluna og afdrif hennar, sem þegar eru farin að koma í ljós, en sem með tímanum munu sýna sig betur, og þá mun sjást, hvaða afleiðingar atgerðir framsóknar- og jafnaðarmanna í þeim málum hafa fyrir sjómannastjett þessa lands og aðra, sem eiga afkomu sína undir sjávarútveginum. Mjer þykir mikið fyrir, að hv. 1. þm. S.-M. skuli ekki hafa það lunderni til að bera, að hann rísi upp gegn gerðum Ed., og jeg hlýt að telja ólíklegt, að hugur fylgi máli hjá honum, þegar hann ræðir um þetta frv.

Þá kem jeg að ummælum hv. þm. Mýr., er hann sagðist vilja, að hásetar, sem síld ættu, tækju þátt í þessu, og beini því til hans og hv. 1. þm. S.-M., á hvað skömmum tíma þeir myndu treysta sjer til að koma á samvinnu um rekstur verksmiðjunnar meðal háseta og útgerðarmanna, þegar hv. 4. þm. Reykv. stendur á móti og hefir ráð sjómanna í hendi sjer. (**SÁÓ**: Hvaða sannanir eru fyrir því, að hann muni standa á móti?). Orð hans ættu að vera næg sönnun, ef taka má nokkurt mark á þeim, og hann hefir þegar látið álit sitt í ljós í þessu máli, en svo bætist það við, að hann er bæði á móti samvinnu og samkeppni, og öllu öðru en ríkisrekstri, eða svo lætur hann ávalt að minsta kosti. En ef til vill — og það er sennilegast — hefir hann enga skoðun og enga stefnu í þessu nema augnabliks-flokkshagsmunapólitík.

Hv. 1. þm. Skagf. benti rjettilega á, að þetta myndi ekki reynast svo auðvelt í framkvæmdinni, þar sem sjómenn væru ekki nema eitt og eitt sumar hjá sama fjelagi eða útgerðarmanni, en vel má vera, að þessir hv. þm. hafi sjeð einhvern óþektan möguleika til framkvæmda á samvinnu meðal þessa dreifða og hvarflandi sjómannahóps, og væri þá vel, ef þeir skýrðu frá því, sem þeim hefir hugkvæmst í málinu.

Þá vil jeg víkja að því aftur, er hv. þm. Mýr. taldi frv. stórskemt í fyrri ræðu sinni, en meinlaust í hinni seinni. Þær breyt. á frv., sem gerðar hafa verið í Ed., munu vera runnar undan rifjum jafnaðarmanna, en framsóknar-þm. hafast ekki að og ætla að láta þá eyðileggja þessi lög eins og þeir ljetu hina sömu menn stöðva frv. um fiskiveiðasjóðinn, — en þeir um það.

Að endingu vil jeg segja það, að jeg álít best, að hæstv. dómsmálaráðh. skifti sjer ekkert af útgerðinni. Honum mun um annað sýnna yfirleitt en að hafa góð áhrif á atvinnumál sjávarútvegsins, og ef til vill á atvinnumálin yfirleitt. Sagan mun bera vott um, hvaða afleiðingar það hefir, að þessi ráðh., sem er útsendari og raunverulegur flokksbróðir jafnaðarmanna, skuli eiga sæti í þess-

ari stj., og aumkunarverðan kalla jeg þann flokk þingbænda, sem er eða lætst vera starblindur fyrir því og styður þennan sósíalista til valda hjer á landi.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Hv. þm. Vestm. og hv. þm. Barð. hafa undanfarið sent mjer tóninn út af þessu máli, þó að undarlegt sje, eins og því er nú komið. Mjer skilst, að þetta hnútukast sje tilraun til þess að vekja nýjar deilur og langvarandi umr. og úlfúð um málið. Jeg hafði alls ekki vikið neinu að þessum hv. þm., heldur aðeins talað um málið sjálft, svo takmarkað sem mjer var unt. Þess vegna er mjer það ljóst, að framkoma þessara hv. þm. er ekki sprottin af neinu öðru en hneigð þeirra til þess að tefja fyrir málinu og spilla því, að það verði útkljáð á þessu þingi. Það er bert, að ef ekki tekst að afgreiða frv. óbreytt nú við þessa umr., þá verður afleiðingin sú, að málið fer í sameinað þing, og þá þarf ⅔ greiddra atkv. til þess að gera það að lögum. Jeg verð því að álíta, að ætlun þeirra sje einungis sú, að granda málinu; þetta er hreint og beint sú eina skýring, sem hægt er að gefa á framkomu þessara hv. þm.

Jeg tek mjer það ekki nærri, þó að þeir sieu að bregða mjer um hollustu við sósíalista. En þó get jeg tekið það fram, að gefnu tilefni, að jeg mun vera einn meðal þeirra þm. í mínum flokki, sem ekki er vanur að kasta hnútum að öðrum út af því, þó að þeir sieu í öðrum flokki, hvort heldur sem um er að ræða jafnaðarmenn eða íhaldsmenn. Jeg tel mjer skylt að styðja góð málefni, hvaðan sem þau koma eða frá hvaða flokki sem þau eru runnin. Þessi aðdróttun í minn garð, um að jeg sje á valdi sósíalista, er því einkennilegri, þar sem jeg mun flestum öðrum fremur í mínum flokki hafa rekist á þá og þeirra kröfur.

Þá er undarlegt að vera að brigsla mjer um, að verið sje að eyðileggja frv. um fiskiveiðasjóð Íslands í Ed.; þvílík fjarstæða, að álíta, að jeg geti haft áhrif á gang mála þar. Það getur ekki annað legið á bak við þessa ádeilu til mín en að jeg vilji spilla fyrir því, að þetta mál komist fram og teygja það út á hálkuna. En jeg hefi svo mikið að málinu unnið, að slík ásökun er fjarri öllum sanni. — Jeg ætla ekki að deila um einstök atriði í því frv., sem hjer liggur fyrir; jeg veit, að það er engin von til þess að fá því framgengt á þessu þingi, ef það verður ekki samþ. óbreytt eins og það er nú. Og þá er vissulega stefnt í voða, þar sem miklu fje hefir verið kostað til undirbúnings verksmiðjubyggingunni, og búast má við, að síldarútvegurinn kunni að stöðvast að meira eða minna leyti, ef verksmiðjan kemst ekki upp.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði af sanngirni og hreinskilni um þetta mál; hann taldi ekki svo mikla galla á frv., að ástæða væri til að stöðva það. Fyrir þetta vil jeg votta honum maklega viðurkenningu, þó að hann sje ekki samflokksmaður minn.

Nú hefi jeg lokið mínu máli og ætla að lofa þeim hv. þm. Vestm. og hv. þm. Barð. að halda áfram málþófinu óáreittum. Jeg ætla ekki að svara þeim oftar, nema þeir beri á mig

þær sakir, að mjer þyki ástæða til að láta dómstólana skera úr þeim.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það er aðeins stutt aths. Hv. þm. Vestm. spurði um það, hvenær jeg talaði í alvöru. Jeg skal trúa honum fyrir því, að jeg tala hjer altaf í alvöru í hverju máli, enda þótt mjer sýnist ekki ástæða til að taka þátt í því þófi, sem hann nú hefir til stofnað í þessu máli. — Út af því, sem hann sagði, að jeg væri kominn í mótsögn við sjálfan mig, þá skal jeg benda honum á, að það er hægt að breyta minni háttar formsatriðum frv., enda þótt grundvöllurinn sje óbreyttur. Meginbreytinguna, sem sett var inn í frv. hjer í Nd., um að verksmiðjuna mætti selja samvinnufjelagi síldarútvegsmanna, hefir Ed. látið standa, enda þótt margir hv. þm. í Ed. væru óánægðir með ýms fyrirkomulagsatriði þessa máls, ekki síður en þeir, sem hjer hafa talað. Jeg sje ekki betur en að aðalkjarni þeirrar samkomulagstill., sem samþ. var hjer í Nd., standi óbreyttur; og þess vegna á ekki að leggja stein í götu þess vegna formsbreytinga.

Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Vestm. töluðu um heimildina fyrir því, að hásetar á síldveiðiskipum megi vera í þessum samvinnufjelagsskap, skal jeg geta þess, að jeg sje ekki, að það þurfi neitt að spilla fyrir. Þó að sumir af þeim kunni að hverfa frá því aftur eftir stuttan tíma, þá er það alstaðar svo, að menn skifta um störf og viðskiftasambönd. Enda býst jeg við því, að meginþorrinn af útvegsmönnum og hásetum haldi áfram að starfa og vera reglulegir fjelagsmenn frá ári til árs. Þó að nokkur hluti af hásetum verði einskonar lausaliðar í fjelagsskapnum og óski ekki eftir að vera þar nema stuttan tíma, þá er ekkert við því að segja.

Jeg skal ekki fara langt út í þær deilur, sem hv. þm. Vestm. innleiddi hjer við þessa umr. Hann talaði um, að jeg þyrfti að dansa eftir pípu hæstv. dómsmrh. Hann er sjálfur eldri þm. og flokksmaður heldur en jeg og þekkir því vafalaust af eigin reynslu „dansinn í Hruna". En þó að þingmenn styðji sína eigin stj. að málum, þá má hann kalla það hverju nafni sem hann vill. En hitt get jeg fullvissað hv. þm. um, að jeg mun seint dansa eftir þeim íhaldsþokulúðri, sem hann er sí og æ að túða í hjer í deildinni, þótt hann öðruhverju sje að reyna að bregða þar fyrir sig samvinnusöng — því að það verða aldrei nema „falskir tónar".

**Jóhann Jósefsson:** Jeg þarf aðallega að standa upp til þess að bera af mjer sakir; að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að deila lengi við þá tvo hv. þm., sem síðast töluðu. Hv. þm. Mýr. hefir gert lítið úr samvinnuáhuga okkar íhaldsmanna, en jeg hefi þó verið að sporna við því, að borið yrði út hans eigið afkvæmi hjer í deildinni. En það er ekki að búast við, að mjer takist að varna því, þegar hann berst sjálfur á móti og reynir nú að drepa sína eigin till.

Hv. 1. þm. S.-M. þótti svo langt gengið og bar sig svo illa undan því að þurfa að tala í þessu máli, að hann kvaðst ekki eiga annað eftir en að leita til aðstoðar dómstólanna.

Það er annars full von til þess um svo skýran og gegnan þm., að hann kunni því illa þegar honum er bent á, hvernig hann hefir orðið að láta í minni pokann fyrir jafnaðarmönnum. Að því er snertir frv. um fiskiveiðasjóð Íslands, þá er það augljóst, að það verður nú látið sofna í Ed., af því að vinir hans jafnaðarmenn eru því frv. mótfallnir. Það hefði vitanlega komist fram í Ed., ef framsóknarmenn hefðu veitt því fylgi, þar sem íhaldsmenn voru allir með því. — Þetta veit hv. þm. eins vel og ég. (**SvÓ:** Á ég að bera ábyrgð á þessu?). Jeg kvaddi mjer hljóðs sjerstaklega til þess að mótmæla beirri ásökun hv. 1. þm. S.-M. til okkar íhaldsmanna, að við töluðum á móti þeim skemdum, sem gerðar hefðu verið á frv. í hv. Ed., aðeins vegna þess, að við vildum granda málinu. Þetta eru mestu fjarstæður. Okkur er það vel ljóst, að síldarútvegnum er það hin mesta nauðsyn, að verksmiðjan verði reist. Og ásökun hans um, að við viljum stuðla til þess, að frv. verði felt í sameinuðu þingi, er algerlega röng og gripin úr lausu lofti. En hv. Ed. hefir farið svo með hau ákvæði, er snertu stofnun samvinnufjel. síldarútvegsmanna, að sú heimild er með öllu gagnslaus eins og hún er nú í frv., og það er þetta, sem jeg og aðrir íhaldsmenn í þessari hv. deild höfum ekki viljað una við, og hlotið óþökk „samvinnumannanna" hjer fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 679 felld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PO, SE, JJós, JAJ, JS, MG, MJ,

**nei:** SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JÓl, JörB, LH, MT, BSv.

Fjórir þm. (EJ, HK, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 688).

## 52. Einkasala á síld.

Á 7. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld** (þm.-frv., A. 39).

Á 10. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Erlingur Friðjónsson):** Eins og kunnugt er, afgreiddi síðasta þing lög um einkasölu á síld; en við framkvæmd þeirra laga hefir það komið fram, að nauðsynlegt er að gera á þeim ýmsar breyt. Þess vegna er þetta frv. fram komið. Stj. og framkvæmdastjórar síldareinkasölunnar telja brýna þörf á bessum breyt.

Tilgangur einkasölulaganna er sá, að safna undir söluvfirráð einkasölunnar allri beirri síld, sem veidd er á íslensk skip og verkuð til útflutnings. En ákvæði laganna um þetta efni eru ekki nægilega skýr. A. m. k. eru möguleikar á því, og hefir jafnvel eitthvað verið að því gert, að selja síld út fyrir landhelgina og stofna með beim hætti til samkeppni við einkasöluna. Frv. á m. a. að ráða bót á þessu.

Söltun síldarinnar hefir hingað til

verið í höndum einstakra manna, sem veitt hafa síldina eða keypt til söltunar. En nú er ætlast til, að einkasalan sjálf taki í sínar hendur umráð söltunarinnar. Vöndun á verkun síldarinnar er nú ekki eins góð og æskilegt væri. En stj. einkasölunnar telur líklegt, að hægt væri að ráða bót á henni, ef einkasalan fengi meiri yfirráð yfir söltuninni en hún hefir nú samkv. lögunum.

Það var eigi gert ráð fyrir því í einkasölulögunum frá síðasta þingi, að einkasalan sjálf útvegaði tunnur og salt. En í framkvæmdinni fór þetta svo, að hún útvegaði meira en helming þess, sem með þurfti af þeim vörum, þó í lögunum væri aðeins heimild fyrir einkasöluna til að aðstoða við slík innkaup. En þetta stafar af því ástandi, sem áður var. Þá höfðu útlendingar þetta alt í sínum höndum; enda hefðu innlendir framleiðendur orðið að leggja fram miklu meira fje en þeir gerðu, ef svo hefði ekki verið. Og eftir að einkasalan var tekin til starfa kom það í ljós, að fæstir útgerðarmenn voru þess megnugir að leggja fram fje til þessara innkaupa, sem útlendingar höfðu áður með höndum. Hefði einkasalan ekki hjálpað þeim til þess, mundi miklu minna hafa verið saltað af síld en varð í sumar, og afleiðingarnar orðið stórtjón fyrir framleiðendur og verkafólk.

En úr því að reynslan hefir sýnt, að þetta þarf að gera, teljum við flm. frv., að einkasalan verði að fá heimild til þess í lögum. Eins og kunnugt er, þá er þetta nýja skipulag eigi sterkara en svo, að einkasölunni er ætlað að starfa án rekstrarfjár. Hún hefir enga samábyrgð og ekkert hlutafje. Slíkt getur ekki gengið til lengdar. Í frv. er farið fram á, að ríkið aðstoði hana með nokkurri ábyrgð, til að forða fyrirtækinu frá verstu fjárkröggum. Það vill nú svo vel til, að síldarútvegurinn á talsverða hönk upp í bakið á ríkinu, því að hann hefir hingað til verið skattlagður mun meira en aðrir atvinnuvegir. Af síldarafurðum er nú greitt miklu hærra útflutningsgjald en öðrum útflutningsvörum. Það er því eigi óeðlilegt, að ríkið veiti einkasölunni einhvern fjárhagslegan stuðning, á meðan hún er að koma fyrir sig sjóðeignum. Ennfremur er gert ráð fyrir því í frv., að framlög verði meiri til sjóða heldur en ákveðið er í lögunum. Nái sjóðirnir að eflast, verður minni þörf ríkisábyrgðarinnar.

Jeg sje svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira um frv. við þessa umr. Jeg geri ráð fyrir, að því verði vísað til sjútvn., þar sem við flm. þess eigum báðir sæti, og að við fáum bæði þar og við 2. og 3. umr. tækifæri til að skýra það nánar. Jeg endurtek svo uppástungu mína um, að frv. verði vísað til sjútvn.

**Jón Þorláksson:** Jeg þarf varla að taka það fram, að jeg er andvígur stefnu þessa frv. að því leyti, sem það gengur lengra en áður var gert í því að draga undir ríkið atvinnurekstur, sem einstakir menn hafa haft með höndum. Þessa stefnu tel jeg alranga. En hjer fer eins og oftar, að ein syndin býður annari heim, og þegar búið er að stíga fyrsta sporið, hættir mönnum jafnan við að stíga það næsta. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fara langt út í þetta mál nú við 1.

umr. Jeg vil þó ekki láta hjá líða að benda á það, að frv. felur í sjer viðurkenningu á einu atriði, sem mjög mælir gegn ríkisrekstri. Niðurstaðan af slíkum rekstri verður jafnan sú, að ríkissjóður missir tekjur af atvinnurekstrinum, sem hann hafði meðan atvinnureksturinn var í höndum einstaklinga.

Nú fer þetta frv. fram á að svifta ríkissjóð ⅔ af síldarútflutningsgjaldinu; get jeg raunar hugsað, að það sje nauðsynlegt handa þessu óheppilega fyrirtæki, að það fái að seilast í ríkissjóðinn, svo að afkoman stingi minna í stúf við það, sem áður var. En í mínum augum er þetta ákvæði góð sönnun þess, hvernig fer þegar einstaklingarnir eru sviftir umráðum og rjetti til atvinnurekstrar.

**Flm. (Erlingur Friðjónsson):** Jeg held, að hv. 3. landsk. hafi skotið yfir markið, þegar hann var að tala um, að yfirráð atvinnurekstrarins hefðu verið dregin úr höndum innlendra einstaklinga yfir til ríkisins. Það, sem hjer hefir gerst, er ekki annað en að yfirráð síldarsölunnar hafa verið dregin úr höndum útlendra leppa og fengin innlendum mönnum í hendur. Sama er að segja um söltunina, að hún hefir verið að miklu leyti í höndum útlendinga og ýmsra innlendra umboðsmanna þeirra. Á meðan íslenskir einstaklingar hafa yfirráð veiðinnar, er ekki hægt að segja, að nein völd sjeu dregin úr þeirra höndum, því að lengra hafa yfirráð þeirra sjaldan náð á undanförnum árum. En jafnvel þó að eitthvað væri af þeim tekið, rjettlætir ástandið það fyllilega; það hefir undanfarin reynsla ljóslega sannað.

Þá talaði hv. 3. þm. landsk. um tekjumissi ríkissjóðs. Það er rjett, að frv. fer fram á að minka tekjur ríkissjóðs frá því, sem verið hefir. En hjer er þó ekki farið fram á, að gjöld af þessum atvinnurekstri verði minni en af öðrum atvinnurekstri, sem rekinn er af landsmönnum. Jeg skal benda á, að þó að frv. verði samþ., hvílir samt sem áður 50 aur. útflutningsgjald á hverri síldartunnu, en það mun í flestum tilfellum vera meira en 1½%, sem greitt er af öðrum útfluttum afurðum.

Væntanlega gefst okkur hv. 3. landsk. tækifæri til að tala nánar um þessi atriði við 2. og 3. umr. þessa máls.

**Jón Þorláksson:** Jeg bjóst satt að segja ekki við, að hv. flm. færi að bera á móti því, að síldareinkasalan sje ríkisfyrirtæki. Það verður hún alveg ótvírætt eftir þessu frv., og var það vitanlega síðastl. ár, þar sem öll yfirráð hennar voru í höndum ríkisstj. og þingmeirihlutans. (**EF:** Finst þm. þetta vera ríkiseinkasala?).

Það er ekki rjett hjá hv. þm. Ak., að engin yfirráð muni verða dregin úr höndum íslenskra einstaklinga. (**EF:** Jeg sagði lítil). Mjer er kunnugt um, að síldarsöltun og kryddsöltun var að miklu leyti í höndum innlendra manna síðastl. sumar, jafnvel þó að sumir síldarsaltendur drægju sig í hlje vegna ótta við afkomu einkasölunnar. En hvernig sem ástandið hefir verið, þá fer frv. a. m. k. fram á að taka fyrir eðlilega aukn-

ingu á starfsemi innlendra manna, með því að lögbanna síldarsöltun einstaklinga.

Það er rjett, að 50 aurar af hverri síldartunnu samsvara fyllilega 1½% útflutningsgjaldi af öðrum sjávarafurðum. En jeg var að benda á það, að ríkissjóði er ekki ætlað að fá nema ⅓ hluta af því, sem atvinnuvegurinn þó á að bera. Jeg man ekki betur en að hv. flm. flytti í fyrra till. um hækkun á útflutningsgjaldi á síld, og það var vitanlega ekkert annað en eðlilegt hagsmunaatriði fyrir þá, sem við síldarútveg fást. En hjer er alt annað á ferðinni. Gjöldin á atvinnuveginum eiga ekki að lækka neitt, en ríkisrekstrartilhögunin á að kosta það, að ríkissjóður missi ⅔ tekna sinna. Í þessu liggur ágæt viðurkenning hv. flm. á því, hve miklu ljelegri sú tilhögun er, sem hjer er stungið upp á.

**Flm. (Erlingur Friðjónsson):** Jeg vil benda hv. 3. landsk., þegar hann var að tala um yfirráð íslenskra framleiðenda yfir þessum atvinnurekstri, á ummæli eins stærsta síldarkaupmannsins í Svíþjóð, er sendimaður einkasölunnar fann að máli í fyrra vor. Hann sagði eitthvað á þessa leið: „Jeg hefi altaf búist við því, að Íslendingar vildu taka síldarsöluna í sínar hendur úr höndum Svía, þar sem hún hefir verið áður". Þessi síldarkaupmaður leit ekki svo á, að verið væri að taka söluna úr höndum íslenskra framleiðenda, heldur úr höndum Svía.

Hv. 3. landsk. gaf í skyn, að það bryti í bága við till. mína í fyrra um niðurfærslu á útflutningsgjaldi af síld, að hjer er farið fram á, að ⅔ gjaldsins renni í varasjóð einkasölunnar. Jeg fæ ekki sjeð, að hjer sje um mikinn eðlismun að ræða, þar sem í báðum tilfellum kemur þetta sömu mönnum til hagsbóta, á öðrum staðnum sem eftirgjöf á tolli, en á hinum staðnum sjóðmyndun til styrktar framleiðendum, sem við síldarútveginn fást. Hv. 3. landsk. hefir því áreiðanlega reiknað þetta dæmi sitt rangt, eins og stundum fyrri.

**Jón Þorláksson:** Jeg held, að þeim, sem greiða eiga kr. 1.50 af hverjum 100 kg., þyki það mesti munur, hvort þeir greiða alt eða ⅓, þótt þeir sjeu huggaðir með því, að ⅔ sje varið ríkisfyrirtækinu til hagsbóta. Þeir gætu máske sjálfir varið þeirri upphæð atvinnurekstri sínum til meiri hagsbóta en að leggja það í varasjóði síldareinkasölunnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 39. og 40. fundi í Ed., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 39, n. 193 og 279, 278).

**Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson):** Sjútvn. hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. n., hv. 2. þm. S.-M. og jeg, leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. leggur á móti frv., án þess að gera

við það nokkrar breyt. Við 1. umr. fór jeg ítarlega út í þetta mál, svo að jeg tel ekki nauðsynlegt að halda um það langa ræðu nú, nema sjerstakt tilefni gefist til þess. En þar sem komið hafa fram brtt. frá tveim hv. dm. við frv., vil jeg leyfa mjer að fara um þær nokkrum orðum.

Þessar brtt. eru á þskj. 278 og eru mjög vingjarnlegar í garð málsins. Það er ekki farið fram á að breyta þeim tilgangi, sem felst í frv., heldur er aðeins stungið upp á að orða greinar frv. á annan hátt en þar er gert, og ef til vill gera þær skýrari að ýmsu leyti. Jeg býst við, að jeg muni geta greitt flestum þessum brtt. atkv., en þó líklega ekki öllum.

Fyrsta brtt. er þess efnis, að síðari málsgr. 1. gr. frv. verði orðuð á annan veg en í frv. er gert. Breyt. er aðallega í því fólgin, að í stað þess að í frv. stendur, að síldareinkasalan eigi að taka að sjer alla söltun síldar, sem ætluð er til útflutnings söltuð eða verkuð, sje aðeins heimilt fyrir einkasöluna að gera betta, ef framkvæmdarsti. telji það hagkvæmt vegna rekstrarins. Jeg sje enga ástæðu til að vera á móti slíku. Heimildin er svo rúm, að einkasalan getur gert þetta, ef henni sýnist, alveg á sama hátt eins og ef hún hefði skyldu til að taka söltunina í sínar hendur.

Önnur brtt. er um, að 2. gr. falli niður. En í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að framkvæmdarstjórar sieu 1—3; samkv. síldareinkasölulögunum eiga þeir að vera 3. Jeg sje ekki ástæðu til að hafa á móti því, að betta brevtingarákvæði í frv. falli niður, því að jeg tel fulla nauðsyn á því, að framkvæmdarstjórar sjeu a. m. k. 2, en að sjálfsögðu er það ekki til skaða, að mannaráð sjeu sem mest og best.

Þriðja brtt. er við 4. gr. Hún er aðallega í því fólgin, að takmarka ríkisábyrgð handa einkasölunni. Takmörkin eru þau, að ábyrgð ríkissjóðs skuli aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. kr. Þetta hefði eftir frv. getað orðið hærra, en þó eru þar sett skýr takmörk fyrir því, hve ábyrgðin getur orðið há, því að það er gert ráð fyrir, að hún nemi aldrei hærri upphæð en sem svarar 18 kr. fyrir hverja fullverkaða tunnu síldar.

Það er ekki langt á milli frv. og till. þessara, og geri jeg því ráð fyrir, að meiri hl. sjútvn. geti gengið inn á þessar breyt., þó hann hafi í nál. lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Þá er það 4. brtt., við 6. gr., sem fer fram á, að tillag síldareinkasölunnar í varasjóð verði hækkað úr ¼% upp í 1¼%, og er það miðað við, að síðari málsgr. 6. gr. frv. falli niður, þar sem ákveðið er, að ⅔ hlutar af núgildandi útflutningsgjaldi renni í varasjóð einkasölunnar, ef frv. verður samb. Það er vitanlega til mikilla bóta að hækka tillagið til varasjóðs, fyrst hv. deild vill láta þessa málsgr. 6. gr. falla niður. En jeg get ekki verið samþykkur því, að síðari liður 6. gr. falli niður, og greiði því atkv. á móti þessari brtt. En jeg skil það vel, að eftir atvikum vilji hv. þm. ekki missa þessar tekjur frá ríkissjóði, og þess vegna fara þeir þessa leið með brtt., að hækka það framlag, sem rennur frá einkasölunni í varasjóð, en vilja fella niður þá till.

í frv., að ⅔ af útflutningsgjaldinu renni í varasjóð einkasölunnar.

Þá er 5. b-tt. viðauki við lögin og bætist aftan við 8. gr. frv., þess efnis, að útflutningsnefndarmenn, umboðsmenn og skrifstofufþjónar einkasölunnar megi ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar. Þetta nýmæli er í samræmi við það, sem kom fram í lögunum í fyrra um framkvæmdastjórana. Jeg get fallist á þessa till. og finst það eðlilegt, að starfsmenn einkasölunnar og stjórnendur hennar megi ekki hafa með höndum neitt það, sem gerir þá „interesseraða" í verði síldarinnar.

Jeg hefi ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. En þó vil jeg aðeins minnast á nál. minni hl. sjútvn. á þskj. 279, og hygg, að jeg geti þá sparað mjer að taka aftur til máls við þessa umr. Minni hl. leggur á móti frv., og verður það helst skilið á áliti hans, að það sje óþarft og horfi til hins lakara að hafa skipulag á síldarsölunni. Það nægir að svara þessu með því að benda á, að þeir menn eru sárfáir, sem eigi viðurkenna, að fullkomin nauðsyn hafi verið á því að taka síldarsöluna þeim tökum, sem gert var í fyrra og farið er fram á í þessu frv. nú. Jeg veit ekki betur en að nauðsyn þess hafi verið svo mikil, að á meðal útgerðarmanna, sem fást við síldarútveg, sjeu sárfáar raddir, sem kjósa aftur það skipulagsleysi á þessum atvinnuvegi, sem áður var, og hefir þeim þó gengið erfiðar en flestum öðrum að skilja nauðsyn skipulags í þessum efnum. Hv. þm. Snæf. mun því vera nokkurnveginn einstæður um þessa skoðun. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta og tek ekki til máls aftur, nema sjerstök ástæða verði gefin til þess.

**Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson):** Eins og sjest á nál. minni hl., hefi jeg ekki getað orðið sammála hv. meiri hl. sjútvn. um frv. — Eins og nál. ber með sjer, lít jeg svo á, að lögin frá síðastl. ári sjeu óaðgengileg og meingölluð. Og þetta frv. er síst til þess lagað að bæta úr lögunum, en gerir þau til muna óaðgengilegri en þau eru nú.

Í þessu frv. er í fyrsta lagi ætlast til þess, að einkasalan hafi sjálf með höndum alla verkun síldarinnar, sem ætluð er til útflutnings. Önnur aðalbreyt. er svo afleiðing af hinni, þannig að einkasalan á sjálf að annast innkaup á tunnum og salti. Þriðja aðalbreyt. er sú, að ríkissjóður gefi einkasölunni eftir ⅔ hluta af útflutningsgjaldinu á síldinni.

Um tvær hinar fyrtöldu breyt. er það að segja, að þær eru varhugaverðar bæði fyrir útgerðarmenn og einkasöluna sjálfa. Það er langt gengið, þegar útgerðarmönnum er bannað að salta síld og nota verkafólk sitt við síldarverkun; og ekki er síður langt gengið með því að meina þeim að kaupa tunnur og salt þar, sem þeir telja sjer það haganlegast. Afleiðingin yrði sú, að þeir fengju minna fyrir síldina en ella. Og þegar litið er á þetta frá hálfu einkasölunnar, hlýtur það að teljast varhugavert. Einkasalan á ekki að vasast í öðru en því, sem nauðsyn krefur. Það er óþarfi, að hún bindi fje fast í verslun með salt og tunnur og sje gerð að ánættusamara fyrirtæki en bein ástæða er til. — Og 3. atriðið, að ríkið gefi einkasölunni

eftir ⅔ af útflutningsgjaldi síldarinnar, sem mun eigi nema minna en 200 þús. kr., þó það sje auðvitað dálítið mismunandi, virðist ekki á nokkurn hátt aðgengilegt. Jeg get að vísu viðurkent, að síldartollurinn er nokkuð hár, og óeðlilega hár, borið saman við útflutningstoll af öðrum vörutegundum. Gæti því verið ástæða til að lækka hann, og sennilega hefði jeg orðið því fylgjandi, ef komið hefðu fram heildarbreyt. á frv. sjálfu, á þann hátt, að tolllækkunin hefði komið útgerðarmönnum sjálfum að notum, sem tollinn greiða. En hjer á að kippa tollinum úr ríkissjóði, án þess að gjaldþegnar njóti nokkurs við það og verði varir við lækkunina. Þetta er í hæsta máta ósanngjarnt.

Þá liggja fyrir brtt. frá hv. 6. landsk. og 2. þm. N.-M. á þskj. 278; og í 4. brtt. b-lið á því þskj. er farið fram á, að þetta ákvæði verði felt burtu úr frv., og mun jeg ljá þeirri till. atkv. mitt, því að hún er heilbrigð. En um hinar brtt. á sama þskj. er það að segja, að þær eru ýmist svo óákveðnar eða loðnar, að þær bæta ekkert úr göllum frv. Í fyrstu brtt. er sagt: „Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdastjórnin telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sje síldin útflutningshæf að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdastjórnin sjer þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma". Þetta er svo óákveðið, að það má búast við sömu framkvæmdum, hvort sem samþ. verður brtt. eða frv. Hinar brtt. draga ekkert úr göllum frv. Jeg mun því aðeins greiða atkv. með b-lið 4. brtt. á þskj. 278, en á móti hinum öllum, og legg að öðru leyti til, að frv. verði felt.

**Jón Jónsson:** Jeg hefi leyft mjer ásamt hv. 2. þm. N.-M. að flytja brtt. við frv. á þskj. 278. Í fyrstu grein frv. þykir okkur kveðið fullfast að orði, að ákveða, að síldareinkasalan skuli taka við allri síld ferskri til útflutnings. Teljum við nægilegt, að einkasalan hafi fullan rjett eða heimild til þess að heimta síldina ferska af þeim, sem veiðileyfi hafa, þegar ástæða þykir til og nauðsyn krefur. Gerum við ráð fyrir, að aðalreglan verði, að framkvæmdarstjórn einkasölunnar semji við þá, sem veiða síldina, um söltun. Eftir því sem starfsmenn einkasölunnar skýra frá, hafa orðið misbrestir á söltun og flokkun síldarinnar á síðastl. ári. Þess vegna er heimildin nauðsynleg. En við ætlumst til, að hún verði notuð með gætni, og þess vegna vildum við ekki kveða fastar að orði.

Um 2. brtt. er það að segja, að við gerum eigi ráð fyrir, að það sje heppilegt að fækka framkvæmdastjórum síldareinkasölunnar, og leggjum því til, að 2. gr. frv. falli niður. — Þriðju brtt. teljum við þýðingarmikla. Hún er um að takmarka ábyrgðarheimild frá ríkinu fyrir lánum til einkasölunnar við það, að ábyrgðarupphæðin og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals eigi hærri upphæð en 500 þús. kr. Ábyrgð ríkissjóðs á að gilda til ársloka 1930. Þetta teljum við nauðsynlegt ákvæði, því að frv. er í þessu efni of glæfralegt. Okkur er það

vel ljóst, að einkasalan þarf á miklu rekstrarfje að halda, og viðurkennum, að ríkið verði í byrjun að greiða fyrir veltufjárútvegun með einhverri ábyrgðarheimild. En í því efni verður að fara afskaplega varlega, og teljum við, að það sje gert með till. okkar.

Ef 4. brtt. okkar verður samþ., viljum við treysta á það, að einkasalan fái rekstrarfje í framtíðinni með auknum varasjóði. Við leggjum því til, að gjaldið til varasjóðs einkasölunnar verði hækkað úr ¼% upp í 1¼%, svo að tekjur hans mundu þá verða um 60 þús. kr. á ári, eftir því sem reynslan var í sumar. Ætti það fljótlega að geta orðið álitleg upphæð til rekstrar einkasölunni.

Stærsta brtt. er við 6. gr., um að síðari málsgr. hennar falli niður. En samkv. þeirri málsgr. er ætlast til, að ⅔ hlutar af útflutningsgjaldi síldarinnar til ríkissjóðs renni framvegis í varasjóð einkasölunnar. Það mundi nema hátt á annað hundrað þús. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, og er það meira en ríkissjóður má við að missa. Það mun of hátt áætlað hjá hv. þm. Snæf. að telja það 200 þús. kr. — Kemur það óneitanlega úr hörðustu átt, að forvígismenn og formælendur einkasölunnar, sem mesta trú hafa á því fyrirkomulagi, skuli leyfa sjer að fara fram á svo stórfelda lækkun á síldartollinum samhliða því, að sölufyrirkomulagið er stórbætt að þeirra dómi. Þennan lið gr. viljum við fella niður.

Loks er 5. brtt. okkar þess efnis, að þeir, sem eru í útflutningsnefnd einkasölunnar, umboðsmenn hennar og skrifstofuþjónar megi ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar. Álítum við óheppilegt, að trúnaðarmenn einkasölunnar hafi einkahagsmuna að gæta í sambandi við hana og viljum útiloka, að hlutdrægni geti komist þar að.

Hv. frsm. meiri hl. talaði hlýlega um flestar brtt. okkar og andæfði aðeins b-lið 4. brtt., eins og búast mátti við. En sú till. fjekk aftur stuðning hv. frsm. minni hl., svo að jeg geri ráð fyrir, að brtt. okkar sigli gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 278,1 samþ. með 8:2 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 278,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 278,3 samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 8:5 atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 278,4.a samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 278,4.b samþ. með 8:4 atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 278,5 samþ. með 8:3 atkv.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

9.—10. gr. (verða 8.—9. gr.) samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

Á 43. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 317).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:6 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 317).

Á 50., 52., 56. og 58. fundi í Nd., 20., 23. og 29. apríl og 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

**Jóhann Jósefsson:** Þegar síðasta þing var í þann veginn að afgreiða lögin um einkasölu á síld, hjeldum við því fram, sem vorum í minni hl. sjútvn., að óvarlegt væri að láta einkasölulögin koma til framkvæmda fyr en landið rjeði yfir nýrri síldarverksmiðju. Og þessu hjeldum við sjerstaklega fram með tilliti til bátaútvegsins, af því að vitanlegt er, að fjöldi landsmanna á afkomu sína undir bátaútvegi síldveiðanna. Jeg held nærri, að óhætt sje að segja, að sá ótti, sem fram kom hjá okkur fyrir afleiðingum síldareinkasölunnar fyrir reknetabáta, hafi ekki reynst ástæðulaus. Að vísu eru ekki fyrir hendi öll þau gögn, sem þurfa til þess að fá ljósa mynd af því, hvernig þetta fyrirkomulag hefir reynst. T. d. hefi jeg heyrt, að einn forstjóri síldareinkasölunnar hafi gefið út einskonar starfsskýrslu fyrir árið, en sjútvn. hefir ekki verið sýnd sú kurteisi að senda henni skýrsluna. Var þó ekki nema eðlilegt, að sjútvn. Alþingis væri send skýrsla um jafnstórfelda starfsemi og síldareinkasalan er. Um reikninga hennar verður ekkert sagt, því að enn hafa þeir ekki verið birtir opinberlega.

Jeg vjek að því áðan, að fyrirkomulag þetta hefði ekki reynst vel, en sjerstaklega hafa þó reknetabátarnir borið þar skarðan hlut frá borði. Því hefir verið haldið fram með tilliti til markaðsverðsins í Svíþjóð, að á tímabili mundu öll líkindi hafa verið til, að hægt hefði verið að fá tuttugu krónur fyrir tunnuna af nýsíld, ef menn hefðu verið frjálsir um síldarverslun sína. Þessu hefir verið haldið fram a. m. k. í einu blaði, og ekki verið mótmælt, og sjálfur hefi jeg talað við útgerðarmenn, sem hafa staðfest þetta, og sumir segja jafnvel nú, að hægt hefði verið að fá 22 kr. fyrir tunnuna af nýsíld. Annars veit jeg ekki, hvort hægt sje enn sem komið er að tala um fullnaðarverð á síldinni, en eftir því, sem næst verður komist og kunnugir segja, þá mun það vera um 25 kr. á hverri tunnu saltsíldar. Liggur því í augum uppi, að eftir markaðsverðinu ytra hefir smábátaútvegurinn ekki haft annað en stóran óhag af þessu fyrirkomulagi enn sem komið er.

Það hefir verið talað um og spilað á þá strengi af þeim, sem fastast hafa haldið fram einkasölunni, að ólag hafi verið á þessum atvinnurekstri undanfarið og hann illa rekinn. Jeg neita því ekki, að þetta sje rjett að einhverju leyti, en þess verður þó að gæta, þegar sá dómur er upp kveðinn, að ekki tjái annað en hafa opinber afskifti af þessum atvinnuvegi, að hann er hvorttveggja í senn: ungur í fram-

kvæmdalífi þjóðarinnar og mjög stórfeldur, en landsmenn lítt reyndir í verslun.

En það er eitt um síldveiðarnar, sem allir vita, að það geta verið viss ár, kannske 2—3, sem lítið eða ekkert er upp úr þeim að hafa, en svo geta komið inn á milli tímabil, sem vinna upp tapið, þegar markaðurinn er góður, sem oftast nær er fyrir veiðibrest að einhverju leyti. Og það eru einmitt þessi ár, sem útgerðarmenn setja vonir sínar á, því að þau endurgreiða, ef vel er á haldið, tapið, sem orðið hefir á rekstrinum undanfarið. Og eitt slíkt ár kom í fyrra og hefði getað orðið útvegsmönnum til mikils hagnaðar, hefði einkasalan ekki verið þá tekin upp og menn verið frjálsir um að selja afla sinn. Þess vegna mun óhætt að fullyrða, að ef menn hefðu verið frjálsir um að selja afla sinn, þá hefði meira verið greitt út á síldina, þegar verðið stóð sem hæst, en lækkað kannske eðlilega á haustsíldinni, en þó aldrei dregið verðið eins langt niður eins og einkasalan gerði, enda mun hún hafa staðið í vegi fyrir því, að bátarnir fengju sæmilega borgun fyrir síld sína.

Eins og jeg sagði áðan, hefir engin starfsskýrsla einkasölunnar komið mjer fyrir sjónir nje sjútvn., svo að jeg veit ekki, hvaða afsökun forstjórarnir kunna að hafa sjer til afbötunar fyrir mistök á framkvæmd einkasölunnar og slæmt fyrirkomulag, sem bent hefir verið opinberlega á, bæði í blöðum og fyrirlestrum. Það er ekki nóg, að þetta fyrirkomulag, sem upp var tekið, stóð í vegi fyrir því, að framleiðendur nytu þess verðs, sem í boði var, heldur má og þar við bæta, að bent hefir verið á greinileg mistök hjá framkvæmdarstjórninni, og a jeg þar við þá fyrirframsamninga, sem gerðir voru um sölu síldarinnar og að allra dómi þótti hið mesta glapræði. Það er nú á allra vitorði, að það var síldareklan ein, sem bjargaði viðskiftamönnum einkasölunnar frá enn meira tjóni, sem hlautst af þessum fyrirfram gerðu samningum.

Hefðu Svíarnir getað fengið nóga síld keypta annarsstaðar, þá hefðu þeir haldið fast við, að þeim samningum væri fylgt, sem gerðir voru um sölu á stórsíld. En þeir gengu inn á að breyta stærðinni frá því, sem fram var tekið í samningunum, af þeim ástæðum, að ekki var annarsvegar kostur á að fá jafnmikla síld og þeir þurftu. Auk þess hefir verið bent á, að í þessum frægu samningum hafi kaupandinn átt að „godkende" vöruna, m. ö. o. það var lagt á vald kaupandans að meta, hvort varan væri markaðshæf eða ekki, en þar ofan á bættist svo, að kaupandanum var trygt það með „Prisfaldsgaranti", að ef verðið alment lækkaði, þá átti hann að njóta lækkunarinnar. Þó að verðinu væri í samningunum slegið föstu, þá var þó hægt að slaka til, því verðið getur lækkað alment, ef markaður fellur, og auk þess undir kaupandanum sjálfum komið, hvort hann álítur vöruna hæfa eða telji sig þurfa að standa við samninginn eða ekki. Jeg ætla ekki að orðlengja frekar um slíka frammistöðu sem þessa, enda hefir mikið verið um hana rætt í blöðum og hún vítt að maklegleikum.

Jeg hefi ekki selt síld til útlanda sjálfur að undanförnu, en sje þó, eftir öðrum afurðum, sem jeg hefi selt, að við værum algerlega á flæðiskeri

staddir með alla afurðasölu með því að viðhafa þessa sömu reglu, er stj. síldareinkasölunnar viðhafði sumarið 1928.

Nú er svo að sjá, sem stj. síldareinkasölunnar telji þörf á að herða meira á því valdi, er hún hefir yfir framleiðendunum, með nýjum lögum, svo að hún geti verið sem mest einráð. Afleiðingin verður þá sú, að einstaklingarnir missa yfirráðin yfir framleiðslunni í hendur fárra manna, sem þá fá einræðisvald yfir meðferð allri á þessari vöru.

Í lögunum í fyrra var gert ráð fyrir, að einkasalan gæti verið hjálpleg um að útvega viðskiftamönnum sínum tunnur. Þetta mun hafa verið gert í stærri stíl í fyrra en ætlast var til í öndverðu, enda hefir hv. þm. Ak. kannast við, að einkasalan hafi farið út fyrir þau vjebönd, sem lögin heimila henni í þessu efni. Hann tók fram, að einkasalan mundi hafa útvegað um helming þess tunnuforða, er síldarsöltunin útheimtir.

Þessi tunnupöntun var einkennileg. Hún var nær eingöngu gerð fyrir stórútgerðarmenn á Norðurlandi án þess að láta Sunnlendinga vita nokkurn hlut um það, eða gefa þeim kost á að vera með. Um miðjan júní var einn af forstjórum síldareinkasölunnar hjer á ferð, og þá gat hann þess, að pantaðar yrðu tunnur fyrir norðlenska framleiðendur og aðra, sem gæfu sig fram við hana. Þeir, sem þá gáfu sig fram af því að þeir höfðu frjett um þetta á skotspónum, og aðrir, sem af einhverjum ástæðum voru hátt settir hjá stj. einkasölunnar, gátu notað sjer þetta að einhverju leyti. Allir aðrir sunnlenskir framleiðendur urðu að vera án þess að njóta aðdrátta stj. einkasölunnar um kaup á tunnum, og fengu aldrei neinn ádrátt um það. Þegar forstjórinn var hjer á ferð, snemma sumars, skýrði hann frá því, að einkasalan gæti útvegað tunnur fyrir lægra verð en nokkur annar, og ef hún hefði virkilega getað það eða verið fær til þess að lána með góðum kjörum, þá hefðu flestir reynt að draga sig eftir því. Forstjórinn gaf í skyn, að von væri á annari pöntun seinna, en þá mundu tunnurnar verða dýrari. Forstjórinn sagði, að allir gætu haft aðgang að þessari seinni pöntun, sem mundi koma um mánaðamótin júní og júlí, en þá mundi hver tunna verða 1 kr. dýrari heldur en í fyrri pöntuninni. Var þá ekki nema eðlilegt, að útgerðarmenn færu að skoða sig um hönd, því að menn vissu, að í júlí mátti fá tómar tunnur frá Noregi fyrir 6 kr., en einkasalan hafði með þessu gefið í skyn, að þær mundu kosta 7 kr. hjá sjer. Svo þegar þessi seinni tunnupöntun kom, þá varð það svo í reyndinni, að hver tóm tunna kostaði kr. 6.80 og saltfylt tunna kr. 11,60, sem var 80 au. og kr. 1.10 hærra verð heldur en hjá einstökum mönnum, sem sendu sínar pantanir sjálfir.

Þetta er lítilsháttar sýnishorn af innkauparáðsmensku einkasölunnar, og er þar sjerstaklega tvent ámælisvert. Hún lætur gera innkaup fyrir einstaka menn, sem hún hefir einhverja sjerstaka velþóknun á, en gefur almenningi ekki kost á að vera með, og í öðru lagi hefir það sýnt sig í sumar, að hún er alls ekki fær um að

gera innkaup á tunnum svo frambærileg, að þau sjeu nokkuð í líkingu við þau innkaup, sem einstaklingar geta gert, eða þá að hún hefir notað einhvern millilið, sem hefir skattlagt kaupendurna, og að hið háa verð stafi af því. Nú fer einkasalan fram á það með þessu frv. að fá yfirráðin yfir tunnukaupum og söltun, og vill þannig taka alt frelsi af viðskiftamönnunum, svo að þeir geti alls ekki komist að góðum kaupum á tunnunum sjálfir. Þar að auki á einkasalan að fá einræði um alla söltun og flokkun síldarinnar. Því var haldið fram sem ástæðu fyrir þessu af flm. málsins í hv. Ed., að þetta væri gert til þess að fá meira samræmi í innkaupin og til þess að gera einkasölunni hægra fyrir með að hafa eftirlit með söltuninni. Hvað er þá orðið úr síldarmati, ef einkasalan sjer ekki önnur ráð til þess að hafa vöruna í lagi en að einoka söltunina? Það er einkennilegt, ef ekki er hægt að tryggja sæmilega meðferð vörunnar með því eftirliti, sem nú er.

Á Norðurlandi eru menn, sem eiga stórar síldarstöðvar og reka þar atvinnu sína sjálfir, og mjer finst það hart, ef einkasalan á nú að fá yfirráð þessara stöðva í sínar hendur og taka þau af mönnunum, sem hafa rekið þar atvinnu sína í mörg ár.

Hvað tunnukaupunum viðvíkur, þá verð jeg að segja það, að ef einkasalan reynist þar ekki betur en síðasta ár, þá virðist það vera lítill hagur fyrir viðskiftamennina að láta hana hafa þau með höndum. Flm. málsins í hv. Ed. hjelt því fram, að þetta væri nauðsynlegt til þess að samræma stærðina á tunnunum. Jeg held nú, að það sje einfalt atriði að ákveða, hvað tunnurnar skuli vera stórar, og þurfi ekki neina einokun til þess.

Það, sem stefnt er að með þessu frv., er einræði, óskorað einræði í viðskiftum útgerðarmanna og sjómanna við einkasöluna. Þeir mega veiða síldina, koma svo með hana og fleygja henni í einkasöluna án nokkurs íhlutunarrjettar. Það getur vel verið, að utanaðkomandi áhrif hjálpi einkasölunni á næstu árum, svo að stýrt verði hjá stórtjóni, og jeg vil vona það, en að því hlýtur að koma fyr eða síðar, að menn reka sig á það, að einkasalan er ekki til bóta, — því miður. Jeg segi því miður, því að þó að jeg sje á móti einkasölunni, þá tel jeg það illa farið, úr því að lagt var út á þessa braut, að hún skuli gera þeim erfiðara fyrir, sem helst þarf að hjálpa. Jeg á hjer við hinn mikla fjölda, sem stundar reknetaveiðar.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. fari í nefnd, og ef alt fer með feldu hjá stjórnarflokknum, þá verður það samþ. óbreytt eftir öllum sólarmerkjum að dæma. Jeg er mjög óánægður með það fyrirkomulag, sem er á því nú, og ætla mjer að koma síðar fram með brtt., sem stefna meira í lýðræðisáttina og minna í einræðisáttina. Það er fullkomin sanngirniskrafa, að sá mikli fjöldi manna, sem þarna á hlut að máli, fái einhvern íhlutunarrjett, því að hinir mörgu viðskiftamenn verða að fá tækifæri til þess að hafa áhrif á stj. einkasölunnar. Stj., sem nú er, er pólitísk yfirstj., og undirmennirnir eru auðvitað ráðnir af þessari pólitísku yfirstj. Það er ekki holt fyrir atvinnufyrirtæki, að svo sje ástatt. Það er ekki gott fyrir aðra en þá, sem fá þar einhver snöp, og það er alveg áreiðan-

legt og víst, að þjóðin sættir sig ekki við þetta til lengdar.

**Sigurður Eggerz:** Jeg hefi sjálfur ekki haft tækifæri til þess að rannsaka niðurstöðuna af rekstri síldareinkasölunnar nú í ár, en hv. þm. Vestm. hefir lýst henni, og sú lýsing er ekki glæsileg. Jeg stóð aðallega upp til þess að minna á það, að þegar einkasalan var hjer til umr. á síðasta Alþ., þá var ein af ástæðunum, sem færð var fram henni til stuðnings, að með henni væri hægt að takmarka söltunina og halda verðinu sæmilegu. Jeg tók það þá fram, að þessu takmarki væri ekki hægt að ná vegna þeirra, sem veiða utan við landhelgislínuna. Nú skilst mjer, að komin sje viðurkenning frá forstjórunum um það, að þetta sje ekki hægt, því að nú standa þeir í samningum við Norðmenn, og þeir samningar eru ljósasti vottur þess, að þeir finna til vanmáttar síns og sjá það, að þessu takmarki er ekki hægt að ná með einkasölunni einni saman, og þess vegna leita þeir samkomulags við Norðmenn. Þessir samningar vöktu nokkra eftirtekt nú fyrir skömmu, þegar jeg vakti athygli á þeim, og hæstv. stj. lofaði þá að láta rannsaka málið, og jeg vil vona, að það verði gert vel og rækilega. Jeg vil aðeins benda á það, að þessar samningatilraunir við Norðmennina eru hrein og bein uppgjöf einokunarpostulanna. Þeir ná aldrei neinu takmarki með þessari einokun sinni, og munu aldrei gera.

Þá var það annað atriði, sem jeg líka benti á í fyrra, en einokunarpostularnir hristu þá höfuðið, því að þá voru þeir ekki hræddir við að staðhæfa. Jeg sagði, að ekki væri hægt að láta einkasöluna starfa nema því aðeins, að hún fengi rekstrarfje, en einokunarpostularnir voru nú á alt öðru máli. Þeir sögðu, að jeg færi með eintóman hjegóma og einkasalan þyrfti ekkert rekstrarfje. En hvað er nú komið á daginn? Hver hefir reynslan orðið? Hún er sú, að á síðasta ári varð einkasalan að fá lán til tunnukaupa, og í þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er svo ákveðið, að ríkisstj. sje heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar. M. ö. o., fyrst var farið inn með litla fingur, en nú á að fara inn með alla hendina og draga ríkissjóðinn inn í áhættufyrirtækið. Allir hljóta að sjá, að það er ekki hægt að halda uppi svona fyrirtæki nema það hafi rekstrarfje, og það verður ekki gert án áhættu. Jeg ætla alls ekki að fara nú að nýju að prjedika á móti þessari skaðlegu braut, einokunarstefnunni, en því ver og miður, einokunarbakterían er nú búin að gagntaka alt of marga í þjóðfjelagi voru, og það mun sýna sig á sínum tíma, hvað heilladrjúgt það verður fyrir þjóðfjelagið. Á Norðurlöndum þekkist varla einokun og vitrustu fjármálamenn heimsins fordæma hana harðlega. Jeg vísa að öðru leyti til þess, sem jeg sagði á síðasta þingi um þetta mál, en hart er að vita það, að bændur í stjórnarflokknum skuli gjalda jákvæði við því, að ríkissjóðurinn verði fyrir þeirra atbeina dreginn inn í alla þá áhættu, sem fylgir síldarspekulationum.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg veit ekki, hvort það er ástæða til þess að

fara að lengja þessar umr., en jeg get þó tæpast setið hjá eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm. Vestm. Ekki af því, að það sje neitt óvanalegt eða nýstárlegt að heyra slíka ræðu, en það tjáir ekki að láta hana standa ómótmælta, þó ekki sje nema í þingtíðindunum, sem tiltölulega fáir lesa.

Hv. þm. Vestm. virtist alveg hafa gleymt því, hver ljóður var á síldarversluninni áður en einkasalan tók til starfa, og er þó ekki langt um liðið síðan. Hann tók svo til orða, að síldarverslunin hefði þá ekki verið laus við ýms bernskubrek, en lýsti ekkert nánar þessum „bernskubrekum" og virtist yfirleitt vera ánægður með þennan atvinnurekstur eins og hann var þá. Hv. þm. tók það fram, og gerði það alveg rjettilega, að stundum hefði orðið mjög mikið tap á þessari verslun, en svo hefðu aftur komið góð tímabil á milli, þegar síldveiði og verslun hefði verið rekin með miklum hagnaði. Hv. þm. tók svo til orða, að veiðibrestsárin hefðu verið sá tíminn, sem útgerðarmenn settu von sína til. Þá græddu þeir, en á góðu aflaárunum urðu þeir fyrir stórtöpum. Það er ekki hægt að fá gleggri sönnun en þessa fyrir því, hvílíkt feiknaólag var á þessum atvinnurekstri, þar sem mögru árin urðu að bæta upp þau feitu. Það er rjett, að yfirleitt var það svo, að á góðu aflaárunum voru töpin mest. Verslunin með þessa vöru var í þeim afskaplega ólestri vegna taumlausrar „spekulationar" og skipulagsleysis, að góður afli og mikill varð að hefndargjöf bæði fyrir verkafólkið, útgerðarmenn og síldarkaupmennina, þá fáu, sem innlendir voru.

Nú vil jeg taka það fram, að jeg er alls ekki ánægður með einkasölulögin. Þau eru að vísu spor í rjetta átt, en það spor er of skamt. Einkasalan er eiginlega hvorki fugl nje fiskur. Hún er ekki ríkisfyrirtæki, og hún er heldur ekki samvinnufjelag. Er því hætt við, að tremur verði litið á hag útgerðarmannanna, sem teljast eiga að bera ábyrgð á fjárreiðunum, en minna hugsað um þörf þeirra, sem atvinnuveginn stunda, verkamanna og sjómanna. Með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, eru gerðar nokkrar umbætur, en þó ekki eins miklar og æskilegt væri. Það er mælt svo fyrir, að sameiginleg yfirstj. einkasölunnar skuli sjá um alla söltun á síld, og sú yfirstj. skuli ráða því, hversu mikið af síldinni er saltað, og hve mikið látið í krydd. Jeg er viss um, að þetta er til bóta frá því, sem nú er. Á þennan hátt má koma við fullkominni flokkun og vöruvöndun, en á því hafa verið miklir erfiðleikar.

Hv. þm. Vestm. hefir tekist á hendur að deila á framkvæmdastjórn einkasölunnar, og þó að jeg ætli alls ekki að fara að afsaka gerðir hennar á nokkurn hátt, þá vil jeg benda hv. þdm. á það, að þessi hv. þm. hefir ekki látið svo lítið að kynna sjer þá skýrslu, sem einn af forstjórum einkasölunnar hefir gefið út um hag og rekstur hennar á síðasta ári. Hv. þm. hefir eflaust haldið, að það væri hollara fyrir sig og málstað sinn að fá upplýsingar annarsstaðar að, frá öðrum og verri heimildum. Jeg get frætt þennan hv. þm. um það, að sá af flokksbræðrum hans, sem mest hefir staðið í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn einkasölunni, Björn Líndal á Svalbarði, hefir í ræðu og riti margoft látið þess getið, að hann hafi ekkert að athuga við það

verð, sem einkasalan hafi fengið fyrir síldina, og segist vera alveg ánægður með það. Þessi maður hefir fundið einkasölunni margt til foráttu, en hann játar þó samt altaf þetta, og hefir slík játning ekki svo lítið að segja, þegar hún kemur úr þeirri átt. Jeg held líka, að hvert sem litið er, þá sje ekki hægt annað en að vera sæmilega ánægður með síldarverðið á síðasta ári, en að því mun jeg víkja síðar.

Hv. þm. Vestm. hjelt því fram, að það hefði verið veiðibrestsár 1928 og því hefði verðið átt að verða gífurlega hátt til að „bæta upp" góðu aflaárin. Jeg veit ekki, hvaðan honum kemur sá fróðleikur. Jeg held þvert á móti, að það hafi verið óvenjulega gott veiðiár, og skal sýna hv. þm. það svart á hvítu með því að taka úr hagskýrslunum yfirlit yfir síldarafla 6 síðustu ára.

Árið 1923 var síldaraflinn alls 325392 hl.
— 1924 — — — 236769 —
— 1925 — — — 341054 —
— 1926 — — — 208073 —
— 1927 — — — 597347 —
og 1928 var hann milli 500 og 600 þús. hektólítra.

Af þessu yfirliti sjest, að það er fjarri öllum sanni, að veiðibrestur hafi verið árið 1928; það hefir þvert á móti verið langt yfir meðaltal. Aðeins árið 1927 hefir veiðin verið meiri, lítið þó, en öll hin árin miklu minni. Hinsvegar hefir minna verið saltað og kryddað en bæði 1927 og 1925, en aftur langtum meira en árið 1926.

Þessi 4 síðustu árin var saltað og kryddað sem hjer segir, talið í tunnum:

1925 215011 í salt og 39099 í krydd
1926 97242 - — — 35079 - —
1927 180816 - — — 59181 - —
1928 124157 - — — 50176 - —

Hv. þm. Vestm. hjelt því fram, að af því að árið 1928 hefði verið veiðibrestsár, sem jeg er nú búinn að sýna, að er rangt, þá hefði verðið átt að vera hærra en undanfarin ár. Mátti af ræðu hans helst skilja það, að verðið hefði ekki verið hærra en áður, því hann taldi, að síldareinkasalan hefði ekki orðið til neinna bóta. Jeg hefi það fyrir satt, að síldareinkasalan sje búin að greiða kr. 23.00 fyrir herpinótasíld og kr. 24.00 fyrir reknetasíld, og að það standi til að bæta hverja tunnu upp með a. m. k. kr. 1.50. Verður þá tunnan af herpinótasíld kr. 24.50 og af reknetasíld kr. 25.50. Auk þess hefir einkasalan orðið að greiða ýmsan annan kostnað: matskostnað, útflutningsgjald, sölu- og stjórnarkostnað o. fl., sem útflytjendur til þessa hafa sjálfir greitt. Ef það er gert kr. 3.50 á tunnu, þá er raunverulegt verð 28 kr. á herpinótasíld og 29 kr. á reknetasíld. Ef aftur á móti er athugað, hverju skilað er fyrir nýja síld, þá er rjett að miða við áðurgreint verð, kr. 24.50 og kr. 25.50, og draga frá því fyrir salt, tunnu og vinnulaun o. fl. kr. 11.00 pr. tunnu, þá hafa seljendur fengið raunverulega kr. 13.50 fyrir herpinótasíld og kr. 14.50 fyrir reknetasíld, miðað við eina tunnu af nýrri síld. Sje aftur á móti miðað við verð á máli, sem gera má ráð fyrir að sje 1½ tunna, þá er verðið á því hlutfallslega ca. 20—22 kr. Jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að það sje hæsta verð, sem fengist hefir fyrir

síldina yfirleitt hin síðari ár. Það er a. m. k. meira en tvöfalt á við það, sem verksmiðjurnar borguðu á sama tíma fyrir nýja síld. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi bestar getað fengið, þá hefir síldarverðið 1927 verið 16, mest 17 kr., miðað við mál af nýrri síld. Og 1926, sem var ljelegt veiðiár, mun það hafa verið um kr. 17.50 að meðaltali pr. mál. Það ár hefði þó verðið átt að vera hátt samkv. kenningu hv. þm. Vestm. En eins og jeg sagði áðan, þá var meðalverð á máli síðastl. ár um og yfir 20 kr. á því, sem fór í salt. Jeg skal að vísu játa það, að síldareinkasalan var heppin á marga lund. Síldin veiddist á heppilegum tíma.

Að síldveiðimenn hafi haft ótrú á þessu fyrirtæki, held jeg að sje bara huggunarrík ímyndun hjá hv. þm. Síldareinkasalan fjekk beiðni um söltunarleyfi á 400 þús. tunnum, og var það meira en nokkru sinni hefir verið saltað eða vit er í að salta eins og nú standa sakir. Hún mun hafa leyft um 200 þús., með því að hún hugði á sölu til Rússlands, en lækkaði það síðan niður í ca. 170 þús. tn. En af því veiðitíminn fyrir herpinætur var stuttur, kom ekki til þessarar takmörkunar.

Hv. þm. Vestm. fann stj. einkasölunnar margt til foráttu, Jeg skal aðeins víkja að tveimur atriðum, þó að ástæða væri máske til að víkja að fleiru af því, sem hv. þm. taldi upp. Annað, sem jeg vildi minnast á, var það, að hv. þm. sagði, að gerðir hefðu verið fyrirfram samningar um stærri síld heldur en einkasalan gat látið og að kaupendur hefðu því getað losað sig við samningana, ef þeir hefðu viljað. — Það er nú nokkuð hæft í þessu, því miður. Síldin fjekst ekki í þeim stærðarhlutföllum, sem um hafði verið samið. En það er fjarri öllum sanni að kenna framkvæmdarstjóranum um þetta. Og hv. þm. verður að líta nær sjálfum sjer og sínum flokki, ef hann vill átelja þetta. Stj. einkasölunnar hafði samið reglugerðina, sem meðal annars ákvað það, hvað margar síldar skyldu fara í eina tunnu. Og eftir því fór framkvæmdastjórinn, er hann gerði sölusamningana. Þegar semja átti reglugerðina, fól stj. einkasölunnar Birni Líndal á Svalbarðseyri að gera það. Hann var talinn þessu kunnugastur, og reglugerðin er því að langmestu leyti hans verk. Og það var hann, sem taldi stj. trú um, að óhætt væri að gera ráð fyrir svo stórri síld. Stj. fór í því eftir till. hans. Jeg skal játa það, að þetta voru mistök, og þau ekki smá. En jeg get ekki sjeð, að framkvæmdastjórinn eigi neina sök á því, heldur á stj. einkasölunnar hana, og þá sjerstaklega Björn Líndal, sem er flokksbróðir hv. þm. Vestm. og virðist hafa átt að vera einskonar sjerfræðingur einkasölustjórnarinnar í þessari grein.

Þá sagði hv. sami þm., að stj. síldareinkasölunnar hefði tekið upp þann ægilega ósið að selja síldina þannig, að kaupendur tækju hana gilda eftir á við skoðun hjer. Þetta er rjett. Síldin var seld þannig, mest eða öll, „mod Besigt". En hvernig var nú þetta áður? Það var síst betra. Jeg held, að fáir eða engir hafi áður getað selt síldina eftir mati hjer heima. Þeir urðu flestir að senda síldina út úr landinu óselda. Þar lá hún svo oft von úr viti; sumt var selt, sumu hafnað og varð það oftast verðlítið eða með öllu óseljanlegt. Þegar því hv. þm.

var að tala um þetta, gleymdi hann því, að sá mikli munur var á sölunni nú í sumar og undanfarin ár, að í sumar var öll síldin seld og afhent hjer heima. Kaupendur voru skyldaðir til að kaupa síldina og taka við henni áður en hún fór út úr landinu. Var því um engin eftirkaup að ræða, ekki hægt fyrir hina erlendu kaupendur að ganga í birgðir erlendis, velja það besta úr og gera hitt verðlaust. Þetta er afarmikils virði samanborið við það, sem áður var, þar sem altaf var undir hælinn lagt, að síldin seldist, og stundum var ekkert nema kostnað að hafa á því að flytja hana út: sumir urðu að borga fyrst stórfje fyrir geymslu og síðan til viðbótar verulegar uppbæðir fyrir að flevgja síldinni í sjóinn. Jeg iáta það að vísu, að langæskilegast væri, að hægt yrði að selja síldina eftir íslenskum matsvottorðum. En það hefir ekki verið hægt til þessa, og má því ekki ásaka einkasölusti, fyrir það. En að því þarf vitanlega að stefna, og er vonandi, að það takist í framtíðinni, með öruggara og betra mati.

Jeg hefi nú um stund orðið til þess, móti vilja mínum, að verja gerðir síldareinkasölunnar, en það varð jeg að gera vegna hessara tiltölulega smávægilegu saka, sem hv. hm. Vestm. var að bera á hana. En sjálfur ætlaði jeg að minnast á miklu stærri misfellur, sem jeg tel vera á starfi síldareinkasölunnar.

Jeg hefi sagt frá því, hvað síldareinkasalan hefir skilað síldarseljendum, og að það svaraði til rúml. 20—22 kr. fyrir mál af nýrri síld. En hvað hafa þá síldarveiðendur, sjómennirnir og smærri útgerðarmenn, fengið fyrir síldina? Því er fljótsvarað. Það, sem þeir hafa fengið fyrir nýja síld, er 12—14 kr. meðalverð á mál, og jafnvel lægra þó. Það er sama sem 8—9 kr. á tunnu, eða lægra. Þetta er það, sem síldarveiðimennirnir hafa fengið. En þeir, sem keyptu af þeim, hafa grætt alt að 5 kr. á hverri tunnu. Með svona löguðu fyrirkomulagi er ekki náð tilgangi einkasölunnar. Það er alls ekki tilgangurinn með henni, eða á ekki að vera, að afla gróða handa milliliðum, mönnum, sem eru ekkert annað en „spekulantar" í síld og síldarverslun. Gróðinn af veiðinni á vitanlega að ganga til veiðimannanna sjálfra. En hvers vegna urðu veiðimennirnir að selja kaupmönnum og spekulöntum? Vegna þess, að síldareinkasalan hafði ekkert rekstrarfje. Jeg er því með þessu ekki að ásaka sti, eða framkvæmdastjóra einkasölunnar, heldur Alþingi, sem gerði hana svona úr garði. Jeg þekki mann, sem síðastliðið sumar keypti 10000 tn. af síld og seldi aftur gegnum einkasölunna. Gróði hans á þessu hefir a. m. k. verið 40—60 þús. kr. Og mjer hefir verið sagt frá öðrum manni, sem seldi einkasölunni milli 20 og 30 þús. tunnur; mest af því keypti hann af öðrum. Hann hefir einnig grætt laglegan skilding, sennilega um 100 þús. kr., á milliliðastarfseminni. Þannig gengur það til, meðan síldareinkasalan hefir ekkert fje handa á milli til að greiða síldarframleiðendum við móttöku, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þeir geti sjálfir verkað eða látið verka síld sína og notið hagnaðarins af því starfi til fullnustu, með því að selja hana sjálfir beint til einkasölunnar og fá það verð, sem hún skilar. Jeg hjelt

þessu sama fram í fyrra, þótt jeg yrði að sætta mig við það, sem þá fjekst fram, þar sem mjer þótti betri hálfur skaði en allur. En jeg get vel skilið, að þeir, sem ekkert vildu gera, engu breyta til batnaðar og voru að öllu leyti ánægðir með það ástand, sem var áður, sætti sig vel við það, að þeir, sem eiga eða hafa til umráða fje og hafa aðstöðu til þess að gerast milliliðir síldveiðimanna og einkasölunnar, græði fyrirhafnarlítið. En jeg álít, að þessir milliliðir og „spekúlantar" eigi ekki að taka gróðann frá síldveiðendum. Síldareinkasalan á að gera þá óþarfa, skila andvirðinu beint til þeirra, sem eiga skipin og veiða síldina. Til þess þarf einkasalan rekstrarfje, svo að hún geti borgað talsvert út við móttöku, í öllu falli jafnmikið og verksmiðjurnar borga. Þessir menn geta auðvitað ekki beðið eftir andvirðinu þar til síldin er seld.

Þá er annað höfuðatriði, sem jeg vil minnast á. En það er, að jeg tel síldareinkasöluna hafa lagt alt of mikla áherslu á það að útvega seljendum gróða með því að kappkosta að fá sem hæst verð. Jeg verð að telja þetta mjög óviturlegt, vegna þess að því meiri áhersla, sem lögð er á það að selja síldina við háu verði, því þrengri verður markaðurinn fyrir hana, því færri geta keypt hana. En því lægra verði sem hún er seld, því fleiri geta keypt hana og því víðari verður markaðurinn. Það mark, sem á að setja sjer um sölu síldarinnar til þess að vinna sem víðastan markað, er að setja verðið þannig, að það sje aðeins lítið eitt fyrir ofan framleiðslukostnaðinn. Meðan þriðjungi hærra verð fæst fyrir síld, sem söltuð er, en fyrir bræðslusíld, er altaf hagur að því að selja síldina saltaða fremur en í bræðslu. Framtíð síldveiðinnar byggist á því, að vinna sem víðastan markað. Sje verðið lágt, geta fleiri og fátækari menn keypt síldina, og markaðurinn eykst. Með því að hafa verðið lægra í upphafi hefði áreiðanlega mátt selja meira af saltaðri síld. Þó að jeg ekki geti bent á dæmi þessu til sönnunar, hygg jeg, að flestir verði að játa, að stj. einkasölunnar hafi gert alt of mikið að því að halda verðinu sem hæstu. Verðið varð a. m. k. mjög gott. Hefði því vel mátt una við nokkru lægra, ef meira hefði þá verið hægt að selja. Ef dæma skal um það, hversu salan hefir hepnast, þá er rjettast að taka Norðmenn til samanburðar, og þá sjest, að einkasalan hefir selt stórum betur en þeir yfirleitt. Jeg held nú reyndar, að það hafi að nokkru leyti verið slembilukka, sem rjeði því, að svo varð, því að alt það, sem eftir var óselt í haust, um 50 þús. tn., var selt einum manni fyrir 30 kr. tn. En eftir það fór verðið lækkandi á norskri síld og hjelt áfram að lækka til áramóta. Í desember var það komið niður í 20—21 kr. pr. tn. Sennilegt er, að ef við hefðum ekki selt í haust, þá hefðum við lent í sömu verðlækkun með okkar síld. — Jeg ætla þá ekki að svara hv. þm. Vestm. meiru að sinni.

Hv. þm. Dal. þarf jeg engu að svara. Sá hv. þm. söng bara sinn vanasálm um einokun, ófrelsi og annað því um líkt. Þessi söngur hefir svo oft áður heyrst frá hv. þm., að engum bregður orðið við að heyra hann. Og jeg býst við, að hann haldi áfram að syngja í sama tón. Við því er ekkert

hægt að gera. Það syngur hver með sínu nefi!

**Pjetur Ottesen:** Eins og hv. þdm. muna, þá greiddi jeg atkv. með síldareinkasölulögunum á síðasta þingi. Og jeg verð að segja það, að þó á ýmsan hátt og að mörgu rjettmætan hafi að framkvæmd þeirra laga verið fundið, þá hefir það þó komið skýrt í ljós, að það hefir töluvert mikla kosti að hafa síldarsöluna skipulagsbundna og að takmarka útflutninginn. Þetta held jeg, að hafi fullkomlega komið í ljós og jeg lít því svo á, að engin ástæða sje til þess að hverfa frá þessu fyrirkomulagi, nema því aðeins, að bent sje á annað betra fyrirkomulag, sem komið geti í stað þessa. Hinsvegar gekk jeg þess ekki dulinn á síðasta þingi, nje geng þess enn, að það var galli á frv. og er á lögunum, hvernig ákvæðið var um skipun stj. fyrir síldareinkasölunni. Með því fyrirkomulagi, sem samþykt var, var þessi kosning gerð pólitísk. Og að þetta var óheppilegt, hefir nú reynslan þegar staðfest. Þegar um pólitíska kosningu er að ræða, er ekki tekið tillit til þeirra atriða, sem varða mestu, sem er þekking og reynsla og aðrir þeir kostir, sem mest þörf er á. Jeg hygg, að þau mistök, sem orðið hafa, eigi einmitt rót sína að rekja til þessa fyrirkomulags á forstöðu einkasölunnar. Og jeg verð að telja það kost á einkasölufyrirkomulaginu, að ekki skuli þó enn meiri mistök en raun er á orðin hafa átt sjer stað þrátt fyrir þetta.

Með lögunum frá síðasta þingi var alls ekki stefnt inn á þá braut að stofna ríkissjóði í neina fjárhagslega áhættu út af einkasölunni, en með því frv., sem hjer liggur fyrir, er beinlínis að því stefnt, og væri því um mjög ákveðna stefnubreyt. að ræða af hálfu Alþingis, ef það samþykti þetta frv. Þetta liggur í því ákvæði, að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán handa einkasölunni, að upphæð alt að hálfri miljón kr. Að öðru leyti kemur einnig fram stefnubreyt. í þessu frv. frá lögunum frá í fyrra, þar sem nú er gert ráð fyrir, að einkasalan taki þennan atvinnurekstur að nokkru í sínar hendur. Stj. einkasölunnar er sem sje gefin heimild til að krefjast þess að fá síldina nýja til verkunar, og virðist það liggja í ákvæðum 2. gr., að þessi heimild skuli notuð. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: "— — og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort milliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur". — — —

Hjer er því með öðrum orðum slegið föstu, að það sje verk síldareinkasölunnar „að sjá um **verkun og geymslu** síldarinnar", og virðist þetta sæmilega skýrt, að tilætlunin sje sú, að þessi svokallaða heimild í 1. gr. skuli notuð.

Þriðja stefnubreyt. frá því, sem núgildandi lög ákveða, er það, að gera opinberar ráðstafanir til þess að stuðla að því, að þessi atvinnuvegur geti blásið sem allra mest út. Þetta liggur meðal annars í því, að þessum atvinnuvegi er veittur greiðari aðgangur að lánsfje og hinsvegar tryggt, að áhætta þeirra, sem leita sjer atvinnu við hann, verði algerlega numin burtu.

Jeg skal þá minnast nokkru nánar á þessi þrjú stefnubreytingaratriði.

Í fyrsta lagi er ætlast til, að einkasalan taki að sjer verkun og geymslu síldarinnar. Með því er gengið inn á atvinnurekstrarsvið einstaklinga. Auk þess er gert ráð fyrir því í frv., að einkasalan hagi verkuninni þannig, að hún noti milliliði til að framkvæma hana, eða m. ö. o. feli verkunina einhverjum þeirra sömu manna, sem áður hafa rekið hana fyrir eiginn reikning. Vinningurinn yrði þá ekki annar en sá, að hin fjárhagslega áhætta færist yfir á einkasöluna, þvert ofan í tilætlun margra hv. þdm., sem voru með í að setja lögin á síðasta þingi. Jeg verð að segja, að eins og stj. einkasölunnar er nú skipuð, finst mjer öldungis ótækt að ganga inn á þessa braut. Stj. einkasölunnar hefir þarna óbundnar hendur um kaupgjald, og nú hefir einn af forstjórunum lýst því yfir, bæði í ræðu og riti, að ágóðinn af atvinnurekstri þessum eigi ekki nema að mjög litlu leyti að ganga til útgerðarmanna, heldur til verkamanna. — Þarna má þá gera ráð fyrir kauphækkun, sem vitanlega leiðir af sjer aukna aðsókn að þessari atvinnu, sem þá virðist nægjanleg eins og hún er. Mætti þá ætla, að með þessu verði snúin enn fastari snara að hálsi landbúnaðarins en enn hefir orðið í þessu efni. Það er öllum kunnugt, að síldveiði og hevöflun fara fram á sama tíma, og er því auðsætt, hvernig fara muni, ef gengið er inn á þessa braut. Mjer virðist hetta mjög varhugavert atriði, bæði að því leyti, að það felur í sjer takmörkun á atvinnurekstri einstaklinga, og svo sú kauphækkun, sem þetta myndi leiða af sjer, sem jeg veit, að þó hún ef til vill eigi ríði landbúnaðinum að fullu, muni koma mjög þunglega niður á honum.

Þá er hitt atriðið, sem jeg mintist á í upphafi máls míns, sú stefnubreyt., sem þetta frv. felur í sjer, að láta ríkissjóðinn taka á sig ábyrgðina á þessum atvinnurekstri. Eins og jeg gat um áðan, er stj. heimilað að ábyrgjast lán fyrir einkasöluna, að upphæð alt að ½ milj. króna. Um varasjóð er tæplega hægt að tala á fyrsta og öðru ári. Hann getur ekki numið nema örlitlu.

Það er gert ráð fyrir, að greiða megi út fyrirfram 18 kr. fyrir hverja tunnu síldar, og það, að greiða ekki meira út, á að vera til tryggingar því, að ríkissjóður biði ekki tjón vegna ábyrgðarinnar. Þetta er í sjálfu sjer ekki mikil útborgun, ef litið er á, hvað fengist hefir fyrir síldina á bestu árunum; en nú er það kunnugt, að mjög getur brugðist til beggja vona í þessu efni; veiðin á stundum misbrestasöm og salan stopul. Þótt sala saltsíldarinnar eigi að vera sæmilega trygg, þá er markaðurinn fyrir hana mjög takmarkaður, og þykir mjer því alldjarft teflt og hygg jeg, að hið sama virðist öðrum þeim, sem ekki vilja með nokkru móti, að ríkissjóður taki á sig áhættuna af þessum atvinnurekstri. Jeg sje mjer því alls ekki fært að ganga að þessu. Nú hefir því verið haldið fram af hv. þm. Ísaf., að með þessu mundu fleiri en áður njóta arðsins af framleiðslunni. Jeg sje ekki, að hægt sje að vita um það að svo stöddu, hvort menn, sem áður hafa veitt og selt síldina, vilja lúta að því

ráði að fá lán og „spekúlera“ með síldina; yfirleitt hefir það verið reglan, a. m. k. er það svo í Noregi, að veiði og verslun með síldina eru aðskildar mjög ákveðið.

Þá kem jeg aftur að 3. atriðinu, sem sje þeim ákvæðum frv., sem stuðla að því, að þessi atvinnuvegur geti blásið sem allra mest út. Hjer kemur fyrst til greina það, að nú á að gefa miklu fleirum en áður tækifæri til að taka þátt í þessum atvinnuvegi, og svo ákvæði 5. gr. um að hækka um helming tillag til markaðsleitarsjóðs og varasjóðs.

Einn af þeim kostum, sem jeg taldi vera á frv., var sá, að nú mundi tilætlunin að vinna betur að öflun nýrra markaða; en það undarlega kemur í ljós, að þeim, sem málið flytja, sýnist engin þörf á þessu.

Mjer er vitanlega ekki nægjanlega kunnugt um, hvað mikið verk er að vinna í þessu efni, en mjer sýnist, að úr því að ástæða þótti til að auka þetta fje, þá ætti að verja því til að afla nýrra markaða, en eftir ákvæðum 5. gr. á öll hækkunin, 1¼%, að ganga til varasjóðs, sem svo aftur á að skiftast í aðra smærri sjóði, en aðeins ¾% í markaðsleitarsjóð.

Eins og jeg hefi minst á, hefir aðsóknin að atvinnu við veiði og verkun síldarinnar verið mjög mikil undanfarið, og veldur því fyrst og fremst það háa kaup, sem oftast hefir verið í boði. Auk þess koma þarna til greina aðrar ástæður, svo sem það, að þarna eiga menn við meiri glaum og gleði að búa en annarsstaðar á þessum tíma árs. Þó hygg jeg sem sagt, að kaupið hafi valdið mestu. Nú hefir það hinsvegar á stundum verið nokkuð stopult, og hefir það dregið úr aðsókninni, en ef nú á að tryggja það, að fólk undir öllum kringumstæðum geti fengið þetta háa kaup, sem sagt, nema í burtu alla áhættu, sem þessari atvinnu hefir verið samfara, þá er auðsætt, hvað slíkt hefir að þýða gagnvart öðrum atvinnuvegum.

Jeg skal auðvitað fullkomlega viðurkenna, að nauðsyn sje á því í hverju þjóðfjelagi, að atvinnan geti verið sem allra tryggust; en meðan ekki eru gerðar hliðstæðar ráðstafanir af hálfu þess opinbera um aðrar atvinnugreinir, þá álít jeg, að úr þessu geti orðið tvíeggjað sverð fyrir þetta þjóðfjelag. — Jeg vil mælast til þess, að þessi hv. deild taki þessar bendingar mínar til athugunar og geri sjer ljósa grein fyrir þeirri stefnubreyt., sem hjer er um að ræða. Frá mínu sjónarmiði er það svo, að ef þessi stefna væri tekin upp, og sjerstaklega ef hún væri færð inn á víðara svið, þá gæti hún haft alvarleg áhrif á okkar þjóðarhag.

Þá er enn 4. atriðið, sem í rauninni er smávægilegt í samanburði við hin. Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir, að útflutningsnefndarmenn, umboðsmenn og skrifstofuþjónar einkasölunnar megi ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar. Mjer finst eðlilegt að láta þetta gilda um skrifstofuþjóna, með því að það má líta á þetta sem þeirra aðalstarf, og gætu þeir líka misnotað aðstöðu sína og kunnugleika. En hvað útflutningsnefndarmenn snertir sýnist mjer nokkuð öðru máli að gegna. Sú

þóknun, sem þeir fá frá einkasölunni, mun ekki vera svo mikil, að þeir geti lifað eingöngu á henni, og verða þeir því að reka aðra atvinnu jafnhliða. Auk þess kemur þarna til greina, að þetta eru menn, sem hafa öðrum fremur til að bera þekkingu á þessum atvinnuvegi, og virðist því óeðlilegt að útiloka þá frá þessum atvinnurekstri, og enda ranglátt, þar sem þeir ekki eru algerlega starfsettir af því opinbera eða einkasölunni. Jeg álít sem sagt, að þessi ákvæði 7. gr. hvað útflutningsnefndarmenn snertir sjeu varhugaverð, en hinsvegar til bóta og eðlileg að því er kemur til skrifstofuþjóna.

Jeg hefi þá gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og ætla jeg, að jeg hafi nú tekið nægilega skýrt fram ástæðurnar fyrir því, hvers vegna jeg ekki get greitt höfuðatriðum þessa frv. atkv. mitt, þó að jeg hinsvegar sje því samþykkur, að haldið sje áfram að framkvæma lögin frá í fyrra á þeim grundvelli, sem þar var lagður.

**Jón Ólafsson:** Jeg hefi ekki fyr sjeð ástæðu til að láta í ljós skoðun mína á þessu máli að öðru leyti en því, að á síðasta þingi greiddi jeg atkv. á móti því frv., sem nú eru gildandi lög um þetta efni. Þótt jeg væri þá mótfallinn málinu, er það ekki af því, að jeg horfi með svo miklum harmi á bak gamla tímanum í þessu efni. En þegar um breytingar er að ræða, verða menn altaf að gera sjer grein fyrir, hvort það spor, sem stigið er, er til bóta eða ekki.

Eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, er rjett að bera saman afkomuna við fyrri tíma, en sú reynsla, sem fengist hefir af einkasölufyrirkomulaginu, er ekki betri en reynsla undanfarinna ára.

Það, sem lakast er við einkasöluna, er það, að borin hefir verið fyrir borð fagþekking þeirra manna, sem verslað hafa með þessa vöru, og ekki verið notuð eins og á öllum öðrum sviðum. Af öllum handiðnamönnum og smákaupmönnum er heimtuð sjerþekking. „Homopatinn" jafnast ekki lengur á við lækninn, og þannig er sjerþekking hvarvetna tekin fram yfir í öllum greinum. En þetta fyrirtæki, síldareinkasalan, virðist ekki þurfa fagþekkingu, enda hafa forkólfarnir útilokað hana, eða því sem næst, frá öllum afskiftum af því máli.

Til þess að geta gert mjer grein fyrir afkomu síðasta árs og undanfarinna ára, hefi jeg gert skýrslu, sem sýnir meðalverð saltsíldar síðustu 6 árin. Eins og raun ber vitni, er verðið lægst þegar framboðið er mest, og kemur það líka ljóst fram í skýrslunum. Árið 1923 voru saltaðar 248 þús. tunnur og var meðalverð 24,00 kr. Þetta ár var sala mjög ljeleg, en er þó betri en síðastliðið ár. (**HG:** Jeg gleymdi að skýra frá því, að greiddir hafa verið til viðbótar 60 aurar á tunnu). Það kemur í sama stað niður, þótt greitt hafi verið á hverja tunnu kr. 24,60; útkoman verður samt lakari fyrir þjóðarbúið, þegar tekið er tillit til þess, að árið 1923 fiskaðist ⅓ meira af síld en í ár. — Árið 1924 er vörumagnið minna, eða 131 þús. tunnur, og meðalverð kr. 41.00. 1925 er vörumagn 241 þús. tn. og meðalverð kr. 31,70.

Vörumagnið þetta ár er miklu meira en í ár, en selst þó hærra verði en tókst að selja það litla, sem saltað var í ár og selt var fyrir tæpar 33 kr. tn., að jeg ætla. 1926 er eftirtektarvert ár. Þá er saltað um 10 þús. tunnum minna en í ár, eða ca. 160 þús. tn., en meðalverð þess árs er 40 kr. Skil jeg ekki, að þessar 10 þús. tn. hafi orsakað allan þann verðmun, og sjest þá best, að með gamla sleifarlaginu gengur salan stórum mun betur en í ár. 1927, sem er vandræðaár, er vörumagnið 267 þús. tn. og meðalverð kr. 25,60, þ. e. hærra en búið er að borga út nú. Skal jeg þó síst syngja því ári lof. 1928 er vörumagnið 174 þús. tn. og meðalverð ca. 33 kr., eftir því, sem sjeð verður. Meðalverð hinna 5 ára verður kr. 32,50 með öllum þeim vandræðum, sem jeg hefi lýst.

Það merkilega er, að þeir, sem versluðu fyrir eiginn reikning, höfðu ekki þann mikla kostnað, sem þessi sala virðist ætla að hafa. Því að ef ekki er hægt að greiða nema 25—26 kr. fyrir hverja tunnu, hafa fyrir klaufaskap runnið upp undir 8 kr. fyrir hverja tunnu í annara vasa og ýmislegt tilstand. Þessar tölur er ekki hægt að rengja. Því er engin ástæða til að syngja fyrirkomulagi því, sem nú er, lof, þótt vonandi megi lagfæra það með tímanum, ef ekki er einblínt á það um of, að stj. eigi að einskorða sig við að fá sínum flokksmönnum stjórn þessa fyrirtækis í hendur, hversu óhæfir sem þeir eru.

Hv. þm. Ísaf. dásamaði það mjög, að síðastl. ár hafi verið hægt að greiða 21 kr. fyrir hvert mál síldar, en áður hafi ekki fengist nema 18 kr. í hæsta lagi. Af meðaltali því, sem jeg hefi lesið upp, sjest, að það hefir eins verið hægt að greiða það verð fyrir hvert mál eins og nú. Árið 1926 virðast hafa verið greiddar 40 kr. fyrir hvert mál, með sama útreikningi og hv. þm. hafði áðan, og 1924 eitthvað líkt. Hv. þm. sagði, að ef ríkið hefði söluna á hendi, væri hægara að láta sem mest af andvirðinu lenda hjá fiskimönnum, en minna hjá „spekúlöntum". Jeg er hræddur um, að hv. þm. geri of mikið úr gróða „spekúlantanna"; þeir hafa yfirleitt ekki fitnað af sínum atvinnurekstri, og því er það ljóst, að fjeð hefir runnið til landsmanna sjálfra, þeirra, sem við síldveiðarnar unnu. Hvernig ríkið á að bæta úr þessu með ábyrgð sinni, fæ jeg ekki sjeð.

Á þessu stigi málsins sje jeg ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta, og vildi jeg aðeins með þessum fáu orðum benda á, að menn hafa ekki hrept neitt sjerstakt hnoss með þessari einkasölu, því að salan hefir síst farið betur úr höndum hjá einkasölunni en þegar einstaklingar áttu sjálfir yfir sölunni að ráða.

Vona jeg, að þessi ófagnaður standi ekki næstu 6 ár, svo að ekki þurfi að taka meðaltal næstu 6 ára, því að jeg er sannfærður um, að það meðaltal verður síst betra.

Jeg mun svo ekki skifta mjer frekar af máli þessu við þessa umr., nema jeg fái sjerstakt tilefni til þess.

**Haraldur Guðmundsson:** Jeg hafði ekki tök á að athuga nánar þær tölur, sem hv. 3. þm. Reykv. las upp,

og verð jeg að játa, að þær koma mjer harla ókunnuglega fyrir sjónir. Skal jeg þó ekki fullyrða, að tölurnar sjeu rangar, en þær snerta áreiðanlega ekki kjarna málsins. Þótt rjett kunni að vera hermt um verð það, er fengist hefir í útlöndum fyrir síldartunnu, salt, tunnu og síld, þá segir það ekkert um, hvað fengist hefir fyrir síldina sjálfa, en það er vitaskuld aðalatriðið. Um sjálft síldarverðið segja því tölur hv. 3. þm. Reykv. ekkert. Nú er það svo, að verð það, sem hagstofan gefur upp, er alveg af handahófi, því að þegar síldin er flutt út, er eitthvert handahófsverð gefið upp, enda er þess getið í skýrslum hagstofunnar, að ekki megi taka það sem raunverulegt verð, heldur verð, sem áætlað er af útflytjendum sjálfum; en mörg sendingin hefir orðið verðlaus með öllu þegar til kom, þótt áætlunarverðið hafi verið sæmilega hátt, þegar hún var flutt út. Til ársloka 1925 var gengismunurinn afarmikilvægt atriði, og loks er það, að þá var verð á tunnum og salti miklu stærri hluti af þessu söluverði en nú er, því að þá var bæði salt og tunnur í langtum hærra verði. Árin 1920—21, þegar dýrtíðin var mest, var tunnuverð og saltverð afskaplega hátt. Áætlunarverðið er líka altaf sett hátt, venjulega miðað við hæsta verð, sem fengist hefir, því að útflutningsgjaldið er miðað við tunnufjölda, en ekki við verðmæti. Ef tölur hv. þm. ættu að gefa raunverulega hugmynd um verð á hrásíld, þarf því að taka margt til greina, sem hann slepti, og yrði þá útkoman öll önnur og lakari. Í sumar fengust 20—22 kr. fyrir hvert mál af hrásíld til söltunar á bryggju. Það er verðið, sem á að miða við. Aflaleysisárið 1926 var verðið a. m. k. 4—5 kr. lægra.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. þm. Ísaf. upphóf hjer rödd sína til þess að mótmæla ýmsu, er jeg hafði sagt um rekstur einkasölunnar, en gat þó engu hnekt. Hinsvegar viðurkendi hann tvo stóra ágalla á sölunni, er jeg hafði bent á.

Þá gerði hv. þm. sjer mat úr því, er jeg sagði, að síldarverð færi hækkandi þegar nokkur veiðibrestur yrði. Jeg þóttist einnig hafa leitt í ljós, að veiðibrestur var síðastl. ár framan af síldveiðitímanum, og það ætla jeg að standa við.

Jeg staðhæfði, að síldarverð hafi farið hækkandi í Svíþjóð, vegna þess að veiði var treg. Framan af sumri og alt fram í miðjan ágúst var veiði mjög treg í snyrpinót, en þá fiskuðu reknetabátarnir vel. Vegna veiðitregðunnar þá hækkaði verðið ytra. Þeir nutu þó einskis góðs af þessari verðhækkun; það hafði einkasalan trygt þeim. Eftir miðjan ágústmánuð fer veiðin að aukast, og verður heildaraflinn því allgóður. Þetta er rjett, og það getur hv. þm. ekki hrakið, að vegna tregðu á afla hækkaði verðið um tíma, þó það auðvitað lækkaði síðar. En þeir, sem græddu, voru ekki fiskimenn og ekki einkasalan, heldur stórverslunarfyrirtækin í Svíþjóð. Það kann að vera, að hv. þm. Ísaf. finnist þessi tilhögun hrósverð, en jeg get ekki verið honum sammála.

Hv. þm. Ísaf. taldi, að menn mættu vera fullkomlega ánægðir með það verð, sem síldareinkasalan greiddi

síðastl. ár. Jeg hygg það sje mjög hæpin fullyrðing hjá hv. þm., að minsta kosti er það áreiðanlegt, að leggi maður meðalafla reknetabátanna niður og reikni út kostnað við útgerðina, þá kemur fram, að annaðhvort verða þeir, sem fyrir útgerðinni sjá og leggja henni til veiðarfæri og annan rekstrarkostnað, að bera halla, eða sjómenn, sem veiðina stunda, verða að bera skarðan hlut frá borði.

Mjer finst hv. þm. því skjátlast, ef hann heldur, að þeir, sem hafa stundað veiðar á reknetabátum fyrir norðan og fengið meðalafla, hafi haft sæmilega afkomu síðastl. ár.

Hv. þm. er tamt að nefna nöfn manna í ræðum sínum, og dró nú nafn eins í útflutningsnefnd einkasölunnar inn í ummæli sín, og taldi, að hann fyrir sitt leyti hefði verið ánægður með verðið, sem einkasalan gaf. Það getur verið, að síldarsaltendur hafi verið ánægðir á vissan hátt, vegna þess að þeir hafi fengið síldina í sumar við öllu lægra verði hjá veiðimönnum heldur en þeir hafa átt að venjast undanfarið. En það, að síldarsaltendur nutu þessara góðu kjara hjá reknetabátum, var vegna þess, að ekki var í annað hús að venda, vegna einkasölunnar. Svo getur verið, að þessir menn út af fyrir sig hafi ekki ástæðu til að kvarta. Það, sem jeg talaði um málið, var frá sjónarmiði þeirra manna, sem gera út á reknet.

Eftir því, sem hv. 3. þm. Reykv. upplýsti með því að vitna í verð á síld áður og í sumar, skilst mjer, að verðið í sumar hafi slampast í því að vera meðaltal þess söluverðs, sem af öllum hefir verið talið alveg ómögulegt hingað til, til tryggingar sæmilegri afkomu útvegsins. Það er ekki sagt fyrir hærri byr en þetta hjá einkasölunni.

Hv. þm. Ísaf. taldi, að mjer hefði verið nær að kynna mjer skýrslu forstjóra einkasölunnar. Jeg get sagt honum, að jeg hefi ekki átt kost á að sjá hana. Ekki hefir henni verið útbýtt í þinginu, og jeg spurði forstjóra einkasölunnar, þann sem hjer situr á þingi, hvar jeg gæti fengið skýrsluna, og hann gat ekki vísað mjer á hana. Eðlilegast væri nú, að sjútvn. þingsins væri sent þetta plagg. Má vera, að talið sje sjálfsagðara að senda það ritstjóra Alþýðublaðsins. En hvað sem skýrslan annars segir, þá komumst við ekki framhjá þeirri staðreynd, að verðið var kringum 25 kr. á saltsíldartunnu, og frá á að draga allan kostnað við tunnuna, svo að eigandi síldarinnar ber ekki meira úr býtum en ca. 13 kr. fyrir nýsíldartunnuna.

Hv. þm., sem viðurkendi í raun og veru öll helstu ádeiluatriðin í ræðu minni, var að tala um, að þetta væru ekki nema smáaðfinningar, sem jeg væri með; það gengi ekkert út á þessar stóru stefnur og „plön", sem hann hefði í huga. Það er nú svo, að við reknetaútgerðarmenn reiknum ekki með svona háum tölum eins og hv. þm. Ísaf. En við verðum þess varir, hvort við verðum fyrir tapi eða ekki. Og hafi stjórn einkasölunnar ætlað að hlífa hinum smærri framleiðendum og þeim hópi sjómanna, sem starfa á reknetabátum, þá hefir þetta árið orðið úr því högg, en ekki hlíf.

Það mætti sjálfsagt tala talsvert

um fleira, sem fyrir kom hjá framkvæmdarstjórninni, af kunnugri mönnum en jeg er. En jeg hygg þó, að hægt verði að gera það hv. þm. Ísaf. til ánægju að bæta dálitlu við, ef tími yrði til við 2. umr., um ýmislegt kringum framkvæmdarstjórn einkasölunnar, sem bendir í þá átt, að meira hafi verið farið eftir ýmsu öðru en beint eftir lögum og ýmsu öðru en vanalegum verslunarreglum, og að öðrum meira hlynt en hinum smærri útvegsmönnum. T. d. þegar maður nákominn stj. einkasölunnar fær 4 þús. tómar tunnur handa sjer, en gerir þó ekki út skip, en annar, sem gerir út, fær 1000 eða 500 aðeins. Og manni á Akureyri, sem sjálfur gerir út á síld, er neitað um tunnur, en öðrum, sem alls ekki á síld sjálfur, voru látnar í tje nógar tunnur, til þess að geta grætt á hinum, sem neitað var, sem leita verður til hans um söltun. Munurinn er sá, að sá, sem tunnurnar fjekk, er flokksbróðir eins af stjórnendum einkasölunnar. Svona mætti benda á ýmislegt af þessu „smádútli", sem hv. þm. Ísaf. talaði um, að jeg hefði verið með. Hjer er líka sá eini vettvangur, þar sem hægt er að koma fram með aðfinningar við hina óhönduglegu stj. síldareinkasölunnar, ef ekki er farið í blöðin. Og jeg hygg, að þótt hv. þm. Ísaf. þyki þetta „smádútl", þá muni framleiðendum og sjómönnum, sem bjuggu undir síldareinkasölunni á síðasta ári, ekki þykja þessi atriði neitt smávægileg.

Það hafa aðrir hv. þm. bent á, inn á hvaða braut stefnt er með frv. Jeg er og búinn að lýsa því áður og þarf ekki að eyða lengri tíma í að ræða það, enda tækifæri síðar. Það er greinilegt, að þær einokunarviðjar, sem áður hvíldu á mönnum í þessu efni, eru nú hertar svo um munar og varla hægt að gera það betur. Jeg er hissa, þegar jafnaðarmenn þykjast vera að tala á móti þessu, vegna þess að viðjarnar sjeu ekki nóg reyrðar, eins og þeir gera bæði á þingi og utan þings. Þeir segja, að þetta sje ekki það fyrirkomulag, sem þeir vildu hafa, heldur eigi að vera miklu meiri höft. En mjer sýnist, að ef þetta verður samþ., sem hjer liggur fyrir, þá hljóti hinir hörðustu einokunarmenn að geta verið sæmilega ánægðir með fyrirkomulag einkasölunnar. En hvort þjóðin verður ánægð, þegar til lengdar lætur, leyfi jeg mjer að draga mjög í efa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:9 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 317, n. 555 og 574, 575).

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Breyt. þær, sem hjer liggja fyrir á lögum frá 1928 um einkasölu á síld, eru aðallega fernskonar. Að sjálfsögðu lúta þær allar að því, að laga þær misfellur, sem reynsla fyrsta árs hefir leitt í ljós, að eru á þessari löggjöf. Brtt. á þskj. 317, við 1. gr. laganna, lúta að því, að heimila einka-

sölunni að taka síld til verkunar og búa um hana án þess að eigendur hennar hafi afskifti af meðferðinni. Að vísu kemur þetta þar og því aðeins til framkvæmdar, að einkasalan hafi yfir að ráða söltunarstöðvum og tunnubirgðum. Verulegir annmarkar á verkun síldar til og frá höfn komið í ljós næstl. ár, og hefir stj. einkasölunnar talið þetta nauðsynlegt, einkum vegna mats og eftirlits. Það hefir reynst nokkrum örðugleikum bundið að tryggja flokkun og söltun síldar þar, sem umboðsmenn hafa eigi verið nægilega margir eða nærstaddir, einkum þegar mikil síld berst á land. Mjer virðist þessi breyt. þörf og sjálfsögð í alla staði.

Breytingin á 4. gr. lýtur að því að auka verksvið útflutningsnefndar einkasölunnar og færa út kvíarnar að því leyti.

Breytingin á 5. gr. er ef til vill sú róttækasta og óvinsælasta og fer í gagnstæða átt við tilgang laganna 1928. Er hjer gert ráð fyrir, eða heimilað, að ríkissjóður ábyrgist rekstrarlán fyrir einkasöluna, nokkurn veginn eftir þörfum, en þó aðeins um stuttan tíma í senn og með tryggilegum áskilnaði um endurgreiðslu lána af andvirði síldarinnar áður en því er skift. Enn sem komið er er varasjóðurinn lítill, en mun vaxa fljótlega, ef frv. þetta verður að lögum, þar sem það ætlar honum miklu meiri tekjur en áður hefir gert verið. En þegar varasjóður einkasölunnar eflist, þá eru þessi ákvæði um ríkisábyrgð að sjálfsögðu óþörf. Enda er í 5. gr. ekki gert ráð fyrir, að ábyrgð þessi verði notuð lengur en til ársins 1930, eða m. ö. o. aðeins í bili.

Breytingarnar á 8. gr. lúta einungis að því að hækka tillag til varasjóðs og markaðsleitar úr 1% upp í 2%. Markaðsleitarsjóður stóð á síðastliðnu ári rösklega straum af ferðalögum þeim, sem farin voru í þessu skyni, og fyrir reikning hans. Nú á þessi sjóður röskar 6 þús. kr. Varasjóður einkasölunnar á nú kringum 10 þús. kr. Frv. ætlast til, að 1¼% renni eftirleiðis í varasjóð, en ¾% í markaðsleitarsjóð. Aukning þeirra ætti því að koma fljótt, en hag sjóða þessara hefi jeg nefnt til skýringar fyrir þá, sem ekki hafa getað kynt sjer reikninga einkasölunnar. (MJ: Jeg hefi ekki sjeð þá). Reikningarnir eru í prentun nú sem stendur. Jeg skal geta þess, að umsetning einkasölunnar var yfir 5 milj. kr. á síðastl. ári, og þegar reikningum lauk um nýár, áttu eigendur síldarinnar inni 48 þús. kr., sem ekki var búið að skifta upp. Það er að sjálfsögðu óheppilegt, að hv. þdm. skuli ekki hafa átt kost á að kynna sjer reikningsskil einkasölunnar fyrir síðastl. ár. Jeg veit, að þá mundu margir líta nokkuð öðrum augum á þessa stofnun, ef þeir hefðu kunnugir verið starfi hennar. Mjer finst útkoman mjög sæmileg, eftir reikningunum að dæma. Virðast mjer góðar líkur til, að stofnun þessi beri sig vel í framtíðinni, ef áhugasamir og góðir menn fara þar með stjórn. Mjer er mikil ánægja að geta lýst þessu yfir nú, því jeg var hugsandi yfir því á síðasta þingi, að einkasalan kynni að mistakast. En úr þessu hefir ræzt framar öllum vonum,

og eru horfurnar hinar bestu um, að stofnunin komi að tilætluðum notum framvegis, sjerstaklega ef þessar breyt. ná fram að ganga.

Jeg skal ekki gera brtt. á þskj. 575 frekar að umtalsefni að svo stöddu. Þær ber varla að skoða eins og brtt. við þetta frv., þótt svo sje látið heita. Þær eru spánýtt frv., sem í öllum verulegum atriðum gengur í sömu átt og lögin frá 1926. En þau lög voru feld á síðasta þingi, eins og kunnugt er, þegar einkasalan var sett á stofn. Jeg geri ráð fyrir, að minni hl. skýri málið nánar heldur en gert er á þskj. 575, og álít því ekki ástæðu fyrir mig til að fjölyrða um það frekar.

**Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson):** Hv. frsm. meiri hl. hefir nú lýst, hverjar breyt. eru hjer á ferðinni með þessu nýja frv. til l. um einkasölu á síld. Jeg verð nú að segja það, að jeg er mjög óánægður með þá afgreiðslu, sem þetta mál fjekk í sjútvn., þar sem málið var ekki tekið öðruvísi fyrir en að það var aðeins lagt fram, og svo tekin afstaða til þess að alveg óathuguðu máli. Jeg mótmælti þessari hroðvirknislegu afgreiðslu í n., en það kom fyrir ekki. Meiri hl. virtist vera alveg staðráðinn í því að samþ. frv. eins og það lá fyrir og verja ekki neinum tíma í að athuga brtt. minni hl. og vildi ekki taka neitt tillit til þeirra. Við þetta gat minni hl. ekki ráðið, en hinsvegar get jeg ekki annað en lýst yfir því fyrir hans hönd, að þegar um svona stórmál og veigamikil atriði er að ræða, þá er hetta alveg óviðeigandi og óverjandi afgreiðsla. Að vísu lýsti hv. framsögumaður meiri hluta yfir því, að hann hefði haft einhverja nasasjón af meðferð málsins í hv. Ed., og gaf jafnvel í skyn, að hann hafi verið þar meðráðamaður, en þó að svo hafi verið, þá afsakar það ekki þá dæmalausu afgreiðslu, sem málið fjekk hjá hv. sjútvn. þessarar deildar.

Þegar þetta mál var hjer til 1. umr., þá varð jeg til þess að benda á sitt af hverju, sem leiddi í ljós misfellur og mistök á stj. þessa fyrirtækis á síðasta ári. Hv. frsm. meiri hl. segir, að hann hafi haft tækifæri til þess að kynna sjer reikninga einkasölunnar á síðasta ári, og sú þekking, sem hann þar aflaði sjer, hafi hrest hann í þeirri trú, að fyrirtækið væri á rjettri leið. Það er nú svo með þá reikninga, að þeir eru ekki enn komnir fyrir almenningssjónir, og hafa ekki komið fyrir augu okkar, sem eigum sæti í sjútvn., nema þá formannsins, sem jafnframt er frsm. meiri hl. Við 1. umr. gat jeg þess, að skýrsla Pjeturs Ólafssonar framkvæmdastjóra hefði ekki verið send sjútvn., og það er rjett. Á milli umr. fór jeg þess á leit við form. síldareinkasölunnar, hv. þm. Ak., að hann útvegaði mjer skýrsluna, en hann gat það ekki. Þetta notaði svo blað hv. þm. Ísaf., Alþýðublaðið, og sagði, að jeg hefði talað um einkasöluna án þess að láta svo lítið að lesa skýrslu hennar. Þessa skýrslu hefi jeg nú náð í og haft hana síðan í gærkvöldi, en hefi því miður ekki haft nægan tíma til þess að athuga þau plögg síðan í gærkvöldi að fundi var slitið. Jeg hefi að vísu ekki lesið skýrsluna nákvæmlega, en jeg hefi þó komist að raun um það, að sú ádrepa, sem jeg flutti hjer við 1.

umr. þessa máls, var ekki mjög viðkomandi því, sem skýrslan segir um málið. Við fljótan yfirlestur hefi jeg sjeð, að hún er ekki annað en frásögn eins framkvæmdastjórans um athafnir og framkvæmdir einkasölunnar á þessu fyrsta starfsári, og byrjar með því að lýsa því fyrir, sem öll síldarverslun og síldarútvegur átti að vera komin í áður en einkasalan kom til skjalanna, og síðan er kastað hæðilegum hnútum til þeirra manna, sem lengi hafa fengist við þennan atvinnuveg. Það mátti vera hægur nærri hjá þessum einokunarherrum að setja hornin í þá menn, sem fengist hafa við síldarverslun og síldarútveg á síðari árum, en jeg álít, að síldareinkasalan sje ekki ennþá búin að sýna þá yfirburði, að það sje vert fyrir forstjóra hennar að brýna um of þá menn, sem lengi hafa átt við þetta áður og oft lent í ýmsum erfiðleikum Árið 1928 var vegna aflabrests fram an af sumri gott tækifæri fyrir reknetabáta að fá sæmilegt verð fyrir nýsíldina, ef þeir hefðu verið frjálsir um söluna. Þó að hv. þm. Ísaf. hafi viljað afbaka þau orð mín, þá dugir það ekki. Árið 1928 var fyrri part sumars aflabrestsár, þó að hv. þm. reyni að afsaka það og snúa út úr, og sú sögulega staðreynd stendur föst. Sú tregða, sem var á veiðinni fram í miðjan ágúst, skapaði þá aðstöðu, að síldareinkasalan lenti ekki í vandræðum. Mjer finst rjett að taka það fram, þar sem hv. þm. Ísaf. var að rausa út af því, að jeg hefði verið að deila á forstjóra einkasölunnar, að mjer fanst ekki fjarri lagi að minnast á það hneyksli, sem átti sjer stað í þessum óheppilegu fyrirframsamningum við Svía, en það var svo langt frá því, að jeg væri að elta þá með ásökunum, sem ekki voru sannar, eða færi út í öll þau atriði, sem finna má þeim til foráttu.

Jeg skal geta þess, að þó að reglugerð síldareinkasölunnar sje mjög illa útbúin, þá eru það engin rök, þó að bent sje á, að Björn Líndal hafi átt mikinn þátt í að semja hana. Reglugerðin var alveg ómöguleg í framkvæmdinni. Hún reyndist svo í framkvæmdinni, að sjálf einkasalan varð að þverbrjóta hana. En jeg verð að segja þeim forstjóranum, er á Siglufirði sat, það til maklegs hróss, að hann mun hafa ekið seglum eftir vindi þegar veiðitregðan var, til þess að fá svo góð kjör hjá Svíum sem unt var, til breytingar á þeim samningum, sem gerðir voru. Jeg vil taka þetta fram til þess að sýna, að jeg er alls ekki að elta forstjóra einkasölunnar með álasi, en vil kannast við, hvað vel er gert. Jeg álít, að forstjórinn á Siglufirði, hv. 2. þm. S.-M., hafi hagað sjer skynsamlega, eins og venjulegur verslunarmaður hefði gert undir slíkum kringumstæðum. Þegar sýnilegt var, að veiðitregða var framundan, þá fjekk hann Svía til þess að breyta þeim skilyrðum, sem áður var búið að gefa kost á. Það er þó ekki víst, að einkasalan eigi altaf því láni að fagna, að forsjónin hjálpi henni að komast út úr vandræðunum eins og varð síðasta ár.

Það er athugandi, að fyrirkomulag einkasölulaganna frá í fyrra, sem heita lög um einkasölu á síld, hefir af þeim mönnum, sem annars eru mjög

fylgjandi ríkisrekstri, jafnaðarmönnum, verið talið að ganga ekki nógu langt í þá átt. Jeg hefi bæði utan þings og innan heyrt þá halda því fram, að þetta fyrirkomulag væri ekki eins og þeir vildu hafa það. Afleiðingarnar eru nú að koma í ljós með því frv., sem flutt er í hv. Ed. af hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. S.-M. Þar er stefnt svo nærri því að hafa fullkominn ríkisrekstur á allri síldarsöltun og síldarverslun, að tæpast er hægt að herða betur á einokunarólinni. Frv. gerir atvinnurekendur ennþá ómyndugri heldur en þeir voru áður samkv. einkasölulögunum. Þar er einkasölunni gefin heimild til þess að heimta alla nýja síld af útgerðarmönnum, taka alla söltun í sínar hendur, útvega tunnur, salt og annað efni. M. ö. o., allir eru neyddir til þess að afhenda einkasölunni síldina nýja, ef stj. einkasölunnar krefst þess, og hún fær í sínar hendur alveg óskorað vald yfir framleiðendum. Ríkissjóður á að bera ábyrgð á lántökum einkasölunnar, en þó að vísu ekki alveg takmarkalaust. Verði frv. að lögum, þá þurfa jafnaðarmenn og kommúnistar ekki að kvarta undan fyrirkomulaginu á þessari ríkiseinokun. Þeir verða eflaust ánægðir.

Við minnihlutamennirnir getum ekki aðhylst, að hjer sje verið að leggja út á rjetta braut. Það er að vísu mjög freistandi fyrir okkur smáútgerðarmenn að fá ríkisstj. í ábyrgð fyrir lánum handa okkar síldarútveg, en við álítum þetta svo óheppilegt og hættulegt, að við sáum okkur ekki fært að fylgja því af þeim ástæðum.

Um útvegun einkasölunnar á tunnum og salti gat jeg við 1. umr. Þó að hún ætti að geta sjeð um þetta eins og hver annar, þá urðu þau mistök á þessu síðasta sumar, að einsdæmi má kalla. Tunnur, sem einkasalan pantaði um mitt sumar, urðu miklu dýrari heldur en hjá einstökum mönnum, sem gerðu sínar pantanir í sameiningu.

Um það atriði, að einkasalan taki að sjer alla söltun, er því haldið fram því til stuðnings, að það sje til þess að hún geti haft hönd í bagga með frágangi síldarinnar. Stj. einkasölunnar kvartar undan því, að menn hafi ekki hlýtt fyrirmælum hennar um frágang á síldinni, og vill nú koma þessu í lag með því að verða eini síldarsaltandi landsins. Jeg get ekki skilið, að einkasalan geti ekki fyrir milligöngu umboðsmanna sinna haft hönd í bagga með frágangi vörunnar. Sú reglugerð, sem nú er, er að vísu svo illa úr garði gerð, að það er ómögulegt að fylgja henni, en það liggur næst fyrir hjá stj. einkasölunnar að semja nýja reglugerð, sem hægt væri að starfa eftir og láta framfylgja. Jeg sje ekki, að framleiðandinn hafi í annað hús að venda, ef honum semur ekki við umboðsmanninn, nema þá til stjórnar einkasölunnar, og hefir hún þá öll ráðin í sinni hendi. Hjer er verið að gera aðstöðuna verri og leggja strangari kvaðir á síldarútvegsmenn og framleiðendur heldur en aðra útgerðarmenn í landinu.

Yfirfiskimatsmennirnir eru starfsmenn ríkisins, og það eru ekki fiskkaupmenn, sem skipa þeim, hvernig þeir eiga að meta, og heldur ekki framleiðendur. Þeir eru starfsmenn hins opinbera og fara ekki eftir kröfum framleiðanda eða kaupanda um að meta fiskinn svo og svo. Þeir hafa

sjálfir úrskurðarvaldið og undir þeirra úrskurði verða báðir aðilar að beygja sig.

Hjá einkasölunni verður þetta aftur á móti svo, að umboðsmenn hennar og matsmenn eru þjónar stofnunarinnar, og að deila við þá er sama og að deila við stofnunina sjálfa. Mjer er því ekki skiljanlegt, hvers vegna einkasalan þarf endilega að ráða yfir allri söltun til þess að geta haft nauðsynlegt eftirlit með vörunni. Hún ætti að geta það án þess, ef hún á annað borð hefir hemil á sínu eigin fólki. Það er líka augljóst, að ef farin er sú leið, að búa til reglugerð, sem er framkvæmanleg, þá má með venjulegu eftirliti ná því takmarki, sem einkasalan þykist ekki geta náð nema með þvingunarráðstöfunum.

Af skýrslu Pjeturs Ólafssonar framkvæmdarstjóra er það auðsjeð, að forgöngumenn þessa máls hafa búist við andstöðu gegn þessum ákvæðum. Það er heldur ekki nema eðlilegt, að það sje bevgur í mönnum við að afhenda alla vinnu sína í hendur síldareinkasölunni, sem verður að teljast pólitísk stofnun. Með þessum ákvæðum er verið að fá sti. einkasölunnar vald í hendur, svo að hún geti látið menn þar nyrðra sitja og standa eins og hún vill.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um það, að einkasölunni hefði veitst erfitt að hafa þetta nauðsynlega eftirlit síðasta sumar. Það getur svo sem vel verið, að henni þyki hægra að vera einráð um alt fyrirkomulagið, en þá er henni þar með opnuð leið til þess að ganga á rjett einstakra manna, sem hlut eiga að máli, og því get jeg ekki fylgt. Jeg er þess fullviss, að með þeim ráðum, sem bæði jeg og aðrir hafa bent á, getur einkasalan náð þeirri vöruvöndun, sem þarf. Það má vel fylgja þeirri reglu hvað síldarmat snertir eins og gert er með ull, kjöt og sjávarafurðir eins og fisk, að láta opinbera starfsmenn meta vöruna, en láta matið ekki vera komið undir einveldi þeirra, sem fyrir útflutningnum standa. Hv. frsm. meiri hl. gaf í skyn, að 2. gr. frv. væri ætluð til þess að einkasalan gæti fært út kvíarnar, og verð jeg þá að segja, að það má kalla að færa vel mikið út kvíarnar, þegar svo er búið um hnútana, að einkasalan getur setið yfir hvers manns rjetti bæði á sjó og landi.

Þá hefir það verið látið í veðri vaka, að tunnuútvegun síldareinkasölunnar síðastl. ár hafi verið gerð fyrir framleiðendur. Maður gæti því gert sjer í hugarlund, að hinir smærri framleiðendur hefðu sjerstaklega orðið aðniótandi þessara fríðinda, að fá tunnurnar hjá einkasölunni. En því fer fjarri. Í skýrslu þeirri, sem jeg gat um áðan, er þess getið, hve margar tunnur einkasalan hafi útvegað, en því miður fylgir ekki frásögn um það, hverjir hafi orðið til þess að fá tunnur þessar. En svo mikið er víst, að einn með stærstu útgerðarmönnum norðanlands fjekk 30 þúsund tunnur hjá henni og annar útgerðarmaður þar nyrðra fjekk heilan skipsfarm. Og einn af starfsmönnum einkasölunnar, sem ekki gerir neitt út, fjekk 5 þús. tunnur. Í skýrslu þessari er þess einnig getið, að alls hafi einkasalan keypt 90 þús. tn.; hefir hún því ráðstafað ⅓ hl. þeirra til eins manns. Mjer virðist því, að þessi tunnuútvegun hafi frekar verið gerð

til hagsbóta fyrir stærstu útgerðarmennina heldur en þá minni.

Hv. þm. Ísaf. var að tala um það hjer á dögunum, að aðfinningar þær gagnvart rekstri einkasölunnar síðastl. sumar, sem jeg bar þá fram, hefðu verið lítils virði. Hv. þm. fanst það ekki þungt á metunum, þó að jeg sýndi fram á það með fullum rökum, að reknetaveiðimenn hefðu fengið minna fyrir veiði sína með því að selja hana síldareinkasölunni en þeir hefðu annars getað fengið. Það, sem framleiðendur hafa fengið fyrir tunnuna, er um 25 kr., og frá því dregst svo allur kostnaður, tunna, salt, söltun o. s. frv. En hv. þm. Ísaf. vildi halda því fram, að þeir hefðu fengið 29 kr. fyrir tunnuna. Mun hv. þm. því hafa stórum ofreiknað, þegar hann fjekk þetta verð út.

Þegar verið er að bera þetta verð saman við verð á nýrri síld, má ekki draga frá verði hinnar nýju síldar tolla o. þ. h., því að slíkt kemur ekki þar til greina. Eins og sjá má af nál., höfum við minnihl.menn ekki getað gengið inn á frv. þetta, og höfum því leyft okkur að bera fram brtt. við það. Hv. frsm. meiri hl. taldi þær ganga svo langt, að þær gætu tæplega talist brtt., heldur nýtt frv. Því skal alls ekki neitað, að brtt. þessar ganga nokkuð langt, en að þær geti talist nýtt frv., er þó ekki hægt að segja með rjettu, þar sem sumar gr. frv. eru með öllu óhreyfðar af minni hl.

Jeg minnist þess nú, að síðastl. sumar las jeg grein eftir Matthías Þórðarson í riti, sem gefið er út í Kaupmannahöfn. Er talað þar um nafn síldareinkasölunnar á erlendum málum, „Monopol“, og þess getið, hve mikinn óhug nafn þetta veki hjá skiftavinum hennar erlendis. Telur Matthías því, að nafnið sjálft spilli ekki svo lítið fyrir síldareinkasölunni erlendis, og er ilt til þess að vita, að nafnið eitt skuli vekja slíkan óhug. Sýnir það best, hverjum augum útlendingar líta á ríkiseinkasölu.

Brtt. okkar minnihlutamanna miða að skipulagsbreyt. á frv. þessu og á lögunum um einkasölu á síld. Viljum við færa fyrirtæki þetta í samvinnuáttina, og jafnframt, að þeir, sem mestra hagsmuna hafa þarna að gæta, fái aðstöðu til þess að taka þátt í stjórn fyrirtækisins, betri en þeir hafa nú. Það er með öðrum orðum verið að reyna að draga fyrirtækið sem mest frá ríkisrekstrinum, en stefnt í átt til samvinnu þeirra, sem mest eiga hjer í húfi. Jeg býst nú við, að við munum fá harðasta mótspyrnu gegn till. þessum frá jafnaðarmönnum, en við treystum því, að þeir hv. dm., sem ennþá eru ekki alveg blindaðir af einkasölumoldviðrinu, muni ljá þeim fylgi sitt, því að eins og jeg tók fram áðan, stefna þær í samvinnuáttina. Annars er nú kannske best að tala varlega um samvinnu í þessari hv. deild, og þá sjerstaklega vegna hv. þm. V.-Húnv., því að jeg man ekki betur en að hann teldi hjer um daginn, að samvinnumenn yrðu að vera eitthvað öðruvísi en fólk er flest. Jeg leyfði mjer þó að nefna samvinnu í þessu sambandi, því að hjer er um líkt fyrirkomulag að ræða, þó að það falli ekki undir samvinnulögin.

Þá vil jeg geta þess í þessu sambandi, að enda þótt okkur útgerðarmönnum sje að jafnaði brugðið um

það, að við höfum litla tilhneigingu til þess að vinna saman, þá hefir bó í seinni tíð rutt sjer til rúms sú skoðun meðal okkar, að best myndi að hafa sem mesta samvinnu á sölu afurðanna.

Svo jeg víki aftur að brtt. okkar minnihl.manna, þá vil jeg fyrst geta þess, að 1. brtt. fer fram á að breyta nafni fyrirtækisins, kalla það „síldarsamlag", í stað „síldareinkasölu". Við teljum það nafn betra. A. m. k. fælir það ekki útlendinga frá að skifta við fyrirtækið.

Önnur brtt. okkar miðar að því að fella niður þau ákvæði frv., að síldareinkasalan útvegi tunnur og salt, og eins að hún eigi ein að hafa með höndum alla síldarsöltun. Undir a- og b-lið þessarar brtt. er sett það fyrirkomulag, sem við teljum rjettast að hafa við stjórn fyrirtækisins. Það getur alls ekki talist nema eðlilegt, að útgerðarmenn óski að hafa meiri íhlutunarrjett um sti. og fyrirkomulag þessarar stofnunar en nú á sjer stað, þar sem þeir bera hana uppi og hafa þar því mikilla hagsmuna að gæta. Þetta held jeg, að hv. þingbændur ættu a. m. k. að skilja, því jeg býst ekki við, að þeir myndu vera ánægðir, ef þeir fengju engu að ráða um sti. fyrirtækis, sem þeir ættu hlutdeild í. Hvað myndu þeir t. d. segja, ef útvegsmenn hjer á Alþingi bæru þá ofurliða og samþ. lög um það, að bæjarstj. Reykjavíkur skyldi skipa einn mann í stj. Sambands íslenskra samvinnufjelaga? (**HJ**: Þetta er ekkert sambærilegt, við erum miklu þroskaðri á sviði samvinnumálanna). „Um „sæluna" og „blessunina" skulum við lítið tala", lætur Matth. sál. Jochumsson Skuggasvein segja við Hróbjart vinnumann, þegar hann kom syfjaður til dyra og bauð Skuggasvein koma „sælan" og „blessaðan". Svipað vil jeg segja hv. þm. V.-Húnv. út af þessu innskoti hans. Um „þroskann" á þessum sviðum skulum við sem minst tala. A. m. k. ber það ekki vott um neinn yfirburðaþroska að bregða öðrum um þroskaleysi að óreyndu.

Þriðja brtt. hefir valdið mestum ágreiningi. Hún er um það ákvæði, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að væri róttækast. Það er ríkissjóðsábyrgðin. Við minnihl.menn lítum svo á, að ekki sje rjett að blanda ríkissjóði inn í síldarsöluna, hvorki með ábyrgð eða á annan hátt.

Í 6. gr. síldareinkasölulaganna eru ákvæði um það, að einkasalan megi taka til afnota bryggjur eða land, er einstakir menn eiga eða ráða yfir. Í brtt. okkar við þessa gr. er lagt til, að sú línkind verði sýnd, að bryggjur og önnur mannvirki verði ekki tekin til afnota fyrir einkasöluna, ef eigendurnir sjálfir þurfa þeirra til eigin afnota, því að það sýnist vera óþarflega mikil harka að taka bryggjur af mönnum, þegar þeir þurfa að nota þær sjálfir. Þá vil jeg geta þess, að við 4. og 5. gr. frv. höfum við ekki komið fram með neina brtt. Við álítum, að þær geti staðist óbreyttar.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um það, að útflutningsnefndarmenn skuli sjálfir úrskurða reikninga einkasölunnar, eftir að þeir hafi verið endurskoðaðir. Eins og kunnugt er, er útflutningsnefndin herra einkasölunnar. Aðstaða hennar til einkasölunnar er því hliðstæð aðstöðu kaupfjelagsstjórna til kaupfjelaga. En það myndi þykja einkennilegt, ef stjórnir kaupfjelaga eða

hlutafjelaga áskildu sjer rjett til þess að úrskurða sína eigin reikninga. Við leggjum því til, að þetta ákvæði gr. verði felt niður. Sömuleiðis leggjum við það til, að reikningarnir komi það snemma á árinu, að búið verði að endurskoða þá fyrir aðalfund, svo að hann geti úrskurðað þá. Ein breyt., sem frv. gerir ráð fyrir á gildandi lögum, er sú, að útflutningsnefndarmenn, skrifstofumenn og aðrir starfsmenn einkasölunnar megi ekki reka síldarútgerð eða síldarsöltun. Hvað útflutningsnefndina snertir, þá álítum við ekki rjett að útiloka þá, sem sæti eiga í henni, frá því að fást við síldarútveg. Það myndi óneitanlega verða til þess að fyrirbyggja það, að menn með sjerþekkingu á þessum sviðum hefðu á hendi stj. fyrirtækisins. En fagþekking er alveg nauðsynleg fyrir þá, sem hafa á hendi yfirstj. síldareinkasölunnar. Það er hreinasta fjarstæða að útiloka þá menn frá því starfi, sem besta hafa þekkinguna á síldarútvegi og síldarverslun. En það verður gert, ef ákvæðið um, að útflutningsnefndarmenn megi ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaup á síld til söltunar verður samþ. Jeg veit nú að vísu ekki, hversu hátt kaup þessir menn eiga að fá hjá síldareinkasölunni. En jeg tel víst, að það sje ekki svo hátt, að duglegir athafnamenn, sem eiga kost á að taka þátt í síldaratvinnurekstri, muni vilja líta við þessu starfi, ef þeir fyrir þá sök verða að hætta við atvinnurekstur sinn. Afleiðingin af samþykt þessarar brtt. við lögin yrði óhjákvæmilega sú, að til þessa starfs veldust ekki þeir menn, sem besta þekkingu og reynslu hafa í þessum efnum, af þeim sökum, sem jeg nú hefi lýst.

Þá er með VII. brtt. okkar lagt til, að reikningsár síldareinkasölunnar sje frá 15. apríl til jafnlengdar næsta ár. Þetta er lagt til fyrir þá sök, að ætlast er til, að aðalfundur sje haldinn á tímabilinu frá 15. apríl til 15. maí. Verkefni aðalfundar er áður lýst og er vitanlega hið sama og gerist í öllum samskonar fjelögum, og er ætlast til, að þeir, sem nokkra hlutdeild hafa í fyrirtækinu, hafi þar jafnan atkvæðisrjett. [Fundarhlje].

Þegar fundi var frestað, var jeg að tala um verkefni aðalfundar síldarsamlagsins samkvæmt breytingartillögu á þskj. 575, sem jeg flyt ásamt hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. N.-Ísf. Eins og eðlilegt er, ætlumst við til, að verkefni hans sjeu samskonar og verkefni aðalfunda í öðrum fjelögum, svo sem hlutafjelögum. Auk þessa leggjum við til, að í janúarmánuði ár hvert skuli halda almennan fund síldarsamlagsmanna á Akureyri, þar sem gefnar sjeu bráðabirgðaskýrslur um hag og rekstur samlagsins á liðnu starfsári, svarað þeim fyrirspurnum, sem fram kunna að koma frá fjelagsmönnum um reksturinn, og rætt um framtíðarstarfsemi samlagsins. Skulu þær till., sem samþ. kunna að verða, lagðar fyrir væntanlegan aðalfund. Þessi aukafundur virðist nauðsynlegur, til þess að hægt sje að gera ráðstafanir til breytinga í tíma, ef þess þarf með, áður en það er orðið ótímabært með tilliti til komandi síldarvertíðar. Það má telja ólíklegt, að sunnlenskir útgerðarmenn fjölmenni mjög á þennan fund, nema þá þeir, sem

brýnasta ástæðu hafa til þess, enda hjer aðeins um að ræða undirbúningsfund undir væntanlegan aðalfund, sem við leggjum til, að háður verði í Reykjavík. Virðist allra hluta vegna sjálfsagt að halda aðalfund hjer.

Í núgildandi l. um einkasölu á síld er ekkert kveðið á um, hver sje sakaraðili í málum, sem samlagið varða. Það er aðeins tekið fram, að samlagið eigi heimili og varnarþing á Akureyri. Hvort stefna eigi stj. einkasölunnar, þ. e. forstjórum hennar, eða útflutningsnefnd, um það segir ekkert í þessum l. Við höfum því leyft okkur að bera fram brtt., sem að þessu lúta. Álítum við nægilegt, að formanni útflutningsnefndar sje birt stefna, en að n. sje ekki öll sakaraðili. Ennfremur er nauðsynlegt að setja fyrirmæli um það, hvernig skaðabætur eigi að greiða, ef samlagið yrði skaðabótaskylt fram yfir það, sem varasjóður hrekkur til. Eftir núgildandi l. gæti þetta lent á ríkissjóði, og því leggjum við til, að bæturnar greiðist til bráðabirgða, ef varasjóður hrekkur ekki til, af óskiftu andvirði seldrar síldar það ár, sem skaðabæturnar falla til útborgunar, en endurgreiðist eigendum þeirrar síldar að nokkru eða öllu leyti, eftir nánari ákvæðum útflutningsnefndar, þegar varasjóður verður greiðslufær.

Jeg hefi þá drepið á flestar þær brtt., sem við í minni hl. sjútvn., ásamt hv. þm. N.-Ísf., höfum leyft okkur að bera fram við þetta frv. Þær greinar, sem nú koma og jeg hefi ekki minst á, eru skipulagsgreinar, sem nauðsynlegar eru til þess að samrýma frv. þeirri stefnu, sem tekin er upp með brtt. Það eru ekki einungis við þrír, sem stöndum að þessum till. Á fundi, sem hjer var haldinn í vetur og á voru margir útgerðarmenn, sem viðskifti höfðu haft við einkasöluna, var rætt um skipulag og framkvæmdir einkasölunnar á þessu liðna ári. Varð það til þess, að n. var kosin til þess að koma með till. til bóta á þessu skipulagi, því að það hafði komið í ljós, að megn óánægja var með þann anda, sem gengur í gegnum einkasölulögin, og eins með það, hvernig ýmsar framkvæmdir forstjóranna voru á liðnu ári. Þessi n. bar fram till. sínar, og eru þær í öllum höfuðdráttum teknar upp í brtt. okkar á þskj. 575, sem jeg hefi áður lýst.

Hv. 1. þm. S.-M. taldi þessar till. nokkurskonar nýtt frv., en eins og jeg áður sagði, eru þær í öllum aðalatriðum í samræmi við þær till., sem útvegsmannanefndin lagði fram. Útvegsmenn líta með rjettu svo á, að löggjöfinni beri, þegar gerðar eru svo miklar ráðstafanir til styrktar atvinnuvegunum, að halda við þeirri reglu, að atvinnurekendurnir hafi sem mestan umráðarjett yfir atvinnugreininni, sem um er að ræða í það og það skiftið. Í þessu efni brast einna mest á í einkasölul. frá síðasta þingi, því að þar var atvinnurekendum gert eins lágt undir höfði og unt var, og eru þeir þó þeir aðiljarnir, sem síldareinkasalan getur ekki án verið.

Í skýrslu hr. Pjeturs Ólafssonar eru taldar upp ýmsar skipulagsbætur, sem teknar voru upp síðastl. ár undir stj. einkasölunnar. Má þar fyrst nefna stærðaraðgreininguna, sem var virðingarverð viðleitni til umbóta, þó að

framkvæmdirnar færu allar í handaskolum. Ennfremur má geta þess, að tekin var upp sú nýbreytni að merkja hverja tunnu, sem söltuð var, með nafni saltandans, og skrifa söltunardaginn á hverja tunnu. Þá voru teknar upp ýmsar nýjar verkunaraðferðir, svo sem hve mikið salt ætti að láta í hverja tunnu o. s. frv. Alt þetta, sem jeg nú hefi nefnt, og er þó margt enn ótalið, miðaði til bóta á framleiðslunni og að því að gera vöruna betri og útgengilegri. En með till. okkar, þeim sem hjer liggja fyrir, er ekkert gert til þess að hindra, að samskonar umbætur og jeg nefndi geti haldið áfram, og að bæta megi við þær að bestu manna yfirsýn. Till. okkar gera það á engan hátt erfiðara fyrir síldarsamlagið að koma þessum nauðsynlegu umbótum fram. Hinu vildum við bæta úr með till. okkar, því hróplega ranglæti og misrjetti í garð framleiðendanna, sem ríkir í þeim l., er einkasalan starfar nú undir og er stórum aukið með því frv., sem hjer liggur fyrir. Það er athugavert sjerstaklega fyrir fulltrúa landbúnaðarins hjer á Alþingi, að hjer er um mjög áhættusama atvinnugrein að ræða, og það er óhætt að fullyrða, að með l. verða aldrei gerðar þær ráðstafanir, sem útiloka áhættu í síldarverkun. Það er því mjög viðsjárvert að gera of mikið að því að gera þá menn ómynduga, sem verja fje sínu til þess að framleiða þessa vöru, með því að ætla þeim enga íhlutun um stj. þessa fyrirtækis. Eins og nú er í pottinn búið, hafa framleiðendurnir engan vettvang til þess að hafa áhrif á stj. einkasölunnar, nema með blaðagreinum eða fundum, sem hóað er saman til að ræða um síldarmálefni. Við viljum bæta úr þessu. Við stillum því kröfum okkar svo í hóf, að útgerðarmönnum gefst aðeins tækifæri til að velja minni hl. útflutningsnefndar. Þegar þess er gætt, að samkv. till. okkar hefir hver sá atkvæðisrjett á aðalfundi samlagsins, sem lagt hefir a. m. k. 100 tn. inn í það næsta ár á undan, er það ljóst, að smærri framleiðendur geta engu síður beitt áhrifum sínum um þessa kosningu en stærri framleiðendurnir, og eru þeim í engu lægra settir.

Hinsvegar er með till. okkar, um leið og þær opna leiðina að þeim kostum, sem hægt er að ná með skipulagðri högun þessarar atvinnugreinar, engu síður en með einkasölu, stefnt hjá því að blanda ríkissjóði inn í þessa áhættusömu atvinnugrein. Þrátt fyrir þetta lítum við þó svo á, að æskilegra og affarasælla væri, að síldarsalan væri rekin með frjálsum samtökum framleiðenda, eins og er um aðra afurðasölu, en þar sem þessi atvinnugrein hefir nokkra sjerstöðu, vegna hinna tíðu verðbreytinga á síldinni, viljum við þó ekki hverfa frá fyrirkomulagi skipulagsbundinnar sölu, en leggjum til, að það verði í því formi, sem jeg hefi áður lýst. Þeir skipulagsgallar, sem komið hafa í ljós á síðasta ári, að eru á tilhögun þessara mála, ættu að vera nægilegir til þess, að menn gætu fallist á þær sjálfsögðu umbætur, sem í till. okkar felast. Það má vera, að sumar þeirra megi taka til nánari athugunar til 3. umr., en heildarstefnan, sem þær mótast af, er sú, að þeir, sem þarna bera aðaláhættuna, hafi meiri íhlutun um stj. þessa fyrirtækis en nú er. Og jeg hygg, að sú stefna verði ofan á í framtíðinni, þótt hún

kunni að eiga erfitt uppdráttar nú, ef íhlutun ríkisvaldsins verður þá ekki til þess, að menn hætti að reka síldarútgerð.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessar till. Það má vera, að mjer verði fundið það til foráttu, hve langorður jeg hefi verið, en jeg var neyddur til þess að reifa þetta mál rækilega, af því að þess gafst ekki kostur að athuga málið í sjútvn. Jeg vil undirstrika það, að við í minni hl. sjútvn. höfum ekki tafið framgang þessa frv. Þegar við urðum þess varir, að meiri hl. n. var einráðinn í því að afgreiða málið án þess að það væri athugað í n., fórum við strax, í samráði við hv. þm. N.-Ísf., að undirbúa brtt. okkar, enda komu þær svo tímanlega fram, að ekki þurfti að leita um þær afbrigða. Við höfum því ekkert gert til þess að tefja fyrir framgangi þessa máls.

Jeg vona, að þeir, sem hjer eiga um að fjalla, sjái og viðurkenni, hve rjettlátar kröfur eru settar fram í þessum till., sem eru fram komnar vegna áhrifa þeirra, sem mest eiga í hættu um þessa atvinnugrein, og því ættu umfram aðra að hafa tillögurjett um fyrirkomulag þessara mála.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Það er aðallega fyrir siðasakir, að jeg segi hjer nokkur orð til vinar míns, hv. þm. Vestm. Hann verður samt að fyrirgefa, þó jeg og aðrir, er vöktu síðastl. nótt, sjeu ekki vel fyrirkallaðir til þess að halda uppi kappræðum í jafneintrjáningslegu máli og þessu. Vona jeg, að hann láti sjer lynda þá afsökun, og það því fremur, sem mjer virtist hann sjálfur heldur með daufara móti í dálkinn.

Hv. þm. Vestm. kvartaði yfir með mörgum orðum, að þetta mál hefði orðið fyrir óviðeigandi meðferð í sjútvn. Mjer finst, að hv. þm ætti ekki að flagga svo mjög með þessu, sem honum er engin afsökun, því málið hefir verið afgr. fullkomlega formlega í n., þar sem 3 af 5 nm. voru ákveðnir að fylgja frv. eins og það lá fyrir þegar í stað, og tregða hinna var bygð á óvingun við málið. Frá upphafi var það líka sýnilegt, að málið þoldi enga bið og varð að fá afgreiðslu. Hinsvegar þurfti jeg ekki að tefja málið með því að lesa það oft yfir í nefnd; til þess er það of einfalt að efni. Jeg tek því með rósemi þessum aðfinslum hv. þm., og það því fremur, sem mjer fanst ýmislegt af því, er hv. þm. sagði, benda til þess, að honum væri engin alvara með brtt. á þskj. 575.

Jeg vissi, að hv. meðflm. hv. þm. að þessum brtt., þeir hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. N.-Ísf., höfðu báðir meiri trú á síldarsamlagslögunum frá 1926 heldur en síldareinkasölulögunum frá 1928. Þeir áttu að sýna þá trú í verki meðan lögin um síldarsamlögin stóðu í gildi, en það gerðu þeir ekki, og því dagaði þetta ástfóstur þeirra uppi. Nú á síðustu stundu koma þeir svo með þessar brtt. sínar, þegar alveg vonlaust er, að þær fái nokkurn framgang. Auðvitað er eðlilegt, að flm. brtt. sýni lit á þennan veg, en satt að segja hefi jeg enga trú á því, að veruleg alvara standi á bak við þessar till. þeirra.

Hv. þm. Vestm. talaði mikið um það og lagði áherslu á það, að nafnið

einkasala, eins og það væri skilið og lagt út í nágrannalöndunum, hefði fráfælandi áhrif á kaupendur síldar og spilti markaði ísl. síldar. Jeg held, að það sje óþarfi að hafa miklar áhyggjur út af þessum firrum. Nafnið „Monopol" gengur jafnhliða öðrum heitum í viðskiftum manna í milli og vekur alls enga andúð, enda margvíslegar einkasölur til með öðrum þjóðum. (JJós: Það er erindreki síldareinkasölunnar, Matthías Þórðarson, sem hefir kvartað undan þessu). Jú, jeg hefi orðið var við þessa speki út þeirri átt. En jeg er ekkert myrkfælinn við þessa kenningu. Það er mjög alment, að t. d. kaupmenn auglýsi, að þeir hafi einkaumboð, einkarjett og einkasölu á einhverri vöru, og furðar engan á slíku. Annars sannar reynslan það best, að nafnið hefir ekki vond áhrif, og reikningar einkasölunnar frá síðasta ári sýna best, að jafnvel hrakspárnar á síðasta þingi um sölutregðu síldar hjá einkasölunni hafa alls ekki rætst og salan tekist framar vonum. (JJós: Hefir hún ekki alveg stórgrætt?!!). Því lengur sem hún fær að starfa með sæmilegri stj., því líklegri er hún til þess að vinna sjer álit.

Jeg nenni ekki að vera að eltast við allar aðfinslur hv. þm.; það er alveg tilgangslaust. Hann sagði t. d., að allir væru neyddir til að skifta við einkasöluna um salt, tunnur o. fl., ef þetta frv. yrði að lögum. Jeg held, að það sje hvergi í frv. neinn áskilnaður um þetta. Hitt er rjett, að gert er ráð fyrir því, að einkasalan verði búin svo út, að hún geti fullnægt þörfum viðskiftamannanna í þessum efnum. Sje jeg ekkert athugavert við það, en þykir hinsvegar líklegt, að viðskiftamennirnir kjósi helst að taka þessar vörur þar, sem þeim er hægast og verðið er sæmilegt.

Þá var hv. þm. að gefa það í skyn, að þeir, sem hefðu skift við einkasöluna síðastl. sumar, hefðu orðið að sæta ókjörum. Um þessi ókjör veit jeg ekkert; hygg þetta þó ósannindi. Jeg veit það, að þeir útgerðarmenn á Austurlandi, er skiftu við einkasöluna um tunnur, ljetu vel af viðskiftunum, en kvörtuðu undan því, að þeirra þarfir sæta á haka, af því að þarfir Norðlendinga væru um veiðileyfi og annað látnar sitja í fyrirrúmi. Það liggur í hlutarins eðli, að einkasalan hefir öll skilyrðin betri til þess að geta komist að góðum kjörum um tunnukaup en flestir veiðimennirnir, og er jeg þess fullviss, að hún lætur þá njóta þess. Jeg held því, að yfirleitt hafi einkasalan komið að góðu liði síðastl. sumar fyrir veiðimenn nyrðra, en auðvitað skorti á ýmsan veg undirbúning, efni og æfingu til þess að misfellulaust væri.

Það er með öllu árangurslaust að fara að ræða hjer frv. það um nýtt síldarsamlag, sem hv. þm. flytur eins og brtt. við frv. það, sem á dagskránni er. Þetta mál, þetta samlagserindi hefir svo oft verið rætt áður, bæði 1926 og oftar, að þýðingarlaust er að fara að endurtaka umræður um það nú. Reynslan sýndi það, að þó lögin um síldarsamlagið væru í gildi, þá hreyfðu útgerðarmenn sig þó ekki í 2 ár til þess að koma því í framkvæmd. Var því nauðsynlegt að grípa til annars fyrirkomulags. Og þetta nýja fyr-

irkomulag, einkasalan, hefir þó á einu ári sýnt meiri og betri árangur en samlagsfyrirkomulagið á 2 árum.

**Jón Ólafsson:** Jeg býst ekki við, að það hafi mikla þýðingu að ræða þetta mál, því þó menn komi með full rök í því í tæka tíð, þá er eins og það þýði ekkert, því þetta er orðið svo mikið tilfinningamál fyrir þeim, er að því standa, að rök fá þar engu um ráðið. Þetta lýsir sjer best í því, að jafnskýr maður og hv. 1. þm. S.-M. sjer ekkert annað en ágæti þeirra ráðstafana, er gerðar hafa verið. Og hvaða rök færir hann fyrir ágæti þessa fyrirtækis? Jú, hann segir, að hinn ágæti árangur lýsi sjer meðal annars í því, að einkasalan hafi safnað 10 þús. kr. í varasjóð sinn og auk þess hafi hún getað lagt 6 þús. kr. í markaðsleitarsjóð. Þessar tölur verða nú sannast að segja hálfbroslegur, þegar á að fara að nota þær sem aðalsönnunargagn um ágæti þessa fyrirtækis. Það er því ekki von, að heilbrigt vit fáist í þessi mál meðan þau eru rædd og túlkuð á slíkum grundvelli.

Hv. frsm. meiri hl. þótti leitt, að hv. dm. skyldu ekki hafa orðið aðnjótandi þeirrar speki, er lesa má í reikningum síldareinkasölunnar. Jeg verð að taka undir það með honum, að það er mjög leiðinlegt. Jeg hafði ætlað mjer að fá að sjá þessa reikninga, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst mjer það ekki. Það er því ekki að undra, þó að við bregðumst ókunnuglega við, þegar hv. frsm. fer að tjá okkur þær dásemdir, að búið sje að safna 16 þús. kr. í sjóði. En jeg verð að segja það, að það er enginn vandi að safna í sjóði, ef hægt er að skattleggja ótakmarkað þau fórnardýr, er þannig eru lögð undir mann. Þessi fórnarlömb hafa þá ekkert annað að gera en að taka með þakklæti því, sem einkasölunni þóknast að rjetta að þeim. Þetta virðist mjer því ekki þess vert, að þörf sje að hrósa því.

Aðalatriðið í þessu máli er það, hvernig tekist hefir að fullnægja þörfum þeirra, er við framleiðsluna fást. Þetta hefir tekist miður en skyldi síðastl. ár, því verð það, er þar fæst fyrir síldina, fer ekki fram úr meðaltali síðastl. 5 ára. Hafa þau þó verið talin með þeim lakari. Síldarverðið síðastl. ár var 33 kr. pr. tunnu, og er það svipað og meðalverð undanfarinna 5 ára. Það er því algerlega út í veður og vind að vera að tala um ágæti þessa árs, því á því hefir ekki tekist betur en á hinu undanfarandi slæma tímabili. En það verður líka að líta á það, hvað verið er að gera við landsmenn í þessu tilfelli. Það má ekki eingöngu hugsa um það að safna í sjóði á kostnað annara. En það er önnur leið en þessi sjóðsöfnun, sem þarf að líta á, og það er það, hvernig búið er að þeim smærri útgerðarmönnum. Allir sjá, að þetta fyrsta ár er óhrekjandi vottur þess, að síldareinkasölunni hefir tekist illa. Sje árið 1926 tekið til samanburðar við 1928, þá sjest það, að 1926 er verðið á þeim 168 þús. tunnum, er þá eru seldar, 40 kr. að meðaltali, en 1928 er verðið ekki nema 33 kr. brúttó pr. tunnu. Hjer er því um svo augljósan klaufaskap að ræða, að um það verður ekki deilt. Byggist það mest á því, að yfirmennirnir, sem áttu að fást við söluna, hafa ekki haft nægilegt vit á þessum málum og hafa því orðið að treysta

mönnum, sem hafa látið sjer mest um það hugað að hafa eitthvað upp úr þessum kaupum. Erindrekar síldareinkasölunnar hafa látið þessa menn vefja sjer um fingur spekulantanna og þar af leiðandi ekki notast að heimsmarkaðinum eins vel og hægt var. Í þessu liggur sá klaufaskapur, að ekki skyldi vera hærra verð á síldinni síðastl. ár en raun ber vitni um. Annars er það margt í þessu máli, sem bendir til þess, að ekki sje eins vel búið að þessu fyrirtæki sem þyrfti og ætti að vera. T. d. veit jeg ekki betur en að þegar útboð voru gerð um síld til söltunar, þá barst svo mikið að, að hinir ráðandi menn einkasölunnar sáu sjer ekki annað fært en að lækka framboðin að mun, því það var sjáanlegt, að ekki mundi veiðast eins mikið og framboðin báru með sjer. Framboðin til söltunar munu hafa numið 460 þús. tunnum, en undanfarin ár höfðu vanalega verið saltaðar um 200 þús. tunnur, og með það mun einkasalan hafa ætlað sjer að fara af stað. En hvernig tekst nú til, þegar farið er að færa framboðin niður? Þá hefir útflutningsnefndin það svo, að hún færir framboðin hlutfallslega niður, en gætir þess ekki, að sá, er boðið hefir fram 30 þús. tunnur til söltunar, þolir betur þó hann sje færður niður um helming, heldur en sá, sem aðeins hefir boðið fram 2 þús. tn., því hann getur ekki gert út, ef það er lækkað til helminga. Afleiðing þess, að útflutningsnefndin gætti þessa ekki, varð sú, að margir af hinum smærri útgerðarmönnum urðu að draga sig til baka. Þeir gátu ekki lagt út í útgerðina upp á það, að ekki væru teknar af þeim nema fáar tn. til söltunar, og fór því svo, að þeir stærri útgerðarmennirnir sátu uppi með alla söltunina. Þetta sýnir einn af verstu göllunum, er þessu fylgja. Þarna hefir farið svo, að vegna þekkingarleysis stjórnendanna hafa stærri útgerðarmennirnir ýmsir fengið allgott ár, þar sem þeir voru einir um hituna hvað söltunina snertir, en vitanlega varð það alt á kostnað þeirra smærri, sem ekki gátu gert út með þeim hluta, er þeim var ætlaður.

Það er dálítið athugavert, að þegar talað hefir verið um þetta fyrirtæki undanfarið, hefir ávalt verið reynt að komast hjá því að láta ríkissjóð hafa nokkur afskifti af því. En ef það á að halda þessu fyrirtæki áfram, þá er ekkert vit í öðru en að það hafi nægileg peningaráð. Einkasalan getur ekki starfað, nema því aðeins, að hún hafi meiri peningaráð en nú. Þingið hefir því rjettilega horfið að því ráði að tryggja það, að hún geti haft nægilegt veltufje. En fyrst svo er komið, er nauðsynlegt, ef eitthvað annað en blind trú á þetta fyrirtæki á að ráða hjer á Alþingi, að það tryggi sjer nokkurn íhlutunarrjett um meðferð þessa fjár, og yrði það þá helst með því móti, að það skipi ýmsa af ráðandi mönnum einkasölunnar. En því miður virðist, að það sje með þetta mál eins og sum trúboð, er geysa yfir löndin án þess að nokkur rök komist þar að. Er því augljós þörf eftirlits. Vænti jeg þess, að hv. deild sjái, að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til þess, að þingið hafi nokkurn íhlutunarrjett um stj. þess fyrirtækis, er það styður svo mjög.

Ef menn vildu skoða málið eins og á að skoða það, er mönnum skylt að

taka hverri leiðbeiningu, sem má veroa til endurbota. Eins og jeg nefi leitt rök að, hefir þessi fyrsta tilraun tekist mjög illa. Verðið átti eftir undanfarinni reynslu að vera a. m. k. 38 kr. á tunnu, en hjá einkasölunni hafa menn ekki enn fengið nema rúmar 24 kr. Það er sagt, að það eigi að bæta þeim það upp, en það er alveg talið vonlaust, að þeim áskotnist meira en 27 kr. með útflutningsgjaldi og öllu. Af þessu er augljóst, að peningarnir hafa farið til óviðkomandi manna og í óviðkomandi kostnað, svo að menn verða nú að borga mikið fje fyrir það, sem þeir hafa áður gert sjálfir. Þegar farið er að reka síldarsöluna á þennan hátt, verður að sjálfsögðu að sníða næsta árs verð fiskimanna eftir þessu.

Úrskurður reikninganna finst mjer sjálfsagt, að heyri undir alt aðra aðilja en þessa nefnd, ekki síst þegar Alþingi fer að hafa svona mikil afskifti af þessu máli. Það leiðir af sjálfu sjer, að það er óforsvaranlegt að láta fara um síldarsöluna eins og nú er komið, af því að ríkið styrkir hana svo mjög. Það verður því að taka til greina till. minni hl. n. um að skipa þessum málum á þann hátt, sem hún leggur til.

Hv. 1. þm. S.-M. var að telja þessu fyrirkomulagi ýmislegt til gildis, eins og t. d. útvegun á tunnum. Jeg held, að jeg sje sæmilega kunnugur því, að hvernig sem ástatt hefir verið fyrir framleiðendunum norðanlands, hefir þeim aldrei orðið skotaskuld úr því að fá lánaðar tunnur og salt. En það merkilega skeði í fyrravor, að þegar einkasalan var tekin við, kostaði hver tunna 25—30 aurum meira en „braskararnir" höfðu orðið að gefa fyrir þær undanfarin ár. Lítt af atrunaðargoðum einkasölumannanna var latið annast þessa tunnuútvegun.

Þar sem hjer er um trúaratriði, en ekki samkepnisatriði að ræða, verða aumingja fornarlömbin að borga brúsann. Það er hægt að láta alt bera sig, þegar aðrir eru látnir borga brúsann. Mörg dæmi mætti halda áfram að telja um klaufaskap einkasölunnar síðastl. ár. Þrátt fyrir það skal jeg ekki fullyrða, að einkasölufyrirkomulagið sje svo fráleitt, að ekki megi nýta það, ef það er lagað. Um það skal jeg engu spá. En ýmislegt virðist benda á, að eftir því sem forkólfarnir festast í sessi og fá meiri áhrif á löggjöf þjóðarinnar, telja þeir sjer frekar allar leiðir færar, og á það benda ummæli, sem höfð eru eftir aðalforstjóranum í öðru ríki.

Nei, þetta mál hvílir á þeim trúargrundvelli, að fyrirtækið sje svo dæmalaust gott, að hægt sje að græða á því og safna í sjóði, en þess ber að gæta, að af fylgjendum málsins er talið sjálfsagt að halda því til streitu, til þess að náðarmolar af hinu breiða borði einkasölunnar hrjóti handa sem flestum. Það hefir komið í ljós, að óþarflega margir hafa komist að þessu borði, og þegar nú á að skipa einkasölunni eigin matsmenn, þá fer að verða rúm fyrir töluvert mikið af þeim aurum, sem inn koma. Það er handhægt að safna í sjóði með því móti að lækka það, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína.

Ef hv. d. vill ekki samþ. till. minni hl. n., er því slegið föstu, að að þessu máli á ekki að fá að komast sú athugun og gætni, sem verður að sýna, ef vel á að fara. Jeg verð þó enn að taka það

fram, að jeg hefi enga sjerstaka tilhneigingu til að afnema einkasöluna nú þegar. Jeg hefi ekki svo bjarta skoðun á liðna tímanum í þessu efni, Jeg vil eindregið fylgja því, sem er málinu til bóta og getur veitt landsmönnum meira gagn en nú er, undir þeirri stj. og stefnu, sem ráðið hefir hingað til.

Eins og jeg tók fram í upphafi, sje jeg, að það hefir enga þýðingu að vera að ræða þetta mál frekar en orðið er. En það er augljóst, að þegar jafnskýr og greindur maður og hv. 1. þm. S.-M. finnur ekki annað til sönnunar máli sínu en þessi trúaratriði um sjóðstofnanir, þá má nærri geta, hversu góður málstaðurinn er. Jeg tel illa farið, ef ekki er hægt að koma því svo fyrir, að ríkið hafi meiri íhlutunarrjett í þessu máli en það nú hefir.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hv. frsm. meiri hl. sagði, að frv. mundi ekki ná fram að ganga, ef brtt. yrðu samþ. Hv. frsm. hefir litið svo á, að þá mundi ekki vinnast tími til að afgr. frv. En þetta er misskilningur. Það er nú þegar víst, að frv. verður að fara til einnar umr. í Ed. Óbreytt fer það ekki hjeðan, og þá er engu spilt, þó að brtt., sem hv. þm. Vestm., hv. 2. þm. G.-K. og jeg flytjum, nái fram að ganga. Það hlýtur því að vera eitthvað annað, sem vakir fyrir hv. 1. þm. S.-M., og þá sennilega það, að brtt. okkar muni ekki fá nægilegan stuðning hjer í hv. d. Við höfum fengið að heyra það nú seinni daga þingsins, og reyndar fyr, að sumir framsóknarmenn, og þar á meðal hæstv. dómsmrh. sjálfur, hafa staðið upp og lýst yfir skoðun sína flokks, en það hefir brugðið svo við, að þegar á átti að herða, hafa flokksbræðurnir látið uppi aðra skoðun með atkv. sínum. Og það eru engin smámál, sem jeg get bent á í þessu efni. Skal jeg taka til dæmis frv. um gerðardóm í vinnudeilum, sem afgr. var hjer á fundi síðastl. nótt, þar sem hæstv. dómsmrh. þóttist lýsa yfir skoðun síns flokks og sagði, að ekki væri nema tímaeyðsla að vera að ræða málið. En hvernig fór? Þriðjungur flokksmanna var í andstöðu við hæstv. ráðh. Jeg vænti þess, að í þessu máli verði það sama uppi á teningnum, og jeg þykist hafa ástæðu til þess, þar sem Framsóknarflokkurinn hefir nú fyrir skemstu gengið inn á þá braut í öðru máli, að byggja á samvinnugrundvelli, en hverfa frá einkasölugrundvelli. Jeg á við frv. um síldarbræðslustöð. Nógu stór hluti flokksins hvarf frá yfirlýstri skoðun sumra flokksmannanna og bygði á samvinnugrundvelli. Enda er það eðlilegt, því innan Framsóknarflokksins munu menn fremur hneigjast til samvinnu en ríkisrekstrar og einkasölu. Það er og farið að koma í ljós, að eitthvað er að losast um þær viðjar, sem flokkurinn hefir verið bundinn í á undanförnum þingum.

Þær till., sem við flytjum á þskj. 575, stefna að því, eins og allir sjá, að þoka einkasölunni nær samvinnugrundvelli og gefa þeim, sem svo mikilla hagsmuna eiga að gæta, að þeir eiga alla sína fjárhagsafkomu undir þessu fyrirtæki, tækifæri til að eiga hlutdeild í rekstrinum. Það er skoðun okkar, að frjáls samvinna og einstaklingsframtak sje besta lyftistöngin til þess að ná þroska í atvinnumálunum,

en að einokun, þar sem einstökum mönnum eru veitt nær því ótakmörkuð ráð yfir atvinnu manna, stefni til hins verra.

Eftir því sem fram hefir farið í þessu máli síðan lögin voru staðfest í fyrra, er það ljóst, að ekki er sjerstaklega verið að leita eftir hæfum mönnum í stj. þessa fyrirtækis. Nei, það var tekið meira tillit til pólitískra hagsmuna einstakra manna en þarfa atvinnurekenda og verkafólks við síldarútveginn. Ljósasti vottur þess er sá, þegar sóttir eru menn eins og hv. 2. þm. S.-M. austur á land, sem vitað er um, að bera ekkert skynbragð á þennan atvinnurekstur eða sölu síldarinnar. Og það er ekki nóg með þetta. Nú á að ganga skrefi lengra og útiloka þá menn, sem mesta þekkinguna hafa, frá því að sitja í útflutningsnefnd. Í frv. frá Ed. er svo langt gengið, að þeir, sem salta eða verka síld til útflutnings, mega ekki einu sinni vera í útflutningsnefnd. Þetta er því óskiljanlegra, þegar litið er til þess, að frv. er flutt af einum forstjóra einkasölunnar, sem vissulega hefði gott af því að fá ofurlitla nasasjón af þekkingu um þessi mál. Ekki mátti fela útvegsmönnum eða öðrum, sem að atvinnurekstrinum standa, endurskoðun á reikningum einkasölunnar; nei, það varð að nota það sem bein handa flokksbændum. Ef það er satt, sem jeg las nýlega í blaði frá Noregi, er sýnilegt, að einkasöluforkólfarnir vita ekki, hvar takmörk þeirra eru, því að þeir gerast svo djarfir að koma með till. um skipun utanríkismálanna, auk þess sem þeir fara skakka leið frá verslunarlegu sjónarmiði um að afla markaðar og velvildar til handa fyrirtækinu. Þegar forstjórar síldareinkasölunnar íslensku fara til Noregs til að biðja Norðmenn um samvinnu, líta Svíar svo á, að Íslendingar ætli sjer að fá samtök við hið stærra ríki, Noreg, til þess að þröngva kosti innflytjenda og neytenda í Svíþjóð. Og afleiðingin verður sú, að ríki eins og Svíþjóð, sem á við bestan fjárhag að búa allra Norðurlandaríkjanna og á góðan skipakost til fiskveiða, fer að hugsa um, hvort Svíar geti ekki sjálfir veitt síld og fullnægt sínum þörfum. Framkoma forstjóranna er því til skaða fyrir okkur Íslendinga, frá hvaða sjónarmiði sem á er litið.

Það er talið víst af flytjendum frv., að til þess að fá peninga til að borga mönnum með einhvern hluta síldarinnar, áður en hún er seld, þurfi að fá ríkisábyrgð. Nú er það vitanlegt, að bankarnir hjer lána altaf peninga út á fengna vöru, mismunandi mikið eftir markaðshorfum. Það er svo um fiskinn, og hefir verið svo um síldina. Þess vegna er ríkisábyrgð óþörf, því að einkasalan á líklega ekki að borga mikla upphæð út á síldina, áður en hún er veidd. Ef svo væri, að borga ætti út upp á ófenginn afla, þá er ábyrgð ríkissjóðs ekki lítið hættuleg. Það gæti valdið því, að ríkissjóður yrði árlega að greiða nokkur hundruð þús. krónur.

Þess ber líka að geta, að forstjórarnir gera ráð fyrir að selja fyrirfram talsvert af veiðinni. Því hægra verður þeim að fá fje til útborgunar á veiddri síld, er þeir hafa gert slíka fyrirframsamninga.

Það er skiljanlegt, að þeir, sem ekki

eru vanir verslunarrekstri í stærri stíl, sjái ekki hin heppilegustu úrræði og vilji þess vegna hafa ríkið að bakhjalli. Alt virðist benda á, að jafnaðarmenn muni sem fyr geta kúgað stj. og þingflokk hennar í þessu máli, þrátt fyrir yfirlýsingu Framsóknarflokksins um, að hann sje andstæður ríkisrekstri og einkasölum, og hjer komast jafnaðarmenn lengra; þeir binda ríkissjóði þann baggann, sem þyngstur er, en það er ábyrgðin á atvinnurekstrinum undir stj. óvaldra manna.

Hv. þm. Vestm. hefir gert svo rækilega grein fyrir till. okkar á þskj. 575, að ekki er þörf á frekari grg. Hjer er sannarlega um að ræða eitt hið stærsta fjárhagsmál fyrir ríkissjóð og áhættan óvenjumikil, ef ógætilega er stjórnað.

Eitt af því undarlega, eins og fleira í síldareinkasölunni, er það, að úrskurður reikninga hennar skuli vera falinn stj. einkasölunnar sjálfrar. Það er hið sama og ef úrskurður bankareikninga væri falinn hlutaðeigandi bankastjórn, og reikningar Samb. ísl. samvinnufjel. væru úrskurðaðir af sambandsstjórninni.

Hingað til hefir verið litið svo á, að þeir aðilar, sem legðu mest verðmæt í fyrirtækin og ættu mest undir afkomu þeirra, mættu fá að líta á reikningana og gera sínar till. um úrskurðun þeirra. Hjer er alt á sömu bókina lært: Útilokun allra þeirra, sem hagsmuni hafa í sambandi við atvinnu reksturinn. Það hefði mátt vænta þess, að ríkisstj. skipaði fyrir endurskoðendur einkasölureikninganna einhverja af þeim mönnum, sem standa nærri útgerðinni og eiga nokkuð á hættu um, hvernig hún er rekin. Nei, það fanst stj. ófært. Jeg hygg, að þessi meðferð málsins hljóti að vekja óhug meðal þeirra, sem síldveiðar stunda, og að það innan skams hljóti að draga úr þessum atvinnurekstri, sem þó eins og nú er komið er nauðsynlegur til að tryggja hinu sífjölgandi vinnandi fólki atvinnu. Þeim finst, að hjer sje á bak við tjöldin verið að þóknast bitlingasálum, en ekki að tryggja hagsmuni almennings og þeirra, er stunda þennan atvinnurekstur. Það er svo margt, sem vekur undrun manna í þessu máli. Þó að reikningar einkasölunnar sjeu fyrir löngu fullgerðir, þá eru þeir ekki sendir þingmönnum. Þm. fá ekki, þrátt fyrir eftirgangsmuni, að sjá ágrip af reikningunum. Þeir, sem ræða þessi mál og taka ákvarðanir um þau, fá ekki að kynnast þeim af reikningunum. Öllu er haldið leyndu og allri kritiskri endurskoðun bægt frá þessu fyrirtæki. Sjálfu Alþingi er haldið svo fyrir utan rekstur þessa stórfyrirtækis, að kalla verður hreina ósvífni. Í stað þess, að Alþ. ætti að heimta full reikningsskil og hafa strangt eftirlit, vill meiri hl. þingsins gefa forstjórum einkasölunnar meiri völd en áður og kasta í hendur þeirra lítt takmarkaðri ábyrgð ríkissjóðsins. Alt eftirlit og aðhald frá hálfu þeirra manna, sem vit hafa á, er útilokað. Skrifstofumönnum einkasölunnar er bannað að hafa nokkur viðskifti við einkasöluna, og er það sjálfsagt. En skrifstofustjórarnir eru undanþegnir þessu banni; þeir mega velta sjer eins og þeir vilja við síldarútveg og söltun. Jeg hefi heyrt það fullyrt af mörgum kunnugum mönnum, að þegar síldveiðin brást í ágúst í fyrrasumar, þá hafi einn skrifstofustjóri einkasölunnar fengið hjá henni

5000 tunnur og salt og farið að kaupa síld til söltunar. Það er ennfremur talið, að hann hafi ekki sótt um söltunarleyfi upphaflega fyrirfram. Þarna er þessum manni, sem hefir aðstöðu til þess að vita betur en flestir aðrir, hvað markaðnum líður, leyft að nota sjer hana eins og honum þykir best.

Það mun reynast svo, að verði síldareinkasalan rekin framvegis í því formi, sem til er stofnað, þá mun hröfnunum fara fjölgandi, sem krunka í kringum hana; og þeir heimta stærri og stærri krásir.

Jeg vil nú vænta þess, að þar sem svo margir af flokksbræðrum hv. frsm. meiri hl. hafa lýst sig andvíga ríkisrekstri og einkasölu, að þá hverfi þeir nú frá þeirri braut og samþykki till. okkar hv. þm. Vestm., því fremur, sem þær eru bygðar á samvinnugrundvelli. Það væri þeim sæmilegra vegna sinnar aðstöðu og yfirlýsinga að fornu og nýju. Ef þessu fer fram, sem nú er til stofnað, má svo vera, að þeir einir reki síldarútveg, sem langar til að spekúlera, en að hinir, sem vilja fara gætilega, hverfi úr sögunni.

Þessi atvinnurekstur hefir fært ríkissjóði drjúgar tekjur; árin 1918 og 1919 skiftu tekjur ríkissjóðs af síldarútveginum miljónum króna.

Jeg vil ekki líta svo á, að það fámenni, sem verið hefir hjer í deildinni undir umr. þessa stórmáls, bendi til þess, að búið sje að binda úrslit þess flokksböndum, þannig að róleg yfirvegun og skynsamleg afgreiðsla geti ekki komist að.

**Pjetur Ottesen:** Við 1. umr. þessa máls benti jeg á nokkur atriði í þessu frv., sem hjer liggur fyrir, sem jeg fann ástæðu til að víkja nú nánar að. Í frv. kemur fram alger stefnubreyt. frá því, sem er í gildandi lögum. Í fyrsta lagi þar sem nú á að láta einkasöluna taka að sjer þann hluta þessa atvinnurekstrar, söltun síldarinnar og geymslu, sem engin heimild liggur fyrir um í þeim lögum, sem nú eru í gildi um þetta efni, og ekkert bendir til, að það hafi verið ætlun síðasta þings.

Í öðru lagi benti jeg á, að ríkissjóður ætti að taka ábyrgð á allmiklu láni fyrir einkasöluna til kaupa á salti og tunnum handa síldveiðimönnum. Á þennan hátt er ríkissjóði blandað inn í áhættu af einkasölunni, þannig að ekki er útilokað, að hann geti orðið fyrir skakkafalli. Það kom mjög skýrt fram í umr. um þetta mál á síðasta þingi, að það væri alls ekki meiningin, að ríkissjóður blandaðist á nokkurn hátt inn í þetta fyrirtæki. Jeg man, að hv. þm. Dal. benti á, að þetta gæti orðið afleiðing af því skipulagi, sem stofnað var til með þeim lögum. Jeg og fleiri þdm. tóku þá í þann sama streng, að til slíkrar áhættu mætti ekki koma fyrir ríkissjóð, og að ekkert atriði í því frv., sem þá lá fyrir þinginu, gæti bent til þess. Vil jeg, til sönnunar mínu máli, benda á, hvaða orð hv. 1. þm. S.-M., sem þá var frsm. meiri hl., ljet falla í þessu máli á þinginu í fyrra; þá sagði hann út af ummælum hv. þm. Dal. um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Um fjárhagslega áhættu ríkissjóðs af einkasölunni, sem hv. þm. Dal. gerði svo mikið úr, get jeg verið fáorður. Sjálft frv. ber ekki með sjer, að þar

geti verið um neina áhættu að ræða fyrir ríkissjóð. Þó að gert sje ráð fyrir, að taka þurfi fje að láni til bráðabirgðagreiðslu síldar, þá liggur í hlutarins eðli, að það verður tekið í bönkum á ábyrgð síldareigenda og kemur ríkissjóði ekkert við".

Síðar segir hv. þm. einnig í þessu sambandi: „Ríkissjóði getur því engin áhætta af þessu stafað". — Jeg ætla, að þetta sje fullkomin sönnun þess, að með gildandi lögum var ríkissjóði ekki ætluð nein ábyrgð eða áhætta af þessu fyrirtæki. (ÓTh: Það þýðir ekkert að tala nú um svo stór mál, það er nálega enginn stjórnarflokksmaður í deildinni). Jeg tala samt fyrir hina auðu stóla; þá verður að telja fulltrúa hinna fjarverandi þingmanna. — Í sambandi við þá stefnubreyt., sem þetta frv. markar, hefir því verið haldið fram, að nauðsyn bæri til, að einkasölunni væri trygð aðstoð til þess að fara með vöruna á þann hátt, sem markaðurinn krefst. En þetta er alls ekki frambærileg ástæða, af því að samkv. lögunum er það trygt, að einkasalan hefir þetta alt saman í hendi sinni; framkvæmd matsins er undir hana lögð. Áður voru matsmennirnir stjórnskipaðir, en nú eru þeir þjónar einkasölunnar og eiga að starfa samkv. reglugerð, sem samin er af stjórn einkasölunnar og staðfest af landsstj. Síldareinkasalan þarf ekki að fá nýja heimild til þessa. Hún hefir þetta alt á valdi sínu samkv. gildandi lögum. Eins og hv. þm. Vestm. tók fram, þá hefir enginn síldveiðamaður í annað hús að venda en að láta einkasöluna selja fyrir sig, og hún tekur ekki síld til útflutnings nema matsvottorð fylgi. Það eru því alt aðrar ástæður fyrir því, að þarna á að færa út verksvið einkasölunnar; hverjar þær eru, skal jeg ekkert um segja. En mjer verður fyrst fyrir að ætla, að það eigi að gera hana sjálfráðari en hún nú er samkv. gildandi lögum, og einstaklingana ósjálfráðari. Það er verið að taka verkefni úr höndum einstaklinga og leggja þau í hendur einkasölunnar, aðeins til þess að auka vald hennar og starfsvið. Þetta er algerlega ný braut. Jeg sje enga ástæðu til að efla vald hennar og er því algerlega mótfallinn.

Um hitt atriðið, ábyrgð ríkissjóðs á veltufje einkasölunnar, hefi jeg sagt, að þar er líka farið inn á nýja braut, og jeg get ekki sannfærst um, að það sje nein sjerstök ástæða til að gera það. Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá vil jeg ekki, að neinar sjerstakar ráðstafanir sjeu gerðar til þess að blása út síldarútveginn. Það er engin ástæða til að ganga lengra í því efni en að hann fái að njóta sinnar eðlilegu þróunar.

Jeg held, að því sje þannig varið um síldarútveginn og samband hans við aðra atvinnuvegi þessa lands, að það sje ekki ástæða til að vera að ganga þar neitt framar í opinberum ráðstöfunum en það, að þar ráði neitt annað og meira en hin eðlilega þróun, sem fyrir liggur á hverjum tíma.

Þá eru þrjú atriði, sem jeg vildi ennþá minnast á, þótt jeg hafi gert það nokkuð þegar við 1. umr. þessa máls, og það er breytingin á 5. gr. l., þar sem gert er ráð fyrir því að auka tillagið til þeirra sjóða, sem þar um ræðir, með helmingshækkun frá því, sem er í gildandi lögum, og það var algerlega rangt, sem hv. frsm. meiri hl.

sagði, að sú aukning kæmi að nokkru leyti fram til markaðsleita. Sú upphæð, sem ákveðin er í gildandi lögum til markaðsleita, ¾%, er algerlega óbreytt. Þessi aukning á að renna í varasjóð og honum á að skifta í deildir, stofnsjóð og aðra sjóði til að tryggja framþróun þessarar starfsemi, þegar síldarvinna bregst eða eitthvað ber út af með hana. Það er m. ö. o. að safna fje til að greiða ýms skakkaföll, sem útvegurinn og þeir, sem við hann vinna, kunna að verða fyrir, og til að skifta upp þegar miður árar fyrir síldarútveginum. Af þessu leiðir það, að mjög lítið er upp úr því leggjandi, að þessi sjóður á að vera til þess að ljetta ábyrgð af ríkissjóði, því að þótt þar safnist nokkurt fje, þá má miklu fremur ganga út frá því, að þessu fje verði skift upp, og það er eirmitt alveg sjerstakt með þetta atriði, þar sem ekki er neitt hliðstætt til í íslenskri löggjöf, að það á að gera opinberar ráðstafanir til að bæta upp skakkaföll, sem menn kunna að verða fyrir við atvinnuveginn. Ef ætti að ganga inn á þessa braut, þá ættu slík ákvæði einnig að koma hvað aðra atvinnuvegi snertir, og jafnvel síst að ná til þessa atvinnuvegar. Jeg verð þess vegna að segja það, að þar sem mjer virðist vera um að ræða svo mikilsverða stefnubreyt. og efnisbreyt. í þessu frv. frá því, sem er í gildandi lögum, þá finst mjer það harla einkennilegt, að meiri hl. hv. sjútvn. skuli svona alveg fortakslaust hafa gengið inn á allar þessar breyt., án þess að finna nokkra ástæðu til að athuga þær nokkru nánar eða koma með nokkrar breyt. Það segir í nál., að meiri hl. n. fallist á þessar breyt. og telji þær hagkvæmar, og leggur þar að auki til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að þegar jeg veitti þessu máli minn stuðning í fyrra, þá gerði jeg það á þeim grundvelli, sem það lá þá fyrir á og jeg hefi nú lýst, og eftir því, sem þá kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., er ekki hægt að sjá annað en að það sama hafi vakað fyrir honum og öðrum stuðningsmönnum málsins. Það er þess vegna ekki hægt að sjá annað en að hjá hv. frsm. meiri hl. og meiri hl. sjútvn. hafi orðið alger stefnubreyt. í skoðunum, náttúrlega að undanteknum þeim eina jafnaðarmanni, sem þar er, þar sem þeir hafa getað samþýðst þeirri breyt., sem fram kemur hjer. Það er því eðlilegt, þar sem mín aðstaða er óbreytt frá í fyrra, að nú hljóti okkar leiðir að skilja.

Í sambandi við heimildina í 3. gr., sem jeg hefi nú minst á, um ríkissjóðsábyrgðina, vil jeg benda á það, að mjer þykir harla undarlegt, eftir þeim ummælum, sem fjellu áðan hjá hv. frsm. meiri hl., að hann skuli nú telja þá ábyrgð fyrir einkasöluna nauðsynlega, því að hv. þm. sagði, að einkasalan hefði í fyrra greitt fyrir mönnum um útvegun á salti og tunnum, svo vel hefði mátt hlíta. Úr því að hún gat gert það í fyrra án þess að ríkissjóðsábyrgð kæmi til, hvers vegna er þá nokkur ástæða til að setja ríkissjóð í hættu út af því nú? Mjer verður það, satt að segja, því óskiljanlegra sem jeg hugsa meira um það, hvernig því muni vera varið, að hv. frsm. og þeir, sem honum fylgja að málum, skuli hafa getað fallist á þessa till.

Hv. 1. þm. S.-M., frsm. þessa máls, gat þess hjer áðan, að hann hefði

fengið að sjá reikninga einkasölunnar fyrir síðastl. ár og gat þess um leið, að ef hv. þm. yfirleitt hefðu átt þess kost eins og hann að sjá reikningana, þá myndu menn ef til vill hafa litið öðrum augum á þetta mál. Jeg verð að segja, að mjer þykir það undarlegt, að ekki skuli hafa verið hagað svo til, að þingmenn fengju að sjá þessa reikninga, þar sem þeir nú munu vera fullgerðir, eða a. m. k. svo langt komnir, að það hefir þótt fært að sýna hv. frsm. meiri hl. þá, þá hefði og verið jafnfært að láta þá koma fyrir augu fleiri þm. Mjer finst það einkennilegt, þegar hjer er um að ræða gagngerðar breyt. á lögum einkasölunnar, að þeim skuli ekki hafa verið leyft að sjá þá, og ekki einusinni að þeim hafi verið send sú skýrsla, sem gefin hefir verið út og prentuð á kostnað einkasölunnar. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg búist við, að þeir myndu hafa haft þau áhrif á mig, að jeg hefði getað fylgt þeirri stefnubreyt., sem hjer er verið að gera, en mjer finst ekki nema rjett að senda þm. þessa skýrslu og gefa þeim kost á að sjá þessa reikninga, og það því fremur sem sá tími er kominn, sem þeir eiga að vera tilbúnir. (**SvÓ:** Þeir eiga að vera tilbúnir fyrir maílok). Já, þeir eiga að vera prentaðir fyrir maílok, og þeir ættu því að vera svo fullgerðir nú, að þeir gætu komið fyrir augu þm. vjelritaðir eða skrifaðir. (**ÓTh:** Þeir sýnast a. m. k. vera tilbúnir, úr því að hv. frsm. meiri hl. hefir sjeð þá).

Það eru nú komnar fram nokkrar breyt. við þetta frv. Það eru hjer gagngerðar brtt. frá þrem þm., á þskj. 575, sem hv. þm. Vestm. hefir reifað hjer í deildinni. Viðvíkjandi þessum brtt. er það að segja, eins og hv. þm. tók fram, að tilgangurinn með þeim er að færa málið inn á það svið, sem það upphaflega var á í þeim lögum, sem samþ. voru hjer á þinginu 1926. En þar sem jeg ætla, að svo muni vera um hnútana búið um afgreiðslu þessa máls, sem raun mun á verða, þá er það tómt mál að fara að tala um jafngagngerðar breyt. á lögunum eins og felast í þessu frv., og þess vegna ætla jeg ekki að fara neitt inn á það mál. Annarsvegar eru komnar hjer fram brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. Á efni annarar þessarar brtt. mintist jeg við 1. umr. þessa máls; hún er um það að lagfæra þau ákvæði frv., að í útflutningsnefnd megi ekki sitja menn, ef þeir hafi síldarsölu eða síldarverslun með höndum, nje heldur reka síldarútveg. Jeg benti þá á það, að af þessu ákvæði mundi leiða það, að nauðsynleg þekking á þessu máli og meðferð þess myndi verða þarna útilokuð, því að það er vitanlegt, að þeir menn, sem fengist hafa við síldarverslun og síldarverkun áður, þeir myndu standa miklu betur að vígi vegna kunnugleika síns á allri stj. og framkvæmdum á slíkum hlutum heldur en þeir menn, sem ekkert hafa við það fengist, og verða þess vegna alveg að byrja á nýjan leik og þreifa sig áfram um alla tilhögun. Því fjarstæðara virðist mjer að gera slíka breyt., og þar sem bátaútvegsmönnum er nú einusinni heimilað að hafa einn mann í stj. síldareinkasölunnar, þá er það alveg óheyrilegt að taka af þeim ráðin með að láta menn með sjerþekkingu á þessum hlutum í stj., sem vitanlega er mikið tryggingaratriði fyrir

starfsemina. Jeg veit, að hv. 2. þm. Eyf. muni reifa þessar till., og þess vegna skal jeg ekki fara lengra út í það að ræða þetta atriði, en mjer virðist, að hjer sje um svo sjálfsagða leiðrjettingu á frv. að ræða, að hv. deild geti ekki gengið á móti henni.

2. brtt. hv. 2. þm. Eyf. gengur út á það, að lögheimili einkasölunnar skuli vera á Siglufirði, en ekki á Akureyri, eins og það var ákveðið í lögunum. Jeg minnist þess, að það var töluvert deilt um þetta atriði á síðasta þingi, en það fjekst þá ekki, að lögheimilið skyldi vera á Siglufirði, en það er hinsvegar öllum ljóst, sem nokkuð þekkja til þessa máls og allrar aðstöðu þarna norðurfrá, að þetta er ekki ákveðið af hagkvæmisástæðum, því að vitanlegt er, að öll meginstöð síldveiðanna og síldveiðastarfsemi norðanlands er á Siglufirði, enda hefi jeg svo frjett, að þessi tilhögun hafi valdið miklum vandkvæðum á framkvæmd síldareinkasölunnar á síðastl. ári. Virðist mjer því, að hjer sje verið að leggja til þær breyt. á lögum einkasölunnar, sem reynslan hafi bent til, að rjett væri að gera, og að þarna sje a. m. k. eitt atriði, sem ekki hefir verið tekið til greina, því að það er óyggjandi, að þetta olli miklum erfiðleikum á síðasta ári, og jeg er viss um, að hvert það fyrirtæki, sem hefði átt að starfa á þessu sviði og sett hefði verið á stofn af einhverjum einstaklingi eða frjálsum fjelagsskap, hefði verið látið hafa lögheimili sitt á Siglufirði. Það eru því alt aðrar ástæður, sem leiða til þessarar tilhögunar, sem leiða kostnað af sjer og vitanlega þyngja á þeim mönnum, sem leggja afurðir sínar inn í einkasöluna til þess að koma þeim í peninga.

Þá vildi jeg gera eina fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl. út af því, að hjer stendur í 7. gr. frv., að útflutningsnefndarmenn, umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölunnar megi ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar. — Jeg vildi aðeins spyrja hv. frsm. meiri hl. um það, hvort þetta næði ekki til allra þeirra manna, sem starfa í skrifstofunni, og þar á meðal þess manns, sem hefir á hendi stj. skrifstofunnar. Jeg hafði nú í rauninni skilið þetta svo, að það hlyti að ná til allra þeirra manna, sem starfa í skrifstofunni, en af því að mjer fanst það koma fram hjá einum hv. deildarmanni, sem taldi, að þetta gæti verið vafasamt, þá er nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta atriði.

Jeg ætla þá ekki að fjölyrða meira um þetta mál, en eins og þetta frv. liggur nú hjer fyrir, þá get jeg ekki greitt því mitt atkv., og þykist jeg hafa gert bæði nú og við 1. umr. fullkomna grein fyrir, á hverju það byggist. Jeg skal viðurkenna það, að í þessu frv. eru nokkur atriði, sem jeg teldi, að hefðu verið til bóta. Það er m. a. ákvæðið í fyrri málsgr. 1. gr., um að einkasalan nái líka til þeirrar síldar, sem er veidd fyrir utan landhelgi, og svo ákvæðin um það, að skrifstofustjóri og starfsmenn megi ekki fást neitt við síldarútveg eða þesshättar. Það eru breyt., sem jeg fyrir mitt leyti gæti verið fylgjandi, en þær eru svo smávægilegar og lítilfjörlegar, samanborið við þær höfuðbreyt., sem frv. inniheldur, að jeg hika ekki við

að greiða atkv. móti frv. samt sem áður.

**Ólafur Thors:** Hv. frsm. minni hl., hv. þm. Vestm., hefir nú gert ítarlega grein fyrir afstöðu minni hl. og þeirra, sem standa að brtt. á þskj. 575. Vegna ræðu hans mun jeg láta nægja að tala einungis alment um málið, og mun minna en jeg ella hefði þurft að gera.

Það var á Alþingi 1926, að íhaldsmenn fluttu frv. um að skipulagsbinda síldarútveginn. Var þá komið í óefni hið mesta með þennan atvinnuveg, og var okkur íhaldsmönnum ljóst, að við svo búið mætti vart standa öllu lengur. Við lítum þá svo á, að grípa yrði til einhverra opinberra ráðstafana til þess að firra þennan atvinnuveg hruni og til þess að afstýra þeim fjárhagslega hnekki, sem óreiðan hlyti að hafa í för með sjer. Svo sem kunnugt er, álíta íhaldsmenn frjálsa samkepni ótvírætt helsta þroskaskilyrði þjóða og einstaklinga, en eins og hjer stóð á, þá viðurkendu íhaldsmenn, að í síldarsölunni nyti samkepnin sín enganveginn, og að hvergi kæmu gallar hennar frekar í ljós en einmitt í síldarútveginum íslenska eins og hann var þá rekinn. Og það skal enn játað, að eins og sakir stóðu þá, þá var full ástæða fyrir ríkisvaldið að grípa í taumana. Og jeg hygg, að ekki orki tvímælis, að sú leið, sem valin var 1926, sje sú heppilegasta í þessu máli, en hinsvegar skal það játað, að útgerðarmenn voru seinir á sjer að hefjast handa með innbyrðis samtök, eins og ætlast var til, og það var ekki fyr en í ársbyrjun 1928, að bundið var fastmælum að stofna til fjelagsskapar í þessu skyni. Voru þá samin lög fyrir fjelagsskap þennan, og var fjelagið reiðubúið til þess að taka til þeirra verkefna, er fyrir lágu. Svo er það á þinginu 1928, að fram kom frv. um þessi mál, sem gekk í öfuga átt við lögin frá 1926. Skyldi samkv. því frv. taka völdin úr höndum framleiðenda og leggja þau í hendur ríkisvaldsins. Við íhaldsmenn börðumst mjög eindregið gegn glapræði þessu, en það bar lítinn árangur, svo sem staðreyndir herma. Við bentum á, hve hættulegt það væri að svifta framleiðendur sjálfa yfirráðum yfir framleiðslu sinni, og við spáðum því, að ef það frv. yrði samþ., þá myndi annað ráða meiru um val forstöðumanna þessa fyrirtækis en hæfileikar einir. Af þessum orsökum töldum við þetta hið mesta óráð, en kusum annað skipulag á þessum málum. En við vorum bornir atkvæðum og frv. náði fram að ganga, illu heilli. Jeg hygg þó, að ef okkur íhaldsmönnum hefði þótt sýnt, að val forstöðumanna færi eftir hæfileikum, en ekki eftir öðru, þá hefðum við getað felt okkur við frv. En jeg þykist engan meiða, þó jeg segi, að hrakspár okkar, sem við tíunduðum við umr. málsins á Alþingi í fyrra, hafi rætst í miklu ríkari mæli en við höfðum jafnvel gert okkur grein fyrir og heldur en við höfðum óttast. Nú, að þeirri reynslu fenginni, sem síðasta ár hefir fært mönnum, getur engum blandast hugur um, að Alþingi í fyrra fórst þetta mál mjög óhönduglega úr hendi, og jeg á satt að segja erfitt með að skilja hugsanagang þeirra manna, sem hafa aðhyllast samvinnu, að þeir skyldu ekki sjá, hvílíkt tækifæri og hvílík aðstaða þeim gafst í síldarútveginum til þess að sanna alþjóð ágæti samvinnustefn-

unnar og mátt hennar. En þeir kusu h. ldur ríkisrekstur. Síldarútvegurinn hafði verið í rústum í nokkur ár. Nú var það viðurkent af öllum, samkepnismönnum sem öðrum, að til bóta myndi bregða, ef skipulagi væri komið á síldarútveginn. Aðstaðan var því alveg einstæð fyrir samvinnumenn til þess að sanna stefnu þeirra í verki. En mistök þau, sem orðið hafa á rekstri einkasölunnar þetta ár, sýna það og sanna, að í framkvæmdinni er þessi leið, sem stjórnarliðið ákvað að fara, svo gölluð, að ófær má teljast. Gallar laganna 1928 komu strax í ljós, þegar farið var að kjósa í stj. þessa fyrirtækis, og hygg jeg, að nokkru hafi þar um ráðið það ofríki og sú ósanngirni þingmeirihlutans í fyrra, að meina minni hl. útflutningsnefndar að eiga nokkra íhlutun í vali framkvæmdarstjóranna. Þetta hygg jeg, að hafi verið mjög misráðið. Yfirleitt held jeg, að það sje skakt að reyna ekki þegar í upphafi að tryggja samúð sem flestra þeirra, sem við fyrirtækið eiga að skifta og undir fyrirkomulaginu eiga að búa. En hægasta leiðin til þess að gera þetta hvorttveggja var að heimila minni hl. útflutningsnefndar að taka þátt í kosningu framkvæmdastjóra einkasölunnar. Þetta hefði náðst, ef þeir hefðu verið kosnir með hlutbundinni kosningu, en það var ekki því að heilsa, að svo væri. Það voru barðar niður allar till. okkar íhaldsmanna til þess að tryggja þetta. Meiri hl. Alþ. hjelt fast við sinn keip, og afleiðingin varð sú, að þessi sami meiri hl. hefir ráðið allri stj. og fyrirkomulagi þessa fyrirtækis, og ber því að sjálfsögðu líka álla ábyrgðina á því.

Jeg vil í engu hallmæla framkvæmdarstjórum síldareinkasölunnar, en jeg held, að það sje sannmæli um tvo af þessum þrem framkvæmdarstjórum, að þegar tilnefning þeirra varð almenningi kunn, þá urðu allir undrandi. Ekki af því, að þessir menn væru svo illa gefnir, heldur af því, að það var öllum vitanlegt, að hvorugur þeirra hafði komið nálægt þeim atvinnurekstri, sem þeir voru nú kjörnir til þess að stjórna fyrir alla þjóðina. Af þessu má ekki blessun leiða, og það er undarleg skammsýni af þeim mönnum, sem ráða eiga, að vera svo hirðulausir um hag þjóðarinnar, að þeir skuli ekki stýra framhjá slíkum skerjum sem þessum.

Um einn af framkvæmdarstjórunum má með rjettu segja, að það var hreint og beint hnefahögg á útgerðarmenn að verða að lúta yfirstjórn hans. Þessi maður hafði lýst yfir því á opinberum fundi, að útgerðarmenn mættu aldrei fá neinn hagnað af atvinnu sinni, síldarútveginum. Þetta er móðgun við útgerðarmenn, og jeg get bent á það til samanburðar, að bændum mundi þykja það hart, ef skipaður væri maður yfir öll þeirra mál, sem opinberlega hefði lýst yfir því, að þeir mættu aldrei hafa neinn hagnað af framleiðslu sinni. Það væri móðgun við þá. Og það er móðgun við útgerðarmenn, að sá maður, sem hafði þessi ummæli, skuli ekki tafarlaust vera látinn hverfa frá starfi sínu. Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um ágæti þessara manna, sem til fram-

kvæmdanna voru valdir, en ætla heldur að láta staðreyndirnar tala.

Það fyrsta, sem þjóðinni varð kunnugt um af afrekum einkasölunnar, var sendiför, sem farin var af einum framkvæmdastjóranna og öðrum manni, sem átti að hafa þekkingu á þessum málum, en sem virðist af einhverjum ástæðum ekki hafa notað þá þekkingu í þjónustu þess málefnis, sem hann átti að vinna fyrir. Þeir fjelagar fóru utan með víðtæk erindisbrjef frá útflutningsnefndinni, sem er æðsta yfirstjórn þessara mála hjer á Íslandi. Það fyrsta, sem svo frjettist af þessum sendimönnum, er það, að þeir hafi gert samning við danskt verslunarfjelag um, að það skyldi hafa á hendi einkaumboð til að selja íslenska síld á Norðurlöndum. Allir, sem til þektu, vissu, að þetta var hneyksli. Slík ráðstöfun sem þessi var hreint og beint að kasta peningum í sjóinn. Það var líka fyrirfram vitanlegt, að Svíar hlutu að finna sig móðgaða með því að geta ekki fengið þessa vöru frá Íslandi nema fyrir milligöngu Dana. Svíar kaupa einmitt langmest af þessari vöru, en Danir sama sem ekki neitt. Það fór líka svo eftir að þetta frjettist, að því var mótmælt harðlega og menn vildu ekki trúa, að þetta gæti verið satt. Þetta gekk svo langt, að sjálfur form. síldareinkasölunnar skrifaði grein um það í stj.-blaðið Tímann, þar sem hann sagði, að þetta væri tilhæfulaust. Það hefði enginn slíkur samningur verið gerður og enginn fótur væri fyrir frjettunum. En nú er það sannað, að samningurinn var gerður. Það er sannað með skýrslu þeirri, sem gefin er út af einkasölunni sjálfri, og það er ekki einasta óviðfeldið, heldur óþolandi ósvinna, að form. einkasölunnar skuli neita staðreyndum og bera fram vísvitandi ósannindi í opinberu blaði. Hvergi mundi slíkt þolast. Jeg vil leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 3—4 línur úr skýrslu framkvæmdastjórans máli mínu til stuðnings. Þar segir svo:

„Umboðssölusamningar voru gerðir við Johnson & Engelhardt, Göteborg, Th. Wesslau í Stockholm, og hinir mikið umræddu sölu-umboðssamningar við Brödrene Levy í Kaupmannahöfn, sem upphaflega var ætlast til, að næðu yfir Norðurlönd".

Þarf nú ekki framar vitnanna við. Hjer er komin svart á hvítu óvjefengjanleg viðurkenning frá rjettum aðila um það, að það var ósatt, sem form. síldareinkasölunnar lýsti yfir í stjórnarblaðinu. Samningarnir voru gerðir. Og form. einkasölunnar hefir ekki aðeins farið með rangt mál og ósannindi, heldur hreint og beint valdið hneyksli. Það var líka hneyksli, að samningarnir voru gerðir. Frá hvaða sjónarmiði sem þetta er skoðað, þá er það verslunarlegt hneyksli, að gyðingafirma í Danmörku skyldi fá einkaleyfi á að selja þessa íslensku vöru um öll Norðurlönd. Þetta verður næstum hlægilegt, ef það væri ekki skaðlegt, þegar á það er litið, að Danir kaupa sama sem ekkert af þessari vöru sjálfir. Það ber líka vott um einfeldni þeirra, sem þessu rjeðu. Stjórn einkasölunnar neyddist til þess að upphefja þessa samninga, því að reynslan sannaði, að þetta gat ekki gengið. Reynslan varð sú, að það reis svo sterk alda gegn þessu bæði frá okkur Íslending-

um og Svíum, að einkasalan varð að kaupa sjer frið. Jeg veit ekki, hvaða verði sá friður var keyptur, en það sjer hver maður, að samningur um 6 milj. kr. árleg viðskifti, hann er ekki gefinn. En hann er seldur, ef nóg er í boðið, og jeg efast ekkert um, að svo hafi verið hjer. Hvaða baktjaldamakk og fríðindi hafa átt sjer stað í sambandi við þetta, það veit jeg ekki, en jeg er hinsvegar viss um það, að einhver fríðindi hafa komið þarna á móti, og þau ekki lítil.

Eftir Levy-samningana var næsta skref sendimannanna að selja fyrirfram megnið af dýrmætasta aflanum til Svíþjóðar. Það var í rauninni ekkert við það að athuga, þó það væri gert, og eðlilegt, að þeir vildu skifta við Svía. Það var skylda einkasölunnar við erlenda kaupendur að vera lipur í samningum og sýna þeim, að hún átti ekki að vera hnefahögg á þá frá íslenska ríkinu. En hitt er athugavert, hvernig þessir samningar voru gerðir og hvaða ákvæði voru í þeim. Í þeim voru svo alveg óveniuleg ákvæði, sem báru vott um fádæma barnaskap og fáfræði beirra manna, sem að þeim stóðu fyrir okkar hönd. Fyrsta ákvæðið í samningum þessum er það, að það síldarmagn, sem selt verði eftir þeim, skuli vera af fyrstu veiði. Nú vita það allir, sem rokkuð eru kunnugir þessum málum, að það bregst sjaldan, að fyrsta veiði nær háu verði. Það var því alveg ástæðulaust að láta þessar 40 þús. tn., sem seldar voru eftir samningunum, vera af fyrstu veiði. Þetta er sjerstaklega vítavert, þegar litið er á, hvað verðið var lágt. Í samningunum var sem sje lagt til grundvallar það verð, sem sennilega hefði fengist, ef seld hefði verið venjuleg íslensk síld af miðsumaraflanum. Auk þess nú að tilgreina þetta verð, þá var ákveðið í samningunum, að viss tala sílda skyldi vera í hverri tunnu, og áttu 270 síldar að vera í hverri 90 kg. tunnu. Þetta ber vott um ókunnugleika. Allir, sem til þekkja, vita, að þessi stærð er mjög sjaldgæf, og það er yfirleitt stærsta og besta síldin. Þessar staðreyndir fengu líka staðfestingu á síðasta sumri, því að þegar átti að fara að ná í þessa stærð, þá var sama sem ekkert til af henni, og ekki nærri nóg til þess að hægt væri að standa við samningana. Á einni síldarstöð t. d., þar sem saltað var afarmikið, víst einar 10 þús. tunnur, vissi jeg til, að ekki voru nema einar 140 tunnur til af þessari stærð. Við athugun þessara samninga hljóta allir að sjá, að þar fer saman miðlungsverð, fyrsta veiði og stærsta og dýrasta síldin. Er þá illa á haldið. Með þessu er þó ekki alt sagt, sem miður fór, því að enn þá eru ógreind þau ákvæði, sem mestu hneykslunum valda í augum allra manna.

Í þessum samningum á kaupandinn sjálfur að dæma um gæði vörunnar. Kaupandanum er í sjálfsvald sett að dæma um, hvort varan fullnægði þeim kröfum, sem gerðar voru, eða ekki. Með þessu er nú síldarmatið íslenska gert einskis virði. Hitt var þó alvarlegra, að þegar slík ákvæði eru í samningi, þá er hann ekki einungis einskis virði, heldur verra en ekki neitt. Ef varan fellur á tímanum frá samningsdegi til afhendingardags, þá segir kaupandinn: „Varan fullnægir

ekki settum skilyrðum að mínum dómi. Jeg tek ekki við henni". En ef varan hækkar aftur á móti á þessum sama tíma, þá segir kaupandinn: „Varan er sæmileg. Jeg tek á móti henni". Af þessum ákvæðum leiðir, að ef varan fellur í verði frá samningsdegi til afhendingardags, þá er samningurinn einskis virði, en ef hún hækkar, þá er seljandinn bundinn við hann. Slíka samninga gera ekki nema börn, og það alveg óvenjuleg börn.

Þó er enn ótalin ein höfuðsynd þeirra sendimannanna. Í samningunum var ennþá eitt nýtt hneykslisatriði. Í þeim var svo ákveðið, að ef verðið fjelli á markaðnum frá samningsdegi til afhendingardags, þá skyldi einnig færast sjálfkrafa niður verð þess síldarmagns, sem samið var um. Þetta er það, sem Svíar kalla „Prisfaldsgaranti", og það leiðir það af sjer, að samningarnir verða verri en ekki neitt. Ef verðið fellur á markaðnum, þá fellur líka samningsverðið, en ef verðið hækkar, þá hækkar það ekki. Hvaða heilvita maður gerir nú svona samninga? Það er ekki hægt að hafa um þetta vægari ummæli, og vil jeg þó ekki viðhafa hörð orð. Það var meira að segja í þessu „Prisfaldsgaranti" svo ákveðið, að engin ágústveidd síld, ekki einu sinni smæsta ágústsíldin, skyldi seljast lægra verði heldur en sú stóra og góða síld af fyrstu veiði, sem samið var um. Með þessu var þá stóra og góða síldin færð niður í það verð, sem litla og vonda síldin gat komist lægst. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa marklausu samninga, en það er ekki ofmælt, að þar var okkar aðstaða gerð verri heldur en hún gat verst orðið. Verðið er í meðallagi fyrir venjulega vöru, en svo er seld besta varan af fyrstu veiði, og hagur hinna erlendu kaupenda trygður á alla vegu. Íslensk matsvottorð virt að vettugi og hið íslenska mat gert einskis nýtt.

Þessir samningar bera þess vott, að spádómar okkar íhaldsmanna í fyrra hafa því miður rætst. Og það er ekki nóg með, að þeir hafi rætst. Staðreyndirnar sanna, að ástandið varð ennþá verra heldur en okkur nokkurn tíma gat órað fyrir, að það gæti verst orðið. Þessar staðreyndir sanna líka það, að þegar til þessara starfa veljast menn, sem enga faglega þekkingu hafa, þá hlýtur altaf svo að fara, að skaði og tjón hljótist af fyrir alþjóð manna. Þessir samningar eru ríkur vottur um skeikulleik hins fáfróða. Þeir eru sönnun þess, að þegar hið pólitíska vald fer að skipa slíka menn til þess að hafa á hendi formensku atvinnufyrirtækja, þá er atvinnugreininni stofnað í beinan voða. Þeir eru órækari sönnun heldur en við íhaldsmenn hefðum kosið fyrir þeirri stefnu okkar, að láta altaf þekkinguna ráða, en hugsa ekki um það, hvort pólitískur taglhnýtingur þarf að fá bitling eða ekki.

Jeg hefi aðeins nefnt eitt dæmi um mistök hjá einkasölunni. Þau mistök eru ávöxturinn af þeim grundvelli, sem lagður var með löggjöfinni í fyrra. Þau voru fyrirfram sjeð, og það var bent á þau. Það var hægt að stýra fram hjá þeim, ef menn hefðu ekki lokað augum og eyrum fyrir öllum rökum. Menn vildu trúa, en ekki skilja. Verslunarmálin eru orðin að trúmálum, og þá sjá allir, að ógæfan er framundan. Jeg veit ekki, hve

lengi staðreyndirnar verða að kveða upp sinn skýra og harða dóm, en jeg vona það og óska þess af heilum hug, að þjóðin þurfi ekki lengi að búa við blindni hins ráðandi meiri hluta og skynsemin fái að ráða, en ekki trú.

Eins og jeg sagði áðan, þá hefi jeg aðeins tekið eitt dæmi, og jeg ætla ekki að fara að rekja alla sögu málsins. Jeg kem því ekki við. Það er bæði leiðinlegt og tafsamt að tína fram eitt og eitt dæmi, því að það er víst ekki ofmælt, að dæmin eru mörg. Þau eru óteljandi. Afleiðingarnar eru líka kunnar og lýsa sjer best í því, að það er víst alveg óhætt að fullyrða, að verðið á síldinni hefir aldrei verið hlutfallslega eins lágt eins og á þessu ári.

Verðið fer eftir framleiðslunni. Árið 1926 er sambærilegast við þetta ár hvað afla snertir, en þá var verðið á vörunni til framleiðendanna ekki aðeins hærra en nú í ár, það var ekki aðeins helmingi hærra, heldur margfalt hærra en í ár.

Það útgerðarfjelag, sem jeg veiti forstöðu, keypti þá í 1½ mánuð afla af mörgum síldveiðiskipum og greiddi fyrir hverja strokktunnu af nýrri síld 38—45 kr. Nú í sumar fjekk enginn hærra verð en 12—14 kr.

Á þessu ættu menn best að geta skilið, að þetta dugir ekki. Það verður altaf örlagaríkt þegar þeir menn eru valdir til forustunnar, sem ekkert skilja og ekkert skyn bera á þau störf, sem þeir eru settir til að inna af hendi.

Að öðru leyti skal jeg ekki gera stj. einkasölunnar eða framkvæmdir hennar að umtalsefni nú, að því einu undanskildu, að jeg tel hana tvímælalaust hafa brotið lögin frá síðasta þingi, með því að kaupa og selja tunnur og salt. I 5. gr. þeirra laga er svo fyrir mælt: „Framkvæmdarstjórninni er heimilt: Að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna". Um það, hvern skilning beri að leggja í þetta ákvæði, var mjög rætt á síðasta þingi, bæði af þáv. frsm. meiri hl. og mjer, og kom okkur saman um, að með því mætti á engan hátt leggja fjárhagslega áhættu á einkasöluna, og við vorum ennfremur sammála um, að slík verslun yrði því að vera í mjög smáum stíl, og ekkert látið nema gegn öruggum tryggingum. En nú orkar ekki tvímælis, að verslun einkasölunnar með þessa hluti hefir verið í mjög stórum stíl, og hefir því eðlilega fylgt henni mikil áhætta fyrir fyrirtækið. Hvort tap eða gróði hefir orðið á versluninni, veit jeg ekki, enda skiftir það ekki miklu máli í þessu sambandi. Hitt er aðalatriðið, að með versluninni hefir verið lögð óþarfa áhætta á einkasöluna, en það er beint brot á fyrirmælum laganna. Og það hljóta allir að skilja, að áhættan getur hafa verið mikil, enda þótt svo hafi ef til vill ráðist, að af henni hafi ekki leitt fjárhagslegt tjón fyrir fyrirtækið í þetta sinn. Eftir nú að þetta óheillaspor var stigið á síðasta þingi, sem samþykt einkasölunnar var, er nú meiningin að stíga nýtt og örlagaríkt spor á sömu braut þegar á þessu þingi. Og jeg skal ekki draga neina dul á það, að jeg tel meinið í þessu öllu liggja í sambúðinni á milli framsóknarflokksmanna og jafnaðarmanna, því að þetta einokunarfaraldur er ekki raunveruleg stefna fram-

sóknarmanna, enda er gaman að veita því athygli, að öll þessi einkasölufrv. eru borin fyrst fram í Ed., og það af hv. þm. Ak., sem er yfirlýstur jafnaðarmaður, ásamt hv. 2. þm. S.-M., sem allir vita, að er jafnaðarmaður líka. Svo eru mál þessi knúð áfram í gegnum deildina af þeim, sem þar er voldugastur, sem sje hæstv. dómsmrh., sem vitanlega er ekki minni jafnaðarmaður en hinir. Jeg teldi þó miklu betra, að hæstv. dómsmrh. væri sjálfur frumkvöðull þessara mála, þrátt fyrir það, þó hann sje jafnaðarmaður, ef hann aðeins bæri skyn á síldarútgerð; en því miður þekkir hann ekkert til þeirra hluta, og þiggur því ráð af öðrum jafnaðarmönnum, skoðanabræðrum sínum, sem vegna aðstöðu sinnar eru taldir bera skyn á þessa útgerð, en sem reynslan hefir sýnt, að hafa sorglega lítið vit á henni. Á jeg þar sjerstaklega við hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. S.-M. Ógæfan liggur því í því, að framsóknarflokksmenn láta alveg stjórnast af jafnaðarmönnum í þessum málum.

Þegar nú mál þetta kemur til okkar, eftir að hafa fengið slíka afgreiðslu í Ed., fáum við aðeins þá ánægju að tala um það í deildinni, því að í nefnd hefir það ekkert verið rætt. Form sjútvn., hv. 1. þm. S.-M., tók það að vísu einu sinni á dagskrá í n., og mun það þá hafa verið rætt í mesta lagi einn stundarfjórðung og afgreitt svo án þess að við minnihl.menn fengjum tækifæri til þess að koma með okkar athuganir. Hinn greindi og góði þm. anaði þar áfram eins og sá, sem óttast reidda svipuna yfir höfði sjer. Hv. þm. vildi útiloka allar rökræður um málið, og get jeg vel skilið þá afstöðu hans. Eins og allir vita, sem þekkja þennan hv. þm., er hann maður greindur og athugull, og því hefir hann sjeð það fyrirfram, að hann mundi eiga erfiðara með að standa á móti till. okkar, ef hann hlýddi á rök þau, sem við hefðum með þeim fram að færa. En breyt. á frv. mátti hann ekki ganga inn á, því að flokkssvipan hafði sagt honum, að það ætti að ganga fram óbreytt.

Þær vonir okkar minnihl.manna að fá að ræða þetta stóra mál í sjútvn. við þennan góða og gegna mann hafa því, eins og jeg tók fram, algerlega brugðist, og svo þegar við viljum ræða það við deildarmenn, sjest ekki framsóknarmaður í deildinni, að undanskildum forsetanum. Þetta er þeim mun verra, þar sem Nd. er sá vettvangur, sem ræða ber á slíkt mál sem þetta, því þótt hv. Ed. gani áfram í blindni, eru þó margir framsóknarmenn, sem sæti eiga hjer, svo sanngjarnir, að þeir líta á skynsamleg rök. En í þessu stóra máli er sleginn sá varnagli fyrir þeim veikleika, sem allir góðir menn hafa fyrir gildum og ótvíræðum rökum, að allir framsóknarmenn deildarinnar eru látnir vera fjarverandi. Slík meðferð á svona stóru máli sem þessu er ekki aðeins óviðeigandi, heldur líka hættuleg. Í n. má ekkert um það tala, en í d. þýðir ekkert að tala um það, því að þar eru engir viðstaddir.

Að loknum þessum almennu aths. skal jeg leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu eins og það liggur fyrir, og vil jeg þá fyrst beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl., hvernig skilja beri fyrirmæli 1. gr., þar sem segir svo: „Síldareinka-

sala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan nátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenskum skipum hjer við land". Jeg geri nú frekar ráð fyrir, að hjer sje aðeins átt við þá síld, sem flutt er út söltuð eða krydduð, en ekki við þá síld, sem veidd er hjer við land og látin í bræðslu og flutt út sem mjöl eða olía. Enda þótt jeg geri nú ráð fyrir, að þetta sje hugsunin, sem vakað hefir fyrir flm., þá vænti jeg þess þó, að hv. frsm. meiri hl. svari þessari fyrirspurn minni, til þess að það komi skýrt fram, hvað meint er með þessu ákvæði í frvgr.

Þá er eitt fyrirmæli 1. gr., sem jeg tel alveg ástæðulaust, en hættulegt, og það er, að veiðimenn eiga að afhenda einkasölunni ferska síld til söltunar, ef hun óskar þess. Nú er það vitanlegt, að fjöldi manna hefir lagt mikið fje í það að koma upp síldarsöltunarstöðvum, en með þessu er verið að taka af þeim umráðarjettinn yfir þeim. Það er því alt á eina bókina lært. Fyrst er tekinn rjettur af síldveiðimönnunum og eigendum bátanna og svo einnig af eigendum stöðvanna. Og það hafa engin rök verið færð fram með því, að þetta væri æskilegt, hvað þá nauðsynlegt.

Jeg verð nú að segja það, að mig undrar stórlega, að bændaflokkur þingsins skuli ljá fylgi sitt til þess að stofna ríkissjóði í hættu vegna síldarsöltunar, en með fyrirmælum þessa frv. er nú lagt inn á þá braut. Sömuleiðis get jeg tekið undir með hv. þm. Borgf., þar sem hann ljet í ljós undrun sína yfir ákvæðum 5. gr. frv. þessa. Það er að sjálfsögðu æskilegt, að öll atvinna sje rekin með þeim hætti, að hún sje sem tryggust fyrir verkafólkið. En hitt undrast jeg, að bændur skuli beita sjer fyrir því að gera síldarútveginn sem tryggastan, af því að sú atvinnugrein er einmitt mesti keppinautur landbúnaðarins. Hún er rekin á þeim tíma, sem bændur þurfa mest á fólki að halda, og hleypur því í kapp við þá um verkafólkið. Jeg fyrir mitt leyti sje því enga ástæðu til þess fyrir ríkissjóð að veita þessari atvinnugrein frekar stuðning en öðrum atvinnugreinum, og sjerstaklega undrast jeg þó, að bændaflokksmenn skuli beita sjer fyrir þessu. Hv. þm. Vestm. og hv. þm. Borgf. hafa að öðru leyti gagnrýnt frv. þetta svo rækilega, að jeg vil ekki gera mig sekan í því að lengja umr. að óþörfu með því að endurtaka þau rök, sem þeir hafa fært fram gegn því. Skal jeg því ekki fjölyrða frekar um einstök ákvæði þess.

Jeg þarf nú tæplega að skýra frá því, að við minnihl.menn leggjum ríka áherslu á, að frv. verði felt, því að við teljum það stórskaðlegt. En þar sem við gerum ekki ráð fyrir að fá því framgengt, þá höfum við borið fram brtt. á þskj. 575. En jeg vil strax taka það fram, að því fer fjarri, að jeg a. m. k. kjósi heldur það fyrirkomulag á þessum málum, sem gengið er inn á á þessu þskj. Það er því borið fram sem tilraun til samkomulags við hina ráðandi flokka þingsins, og þá sjerstaklega Framsóknarflokkinn. Lengra varð ekki komist til þess að fara samkomulagsleiðina. Jeg ætla nú alls ekki að fara að skýra þessar till. okkar, því að fyrsti flm. gerði það svo ágætlega. En jeg vil leiða athygli að því, að í þeim er verið að ganga inn á samlagsbraut-

ina gegn einkasölubrautinni. Jeg verð því að segja það, að stefna framsóknarmanna er ekkert annað en innantóm orðagjamur, ef þeir nú enn á ný vilja stefnu jafnaðarmanna frekar en sína eigin. En það gera þeir, ef þeir ganga á móti brtt. okkar minnihlutamanna. Þá skal jeg taka það fram sjerstaklega, að ö. brtt., við 6. gr. frv., er frá minni hendi aðeins til samkomulags, því að jeg er andvígur afskiftum einkasölunnar af tunnu- og saltkaupum. Við berum till. fram í þeirri von, að því lengra sem við göngum á samkomulagsbrautinni, því frekar sje þess að vænta, að framsóknarmenn mæti okkur á miðri leið. — Jeg skal svo ekki tala frekar um brtt. okkar, en jeg vona, að þær nái samþykki hv. dm., og reiði jeg mig þar einkum á þá hv. þm., sem telja sig sigla undir fána samvinnunnar.

Það hefir oft verið sagt um Framsóknarflokkinn, að hann væri stjettarflokkur bændanna, og víst er það, að þm. hans draga ekki dul á, að svo sje, þegar þeir koma upp í sveitirnar. Þannig heyrir t. d. hæstv. forsrh. oft sagt: Jeg er maður bændanna og tala fyrst og fremst þeirra máli. — Jeg er alls ekki að segja, að þetta sje neinn kostur á flokknum eða lofsverð stefna. Þvert á móti tel jeg það til minkunar sjerhverjum flokki að draga taum einnar stjettar gagnvart annari. Hvað sem nú þessum yfirlýsingum hv. framsóknarmanna líður, þá verður það ekki sagt með sanni nú á þessum síðustu og verstu dögum, að Framsóknarflokkurinn á Alþingi hafi verið flokkur bændanna og borið þeirra hagsmuni fyrir brjósti. Í gær greiddi hann t. d. atkv. með því, að ríkissjóður legði fram mikið fje til byggingar verkamannabústaða, enda þótt sannað væri, að slíkar byggingar yrðu ekki til neinna umbóta, og ennfremur að þær yrðu til þess að draga úr framtaki einstaklinganna til þess að byggja og jafnframt til þess, að nokkrir menn pægju stórar gjafir úr ríkissjóði, sem aðrir fátækari yrðu að borga með hærri húsaleigu. Og af hverju gerðu framsóknarmenn þetta? Af því vitanlega, að jafnaðarmenn kröfðust þess. Og nú í dag er bændaflokknum ætlað að beita sjer fyrir því að leggja ríkissjóðinn í síldarverslunina. Stefnan er þá orðin sú, að byggja upp bæina og tryggja síldarsöluna fyrir atbeina ríkissjóðs. Við íhaldsmenn verðum þá að reyna að „halda í“ rjett sveitanna.

Nú leyfi jeg mjer að vona það, að þó þessi ummæli mín eigi við einstöku framsóknarmenn, þá eigi þau þó ekki við þá alla, enda hefir það komið í ljós í sumum málum, að einstakir þm. þess flokks hafa látið meira ráða, hvað þeim sjálfum hefir fundist rjett að gera, heldur en það, hvað af þeim hefir verið heimtað. Vona jeg enn, að þeir hinir sömu hv. þm. láti skynsemi sína ráða í þessu máli, en ekki trú og tilfinningar.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 317, n. 555 og 574, 575, 609).

**Magnús Jónsson:*** Í sjálfu sjer þarf engum að bregða í brún, þó að fram komi breyt. á þessu frv. Ýmsir rendu

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

grun í það í fyrra, að lögin, sem þá voru samp., mundu ekki verða ævarandi. Það er yfirleitt einkenni á þessu ríkisrekstrarbrölti öllu saman, að það er fult af allskonar örðugleikum. Þá má undarlegt heita, að menn skuli ekki trjenast upp á því. Meðal annars hefir hv. flm. frv. orðið að játa, að örðugleikarnir sjeu svo miklir, að nú þurfi einhverra aðgerða við, og það má búast við, að á sömu leið far á næsta þingi.

Það er ekki hægt að segja, að við höfum enga reynslu fengið um þetta ríkisrekstrarfyrirkomulag. Við höfum einmitt fengið dýra reynslu. Það hefir verið komið á ríkisrekstri og landsverslun, og það hefir kostað bæði þing og stjórnir mikinn tíma og mikla fyrirhöfn að fást við það. Það er undarlegt, þegar verið er að setja upp ríkisrekstur og skapa örðugleika, sem má leysa með því að lofa einstökum mönnum að hafa reksturinn á hendi, í staðinn fyrir að binda hann með löggjöf. Þegar frv. um síldarbræðslustöð var hjer á döfinni, kom líka í ljós, að örðugleikar við það mál stóðu í sambandi við sjálfa ríkisrekstrarhugmyndina.

Hv. þm. Borgf. var á þinginu í fyrra að sumu leyti ekki óhlyntur þessum lögum, en hann lýsti yfir því mjög eindregið, að hann ætlaðist ekki til, að ríkissjóði væri stefnt í neina áhættu vegna laganna, enda vildi hann ekki fallast á það, þó að jeg og fleiri menn óttuðumst, að þess yrði ekki langt að bíða, að færi að bera á áhættu fyrir ríkissjóð. Jeg verð því að segja, að það er hugboð, sem hefir rætst, þegar nú er farið fram á að fara miklu lengra á ríkisrekstrarbrautinni en gert var í fyrra, meðal annars með því að setja mikla fjárhæð úr ríkissjóði í fyrirtækið.

Það eru auðvitað fyrst og fremst á einkasölunni þeir gallar, að hún nær alls ekki tilgangi sínum. Eins hefði orðið, þó að aðhylst hefði verið það fyrirkomulag, sem farið var fram á með lögunum 1926, að þetta samlag, eða það sem nú er einkasala, hefir ekki þau fullu tök á síldarmarkaðnum, sem ætlast er til, að hún hafi. Það var einkum bent á það í fyrra, að veiðin utan landhelgi gerði það að verkum, að einkasalan gæti ekki haft þessi tök á markaðinum, þar sem hún yrði til þess að auka veiðar útlendinga utan landhelginnar. Það má búast við, að þeir, sem með einkasölunni var bolað í burtu frá þessum atvinnurekstri hjer á landi, nefnilega Svíar, muni nú herða á veiðum utan landhelgi, ekki síst þar sem reynsla Norðmanna sýnir, að þetta er vel fært.

Ef svo hefði verið komið þessum málum, að ekki hefði verið um annað að ræða en síldarverslunina eins og hún var, sem öllum er vitanlegt, að var í mikilli óreiðu, eða einkasölufyrirkomulag, þá væri málstaður einkasölumanna skárri en hann er nú, þegar sannað er, að ná má alveg sama árangri án þess að bendla ríkissjóð við þetta fyrirtæki. Það var gert með lögunum 1926, en fíknin í einkasöluna var svo mikil, að það mátti til að koma henni á, heldur en að bíða eftir því, að lögin frá 1926 kæmust í framkvæmd.

Jeg spáði því í fyrra, að ekki mundi lengi vera hægt að halda síldareinka-

sölunni á því stigi, sem þá var gert ráð fyrir, nefnilega án þess að hafa nokkurt rekstrarfje. Það var auðsjeð, að ef reka átti fyrirtækið án nokkurs rekstrarfjár, yrði hún mörgum framleiðendum, einkum hinum smærri, hinn mesti háskagripur. Þeir, sem áður höfðu keypt síld í umboði annara, höfðu þó losað þá við veiðina, sem ekki höfðu tök á að verka hana sjálfir. Það var talað um í fyrra, að óhjákvæmilegt væri, að einkasalan gæti komið í stað þeirra leppa. En það heyrðist strax á fundi nokkru síðar, að reynslan hefði sýnt, að ekki væri hægt að reka fyrirtækið án þess að það hefði rekstrarfje. Og í þessu frv. er farið fram á að bendla ríkissjóð við fyrirtækið. Í fleiri atriðum er hert á. Það er líka ætlast til, að einkasalan þenji sig út yfir það að útvega tunnur og salt og sjá um verkun og geymslu síldarinnar. Áður var þetta atriði miklu vægara orðað, þar sem aðeins er heimild í frv. til að liðsinna mönnum um útvegun á tunnum og salti, ef það verður gert án áhættu fyrir ríkissjóð. Það er vert fyrir hv dm. að taka eftir, að þetta ákvæði er vendilega þurkað út úr frv. Nú á ríkissjóður að gerast stór atvinnurekandi við útvegun á tunnum og salti. Þetta er mikil útfærsla á verksviði einkasölunnar, en eins og komið er, hefði henni verið sæmra að draga heldur í land en auka afskifti sín af öllu, sem að síldarmálum lýtur.

Vegna ónógs kunnugleika skal jeg ekki fara út í önnur atriði, sem þó virðast allhörð, t. d. ákvæði 1. og 4. gr., sem gera þá, sem veiðileyfi hafa, alveg ófrjálsa menn. Það má heimta af þeim, sem veiðileyfi hafa fengið, að þeir afhendi einkasölunni síld til söltunar, ef stj. telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, en á hinn bóginn hefir framkvæmdarstjórnin öll ráðin í hendi sjer, ef hún álítur, að of mikið berist að af síld, og þarf þá ekki að taka við meiru en henni þóknast. Og ef leyfishafi getur ekki fyrir 1. júlí sannað, að hann hafi trygt sjer skip, má taka leyfið af honum aftur. Já, það er mikið vald, sem framkvæmdarstj. einkasölunnar er fengið yfir framleiðendum. En þetta er nauðsynleg afleiðing af ríkisrekstri. Það verður að margreyra alt í endalausum böndum. Það er yfirleitt einn gallinn á afskiftum löggjafarvaldsins af atvinnurekstri landsmanna, og það kyrkir og drepur niður framleiðsluna. Við höfum hjer í frv. gott dæmi upp á það, hvernig atvinnureksturinn er harðfjötraður, og það er ef til vill tilgangurinn. Það hafa heyrst raddir um það, hvað þessi atvinnuvegur sje ljótur og skaðlegur, svo að það á kannske að kyrkja hann alveg. Ef svo er, þá getur maður sagt, að frv. nái tilgangi sínum. En ef það á að verða til þess að efla þennan atvinnuveg og styrkja, sem trúlegra er, er óhætt að segja, að það hafi ekki tekist.

Það hefir verið talað mikið um þetta mál og margt tekið fram, sem jeg hefði annars minst á, eins og t. d. 7. gr., um að útflutningsnefnd megi ekki hafa á hendi söltun síldar eða sölu. Þetta nær engri átt. Það er alveg óhugsandi, að þó að menn sjeu valdir til einhvers starfs, sem fyrst og fremst byggist á kunnugleika, en er aukastarf, þá sjeu þeir útilokaðir frá því að taka þátt í atvinnurekstrinum. Það er alveg eins og ef ætti að útiloka bankaráðsmenn

frá að reka fyrirtæki, sem skifti við þann banka, sem þeir vinna við.

Þrír þm. hafa borið fram mjög víðtækar brtt., þar sem farið er fram á að snúa einkasölunni upp í lögþvingað samvinnufjelag þeirra, sem við síldarverslun fást. Jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg kýs það fyrirkomulagið, og býst því við, að jeg muni greiða brtt. atkv. mitt. Það er sá mikli munur á þessum till. og frv., að frv. fer fram á hreinan ríkisrekstur, en till. einstaklingsrekstur, þó að skipað sje með lögum. Þetta er hliðstætt því, sem samþ. var um síldarbræðslustöðina, og vonandi er aðstaða hv. d. sú sama nú og þá var.

Jeg veit, að menn eru því andvaralausari um þetta mál, sem heppilega vildi til fyrir einkasölunni síðastliðið ár. Það var eitt af hættuminni árunum fyrir síldarútveginn og því engin furða, þó að einkasala slampaðist fram úr því. En þegar ver stendur á, er ekki víst, að eins vel fari. Þess vegna ættu einkasölumenn að þakka fyrir og draga í land, meðan fleytan hangir ofansjávar.

**Forseti (BSv):** Jeg skal geta þess, að mjer hafa borist svo hljóðandi tilmæli frá sjö hv. þdm.:

„Undirritaðir óska hjer með eftir, að umr. um 5. mál á dagskránni (síldareinkasala) verði hætt nú þegar.

Alþingi, 13. maí 1929.

JörB, MT, BSt, ÞorlJ, HV, LH, BÁ".

Mun jeg láta skera úr því með atkvgr., hvort þeir þdm. fá að tala, sem þegar hafa kvatt sjer hljóðs. Þeir eru 4, frsm. meiri og minni hl. n. og tveir aðrir þm.

**Sigurður Eggerz:** Mjer þykir hart, ef jeg fæ ekki fyrir minn flokk að tala um þetta mikilsverða mál, einkum þar sem jeg ætla að benda á skekkju í frv., sem er í ósamræmi við sjálfa stjórnarskrána. Það er óþolandi ófrelsi að skera niður umr. um þetta mál og útiloka heila flokka frá því að láta uppi skoðun sína á því.

**Forseti (BSv):** Þar sem það mun vera venja, úrskurða jeg, að þeir þm. fái að tala, sem þegar hafa kvatt sjer hljóðs, þó að samþ. verði að hætta umr.

**ATKVGR.**

Samþ. að hætta umr. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: ÞorlJ. BSt, BÁ, EJ, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, SÁÓ, SvÓ.

nei: ÁÁ, GunnS, HStef, JJós, JAJ, JÓl, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.

Fimm þm. (HK, JS, MG, MT, TrÞ) fjarstaddir.

**Bernharð Stefánsson:** Jeg er einn af þeim, sem hafa óskað, að umr. yrði hætt um mál þetta, og þess vegna vil jeg ekki lengja þær mikið. Það er út af tveimur brtt. á þskj. 609, að jeg kvaddi mjer hljóðs, því að jeg hefi komið fram með þær báðar. Hv. þm. Borgf. hefir mælt svo vel með þessum till., að jeg get látið það nægja, og það því fremur, sem annar hv. þm., hv. 1. þingmaður Reykvíkinga, hefir orðið til þess að þynna ræðu hans út og taka í sama strenginn. Hin fyrri brtt. er gamall kunningi frá því í fyrra og fer fram á það, að heimili og varnarþing síldareinkasölunnar verði á

Siglufirði, en ekki á Akureyri. Jeg færði rök að því í fyrra, að það væri heppilegra í alla staði að hafa heimili einkasölunnar þar, sem hún rekur aðalstarf sitt, og jeg spáði því þá, að annað myndi illa gefast. Jeg hygg, að þetta hafi komið fram, og það þegar á 1. starfsári hennar. Eftir að jeg hafði skrifað till. fjekk jeg þær upplýsingar, að einkasalan væri búin að byggja hús undir skrifstofur sínar á Akureyri, og úr því svo er komið málum, vil jeg ekki halda þessari till. minni til streitu hjer við 2. umr., en mun taka hana aftur að sinni og hugsa mig betur um.

Hin brtt. er á sama þskj. og er þess efnis, eins og hv. þm. Borgf. hefir tekið fram, að útflutningsnefndarmönnum sje heimilt að reka síldarútveg og síldarverslun. Mjer fanst mjer skylt að koma með till., er gengi í þessa átt, einkanlega þar sem þau ákvæði höfðu komist inn í frv. í fyrra fyrir minn tilverknað, að framkvæmdastjórum einkasölunnar var bannað að gefa sig að slíku, og nú á að banna útflutningsnefndarmönnum þetta líka. Það er í sjálfu sjer ekki nema eðlilegt, að framkvæmdastjórunum sje bannað að reka síldarútveg og síldarverslun, því að þeir eiga að helga alla krafta sína einkasölunni, en alt öðru máli er að gegna með þá menn, sem eru í útflutningsnefnd, því að af þeim er ekki hægt að krefjast svo mikils, enda er einn þeirra manna kjörinn af útgerðarmönnum og því beinlínis fulltrúi þeirra í n. Nær ekki nokkurri átt annað en þeir fái að velja hann úr sínum flokki. Ennfremur hefir a. m. k. einn af hinum þingkosnu mönnum verið valinn úr flokki útgerðarmanna, og það yrði að telja ósanngjarnt, ef honum yrði með þessu ákvæði bolað burt úr nefndinni. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, og það því síður, sem hv. þm. Borgf. hefir skýrt málið rækilega fyrir hv. þdm.

Jeg varð þess var, að sumir hv. þdm. urðu mjög æstir, þegar ósk kom fram um það, að umr. yrði slitið. (ÓTh: Það getur verið gott að kveðja sjer hljóðs sjálfur, en banna öðrum að tala). Úr mínum flokki hefir aðeins hv. frsm. tekið til máls, og svo jeg, sem hefi vikið lítið eitt að tveimur brtt. Hitt finst mjer nýstárleg aðferð, sem hv. íhaldsmenn viðhafa til að draga málið á langinn, er hver maðurinn stendur upp eftir annan úr sama flokki án þess að nokkur af andstæðingunum hafi svarað þeim. Enda tyggja þeir upp sömu orðin hver eftir annan. Hvað var t. d. ræða hv. 1. þm. Reykv. nema útþynning af því, sem aðrir flokksmenn hans höfðu sagt? Hið eina, sem virðist vaka fyrir þeim, er að tefja málið, því að öll rök, sem þeir hafa fram að færa, eru fyrir löngu fram komin, og þá virðist mjer, að ekkert harðræði sje sýnt, þótt óskað sje eftir, að umr. verði skornar niður.

**Halldór Stefánsson:** Jeg skal ekki tefja málið með því að hafa um það langa umsögn. Það kom fram í byrjun umr., að málið hafði fengið skjóta afgreiðslu í nefnd, en mjer er grunsamt um, að fyrir það hafi hefnst með því meiri töf við umr. í deildinni. Hjer er haldinn einn fyrirlesturinn eftir annan, og allir eru þeir frá sömu hlið, eins og hv. 2. þm. Eyf. hefir nokkuð lýst.

Sumir hv. **ræðumenn fljetta inn í þessa** fyrirlestra sína heimspekilegum hugleiðingum um umhyggju sína fyrir hag og he ðri bænda og afstöðu þeirra til þessa máls, og hnýta þar við skjalli og fagurgala. Jeg vil benda þeim hv. þm. á, að þeir ættu að geyma þessa umhyggju fyrir bændum þar til óskað er eftir henni, því að sjaldan er vel þegin óbeðin þjónusta. Inn í þessar umr. hafa þeir svo á hinn bóginn blandað hæðiyrðum og brigslyrðum til bænda, og hafa þessháttar ummæli raunar heyrst frá báðum aðalandstöðuflokkum þeirra. Jeg þykist mega fullvissa þessa tvo andstöðuflokka um, að bændur munu fylgja sinni skoðun jafnt þótt slíkum aðferðum sje beitt, svo að þeir fá ekkert fyrir sitt ómak.

Þá hefir verið deilt harðlega á einkasöluna og afkomu hennar síðastl. sumar; en jeg verð nú að segja það, þótt jeg ætli mjer ekki að bera hönd fyrir höfuð hennar, að ekkert nýtt hefir komið þar fram, sem ekki hefir heyrst áður. Jeg hefi áður hlýtt á umr. um rekstur hennar og það, sem henni hefir aðallega verið fundið til foráttu, og út úr þeim umræðum er ekki venulegt annað að fá en að hún hefir ekki getað unnið bug á öllum þeim annmörkum, sem á síldarmálunum voru, nú á þessu fyrsta starfsári, og má varla betri árangurs vænta, slíkt ófremdarástand sem á þeim málum var. Það er viðurkent, og það meira að segja af þeim, sem verst láta, að fjárhagsleg afkoma síldarútvegsins hafi verið mjög sæmileg nú í sumar, þegar miðað er við afkomu næstu ára á undan.

Því hefir verið þráfaldlega haldið fram í blöðum andstæðinga Framsóknarfl., að bændur sjeu fjandsamlegir sjávarútveginum. Nú hafa þeir sýnt með framkomu sinni í þessu máli, að svo er ekki, þar sem þeir hafa beitt sjer fyrir að koma þessari grein útvegsins, sem verst var stödd, í það lag, að hann geti verið nokkurnveginn tryggur atvinnurekstur. Það er auðvitað svo, að þessi sakaráburður hefir aldrei haft við nokkur rök að styðjast, og um hann má heimfæra hið gamla orðtak: að ómerk eru ómagaorðin. (**J. Jós:** Jeg vildi mælast til þess, að hv. þm. skýrði betur, við hverja hann á, er hann talar um ómerk ómagaorð, og hvar þau er að finna). Jeg skal sýna hv. þm. það síðar, ef hann vill, en hjer í deildinni sje jeg ekki ástæðu til þess.

Jeg ætla þá að víkja lítillega að brtt. á þskj. 575. 1. brtt. hefst svo: „Með lögum þessum er stofnað síldarsamlag Íslands". Hvar eru svo reglurnar fyrir þetta síldarsamlag? Þær eru engar til. Árið 1926 voru settar reglur um síldarsamlagið, en nú eru þær úr gildi numdar, en í stað þeirra laga kemur hjer ekki eitt aukatekið orð. Brtt. allar eru því markleysa ein, sem ekki er hægt að samþ. Að öðru leyti hafði jeg ekki hugsað mjer að blanda mjer inn í umr. þessa máls.

Jeg minnist þess nú, að hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, að með brtt. væri ætlað að koma á lögþvingaðri samvinnu, en samkv. framansögðu um brtt. eru þau ummæli hans á jafnlitlum skilningi bygð og jafnómerk og till. sjálfar.

**Sigurður Eggerz:** Jeg verð að segja það, að mjer finst dálítið einkennilegum aðferðum vera beitt í þessu stóra

stefnumáli, þegar stærsti flokkur þingsins beitir sjer fyrir því, að skornar eru niður umr. Þykir mjer þetta því einkennilegra, að á þessu langa þingi hafa smámál verið tekin til meðferðar, sem takmarkalausar umr. hafa orðið um, en þegar veruleg stefnumál koma á dagskrá, þá eru umr. skornar niður. Jeg þykist vita, að meiri hl. þingsins þyki gott að bylta sjer í völdunum, en ef þeir ætla að beita valdi sínu þannig, að þeir banni öðrum kjörnum fulltrúum þjóðarinnar að láta álit sitt í ljós um slík málefni sem þessi, þá munu þeir ekki of sælir af, enda mun hyggilegra fyrir þá að misbeita ekki valdi sínu svo ákaflega. Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að jeg hefi setið lengur á þingi en þeir fulltrúar, sem hjer eru staddir, og jeg hefi ávalt haft það fyrir vana, ef fram hafa komið till. um að skera umr. niður um eitthvert mál, að þá hefi jeg greitt atkv. á móti því. Jeg lít svo á, að fulltrúar þjóðarinnar hafi leyfi til að rannsaka og kryfja málin til mergjar bæði í nefndum og svo í umr. í þinginu. Ef meiri hl. ætlar að fara að slá það vopn úr hendi minni hl., að þeir megi gagnrýna þau frv., er fram koma, þá er hann tekinn að nota vald sitt illa, og það mun koma honum sjálfum í koll, þótt síðar verði. Innan núv. meiri hl. eru þó frjálslyndir menn, eins og hæstv. forseti og hv. þm. V.-Ísf., sem vilja ekki hafa slíka óhæfu í frammi sem þessa. Jeg mun nú ekki fjölyrða frekar um þetta atriði í meðferð málsins hjer á þinginu, en víkja að málinu sjálfu. Þegar jeg fer að líta á þetta mál og þær brtt., sem hjer liggja fyrir, þá vil jeg taka það fram, að með lögum frá 1926 var samlagið stofnað, og þá átti jeg sæti í Ed. Við umr. um málið benti jeg á það, að hjer væri verið að koma á einokun og að haldið væri í öfuga átt við það, sem ætti að vera, en þessar brtt., sem fyrir liggja, stefna að svipuðu og þá var stefnt. Því vil jeg taka það fram, að ef jeg á að velja á milli, mun jeg velja það, sem er minna vont, og samþ. þessar brtt. frá hv. 1. þm. Reykv., hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Vestm. Þetta mál hefir þróast þannig, að fyrst var komið fram með frv. um síldarsamlagið á þingi 1926, svo komu lögin frá því í fyrra og nú eru menn farnir að nálgast svartasta einokunarmarkið með þessu frumvarpi, sem hjer liggur fyrir. Þegar svo er litið á þetta frv., hlýtur hver sæmilega skynsamur maður að sjá, að það er mjög athugavert, og það svo athugavert, að jeg hygg, að nærri stappi, að sum ákvæði þess sjeu hreint brot á stjskr. Þegar menn byrja á að lesa þetta frv., reka þeir sig strax á stóra annmarka, eins og t. d. í 1. gr., sem jeg vildi lesa hjer upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenskum skipum hjer við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi, eða verkuð í íslenskri landhelgi".

Er það nú svo, að ef íslenskt skip hefst við fyrir utan landhelgi vora, að hægt sje að taka afla þess og leggja hann í klær síldareinkasölunnar. Jeg vildi beina því til hv. frsm., hvort nefndin hefir athugað þetta. Við getum ekki ráðið yfir Norðmönn-

um eða öðrum útlendingum, sem fiska fyrir utan landhelgi, og jeg hygg, að það sje jafnsjálfsagt, að við getum heldur ekki ráðið yfir íslenskum skipum, sem taka afla sinn fyrir utan landhelgi. Atriði sem þessi álít jeg, að hv. þdm. beri skylda til að kryfja til mergjar áður en þeir gefa því samþykki sitt. Þá stendur hjer ennþá í 3. gr., þar sem talað er um, hvernig 5. gr. skuli orðuð — með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölunnar, og er þá einkasalan ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf".

Með öðrum orðum, ef einhver maður á Siglufirði stelur til dæmis 10 síldartunnum og selur þær einkasölunni, og einkasalan borgar svo þjófnum andvirðið, þá hefir eigandinn, þó hann komi rjett á eftir, engan rjett gegn einkasölunni, en aðeins gegn þjófnum. Þetta er einsdæmi í íslenskri löggjöf og stappar mjög nærri því, að það sje brot á stjskr.; í það minsta munu allir sjá, að ef svona á að leika eignarrjettinn, þá er haldið inn á mjög hála braut. Þetta mál miðar að því að koma á hinni svörtu einokun.

Þegar frumvörpin eru ekki betur úr garði gerð en svo, að grundvallaratriði í íslenskri löggjöf eru brotin með þeim, þá er hart, að umr. um þau sjeu útilokaðar.

Það var einungis af tilviljun eða velvilja hæstv. forseta, að jeg fjekk að tala í þetta eina skifti. Annars hefði ekki verið vakin athygli á þessum meingöllum. Svona eru postular einokunarinnar orðnir blindaðir af meirihlutaaðstöðu sinni.

Það er hart, að þessi einokunaröfl skuli þróast svo mjög í skjóli vanþekkingarinnar og fá færi á að granda framtaki einstaklingsins, sem hefir skapað alt það besta á sviði atvinnuvega vorra.

Á síðasta þingi hjelt jeg því fram, að með einokunarleiðinni væri engin trygging fengin fyrir því, að hægt væri að takmarka síldarframleiðsluna, svo að of mikil síld kæmi ekki á markaðinn, en það dregur auðvitað úr verðinu. Þá sögðu einokunarpostularnir, að þetta væri hin mesta fjarstæða og alveg út í bláinn. En ekki voru þeir þó komnir svo langt þá, að taka fyrir munninn á þeim, sem þótti ekki einokunarfuglinn jafnfagur og þeim sjálfum. Jeg sagði þá, að ekki væri hægt að takmarka síldarmarkaðinn með einokun, því að úr því að við rjeðum því ekki, hverjir veiddu utan við landhelgi, þá rjeðum við því ekki, hvað á markaðinn bærist. Nú er komið svo, að framkvæmdastjórar einkasölunnar semja um veiðar utan við landhelgi við erlendar þjóðir. (HG: Vitleysa, þeir hafa hvorki samið nje geta samið). Það hefir líka heyrst og komið í erlendum blöðum, að þeir hafi gefið undir fótinn um uppgjöf á landsrjettindum vorum í þessu sambandi. Þetta sýnir best, að síldareinkasalan er ekki einhlít, eins og postularnir sögðu í fyrra. En ef farið er að gera slíka samninga við Norðmenn, verður það auðvitað til þess, að Svíar koma á

eftir, og síðan fleiri og fleiri þjóðir. Og hvað skyldi þá verða eftir af landsrjettindunum?

Þá sagði jeg einnig í fyrra, að óhugsandi væri, að hægt væri að reka svona stóra verslun án þess að hún tæki fje að láni. En einokunarpostularnir sögðu: „Mikill dæmalaus barnaskapur getur verið að tala svona". Þeir sögðu, að hjer væri ekki um minstu áhættu fyrir ríkissjóð að ræða, og fyltust heilagri bræði, þegar talað var um, að að því hlyti að reka, að hið opinbera yrði að leggja einkasölunni rekstrarfje til. (**PO:** Það var gert árið sem leið). Þeir bókstaflega sóru og sárt við lögðu, að til slíks kæmi aldrei. En hvað skeður? Nú koma þeir og heimta ríkissjóðsábyrgð til handa einkasölunni. (**MJ:** Þeir hafa líklega svarið við nafn Pjeturs Oddssonar). Þeir eru sem sagt að ýta ríkissjóðnum út í hinn langáhættumesta atvinnuveg, sem rekinn er hjer á landi. Fyrst leggur ríkið fram 1 milj. til síldarverksmiðju og fær henni rekstrarfje, enda þótt slík fyrirtæki sjeu stórkostlega áhættumikil. En það er ekki nóg með það, heldur á ríkissjóður einnig að leggja fje til sjálfra síldveiðanna, sem er hið mesta glæfrafyrirtæki, sem þekkist hjer á landi.

Já, tímarnir breytast. Það hefir sannast hjer eins og víða annarsstaðar. Sú var tíðin, að þegar minst var á síld, skaut bændum skelk í bringu, og sá, sem hefði fyrir nokkrum árum ympraði á því að taka síldina upp á arma ríkissjóðs, hefði áreiðanlega fengið orð í eyra. Nú er tekið málfrelsi af þeim mönnum, sem ekki vilja orðalaust láta hvolfa ríkissjóði í einokunarhítina. Jeg hefi ekkert gaman af að horfa framan í þá hv. þingbændur, sem síldin hefir dáleitt, en jeg hefði gaman af að heyra hljóðið í bændum utanþings um þetta. Jeg held, að svarið yrði ekki vafasamt.

Í umr. um vinnudóminn kvað hv. þm. Mýr. svo að orði, að þm. Dal. stæði upp við og við til þess að vinna samúð íhaldsins í kjördæmi sínu. Mig langar til að minna á í tilefni af þessum ummælum, að jeg var síðast kosinn á móti báðum „stóru" flokkunum, íhaldi og framsókn, sem bæði vildu fyrir hvern mun koma mjer út úr pólitíkinni, þó að það ekki tækist, og af því að það tókst ekki, þá stend jeg nú hjer og tala m. a. gegn einokuninni, hinni svörtu einokun, óbundinn af öllu nema sannfæringu minni.

Jeg lifi hvorki á náð framsóknar nje íhaldsins og var kosinn á þing þrátt fyrir hamrama mótstöðu þessara beggja flokka. Og hv. þm. Mýr. veit það, eins og að vísu allir, sem hjer eru, að jeg berst hjer á þingi fyrir þeim málum, sem ávalt hafa verið mín stefnumál. Íhaldið hefir ekki hreinan skjöld í einokunarmálunum, en jeg og minn flokkur höfum það, og jeg hefi þar fylgt sömu stefnu frá upphafi.

Sama er að segja um vinnudóminn. Það mál var fyrst flutt inn á þingið af sjálfstæðishetjunni Bjarna Jónssyni frá Vogi, og jeg og minn flokkur höfum verið fylgjandi málinu frá upphafi. Ummæli hv. þm. Mýr. eru því, vægast sagt, vindhögg. Jeg berst enn fyrir þeim málum, sem jeg hefi altaf barist fyrir, og á móti þeim málum, sem jeg hefi frá upphafi haft ótrú á. Jeg vil ennfr. minna á það, að jeg var andstæður íhaldinu, meðan það sat við

völd, og þegar Framsókn tók við þeim, hlaut jeg líka samkv. stefnu minni og flokks míns að vera þeirri stj. andvígur. Það má vel vera, að skjólgott sje undir eik þeirra framsóknar- og jafnaðarmanna, undir stjórnareikinni, en einokunartístið í laufunum og síldarsöngurinn í greinunum hefir látið svo illa í mínum eyrum, að jeg hefi ekki getað setið þar stundinni lengur, enda þótt margir sitji undir þeirri eik aðeins til að njóta skjólsins. (**BÁ:** Nú gerist hv. þm. heldur of skáldlegur). En þeir eru ekki eins hrifnir af eikinni, þegar þeir eru komnir svo sem hálfa mílu frá bænum.

Jeg hefi lýst aðstöðu minni eins og hún hefir verið. Jeg var á móti íhaldinu meðan það sat að völdum, og jeg er á móti framsóknarstjórninni, sem nú situr við völd. Jeg mun hvergi leita skjóls, meðan jeg sit hjer á þingi, heldur einungis fylgja því, sem jeg veit sannast og rjettast.

Jeg veit, að ekki muni á löngu líða, uns einokunarpostularnir iðrast synda sinna gagnvart ríkissjóði. Nú er ríkið búið að taka að sjer á þessu þingi ábyrgðir á upp undir 2 milj. króna fyrir utan allar ábyrgðir þess á bönkum. Nú á að fara að byggja upp kaupstaðina fyrir ríkisfje, og í síldarmálunum á að velta fjárhag hins opinbera ofan í einokunarforaðið.

Þegar litið er á þetta í ró, getur engum dulist, að verið er að leggja grundvöllinn að því að stofna ríkissjóði í hættu. Og þjóðin mun á sínum tíma dæma um afstöðu mína og annara í þessum málum.

Jeg hefi þá gert grein fyrir afstöðu minni. Jeg fæ ekki að tala aftur, og gæti jeg þó haft löngun til þess, en frjálslyndi einokunarpostulanna er nú einu sinni svo frábært, að andstæðingar þeirra fá ekki að tala nema einu sinni. Alstaðar annarsstaðar mundi þvílík aðferð vera kölluð hið svartasta afturhald. Og jeg vil leggja áherslu á, að jeg tel þvílíkt framferði fullkomna misbeitingu á valdi meiri hl.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):** Jeg tel mjer óskylt að svara þeim eldhúsdagsumr., sem fram hafa farið við fyrri hl. þessarar umr. og snerta útflutningsnefndina og störf hennar. Flestir ræðumennirnir, sem móti mæla frv., hafa vikið að henni og fundið að störfum hennar. En þar sem enginn er hjer til andsvara fyrir n. hönd, verð jeg að telja þessar árásir á n. með öllu óforsvaranlegar.

Jeg skal geta þess, að af einstökum aðfinslum í þessa átt kunni jeg verst ummælum hv. þm. N.-Ísf. Hann komst svo að orði um einn nafngreindan umboðsmann síldareinkasölunnar, að hann hefði óhæfur verið til starfans og ekki borið skyn á verk sitt. Þessar slettur finst mjer alveg ósæmilegar, og í þessu sambandi má geta þess, að samherji hv. þm. N.-Ísf., hv. þm. Vestm., hafði einmitt hælt þessum sama manni fyrir gætni og framsýni í starfinu.

Þannig hafa ummæli þessara hv. þm. verið sitt á hvað og alveg utan við umræðuefnið, sem er brtt. á þskj. 317. Jeg vil segja það alment í tilefni af þessum aðfinslum, að jeg tel meiru varða, að forstöðumenn og erindrekar síldareinkasölunnar sjeu vandaðir menn og þektir að ráðsvinnu heldur

en að þeir hafi einhvern fjesýslustimpil frá einhverri verslun eða sjeu með einhverju verslunarskólaprófi.

Jeg ætla ekki að láta þessa mörgu mótmælendur frv. teygja mig til þess að fara að elta ólar við hverja aðfinslu þeirra fyrir sig, heldur drepa lítið eitt á þær aðfinslur, sem komið hafa fram hjá þeim sameiginlega. Það er þá einkum hin svonefnda ríkisábyrgð, sem þeim hefir orðið tíðrætt um og telja hana mestu áhættu. Þessi hætta er þó ekki meiri en svo, að það er tiltölulega lítil upphæð, sem ríkissjóði er ætlað að ábyrgjast, samanborið við umsetningu fyrirtækisins. Í fyrra varð umsetning einkasölunnar á 6. milj. kr. Í frv. er gert ráð fyrir því, að meðan varasjóður er að vaxa megi ríkisábyrgð fyrir láni til rekstrar nema alt að ½ milj. að viðbættum varasjóði, og gildir það aðeins til ársloka 1930. Hjer er því um tiltölulega litla og takmarkaða ábyrgð að ræða, sem hverfa mun með öllu á stuttum tíma með þeim auknu tekjum varasjóðs, sem frv. gerir ráð fyrir. Þessi bráðabirgðaábyrgð er afleiðing af því, að einkasölunni er ætlað að útvega tunnur, salt og efni til verkunar síldinni að meira leyti en áður, sem líka hlýtur að vera viðskiftamönnunum mikið hagræði.

Verkun síldarinnar eftir ákvæðum frv. útheimtir líka aukið rekstrarfje, en frv. virðist búa fulltryggilega um endurgreiðslu lánsfjárins.

Jeg sje ekki ástæðu til að svara hv. þm. Dal. Hann talaði mest um þingsköp og kvartaði yfir því, að umr. væru takmarkaðar, en jeg sá enga ástæðu til að rita neitt hjá mjer af því, sem hann sagði, í því skyni að svara honum, enda var það mestmegnis þessi gamla hrakspá um ófarnað einkasölufyrirtækja.

Hv. 2. þm. G.-K. spurði, hvernig ætti að skilja þau ákvæði 1. gr., að einkasalan hefði rjett til útflutnings á allri síld, — hvort hjer væri einnig átt við síldarafurðir. Það ætti að vera öllum ljóst, að hjer er aðeins átt við saltaða, sykraða og kryddaða síld, en alls ekki það, sem unnið er úr síld, eins og síldarmjöl, enda var ekki spurt vegna þess, að hv. þm. vissi þetta ekki eða sæi, — ástæðan var víst önnur.

Þá hafa nokkrir hv. þm. fundið að því, að lagt er til, að útflutningsnefndarmenn megi ekki taka þátt í síldarútflutningi eða síldarverslun. Mjer finst alveg eins eðlilegt að banna þetta eins og að banna bankastjóra að reka sjálfur peningaverslun úti í bæ. (**ÓTh:** Annað er lífvænleg staða, en hitt ekki — það er munurinn). Mjer finst nær væri að undanþiggja þessu ákvæði skrifstofuþjóna, en um forstjórana getur það alls ekki átt við. Um þetta og önnur formsatriði má auðvitað deila endalaust, en jeg ætla ekki að eyða meiri tíma til andsvara hártogunum mótstöðumanna. Vil jeg ekki tefja málið með því að egna þá upp að nýju. (**ÓTh:** Það er engin hætta á að tala núna, við erum allir dauðir og fáum ekki að svara). Ekki allir, — a. m. k. lifir einn andmælandinn ennþá góðu lífi. (**PO:** Má jeg skjóta inn í og gera eina fyrirspurn? Hvernig á að skilja orðið skrifstofuþjónn í 7. gr.?). Jeg hefi áður svarað þessu. (**PO:** Nær þá orðalagið einnig til skrifstofustjóranna?). Já, jeg lít svo á, en um skilning þessa

orðs virðist óþarft að spyrja. Það mun verða skýrt á sínum tíma af lögfræðingunum. (**PO**: Er þetta skýring hv. frsm.?). Já, þetta er mín leikmannsskýring á ákvæði greinarinnar.

**Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson)**: Einn hv. þm., sem talaði í þessu máli, mintist á það, að þegar deila risi hjer upp um fyrirkomulag á þessum atvinnurekstri, yrði hann þess var, að þeir menn, sem fastast halda á einkasölufyrirkomulaginu, ættu erfitt með að taka sönsum um annað fyrirkomulag á síldarútvegi og síldarsölu. Væri líkast því, sem skoðun þessara manna á því efni væri orðin þeim að einskonar trúaratriði, þeir hefðu bitið sig fast í þetta, og þótt komið væri fram með rökstudd andmæli, dygði það ekki.

Jeg verð að taka undir ummæli þessa hv. þm., sem jeg held að hafi verið hv. 3. þm. Revkv. Mier virðist framkoma hv. meiri hl. sjútvn. og meiri hl. hv. deildar sanna það, að þeir virðast fyrirfram vera ráðnir í því að taka engum leiðrjettingum, hvaðan sem þær koma. Það hófst þegar í n.. og hjelt hv. frsm. meiri hl. áfram, er hann hóf fyrri ræðu sína á því, að hann sagðist tala fyrir siðasakir. Það var ekki vegna þess, að hann gæti bent á skakka leið hjá okkur minnihl.mönnum, að hann talaði. en við viljum ekki herða á einokunarhlekkjunum. Hv. frsm., jafnbráðgreindur maður og hann er, gerir það ekki að gamni sínu að ganga framhjá öllum skynsamlegum rökum andstæðinganna og láta þau óhrakin, en það er ljóst, að hann er fyrirfram sendur og ráðinn til þess að framfylgja þessu frv. gegnum þykt og þunt athugasemdalaust.

Áður en jeg held lengra, vil jeg stuttlega drepa á ýms atriði, sem fram hafa komið hjá öðrum hv. þdm. í þessu sambandi. — Það hefir verið bent á það af hv. þm. Borgf. og hv. þm. Dal., að hjer væri verið að ganga inn á braut, sem gæti orðið hættuleg fyrir ríkissjóð, og hv. frsm. meiri hl. og öðrum hv. andmælendum okkar hefir algerlega mistekist að hnekkja þessum ummælum með neinum rökum, eða þeir hafa alveg gengið á snið við þau.

Hv. 2. þm. Eyf. hefir lýst brtt. sínum. og er hann okkur sammála, að ekki sje rjett að útiloka útflutningsnefndarmenn frá því að gefa sig að síldarverkun og síldarútflutningi. Gat hann þess, að hann ætti uppástungurnar um það, að framkvæmdastjórarnir mættu ekki reka síldarútgerð „privat", en að útiloka alla útflutningsn.menn frá því, mundi vitanlega engri átt. Virðist það æðihörð meðferð á útgerðarmönnum, ef þeir mega ekki velja menn í nefndina úr hóni sinnar stjettar. Og hvernig myndi bændastjettinni líka það, ef líkt fyrirtæki væri fyrir landbúnaðinn og síldareinkasalan er fyrir síldarútveginn og ef útiloka ætti hæfa menn úr heirra hóni frá því að eiga einhvern þátt í stj. slíks fyrirtækis?

Þá hótti mier hv. 1. þm. N.-M. tala alleinkennilega um hetta mál. Vildi jeg víkja að honum nokkrum orðum, en hygg, að hann sje ekki viðstaddur í deildinni sem stendur. Á meðan hann kemur ekki, get jeg gert nokkr-

ar aths. við ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann drap nokkuð á aðfinslur þær, er gerðar hefðu verið á gerðum framkvæmdastjóra einkasölunnar, og taldi það ekki viðeigandi að ræða þær hjer, þar sem hlutaðeigendur ættu ekki sæti í þessari hv. deild. Jeg vil benda hv. frsm. á það, að minni hl. er einmitt að gera till. til umbóta á skipulagi einkasölunnar, svo að ekki þurfi að ræða fyrirkomulagið hjer á Alþingi, en meðan Alþingi er sá vettvangur, þar sem fyrirkomulag einkasölunnar er rætt, í stað aðalfundar, get jeg ekki sjeð annað en hlutaðeigendur verði að koma fram með aðfinslur sínar hjer. Jeg hygg líka, að þeir, sem fyrir einkasölunni standa, eigi hjer sína málsvarsmenn, því að bæði hv. þm. Ísaf. og hv. frsm. meiri hl. hafa leitast við eftir bestu getu að bera í bætifláka fyrir þessa menn. En það mun verða þeim hv. meirihl.mönnum ofurefli að verja fyrirframsamninga síldareinkasölunnar fyrir árið sem leið, eins og þeir voru úr garði gerðir. Sömuleiðis hygg jeg, að það sje ekki á þeirra færi að verja hlutdrægnina í úthlutun tunnuforðans, þar sem hlaðið er undir stórspekúlantana til skaða fyrir smærri framleiðendur.

Hv. frsm. meiri hl. tók það rjettilega fram, að jeg hafi hælt einum af forstjórum einkasölunnar, hv. 2. þm. S.-M., fyrir það, að hann hefði eftir atvikum notað aðstöðu sína til þess að sveigja framhjá hinum verstu árekstrum út af samningum þeim, sem hinir forstjórarnir voru búnir að gera.

Hv. frsm. tók það rjettilega fram, að nauðsynlegt væri, að hjer væru vandaðir menn að verki, enda er því svo farið um hvaða fyrirtæki sem er. En þar sem hv. frsm. segir, að verslunarþekking sje ekki nauðsynleg, fer hann alveg villur vegar. (SvÓ: Þetta hefi jeg aldrei sagt). Mjer virtist hv. frsm. ekki telja það vítavert, þótt valdir hefðu verið þeir menn til þess að veita fyrirtækinu forsjá, sem ekki hefðu slíka þekkingu til að bera. Og það þótti mjer miklu miður, er hv. frsm., jafngætinn maður og hann er, talaði um „viðskiftahræfugla“ í þessu sambandi. Ef þessi ummæli hv. frsm. á að skilja sem lýsingu á verslunarstjettinni og útgerðarmannastjett landsins — og um aðra getur ekki verið að ræða, þar sem aðfinslur hv. þm. N.-Ísf. hnigu í þá átt að víta það, að menn úr þeim stjettum voru ekki valdir til þess að veita fyrirtækinu forstöðu —, þá fer mig ekki að furða á því, þótt hv. frsm. sje nokkuð tómlátur við athugun þessa máls. Slík ummæli sem þessi sýna hina megnustu lítilsvirðingu á þeirri stjett manna, er fæst við viðskiftamál, og þykja mjer þau orð hv. frsm. því undarlegri, sem jeg hygg, að hann höggvi þar nokkuð nærri sjálfum sjer.

Þá mintist hv. frsm. lítillega á brtt. okkar minnihl.manna og rökræddi þetta mál alveg óvanalega lítið. Hv. frsm. er vanur að nota vit sitt til þess að gagnrýna hvert mál og þau rök, er fram koma, en að þessu sinni brá svo við, að hann gerði það ekki, annaðhvort viljandi eða óviljandi, því að meiri hlutinn í ræðu hans gekk út á það, að hann ætlaði ekki að rökræða þetta eða hitt atriðið.

Þá vildi hv. þm. ekki gera mikið úr áhættu ríkissjóðs. Hjelt hann því fram, að eftir tvö ár, þegar heimildinni væri lokið, yrði varasjóður

nægilega sterkur til þess að standa straum af öllum áhættum. Í fyrri ræðu sinni lýsti hv. frsm. því, að varasjóður hafi verið 10 þús. kr. eftir rekstrarárið 1926, og virtist hann hjartanlega ánægður með þau úrslit. Þetta sýnir, að hv. frsm. meiri hl., sem allir vita, að þó er vel greindur maður, skortir í þessum efnum bæði reynslu og þekkingu til þess að geta lítið rjett á. En nú er þess að gæta, að varasjóði eru ætluð önnur hlutverk en að vera trygging fyrir áhættu einkasölunnar, því að í 5. gr. frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í deildir, svo sem stofnsjóð og aðra sjóði, til tryggingar framþróun einkasölunnar, útgerðinni og verkafólki þessarar framleiðslu, þegar síld veiði og síldaratvinna bregst". Þegar þessa er gætt, liggur í augum uppi, að staðhæfingar hv. frsm. meiri hl. um, að sjóðurinn verði fullfær til þess að standast áhættur allar fyrir einkasöluna, eru út í bláinn, eða stafa af misskilningi á þessu atriði og málinu yfir höfuð að tala, eins og mjer er næst að halda að sje.

Það mun koma á daginn, að varasjóður treystist ekki að bera allar áhættur, og mun þá farið fram á nýja ábyrgð ríkissjóðs, er þessi ár eru liðin, og þannig koll af kolli, því að þegar einu sinni er komið inn á þá braut, er erfiðara að snúa aftur.

Það mun mála sannast, að hv. frsm. er ekki viðskiftamaður, eða eins og hann orðaði það, viðskiftahræfugl. Ummæli hans sýna, að viðskiftahlið málsins ber hann ekki skyn á.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. N.-M. Hann talaði með nokkuð óvenjulegum hætti um málið og bar þeim mönnum, sem talað höfðu með brtt. okkar minnihl.manna, allþungar sakir á brýn. Kom mjer þetta á óvart, því að jeg varð ekki var við, að nokkur ástæða væri til þess, að nokkur þm. fyndi tilhneigingu til að tala í þeim tón, sem hv. þm. leyfði sjer að viðhafa. Hann mintist fyrst á það, að málið hefði verið lítið rætt í nefnd. Þetta er rjett athugað, og jeg mintist einmitt á þetta í fyrri ræðu minni. Þá gat hann þess, að hjer hafi verið haldinn fyrirlestur í þessu máli. Það kann að vera, að ræður hafi verið langar, en þess eru þá dæmi fyr. En hvort sem hv. þm. vill kalla það ræður eða fyrirlestra, þá er það víst, að í þeim ræðum hafa engin brigsl komið fram í garð bænda, eins og hann vildi vera láta. Jeg skaut því fram í ræðu hv. þm., hvort hann vildi ekki tilfæra einhver slík orð, en hann daufheyrðist við þeirri ósk minni. Hitt er annað mál, að jeg sagði, að við fulltrúar útvegsins í sjútvn. kunnum því ekki vel, að bændur í þinginu sameinist til þess að taka ráðin af útgerðarmönnum í slíku máli sem þessu og fá þau öðrum í hendur. Þetta ber hvorki að skilja sem brigsl eða skjall. Fulltrúar bænda á þingi ættu að hugsa sig um tvisvar áður en þeir taka ráðin af útvegsmönnum og fá þau í hendur mönnum, sem annaðhvort af illvilja í garð útgerðarinnar eða þekkingarleysi á því, sem hag hennar varðar, gera hverja skyssuna af annari útvegsm. til tjóns. Og því þarf sannarlega ekki að vera tekið með þökkum, að þeir hv. þm., sem vegna flokksaðstöðu hafa flutst úr sveitunum til þess að setjast í embætti hjer í höfuðstaðnum, tali um þá,

sem útgerðina stunda, sem ómerka omaga. Þeir hafa áreiðanlega enga aðstöðu til þess.

Hann fann til þess, að hjer væri um óvanalega aðferð að ræða, og hv. 1. þm. S.-M. hefir óbeint játað það líka, þar sem hann taldi sig aðeins tala í þessu máli fyrir siðasakir.

Nú ætla jeg að leiða hjer eitt vitni til þess að sýna hv. þdm., hvers erindi þeir eru að reka þessir hv. þm., sem vilja láta kalla sig fulltrúa sveitanna og þykjast beita sjer á allan hátt fyrir bestri og hagkvæmastri afkomu bænda.

Það hefir áður verið bent á, að einn af framkvæmdastjórum síldareinkasölunnar er viðurkendur „kommúnisti" og ekki dregin dul á það af einum eða neinum, sem til þekkir. Í blaðagrein sem jeg las í vetur, þar sem þessi forstjóri er að deila á hæstv. dómsmrh., kvartar hann yfir því, að fyrirkomulag síldareinkasölunnar sumarið 1928 hafi verið svo úr garði gert, að framleiðendur hafi haft of mikinn ágóða af síldarversluninni. Á fyrirkomulaginu eru þeir þyrnar að hans dómi, að hann finnur að því opinberlega og með fullri einurð sem „kommúnisti", að arðurinn renni um of í vasa þeirra, sem framleiðslutækin eiga. Í tímaritinu „Rjetti" hefir þessi sami forstjóri síldareinkasölunnar og „kommúnisti" birt grein nú í vetur, er hann nefnir „Komandi þing", og telur þar upp ýms mál, er hann telur, að verða eigi verkefni komandi þings að leysa. Það væri mjög freistandi að lesa talsvert upp úr þessari grein, hv. þdm. til athugunar, en þó mun jeg sleppa því að mestu leyti, en ætla aðeins, með leyfi hæstv. forseta, að lesa fáeinar setningar, og byrja þá á bls. 134. Þar segir hann m. a.:

„Þessi stormál (sem komandi þing á að leysa) eru olíueinkasalan, tóbakseinkasalan, síldareinkasalan og önnur einkasölumál, ennfremur tryggingamál verkalýðsins, kosningarrjetturinn og rannsókn togaraútgerðarinnar, og fleira, sem ekki verður hjer nefnt".

Hjer er aðeins stiklað á stærstu stefnumálunum, sem komandi þing á að taka á, og í áframhaldi af því fer hann svo að lýsa ýmsum einkasölum, t. d. steinolíu- og tóbakseinkasölunni, sem hann segir meðal annars um:

„Verkalýðnum er tóbakseinkasalan engan veginn beint hagsmunamál; gildi hennar liggur í því að draga úr gróða burgeisastjettarinnar og sameina verslunina á einn stað".

Og svo heldur hann áfram:

„Öðru máli er að gegna um síldareinkasöluna. Það er beint hagsmunamál verkalýðsins, hvernig henni er háttað. Síðasta þing gaf þeirri einkasölu formið, skipulagið, en það skorti hið rjetta innihald, þann anda og takmark, sem gat gefið henni gildi fyrir verkalýðinn". (HStef: Hann er þá jafnóánægður og þm.). Forstjórinn kemst svo að þessu sama, sem jeg mintist á áðan: að framleiðendurnir hefðu of mikinn arð af síldarversluninni, og segir, að ekki sje nema um tvent að velja: að halda fyrirkomulaginu óbreyttu, eða eins og hann orðar það:

„Hinn kosturinn er að láta einkasöluna taka að sjer alla söltunina, ráða alt verkafólkið, semja við útgerðarmennina. Til þess yrði ríkið að láta

hana fá höfuðstól til rekstrar. Með þessu móti væri trygt, að ágóði síldaratvinnuvegsins rynni til verkamanna".

Þetta er þá skoðun „kommúnistans" í framkvæmdastjórn síldareinkasölunnar. Hann sjer aðeins tvær leiðir að því leyti, sem um er að ræða framkvæmd laganna um einkasölu á síld. Önnur er sú, að láta lögin standa óbreytt og það fyrirkomulag haldast, sem nú er, með þeim ágöllum þó að hans dómi, að framleiðendur beri of mikið úr býtum, eða þá hin, að taka þann kostinn, sem hann telur vænlegri: að einkasalan taki að sjer síldarsöltunina og að ríkið beri alla ábyrgð á þeim rekstri. Nú vill svo til, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, uppfyllir að öllu leyti óskir forstjórans í þessu efni. Með frv. er einmitt fyrir því sjeð, að arðurinn falli ekki framleiðendum í skaut. Og við þessu gleypir hv. frsm. meiri hl. og rekur á þann hátt erindi „kommúnistans", sem situr í forstjórn einkasölunnar. Innihald þessa frv. er ekkert annað en það, sem forstjórinn nefnir að vanti í lögin í áðurnefndri ritsmíð sinni.

‚Andann og takmarkið' vantar í lögin, segir Einar Olgeirsson. En andinn og takmarkið liggur einmitt í þessu frv., sem hv. 1. þm. S.-M. og aðrir framsóknarmenn taka nú tveim höndum. Það er „andi og takmark" ‚kommúnistiskra' hugsjóna í síldarmálum. Og þennan „anda" og þetta „takmark" á svo framsókn að gefa einkasölunni samkv. ósk „kommúnistanna"!

En þessum „anda og takmarki" höfum við minni hl. í sjútvn. talið okkur skylt að andæfa. Þess vegna höfum við leyft okkur að bera fram brtt., sem stefnir í gagnstæða átt við það, sem forstjórinn og „kommúnistinn" vill, og sem miðar að því að efla samvinnufjelagsskap og samtök á milli síldarútvegsmanna.

Hv. 1. þm. N.-M. var að fetta fingur út í orðalag 1. brtt. okkar, sagði m. a., að ekki væri gott að skilja, hvað við meintum með orðinu „samlag", eða eftir hvaða reglum samlagið ætti að starfa. En jeg vil aðeins minna hann á, að brtt. á að fella inn í lögin, og sjest þá, að með reglugerð á að setja ákvæði um starfsemi samlagsins.

Jeg hefi þá sýnt skýrt fram á það með orðum Einars Olgeirssonar, undan hvaða rifjum þau ráð sjeu runnin, sem lögð eru á með frv. þessu. Með því, sem jeg las áðan upp úr „Rjetti", hefi jeg sannað, af hvaða toga það er spunnið, sem hjer er haldið fram. En aðferð hv. framsóknarmanna, er fyrst hafa neitað að ræða málið í n. og síðan beitt því ofbeldi nú í dag að skera niður umr. um málið í hv. d., hún skýrir betur en nokkuð annað þá játningu þessara manna, að ganga undir það ok að vinna samkv. „anda" þeim og „takmarki", er „kommúnistinn" og forstjóri síldareinkasölunnar hefir krafist að gert væri. Því er það ekki fyrir síldarútveginn gert að samþ. þetta frv., heldur eingöngu fyrir „kommúnistann" Einar Olgeirsson og þá, sem honum fylgja að málum. Þetta er leiðin til þess að fá „anda og takmark" „kommúnismans" inn í atvinnulíf þjóðarinnar. Þess vegna á að láta einkasöluna taka alla síldarsöltun í sínar hendur og láta jafnframt ríkissjóð bera alla ábyrgðina.

Jeg hygg, að það, sem jeg hefi nú bent á, sje enn eitt dæmi um það ok, sem stjórnarflokkurinn hefir orðið að

ganga undir til þess að fá að halda völdum í landinu, að hjer sje um að ræða eina skuldina enn, sem stofnað hefir verið til með „hlutleysi“ hv. jafnaðarmanna við núv. stjórn, er þeir heimta nú greidda.

Hv. 1. þm. N.-M. var að tala um óboðna þjónustu í sambandi við brtt. okkar og ljet svo um mælt, að sjer væri lítil þökk á henni. Jeg ætla ekki að svara því neinu, en vildi hinsvegar í lok ræðu minnar skjóta því að honum, að jeg hygg, að sá tími kunni að koma, að bændur landsins veiti þessum hv. þm. og öðrum, sem vinna í „anda“ og að „takmarki“ kommunismans, þá óboðnu þjónustu, sem slík starfsemi að rjettu verðskuldar. (**HStef**: Er þetta hótun?).

ATKVGR.

Brtt. 575,1 feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

**nei**: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ.

BSv greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Þm. Borgf. lagði til, að 1. gr. yrði borin upp í tvennu lagi. — Afbrigði um þá till. feld með 8:12 atkv.

1. gr. samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

**nei**: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS.

BSv greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 575,2 feld með 14:9 atkv.

2. gr. samþ. með 14:8 atkv.

Brtt. 575,3 feld með 14:9 atkv.

3. gr. samþ. með 14:9 atkv.

4. gr. samþ. með 15:7 atkv.

Brtt. 575,4 feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO.

**nei**: SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SE.

BSv greiddi ekki atkv.

Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

5. gr. samþ. með 14:8 atkv.

Brtt. 609,1 tekin aftur.

— 609,2 tekin aftur.

— 575,5 feld með 14:8 atkv.

6. gr. samþ. með 14:10 atkv.

Brtt. 575,6 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, BSv.

**nei**: HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, HStef, HJ.

Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 14:5 atkv.

Brtt. 575,7 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HJ, BSv.

**nei**: HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef,

Tveir þm. (GunnS, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 575,8.a feld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÁÁ, EJ.

**nei**: HG, HV, IngB, JörB, LH, MT,

SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ.

BSv greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (GunnS, HK, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 575,8.b felld með 14:10 atkv., að viðnöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, GunnS, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE.

nei: ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ.

BSv, PO greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (HK, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 575,8.c felld með 14:11 atkv., að viðnöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE, EJ, GunnS, BSv.

nei: IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV.

PO greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (HK, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 575,8.d felld með 13:9 atkv.

— 575.8.e felld með 14:10 atkv.

— 575,9.a—b tekin aftur.

— 575,9.c felld með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, SE, EJ, GunnS, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG.

nei: MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HG, HV, IngB, JörB, LH.

BSv, HJ, PO greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (HK, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 575,9.d felld með 13:9 atkv.

— 575,9.e tekin aftur.

9. gr. samþ. með 14:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB.

nei: JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, GunnS, JJós, JAJ, JÓl.

BSv greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (HK, TrÞ) fjarstaddir.

---

Á 69. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 628).

**Magnús Guðmundsson:** Jeg skal ekki hefja langt mál um þetta frv. Jeg hefi verið að athuga það og fundið nokkur atriði í því, sem mig furðar stórlega á. Að vísu hafa sum þeirra áður komið fram í umr., en jeg vil þó undirstrika þau nú með nokkrum orðum.

Hv. þm. Dal. benti á, að það væri undarlegt að setja í lögin ákvæði um, að íslenskir ríkisborgarar mættu ekki veiða síld fyrir utan landhelgi nema selja hana fyrir milligöngu síldareinkasölunnar. Sjórinn fyrir utan landhelgina er jafnt eign allra. Það er því alveg þýðingarlaust að setja nokkrar reglur um, að þar megi ekki veiða nema með ákveðnum skilyrðum, en þetta er gert hjer í 1. gr. frv. og er því beinlínis brot á alþjóðareglum. Utan landhelginnar er öllum heimilt að fiska, ef þeir ónáða þar ekki aðra.

Annað atriði, sem jeg vildi minnast á, er í síðustu málsgr. 3. gr. frv. Þar er það tekið fram, að ef síldareinkasalan kaupir síld, sem er annars manns eign, þá getur hún haldið henni, þannig að ekki er hægt að rifta kaup-

unum, þó það komist upp, að síldin sje stolin, ef einkasalan hefir ekki verið í vitorði um það. Þetta gengur þvert ofan í landslög. Ef hesturinn minn er tekinn og seldur í óleyfi mínu, þá get jeg tekið hann hvar sem hann finst, og sá, sem keypti verður að snúa sjer að sínum heimildarmanni. Þetta þýðir ekkert annað en að vernda þjófinn, og það er ósæmilegt hverri löggjöf.

Ef gerðir hafa verið fyrirfram samningar um síldarsöltun manna í milli þá eiga þeir að falla úr gildi samkv. 8. gr. frv., þegar einkasalan tekur söltunina í sínar hendur, og það jafnvel þó samningarnir hafi verið gerðir áður en þetta frv. kom fram. Þetta er alveg óvenjulegt. Reglan er sú, að löggjafarvaldið virði gerða samninga og það er tæplega hægt að fyrirskipa að gerðir samningar skuli ógildir teljast. Löggjafarvaldið á síst allra valda að halda því að mönnum að ógilda gerða samninga. Jeg sje ekki heldur, hvað það sakar, þó að samningar þeir sem kunna að hafa verið gerðir, sjeu látnir standa; þeir gilda þó ekki nema til ára. En svo mikil er áfergjan að koma á þessum ríkisrekstri, að það má ekki virða gerða samninga, þó það geti orðið til stórtjóns fyrir þá menn sem hlut eiga að máli. Jeg skal taka t. d. mann, sem á hjá öðrum stórfje og ætlast til, að hann fái það greitt samkv. síldarverkunarsamningi, sem svo verður feldur úr gildi samkv. þessum lögum. Hvaða sanngirni er nú í öðru eins og þessu? Annars skal jeg ekki fara langt út í þetta; það er nú komið að þingslitum, og jeg veit, að það þýðir ekki að ræða frekar um þetta frv.; það verður borið gegn. En þingmenn verða þó að þola, að beint sje á stórgalla eins og þessa á frv., og það fanst mjer skylt að gera. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að taka það fram, að jeg er yfirleitt á móti frv.; jeg greiddi atkv. gegn þessum einkasölulögum í fyrra og mun gera það enn.

Það er átakanlegt að sjá, hversu fljótt þeir ætla að rætast spádómarnir, sem komu fram á síðasta þingi, um framhaldið á þessu máli. En það væri gaman að spá aftur nú, og þá vil jeg fullyrða, að Alþingi sje ekki búið að bíta úr nálinni með síldina. Þetta þing er vissulega sannkallað síldarþing, ekki síður en þingið í fyrra. Þá voru tekin fyrir öll ákvæði um síld í ísl. lögum, og nú ganga mörg þessara frv. aftur, og er yfirleitt beint í áttina til fullkomins ríkisrekstrar.

**Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):*** Það áttu víst að vera nokkrar lögfræðilegar aths., sem hv. 1. þm. Skagf. kom fram með nú í síðustu ræðu sinni um 1., 3. og 8. gr. frv., sem nú er til umr. Mjer kom á óvart það, sem hann sagði um 1. gr., er hann gaf þá yfirlýsingu, að samkv. henni væri Íslendingum bannað að fiska fyrir utan landhelgi. Jeg skil ekkert í þessu. Það er alt annað, sem bannað er með 1. gr.; þar er tilskilið, að innlendir menn skuli afhenda einkasölunni alla síld, hvort sem hún er fiskuð innan eða utan landhelgi; og get jeg ekki skilið, að það sje brot á alþjóðareglum, þegar þetta á við Íslendinga og íslensk skip, því að lög landsins verða þó að ná til þeirra. Jeg

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

er ekki lögfræðingur og vil ekki deila mikið um þau atriði; en jeg skil þetta svona. Þá taldi hv. þm., að samkv. síðustu málsgrein 3. gr. frv. væri verið að vernda þjófa. Þar er ekkert á þjófnað minst; en aftur á móti er talað um, að þegar sala á síld til einkasölunnar er um garð gengin, og þó það komi upp þegar frá líður, að einhver annar en sá, sem seldi, hafi verið eigandi síldarinnar, þá geti hann ekki afturkallað eða ógilt kaupin. Ef hann kemur fram og gerir sínar kröfur á rjettum tíma, þá verður þeim vitanlega fullnægt. (MG: Það vantaði nú bara, að einkasalan mætti kaupa síld, vitandi vits um að seljandi ætti hana ekki).

Mjer fanst álíka ljettvægt það, sem hv. þm. sagði um 8. gr. Það liggur í hlutarins eðli, að þeir samningar, sem fara í bága við ákvæði þessara laga, ef þau öðlast gildi, geta ekki staðist. Við skulum taka t. d., að skrifstofuþjónar einkasölunnar hefðu gert fyrirfram samninga um söltun og sölu á síld. Finst hv. þdm. þá ekki eðlilegt, að þar sem þeim er með lagaákvæðum bannað að stunda slíkt starf, þá fall slíkir samningar úr gildi? Að öðrum kosti yrðu þeir að segja af sjer störfum, ef svo stæði á, að þeir hefðu gert slíka samninga fyrirfram, og gæti þá eftir atvikum farið svo, að það yrði ekki með öllu vítalaust að rjúfa þannig starfssamningana. Mjer skilst að ef slíkir samningar, sem þeir kynnu að gera, brjóta í bága við það, sem lögin ákveða, þá hljóti starfsmennirnir að víkja úr stöðum sínum.

Eins og jeg tók fram við 2. umr., þá hygg jeg, eftir þeirri reynslu, sem fengin er, að nauðsynlegt sje, að þessi breyt. verði gerð á einkasölulögunum, til þess að reksturinn verði ekki alt of stirðbusalegur, heldur geti einkasalan náð tilgangi sínum.

**Sigurður Eggerz:** Jeg verð að segja það, að jeg varð fyrir nokkrum vonbrigðum í þeim svörum, sem hv. frsm. gaf mjer viðvíkjandi nokkrum aths., sem jeg hafði gert við þetta frv., og sem hv. 1. þm. Skagf. hafði ítrekað og bætt nokkrum við, sem jeg hafði ekki tekið eftir.

Mjer finst nú, að það ætti ekki að geta verið flokksmál, að reynt væri að ganga þannig frá löggjöfinni, að hún bryti ekki bág við þær grundvallarreglur, sem siðaðar þjóðir yfirleitt byggja sína löggjöf á. Þetta atriði finst mjer, að ekki ætti að vera flokksmál, og síst finst mjer, að það ætti að vera flokksmál hjá þeim mönnum, sem hafa viljað fara alveg sjerstaka leið til þess að vanda löggjöfina, með því að setja á stofn sjerstaka n. í því skyni. Jeg ætla ekki að fara að ræða um hana, því að það hefir þegar verið sagt svo mikið um þá nefndarskipun, en ef einhver hugsun liggur á bak við stofnun hennar, þá hlýtur það að vera sú, að löggjöfin komi fram í nýrri og betri mynd. Jeg hefi að vísu ekki trú á því, en mjer finst, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem hafa tekið þá stefnu upp á stefnuskrá sína að bæta löggjöfina að nokkru, að þeir ættu að vera opnir fyrir því, þegar á það er bent, að verulegir gallar eru á þeirri löggjöf, sem þeir einmitt eru að smíða í augnablikinu.

En svo jeg víki ennþá að þeirri at-

hs., sem jeg gerði við 1. umr., þá liggur það alveg í hlutarins eðli, að það er ekki hægt að ákveða, að löggjöfin um einkasölu gildi um þá síld, sem veidd er utan landhelgi og farið er með beint á markaðinn. Það er ekki hægt fyrir oss að ná í hvorki Norðmenn nje Svía eða aðra, sem salta síld fyrir utan línuna. Eins er það alls ekki hægt fyrir oss að láta löggjöfina ná til íslenskra skipa, sem salta fyrir utan línuna og fara með vöruna beint á markaðinn. Nú verð jeg að líta svo á, að á þessu máli geti ekki verið nokkur vafi, og jeg verð þá að beina þeim orðum mínum til hv. frsm., að hann taki þetta til alvarlegrar athugunar og að hann láti ekki fara hjeðan úr þinginu löggjöf, sem er þannig vaxin, að hún gefi ákvæði um þá hluti, sem löggjöf getur alls ekki náð yfir. Þess vegna væri sannarlega ástæða til þess fyrir hv. n. og hv. frsm. hennar að láta taka þetta mál út af dagskrá og leiðrjetta þessa höfuðkórvillu, sem búið er að sýna fram á, að sje í frv.

Jeg get ekki ímyndað mjer það, að nokkur maður geti í alvöru reynt að standa hjer upp í þessari hv. deild og segja það, að löggjöfin um einkasöluna geti náð til þeirra skipa, sem fiska fyrir utan landhelgislínuna, og farið svo beint með síldina á markaðinn.

Þá kem jeg að 3. gr., og satt að segja finst mjer, að gallarnir sjeu mestir á 3. gr. og svo nærgöngulir við stjórnarskrá landsins, að jeg verð að leyfa mjer að beiðast þess, að forseti úrskurði, hvort það sje rjett að láta þessa grein, eins og hún er nú, koma hjer til atkv. Jeg verð að halda því fram, að það stappi mjög nærri, að hún sje í stríði við stjskr. landsins. Það er nefnilega ótvírætt, að þau ákvæði eru sett í þessa gr., sem hreint og beint svifta menn eignarrjettinum, án þess að þeir sömu menn hafi unnið nokkurn hlut til saka, til þess að vera sviftir honum. Það eru hjer ótvíræð ákvæði um það, að ef maður stelur nokkrum tunnum af síld og selur þær einkasölunni og hún greiðir honum verð fyrir, og svo kemur maður sá, sem síldina átti, til einkasölunnar og segir: Þetta er síldin mín, — þá fær hann það svar hjá henni: Mig varðar ekkert um það; þú færð hvorki síldina þína aftur nje andvirði hennar. — Hvað á svo þessi maður að gera? Já, hann getur náttúrlega snúið sjer til þjófsins, en það er venjulega svo, að það þýðir ósköp lítið að snúa sjer til þeirra, því að andvirðið fæst sjaldnast hjá þeim! Jeg get þess vegna ekki sjeð annað en að það sje gengið svo nálægt eignarrjettinum og þeirri vernd, sem stjskr. veitir honum, að það sje vafasamt, að bera megi þessa gr. upp hjer í deildinni.

Jeg skal geta þess, að í danskri löggjöf kringum 1700, þegar einvaldskonungarnir rjeðu í Danmörku, þá var gefin út tilskipun um stofnun hins svokallaða „Assistent"-húss, og í þeirri tilskipun eru samskonar ákvæði eins og nú er á því herrans ári 1929 sett í lögin af þessum hv. síldareinkasölupostulum. Þar var nefnilega sett það ákvæði, að þó það væru þjófstolnir hlutir, sem væru pantsettir á húsinu, þá var ekki hægt að taka andvirðið frá því. Þegar svo grundvallarlögin voru gefin, hafði þessi tilskipun verið athuguð; hún gilti fyrst um sinn, en

nú hefir hún verið afnumin. En á meðan hún var í gildi, þá álitu þjófarnir, að þeir væru miklu öruggari að versla við Assistent-húsið heldur en við aðra okrara, svo að af því leiddi, að það var verið að ýta undir þeirra starfsemi með þessu ákvæði.

Jeg verð að líta svo á, að það sje meira en lítill blettur settur á íslenska löggjöf með því að taka upp sömu grundvallarreglu og einvaldsherrarnir tóku upp árið 1700 og sem fyrir löngu er búið að kveða niður. Mjer skilst, að kurrinn í kringum þessa löggjöf muni verða nógu mikill, þótt ekki sje verið að leiða inn í hana grundvallarreglur, sem beinlínis eru hættulegar til fordæmis og í stríði við stjórnarskrána, og ef til vill hættulegastar fyrir það, að þær verði síðar teknar upp í aðra löggjöf. Jeg verð að líta svo á, að sá hugsunarháttur sje ekki orðinn ríkjandi á Alþingi, að menn vilji ganga framhjá ákvæðum stjskr. um eignarrjettinn. Þess vegna er það, að ef hv. frsm. vill ekki láta taka málið út af dagskrá og gera brtt. í þessu efni, þá verð jeg að halda fast fram þeirri ósk minni við hæstv. forseta, að hann kveði upp úrskurð um það í deildinni, hvort þessi liður 3. gr., sem jeg hefi gert að umtalsefni, megi koma til atkv. hjer í deildinni.

Þá verð jeg að segja það, og taka þar undir með hv. 1. þm. Skagf., þegar hann gerði sína aths. um það, sem segir í 8. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bága við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu".

Jeg verð að líta svo á, að það væri ekki lítill ógreiði gerður viðskiftalífi okkar þjóðar, ef það væri farið að víkja frá þeirri grundvallarreglu, að menn megi reiða sig á samninga, sem menn gera í fullu samræmi við gildandi lög í landinu. Það er, satt að segja, það óbilandi traust, sem menn hafa á því, að þeir geti gert samninga, sem þeir geti reitt sig á, sem er hinn raunverulegi grundvöllur undir öllu heilbrigðu viðskiftalífi, ekki aðeins þessarar þjóðar, heldur allra annara þjóða. Ef farið er að leiða það inn í þessa löggjöf, að samningar, sem búið er að gera áður, skuli falla úr gildi, þá fer jeg að ætla það, að heldur muni fara að draga úr vinsældum kringum þessa löggjöf.

Jeg ætla ekki að fara að ræða efni frv. nú, en skal aðeins vísa til þeirrar gagnrýni, sem jeg hefi gert á frv. áður. En í þessu eru brotnar æðimargar höfuðreglur, sem hingað til hafa þótt mega vera í friði fyrir löggjöfinni. Það er hjer farið að löggefa fyrir utan landhelgislínuna: það er farið að kippa, á mjög lævíslegan hátt, fótunum undan eignarrjetti manna, og það er farið að levsa ákvæðin um það, að samningar, sem menn hingað til hafa trúað, að menn mættu reiða sig á, skuli vera ógildir, ef þeir samrýmast ekki við þessi lög. Þar með eru samningsmenn útilokaðir frá að ná á nokkurn hátt rjetti sínum gagnvart heim, sem þeir sömdu við. Það fer hjer sem oftar, að ein syndin býður annari heim. Það er hætt við, að hin mikla einokunarsynd ætli að bjóða nokkuð mörgum öðrum syndum heim, þar sem verið er með ýmsum ákvæðum einok-

unarlöggjafarinnar að grafa undan þeim frumreglum, sem löggjöf okkar Íslendinga hvílir á.

**Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson):** Það er ekki svo að sjá, að hjer sje um mál að ræða, sem þingheimur láti sig miklu skifta, þar sem hv. d. er svo að kalla tæmd í hvert sinn, sem síldarmálin eru á dagskrá. Jeg leyfi mjer að segja, að það er hinum ráðandi þingflokkum til skammar, hvaða tómlæti þeir hafa sýnt þessu máli. Tveir þm. í Ed., sem á þessu sviði atvinnuveganna hafa ekki unnið sjer neitt annað til ágætis en að vera settir í framkvæmdarstjórn einkasölunnar, án þess að hafa nokkurn hæfileika til þess, flytja þetta frv. um breytingu á einkasölulögunum, sem miðar að því að kippa burt því frjálsræði, sem einstaklingarnir höfðu áður samkv. einkasölulögunum. Frv., sem auk þess hefir í sjer fólgna marga og mikla galla, sem koma í bága við hið gildandi þjóðskipulag, ætla hv. þm. að láta sjer sæma að gleypa, gersamlega athugasemdalaust og gagnrýnislaust, og sýna þeim hluta landsmanna, sem hjer á mest undir, þá óvirðing að vera ekki einu sinni viðstaddir, þegar málið er rætt.

Mjer hefir verið fundið það til foráttu, að jeg hafi einungis komið fram með smáaðfinningar, en minna farið út í hin stærri atriði málsins. Jeg hefi þó bent á ýmsa framkvæmdargalla, en mjer hefir láðst að geta um eina ómyndarráðstöfun hjá stj. einkasölunnar, sem hefir komið mjög bagalega við marga einstaklinga, nefnilega það, hvernig veiðileyfum var úthlutað í fyrra. Menn voru að síma stj. einkasölunnar, og svo var verið að skamta þeim leyfi smátt og smátt, en það var svo takmarkað, sem þeir máttu salta af síld, að það þýddi alls ekki að ætla sjer að gera út bát til slíkra veiða. Það var talað um 500—600 tunnur á bát! En á sama tíma voru spekúlantarnir, þessi voldugu óskabörn einkasölunnar, sem fengu tómar tunnur í þúsundatali til að geta grætt sem mest, að fá leyfi út á allskonar báta, jafnvel opna báta, sem svo voru alls ekki gerðir út. Þetta hefir leitt það af sjer, að búast má við, að maður, sem ætlar að gera út einn bát, neyðist til að láta í veðri vaka, að hann ætli að gera út fleiri, til þess að fá sæmilegt söltunarleyfi fyrir þennan eina bát. Mjer þykir sennilegt, að við, sem fremur öðrum erum fulltrúar útgerðarinnar, vitum ekki um öll þau herkænskubrögð, sem beitt hefir verið gagnvart útgerðinni af þessari stofnun, einkasölunni. Hv. þingmeirihluti hefir í tvö ár látið ljós sitt skína í þessu máli, og stefna hans er sú, að gera framleiðendur sem áhrifaminsta og draga einkasöluna í hendur pólitískum klíkuskap. Þetta er alvarlegt ástand. Það spor, sem stigið var með síldareinkasölunni, ætlar að verða til þess, að framkoma útlendra síldarkaupenda gagnvart Íslendingum gerbreytist.

Ein af fyrstu brtt., sem við þrír þm. fluttum, var um það, að breyta nafninu „einkasala" og kalla það „Síldarsamlag". Jeg leyfi mjer að hafa það eftir einum fulltrúanum erlendis, að „monopol" okkar hafi orðið okkur til skaða í útlöndum. En brtt. okkar fjekk enga áheyrn. Síðan þetta gerðist, hafa borist hingað fregnir, sem

mega teljast alvarlegar fyrir þá, sem bera útgerðina fyrir brjósti. Danska blaðið „Börsen", sem er ákaflega merkilegt blað, segir 26. apríl frá því, að síldareinkasalan íslenska hafi komið hreyfingu á sænskan niðursuðuiðnað um aðdrætti á hráefnum, og komi það mjög í bága við íslenska hagsmuni. Einnig segir blaðið, að Svíar, sem hafi keypt þessa vöru að undanförnu, uni því illa að þurfa að eiga aðdrætti sína á hráefnum undir því, sem blaðið kallar „Statsmonopol" í öðru landi. Hjer er það komið fram, sem ýmsir óttuðust, að sjálft nafnið fælir menn frá að skifta við einkasöluna. Í þessu blaði er líka skýrt frá því, að Svíar sjeu að hugsa um að hefjast handa um að afla nokkurs hluta þess hráefnis, sem þeir þurfi. Fundur var haldinn í Svíþjóð í miðjum mars til þess að ræða þetta mál. Fiskiveiðadirektörinn sænski, Rosen, var á fundinum. Það er búist við, að Svíar fiski á 9 skipum í sumar við Ísland. Þeir hafa hugsað sjer að hafa stór skip, af því að bæði er rýmra að vinna á þeim og hægra að eiga við kryddsíldina. Sænsku niðursuðuverksmiðjurnar nota árlega 40 þús. tunnur af kryddsíld, en til að veiða svo mikið, þarf 40 skip í meðalári. Niðursuðuverksmiðjurnar hafa lýst yfir því, að þær vilji leggja fje í fyrirtækið, og áformað er að afla á þessu ári helmingsins af því, sem verksmiðjurnar þurfa, en auka það svo, að á næsta ári verði Svíar orðnir sjálfbjarga um að afla þessarar vöru.

Jeg skal ekki þreyta þá fáu þm., sem hlusta á mál mitt, með lengri skýrslu en þetta. Hún er lengri í danska blaðinu, en þetta nægir til að sýna, að hættur þær, er af einkasölunni stafa, eru ekki einungis fólgnar í því, að fá völdin yfir þessari framleiðslugrein í hendur pólitískum flokkum landsins og stofna með því til misrjettis við framleiðendur og fiskimenn, heldur líka í hinu, að einkasalan sje að eyðileggja þann markað, sem við höfum haft. Þegar hættur steðja þannig að úr tveim áttum, bæði að innan og utan, þá virðist mjer vera allmikill ábyrgðarhluti fyrir þingmeirihlutann að haga sjer með löggjöf um einkasöluna eins og gert hefir verið bæði á þinginu í fyrra og nú, en þó einkum nú. Þingmeirihlutinn virðist hafa þá tröllatrú á þeim tveim þm. í Ed., sem fluttu þetta frv., að þeirra orð í þessu máli sje það eina, sem mark sje takandi á hjer á Alþingi. Við 2. umr. sannaði jeg, að hv. þingmeirihluti er hjer að reka erindi kommúnista, innfæra fyrirkomulag, sem álitið er af þeim stjórnanda einkasölunnar, sem er viðurkendur kommunisti, vera í samræmi við þá ríkiseinokun, sem að hans dómi er æskilegust.

Jeg gæti trúað því, að að því ræki fyrir þeim, sem tekið hafa ráðin af framleiðendum, að þeir fengju að sjá, að það er hægra í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum, að rífa niður en að byggja upp. Jeg veit, að á síldarsölunni voru margir ágallar, áður en einkasölulögin voru samþ. En þrátt fyrir það voru þær aðgerðir ekki nauðsynlegar, sem stefna þessum atvinnuvegi í beinan voða. Eftir öllum eyktamerkjum að dæma, virðist aðferð hv. þingmeirihluta vera beint á þeirri leið, með einkasölulögunum frá í fyrra og ekki síst þessu frv. Við, sem höfum leitast við að finna sanngjarnan með-

alveg og bent á rjett framleiðenda og gildandi lagafyrirmæli, sem frv. kemur í bága við, hljótum að leggja alla ábyrgð af afleiðingum frv. á herðar þingmeirihlutanum, sem með harðneskju hefir barið lögin í gegnum þingið og bannað þm. að ræða málið lengur en honum þóknaðist.

**Ólafur Thors:** Jeg hefði haft nokkra tilhneigingu til að tala allítarlega um þetta mál nú, vegna þess hvernig meðferð málsins hefir verið frá upphafi til enda. Menn af öllum flokkum eru sammála um, að þetta sje eitthvert allra stærsta málið, sem fyrir þinginu liggur, og það er orðið flestum ljóst, sem á annað borð hafa gefið sjer tíma til að skreppa eina og eina stund inn í þingsalinn, meðan málið hefir verið rætt, að öll meðferð þess hefir verið með harla óvenjulegum hætti. Það upplýstist við 2. umr., að málið hafði ekki verið rætt í sjútvn. Um það hafði verið tekin ákvörðun á fyrsta fundi, að sumum nm. fjarverandi og án þess að gefa einstökum nm. tækifæri til að láta í ljós álit sitt. Og þó að beinlínis kæmu fram óskir frá nm. um að mega tala, knúði meiri hl. n. fram atkvgr. Þegar málið kemur svo til umr. í Nd., mættu stjórnarliðar ekki í deildinni, frekar en nú, og þegar búið er að halda 3—4 ræður, kemur fram till. um að skera niður umr. Sú till. var samþ., en þeir sömu stjórnarliðar, sem meinuðu okkur að tala, töluðu sjálfir í skjóli þess, að þeir höfðu kvatt sjer hljóðs. Þetta kemur, sem betur fer, sjaldan fyrir á Alþingi Íslendinga.

Þeir hv. þm. Vestm. og hv. þm. Dal. hafa á mjög greinilegan og ákjósanlegan hátt látið í ljós þá andstygð, sem heilbrigðir menn hafa á slíkri framkomu, og skal jeg ekki hafa fleiri orð um það.

Hv. 1. þm. N.-M. talaði mjög digurbarkalega við 2. umr. þessa máls, eftir að öðrum hafði verið varnað máls, enda hlaut hann verðskuldaða ádrepu hjá hv. þm. Vestm. fyrir. Jeg hygg, að mörgum af ádeiluorðum hv. 1. þm. N.-M. hafi verið stefnt að mjer. Hv. þm. var að tala um, að stjórnarandstæðingar hefðu viðhaft óviðeigandi skjall um suma stjórnarliða, til þess að reyna að vekja sundrung. Já, jeg fullyrti, að hjer á þingi mundi vera samstæður hópur manna, sem ekki ljeti kúgast í hvívetna. Og ef það er kallað skjall, að þeir sjeu ekki allir gersamlega ósjálfstæðir taglhnýtingar, er slíkt svo mikið last um stjórnarflokkinn, að jeg hefði í forsetastað vítt þann mann, sem hefði látið þá skoðun í ljós.

Þá gat hv. 1. þm. N.-M. um það, að þingbændur Framsóknarflokksins væru einfærir um að ráða málum sínum og þyrftu í engu leiðbeiningu frá okkur hinum. En jeg segi það rauplaust af minni hendi, að hv. þingbændum veitir ekki af að læra af okkur um sjávarútveginn. Ef þeir gerðu það, mundu mistökin verða færri í afgreiðslu þeirra mála hjer á þingi.

Annars talaði þessi hv. þm. nokkur orð um ágæti einkasölunnar. Þau orð gætu gefið mjer tilefni til að ræða um einkasöluna eins og hún hefir revnst, en af því að jeg hefi gert það áður, vil jeg ekki nota mjer þá aðstöðu nú, að jeg hefi fult tilefni til þess.

Það var talsvert spaugilegt að heyra hv. þm. segja, að einasti gall-

inn á stj. einkasölunnar væri sá, að henni hefði ekki enn tekist að laga alla galla á fyrirkomulaginu. Það minnir á umsögn stjórnarblaðanna, þegar þau voru að tala um, að eini gallinn á Guðbrandi í Hallgeirsey væri sá, að honum hefði ekki tekist að laga allar yfirsjónir fyrirrennara síns, enda er að Guðbrandi hafði tekist að örva drykkjulöngun landsmanna með því að hætta að „kjótla" og fara að blanda í keröld, sem tóku heil 10 uxahöfuð.

Þá sagði hv. 1. þm. N.-M., að framsóknarbændum hefði tekist að koma skipulagi á sjávarútvegsmálin. Heyr á endemi! Hvað hafa bændur gert fyrir sjávarútvegsmálin? Ekki annað en láta kommúnista teyma sig á eyrunum í öllum þeim málum, er sjávarútveginn varða. Þess er skemst að minnast, hver afstaða þingbænda er til þessa máls. Forstjóri síldareinkasölunnar, kommunistinn Einar Olgeirsson, hefir skrifað grein í tímaritið „Rjett" fyrir skömmu um þessi mál og fleiri. Sú grein hefir síðar orðið þingbændum Framsóknarflokksins að einskonar biblíu, sem þeir fylgja trúlega. Átakanlegast hefir þetta komið í ljós í þessu máli. Andi kommunismans ræður öllum þeirra gerðum. Andi kommunismans svífur yfir vötnunum í liði stj. Talandi tákn þess er m. a. það, að gersamlega þekkingarsnauðir og óhæfir menn hafa verið settir til þess að veita síldareinkasölunni forstöðu. Till. þeirra manna, sem vit, þekking og reynslu hafa á þessum sviðum, eru að engu hafðar. Það eru kommunistarnir, sem herða reipið að hálsi stj. Það eru þeir hv. þm., sem öðrum fremur kalla sig samvinnumenn, sem beygja knje sín í duftið frammi fyrir alþjóð. Það eru þeir, sem heykjast á höfuðstefnumáli sínu, samvinnustefnunni, en gerast taglhnýtingar einokunarstefnunnar. Þetta er hinn opinberi sorgarleikur, sem gerist hjer á Alþingi. Og jeg vil nú spyrja aftur: Hvað hafa þá bændur gert fyrir sjávarútvegsmálin á þessu landi? Því er fljótsvarað. Höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, er hlekkjaður í þrælaviðjar einokunar og ófrelsis. Afleiðingin er auðvitað hnignun, deyfð og afturför. Hv. 3. þm. Reykv. hefir upplýst það undir þessum umr., að aldrei hefir afkoma síldarútvegsins verið rýrari en í ár, þrátt fyrir góðæri og einsdæma aðstöðu að öllu leyti; sjerstaklega hafa atvinnurekendur borið mjög skarðan hlut frá borði.

Jeg held jeg megi fullyrða það, að þeir, sem ekki eru einokunarmenn í húð og hár, hafi mjög ilt af því að láta hina fáu kommunista, sem á þingi sitja, ráða atkv. sínum í þessu máli. Að vísu er mörgum þeirra nokkur afsökun í þessu máli, nefnil. hin mjög takmarkaða þekking þeirra til þessara mála. En mjög skyldu þeir gjalda varhuga við því að láta hafa sig að leiksoppi í slíku stórmáli sem hjer er um að ræða. Gæti þeir ábyrgðarinnar, sem þeir verða kvaddir til að leikslokum. Vel er mjer kunnugt um það, að framsóknarbændur greiða atkv. í þessu máli af harla lítilli þekkingu, en unna verður þeim þess sannmælis, að slíkt gera þeir ekki af fúsum vilja. En þeim liggur hlekkur um fót og nauðugir viljugir verða þeir að

ganga aðrar brautir en samviska þeirra býður þeim. En við hinir, sem viljum ræða þetta mál skynsamlega, ræða málið til hlítar á þessum vettvangi, við eigum ekki því láni að fagna að sjá framan í nokkurn mann úr liði stj. Hvað veldur? Er það blygðun? Er það samviskan, sem slær þá? Eða er það svo frámunalegt kæruleysi um afdrif eins mesta stórmáls þessa þings? Meira að segja hefir hv. frsm. meiri hl. ekki svo mikið við að láta sjá sig inni í deildinni. Ekki skal það út af fyrir sig harmað af mjer, því sá hv. þm. hefir ekki einu sinni sýnt lit á því að ræða málið og efni þess, hvað þá heldur að svara fyrirspurnum okkar. Við höfum spurt, en engin svör fengið. Það skiftir því engu, hvort talað er við hinn auða stól hv. frsm. eða hv. frsm. sjálfan. Framsóknarhersingin er lögð á flótta út úr deildinni. Þora þeir ekki að ræða málið? Þora þeir ekki að heyra þau rök, sem fram eru borin í málinu?

Jeg get þó ekki stilt mig um að taka hin fáu og nauðaómerkilegu orð hv. frsm. til lítillegrar athugunar. Gæti jeg þó sannarlega sparað mjer það ómak, því ræðan var svo veigalítil, að furðu sætti. Jeg hafði sannað þekkingarleysi forstjóranna, og frsm. viðurkendi það. En síðan mælti hann þessi eftirtektarverðu orð: „Mjer þykir nú meiru skifta, að forstjórarnir sjeu ráðvandir menn en hitt, að þeir hafi á sjer einhvern verslunarstimpil". Jeg vil nú segja það, að jeg tel ráðvendnina að sjálfsögðu frumskilyrði þess, að um góðan mann sje að ræða. Hún er grundvallarskilyrði, sem alstaðar er þegjandi undirskilið, þegar um störf og stöðu er að ræða. Vöntun á ráðvendni er sönnun þess, að maðurinn er óhæfur, en ráðvendnin er hinsvegar engin sönnun þess, að hann sje hæfur til þess að veita stórfyrirtæki forstöðu. Hjer er því um að ræða alveg fáheyrða meinloku hjá hv. frsm. Slík röksemdaleiðsla varpar skýru ljósi yfir þann hugsunarhátt, sem ríkir innan stjórnarliðsins. Jeg á hjer við það, hve lágar kröfur eru gerðar til þeirra manna, sem settir eru fyrir höfuðatvinnutæki þjóðarinnar og settir til að gegna mikilsvarðandi störfum fyrir þjóðfjelagið. Þess eins er krafist, að þeir menn sjeu ekki bófar, en hvort þeir hafi til að bera nokkra þekkingu, vitsmuni eða reynslu, það er álitið hreint aukaatriði. Þegar kröfurnar eru settar svona lágt, að hver pólitísk rola getur skapað sjer jötu á þeim sviðum atvinnulífsins, sem afkomu- og bjargarvonir meiri hluta þjóðarinnar eru tengdar við, þegar hið pólitíska líf er orðið svo snilt, þá eru það feigðarmerkin á hinu unga þjóðfjelagi voru. Það er víst þetta, sem hv. 1. þm. N.-M. á við, þegar hann talar um, að bændur hafi komið skipulagi á síldarútvegsmálin. Ó, heilaga einfeldni! Vitanlega bera bændur að jafnaði ekki fult skyn á síldarútvegsmál. Það er líka þeirra eina afsökun. En hitt er óafsakanlegt, að setja óreynda, þekkingarsnauða og óhæfa menn til mestu trúnaðarstarfa þjóðfjelagsins, fyrir þær sakir einar, að þeir eru í flokki sti. eða kommunistar. Og svo er það höfuðröksemdin, að menn þessir sjeu ráðvandir! Mjer kemur ekki til hugar að bera brigður á það, en hinu vil jeg slá föstu, að það er ekki nóg, að þeir sjeu ráðvandir; þeir verða að hafa hæfi-

leika til sinna starfa. Sem betur fer, eigum við marga ráðvanda menn, og einnig marga, sem bæði eru ráðvandir og hæfileikamenn í senn. Það eru þeir, sem við eigum að fela trúnaðarstörfin á hendur. Alt annað er spilling, sem hvorki má þolast nje þróast innan þjóðfjelagsins.

Hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal. hafa báðir leitt athygli hv. þdm. að meinlegustu ágöllum frv. Jeg legg svo mikið upp úr þeim ágöllum, sem þessir hv. þm. nefndu, að jeg tel, að með engu móti megi þolast, að frv. nái lögfestingu í þessari mynd. Ef hinsvegar stjórnarflokkurinn vildi ganga inn á að leiðrjetta stærstu misfellurnar, þá geri jeg ráð fyrir, að við íhaldsmenn myndum ekki, brátt fyrir megna andúð gegn frv., nota það til þess að koma málinu fyrir kattarnef. Vil jeg nú beina þeirri spurningu til þeirra fáu stjórnarliða, sem hjer eru inni, hvort þeir vilji ekki beita sjer fyrir þessum breyt. Vænti jeg þess fastlega, að hv. stjórnarflokkur taki þetta til náinari athugunar og ráði ekki málinu til lykta fyr en sú athugun hefir farið fram.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er að bera í bakkafullan lækinn að ræða lengur um þetta mál, enda býst jeg ekki við, að það hefði nein áhrif á úrslit málsins við atkvgr. Jeg get því verið stuttorður.

Jeg hygg, að ekki þurfi skarpskygni mikla til þess að sjá, hvað hjer er á ferðum. Það er sennilega öllum ljóst. Það er annar stuðningsflokkur hæstv. stj., sem er í þann veginn að kúga hana og aðalflokk hennar til þess að svíkja lit. Og það er einmitt í því máli, sem er yfirlýst stefnumál stj., samvinnumálinu. Við, sem trúum á gildi samvinnunnar innan vissra og skynsamlegra takmarka, við höfum bent á að leysa þetta mál á samvinnugrundvelli. Maður skyldi nú ætla, að slíkar till. fengju áheyrn og góðar undirtektir í flokki þeirra, sem telja sig samvinnumenn öðrum fremur. En hvað skeður? Svo harðlega herða jafnaðarmenn ólina að hálsi stj., að hún sjer sinn kost vænstan að heykjast á höfuðstefnumáli sínu frammi fyrir augliti allrar þjóðarinnar. Að vísu er þetta ekki í fyrsta sinn, sem slíkt á sjer stað með núv. stj. Hún gæti nú, eftir þetta afrek sitt, tekið sjer í munn orð skáldsins:

„Við skulum heldur en verða bit
velta röngu og svíkja lit".

**Forseti (BSv):** Hv. þm. Dal. hefir óskað úrskurðar forseta um það, hvort 4. málsgrein 3. gr. þessa frv. megi koma til atkvgr., vegna þess, að þar sjeu brotin fyrirmæli stjórnarskrárinnar um eignarrjettinn (63. gr.).

Þessi ákvæði frv., sem óskað er úrskurðar um, hljóða svo:

„Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, sem afhenti hana til einkasölunnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf".

Í sambandi við þetta verð jeg að taka það fram, að það hefir eigi verið

talið koma í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarrjettarins, þó að löggjöfin setji sjerstök ákvæði um skilríki (legitimation) fyrir eignarheimild að einstökum tegundum eigna eða verðmætis, jafnvel þó að slík ákvæði hafi það stundum í för með sjer, að rjettur eigandi geti tapað eign sinni. Til dæmis má benda á það, að eigandi skuldabrjefa og verðbrjefa af ýmsum tegundum getur tapað brjefunum, ef handhafi hefir selt eða afhent manni, sem vissi ekki betur en að seljandi væri rjettur eigandi, — nema brjefið sjálft hafi borið það með sjer, að annar en handhafi ætti það. Þetta mun koma oft fyrir í bankaviðskiftum, að t. d. bankanum er seldur tjekk, og þó að upp komi síðar, að sá, sem afhenti hann, var ekki sá rjetti eigandi, þá fæst ekki leiðrjetting á því.

Á sama hátt virðist löggjöfin geta sett álíka undantekningarákvæði um skilríki fyrir eignarheimild einstakra vörutegunda, þegar sjerstakar ástæður eru taldar mæla með því að víkja frá almennum reglum í því efni, eins og hjer virðist vera fyrir hendi.

Af þessum ástæðum verður ekki tekin til greina krafa hv. þm. (SE) um að vísa málinu frá atkvgr., og verður því frv. borið upp til samþyktar eða synjunar, svo sem venja er til.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BSv.

nei: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, GunnS.

Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

---

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 628).

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 695).

---

## 53 Verkamannabústaðir.

Á 7. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um verkamannabústaði** (þmfrv., A. 37).

Á 9. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Hjeðinn Valdimarsson):** Jeg bar fram á þingi í fyrra frv. sama efnis. Það komst þá á dagskrá 1—2 sinnum, en var ekki rætt, enda orðið áliðið þings þegar það kom fram. Nú hefi jeg lagt það fyrir aftur með litlum breyt.

Það er óhætt að fullyrða, að það er fátt hægt að gera verkamönnum meira til hagsbóta heldur en að hjálpa þeim til að eignast gott og ódýrt húsnæði. Sú stefna er nú að hjálpa sveitabændum með að rækta jörðina og byggja bæina upp. En hliðstætt því er að hjálpa verkamönnum í kaup-

stöðum til að eignast hæfileg húsakynni. Og þótt húsakynnin sjeu víða ljeleg til sveita, þá eru þó yms þau húsakynni, sjerstaklega kjallara- og pakherbergin, sem verkafólk í kaupstöðum verður að notast við, bæði fullorðnir og börn, mjög ljeleg. Og ef tryggja skal nokkurnveginn þroska og heilsu kynslóðarinnar, er nauðsynlegt, að bætt sje úr þessu.

Nú er það víst, að verkamenn eru ekki svo efnum búnir, að þeir geti bygt yfir sig af eigin ramleik. Er því með frv. þessu farið fram á, að ríkissjóður og bæjarfjelög styðji þá til þess. Ætlast er til, að bæjarfjelögin láti gera sambyggingar í þessu skyni og selji síðan verkafólki þær fyrir það verð, sem þær kosta uppkomnar, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum, eða 10%. Gert er ráð fyrir, að verkamenn borgi út 15% af verði húsanna, en eftirstöðvarnar á 42 árum með 5% afborgun árlega, eða með svipuðum kjörum og lánað er til bygginga á gömlum sveitabýlum.

Í frv. er ætlast til, að hver fjölskylda fái 2—3 herbergi til íbúðar, auk eldhúss. En við nánari athugun tel jeg að lágmarkskröfur fjölskyldu þurfi að vera 3 herbergi, auk eldhúss. Að vísu gæti 2 herbergja íbúð dugað til að byrja með, en þegar börnum fjölgar og fjölskyldan vex, mega herbergin ekki vera færri en 3. Gætu fámennar fjölskyldur þá leigt út 1 herbergi fyrst í stað. Þessar íbúðir mættu ekki kosta meira en 50 kr. á mánuði, eftir því sem kaupgjald er nú.

Nú má vera, að einstök bæjarfjelög vilji ekki skifta sjer af þessu. Er því gert ráð fyrir því, að mynda megi byggingafjelög, sem kæmu í stað bæjarfjelaganna. Bæjarfjelögin skulu þá ábyrgjast lántökur fjelagsins, en hafa 1. veðrjett í húsunum. Gert er ráð fyrir, að fjelög þessi verði með samvinnusniði.

Þá eru og ákvæði um það, ef þeir, sem keypt hafa, selji aftur, þá sje söluverðið miðað við upprunaverðið, að viðbættu því, sem eigandi hefir gert til umbóta íbúðinni, en að frádreginni hæfilegri fyrningu. Er þetta sjálfsagt atriði, þar sem hið opinbera veitir fje til þessa með vægum kjörum og tilætlunin vitanlega ekki sú, að eigendur fái sölugróða, er þeir selja hús, er þeir hafa eignast á þennan hátt.

Hjer í Reykjavík mun nú vera mest þörf fyrir slíkar byggingar. Fyrir nokkrum árum var hjer almennur skortur á húsnæði. En nú hefir allmikið verið bygt hin síðari ár, svo nú mun svo komið, að efnamenn og millistjett hafi viðunandi húsnæði. En þessar byggingar hafa ekki verið gerðar með þörf verkafólksins fyrir augum. Jafnframt munu betri íbúðir hafa lækkað nokkuð, en aftur íbúðir þær, kjallarar og þakherbergi, sem fjöldi verkamanna verður að sætta sig við, eða aðrar ljelegri íbúðir hafa ekki lækkað — jafnvel hækkað. Og lítil von er um, að það lagist af sjálfu sjer, því ávalt fjölgar fólki hjer, bæði af mannfjölgun bæjarins sjálfs og innflutningi.

Bæjarstj. hjer hefir hafist handa um að rannsaka íbúðir bæjarbúa. Var það gert á síðastl. ári og er nú verið að vinna úr þeim skýrslum. Enn er þó ekki lengra komið en svo, að tölur þær, sem gefnar eru upp í grg. við

frv. þetta, eru einu tölurnar, sem búið er að fullgera. Sjest af þeim, að mikill fjöldi af heimilum hefir ekki eldhús eða aðgang að eldhúsi. Mætti koma með margar sannar og hryllilegar lýsingar á íbúðum, einkum þeim, sem eru í kjallara eða undir súð. Jeg mun þó ekki rekja það nánar nú, en vil nota tækifærið til þess að geta um, að tölur þær, sem eru í grg., eru ekki alveg rjettar. Stafar það af því, að ekki var búið að telja í einum bæjarhluta. Voru tölurnar í grg. áætlaðar þaðan, en reyndust aðrar. Þær eiga að vera:

í stað 843 komi: 722,
í stað 929 komi: 886, og
í stað 2848 komi: 3012.

Eftir er þó enn að telja íbúðir innan Hringbrautar og á Grímsstaðaholti svo sennilegt er, að fyrri tölurnar verði nálægt hinu rjetta.

Bæjarstj. hjer hefir haft þetta mál til umr. og úrlausn á því, svipuð því sem kemur fram í þessu frv., hefir vakað fyrir henni, báðum flokkum að jeg held.

Tilgangurinn með þessu frv. er sá, að verkamannafjölskyldum verði trygt bæði heilnæmara og ódýrara húsnæði en þær eiga kost á nú. Hvorttveggja er mikilsvert atriði og hið síðara þýðir í raun og veru meiri tekjur fyrir verkamennina.

Vænti jeg svo, að frv. þetta fái góðar undirtektir hjá hv. Alþingi. Legg jeg til, að því verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

A 59. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, 429, n. 475 og 480, 509).

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** N. hefir klofnað í tvent, eins og nál. meiri hl. sýnir, og mínni hl. mun væntanlega gera grein fyrir sínu áliti. Fyrir n. lágu skoðanaskiftabrjef frá næstv. atvmrh., og niðurstaðan varð sú, að nefndin varð sammála um að leggja með þeim. Meiri hl. n. var alveg sammála um það, að húsakynni verkamanna í kaupstöðum sjeu mjög ill og ófullnægjandi, eins og sjá má lítillega á ágripi af húsnæðisskýrslu, sem birtist með grg. frv. við 1. umr. Sú skýrsla sýnir, að í Reykjavík búa 1700 fjölskyldur í íbúðum, sem í öðrum menningarlöndum mundi ekki verða talið sæmilegt að láta fólk búa í. Gangi maður út frá, að í hverri fjölskyldu sje að meðaltali 5 manns, þá eru það 8—10 þús. manns, sem lifa í þessum ljelegu kjallaraíbúðum og loftherbergjum með öllum þeirra óþægindum.

Meiri hl. n. var sammála um það, að verkafólki í kaupstöðum væri örðugt með þeim tekjum, sem það hefir, og með þeim aðgangi, sem það hefir að lánsstofnunum nú, að reisa sjer hæfilegar íbúðir, og í raun og veru mundi mörgum reynast það ómögulegt, nema hið opinbera hlypi undir bagga. Og þá varð það fyrir, að bæði hlutaðeigandi bæjarfjelag og ríkissjóður ætti að hjálpa. Þetta er nokkuð hliðstætt því, sem gert hefir verið með byggingar- og landnámssjóð, að öðru leyti en því, að bæjarfjelagið skuli styrkja þetta, sem við verðum þó að telja sjálfsagt.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvmrh. geri grein fyrir sínum brtt., en þær eru aðallega í því folgnar, að samvinnufjelög skuli annast þetta. Jeg er persónulega á þeirri skoðun, að á flestum stöðum sje hægara að láta bæjarfjelögin um þetta mál. Það mundi kosta miklu minna erfiði og yfirleitt verða betur leyst af hendi. En þó er langt frá, að hitt sje frágangssök, og samvinnufjelögin hafa í þessu eins og öðru sína miklu uppeldislegu þýðingu. En aðalatriðið er það, að koma þessu húsnæði upp fyrir verkamenn, og því höfum við nefndarmenn meiri hl. getað sameinast, þótt við kynnum hvor fyrir sig að hafa viljað, að ýmsu væri á annan hátt fyrir komið.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson)**: Jeg sje, að hv. frsm. minni hl. ætlar ekki að tala strax, og get jeg þá lokið af að tala nokkur orð með þeim brtt., sem jeg ber fram á þskj. 429.

Jeg verð þegar að geta þess, að hjer er um stórt mál að ræða, og það er þess fyllilega vert að gera grein fyrir því með ítarlegri ræðu. En það er nú svo, þegar langt er liðið á þing, að svo mörg störf kalla að, og hefir mjer ekki unnist tími til neins undirbúnings í þessu efni.

Hinsvegar geri jeg ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynt sjer þessar till. og fullkomlega gert sjer grein fyrir, hvað bak við þær liggur.

Jeg man ekki, hve oft er búið að bera fram till. um að bæta kjör þessara manna, sem hjer um ræðir, svo þeir geti fengið viðunandi hús yfir höfuðið, en svo mikið er víst, að ekkert hefir náð framgangi hingað til. En sá grundvöllur, sem slíkar uppástungur hvíla á — a. m. k. á síðasta þingi og nú —, er að mínu áliti ekki sem heppilegastur. Ekki verður því neitað, að bæði í þessum bæ og sennilega í nokkrum fleiri bæjum er svo mikil þörf að hjálpa þeim, sem eru minni máttar, til þess að fá viðunandi húsaskjól. Og jeg álít, að samhliða því, sem það opinbera hefir gert sjerstakar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu fólksins í sveitunum til að eignast betri húsakynni, þá sje ekki nema rjett, að ríkið gerði líka ráðstafanir til þess að hjálpa fátæklingum í kaupstöðum og kauptúnum.

Það, sem mjer þótti rjett, að kæmi fram nú frá þeim flokki, sem jeg tilheyri, er bending um það, hvað a. m. k. sumir menn í flokknum álíti rjett að gera í þessa átt.. Og sá grundvöllur, sem bent er á, er, að í stað þess að bæjarfjelögin annist þetta mál, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá sje það gert af samvinnufjelagsskap.

Annars er um þessar till. að segja, að þær fjalla um fjöldamörg einstök atriði, og jeg verð að segja, að mjer dettur ekki í hug að halda fast eða einstrengingslega fram þeim ýmsu atriðum, hverju fyrir sig, sem borin eru fram hjer. Það, sem jeg vildi sjerstaklega benda á, er grundvöllurinn, sem slíkar aðgerðir ættu að hvíla á. Þess vegna ber að skoða þessar brtt. mínar sem grundvöll til þess að byggja á endanlega skipun þessara mála og sem framrjetta hönd mína og nokkurra flokksmanna minna, sem álíta, að hið opinbera eigi einnig að veita aðstoð sína á þessu sviði.

Hvað snertir einstök atriði þessa máls, þá er jeg fús til þess að ræða þau, hvort heldur er til hægri eða vinstri. Fara brtt. mínar margar hverjar í þá átt, ýmist að breyta gr. frv. algerlega eða setja nýjar gr.

Þetta er það, sem jeg vildi hafa sagt almennt um málið. En nú mun jeg fara stuttlega yfir brtt. mínar. Komi svo ítarlegar aths. við þær, mun jeg víkja nánar að þeim síðar.

Með 1. gr., eins og jeg legg til að hún verði, er tvennu slegið föstu, sem er ólíkt því, er frv. gerir ráð fyrir. Fyrst því, að ekki skuli eingöngu lánað óbreyttum verkamönnum, heldur skuli ákvæði gr. líka ná til starfsmanna ríkis og bæjar. Vil jeg í þessu sambandi minna á það, að auk þess, sem þessar till. um að styrkja verkamenn til bygginga hafa komið fram, þá hafa starfsmenn ríkisins einnig óskað þess, að ríkið veitti þeim aðstoð sína til þess að byggja yfir sig. Lít jeg svo á, að þeir geti vel fallið undir þetta. Ennfremur segir 1. gr., að þessi lán skuli því aðeins veitt, að færð hafi verið rök að því, að dómi atvmrh., að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar. Geri jeg ráð fyrir, að þörfin sje mjög mismunandi, eftir því hvar er á landinu. T. d. get jeg búist við því, að á Seyðisfirði sje engin þörf fyrir slíkt, því þar er fólki heldur að fækka en fjölga. En þar sem sannað er, að slík þörf sje fyrir hendi, skal stofna lánssjóði þá, er 1. gr. gerir ráð fyrir.

Hv. 1. þm. N.-M. hefir borið fram brtt. við þessa brtt. mína, sem er þess efnis, að byggingarsjóðir verði ekki aðeins stofnaðir í kaupstöðum, heldur einnig í kauptúnum. Jeg vil nú að vísu ekki vera á móti henni, en jeg held þó, að hún verði til þess, að meiri vandkvæði verði á þessu í framkvæmdinni. Það er sumstaðar svo, að kauptúnin eru ekki hreppur út af fyrir sig, og þyrfti því að gera fyllri ráðstafanir til þess að færa þetta inn í löggjöfina. En sje þar sama þörf fyrir hendi, þá er vitanlega sjálfsagt að bæta úr henni, svo sem rjettmætt er.

Önnur aðalbreyt. er það, hvernig á að afla fjárins. Það getur vitanlega verið álitamál, hvernig þess skuli aflað og hve mikið það skuli vera, en jeg álít, að hæfilegt sje að byrja svo sem jeg legg til. Finst mjer þar allmyndarlega af stað farið, en þó má það ekki minna vera í stórbæ sem t. d. Reykjavík. Gæti það líka vel komið til mála að binda sig ekki við fasta krónutölu, heldur láta eitt gilda hjer og annað þar, eftir því sem þörfin krefur.

Þá kem jeg að 3. brtt. Hún er um það, hvernig lán skuli veitt. Geri jeg ráð fyrir því, að þetta verði trygg lán. Skulu eigendur sjálfir leggja til 15% af byggingarverði húsanna. Og þegar bæjarsjóður leggur svona mikið til, þá ættu þessi lán ekki að vera hættuleg, ef vel er að öðru leyti frá þeim gengið.

Svo er það aðalgreinin, sem sje 5. gr. Segir hún til um það, hvaða skilyrði eru fyrir því að fá þessi lán. Er aðaláherslan lögð á það, sem talað er um í 2., 3. og 4. lið 5. gr. Eru þessi ákvæði hliðstæð ákvæðum þeim, sem sett eru í l. um byggingar- og landnámssjóð. Kröfurnar eru þær, að húsin sjeu vel gerð. Legg jeg mikla áherslu á það, að þeim fylgi öll nú-

tíma þægindi og að sjerstakur lóðarblettur fylgi hverju húsi. Í 3. lið er þess getið, að ekki megi lána til peirra, er hafa hærri meira en vissa krónutölu í árstekjur. Getur það ákvæði orkað tvímælis, en þó hygg jeg, að 6 þús. kr. sjeu ekki fjarri sanni.

Mjer datt í hug að hafa þessa upphæð ekki fastákveðna, heldur skyldi hún vera breytileg, eftir því hvort hlutaðeigandi hefði marga ómaga á framfæri eða ekki, og jeg held, að yfirleitt ætti að taka tillit til ómegðar og þarfa.

4. atriðið er mjög þýðingarmikið og legg jeg mikla áherslu á það, að þetta sje rekið á samvinnugrundvelli. Skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að eignast húsið síðar, ef þeir vilja. Þetta er grundvallaratriði og skilur þar á milli frv. og brtt. minna.

Ákvæði 5., 6., 7. og 8. liðs þessarar gr. miða að því að tryggja það, að ekki sje bygt á óhæfilega dýrum lóðum, og að því að hindra það, að þessar byggingar, sem hið opinbera hefir hjálpað til að byggja, lendi í braski. Einnig eru þar ákvæði til tryggingar góðu viðhaldi húsanna.

Annars vil jeg ekki lengja umr. nú þegar með því að fara nánar út í einstök atriði. Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara út í það, hvernig stjórn þessara mála er fyrir komið eða hvernig reikningsskilum skal háttað. Yfirleitt álít jeg ekki, að hinar seinni gr. gefi tilefni til umr.

Að lokum er það tvent, sem jeg vildi segja, áður en jeg skil við þetta mál. Fyrir okkur liggur nú í þessari hv. deild frv. til nýrra ábúðarlaga. Er í því stungið upp á nýrri ábúðarloggjöf, sem á að miða að því að gera sjálfa sig óþarfa. Því góð ábúðarloggjöf á að stefna í þá átt, að ekki þurfi að nota neina ábúðarlög, vegna þess að allir eigi jarðir sínar sjálfir. Og það, sem jeg álít, að þetta frv. eigi að gera, er einmitt það, að hjálpa mönnum í kaupstöðum til þess með hjálp samvinnufjelagsskapar að eignast hús fyrir sjálfa sig og fjölskyldu sína. Hús, með dálitlum bletti í kring, þar sem þeir geti lifað góðu og hollu lífi.

Jeg held, að það sje fátt betra til þess að tryggja aðstöðu þjóðfjelagsins í heild sinni en að börnin geti alist upp í góðu og skemtilegu umhverfi og lært að elska land sitt. Það er þá síður hætt við því, að þau lendi út í öfgastefnum nútímans, er þau þroskast og ná fullorðinsaldri.

Svo eru það nokkur orð út af þeirri hugsun, er kemur fram í nál. meiri hl. Hefir hann lagt á móti frv. vegna þeirrar ástæðu meðal annars, að það geti orðið til þess, að erfiðara verði að halda fólkinu í sveitunum. Sje því verið að vinna á móti þeirri viðleitni, er nú sje efst á baugi, að halda fólkinu í sveitunum og vinna að viðreisn landbúnaðarins. Út af þessu vildi jeg gera eina persónulega játningu.

Það var á sumardaginn fyrsta, að börnin hjer í bænum voru kölluð upp í barnaskólaport, og skyldi þar taka mynd af þeim öllum í einum hóp. Voru þar saman komin líklega nokkur þúsund börn. Voru þau svo í því góða veðri, sem þá var, látin ganga í kringum tjörnina. Það vildi svo til, að mjer varð gengið út að glugga

mínum um þetta leyti, og sá jeg þá allan þennan fríða hóp á göngu sinni. Var fylkingin svo löng, að hún náði meir en í kringum alla tjörnina. — Mjer flaug þá í hug, hvað þetta væri mikill hluti allrar þjóðarinnar og hve áríðandi það væri fyrir þjóðfjelagið, að vel væri sjeð fyrir uppeldi og líðan þessara barna. Og jeg verð að játa, að mjer varð þá ljósara en áður, hversu rík skylda hvílir á þjóðfjelaginu um að sjá um, að þetta fólk fái að alast upp við sem bestan aðbúnað og umhverfi. Eru það því ekki síst áhrif frá þessu, sem eru því valdandi, að jeg flyt einmitt nú slíkar till. og þessar, sem eiga að vera til þess að tryggja það, að sú unga kynslóð geti vaxið upp við svo góð kjör, að hún hafi skilyrði til þess að verða góðir og nýtir borgarar.

**Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson):** Jeg hefi eiginlega litlu við nál. okkar á þskj. 480 að bæta. Held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða það, að hvorugur okkar, sem erum í minni hl., sje á móti því, að æskilegt væri, að hægt væri að bæta úr þeim húsnæðisvandræðum, sem eru í kaupstöðunum, og þá kauptúnum líka. En einhversstaðar hljóta að vera takmörk fyrir getu ríkissjóðs. Og ef það á að afla þess fjár, er þarf til þessara bygginga, á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir, eða samkv. till. hæstv. atvmrh., sem sjá má á þskj. 429, þá hlýtur það að hafa í för með sjer stórum aukin útgjöld ríkissjóðs. Efumst við því stórlega um það, að gjaldamöguleiki hans sje svo mikill, að hann geti þolað þetta.

Því verður ekki neitað, að það er rjett hjá hæstv. atvmrh., að þetta er stórmál og hefði óneitanlega verið hentugra, að það hefði verið betur undirbúið frá hálfu hv. flm. en hann hefir getað með öllu því annríki, er á honum hvílir. Má þó segja, að gott sje, að það skyldi koma fram nú, svo menn gætu haft það til umr. og athugunar milli þinga. (**HV:** Það kom fram í fyrra). Já, svo mun vera, en nú er það í alt annari mynd.

Það er svo að sjá, sem hæstv. atvmrh. sjái ríkinu fært að taka á sig þær kvaðir, er á það eru lagðar samkv. brtt. hans. Þetta vil jeg þó mjög draga í efa. Hinsvegar þegar litið er á frv., þá sjest, að hv. flm. hefir fundið, hvar skórinn krepti mest að, nefnilega í bæjunum, en síður í kauptúnunum. Nú þykir mjer það undarlegt, að verri skuli vera hús í kaupstöðum heldur en kauptúnum. Það er þá ekki af öðru en því, að aðstreymið til bæjanna er óeðlilega mikið. Enn gat hv. flm. þess, er hann talaði fyrir þessu að sumu leyti merkilega máli, sem hann gerði mjög hógværlega, að hjer lægi fyrir að leysa úr ekki ósvipuðu verkefni og byggingar- og landnámssjóðurinn á að leysa úr. Við höfum nú nokkuð minst á þetta í nál. minni hl. og getum alls ekki fallist á þetta. Álítum við, að þetta sje alls ekki sambærilegt. Jeg held, að það sje óhætt að slá því föstu, og býst jeg við, að hæstv. fors.- og atvmrh. geti tekið undir það, að hugsun sú, er lá til grundvallar, er byggingar- og landnámssjóðurinn var settur á stofn, var sú, að stuðla að því, að hinar fólkslausu sveitir reistu við aftur. Og með umbótum þeim, er gera átti á húsum og öðru, þá var

búist við því, að hægt væri að beina fólksstrauminum út í sveitirnar aftur. Við fáum því ekki sjeð, að takmarki þessa sjóðs verði á nokkurn hátt náð með því að samþykkja þetta frv.

Það eru gullvæg sannindi, að gott væri að hjálpa sem flestum kaupstaðarbúum til þess að eignast bletti umhverfis hús sín. En mjer er spurn á því, hve margir grænir blettir muni koma í ljós, þó þetta frv. verði samþ. Jeg er hræddur um, að þeir verði heldur fáir. Hæstv. ráðh. benti í þessu sambandi á atvik, sem gerðist hjer á sumardaginn fyrsta, er hann sá hinn fríða og stóra barnahóp. Það var mjög rjettilega fram tekið af hæstv. ráðh., að það var mjög á nægjulegt að sjá þennan hóp. En jeg verð að segja það, að ef litið er til þjóðarhópsins, þá held jeg, að það besta væri, ef hægt væri að beina huga þessarar uppvaxandi kynslóðar að hinu óræktaða landi sveitanna og því holla umhverfi, sem þar er að fá. En síður ætti að kappkosta að glæða hugarfar þeirra til kaupstaðanna. En þetta virtist mjer hæstv ráðh. ekki hafa komið eins vel auga á og vænta hefði mátt, með tilliti til þess, hve ant honum hefir verið um sveitirnar.

Jeg fullyrði, að það var hin brýna þjóðarnauðsyn, er vakti fyrir hv. þm. er þeir samþ., að komið skyldi á fót byggingar- og landnámssjóði, ræktunarsjóðinum og ýmsum öðrum stofnunum landbúnaðinum viðkomandi Aðalgrundvöllur alls þessa var hin mikla auðn í sveitunum. Þær voru yfirgefnar og fólkið þyrptist til kaupstaðanna. Er nú með þessu frv. verið að halda áfram í sömu átt, að beina hug fólksins til sveitanna? Nei, og ef það verður samþ., álít jeg, að þingið hafi stígið hreint og beint vixlspor, miðað við það, sem það hefir áður gert. Því ef menn trúa á landið og ræktun þess og trúa því, að ef hinir óræktuðu blettir sjeu ræktaðir, þá verði eins lífvænlegt í sveitunum eins og í kaupstöðunum, þá held jeg, að ekki sje brýn nauðsyn á því að samþ. þetta frv., er hlýtur að hafa þau áhrif, að fólkið þyrpist til kaupstaðanna. En ef nú fólkinu finst lífvænlegra í kaupstöðunum eins og þeir eru nú heldur en í sveitunum, með þeim framtíðarmöguleikum, er þar eru fyrir hendi, þá getur minni hl. n. ekki sjeð, að ástæða sje til þess, að ríkið fari að gera ráðstafanir, er óhjákvæmilega mundu leiða til þess, að fólkið drægist .til kaupstaðanna. Ráðstafanir, sem geta í framtíðinni orðið stórhættulegar fyrir ríkissjóð.

Hinsvegar er það síður en svo, að við viljum ekki viðurkenna, að óheppilegt sje, að fólkið búi í ljelegum húsakynnum. Viðurkennum við, að umbætur á þessum sviðum eru nauðsynlegar og sjálfsagðar. En við álítum, að frá hagfræðilegu sjónarmiði sje það heppilegast, að bæði þing og stj. snúi sjer að sveitunum með stórfeldar umbætur. Það kemur ekki málinu við, hve mikill hluti þjóðarinnar býr í kaupstöðum. Aðalatriðið er, hvað hollast er fyrir þjóðina og hvort betra er að beina hugum fólksins til sveitanna eða í gagnstæða átt. Þar fyrir dettur mjer ekki í hug að

halda því fram, að þetta frv. eigi engan rjett á sjer.

Okkur minni hl. hefir reiknast svo til, að árleg útgjöld ríkissjóðs af þessu muni nema 70—100 þúsund kr., en jeg hygg, að ef allir kaupstaðirnir eru taldir með, þá muni það verða meira, því fólkinu fjölgar svo ört þar. Og eftir því, er hv. flm. skýrði frá, stórfjölgar fólkinu í Reykjavík einni árlega.

Brtt. á þskj. 569, frá hv. 1. þm. N.-M., hafa ekki legið fyrir n., svo að jeg ætla ekkert að fara inn á þær, að öðru leyti en því, að jeg viðurkenni, að með samþykt þeirra er stuðlað að meira rjettlæti, af því að ef hinir stærri bæir eiga rjett til þessara hluta, á það sama sjer stað um kauptúnin.

Alit mitt er, að þing og stj. ættu að gera sitt til þess, að ekki sje hægt að okra á fátækum mönnum af húsaeigendum í bæjum og kauptúnum. Hinsvegar hefi jeg minni samúð með þeim tilraunum, sem gerðar eru með frv. til þess að draga fólk úr sveitunum.

Jeg verð að segja, að þegar jeg sá brtt. hæstv. forsrh., vissi jeg ekki, hvaðan á mig stóð veðrið. Þó að jeg viðurkenni, að þær sjeu bót á frv., er langt frá því, að þær sjeu bygðar á þeirri grundvallarhugsun, sem jeg hafði vænst frá hæstv. ráðh., að hann vildi beita allri sinni orku að umbótum í sveitum landsins, sem gætu orðið til þess, að hin unga kynslóð í kaupstöðunum sæi sjer fært að búa í sveitunum og yrkja jörðina, svo að okkur væri enginn voði búinn, ef sjávarútvegurinn bregst. Því að ef slíkt kemur fyrir, er það landbúnaðurinn, sem heldur lífinu í landsmönnum, eins og hann hefir gert í gegnum margvíslegar þrautir. Þar liggur kjarni alls íslenska þjóðfjelags. En þó að jeg segi þetta, og meini það, þá er jeg ekki að kasta rýrð á aðra atvinnuvegi landsmanna.

Jeg hefi reynt að stilla í hóf ummælum mínum, enda er ekki ástæða til annars. Jeg viðurkenni hinn góða hug hv. flm. og hefi með ræðu minni reynt að skýra sem best frá því, hvað við minnihl.menn teljum heppilegra, þegar litið er á hagsmuni þjóðarheildarinnar. Og jeg bjóst við, að þar værum við fyrst og fremst í samræmi við hæstv. forsrh. En þegar jeg sá brtt. á þskj. 429, skildist mjer, að því væri ekki að heilsa.

**Halldór Stefánsson:** Jeg skal fúslega játa, að það er athugunarvert mál, sem frv. þetta fjallar um. Það er mál, sem hefir bæði menningarlega, heilbrigðislega og mannúðlega þýðingu, að allir íbúar landsins eigi kost á að búa í góðum híbýlum. Það er ein af fyrstu kröfum, sem hver maður hefir rjett til að gera til lífsins. Engu að síður verð jeg að játa, að jeg er fremur illa við því búinn að tala um málið nú, því að þótt till. í þessa átt hafi verið bornar fram á fyrri þingum, hafa þær verið í því formi, að jeg hefi ekki getað fallist á þær og þess vegna hugsað lítt um málið. Hinsvegar fara till. þær, sem liggja fyrir frá hæstv. forsrh., nokkru nær því, sem jeg gæti fallist á. En þær eru svo nýlega fram komnar, að jeg hefi ekki haft tíma til að athuga þær gaumgæfilega. Þó hefi jeg tekið eftir ýmsum atriðum þar, sem jeg tel athugunarverð, og á þeim byggi jeg brtt. mínar á þskj. 569.

Þó að brtt. mínar sjeu allmargar, eru efnisatriði þeirra ekki mörg, því að margar till. hníga að sömu efnislegu atriðunum. Þau efnislegu atriði, sem till. eru bygðar á, eru aðallega fjögur, og þar að auki eru nokkrar orðabreyt. Fyrsta atriðið hefir verið minst á áður. Samkv. 1. gr. frv. er því ætlað að ná aðeins til kaupstaða, en ekki til kauptúna. Greinin fjallar um það, að ríkissjóður skuli styrkja kaupstaði landsins til að koma upp verkamannabústöðum. Jeg get ekki fallist á, að rjett sje að gera mun á kaupstöðum og kauptúnum í þessu efni. Jeg get búist við, að ef sjerstök vildarkjör bjóðast í kaupstöðunum, gæti hafist landnám úr hinum minni kauptúnum og sveitum til stærri bæjanna, þegar kostur er svona aðgengilegra kjara til húsnæðis, eins og hjer er um að ræða. Verð jeg því að telja, að það geti verið mjög athugavert. Stefnan hefir verið sú undanfarið, að reyna að beina aðsókn fólksins frá kaupstöðunum og fá það til að haldast við í sveitunum. Eigi að síður viðurkenni jeg, að verkamönnum í kaupstöðum og kauptúnum er hin mesta nauðsyn að eiga kost góðra íbúða.

Næsta till. mín er þess efnis, að í staðinn fyrir 2 kr. framlag ríkissjóðs og bæjarsjóða fyrir hvern íbúa komi 1 kr. Ástæðurnar fyrir þessari till. eru aðallega tvær. Fyrst og fremst eru útgjöldin svo mikil, að óvíst er, hversu auðvelt er fyrir aðilja að leggja þau fram, og í öðru lagi er farið fram á meiri tillög en jeg tel brýna þörf á, og skal jeg nú víkja nánar að þessu.

Íbúar í kaupstöðum landsins munu vera nálægt 40 þús. Samkv. manntali 1927 eru þeir 38800, rúmlega. 2 kr tillag úr ríkissjóði á hvern íbúa er þá 80 þús. kr. alls á ári, og jafnmikið kemur frá bæjarsjóðum. En væri þetta látið ná til kauptúna, verður það svo: íbúar kauptúna, sem hafa meira en 300 manns, eru eftir manntalinu 1927 12½ þús. Íbúar kauptúna og kaupstaða eru þá yfir 50 þús., svo að ef farið væri eftir till. mínum að þessu leyti einu, yrðu árstillög ríkissjóðs og bæjarsjóða yfir 100 þús. kr. Þetta er önnur hlið málsins. Hin hliðin er sú, að framlagið er óþarflega mikið. Eftir till. á þskj. 429 er gert ráð fyrir, að kjörin sjeu þannig, að lánin afborgist með 5% á 42 árum. Í þessum lágu afborgunarkjörum kemur fram sá stuðningur, sem á að veita til húsbygginga. Jeg get ekki sagt, hvað lánsfje, sem aflað væri til þessa, mundi raunverulega kosta mikið og hvaða afborganir mundi þurfa í 42 ár til að ávaxta það fje. En til þess að áætla ekki of lítið, ætla jeg að gera ráð fyrir 2½% mun á afborgunarkjörum frv. og raunverul. afborgunarkjörum. Þó að jeg geri það, hrökkva þessi tillög ríkissjóðs og bæjarsjóða til að borga vaxtamismun af 4 miljónum, og jeg get ekki búist við, að svo mikilla aðgerða sje þörf. Hjer er ekki gert ráð fyrir styrk nema til þeirra, sem hafa lág laun og lítil efni, svo enda þótt hv. d. gengi að till. mínum, er kostur allmikilla aðgerða, þar sem þá má byggja fyrir 2 milj.

Þá er þriðja atriðið, að í stað þess, að lánin afborgist með 5%, komi 6%. Ef sú till. verður samþ., minkar ívilnun til þeirra, sem byggja, og þörfin til framlags minkar líka, vegna þess að vaxtamunurinn færist þá saman nær um helming, og þá mætti halda

nær sömu framkvæmdum og frv. ætlast til, ef þess reyndist þörf.

Allmargar af till. mínum eru aðeins orðabreyt., t. d. 3. brtt. a og b, 4. brtt. a, b, d og e og 8. brtt. Við 4. gr. er ein brtt., sem er þess efnis, að jeg bæti geymslu við þau 2—3 herbergi og eldhús, sem áætluð eru handa hverri fjölskyldu. Það er hverri íbúð nauðsynlegt að hafa geymslu, en um það er ekkert ákveðið í frv.

Jeg hefi þá gert grein fyrir till. mínum. Og jeg vil endurtaka það, að jeg álít þetta mál mikilsvert, en þurfa gaumgæfilegrar athugunar við, ekki síst þar sem fyrir liggja till. á tveim mismunandi grundvöllum, sem sje í frv. sjálfu og till. hæstv. ráðh. Sje því tvísýnt, hvort rjett sje að afgreiða málið til fulls á þessu þingi.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Mjer datt í hug, þegar jeg heyrði hv. þm. Barð. tala og sá nál. minni hl. n., að hendurnar væru Esaús, en röddin Jakobs, því að jeg þykist sjá, að hv. 1. þm. Skagf. hafi búið málið í hendurnar á honum. En hv. þm. Barð. reyndi að halda fram málstað, sem honum er ekki hjartakær. Aðalröksemd hans var afareinkennileg: Það á að auka fólksstraum til sveitanna, og á þann hátt, að gera fólkinu ólífvænt í bæjunum. Ef því líður betur þar, myndu allir þyrpast þangað. Hv. þm. vitnaði í byggingar- og landnámssjóð. Við jafnaðarmenn greiddum því máli atkv. alveg eins og hv. þm. Barð. Jeg hafði þó ekki mikla von um, að hægt væri að taka fólk úr kaupstöðunum til sveitanna. Hitt hafði jeg von um, að í sveitunum gæti haldist það fólk, sem þar er, og því gæti liðið vel. Enda álít jeg það aðalatriðið, að fólkinu geti liðið vel, en hugsa mjer hvorki þetta frv. eða önnur hliðstæð sem neina dráttarvjel. Þó að jeg hafi trú á, að hægt sje að reka landbúnað hjer, ef vel og rjettilega er á haldið, hefi jeg enga trú á, að menn geti hætt að stunda sjóinn. Og jeg hygg, að hv. þm. Barð. þætti þröngt í Haga, ef á hann flyttust 4—5 verkamannafjölskyldur hjeðan.

Hv. þm. mintist á, að 70—100 þús. kr. væri mikil upphæð, og þegar jeg tók fram í og sagði, að 100 þús. kr. væri ekki rjett, sagði hann, að ekki mætti miða við nútímann, heldur yrði að gera ráð fyrir framtíðarþróun. Jeg sje ekki, að við getum miðað við annað en nútímann. Í frv. er nú gert ráð fyrir hámarksupphæð, en það kann að vera hægt að segja, að þetta sje mikið fje. Það er oft talað um bændaveldi á þingi. Jeg held, að skoðanir yrðu skiftar um, hversu heppilegt það sje, ef bændum svíður þessi upphæð. Jeg ætla að nefna aðeins eina upphæð í fjárl., nefnil. 1 milj. og 100 þús. til vega, sem veitt er aðeins til sveita. Jeg skal ekki neita því, að þetta sje gagnlegt, en það er ekki heldur í því tilfelli verið að spyrja um 60—70—80 þús., þó að vegirnir sjeu ekki notaðir til annars en að flytja afurðir til og frá. En þessar 80 þús. kr., sem frv. mitt fer fram á í mesta lagi, mundu beinlínis vera veittar í því skyni að láta fólkinu líða betur og gera hina nýju kynslóð hraustari og mennilegri. Það er nógu gaman að lesa nál. á þskj. 457. Hv. þm. Seyðf. segir þar: „Að vísu er heilbrigðisnefndum fengið í hendur nokkurt vald í þessu efni í heilbrigðissam-

þyktum kaupstaðanna, en hvergi nærri nógu víðtækt, eins og reynslan sýnir, því óhætt er að fullyrða, að búið sje a. m. k. í Reykjavík í íbúðum, og þá sjerstaklega kjallaraíbúðum, sem ættu ekki að vera mannabústaðir". Það má líka minnast á grg. fyrir frv. um íbúðir í jarðhúsum, sem flutt var af flokksmönnum hv. þm. Barð. í Ed. Þar er talað mikið um raka, birtu- og sólarleysi og ilt loft. Nú eru í Reykjavík um 800 kjallaraíbúðir, eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, og auk þess eru margar háaloftsíbúðir. Um þessar íbúðir segja flokksmenn hv. þm. Barð. í Ed., að þær sjeu ljótur blettur á Reykjavíkurbæ. En hv. þm. Barð. vill ekkert gera til að afmá þann blett.

Það má líka benda á annan lið í fjárl., sem hv. þm. hefir greitt atkv. með, en það er fje það, sem greitt er til berklavarna og heilbrigðisráðstafana. Sá liður nemur 1600 þús. kr. Hversu hlægilega lítil upphæð er þá ekki það, sem frv. mitt fer fram á. Þó getum við með því fje komið í veg fyrir þá sjúkdóma, sem nú er kastað miljónum í til að reyna að lækna. Hvort ber sig betur, að koma í veg fyrir sjúkdómana eða að reyna að lækna þá, er þeir koma?

Þessi sjóður verður ekki hálfdrættingur á við byggingar- og land námssjóð, sem þó er eigi ætlað að ná til fleiri íbúa en eru í kaupstöðum og kauptúnum landsins, og á fyrst og fremst að verja til þess, að fólkið í sveitunum geti fengið holla og sæmilega bústaði.

Jeg mun þá eigi lengur elta ólar við hv. þm. Barð. En jeg vildi víkja mjer lítið eitt að hv. 1. þm. N.-M. Því miður hafa till. hans komið svo seint fram, að nefndin hefir ekki getað athugað þær. Vil jeg því mælast til, að hann taki þær aftur til 3. umr. (**HStef**: Jeg felst á það og tek brtt. aftur til 3. umr.). Jeg þakka fyrir. Annars virðist mjer aðalefnið í brtt. hans vera: lækkun á tillagi ríkissjóðs og bæjarsjóða og hækkun vaxta. Jeg get fylgt því atriði í brtt. hans, að frv. nái einnig til kauptúna, eftir því sem þörf er á. Jeg leyfi mjer að vænta þess, að hv. 1. þm. N.-M., sem hefir sjerstaka aðstöðu til að vita um nýbyggingar í kauptúnum, gefi upplýsingar um þessa þörf. Ef um sömu nauðsyn er að ræða í kauptúnum og kaupstöðum, finst mjer rjett og eðlilegt, að frv. nái einnig til þeirra. En jeg er ekki viss um, að sama fyrirkomulag eigi við í kauptúnunum, þar sem ef til vill yrðu aðeins bygð 1—2 hús á ári. Byggingarfjelögin eru miðuð við, að bygt sje í stærri stíl.

Þá vil jeg víkja að brtt. hv. 1. þm. N.-M. um lækkun tillaga og hækkun vaxta. Hv. þdm. verða fyrst og fremst að hafa það hugfast, að verkamenn verða að geta bygt svo ódýrt, að þeir geti búið í húsunum á eftir, og að þá verður að styrkja, svo að lánskjörin verði þeim ekki ofviða. Því minni sem styrkurinn er, því fyr stöðvast þessar framkvæmdir. Jeg vil ennfremur benda hv. þm. á það, að sá útreikningur hans, að hægt sje samkv. tillögum hans að greiða vaxtamismun af 4 milj. er með öllu rangur. Það er ólíklegt, að takist að fá lán til 42 ára, og má því búast við, að fjelögin verði að sætta sig við styttri lán, og opinberi styrkurinn fer þá ekki aðeins til þess að greiða vaxtamun, heldur líka afborg-

anamun. Því verður þessi styrkur fyr upp jetinn en hann bjóst við.

Aðrar brtt. hv. þm. mun jeg ekki ræða fyr en við 3. umr. Vænti jeg þess, að hv. deild samþ. frv. til 3. umr. Eins og jeg hefi getið um í nál., býst jeg við að koma þá fram með brtt.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með brtt. við 2. umr., en vannst ekki tími til, þar sem jeg var bundinn af nefndarfundum. En nú sje jeg, að hv. 1. þm. N.-M. hefir komið fram með svipaðar brtt. og jeg hafði hugsað mjer, og get jeg því slept að bera fram mínar. Þessar brtt. ganga í þá átt, að lækka tillag ríkissjóðs og að frv. nái einnig yfir kauptún landsins. Það nær engri átt að taka ekki tillit til sanngjarnra krafna úr sjávarþorpum í þessu efni. Og í rauninni tel jeg það ekki stórt atriði fyrir ríkissjóð, þótt bætt sje úr sárustu neyð kaupstaða og kauptúna á þann hátt, sem hjer er til ætlast. En þá verða menn jafnframt að hafa augu opin fyrir því, hvílík lífsnauðsyn sveitunum er, að samgöngur beirra sieu bættar. Hv. 2. þm. Revkv. sagðist hafa trú á landbúnaðinum, ef hann væri rekinn með fjármagni og vjelum. En hann gleymdi samgöngunum, sem þó eru aðalatriðið. Jeg vona, að hv. þm. skilji það, að það er lífsskilyrði fyrir sveitirnar, að kaupstaðirnir og fulltrúar beirra skilji það, hvílík nauðsyn bættar samgöngur eru fyrir íslenskan landbúnað.

**Pjetur Ottesen:** Mjer hefir virst það koma fram hjá formælendum þessa frv., að þeir byggi kröfur sínar um það að veita fje úr ríkissjóði til húsabygginga í kaupstöðum og að ríkissjóður taki ábyrgð á lánum, sem nota á í sama skyni, á því, hve mikið sje búið að gera í þessu efni fyrir sveitirnar. Það er ekki hægt að neita því, að mikið hefir verið gert fyrir sveitirnar síðustu árin, en hingað til hafa þeim þó ekki verið rjettar neinar gjafir, nema ef menn vildu nefna þann atbeina, sem sveitirnar eiga að fá til húsabóta samkv. lögum um byggingar- og landnámssjóð, því nafni. Það er náttúrlega alveg rjett, að vaxtakjör þess sjóðs eru þannig, að það má segja, að þeir, sem lána njóta úr sjóðnum, fái ef til vill einhverjar gjafir. En hess ber þó að gæta, að sá böggull fylgir skammrifi, að umráðarjettur og ráðstöfunar manna yfir þeim eignum, sem settar eru að veði fyrir þessum lánum, er miög skertur, og auk þess fer það miög eftir því, hver hlunnindi hier er um að ræða, hversu hagsýn sá maður reynist, sem ráða á um stærð og gerð beirra bygginga, sem lán er veitt til að koma upp, því eins og kunnugt er, eru ráðin í því efni tekin af þeim, er lánanna eiga að njóta.

Lánskjörin í ræktunarsjóðnum eru aftur á móti þannig, að lántakendur verða að greiða allan kostnað, er af þeim lánum flýtur. Hitt er og alkunnugt, að öll lán, sem hingað til hafa verið veitt til húsabóta í sveitum, hafa greiðst að fullu, en það verður ekki það sama sagt um öll samskonar lán til kaupstaðanna.

Hjer hefir verið seilst svo langt í samanburði um fjárframlög hins opinbera til sveitanna annarsvegar og kaupstaðanna hinsvegar, að taldar

hafa verið upp — að jeg ekki segi eftir — þær upphæðir, sem varið hefir verið til samgangna á landi, og því haldið fram, að það sje eingöngu fyrir sveitirnar gert. Fyr má nú vera fjarstæða! Fje hefir verið veitt til samgangna bæði á sjó og landi. Og þótt um samgöngur á landi sje að ræða, hafa kaupstaðirnir sannarlega notið góðs af þeim og þær fullkomlega stutt að vexti og viðgangi kaupstaðanna engu síður en sveitanna. Jafnvel þótt samgöngubæturnar sjeu aðeins sveita á milli, eru þær gróði fyrir kaupstaðina, að því leyti sem bættar samgöngur greiða fyrir aukinni ræktun, vaxandi framleiðslu og kaupgetu bænda. Alt þetta styrkir verslun og velmegun kaupstaðanna.

Með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er gengið inn á nýja braut, og sama er að segja um brtt. þær, sem hæstv. atvmrh. hefir flutt við frv., að því leyti, að hjer er að ræða um beinan styrk til bygginga og ótakmarkaða ríkisábyrgð á lánum fyrir kaupstaðina í þessu skyni. Hitt er auðsætt, að að ýmsu leyti er allmikill munur á frv. og brtt. T. d. er gengið út frá því í frv., að það sjeu bæjarfjelögin, sem byggi. (HV: Nei). Það stendur í 2. gr., að bæjarfjelögin eigi að koma byggingunum upp. (HV: Og selja þær aftur). Það má vera, en í brtt. hæstv. atvmrh. er gengið út frá, að komið sje á fót samvinnufjelagsskap í þessu augnamiði. Samkv. frv. á hið opinbera að greiða $^1/_{10}$ kostnaðar, en samkv. brtt. hæstv. atvmrh. skulu ríkissjóður og bæjarsjóður hvor um sig leggja í sjóðinn 2 kr. á hvern íbúa. Er ríkissjóði sýnilega allmikið íþyngt með þessu ákvæði, sem gert er ráð fyrir í frv. Líka er munur á ákvæðunum um ábyrgðarheimildina, því að í 3. lið 2. gr. stendur samkv. brtt.: „Lánin ábyrgjast ríkissjóður og bæjarsjóður í jöfnum hlutföllum", en samkv. frv. var ætlast til, að ríkissjóður einn bæri ábyrgðina.

En það er þó sameiginlegt með frv. og brtt., að engin takmörk eru sett fyrir því, hve ábyrgð ríkissjóðs geti orðið há. Ábyrgðirnar takmarkast eingöngu af því, í hve miklar byggingar er ráðist.

Hjer er brotið í bága við þá stefnu, sem fylgt hefir verið frá öndverðu um ábyrgðir hins opinbera, því að jafnan hefir verið tiltekið í hverju einstöku tilfelli, hve upphæðin megi verða há, sem ábyrgð er tekin á. Hæstv. atvmrh. hefir talað um, að ábyrgðin gæti ekki orðið hættuleg, vegna þess hve lánin væru vel trygð. En samkv. till. hæstv. atvmrh. er gert ráð fyrir, að lánað sje út á alt að 85% af byggingarkostnaði. Hjer held jeg, að varla geti talist varlega farið, þegar miðað er við það, hve löggiöfin hefir gengið langt í þessu efni, þegar landbúnaðurinn á í hlut. Byggingar- og landnámssjóðurinn og ræktunarsjóðurinn lána eigi út á nema $^3/_5$ af virðingarverði, og aðrir sjóðir, eins og t. d. söfnunarsjóður, fara þó enn varlegar, því að þeir lána eigi nema út á helming, og það miðað við fasteignamat. Held jeg því, að það sje langt frá því, að ábyrgðin geti talist með öllu áhættulaus.

Í brtt. hæstv. atvmrh. er fylgt ákvæðum frv. um vexti og lánstíma, 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

Í þessari brtt. er gert ráð fyrir, að verið sje að bæta úr þörf þeirra, sem verst eru settir og brýnasta þörf hafa á því að koma sjer upp húsnæði, en í 5. brtt. er talað um, að húsin eigi að vera með venjulegum nútímaþægindum, með lóðarbletti umhverfis. Jeg veit nú raunar ekki fyllilega, hvað þeir, sem að þessu máli standa, kalla venjuleg nútímaþægindi. Hitt er alkunna, að það orð er venjulega notað um dýrar byggingar, að þær sjeu með öllum nútímaþægindum, og er mjer sagt, að ekki sje heiglum hent að standa straum af húsaleigu í slíkum byggingum. Jeg er því mjög hræddur um það, ef fylgja á þessum ákvæðum bókstaflega, að það verði með öllu ofvaxið þeim mönnum, sem hjer standa verst að vígi og fátækastir eru, með öllu ofvaxið að leggja fram þó ekki sje nema 15% af byggingarkostnaði húsa, er slíkar kröfur eru gerðar til.

Engum dettur í hug að neita því, að æskilegt væri, að hagur landsmanna stæði þannig, að þeir gætu notið góðra húsakynna, og ennfremur að sem flestir ættu kost á því að hafa hina grænu og lifandi náttúru umhverfis sig, en það verður að gæta þess að spenna ekki bogann svo hátt í þessu efni, að einmitt þeir, sem hafa þess mesta þörf, að greitt sje fyrir í þessu efni, sjeu ekki útilokaðir frá þessum atbeina, með því að gera byggingarnar svo kostnaðarsamar, að þeir fái ekki rönd við reist.

Það er talað um það í brtt. hæstv. atvmrh., 5. gr. 5. lið, „að byggingarnar sjeu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eigi að leigja". (**Forsrh.**: Eiga eða leigja, — þetta er prentvilla í gr.). Nú, svoleiðis. Er það þá meiningin, að þar sem ríkissjóður á lóðir í kaupstöðum, þá eigi hann að leigja þær í þessu skyni? Það verður þá líka gert hjer í Reykjavík. (**Forsrh.**: Ríkið eða kaupstaðirnir eiga að gera það, og Reykjavík gerir það nú). Jeg vil þá spyrja, hvort ríkinu eða Reykjavíkurbæ sje skylt að láta lóðirnar af hendi. (**Forsrh.**: Nei). Hjer stendur í 5. gr. skilyrði um, að byggingarnar sjeu reistar á þessum lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga. Mjer finst, að það þyrfti að taka þetta til rækilegri athugunar, og jeg hefi þess vegna vakið athygli á því. En af því að nokkur vafi er á þessu, þá ætla jeg ekki að fara lengra út í það að sinni.

Jeg hefi nú bent á nokkur atriði í þessum brtt. hæstv. atvmrh., sem mjer þykja athugaverð. Jeg geri það ekki af því, að jeg búist við að treysta mjer til að greiða atkv. með þeim og fylgja því, að kaupstaðirnir verði teknir út úr og veitt þessi fríðindi. Það er langt frá því. Eigi á annað borð að ganga inn á þessa braut, þá er vitanlega óforsvaranlegt annað en að láta hið sama ganga yfir kauptúnin, eins og brtt. hv. 1. þm. N.-M. gera ráð fyrir.

Því var haldið fram af hv. 2. þm. Reykv., að íbúar kaupstaðanna hefðu verri aðstöðu hvað íbúðir snertir heldur en þeir, sem í kauptúnunum búa. Jeg verð nú að segja, að ef þetta er bygt á samskonar grundvelli eins og hitt, sem hann hjelt fram, að íbúðirnar væru yfirleitt verri í kaupstöðunum en í sveitunum, þá byggi jeg ekki mikið á þeirri speki hans. En það má nú ef til vill vorkenna hv. þm., sem alinn er

upp í kaupstað, þó að hann þekki ekki mikið til slíkra ástæðna í sveitunum. (**HV**: Jeg þekki eins mikið til í sveitum landsins eins og hv. þm. Borgf. utan Akraness). Það ætti að mega gera þá kröfu til hv. þm., að hann hefði meira vald á skapsmunum sínum en svo, að hann kastaði fram þessum fullyrðingum, sem enginn fótur er fyrir, og um efni, sem hann veit ekkert um.

Jeg hefi lýst því yfir, að jeg get ekki fylgt þessu frv. og að jeg get heldur ekki greitt atkv. með brtt. hæstv. atvmrh. En ef ganga skal inn á þessa braut á annað borð, þá verður, eins og jeg hefi áður tekið fram, að gera það á þeim grundvelli, sem hv. 1. þm. N.-M. leggur til.

En það dylst mjer ekki, að þeim till. er að formi og frágangi, eins og þær eru nú, mjög ábótavant og þurfa því mjög rækilegrar athugunar við, ef þær yrðu lagðar til grundvallar fyrir afgreiðslu málsins.

Það er því nauðsynlegt, að þær komi nú til atkv., því þá fæst strax úr því skorið, hvað leggja skuli til grundvallar fyrir afgreiðslu þessa máls, ef þá nokkuð af því nær samþykki deildarinnar. Og verði það ofan á að samþ. eitthvað í þessu efni, þá er hægt að nota tímann, sem líður milli 2. og 3. umr., til frekari athugunar á málinu eins og nú yrði frá því gengið.

**Magnús Guðmundsson**: Því hefir verið haldið fram hjer í umr., að áður hafi verið bornar fram á Alþingi till. í sömu átt og þetta frv. fer, sem hjer liggur fyrir, og að hjer sje ekki um nýtt mál að ræða. En jeg verð að taka undir það með hv. 1. þm. N.-M., að þeim till. hafi verið gefinn svo lítill gaumur á þinginu í fyrra, að þetta frv. er sama sem nýtt mál nú. Og þá álít jeg, að ekki sje ástæða til að keyra það í gegn á þessu þingi, en tel eðlilegra að athuga það til næsta þings. Þetta er þýðingarmikið mál og stórt mál, — það verður að viðurkenna — hin fjárhagslega hlið þess stórfelt atriði og athugavert. Það er beinlínis Grettistak fyrir þjóðina, ef hún ætlar að taka að sjer að byggja upp í kaupstöðunum á þann hátt, sem ætlast er til með þessu frv. Enda er jeg viss um það, að þegar ekki verður hægt að fara lengra en þessi lög heimila, þá verður fitjað upp á nýju og heimtað meira af því opinbera til framhalds í sömu átt. Mjer er það ljóst, að þegar búið verður að byggja í kaupstöðunum fyrir svo mikið fje, að sá skattur, sem lagður er á íbúa kaupstaðanna með þessu frv., gerir ekki betur en að greiða vaxtamismun af því fje, sem lagt var í byggingarnar, þá er ekki nema tvent fyrir höndum: að hætta að byggja, eða hækka framlögin frá ríkissjóði og bæjarfjelögunum til þeirra. Ef það á að halda inn á þessa braut, þá verður að gera sjer það ljóst þegar í byrjun, að hjer verður um stórfje að ræða þegar tímar líða.

Undanfarin ár hafa sveitir þessa lands verið að tæmast að fólki; kaupstaðirnir hafa heillað til sín unga fólkið og á þann hátt sogið blóð og merg úr sveitunum. En eldra fólkið hefir setið eftir í sveitunum við að stjórna búunum, og örfátt af rosknu fólki, sem áður var í vinnumensku.

Einmitt af þessum ástæðum hefir það verið stefna Alþingis á undanförnum árum að bæta sveitunum upp þennan blóðmissi. Mjer finst sú stefna mjög eðlileg. Eða hvaða skyldu hefir Alþingi æðri en þessa? Og hvernig færi fyrir sveitunum, ef þær fengju ekki stuðning í þessari baráttu? Það hefir sýnt sig, að kaupstaðirnir hafa yfirhöndina og soga til sín fólkið. (MJ: Er það ekki af því, að fólkinu þykir betra að búa í kaupstöðunum?). Jeg kem seinna að því. Þingið hefir reynt að bæta sveitunum þetta tap á ýmsan hátt; og jeg vil segja, að þingið hefði vanrækt skyldu sína, ef það hefði látið það ógert. Því að hvert er hlutverk þings og stj. í þessu efni, annað en að styðja þá, sem lakar eru staddir? Auðvitað hefir þingið ekki gert þetta af neinum fjandskap við kaupstaðina, heldur gætt hófs til beggja hliða. Enda álít jeg, að það sje jafnaríðandi fyrir kaupstaðina, að sveitunum vegni vel.

En ef það á nú að gera hið sama fyrir kaupstaðina og búið er að fyrirhuga sveitunum, þá koma sömu ólíku átökin og áður milli þessara aðilja. Jeg álít, að það sje ekki enn fengin reynsla í sveitunum, hver áhrif stuðningur undanfarinna þinga hefir. Jeg geri mjer talsverða von um góðan árangur, ef ekki verður stigið spor aftur á bak, þá muni straumurinn brevtast sveitunum í hag. En ef það á nú að fara að skakka leikinn aftur og styrkja sterkari aðilann, þá kemur sami misjafni leikurinn upp aftur, og niðurstaðan verður sú, að ekkert hefir áunnist sveitunum í hag.

Hv. 1. þm. Reykv. skaut því fram áðan, hvort fólkið streymdi ekki til kaupstaðanna af þeirri ástæðu, að því fyndist sjer líða þar betur. Jú, auðvitað er það af því. Þegar verið er að tala um, að það sjeu verri húsakynni hjer í Reykjavík en í sveitunum, þá er það bygt á hinni mestu vanþekkingu, því í sveitunum eru víða til miklu verri íbúðir. Og þar fer fólkið á mis við ýms þægindi, sem hjer fylgja svo að segja hverri íbúð. Það má enginn halda, að fólkið sje svo heimskt, að það vilji sækja þangað, sem því líður ver. Það fer til kaupstaðanna auðvitað af því að kjörin eru þar betri.

Það verður að athuga alvarlega, hvað á að gera í þessu máli; og því má ekki gleyma, að ef sveitunum verður komið á knje, þá eru kaupstaðirnir stórlega lamaðir innan skamms tíma. Það má vera, að það þyki fremur lítilfjörleg upphæð, 70 til 100 þús. kr. föst, árleg útgjöld úr ríkissjóði til bygginga í kaupstöðum: en jeg er svo þröngsýnn, að jeg álít, að þó að unt sje að veita slíka fjárhæð í því góðæri, sem nú er, þá getur það komið fyrir, að erfitt verði fyrir ríkissjóð að inna af hendi lögákveðnar greiðslur, og einhversstaðar verður að stöðva hinar föstu útgjaldakvaðir í fjárl.

Jeg verð að segja það, að mjer þótti vænt um að sjá brtt. hv. 1. þm. N.-M. við þetta frv.; þó ekki væri fyrir annað en það, að hann hefir komið auga á það ranglæti, sem fram kemur gagnvart kauptúnum, ef þessi riettindi verða aðeins veitt kaupstöðunum. Því það er ekki gott að sjá, hvaða rjettlæti er í því að veita aðeins íbúum kaupstaðanna

styrk til bygginga, en ekki þeim, sem í kauptúnunum búa. Jeg mun alveg óhikað greiða atkv. með till. hv. 1. þm. N.-M.; þær miða áreiðanlega til bóta a hv., og jeg vil taka undir það með hv. þm. Borgf., að æskilegt væri, að þessar till. kæmu til atkv. við þessa umr., en yrðu ekki geymdar til 3. umr.

Auk hins fasta árlega framlags úr ríkissjóði til bygginga í kaupstöðum á að greiða úr ríkissjóði laun allra sjóðstjórna byggingarsjóða kaupstaðanna, og verða það líka föst, árleg útgjöld. Mjer þykir undarlegt, að sjóðirnir sjálfir skuli ekki vera látnir greiða þessi laun sjóðstjórnanna. Og ekki bætir það úr skák, að launin skuli ekki vera ákveðin í lögunum, heldur á atvmrh. að ákveða þau.

Þá vil jeg spyrja um það, hvort tilgangur frv. sje ekki sá, að ríkið og kaupstaðirnir eigi að taka venjulega leigu af þessum lóðum. Jeg hefi skilið það þannig, að svo ætti að vera. (**Forsrh.**: Það stendur í frv.). Nei, það stendur þar ekki. Og hvernig á að fara að, þegar svo stendur á, að hvorki ríkið eða kaupstaðirnir eiga lóðir til þess að leggja til undir þessar byggingar?

Ef þessi lög verða líka látin ná til kauptúnanna, þá þarf að hugsa betur fyrir þessu atriði.

En þar sem svo er ástatt eins og hjer í Reykjavík, að bæði ríkissjóður og bæjarfjel. eiga lóðir í bænum, og annar aðilinn vill ekki leigja lóðir til þessara bygginga nema hinn geri það líka, — hver á þá að skera úr um það? Og hvor aðilinn er skyldari til að verða við þessari kvöð, að láta lóðirnar af hendi?

Mjer finst eðlilegast, að kaupstöðunum sje gert að skyldu að láta lóðirnar af hendi undir húsin. (**Forsrh.**: Þess þarf ekki í Vestmannaeyjum eða á Siglufirði, þar sem ríkið á allar lóðirnar). Nei, en í hinum kaupstöðunum?

Þá skilst mjer samkv. brtt. hæstv. forsrh., að það sje meiningin að láta 10. gr. standa í lögunum, þar sem bæjarfjel. er heimilað að láta reisa bústaði fyrir verkamenn. (**Forsrh.**: Nei, nei, hún er aðeins af vangá á þskj. 429). Þá ætti hv. flm. frv. að taka hana aftur.

Hv. þm. Borgf. svaraði því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um samgöngubætur á landi — brýr og vegi —, að þær væru aðeins gerðar fyrir sveitirnar, sem auðvitað er hin mesta fjarstæða, og þarf jeg ekki að svara því frekar.

Út af 3. brtt. hæstv. forsrh. vil jeg spyrja, hvaðan þessi 15% eigi að koma. Mjer skilst, að það eigi að vera frá fjelagsmönnum byggingarfjelaganna. (**HV**: Já). Það hefir ekkert verið skýrt, og þess vegna spurði jeg um það.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um, að við, sem værum á móti þessu frv., vildum drepa fólkið í kaupstöðunum. (**HV**: Hálfdrepa). Það er gott, að hann vill nú helminga þessa fjarstæðu. Hjer er ekki aðeins um það að ræða, hvað við viljum, heldur hvort við getum tekið að okkur svo mikið hlutverk, að byggja húsin í kaupstöðum og kauptúnum hjer á landi, auk þess, sem við verðum að

gera fyrir sveitirnar til þess að þær geti staðist samkepnina við kaupstaðina, og til þess óbeinlínis að bjarga líka kaupstöðunum. Og því má hv. 2. þm. Reykv. ekki gleyma, að ef sveitirnar tæmast af fólki, þá geta kaupstaðirnir ekki lifað.

Um það hefir verið rætt töluvert, hve hægt væri að byggja fyrir mikið hjer í Reykjavík samkv. frv., en mjer hefir virst svo, að ágreiningur væri um það. Nú er það auðsjeð, að ekki er hægt að byggja fyrir meira fje en svo, að framlag ríkissjóðs og bæjarsjóðs nægi til að greiða vaxtamismun lána þeirra, sem tekin verða, og þess, sem leigjendur greiða fyrir íbúðirnar. Hve mikill þessi munur verður, fer eftir lánskjörunum, sem enginn veit um. En ef gengið er út frá svipuðum lánskjörum og nú eru fáanleg, býst jeg við, að hægt verði að byggja fyrir 3—4 milj. kr. Jeg er sannfærður um það, að eftir nokkur ár verður búið að byggja svo mikið hjer í Reykjavík, að annaðhvort verði þá að leggja árar í bát eða heimta meiri styrk úr ríkissjóði. — Þetta atriði vildi jeg biðja hv. þdm. að athuga vel, því að ef hætt væri frekari framkvæmdum í þessu efni, þegar svo og svo margir eru búnir að njóta góðs af þeim, mundi það skapa hróplegt ranglæti gagnvart þeim, sem enn hefðu ekki borið neitt frá borði.

Jeg ætla ekki að fara neitt út í byggingar- og landnámssjóðinn, enda hefir hv. þm. Borgf. tekið af mjer ómakið í því efni. Sá sjóður er ekki tekinn til starfa enn, en lánbeiðnirnar hrúgast upp með hverjum deginum, sem líður, án þess að nokkuð sje afgr. Það virðist þó svo, sem ekki ætti að vera fyrirstaða á að fá lán, þegar um ríkisábyrgð er að ræða. (**HV**: En stendur ekki einmitt á láninu?). Jeg veit það ekki. En svo mikið er víst, að sjóðurinn er ekki tekinn til starfa enn. (**Forsrh.**: Það stendur ekki á peningunum). Á hverju stendur þá? Ekki stendur á lánbeiðnunum. Jeg heyri að vísu sagt, að það standi á einhverjum teikningum, en jeg fæ með engu móti skilið, að svo geti verið. Það virðist ekki svo mikið verk að gera teikningu að fyrirkomulagi sveitabæja, að á því ætti að geta staðið mánuðum saman.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 37, n. 475 og 480, 429. 509, 519).

**Ólafur Thors**: Það hefir mikið verið talað um þetta frv. í þessari hv. d., og mjer hefir heyrst, að menn sjeu sammála um, að hjer sje stórmál á ferðinni. En jeg lít talsvert öðrum augum á það.

Að menn tala um þetta frv. sem stórmál, kemur líklega til af því, að flestir játa, að margar íbúðir hjer í bæ eru með öllu óboðlegar. En hjer er ólíku blandað saman. Það er tvímælalaust, að margar íbúðir eru ónothæfar, en hitt er jafntvímælalaust, að þetta frumvarpskríli hv. 2. þm. Reykv. ræður enga bót á því meini. Þvert á móti er líklegt, og jafnvel víst, að afleiðingarnar verða gagnstæðar því, sem til er ætlast.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að bæj-

arfjelög leggi fram 2 kr. á hvern íbúa árlega. Ríkissjóður greiðir eitt skifti fyrir öll 10% af byggingarkostnaði. Væntanlegir kaupendur húsanna fá þessi 10% gefins, eiga að greiða í peningum 15% af andvirði hússins og gjalda eftirstöðvar með 5% af lánsupphæðinni á 42 árum.

Ef miðað er við Reykjavík og núverandi íbúafjölda, mundu árlegar tekjur sjóðsins verða 50 þús. kr. Þær tekjur verða að hrökkva til að greiða vaxta- og afborganamismun á þeim 75% á byggingarkostnaði, sem hvíla á húsunum. Líklegt verður að telja, að ókleift reynist að útvega sjóðnum lán til lengri tíma en 20—25 ára. Af því leiðir, að þennan tíma fara um ½ tekjur sjóðsins til greiðslu á afborganamismun kaupenda og sjóðanna. Hjer í Reykjavík yrðu þá eftir 25 þús. kr. til að greiða árlegan vaxtamun. Vaxtamunurinn verður sennilega minst 2½%, sem svarar að 25 þús. kr. nægja til greiðslu a vaxtamun á 1 milj. kr. En af þessu leiðir, að hámark andvirðis húsbygginga fyrir tilstilli þessa sjóðs yrðu á næstu 20 árum hjer í Reykjavík aðeins 1,3 milj. kr., og er þá talið framlag ríkissjóðs og kaupanda, en ekki tekið tillit til væntanlegrar fólksfjölgunar í bænum.

Samkv. till. hæstv. atvmrh. yrði þessi upphæð alt að helmingi hærri, en hlutur ríkissjóðs fimm sinnum hærri en eftir frv. hv. 2. þm. Reykv., og skal jeg aðeins víkja að því síðar. Má sjálfsagt um báða segja, að hvorugur hefir gert sjer grein fyrir tölulegri niðurstöðu af þessum till.

Þó að það sje nú ótvírætt, að hjer í bæ sjeu slæmar íbúðir, þá mun það rjett athugað hjá hv. 1. þm. Skagf. o. fl., að þær eru þó að skömminni til skárri en mörg þau mannahíbýli, sem notast verður við víða til sveita. (**HV:** Hefir þm. komið í ljelegar íbúðir?). Já, jeg hefi komið í ýmsar og ætla jeg hafi eins mikil kynni af þeim og hv. 2. þm. Reykv. En þó að jeg játi, að hjer í bæ sje búið í þeim íbúðum, sem ekki eru mannabústaðir, og viðurkenni, að sjálfsagt sje að greiða úr því máli, þá er hitt víst, ao frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, er dvergvaxið og vitagagnslaust í þessu efni. 1⅓ milj. kr. alls á 20—25 árum gerir hvorki til nje frá um húsnæðisvandræðin hjer í bæ, eins og best sjest af því, að á síðari árum er hjer bygt fyrir um 4—5 milj. kr. **árlega.** Að vísu fá væntanlegir kaupendur húsanna gefins ⅓ byggingarkostnaðar, en það eru aðeins fáir menn, og ekki þeir fátækustu. Þeir eru útilokaðir frá þessum vildarkjörum með því fyrirmæli frv., að kaupandi greiði í peningum 15% af byggingarkostnaði. Hinsvegar er hætta á því, að slík afskifti hins opinbera dragi úr framtaki einstaklingsins til bygginga, og verður þá niðurstaðan af slíkri löggjöf almenningi til skaða. Ef miðað er við byggingar síðari ára, er gagnsemi slíkrar löggjafar að engu orðin, ef framtak einstaklinga minkar um 1 hundraðasta hluta. Af þessu sjest, að það er a. m. k. líklegt, að óhætt sje að fullyrða, að afleiðingar þessa frv. sjeu þær, að nokkrir einstaklingar — þó ekki þeir fátækustu — fá gefins ⅓ hluta byggingarkostnaðar húsanna, en aðrir bæjarbúar gjalda þess með því að verða að greiða hærri húsaleigu.

Frumvarpskríli hv. 2. þm. Reykv. er því ekki aðeins gagnslaust, heldur beint skaðlegt, og aðeins lítið til að synast.

Jeg hefi nú að vísu ekki kynt mjer til hlítar þær till., sem næstv. forsrh. ber fram í málinu, en fljótt á litið sýnist mjer, að samkv. þeim verði hluti ríkissjóðs mikið þyngdur, án þess þó að það komi að verulegu liði. Eftir till. hæstv. forsrh. á hluti ríkissjóðs að vera 50 þús. kr. á ári hverju, eða sem svarar um 700000 kr. í eitt skifti fyrir öll, og er það fimm sinnum hærri upphæð en hv. 2. þm. Reykv. fer fram á, því samkv. frv. hans er tillag ríkissjóðs aðeins 10% af þeirri 1,3 milj. kr., er ætla má að verði hámark byggingarkostnaðar á næstu 20 árum, eða 130 þús. kr. Jeg býst ekki við, að hæstv. ráðh. hafi sjeð, að hann batt ríkissjóði með þessu fimmfalt þyngri bagga en flm. ætlaðist til en sveitamannshjarta hans fjekk kaupstaðarsting, er hann sá þessi mörgu fátæku börn ganga framhjá, eins og hann lýsti í svo skáldlegri ræðu. Vafalaust vakir gott eitt fyrir ráðh., en árangur góðviljans er þó aðeins sá, að ríkissjóður tekur á sig þungar kvaðir, sem þó ekki verða þeim að liði, sem mesta þörfina hafa. Eina ráðið, sem dugir, er að útvega góð lán handa þeim, sem vilja byggja, því að þá myndi verða meira um byggingar, en húsaleiga lækka að sama skapi. Mjer virðist skynsamlegast að vísa málinu til stj. og sjá svo til, hvort hún getur ekki bætt eitthvað úr þessum vandræðum án þess að lagt sje inn á nýja braut um afnot ríkissjóðs.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Það er ofit skemtilegt að hlusta á ræðsemdafærslu hv. 2. þm. G.-K. fyrir andstæðinga hans. Sjerstaklega er það gaman fyrir þá áheyrendur, sem voru hjer í gærkvöldi, þegar verið var að ræða um einstyrkinn. Þá talaði hann um, að slíkt frv. væri spor í áttina, þótt lítið væri, en svo notar hann þau rök gagnvart verkamannabústöðunum, að hjer sje verið að stíga of smátt spor. Þetta virðist háifeinkennilegur hugsanagangur, og hann er þó alveg í fullu samræmi við hegðun hv. þm. Það frv., sem jeg flutti, er að mestu sniðið eftir samskonar löggjöf í nágrannalöndunum og gengur í þá átt, að ríkið og bæirnir leggi fram fje til þess að styrkja fátæka verkamenn til að koma upp bústöðum handa sjer. Sá annmarki er á frv. þessu, að ef til vill mætti búast við, að byggingar stöðvuðust of fljótt, en þó er ómögulegt að segja, að þetta sje smávægilegt spor, enda ávalt hægt við að bæta, ef byggingar stöðvast af fjeleysi, en kjör sjóðsins eru hagkvæm fyrir verkamenn. Hv. þm. gat þess, að bygt hefði verið fyrir 5 milj. kr. hjer í Rvík síðastl. ár, en fæst þeirra húsa eru smáhýsi, eins og menn geta sjeð t. d. ef þeir ganga inn eftir Laugaveginum, því að þar eru 3 hús, sem áreiðanlega hafa farið yfir 1 milj. kr. Þá eru tvö stórhýsi í Austurstræti, sem munu hafa kostað hálfa milj., og svo er víðar. Jeg hefi verið því hlyntur, að ríkið hlaupi undir bagga við þessar byggingar, en það er alger misskilningur, að það eigi að styrkja efnaða menn, heldur er tilætlunin einungis

sú, að koma á einskonar veðdeild, sem styrki hina fátækustu að hjálpa sjer sjálfir og eignast íbúðir sínar. Með hverju ári verður hægra fyrir millistjettina, sem getur borgað 150—200 kr. mánaðarleigu, að fá sjer íbúðir, en íbúðir handa öreigunum, sem ekki geta borgað meira en 50—60 kr. á mánuði, fjölgar ekki. Það er líka svo hjer í Reykjavík, eftir húsnæðisskýrslunum að dæma, að fjöldi fjölskyldna býr í þvílíkum íbúðum, að þær eru ekki einu sinni nothæfar fyrir harðgerða karlmenn á besta skeiði, hvað þá heldur fyrir konur og börn. Hvað sem hv. þm. vill segja um kjör verkamanna, þá hygg jeg, að það byggist ekki á nánum kynnum, sem hann hefir af þeim, enda mun hann ekki þekkja frekar til þeirra en það, að hann mætir þeim á götu og kann að hafa lánað einhverjum fáum útvöldum peninga í bíli. Hv. þm. Borgf. talaði mjög skynsamlega um málið, og vil jeg þakka honum það. Það var aðeins í fáum atriðum, sem jeg var honum ekki samdóma. Hann sagði, að byggingar- og landnámssjóður væri ekki sambærilegur við þetta, því að þar væru lagðar hömlur á umráðarjett manna. Þessi styrkur á ekki að verða mönnum til hagnaðar, þannig að þeir geti okrað á húsum sínum, heldur megi þeir ekki selja þau nema fyrir sama verð og þeir fengu þau, að viðbættum umbótum og frádreginni fyrningu, þ. e. a. s. sannvirði, rjettara verð en það, sem til er tekið í byggingar- og landnámssjóði, sem er þar fasteignamatsverð. Þannig verður það að vera, úr því að þeir fá styrk af opinberu fje. Þá sagði hv. þm., að byggingar- og landnámssjóður væri ekki tekinn til starfa, og það er að vísu rjett, en hann mun fá það fje, sem við þarf, árið 1930. Þegar hv. 2. þm. G.-K. talaði um það, að þetta væri ekki fyrir nema sæmilega efnað fólk, þá sýndi það sig, að hann hefir ekki lesið frv. því að þá hefði hann sjeð, að hinum fátækustu er ætlaður styrkurinn.

Tekjur, er nema 4000—5000 kr. á ári, eru ekki háar í kaupstöðum, þar sem menn þurfa að kaupa alt í sig og á, húsnæði o. s. frv. Eignir, er nema 1500 kr., er heldur ekki mikið, og þó þarf maðurinn ekki að eiga þá upphæð, heldur leggja fram sem því nemur af öðru fje en því, er sjóðurinn nær yfir.

Jeg mun ekki fara að karpa um það, hvort íbúðir sjeu betri til sveita eða í kaupstöðum. Þær eru sumstaðar mjög góðar til sveita, en víða mjög illar. Þeir, sem til þekkja, vita, að verkamannaíbúðir í kaupstöðum eru alveg óviðunandi, og það er nægilegt að vita það. Þótt hv. þm. Borgf. hafi kannske komið inn á marga bæi í Borgarfirðinum og Mýrunum í pólitískum leiðangri, hygg jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að jeg hafi víðar komið en hann, og hefi jeg því fengið allgóða hugmynd um, hvernig aðbúð fólks er yfirleitt í sveitum, og engin ástæða fyrir hann að reisa sig svo mjög út af því efni, eins og sveitamaður, er oftast situr heima að búi sínu, hljóti að vita betur til um húsakynni í ýmsum sveitum landsins heldur en bæjarmaður, er víða ferðast.

Jeg hygg, að það hafi verið hv. 1. þm. Skagf., sem mintist á það, hvernig

stj. sjóðsins ætti að launa. Það á að ákveðast af atvmrh., og hygg jeg, að kostnaðurinn við það verði aldrei tilfinnanlegur. (MG: Hvað gerir hv. þm., að mikið fje renni til hvers?). Jeg geri ráð fyrir, að 500 kr. verði greiddar hverjum stjórnanda, en eins og gefur að skilja, get jeg ekki sagt neitt ákveðið um það, því að það hlýtur að fara eftir erfiðinu. Svo vil jeg að endingu benda á það, að þetta er töluvert ólíkt og um byggingar- og landnámssjóð, því að þar eiga sveitirnar og bæirnir ekki að leggja fram neitt af mörkum. Ef sveitirnar vildu fá samskonar kjör til húsbygginga sinna, þá yrðu þær að taka fullan þátt í kostnaði, en tillagið yrði þó minna úr ríkissjóði. Jeg mun ekki víkja að brtt. hv. 1. þm. N.-M. í þetta sinn, en mun geyma það til 3. umr.

**Ólafur Thors:** Jeg kvaddi mjer hljóðs er jeg heyrði þjóstinn í hv. 2. þm. Reykv., sem þó hjaðnaði er á leið. Jeg hafði hugsað mjer að láta illmæli hans ekki verða ellidauð, og mun jeg því svara honum nokkru. Hv. þm. hneykslaðist á því, að jeg stuðlaði að því, að samþ. var hjer í d. frv. til að bæta úr kjörum fátækra gamalmenna. Jeg sýndi fram á, að það væri ekki endanleg lausn, en að það væri þó spor í áttina. Jeg spurði að því, hvað tapað væri með því að samþ. það frv. Hann hefir ekki svarað því ennþá, en það er vani jafnaðarmanna að vera andstæðir öllu því, sem er til bóta fyrir alþýðu, ef þeir koma ekki fram með það sjálfir, og svo var því einnig farið í gær. Munurinn á ellistyrktarfrv. og þessu frv., er hjer liggur fyrir, er sá, að ellistyrkinn fá aðeins gamlir menn og fátækir, en aðrir ekki, en samkv. þessu frv. verða hinir fátækustu útundan, en hinir efnaðri fá þar góðan bita. Það fór eins og vant er, að þegar jafnaðarmönnum er bent á, að till. þeirra sjeu götóttar, þá segjast þeir altaf hafa tekið það eftir útlendum fyrirmyndum. En það er harla einkennilegt, að þetta skuli ekki hafa runnið upp fyrir hv. þm. fyr en við bentum honum á, hversu einskisnýtt frv. hans er. Hv. þm. fullyrti, að meiri hl. þeirra 5 milj., sem bygt var hjer fyrir síðasta ár, hefði farið í stórhýsi, en hver einasti maður, sem gengur um bæinn, sjer, að alstaðar er verið að byggja stór hús og smá. En gerum nú ráð fyrir, að um eintóm stórhýsi sje að ræða. Þá losna þó altaf íbúðir þeirra manna, sem flytja í þau, og einhverjir njóta góðs af því.

Það er sama, hvort það eru ríkir eða fátækir, sem byggja, aðeins að það sje gert, því þá njóta allir góðs af. Hv. 2. þm. Reykv. þóttist geta vísað til erlendra fyrirmynda um þetta og sagði, að einstaklingsframtakið hefði reynst vanmáttugt þar til að leysa þetta vandamál. En jeg get frætt hv. þm. um það, sem hann virðist ekki hafa vitað áður, að á síðari árum hafa Englendingar haft mikil opinber afskifti af húsbyggingarmálum, en árangurinn af þeim afskiftum hefir orðið alveg öfugur við það, sem til var stofnað. Það hefir sem sje orðið til þess að draga stórkostlega úr byggingum. Jeg er þess fullviss, að eins mundi fara hjer, þótt stofnað yrði til gjafa handa einstaklingum. Húsaleiga mundi ekki lækka, vegna þess að byggingum mundi fækka.

Hv. þm. segir, að húsnæði sje vont

hjer í bæ. Þetta er alveg rjett, en jeg held hið sama verði áfram, þótt frv. þetta verði gert að lögum. En annars má hv. þm. ómögulega rugla saman þörfinni á bættum húsakynnum og hinu, að þetta frv. bæti úr þeirri þörf. Jeg játa, að hjer sje þörf mikilla umbóta, en jeg tel þó, að hv. 2. þm. Reykv. hafi tekið of djúpt í árinni, er hann sagði, að húsnæði fátækara fólksins hjer væri almennt heilsuspillandi. Manndauði er minni hjer í Rvík en úti um land. Og hjer á landi er hann ekki meiri, heldur frekar minni en hjá þeim nágrannaþjóðum okkar, þar sem hann er minstur. En samt má slá því föstu, að hjer þurfi að bæta úr, og það þarf engra sannana við. Það er tvímælalaust, að dimmar kjallaraholur eru óhæfar til íbúðar. En þó þessu sje slegið föstu, þá er hreint ekki þar með sagt, að þetta frv. sje til nokkurra bóta. Niðurstaðan verður sú, að nokkrir menn, þó ekki þeir fátækustu, þiggja gjafir. En aðrir gjalda þess aftur á þann hátt, að þeir verða að greiða hærri húsaleigu.

Jeg vil benda á það, að ef framtak einstaklingsins minkar vegna þessara aðgerða um ⅕ hluta í aðeins eitt ár, þá þarf 20 ára starfsemi þessa sjóðs til að bæta það upp. Þetta sýnir best, hvert kríli þetta frv. er, þótt það hinsvegar leggi talsverðan bagga á herðar ríkissjóðsins, sjerstaklega eftir till. hæstv. atvmrh.

Jeg skal ekki fara að deila um það, hvor okkar hv. 2. þm. Reykv. veit meira um íbúðir fátæklinga hjer í bæ. En það er undarlegt, að ef jeg þykist vita eitthvað um íbúðir Reykvíkinga og ef hv. þm. Borgf. telur sig kunnugan íbúðum manna í sveitum, þá ávítar hv. 2. þm. Reykv. okkur og segir að hvorugur okkar viti neitt um þetta. Það er hann einn, þessi miskunnsami Samverji, sem skoðað hefir í hverja músarholu í þessum bæ og um land alt og hefir nú skyndilega, knúður af sínu hjarta, fundið hvöt hjá sjer til að bæta úr vandræðum fátæklinganna. En þessi maður er í mínum augum ekkert annað en hræsnari. Hann getur máske með einhverjum rjetti sagt, að hann þekki nokkuð til í Reykjavík. En að hann þekki betur til í sveitum en hv. þm. Borgf., það er brosleg vitleysa. Það má vera, að þm. hafi ferðast eitthvað um sveitir landsins sem drengur. En jeg hygg, að í síðari ferðalögum sínum hafi hann frekar átt erindi við þá, sem hann nefnir stundum burgeisa. Hann hefir þá verið að semja við þá um sölu á olíu og tóbaki. Við fátæklinga hugsa jeg, að hann hafi minni erindi átt.

Jeg get að vísu skilið það, að hv. þm. renni í skap, þegar honum er sýnt það með rökum talnanna, hvílíkt kríli þetta frv. hans er og að afleiðingar þess verða alveg gagnstæðar því, sem hann ætlaðist til. Það er því von, að honum sárni. En hann má þó ómögulega láta reiði sína bitna á okkur, sem í allri vinsemd erum með rökum að benda honum á, hve frv. þetta sje afarlítils virði. Og ef hans góða hjarta heldur áfram að slá fyrir fátæklingana, þá verður þessi leiðbeining okkar til þess, að hann finnur bráðum upp eitthvað annað betra og gagnlegra en þetta frv.

**Sigurður Eggerz:** Jeg vil með fáum orðum gera grein fyrir skoðun minni á þessu stórmáli, sem hjer liggur fyrir, því mjer er það fyllilega ljóst, að hjer er um stórt mál að ræða. Mjer er það jafnljóst eins og kom fram hjá hv. þm. Borgf., að þörfina fyrir bætt húsakynni er ekki síður að finna til sveita en í kaupstöðum og kauptúnum. Húsakostur er ekki góður hjer, en hann er ekki síður ófullkominn í sveitum. Aðalatriðið er því, þar sem um svona stórt mál er að ræða, að það sje athugað vandlega áður en í framkvæmdir er ráðist. Alt, sem fram hefir komið í málinu, bendir líka til þess, að það þurfi að athugast betur, og það frá öllum hliðum, áður en lengra er farið. Jeg mun því best fella mig við það, að því verði nú vísað til stj. Þessa niðurstöðu mína vil jeg svo rökstyðja nokkru nánar.

Jeg skal þá aðallega snúa mjer að brtt. hæstv. atvmrh., sem er svo umfangsmikil, að hún er það eiginlega frv., sem nú liggur fyrir. Jeg get nú að vísu vel skilið það, að hæstv. ráðh. hafi ekki haft mikinn tíma til þess nú í annríki þingsins að undirbúa þessa till. Samkv. þessum till. á að mynda sjóð, sem á að lána út á húseignir. Þessi sjóður verður því nokkurskonar fasteignabanki. Hjer kemur það ljóslega fram, hversu óheppilegt það er, að sameina ekki öll slík lán undir einn hatt. Eftir till. hv. 1. þm. N.-M. á hver kaupstaður og hvert kauptún að geta sett slíkan fasteignabanka á stofn og geta þannig tekið fje að láni á ábyrgð ríkisins. Ríkissjóður verður því hinn stóri byggingarmeistari, sem reisir allar þessar byggingar. En þegar svo allir þessir sjóðir fara að taka fje að láni hver í kapp við annan, þá má nærri geta, hversu lánskjörin verða á móts við það, ef lánsins hefði verið leitað í einu lagi. Ef þao á að fara að taka þetta mál fyrir í fullri alvöru, þá þarf að leita af gaumgæfni að þeim grundvelli, sem líklegastur er til þess að geta orðið að gagni. En hjer eru einmitt svo margar veilur í þeim grundvelli, sem þessar till. eru bygðar á, að meiri undirbúningur er alveg nauðsynlegur. Jeg hefi nú bent á eina slíka veilu í frv., útvegun lananna, en þær eru miklu fleiri, eins og þær umr., sem fram hafa farið, bera vott um.

Þá er þao eitt atriði í þessu máli, sem mjer þykir óviðfeldið. Alþ. getur að vísu tekið ákvarðanir um útgjöld úr ríkissjóði eins og því sýnist. En jeg kann því illa, að Alþingi sje að leggja bæjarsjóðum og sveitarsjóðum skyldur um fjárgreiðslur á herðar, án þess að þeir sjeu að því spurðir. En þetta er gert samkv. brtt. hæstv. forsrh., sbr. brtt. hv. 1. þm. N,-M, Og þetta er gert án þess að þeim sje nokkur stuðningur veittur til þess að þola þessi útgjöld.

Annað, sem jeg kann illa við, er það, hve ríkissjóður er hóflaust hlaðinn ábyrgðum. Jeg veit að vísu ekki fyrir víst, hvað búið er að velta miklum ábyrgðum á ríkissjóðinn á þessu þingi, en jeg hygg þó, að fyrir utan búnaðarbankann, þá muni það vera minst 2 milj. kr. Þó gott geti verið, að ríkissjóður ábyrgist lán, þá má þó ekki gera of mikið að því. Sje það gert, þá fer gagnið af því minkandi. Það getur farið fyrir honum eins og sumum góðum og velviljuðum mönnum, sem eru óbágir á að skrifa nafn sitt

upp á víxla fyrir einn og annan. Þótt nafn þeirra hafi verið gott í byrjun, þá kemur að því, að það verður lítils virði, og seinast verður hætt að kaupa víxla með þeirra nafni. Nafn þeirra dugir þá ekki lengur. Líkt þessu gæti farið fyrir ríkissjóðnum. Hann er nú í ábyrgð fyrir bankana, að öllu leyti fyrir annan og að nokkru leyti fyrir hinn. Auk þess er altaf verið að leggja ýmsar nýjar ábyrgðir á herðar hans. Jeg þykist vita, að mjer verði svarað því, að ábyrgðin samkv. þessu frv. sje takmörkuð. Það er að vísu rjett, að takmörk felast í framlögum bæjarsjóða og sveitarsjóða, en í 3. lið 2. gr. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður og bæjarsjóður í jöfnum hlutföllum".

Ef margir sjóðir verða stofnaðir samkv. þessu frv. og það verður látið ná til margra kauptúna, er undir hælinn lagt, að í þessar mörgu bankastjórastöður fáist góðir menn, auk heldur ef þeir eiga nú að hafa mjög lág laun, þá er óvíst, að þeir bestu menn fáist í stöðurnar.

Jeg þykist nú reyndar sjá, að áhættan eigi að vera takmörkuð með þeim 15%, sem menn eiga að leggja fram sjálfir. En jeg vil skjóta því til hæstv. atvmrh., að ef gengismálið verður ekki afgreitt nú og ef svo fer, að krónan verður hækkuð, þá fer nú að minka sú trygging, sem þessi 15% eiga að veita fyrir því, að ríkissjóður tapi ekki á ábyrgðum sínum.

Þá er hjer eitt atriði enn, sem taka þarf til athugunar. Í 3. gr. er svo sagt, að lánin skuli veitt til þess að koma upp íbúðum fyrir verkamenn, og að veðskuldabrjef sje gefið fyrir hverja íbúð. Eftir núgildandi lögum er ekki hægt að gefa út veðskuldabrjef fyrir sjerstakar íbúðir. Hjer er aftur á móti gert ráð fyrir þessu. En það er algerlega á móti þeim grundvallarreglum, sem um þetta gilda hjer og annarsstaðar á Norðurlöndum. Þetta þarf því ásamt hinu öðru vel að athugast. Jeg var að hugsa um í vetur að koma með frv. í þessa átt. Jeg hafði heyrt, að í Osló væri til slíkur fjelagsskapur, er hefði sjerstök lög, sem heimiluðu þetta. En við nánari rannsókn á þessum fjelagsskap, svonefndum „Aktiebolig", komst jeg að raun um, að þetta er einskonar hlutafjelag, sem veðsetur húseignirnar í heilu lagi. Eftir þeim reglum, sem gilda, þarf húsið ekki aðeins að eiga lóð undir sjer, heldur þarf sú lóð að vera helmingi stærri, og ⅓ þegar um hornlóðir er að ræða, sbr. gildandi bæjarsamþykt. Hús með lóð þarf því að vera sjerstæð eign, og annað þekkist ekki hjá nágrannaþjóðunum. Þetta alt þarf því að athugast rækilega áður en lög verða sett.

Þetta er þá í stuttu máli grg. fyrir afstöðu minni til þessa máls. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem eru þessu máli velviljaðir og vilja eitthvað gera fyrir þá, sem fátæktin þrýstir harðast að, eða eins og hæstv. atvmrh. orðaði það, að það væri sárgrætilegt að sjá æskuna tekna frá þeim börnum, sem verða að lifa í kjallaraholunum hjer í bæ — það var naumast annað hægt en að komast við af orðum hæstv. ráðh. — En frá sjónarmiði þessara manna ætti einmitt að íhuga þetta mál vandlega, svo það geti komið þeim að verulegu gagni, sem við mesta erfiðleikana búa. En þeir, sem við mestu erfiðleik-

ana eiga að búa, hafa ekki gagn af þessu frv., því hvaðan fá þeir 15%? Jeg hefi þá gert grein fyrir því, hvernig jeg muni greiða atkv. í þessu máli, og get látið staðar numið.

**Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg tók það skýrt fram, er jeg bar fram brtt. á þskj. 429, að þær bæri að skilja sem yfirlýsingu mína um það, að hinu opinbera bæri að bæta úr að einhverju leyti hinni brýnu þörf, sem er til á þessu sviði, og að jeg vildi benda á leið, sem mætti fara. Þetta er nú ekki það eina, sem fram hefir komið á þessu þingi af sama tægi. Frv., sem brtt. mínar eiga við, var borið fram af hv. 2. þm. Reykv., og má skoðast sem till. jafnaðarmanna í málinu. Og af hálfu íhaldsflokksins — eða tveimur mönnum úr honum í hv. Ed. — hefir líka verið borið fram frv., sem bannar kjallaraíbúðir, sem telja verður hættulegastar. Frá öllum aðalflokkum þingsins hefir því komið fram viðurkenning um, að eitthvað þurfi að gera, og fulltrúi frjálslynda flokksins hefir einnig viðurkent þörfina. Jeg tók það fram, að brtt. mínar bæri ekki að skoða sem fastmyndað form, og við því er heldur ekki að búast, að það verði myndað, meðan allir eru öðrum störfum hlaðnir. Till. mínar ber því nánast að skoða sem samkomulagsgrundvöll, og er jeg því fús á að taka til athugunar þær till., sem fram koma, og ræða þær hjer.

Eftir að hafa heyrt ræður þeirra hv. 6—8 þm., sem tekið hafa til máls, vil jeg tjá mig fúsan til þess að taka þær bendingar, sem fram hafa komið, til nánari athugunar í samráði við n. til 3. umr. Jeg vil leyfa mjer að drepa á atriði, sem komu fram hjá hv. 1. þm. N.-M., hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Skagf. Jeg tók það skýrt fram, að jeg miðaði till. mínar við stærri kaupstaði eingöngu. Og jeg álít, að það þurfi að gera víðtækari breytingar á frv. en gert er í till. hv. 1. þm. N.-M., ef þetta á líka að gilda fyrir smærri kauptún. Nú er það t. d. svo með sum smærri kauptúnin, að þau eru ekki hreppur út af fyrir sig. Væri þá ranglátt að leggja þennan skatt á hinn hluta hreppsins, sem ganga á til bygginga r í kauptúninu. En hv. 1. þm. N.-M. hefir nú tekið brtt. sína aftur til 3. umr., og má þá laga þetta með nýrri till.

Ýms þau atriði, sem hv. þm. Borgf. drap á, eru þannig vaxin, að sjálfsagt er að taka þau til friðsamlegrar athugunar á milli umr., t. d. hvort setja skuli ákvæði um, hve há ábyrgð ríkisins megi mest vera, eða hvort rjett sje að lána 85% út á virðingarverð húsanna. Í sambandi við þetta síðara vil jeg taka það fram, út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það liggur í augum uppi, að 15%, sem til viðbótar þarf, eiga þeir, sem byggja, að leggja fram.

Þá drap hv. þm. Borgf. á það, hvort ætlast væri til, að í þessum húsum væru höfð nútíma-þægindi. Það dettur víst engum í hug, að hjer eigi að fara að stofna til þess „luksus", er tíðkast í hinum dýru og vönduðu íbúðum efnamanna þessa bæjar. Jeg sje því ekki ástæðu til að fara að ræða þetta atriði, en hvað hitt atriðið snertir, að lóðarblettur

fylgi hverri íbúð, verð jeg að segja það, að jeg fyrir mitt leyti legg mikla áherslu á, að svo verði. Ef ríkið og bæirnir á annað borð taka höndum saman um að bæta íbúðirnar í kaupstöðunum, virðist sjálfsagt, að einhver grænn blettur fylgi hverri íbúð, því að það er mikið atriði til þess að fólkinu geti liðið vel og börnin haft betri aðstöðu til leika og afþreyingar.

Ýmislegt það, sem hv. 1. þm. Skagf. nefndi, skal jeg ekki ræða frekar en jeg þegar hefi gert. Um það atriði út af fyrir sig, hvort ríkið eigi að borga þóknun til þeirra manna, sem stjórna þessum byggingarsjóðum, eða hvort rjettara sje, að ríkið og bæirnir borgi þetta í sameiningu, má auðvitað deila í það endalausa. Mjer virðist þó, að það gæti verið rjett að láta þennan kostnað greiðast að hálfu af hvorumtveggja þessara aðilja.

Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um lóðirnar, skal jeg aðeins segja það, að verið getur, að þetta megi athuga betur, en tilgangurinn með þessari till. er mjög ljós, þ. e. að stofna ekki til ódýrra bygginga á óhæfilega dýrum lóðum. Af þessari ástæðu er ætlast til, að bæirnir leggi til ódýrar lóðir, og af sömu ástæðu er ríkið tekið inn í þetta. Því að víða stendur svo á, að það á lóðirnar, sem kaupstaðirnir standa á. Svo er t. d. bæði í Vestmannaeyjum og á Siglufirði. Jeg veit, að hv. 1. þm. Skagf. er mjer sammála um, að þessi tilgangur er rjettur, svo að húsin verði ekki dýr, vegna þess að þau eru bygð á dýrum lóðum. Og þessi tilgangur næst með þessari till.

Hv. þm. Dal. vjek að því, að samkv. frv. væru veðskuldabrjefin bundin við hverja einstaka íbúð. Jeg hygg nú, að það sje rjett hjá hv. 2. þm. Reykv., sem drap á þetta atriði, að fordæmi sjeu fyrir þessu í öðrum löndum, en tilgangurinn með þessu er sá, að einstaklingarnir geti fengið keyptar þessar íbúðir. Þessi ákvæði frv. eru því til að stuðla að sjálfsábúð. (SE: Þessa eru engin dæmi hvorki í Noregi nje Danmörku). Jeg skal ekki fullyrða neitt í því efni, en bótt þetta tíðkist hvergi annarsstaðar, tel jeg gott að fá það hjer, til þess að stuðla að sjálfsábúð. En það er sjálfsagt að athuga þetta nánar.

Hv. 2. þm. G.-K. vill vísa þessu máli til stj., og hv. þm. Dal. tók í sama streng. Jeg skal ekkert um það segja, hvort þetta frv. nær fram að ganga, en jeg vil óska þess sem atvmrh., að stj. fái að sjá svip af vilja þingsins í þessu máli. Jeg vil ekki láta vísa þessu máli til stj. nú, heldur að fari fram atkvgr. um frv., svo að stj. sjái, hvað hún hefir á bak við sig í þessu máli, ef því yrði síðar til hennar vísað.

**Magnús Jónsson:** Þeir hv. þm., sem talað hafa síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. G.-K., hafa minst á þau tvö atriði, sem jeg ætlaði aðallega að ræða, svo að jeg get verið stuttorður. Áður en jeg kem að því, ætla jeg þó að víkja að nokkrum aukaatriðum, sem fram hafa komið í umr.

Það er leiðinlegt, að fram skuli hafa komið andmæli gegn þessu frv.

á þeim grundvelli, að það sje illa viðeigandi, að ríkið fari að gera ráðstafanir til að bæta úr húsnæðisleysinu hjer í Reykjavík. Þó að ekki sje farið strangt út í það, hverjir það eru, sem gjalda til ríkissjóðsins, og hverjir fá úr honum aftur, er það ekki fallegt, að nokkur skuli verða til þess að telja það illa viðeigandi, að eins mikill gjaldandi og Reykjavík er fengi þessar 50 þús. kr. til að bæta úr þeim húsnæðisvandræðum, sem hjer eru. Ef bót mætti verða að þessum ráðstöfunum á annað borð, ætti þetta fjárframlag út af fyrir sig ekki að vaxa neinum í augum.

Jeg hjó eftir því hjá hv. þm. Barð., að hann vildi bæta úr hinni háu húsaleigu með öðrum ráðstöfunum en hjer er gert ráð fyrir. Jeg komst aldrei að því, hvað fyrir honum vakir í þessu efni, en ef hann hefir hugsað sjer að bæta úr þessu með húsaleigulögum eða einhverju ápekku, vona jeg, að menn hafi sjeð svo vel árangurinn af slíkum l.. að ekki verði farið að leggja inn á þá braut aftur. Enda virðist það harla einkennileg speki, að ætla sjer að bæta úr húsnæðisvandræðum með því að þrengja kosti þeirra, sem hús eiga og reisa.

Þeir mintust á það, hæstv. forsrh. og hv. þm. Dal., að það hefði verið mikil sjón að sjá hinn stóra hóp hinnar uppvaxandi kynslóðar, er börnin í barnaskólanum fóru í skrúðgöngu hjer um bæinn á sumardaginn fyrsta. Það er ekki lítið verkefni, sem liggur í því að reisa hús yfir allan þann fjölda, sem hjer vex upp, en slíkt er hinn hrapallegasti misskilningur, að aðeins þurfi að koma upp góðum húsum í stað þeirra, sem ljeleg eru fyrir. Það þyrfti að bæta við nýjum húsum á hverju ári, þó að öll væru þau viðunandi, sem fyrir eru, en slíkt getur aldrei átt sjer stað, vegna þess að hús ganga úr sjer; þau eldast og kröfur tímans breytast.

Húsnæðismálið verður ekki leyst á einum tíma eða öðrum. Það er eitt af þeim málum, sem aldrei verða leyst. Hvað stór upphæð, sem lögð er fram í eitt skifti fyrir öll til húsabygginga, þarf altaf að endurnýja, byggja við og breyta. Það stoðar ekkert að ákveða einhverja eina upphæð í þessu skyni eða miða við ákveðinn íbúðafjölda. Alt breytist þetta með tíð og tíma.

Það er rjett hjá hv. 2. þm. Reykv. og fleiri hv. þm., sem talað hafa, að það er mest um vert, að hægt sje að byggja ódýrt. En jeg held, að besta ráðið að því marki sje að gera engar ráðstafanir, því að allar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, a. m. k. hjer í Reykjavík, hafa miðað að því að gera húsin dýrari. Jeg hygg því, að í þessu máli verði að stöðva með að setja nýjar reglur, sem ýmist verða til að tefja eða gera húsin dýrari. En það, hve hús eru dýr hjer, stafar af því, að hjer verður að fylgja ýmsum reglum, sem ekki eru annarsstaðar.

Það munu allir geta verið sammála um, að bæta þurfi úr húsaskortinum hjer í Reykjavík, en spurningin er, hvort þetta er heppileg leið að því marki. Mjer virðist sem við með þessum ráðstöfunum munum lenda í sömu reynslunni og t. d.

Englendingar. Jeg hefi hjer bók eftir enskan mann, Ernest Benn að nafni. Hann er „individualisti“ og eindreginn andstæðingur jafnaðarmanna. Bæði flokksmenn og andstæðingar þessa manns lúka upp einum munni um það, að hann berjist drengilega, noti rjettar tölur og upplýsingar í bókum sínum og berjist eingöngu gegn þeim skoðunum, sem hann er andvígur af sannfæringu. Í þessari bók, sem jeg gat um, ræðir hann um húsnæðismálið í Englandi, sem er eitt af mestu vandamálum Englendinga sem annara. Hann sýnir þar fram á, að síðan farið var að leggja fram mikið fje af ríkinu til húsabygginga, hafi stórkostlega **kipt úr öllum nýbyggingum** á Englandi. Hann tekur þetta t. d. frá því sjónarmiði, hve margir fást við ýmsar greinar bygginga nú og fyrir 20 árum, og niðurstaðan er sú, að í öllum þessum stjettum hefir fækkað mjög mikið. Múrarar, trjesmiðir o. s. frv. hafa nú minna að gera á Englandi en á meðan einkaframtakið fjekk að njóta sín í því að reisa húsin. Hann tekur nokkur bæjarfjelög, sem mikið hafa gert til þess að byggja handa verkamönnum sínum, en reynslan er alstaðar sú sama, að þetta gengur svo hægt, að t. d. í London þarf 2500 ár til að endurnýja íbúðarhúsin. — Hann skýrir frá því, að í Bandaríkjunum hafi verið sett n. til þess að athuga þetta mál, og hafi hún komist að þeirri niðurstöðu, sem ekki þætti lofsverð hjer á landi, að ekki væri hægt að gera neitt, sem ekki spilti fyrir. Eftir þessu fóru Bandaríkjamenn, og Benn skýrir frá því, að húsnæðisvandræðin sjeu hverfandi í New-York, þar sem einstaklingarnir voru látnir í friði um að byggja, í samanburði við það, sem er í London. Í New-York hafi verkamennirnir góðar íbúðir og bílskúr fylgi flestum húsum; en í London, þar sem mörgum miljónum hefir verið varið af opinberu fje til bygginga, sje „spursmálið“ altaf opið og tala þeirra, sem íbúðir vantar, fari stöðugt hækkandi.

Jeg býst við, að sumum láti þetta í eyrum sem hver önnur þjóðsaga og telji það ómögulegt, að það kippi úr byggingum, þó að styrkur sje veittur til þeirra. En slíkt er skammsýni. Frv., sem hjer liggur nú fyrir, sýnir greinilega, að þessu er svona farið. Þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, geta leitt beint úr öskunni í eldinn. Hjer á að veita takmarkaða upphæð til bygginga með vildarkjörum og þannig að takmarka, hve hægt verður að byggja mikið með þeim kjörum. Við þetta bætist svo, að nauðsynlegt er, að stjórn byggingasjóðsins takmarki, hve mikið verði bygt á ári, veiti þetta 300—400 þús. kr. árlega í þessu skyni, því að ef öllum peningunum er varið til þessa í einu, verður það til þess, að þeir, sem efnaðir eru, hrifsa þetta alt til sín, en hinir fátækari verða útundan. Stjórn sjóðsins verður að hnitmiða það niður, hverjir fái þessi vildarkjör, það verður að dreifa þessum peningum út um langt tímabil, og afleiðingin er sú, að allir þeir, sem eru að brjótast í að koma sjer upp húsi, reyna að bíða í lengstu lög, til þess að geta notið þessara vildar-

kjara. Vildarkjörin verða þannig til að kippa úr byggingum, ef ekki er hægt að veita þau öllum, sem á þurfa að halda. Jeg get hugsað mjer, að ef slík l. sem þessi yrðu samþ., mundi kippa úr byggingum, og þá kemur það fram, sem hv. 2. þm. G.-K. rjettilega sagði, að húsabyggingum fækkar, en húsaleigan hækkar. Sumir koma sjer upp húsum með góðum kjörum, en aðrir, og þeir verða fleiri, sitja hjá. Það má auðvitað segja, að menn verði betur stæðir, þegar þeir eru búnir að byggja fyrir góð kjör, en þau hús, sem ekki komast upp, bæta ekki úr húsnæðisvandræðunum hjer í bænum. Þetta er því alveg rökrjett.

Það verður að gæta þess vel að grípa ekki inn í eðlilega rás viðburðanna með hinum og þessum ráðstöfunum. Það er því ekki rjett hjá hv. 2. þm. Reykv., er hann var að bera þetta frv. saman við frv., sem samþ. var hjer í gærkvöldi, og sagði, að ef það hefði verið spor í rjetta átt, væri þetta það líka, því að þetta frv. getur verið víxlspor. Það getur verið spor aftur á bak, og ekkert er sennilegra en að svo fari. Því að ef menn eiga von á 4% lánum, býst jeg við, að þeir þoli lengur vondu húsakynnin, til þess að geta notið þessara vildarkjara. Og jeg skora á þá menn, sem ekki eru mjer sammála um þetta, að hrekja það.

Það var aðeins þetta í ræðu hv. 2. þm. G.-K., sem jeg vildi sýna greinilegar fram á en hann gerði, af því að það er mörgum manninum hreinasta hebreska, að úr húsabyggingum geti dregið við það, að þær eru styrktar.

Hitt atriðið, sem jeg vildi drepa á, er sú aðferð, sem hafa á í þessu máli. Hjer á að fara að stofna svokallaðan byggingarsjóð, og á hann að lána alt að 85% af virðingarverði húsanna, en það er miklu meira en venjulegt er að lána út á fyrsta veðrjett. Mjer þykir undarlegt, að hjer skuli eiga að ganga framhjá veðdeildinni. Jeg hefi aldrei heyrt það, að vandræði væru með að fá þann hluta af byggingarkostnaðinum, sem hægt er að fá með veðdeildarláni. Hitt hefir allajafna orðið til trafala, hve bilið er mikið á milli þess, sem hægt er að fá í veðdeildinni, og hins, sem menn geta lagt fram sjálfir. Það er á þessu bili, sem menn stranda, en ekki á því, að þeir vilji ekki taka veðdeildarlán, því að þarna á milli liggur meira en helmingur af verði húsanna. Það er því þetta bil, sem þarf að brúa. Jeg vildi vekja athygli hæstv. forsrh. á þessu, hvort ekki væri óheppilegt að taka verkefnið af veðdeildinni.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort ekki mætti reyna að greiða fyrir því úr ríkissjóði að milda kjör veðdeildarinnar. En jeg álít, að hún ætti að geta klarað þetta, og þessi sjóður að taka við, þar sem henni sleppir. Nú lánar veðdeildin um 40%, og það mundi greiða fyrir þessum sjóði, ef hann þyrfti ekki að lána nema 45% í stað 85%.

Það hefir komið fram till. um að vísa málinu til stj. Jeg er ekki ánægður með það; jeg vildi heldur samþ. rökstudda dagskrá, með beinum tilmælum um að leggja málið fyrir næsta þing. En jeg get vel orðið við tilmælum hæstv. atvmrh. um að

láta atkvgr. fara fram um frv., og kem því ekki fram með rökstudda dagskrá nú.

**Jón Ólafsson:** Það liggur við, að jeg sjái eftir þeim tíma, sem fer í að ræða þetta mál. Mjer finst alt benda á, að frv. eigi ekki að ná fram á þessu þingi. Frv. fór í n. hinn 27. febr. En nál. meiri hl., þess hl., sem sjálfur flm. frv. á sæti í, er ekki dagsett fyr en 30. apríl!

Þetta bendir á, að frv. sje ekki borið fram í alvöru, heldur sje hjer um nauðungarverk að ræða og því sje verið að leika þennan skrípaleik. Og loks er meiri hl. hefir skilað áliti sínu, þá víkur hann ekkert frá brtt., er hæstv. atvmrh. hefir borið fram. Vegna þessa alvöruleysis hefi jeg ekki trú á, að málinu sje ætlað að ná framgangi á þessu þingi.

Mál þetta er stórmál og er því margt í sambandi við það, sem þarf rækilegrar athugunar, og þetta er miklu stærra viðfangsefni en menn gera sjer í fljótu bragði grein fyrir. Þörfin er óneitanlega nokkur, en þó eigi eins aðkallandi og þörfin fyrir byggingar- og landnámssjóð, þann, er stofnaður var á síðasta þingi. Hvað sem segja má um íbúðir hjer í Reykjavík, — og þá einkum kjallaraíbúðirnar, sem þeir og gera sjer mestan matinn úr, sem hafa það fyrir markmið að flaðra upp um alþýðuna —, þá er þó fjöldinn af híbýlum sveitanna svo miklu lakari, að ekki er saman berandi. Jeg vil endurtaka það, að þetta er gott mál og þarft, sem sjálfsagt er að líta á með sanngirni og velvilja. En það er líka margt annað, sem er mjög aðkallandi um framkvæmdir þjóðfjelagsins, og er þá ætíð spurningin, hverju eigi fyrst að sinna.

Í 1. gr., eins og hún verður eftir brtt. hæstv. atvmrh., er ákveðið, að fje úr byggingarsjóði skuli lána til að reisa íbúðir handa verkafólki, „almennum verkamönnum og sjómönnum og starfsmönnum ríkis og bæjarfjelaga". Að mínu áliti er margt annað fólk, sem ekki hefir síður þörf fyrir slíka hjálp. Verslunarmenn eiga ekki að fá aðgang að þessari fyrirgreiðslu. Þó held jeg, að margt verslunarfólk og fólk, sem starfar yfirleitt að viðskiftalífinu, hafi minni tekjur en verkamenn, að jeg ekki tali um sjómenn. Það mun vera sárafátt af slíku fólki, sem hefir 5000 kr. í árstekjur. Og jeg get ekki sjeð, að það sje sanngjarnt, að bæjarfjelagið geri svo upp á milli borgara sinna, að ljá þessu fólki ekki slíkt lið sem öðru. Þetta bendir til þess, að hjer sje sjerstaklega um að ræða alþýðudekur. Það á að láta líta svo út, sem eitthvað sje verið að gera fyrir alþýðuna, þótt engin festa fylgi atgerðunum.

Þá á að færa þetta í þann búning, að samvinnufjelög komi upp byggingunum. Jeg veit ekki, á hvaða grundvelli fjelagsskapar Byggingarfjelag Reykjavíkur var reist. Það er að vísu ekki samvinnugrundvöllur, en þó er það þannig, að þeir eiga rjett á íbúðunum, sem lagt hafa fram fjeð. Eftir því sem jeg þekki til þess fjelags, þá verður ekki annað sagt en að sá fjelagsskapur hafi tekist illa. Að vísu verður að kannast við

það, að ógæta fjelagsskaparins var, að hann reisti byggingar sínar á svo óheppilegum tíma. En þó væri það ekki í því öngþveiti, sem það nú er í, ef því hefði verið betur stjórnað. Slík fyrirmynd fjarlægir mig nokkuð frá þessu frv. Það verður a. m. k. að koma skýrt fram í frv., að því aðeins verði ráðist í byggingu, að einhver hafi pantað hana og hann geti þá staðið straum af þeim 15% af andvirðinu, sem hann á að borga við móttöku. Það er langt frá því, að lánveitandinn sje tryggur með því að lána 85% út á húsin. Skal jeg í því sambandi minna á það hrun, er varð hjer 1908. Þá varð ekki gott að selja hús fyrir veðdeildarskuldum, og er það þó, eins og kunnugt er, æðimikið minna en 85%, sem veðdeildin lánar út á hús. Hjer ríkir stöðug hætta. Jeg legg þó ekki svo ýkjamikið upp úr þessari hættu, að jeg telji rjett að láta málið stranda þess vegna.

Jeg er hissa á, að hæstv. atvmrh. skuli gera það að till. sinni, að atvmrh. eigi að segja til um, hvort þörf sje þessara ráðstafana eða ekki. Jeg gæti hugsað, að það væri hollara fyrir hverja þá stj., sem við völd situr, að vera laus við það. Það hlýtur að verða hverri stj. vandræðamál. Jeg veit, að yfir hverri stj. ganga nógar klaganir og henni er fyrir nógu margt legið á hálsi, þó ekki bætist þetta tilfinningamál ofan á. Það gæti orðið ónotalegt fyrir ráðh. að neita slíkum kröfum. En þetta er þó ef til vill ekki mikið atriði, og úr því að jeg sje, að hæstv. ráðh. vill taka þetta upp á sig, þá skal jeg ekki standa í vegi fyrir, að brtt. verði samþ.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í einstök atriði frv. Þar er óendanlega margt, sem þarf að laga. Og jeg fyrir mitt leyti finn hjer ekki áhuga fyrir öðru en að tala um það.

En jeg get tekið undir það með öðrum, sem talað hafa um það, sem að húsabyggingum snýr, að jeg er sannfærður um, að ef svo víðtækar vonir og jafnvel kröfur verða vaktar, kröfur, sem engin tök eru á að uppfylla, þá muni margir bíða og bíða lengi eftir því að fá þessi kjör, sem hjer um ræðir. Jeg held því, að þetta verði til að draga úr byggingum í svip og verki því öfugt við það, sem því er ætlað. Eina ráðið til að lækka húsaleiguna er, að stj. beiti sjer fyrir því, að hagkvæm lán fáist til bygginga, að menn geti með góðu móti fengið alt það að láni, sem þeir geta ekki lagt fram sjálfir. Jeg veit til, að menn hafa klofið byggingarkostnað, þrátt fyrir ótrúlega lítil efni, ef þeir aðeins hafa átt kost á láni til langs tíma og þótt vaxtakjör væru ekki sem best.

Jeg mun fylgja þeirri hugmynd, sem í frv. felst, ef henni verður komið í skynsamlegan búning, og mun jeg því greiða frv. atkv. til 3. umr., hvað sem jeg svo geri. En jeg vænti þess, að n. ásamt hv. flm. geri eitthvað til að lagfæra það í þeim atriðum, sem jeg hefi nefnt, og taki þannig á sig rögg eftir tveggja mánaða hvíld.

**Haraldur Guðmundsson:** Eftir þessa ræðu hv. 8. þm. Reykv. er maður alveg jafnnær um það, hvort hann er með frv. eða á móti því. Hann segist

vera fylgjandi hugmyndinni, ef hún sje klædd í skynsamlegan búning. En um það hefir hann enga bendingu getið, hver sá búningur sje. En hins má minnast, að í fyrra lýsti hann sig fylgjandi máli þessu. Væntanlega sjest bráðlega, hvort það var af heilindum mælt.

Þau eru allbrosleg rökin íhaldsmannanna gegn frv. þessu. Allir fullvissa þeir þingheim um, að þeir vilji alt gera til að bæta úr húsnæðisvandræðunum, en það er sama, á hvaða umbætur er bent, alt á það að vera ómögulegt. Af þessu verða þær ályktanir einar dregnar, að fagurmælin sjeu yfirskin eitt og þeir sjeu ráðnir í því að leggjast á móti málinu. En forsendur þeirra eru sín úr hverri áttinni að vanda og ósamrýmanlegar.

Hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Barð. telja sig andvíga því, að bætt sje úr sárustu húsnæðisvandræðum verkamanna og sjómanna í kaupstöðum af því, að þá muni fólkið leita þangað úr sveitunum. Hv. 2. þm. G.-K. telur frv. vera argasta „kák", málið hjegóma og „smámál" og telur þó, að það verði til þess að gera kjör fátæks fólks í kaupstöðum miklu verri en þau nú eru, ef frv. verði að lögum. En hvað verður þá úr kenningu hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Barð.? Hann ætlar sveitamönnum meir en meðalflónsku, ef hann gerir ráð fyrir, að þeir flytji frekar til bæjanna fyrir það, að kjör fátækra bæjarbúa verða verri en þau eru nú. Nei, þessir herrar eru sammála um það eitt að reyna að koma málinu fyrir kattarnef, en ákafinn er svo mikill, að rök þeirra stangast eins og mannýgir hrútar. Allir virðast þeir þó halda, að þeir standi sig prýðilega.

Út af tölu hv. 2. þm. G.-K. verð jeg að segja það, að hafi hann í henni nokkurntíma komist nálægt sannleikanum, þá hlýtur hann að hafa lækkað röddina alveg óvenjulega, því að jeg gat ekki heyrt það.

Hann kallaði frv. hv. 2. þm. Reykv. kákmál, en í lok ræðu sinnar komst hann þó að þeirri niðurstöðu, að hægt yrði að byggja verkamannabústaði fyrir 1300000 kr. hjer í Reykjavík, ef frv. hv. 2. þm. Reykv. yrði að lögum. En samkv. brtt. hæstv. atvmrn., sem hjer er eiginlega um að ræða, yrðu það a. m. k. um 2600000 kr., sem hægt væri að byggja fyrir hjer í bænum. Jeg hefi athugað þetta, og telst mjer til, að ef lán fengist til 30 ára, þá yrði hægt að byggja fyrir nærfelt 3 milj. króna, að meðtöldu framlagi þeirra, sem íbúðirnar kaupa. Hv. 2. þm. G.-K. getur kallað þetta „kák", ef hann vill. En jeg veit með vissu, að um það munar stórmikið, ef hægt er að byggja nýja verkamannabústaði fyrir 3 milj. króna á t. d. næstu 3 árum hjer í bænum. En það er ekki hægt, ef frv. verður að lögum. Auk þess er þess að gæta, að nú fjölgar hjer í bænum um 1000—1200 manns árlega. Það má því telja víst, að sjóðirnir aukist svo, að þeir geti, auk þess að bera vaxtajöfnuð af þessari upphæð, lagt nokkuð til nýbygginga árlega, eftir því sem íbúatalan eykst. Það er því alveg víst, að frv. þetta bætir verulega úr fyrir bæjarbúum, þótt hinsvegar engin hætta sje á, að fólk streymi til kaupstaðanna og sveitirnar tæmist af þeim sökum.

Það er furðulegur hugsunarháttur að bera það fram gegn þessu máli, að í sveitum sjeu þó til enn verri hreysi en í kaupstöðum. Það er búið að gera ráðstafanir til þess að bæta úr húsnæðisástandinu í sveitum, eins og rjett var og sjálfsagt að gera. Lögin um byggingar- og landnámssjóð voru sett í því skyni. Ríkissjóði er ætlað að ábyrgjast fyrir hann 5 milj. kr. og leggja auk þess fram til hans 200 þús. kr. á ári hverju. Sú röksemd, að fátæklingarnir, sem búa í heilsuspillandi híbýlum í bæjum, eigi rólegir að sætta sig við þau, af því að einhversstaðar uppi í sveitum sje enn hægt að finna jafnvel verri hreysi, er engum siðuðum manni samboðin. Það er furðulegt blygðunarleysi að ætla að rjettlæta sig með þessu. Eins og verkamenn og sjómenn, sem búa við okurleigu í rökum, dimmum, köldum og heilsuspillandi kjallaraholum með fjölda barna, sje nokkur bót í því, þótt ljeleg húsakynni sjeu til ennþá einhversstaðar í sveitum landsins. Það er til vansæmdar þessari hv. deild, að slíkt skuli hjer fram borið sem rök.

Þeir, sem hafa verið með því að samþ. lögin um byggingar- og landnámssjóð, sem binda ríkissjóði árlegan útgjaldabagga, 200 þús. kr. auk 5 milj. kr. ábyrgðar, til þess að bæta húsakynni í sveitum, geta ekki kinnroðalaust verið á móti því, að frv. þetta sje samþ. Hjer er um að ræða aðeins ⅕ hluta þess, sem ríkissjóður árlega leggur til bygginga í sveitum, og býr þó um helmingur landsmanna í kaupstöðum og kauptúnum. Í raun rjettri ætti ríkissjóður að leggja sömu upphæð, 200 þús. kr. á ári, til húsabóta í kaupstöðum og kauptúnum.

Hv. 2. þm. G.-K. segir, að frv. sje „kák" eitt, að ekkert muni um það, þótt hægt verði að byggja til viðbótar verkamannabústaði fyrir 3 milj. kr. hjer í Reykjavík. Hampar hann því mjög, að hjer hafi í fyrra verið bygt fyrir um 5 milj. kr. — Þetta mun vera nærri sanni.

En hvað mikið af þessum húsum er bygt sem íbúðarhús fyrir verkamenn og sjómenn, fyrir tekjuminsta fólkið? Getur hv. þm. upplýst það? Jeg hygg ekki.

Hitt vita allir, að það er aðeins örlítill, örlítill hluti þessara húsa, sem notuð verða til íbúðar fyrir fátækt fólk.

Jeg man eftir 8—10 stórhýsum, sem bygð voru síðasta ár eingöngu fyrir verslanir, skrifstofur og þess háttar. Í þeim er engin íbúð, en andvirði þeirra skiftir áreiðanlega milj. Þá er barnaskólinn nýi, landsspítalinn og Kleppur; að minsta kosti eitt eða tvö þessara húsa eru talin með í brunabótavirðingum ársins síðasta.

Jeg hygg, að öll þessi stórhýsi eigi æðidrjúgan þátt í þessum 5 milj., sem bygt var fyrir í fyrra, en auðvitað hafa fleiri hús verið bygð en þessi. Ef menn ganga vestur fyrir bæ, upp á Sólvelli og Landakotstúnin gömlu eða annað vestur í bæinn, getur þar að líta fjölda nýbygðra húsa, en hverjir eru það, sem hafa bygt þau? Eru það verkamenn? Nei, það eru mestmegnis betri borgarar, sæmilega efnum búnir menn, og flest eru húsin ekki ætluð nema fyrir eina fjölskyldu. Þetta eru yfirleitt lagleg og prýðileg hús, og til flestra hefir bersýnilega

verið vel vandað. Yfirleitt er þeim háttað svo, að sá, sem er húseigandinn, býr á 1 eða 2 hæðum, en kjallarinn og súðarherbergin eru leigð fátæklingum. Þessi herbergi eru aftur leigð svo dýru verði, að leigan eftir þau hjálpar húseigandanum töluvert til að standa straum af eigninni. Hús þessi geta orðið arðberandi, ef eigendurnir hlífast ekki við að okra á verkalýðnum, sem á þess engan kost að koma sjer upp húsum. Margir þeirra geta kannske lagt fram 1000—1500 kr., en meira ekki, og slík upphæð stoðar ekkert nú. Hjer í Reykjavík má ekki byggja nema svo stór hús samkv. byggingarsamþyktinni, að það er verkamönnum alment alveg um megn að koma þeim upp eins og lánskjörin eru nú, og því er þá að finna í gömlum húsum og ljelegum og í kjöllurum og súðarherbergjum í nýrri húsum. Þetta má sjá í húsrannsóknarskýrslunum. Hv. 2. þm. G.-K., sem þykist þekkja kjör verkalýðs þessa bæjar út í ystu æsar, rak upp stór augu. er jeg sagði honum, að hundruð íbúða, sem verkamenn yrðu að hafast við í, væru beinlínis óhæfar til íbúðar, hættulegar fyrir heilsu íbúanna, eldri sem yngri. Ef hann hefði kynt sjer skýrslurnar frá í sumar, hefði hann sjeð, að það eru fjölmargar íbúðir, sem svo er lýst, að þær sjeu kaldar, rakar og dimmar og í alla staði heilsuspillandi. Þessar íbúðir eru líka oftast svo þröngar, að þær mega teljast óviðunandi, en verkalýðurinn verður að gera sjer þær að góðu og borga fyrir þær okurleigu. Fátæklingarnir verða að sætta sig við að hýrast í þeim skotum, sem eigendurnir nota ekki, vilja ekki nota. Þetta er bæjarskömm og bæjarvoði, og úr þessu er skylda ríkis og bæjar að bæta. (**HK**: Ljót lýsing, ef sönn er). Hv. þm. Barð. má vita það, að jeg stunda sannleikann, og það gerum við báðir — venjulega. (**HK**: hvað sagði hv. þm., — venjulega?). Já, „venjulega" á við hann. Hv. 2. þm. G.-K. mælti það rjettilega, að hvort sem þetta frv. næði fram að ganga eða ekki, þyrfti að útvega þeim mönnum, sem rjeðust í húsabyggingar, betri lánskjör yfirleitt en nú væri völ á. Það er alveg ósæmilegt, að húseigendur skuli nú fá aðeins ⅓ af verði húsanna úr veðdeildinni, og verða svo að greiða 12% afföll af þessum margtrygðu lánum. Úr þessu þarf að bæta, en það er undarlegt, að hv. þm. og flokkur hans skuli ekki hafa gert neitt í þessu máli, meðan hann fór með völd. Þá var þó ástandið engu betra. Jeg get sagt hv. þm. það, að jeg er fús til að vinna með honum að því, að menn fái út úr veðdeildinni t. d. 60—70% af verði húsa sinna, en það kemur ekki við þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta tvent væri gerólíkt. Annað miðar að því að hjálpa mönnum, sem lítil eða engin efni eiga, til að koma sjer upp húsum fyrir sig og sína aðeins. En veðdeildin lánar aðallega þeim, sem einhver efni hafa eða talsvert lánstraust, og þeir menn geta rekið bygginguna sem gróðafyrirtæki. Veðdeildin skiftir sjer ekkert af því. Og það er sjálfsagt að gera skýran mun á þessu tvennu, nauðsynjabyggingum og gróðafyrirtækjum.

Annars er það nú frv. um verkamannabústaði, sem hjer liggur fyrir

til umr., en ekki veðdeildin. og skal jeg því snúa mjer að því og þeim brtt., sem fram hafa komið við það. Brtt. hæstv. atvmrh. eru að ýmsu leyti eins goðar og frv., en að sumu leyti langtum verri. Brtt. eru sprottnar af því, að horfið er frá þeirri hugmynd, sem fram kemur í frv., að bæjarfjelögin sjái sjálf um byggingarnar, en aftur á móti er þar horfið að því ráði, að setja inn byggingarfjelög sem milliliði. Jeg álít, að bæjarfjelögin sjeu fullfær um að sjá um þetta sjálf, en rjett er það, að erlendis hafa þessar aðferðir verið notaðar svo að segja jöfnum höndum. Það hefir verið veittur styrkur bæði til bæjarfjelaga og byggingarfjelaga í þessu skyni. Sá bær, sem stendur fremst í þessu efni, er Stokkhólmur. Þar lætur bærinn sjálfur byggja húsin og selur þau síðan verkamönnum. Þar hefir verið bygt fyrir tugi miljóna, og á bærinn lóðirnar og tekur leigu af þeim, en selur húsin jafnóðum og bygð eru. Jeg verð að taka undir það með hv. þm. Dal., að það er ljóður á þessu frv., hve mörg smálán þarf að taka á ábyrgð ríkissjóðs. Það væri í alla staði heppilegra, að stórlán yrðu tekin og færri og fjenu svo skift á milli hlutaðeigenda. Þetta ætti hv. nefnd að taka til athugunar fyrir 3. umr. Ennfremur vil jeg benda á það, að ef bæirnir bygðu húsin, þá gætu þeir, sem ekki geta lagt fram í vinnu eða peningum 15% verðs, samt haft möguleika til þess að eignast húsin með tímanum. Þeir gætu orðið leigjendur fyrst í stað og greitt mánaðarlega eitthvað lítilsháttar umfram leiguna og á þann hátt orðið eigendur með tíð og tíma. Þetta myndi þeim auðvitað torveldara, ef um byggingarfjelög væri að ræða. Það eru ýmsir fleiri annmarkar á brtt. hæstv. atvmrh., en það hefir orðið að samkomulagi milli hm. þessa frv. og hæstv. raðh. að láta þessar brtt. standa, í því trausti, að frv. nái þá fram að ganga, og er þá skyrour þessi mikli drattur, sem hefir orðið á, að málið kæmi úr nefnd. Hv. 1. þm. Reykv. las upp ýmsar tölur til útskyringar á ræðu hv. 2. þm. G.-K., og það er í sjálfu sjer fallega hugsað af honum að hlaupa undir bagga með samherja sínum, en þó held jeg nú, að það hafi verið alger óþarfi af honum, því að hv. 2. þm. G.-K. ma eiga það, að hann skyrði mál sitt nægilega; í það minsta þottist jeg skilja meiningu hans. Þessir hv. þm. hjeldu því fram, að ef frv. þetta næði fram að ganga, mundi það draga mjög úr öllum byggingaframkvæmdum, og þessu til sönnunar las hv. 1. þm. Reykv. upp kafla úr enskri bók. Vil jeg ekki draga í efa, að hann hafi lesið rjett. En fleira mun þurfa að athuga en þessa ensku bók í þessu sambandi. Hann skýrði frá því, að laun verkamanna í New-York væru þreföld við það, sem þau eru í Englandi, og má það vel vera, að ínaldið sje eitthvað skárra að sumu leyti þar vestra en hjer í Evrópu. En þetta kom frv. ekkert við. Aðalatriðið er hitt, hvort það muni rjett vera, að frv. þetta muni draga úr byggingum, ef það verður að lögum, hvort þeir, sem nú láta byggja, myndu þá leggja hendur í skaut sjer og bíða eftir þessum vildarkjörum. En eins og jeg benti á, er sett ákvæði um, hverjir skuli njóta styrks þessa, og það eru þeir einir, sem hafa undir hinu tiltekna tekju-

og eignahámarki, en þeir, sem meira eiga, koma ekki til mála. Þess vegna getur ekki verið um það að ræða, að þeir menn haldi að sjer höndum, sem ekki hafa rjett til að fá styrkinn. Það væri alveg þýðingarlaust fyrir þá. Auðvitað byggja þeir áfram sín hús. En með því að samþ. frv. er mönnum, sem nú er ókleift að koma upp húsum, gert það mögulegt, og við það aukast auðvitað byggingar í bæjunum. (**MJ:** Hvernig fer fyrir hinum, sem hafa bygt hús sín þannig, að þau yrðu „rentabel"?). Það er eins og hver önnur „forretning", sem altaf getur mislánast. Við því er ekki hægt að sjá. Ef þessir menn hefðu ekki hugsað um að hafa kjallara og súðarherbergi til að leigja öðrum, þá hefðu þeir getað dregið mikið úr byggingarkostnaði, haft húsin við sitt hæfi, ekki bygt þau til að græða á leigjendum. Annars eru engar líkur til, að ekki fáist nógir leigjendur, a. m. k. ætti hv. 1. þm. Reykv. ekki að óttast það, eftir því sem hann áðan sagði, en hitt vona jeg og tel vel farið, að leigan lækki og rýmra verði í þessum leigukytrum. Þessum tveimur hv. þm. ætti að vera það kunnugt, að flokksbræður þeirra í Ed. hafa komið fram með frv. um bann gegn íbúðum í jarðhýsum og hyggjast að geta útrýmt þeim á 20 árum. En hvað á þá að verða um fólkið, sem í þeim býr? Eitthvað verður að gera til þess að sjá því fyrir húsnæði, og fæ jeg því ekki annað sjeð en að við fim. þessa frv. og þessir hv. þm. ættum að geta verið sammála um að gera frv. þetta að lögum og banna íbúð í óhollum kjöllurum.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. forsrh. svaraði nokkrum fyrirspurnum, sem jeg hafði talað um áður, og upplýsti, að þessi 15% eigi að leggja fram af bæjarmönnum, þannig að ef bygt er fyrir til dæmis eina miljón kr., eiga þeir að leggja fram 150 þús. kr. Hversu margir geta verið saman um byggingar, er kosta 1 milj. kr., veit jeg ekki, en áreiðanlega mun verða erfitt um þessi framlög.

Að því er snertir þóknun til sjóðstjórnanna, fjelst hæstv. ráðh. á, að sanngjarnt væri að skifta því t. d. á milli ríkis og bæjar. Mjer finst, að ekki geti komið til mála að láta ríkið bera þetta eingöngu. Það mætti t. d. láta bæina bera helming. En þó finst mjer, að ekki ætti að fara lengra en svo, að þóknunin verði greidd í svipuðu hlutfalli og framlögin til byggingganna. Það virðist vera eðlilegasti grundvöllurinn.

Hæstv. ráðh. sagði, að þessar lóðir ættu að vera ódýrar, og um það er jeg honum alveg sammála, en þess ber að gæta, að þær hljóta að vera mjög stórar, hvort sem um sambyggingar eða sjerstakar byggingar er að ræða, af því að í frv. er svo ráð fyrir gert, að sjerstakur lóðarblettur fylgi hverri íbúð. Lóðirnar er því ekki hægt að hafa nema utan við bæina.

Jeg verð að taka undir með þeim, sem hafa látið í ljós undrun sína yfir því, hve mikið á að lána út á fyrsta veðrjett, alt að 85%. Það hefir ekki þótt fært í neinum öðrum fjelagsskap. Jeg skal ekki fullyrða, hvort þessu er samfara nokkur hætta, en það er ekki ólíklegt, að svo sje,

og þá er það vitanlegt, að sú áhætta kemur á ríkissjóð.

Um veðin í einstökum íbúðum skal jeg taka það fram, að það er áreiðanlegt, að ákvæðin í frv. eru ekki nægileg. Það verður að búa til heilmikinn lagabálk um þetta, ef það á að hepnast, og snúa upp og niður á gildandi lögum um veð.

En hæstv. ráðh. sagði ekkert um aðalatriðið í minni ræðu, sem sje um hlutfallið á milli sveita og kaupstaða. Jeg sagði, að kaupstaðirnir hefðu sogið merg og blóð úr sveitunum, með því að toga til sín vinnukraftinn svo gífurlega, að víða eru ekki á heimilunum nema húsbændur og börn þeirra og verða að vinna alla vinnu. Af þessu hlýtur að leiða, að sveitirnar verða aflvana gagnvart kaupstöðunum, og þess vegna hefir þingið einmitt á undanförnum árum hlaupið undir bagga með sveitunum. Það er viðurkent, að sveitirnar og kaupstaðirnir eru eins og hendurnar á mannlegum líkama. Það dugir ekki, að önnur sje máttlaus, enda hefir það eftir mínum skilningi verið tilgangur undanfarinna þinga að styrkja veikari höndina til þess að geta unnið sitt hlutverk. En sá styrkur er ekki búinn að standa nema svo skamman tíma, að ekki er við því að búast, að sá árangur hafi náðst, sem við getum vonast eftir. Hitt dylst engum, að ef farið er að styrkja betur hinn arminn, um leið og jöfn vinna er heimtuð af báðum, þá hlýtur sá veikari að gefast upp. Jeg lít því svo á, að þetta frv. sje öfugt spor við það, sem stigið hefir verið á undanförnum þingum, auk þess sem jeg sje ekki fram á, að ríkissjóður geti tekið á sig þá þungu byrði, að byggja upp kaupstaði og kauptún landsins.

Á núv. kynslóð hvílir geysiþungi. Í 1000 ár hefir ekki mikið verið gert í þessu landi, svo að það kemur á núv. kynslóð að bæta úr svo mörgu, og það hlýtur að vera aðalatriðið að taka það fyrst, sem mest er þörf á. Hæstv. ráðh. kvaðst hafa sannfærst um ágæti sinna tillagna, þegar hann sá þúsund Reykjavíkurbörn á sumardaginn fyrsta. En það eru líka til þúsund börn í sveitunum og um þau þarf ekki síður að hugsa. Jeg sá sömu börnin og hæstv. ráðh., og jeg gat ekki sjeð, að þau bæru á sjer nein merki þreytu eða úrkynjunar. Og jeg er viss um, að ef safnað væri saman þúsund börnum úr sveitunum, væru þau engu óþreyttari nje minna hjálparþurfa en kaupstaðarbörnin. Í sveitinni verða börnin að byrja að vinna snemma, og sum baki brotnu, til þess að ljetta undir með foreldrum sínum, því að oft er vinnukrafturinn enginn annar.

Mjer finst hæstv. ráðh. beygja af á sinni stefnu undanfarið með till. sínum í þessu máli.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, af hverju hv. þm. Barð. og jeg vildum ekki fylgja frv., og sagði, að við óttuðumst það, að fólkið mundi dragast úr sveitunum til kaupstaðanna. Það er alveg rjett. Þetta er aðalástæðan.

En önnur veigamikil ástæða gegn frv. er sú, að jeg get ekki sjeð, að ríkissjóður geti bætt á sig þessum útgjöldum í viðbót við aðrar byrðar, og auk þess liggur miklu nær að gera eitthvað annað, þar sem upplýst er, að bygt hefir verið fyrir um 5 milj. króna hjer í bænum síðasta

ár, eða m. ö. o. fyrir eins mikið fje og gert er ráð fyrir, að lánað verði handa byggingar- og landnámssjóðnum fyrir allar sveitir landsins. Jeg get ekki skilið í öðru en að með þessu móti fáist nægilegt húsnæði í bænum innan skamms, ef svo verður haldið áfram, og eins og stendur er engin ástæða til að ætla, að dragi úr nýbyggingum hjer í bænum.

Jeg er alveg sammála hv. þm. Ísaf. um það, að óhentugt sje að taka mörg smálán, en miklu heppilegra að taka lánin í einu lagi. En eins og frv. er nú, er vafasamt, að slíkt sje hægt, en þó ætti að vera hægt að bæta úr því með brtt.

Jeg mun þá ekki lengja umr. meira. Jeg mun greiða atkv. mitt með því, að málið gangi til 3. umr. og geng þá út frá, að málið fái rækilega athugun í nefnd. En hjer eru nú svo mörg mál skamt á veg komin, að mjer finst vafasamt, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, þótt fylgi hefði til þess. Jeg get gengið inn á að fá upplýsingar um afstöðu manna til málsins með atkvgr., eins og hæstv. forsrh. sagði. En jeg get ekki greitt málinu atkv. mitt út úr deildinni.

**Ólafur Thors:** Jeg heyrði ekki alla ræðu hæstv. forsrh., en jeg heyrði, að hann sagði, að hann hefði ekki haft nógan tíma til að athuga málið. Mjer finst mjög sennilegt, að þetta sje rjett, því að vitanlega er hæstv. ráðh. mjög önnum kafinn eins og stendur, og í öðru lagi bera handbrögð hans á brtt. þess vott. Hinsvegar taldi hæstv. ráðh., að bæta mætti úr þessu með því að athuga málið til 3. umr. Jeg er fyrir mitt leyti hræddur um, að ekki vinnist tími til að athuga málið að gagni á þeim tíma, og teldi heppilegast að athuga það til næsta þings.

Hv. þm. Ísaf. beindi sumpart orðum sínum til mín. Honum þótti rök okkar íhaldsmanna stangast, er við sögðum, að frv. væri kríli, en myndi þó draga fólkið úr sveitunum. En þetta getur ákaflega vel samrýmst. Fólkið í sveitunum myndi vænta miklu meira af þessum ráðstöfunum en rjett er, eins og vonlegt er, þar sem hv. þm. Ísaf. og aðrir samherjar hans hafa sýnt svo lítinn skilning á málinu, og þá einkum hinum tölulega grundvelli þess.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að ekki væri rjett að gera lítið úr þessum sjóðum, því að þeir gætu bygt fyrir 3 milj. kr. á 30 árum. Segjum nú, að svo löng lán fáist. Flestir efast víst um það. En þá er líka tæmt verkefni sjóðanna í 30 ár á eftir. Nú er bygt fyrir 5 milj. á ári hjer í Reykjavík. Eftir 30 ár yrði búið að byggja fyrir 150 milj. með sama áframhaldi. — Þessar ráðstafanir mættu því ekki draga úr einstaklingsframtakinu að 1/50, án þess að byggingaraukinn sje skertur.

Hitt er gersamleg hugsunarvilla hjá hv. þm. Ísaf., að byggingarefnamanna hjer í bænum hafi ekki áhrif á húsaleigu eða stuðli ekki að auknu húsnæði í bænum. Það skiftir ekki máli, hver byggir, heldur að bygt sje. Og þó að stórhýsi sjeu bygð fyrir skrifstofur eingöngu, verður afleiðingin sú, að rýmkar um hús-

næði til íbúðar. Ef þær byggingar hefðu ekki verið reistar, hefði sú þörf, er þær fullnægja, orðið að leita annað og dregið úr möguleikum fyrir húsnæði til íbúðar.

Annars rugla formælendur þessa frv. saman þörfinni á auknu og bættu húsnæði og því, að frv. kæmi þetta ráði bót á þeirri þörf. Það er hægt að þenja sig og grenja um dimmu, köldu, röku kjallaraholurnar. Það hefir enginn mótmælt því, að húsnæði hjer í bænum sje ábótavant að ýmsu leyti, en hinu hefir verið haldið fram með góðum og gildum rökum, að ráðið til að bæta úr því væri ekki í frv. eða brtt. þess.

Annars er um þetta tilfinningavæl jafnaðarmanna eins og sníkjurnar, að þeir eru sjaldan fyrstir til að grípa beiningastafinn, sem þörfin sverfur brýnast að. Það getur vel verið, að íhaldsmenn finni eins til umbótaþarfar á þessu sviði og jafnaðarmenn, sem hæst æpa um málið.

Jeg og hv. 1. þm. Reykv. höfum sýnt fram á, að hætta er á, að frv. þetta, ef að lögum verður, geri það að verkum, að húsaleiga í bænum hækki, vegna þess að það muni draga úr framkvæmdum einstaklinganna. Og jeg tel það satt að segja nægjusemi að ætla að byggja vonir sínar um umbætur á húsnæðinu á fyrirmælum frv. Ráðið til þess er, að menn fái meiri og betri lán út á fasteignir sínar en verið hefir. Að því vildi jeg stuðla, og ef þessu máli verður vísað til stj., vil jeg skora á hana að hafa þessa leið fyrir augum.

Það er með öllu rangt, að íhaldsflokkurinn vilji ekkert gera í málinu. Íhaldsflokkurinn átti góðan þátt í frv. um lánsfjelög, og jeg myndi kjósa, að lengra yrði gengið á þeirri braut.

**Jón Ólafsson:** Jeg verð að kannast við, að jeg gleymdi áðan að tala um eitt atriði, sem mjer þykir allmiklu skifta, og það er, að hvorki eftir frv. nje brtt. hæstv. forsrh. hefir aðallánveitandi trygt sjer nauðsynlegt eftirlit með þeim, sem eiga að fá 85% lánað út á hús sín, um það, að gætt sje hygginda og hagkvæmni í byggingu húsanna, en það er vitanlega alveg nauðsynlegt. Jeg vil benda á, að reynsla af samvinnufjelögum um byggingar hjer í bænum er ekki svo góð, að hún gefi góðar vonir, og því held jeg, að fylsta ástæða væri til að hafa eftirlit með því, að byggingarkostnaður hlypi ekki fram úr öllu vegna klaufaskaps þeirra, sem hlut eiga að máli, því að hjer ríður auðvitað á því, að ráðdeildarlega sje með fjeð farið.

Hv. þm. Ísaf. þóttist ekki hafa heyrt, hvort jeg væri með eða á móti málinu. Jeg hefi þegar lýst yfir því, að jeg er með því á framkvæmanlegum grundvelli. En eins og stendur vinst ekki tími til að laga þær miklu misfellur, sem á frv. eru, og litlar líkur til, að það nái fram að ganga á þessu þingi, og eins og frv. er nú, eru engar líkur til, að jeg geti fylgt því nema til 3. umr.

Hv. þm. Ísaf. var að tala um, að jeg væri að dingla rófunni utan í þetta mál. Jeg veit ekki, hvað hann á við með því, en mjer hefir ekki virst vanþörf á þeim aths., sem komið hafa fram við það. Þetta mál virðist hjer borið fram af hv. jafnaðar-

mönnum til þess eins að sýnast, en ekki til þess, að árangur verði af. Hefði svo verið, hefðu þeir vandað betur til undirbúnings málsins.

ATKVGR.

Till. frá þm. Dal. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, SE, SvÓ, EJ, JAJ, JS, MG.

nei: PO, SÁÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, JörB, LH, MJ, MT, BSv.

Þrír þm. (BSt, HK, ÞorlJ) fjarstaddir.

Brtt. 509 teknar aftur af flm.

**Pjetur Ottesen:** Ef hv. flm. (HStef) tekur brtt. sínar aftur, þá tek jeg þær upp og óska, að þær verði bornar undir atkv. nú þegar.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Flm. lýsti yfir því í gær, að hann tæki brtt. sínar aftur til 3. umr., og gat jeg þess þá, að jeg færi ekki út í þær vegna þeirrar yfirlýsingar. Þessar brtt. hafa ekki verið ræddar hjer og eiga því ekki að koma til atkv.

**Sigurður Eggerz:** Jeg vil spyrja, hvort þessar brtt. sjeu að nokkru frábrugðnar öðrum brtt., svo að ekki megi taka þær upp.

**Forseti (BSv):** Svo er ákveðið í þingsköpum, að til þess að hægt sje að taka brtt. annara þm. upp, verði að gera það á sama fundi og brtt. eru teknar aftur.

**Pjetur Ottesen:** Það er ekki rjett, að þessar brtt. hafi ekki verið ræddar hjer við 2. umr. Hv. flm. þeirra reifaði þær og jeg vjek nokkuð að þeim í ræðu. Jeg held því fastlega fram, að úr því að brtt. standa á dagskránni, hafi forseti ekki vitað um, að þær hafi verið teknar aftur, og krefst þess því, að brtt. sjeu bornar undir atkv.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg skal geta þess, að jeg gegndi forsetastörfum, er hv. 1. þm. N.-M. tók brtt. sínar aftur, og heyrði jeg hann taka það fram í ræðu sinni.

**Forseti (BSv):** Jeg vil leyfa mjer að kveðja hæstv. 2. varaforseta (JörB) til að stjórna fundi og fella úrskurð í þessu máli, af því að honum er kunnara, hvað fram hefir farið.

**Halldór Stefánsson:** Jeg vil aðeins geta þess, hvernig þessi afturköllun brtt. minna fór fram. Hv. 2. þm. Reykv. bar fram í ræðu þau tilmæli, að jeg tæki aftur brtt. mínar til 3. umr., og játaði jeg því stundarhátt úr sæti mínu. Skal jeg ekki um dæma, hve formlegt það hefir verið, en jeg get þessa til leiðbeiningar fyrir hæstv. forseta. Jeg skal og geta þess, að það er ekki allskostar rjett, að ekki hafi verið rætt um till. Jeg hafði reifað þær, er jeg tók þær aftur, og hv. þm. Borgf. mintist nokkuð á þær, en vel má vera, að einhverjir hafi látið hjá líða að ræða þær vegna þess að jeg kvaðst taka þær aftur.

**Pjetur Ottesen:** Jeg vil benda á

það, úr því að forsetaskifti hafa nú orðið hjer, að sá forseti, er þá stýrði fundi, ber ábyrgð á dagskránni og hefir búið hana til. Það er því hæstv. 2. varaforseti (JörB), sem hjer á til sakar að svara.

**Magnús Torfason:** Samkv. 40. gr. þingskapanna, sem ræðir um, að brtt. megi kalla aftur á hverju stigi umr. sem vill, þá er hverjum þm. aðeins heimilt að taka hana jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Þó að þessi brtt. hafi slæðst á dagskrá í dag fyrir sakir ókunnugleika skrifstofunnar, þá getur það ekki haft áhrif á þessi ákvæði þingskapanna.

**Jón Sigurðsson:** Jeg vil benda á það, að hæstv. forseti feldi úrskurð á þinginu í fyrra í samskonar þrætu og hjer liggur fyrir. Mig minnir, að það væri í umr. um fjárl., en það skiftir ekki miklu máli. Jeg hafði þá tekið upp till. annars þm. og forseti úrskurðaði, að hún skyldi berast undir atkv. Með þeim úrskurði er fengið fullkomið fordæmi fyrir því, sem hjer liggur fyrir.

**Pjetur Ottesen:** Jeg vil, út af orðum hv. 2. þm. Árn., benda á, að það er forsetinn, sem ber fullkomna ábyrgð á dagskránni og því, hvað á hana er sett, en ekki skrifstofan.

**Forseti (JörB):** Ákvæði 40. gr. þingskapanna um þetta efni eru skýr og ótvíræð og eru á þessa leið:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla".

Nú er ekki einungis, að það sje annar fundur en þegar þessar brtt. voru teknar aftur, heldur hefir liðið dagur á milli. Þessi fundur er því 2. eða 3. fundur síðan till. voru teknar aftur af flm. þeirra. Á þessu atriði veltur mest, og úrslitin hljóta að falla samkv. því.

Út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, skal jeg geta þess, að þá var um alt annað að ræða. Till. sú, sem þá var tekin aftur, var að vísu ekki tekin samstundis upp, en það var þó gert aðeins síðar á sama fundi, áður en til atkv. var gengið.

Jeg úrskurða því, að brtt. á þskj. 509 og 519 komi ekki til atkv. nú við þessa umr.

Skrifstofan semur dagskrá og útbýr þær, án þess að forseti hafi í hvert sinn fylgst með því, hvernig frá þeim er gengið. Og þingskjalsnúmer að þessum brtt. hefir af vangá slæðst inn á dagskrána.

**Pjetur Ottesen:** Það þýðir vitanlega ekki að deila við dómarann; úrskurðurinn er þegar fallinn. En afleiðing þessa úrskurðar er sú, að deildarmenn geta í hverju einstöku tilfelli ekkert mark á því tekið, hvað á dagskránni stendur, þegar svo er, að hæstv. forseti lýsir yfir í miðjum umr. og þegar að atkvgr. er komið, að einstakir hlutar mála, sem á dagskránni standa, eigi þar ekki að vera og tekur þá þar af leiðandi fyrirvaralaust út af dagskránni. Það fer þá að verða harla lítið úr þeirri ábyrgð, sem forseti ber á dagskránni.

**Ólafur Thors:** Það er algengt, að forseti gerbreytir dagskrám, bæði að því er snertir röð mála á dagskrá og hvernig þau eru lögð fyrir til umr. Þess vegna er ekki hægt fyrir forseta að skjóta sjer undir skrifstofuna um ábyrgð á því, hvernig gengið er frá dagskrám funda. Enda ber hann sjálfur ábyrgð á því.

**Forseti (JörB):** Það var óþarfi af hv. 2. þm. G.-K. að endurtaka það, sem hv. þm. Borgf. sagði; það skildist fullvel. Það er vitanlegt, að forseti hefir fulla heimild til að breyta dagskrá eins og honum sýnist og leiðrjetta hana, þegar þess þarf með. Enda hefir það ætíð viðgengist svo átölulaust hjer til. Enda er ekki unt að komast hjá því. Það er alkunna, að oft koma fram till. við mál eftir að dagskrá er samin, en þeirra till. er auðvitað þá ekki getið á dagskránni. Enginn mun þó vilja efast um, að dagskráin sje í sínu gildi. Afbrigða er þá aðeins leitað fyrir þeim till., er of seint koma fram. — Stundum er líka á dagskrá vitnað til númera á þingskjölum, sem ekki eiga við það mál. Er forseti þá vanur að leiðrjetta slíkt, og hefir enginn þm. hjer til amast við slíku, svo jeg viti.

Að öðru leyti þýðir ekki að deila um þessar brtt. Þau skjöl, sem þeim tilheyra (509 og 519) eru nú afturkölluð, samkv. þeim úrskurði, sem jeg nú þegar hefi gefið.

**Pjetur Ottesen:** Svo framarlega sem forseta hefði verið um það vitað, að þau skjöl, sem snerta þessar brtt., hefðu ekki átt að standa í dagskránni, þá hefði átt að afturkalla þau í fundarbyrjun. En þar sem það var ekki gert, þá verður að telja það hringl, sem hjer á sjer stað, þó hæstv. forseti eigi í hlut, markleysu eina, og ber því að sjálfsögðu að halda því fram, að hæstv. forseti sje ekki að gabba dm. með dagskránni.

**Bjarni Ásgeirsson:** Jeg vil vekja athygli á því, að það hefir oft verið tekið fram í umr. hjer í dag, að þessar brtt. hv. 1. þm. N.-M. væru aftur teknar, þannig, að ekki væri ástæða til að ræða um þær nú. Bæði jeg og nokkrir aðrir hv. þdm. höfum talið þetta afgert; að öðrum kosti hefði jeg a. m. k. tekið til máls um þessar brtt. En þær hafa ekkert verið ræddar af þdm. á þessum fundi og þingheimur því með þögninni tjáð sig því samþykkan, að þær væru ekki á dagskrá, þó að láðst hefði að taka út af henni þingskjalsnúmerin. Að tillögurnar hafi verið aftur teknar á síðasta fundi, hefir nú verið viðurkent af hv. flm. þeirra.

**Pjetur Ottesen:** Jeg hefi engan heyrt minnast á það í umr. hjer í dag, að þessar brtt. væru aftur teknar. Jeg hefi í mínum ræðum talað um þessar till. jafnframt frv., og sama hafa aðrir dm. gert, og beinlínis gengið út frá því, að þær kæmu hjer til atkv. við þessa umr., eins og aðrar till. og gr. þessa máls. Þessi aðferð, sem hjer er viðhöfð, er gersamlega óþingleg.

**Ólafur Thors:** Jeg vil benda hv. þm. Mýr. á, að það er þarflaust að deila um, hvort brtt. hafi verið hjer

til umr. í dag. Það er öllum hv. þdm. ljóst, að svo hefir verið. Um hitt er deilt, hvort heimilt sje að taka þær upp og krefjast atkv. um þær á þessum fundi, með þeim rökum, að úr því þær eru tilgreindar á dagskránni, gildi einu, þótt flm. hafi tekið þær aftur á síðasta fundi.

**Forseti (BSv):** Jeg vil gefa þá skýringu, að það hefir ekki verið bókað í fundarbókinni, að þessar brtt. hafi verið afturkallaðar; og þess vegna hafa þær slæðst með inn á dagskrána. Jeg segi þetta aðeins til þess að upplýsa málið. Það hafa nú þegar farið fram ærnar umr. um þetta, en af því að það er laugardagskvöld, þá mega þdm. gjarnan veita sjer þá skemtun að halda umr. áfram.

**Pjetur Ottesen:** Hæstv. forseti vildi veita þdm. þá skemtun að halda áfram þessum umr. Það má mikið vera, ef þeim forsetunum þykir skemtun að þessu; öðrum þykir það áreiðanlega ekki.

Mjer skilst, að það sje nú viðurkent af hæstv. forseta, að sá forsetaúrskurður, sem hjer er fallinn, muni eigi aðeins vera gagnstæður dagskrá þessa fundar, heldur og fundarbókun frá síðasta fundi. Þetta gefur fullkomið tilefni til þess, að þingmenn samþykki ekki blindandi bókun fundargerða, eins og venja hefir verið til.

**Magnús Jónsson:** Það er ekki venjulegt að bóka það, að till. sjeu teknar aftur, fyrri en komið er að atkvgr. og úrslitum dagskrármála. Jeg held, að ekkert atriði líkt þessu hafi orðið hjer til ágreinings fyrr. — Annars ber jeg ekki ábyrgð á því, hvernig gengið er frá bókun fundargerða, heldur hæstv. forseti.

**Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson):** Jeg skal gjarnan bera vitni um það, að hv. 2. þm. Reykv. mæltist til þess við hv. 1. þm. N.-M., að hann tæki till. sínar aftur til 3. umr. En jeg heyrði ekki hv. 1. þm. N.-M. gera það. Þó má vel vera, að það hafi farið framhjá mjer.

**Forseti (BSv):** Þessu má bjarga á þann hátt að leita afbrigða frá þingsköpum um það, hvort þessar till. megi ekki koma undir atkv. nú. Úrskurður hæstv. varaforseta er rjettur samkv. ákvæðum þingskapa, og framhjá þeim verður eigi komist, nema leitað sje afbrigða og þau heimiluð. Og skal það gert, ef fram koma óskir eða kröfur um það. (**ÓTh:** Það er að gefa þdm. steina fyrir brauð).

**Ólafur Thors:** Jeg vil spyrja hæstv. forseta, hvernig hann skilji 43. gr. þingskapa. Þar stendur: „Getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá". — Þetta eru þær heimildir, sem forseta eru fengnar með þingsköpunum. En hjer er hvorki um að ræða að breyta röð nje taka mál af dagskrá. Hjer á aðeins að taka nokkurn hluta máls af dagskrá. Er það heimilt?

**Forseti (BSv):** Hjer verða ekki kveðnir upp tveir úrskurðir, hvor of-

an í annan. Það er skýlaust, að brtt., sem tekin er aftur, verður að taka upp á sama fundi, ef duga skal. En jeg hefi boðið til samkomulags að leita afbrigða frá þingsköpum um það, að þessar brtt. megi verða bornar undir atkv. nú.

**Sigurður Eggerz:** Mjer skildist, að það hefði ekki verið sannað í umr., að þessar till. hefðu verið teknar aftur á síðasta fundi. En nú hefir verið upplýst, að ekkert sje um það bókað; þá skilst mjer, að eitthvað sje bogið við úrskurðinn, þar sem hann er bygður á þessu. En hann er nú upp kveðinn, og við því verður ekkert gert. (**Forsrh.**: Það er sannað, að till voru teknar aftur).

**Forseti (BSv):** Út af því, sem hv. þm. Dal. sagði, skal jeg taka það fram, að það sannar ekkert, þó að um þetta hafi ekki verið bókað. Annars er þýðingarlaust að þrefa lengur um þetta. Það verður ekki kveðinn upp annar úrskurður.

**Pjetur Ottesen:** Jeg vil vekja athygli á þessum orðum hæstv. forseta, þar sem hann segir, að það þýði ekki að kveða upp annan úrskurð. Jeg skil þetta þannig, að hann mundi hafa kveðið upp öðruvísi úrskurð um þetta efni en hæstv. 2. varaforseti hefir gert.

**Forseti (BSv):** Til þess að enginn tapi rjetti sínum, þá tek jeg málið út af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

**Forseti (BSv):** Jeg skal geta þess út af því, sem gerðist hjer í deildinni á laugardagskveld, að jeg vildi gjarnan hliðra til við hv. þm. Borgf., svo að brtt. hans mættu koma til atkv. En það var eigi unt á annan veg en þann, að fá þar til leyfi um afbrigði frá þingsköpum, úr því sem komið var, með því að úrskurður hæstv. varaforseta (JörB) verður að teljast fullkomlega rjettur og þingsköpum samkvæmur. Það er óheimilt að taka brtt. upp eftir að umr. er slitið, nema hún hafi þá fyrst verið tekin aftur. Jeg get því, að þessu athuguðu, ekki orðið við tilmælum hv. þm. Borgf. Þá liggur fyrir að greiða atkv. um frv. og hinar einstöku brtt., sem fram hafa komið.

**Jörundur Brynjólfsson:** Jeg vil vekja athygli hæstv. forseta á því, áður en gengið er til atkv., að dagskráin er ekki að öllu leyti rjett. Á hana vantar sem sje frv. á þskj. 37, sem brtt., sem getið er á dagskránni, eru stílaðar við, og jeg vil biðja hæstv. forseta að gæta þess um leið og atkvgr. fer fram. Jeg geri ráð fyrir, að forseti hafi rjett til að leiðrjetta dagskrána nú eins og hingað til. Þeirri venju hefir hingað til verið haldið, þó mjer heyrðist síðastliðinn laugardag á sumum hv. þm., að slíkt mætti ekki; en jeg býst nú samt við, að sá háttur verði ekki upp tekinn, en að forseti leiðrjetti dagskrá, þegar þess þarf, hjer eftir sem hingað til.

**Forseti (BSv):** Rjett athugað — verður þá gengið til atkvæða.

ATKVGR.

Brtt. 429,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HStef, HJ, HG, HV, IngB, JAJ, JÓl, JörB, MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BSv.

**nei:** HK, JS, MG, PO, SE, EJ.

LH, MJ, SvÓ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (GunnS, JJós, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 429,2 (ný 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 429,3 (ný 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 429,4 (ný 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 429,5 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 429.6 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 429,7 (ný 7. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 429,8 (ný 8. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 429,9 (ný 9. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr. tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 547, 558, 569, 590).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 590. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Jón Ólafsson:** Jeg hefi leyft mjer að bera hjer fram nokkrar brtt.; varð jeg heldur seinn með þær, því málið hefir verið tekið á dagskrá með svo stuttu millibili og helgidagur komið inn á milli; verð jeg því að beiðast afsökunar.

1. brtt. fer fram á að orða um 1. gr. Samkv. frv. var ekki opin leið fyrir alla þá, er koma ættu til mála með að fá þennan styrk til bygginga. En sjálfsagt er, að allir borgarar eigi þess jafnan kost, ef þeir að öðru leyti uppfylla skilyrði frv.

Þá er það nokkuð einhliða, að atvmrh. hafi einn óskorað vald til að segja til um, hvort þörf væri á aðstoð þeirri, sem frv. veitir. Með brtt. verður tryggilegar um þetta búið, þar sem ákveðið er, að 5 manna nefnd, kosin hlutbundnum kosningum af bæjarstj., fari höndum um þetta mál áður en það er lagt fyrir viðkomandi ráðuneyti. Með þessu fæst og bestur spegill af vilja bæjarmanna, og er rjett og sjálfsagt að láta viðkomandi bæjareða kauptúnsráð hafa fullan íhlutunarrjett um það, hvort þetta verði á þá lagt. Þetta þykir mjer aðalatriðið í gr., og því legg jeg áherslu á, að því verði breytt í þá átt, er jeg hefi hjer lagt til.

En svo hefi jeg leyft mjer að koma með 2 brtt. við 5. gr. Er önnur um það, að í 3. tölulið komi 3500 kr. í stað 5000 kr. árstekjur. Virðist mjer eins og til þessara sjóða er stofnað, og með ekki meiri framlögum en ætlast er til, að þeir muni hafa ærið að starfa hjá borgurum, er hafa minni

tekjur en 3500 kr. Er því rjett að miða við 3500 kr. árstekjur. Og ef peningar næðu hærra verðgildi en þeir nú hafa, þá má búast við, að enn fleiri kæmust þarna undir. Þetta er ekkert aðalatriði, hvort tekjur styrkþega mega nema 3500 kr., 4000 kr. eða 5000 kr., ef hjer væri um nægilegt fje að ræða. En jeg þykist sjá, að með því að miða við 5000 kr. muni verða of mikil aðsókn af þeim mönnum, er töluverð ráð hafa. Hinsvegar eru það margir verkamenn og verslunarmenn, er ekki hafa 3500 kr. árstekjur, en mundu þó geta klofið það að greiða 15% andvirðis, með aðstoð vina sinna og vandamanna.

Þá vil jeg, að 4. liður 5. gr. sje ákveðnari heldur en hann er í frv. Þar stendur, að „íbúðirnar sjeu falar fjelagsmönnum", en jeg vil orða það svo, að íbúðirnar sjeu **seldar** fjelagsmönnum. Þetta álít jeg hyggilegra að því leyti, að þá eru altaf trygðir kaupendur að því, sem bygt verður. Það kemur í veg fyrir, að byrjað verði að byggja án þess að hafa trygt sjer kaupendur, en það tel jeg aðalatriði.

Þá legg jeg til, að 9. gr. verði orðuð um. Þar er tiltekið, að ríkisstj. skuli láta gera uppdrætti að húsum fjelagsmanna, bæði sjerbyggingum og sambyggingum. Þetta er ákveðið í frv., og tel jeg það hyggilegt. En það var annað, sem ekki er tekið fram, sem er þó nauðsynlegt, og það er um eftirlit, sem með byggingunum þarf að hafa. Það vita allir, að hagsýni manna er misjöfn, og gætu því byggingar orðið óeðlilega dýrar, en þó með sannvirði. Nú er það tilskilið í þessu frv., að menn fái 85% kostnaðarverðs út á 1. veðrjett, og gætu því á þennan hátt, sem jeg hefi hjer nefnt, orðið ljelegar tryggingar. Því er sjálfsagt fyrir bæjarstjórnir, og auðvitað líka ríkisstjórn, að hafa glögt eftirlit með því. Það er hægt að gera byggingar það dýrari, sem svarar þessum 15%, sem greiða á, og þá vandast málið fyrir ríkið og bæina, sem geta þá setið í ábyrgð fyrir 85% af kostnaðinum. Jeg vona, að hv. þdm. skoði þetta mál frá sama sjónarhól og jeg og sjeu mjer samdóma í því, að svo best er af stað farið með þetta mál, að tryggilega sje um hnútana búið.

**Halldór Stefánsson:** Við 2. umr. þessa máls lýsti jeg brtt. mínum á þskj. 569, og því get jeg verið stuttorður að þessu sinni. Við þá umr. virtist það koma fram, að menn væru því fylgjandi að færa starfssviðið líka út til kauptúnanna. Jeg vildi svo einungis vekja athygli á því sambandi, sem er á milli till. minnar um lækkun hins opinbera styrks og hækkun afborgana og vaxta. Ef sú brtt. mín verður samþ., verður sá ávinningurinn, að útgjöld hins opinbera lækka um helming, en sömu framkvæmdir verða gerðar og frv. ætlast til. Að því leyti, sem till. mínar eru orðabreyt., sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það, því að það eru engin höfuðatriði.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Jeg vil þakka hv. 1. þm. N.-M. fyrir að hafa beðið með brtt. sínar, svo að hægt væri að athuga þær. Jeg sje ekkert á móti því, að þær sjeu samþ., að undanteknum tveimur; það eru þær, sem fjalla um framlag bæjar-

sjóða og vextina. Jeg hygg, að hv. þm. hafi ekki athugað þær afleiðingar, sem þetta hefði í för með sjer. Það er enginn hagnaður að geta bygt jafnt og áður, með hækkun vaxta og lækkun hins opinbera framlags til verksins. Það, sem menn verða að keppa að, er að gera íbúðirnar ekki of dýrar fyrir verkamenn, þannig, að þeir geti risið undir þeim. Það er í rauninni ekki gott að segja án undangenginnar rannsóknar, hvað þeir geta staðið straum af miklu, en jeg hygg, að ef renturnar væru hækkaðar svona, myndi íbúðin kosta um 70—80 kr. á mánuði, en það er ofvaxið fyrir þá, sem hafa ekki nema 200—300 kr. í kaup á mánuði. Það er gengið út frá því í Reykjavík víðast, að húsaleigan megi ekki fara upp úr 20—25% af tekjum manna, en ef hún fer fram úr því, verður það afarþungur baggi. Ef þetta á að koma að gagni, má húsaleigan ekki vera meiri en 50—60 kr. á mánuði, að meðtöldum vöxtum. Um 10 kr. á mánuði hverjum munar verkamenn mikið, og það væri sama og að klippa neðan af alla þá, sem helst þurfa þessa með. Því vil jeg skora á hv. þdm. að greiða atkv. á móti þessari till.

Þá vil jeg snúa máli mínu til hv 3. þm. Reykv. og þakka honum fyrir undirtektirnar, enda er hann í bæjarstj. og hefir kynst mikið högum verkamanna. Jeg get eftir atvikum að mestu leyti fallist á hans brtt., en jeg hygg, að skrifleg brtt. sje á leiðinni þar sem 4000 kr. eru settar í stað 3500 kr., og muni hann aftur fallast á hana. Hvað viðvíkur uppdrættinum og eftirlitinu, þá eru þær till. til bóta. Eins er ekki nema sjálfsagt, að hægt sje að leita til einhverrar nefndar, sem gefur upplýsingar um kostnað bæjar- og sveitarsjóða við þetta verk, en jeg hygg, að skrifleg brtt. sje á ferðinni, sem miðar að því, að það sje komið undir dómi atvmrh., vegna þess að ríkissjóður ber ábyrgð á verkinu, og skylt sje að framkvæma verkið eftir fyrirmælum hans.

Þá kem jeg að brtt. hv. 2. þm. Árn., á þskj. 558, við 6. gr. Mjer finst hún í sjálfu sjer smávægileg, og það ætti að leiða af sjálfu sjer, að byggingarsjóður greiði annan kostnað, sem af verkinu leiðir, en þrátt fyrir það hygg jeg, að ekki þurfi neina sjerstaka skrifstofu til þess að annast þessi mál.

**Jörundur Brynjólfsson:** Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vildi segja. Jeg hefi hugsað mjer að koma fram með brtt. við brtt. á þskj. 590, en hún mun verða skrifleg, þar sem naumur tími er fyrir hendi.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir flutt hjer nokkrar brtt. og á þær get jeg fallist, nema 1. liðinn. Jeg kynni betur við, að þeir menn, sem meta þörfina fyrir byggingum í kaupstöðum, skjóti áliti sínu til atvmrh., enda virðist mjer það nauðsynlegt, þar sem ríkissjóður leggur fram fje til verksins og er ábyrgur fyrir því. Annað vildi jeg ekki sagt hafa, en vil aðeins óska þess, að afbrigði verði leyfð viðvíkjandi þessari brtt. minni.

**Magnús Guðmundsson:** Það rignir nú svo niður brtt. við þetta frv., að það er erfitt að átta sig á þeim í svipinn, en þó hefir mjer virst, að þær sjeu yfirleitt til bóta. Brtt. hv. 3. þm. Reykv. eru áreiðanlega sanngjarnar,

ekki síst með þeirri brtt., sem hv. 1. þm. Árn. hygst að koma með. Hv. 3. þm. Reykv. gerir ráð fyrir, að bygt verði yfir alla, sem hafa undir 3500 kr. tekjur, en undir það fellur fjöldi manna, eins og t. d. verslunarmenn og jafnvel mikill hluti bæjarbúa. Þetta má reyndar telja sanngjarnt, ef á annað borð er farið inn á þessa braut, en jeg álít, að ríkissjóður reisi sjer hjer hurðarás um öxl með þessu. Við höfum tekið við landinu í niðurníðslu og höfum altaf verið að leitast við að rjetta það við, og við verðum að varast að leggja á svo tæpt vað sem þetta, að ætla okkur að fara að byggja yfir kaupstaðabúa yfirleitt. Þetta virðist því minni þörf, þar sem svo mikið hefir verið gert að byggingum eins og raun ber vitni um síðastliðin ár. Þetta getur líka verið stórhættulegt, ef fólk streymir til bæjanna í þeirri tálvon, að það fái þar ágætt húsrúm fyrir lítið verð. Jeg álít sjálfsagt að samb. till. hv. 1. þm. N.-M., ekki síst þar sem sum kauptún eru nú orðin stærri en sumir kaupstaðir. Jeg get ekki heldur álitið, að neitt sje á móti því að lækka hið opinbera framlag, því að við verðum að athuga, hvernig ríkissjóður er staddur. Nú eru ýms frv. á döfinni, sem gera það að verkum, að ríkið verður að taka stærra lán heldur en nokkru sinni áður, en það sýnir, í hvaða stórræðum við stöndum nú. Það var um það rætt við 2. umr., að betta mál yrði tekið til ítarlegrar athugunar fyrir 3. umr., en jeg held, að ekki hafi mikið orðið úr því; í það minsta ekki í nefnd, því að árangurinn af störfum meiri hl. eru brtt. á þskj. 558, sem mönnum má standa alveg á sama um. Þetta sýnir, hversu mikil ljettúð er sýnd við afgreiðslu málsins gagnvart ríkinu. Ríkissjóði er m. a. ætlað að launa stj. sjóðanna, í stað þess að bæjar- eða sveitarsjóðir ættu í það minsta að greiða helming launa fyrir þessi störf. Það var tekið vel í það við 2. umr., en meiri hl. n. hefir ekki þóknast að taka það til greina. Framsóknarflokkurinn hefir á undanförnum þingum haldið fram hlut sveitanna, og jeg verð að segja, að jeg álít það hrein svik við þá stefnu, ef frv. þetta verður samþ. og þess vegna ekki hægt að efla hag sveitanna eins og tilætlunin hefir verið. Þetta er heldur ekki til verulegra gæða fyrir kaupstaðina sjálfa, því að það er bert, að kaupstaðirnir geta ekki lifað og blómgast, nema sveitirnar dafni að sama skapi. Jeg vil að endingu geta þess, að jeg mun greiða atkv. með öllum brtt., en á móti frv.

**Halldór Stefánsson:** Hv. frsm. og flm. mælti eindregið á móti tveimur brtt. mínum, nefnil. um lækkun á framlagi hins opinbera og hækkun afborganna. Jeg hefi áður lýst sambandinu á milli þessa, að þrátt fyrir lækkun hins opinbera styrks eru möguleikar til framkvæmda að engu leyti rýrðir. Það, sem mjer virðist alt velta á, er það, hvort kjörin sjeu of erfið fyrir þá, sem eiga að njóta þeirra. Hjer er um stórkostlegar bætur að ræða frá því, sem áður var, því að nú geta menn fengið 85% af húsverðinu, í stað 35%, sem fjekst í veðdeildinni. Ennfremur ber að gæta þess, að bæði í vexti og afföll þarf ekki að greiða nema 6%, og svo fá húseigendur ódýrari lóð en þeir hafa fengið til þessa.

Þá er ætlast til, að sjeð verði fyrir, að byggingarfjelögin eigi kost á ódýrari lóðum en alment gerist, eða svo ódýrum sem völ er á. Og að síðustu þarf að vera ljóst fyrir byggingarfjelögunum, að leitað sje allra ráða til þess að byggingarkostnaður verði sem minstur, og þeim árangri ætti best að verða náð með sameiginlegum framkvæmdum og hagsýnilegri vinnuháttum en gerast hjá einstaklingum. Jeg vil í þessu sambandi skjóta því fram, hvort hinn hái byggingarkostnaður, sem nú er, liggi ekki að miklu leyti í því, að þeir, sem framkvæma verkið, ætli sjer mikinn hagnað af því. Jeg get því ekki betur sjeð en að sjóðurinn bjóði miklum mun betri kjör en mönnum er nú kleift að fá, þótt till. mínar verði samþ. Og ef verkamenn geta ekki hagnýtt sjer þessi kjör, hvernig fara þeir þá að standa straum af því að búa í húsum, sem reist eru með langtum verri skilyrðum, og gjalda þar dýra húsaleigu? Jeg get því ekki sjeð, að brtt. mínar ættu að draga hið minsta úr framkvæmdum byggingarfjelaganna, enda þótt þær skapi þeim ekki eins góð kjör og til var ætlast í frv., því að þau eru þó altaf stórum betri en kostur er á ella.

Hv. 1. þm. Skagf. virtist vera á móti málinu í hvaða mynd sem væri, vegna kostnaðar hins opinbera. Jeg vil benda á það, að ef gengið er að till. mínum, verður þessi kostnaður hóflegur og þarf ekki að valda miklu í svo stórum sjóði sem ríkissjóður er, en getur þó orðið til hagsbóta á ýmsan hátt. Jeg álít, að ekki megi setja þetta tiltölulega litla framlag ríkissjóðs fyrir sig, úr því að það bætir að nokkru leyti úr þessu mikla vandræðamáli, húsnæðismálinu.

**Forseti (BSv):** Hjer eru fram komnar tvær skriflegar brtt., önnur frá hv. þm. Ísaf. og hin frá hv. 1. þm. Árn., og verður að leita afbrigða um þær, til þess að þær megi koma til umræðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. (verða þskj. 604 og 605) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Sveinn Ólafsson:** Mjer þykir hlýða að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg hefi að vísu áður gert það óbeint, er jeg greiddi atkv. með því að vísa því til stj. við 2. umr. Jeg mun gera hið sama við þessa umr., en geri þó ráð fyrir að fylgja brtt. hv. 1. þm. N.-M., því að ef frv. verður á annað borð samþ., tel jeg það betur komið í því formi, er brtt. miða að. Sama er að segja um brtt. á þskj. 590, frá hv. 3. þm. Reykv. En með málinu get jeg ekki greitt atkv. út úr deildinni, og ástæðan til þess er sú, að með þeirri stofnun, sem hjer er gert ráð fyrir að koma á fót, er verið að efna til samkepnisstofnunar við byggingar- og landnámssjóð, samkepnisstofnunar, er hlýtur að vinna gegn stefnu þess fyrirtækis og hafa skaðlegar afleiðingar fyrir þann tilgang, sem byggingar- og landnámssjóður stefnir að.

Jeg veit og viðurkenni, að byggingar í kaupstöðum og kauptúnum eru víða lakari en vera skyldi og að kjör manna í þessum íbúðum eru ekki góð. En hitt veit jeg líka, að íbúðir manna í kaup-

stöðum eru yfirleitt betri en íbúðir í sveitum, og í sveitunum kallar þörfin fyrst að til umbóta á þessu sviði.

Mig minnir, að veðdeildir Landsbankans sjeu búnar að gefa út vaxtabrjef fyrir um 20 milj. króna í öllum 8 flokkum. Af þessum 17—20 miljónum hefir langmestur hlutinn gengið til að byggja upp Reykjavík og aðra bæi landsins að einhverju leyti.

Það hefir verið upplýst hjer, að bygt hafi verið fyrir 5 milj. króna í Reykjavík síðastl. ár. Flest þessi hús eru ætluð til íbúðar, og virðist því líklegt, að fljótlega rakni úr húsnæðisvandræðunum með slíku áframhaldi. En ef þörfin er eins brýn og af er látið, þá er önnur leið miklu líklegri og eðlilegri til að bæta úr húsnæðiseklu en að stofna þennan byggingarsjóð. Og sú leið er að taka aftur upp húsaleigulögin og hafa hemil á gerðum þeirra manna, sem selja hús á leigu með okurvöxtum. Þetta er leið, sem jeg mundi fúslega fylgja, að farin yrði, ef þörf þætti á. (**MJ:** Þar fundu þeir púðrið). En frv. get jeg ekki stutt, hve feginsamlega sem jeg hefði viljað bæta kjör þeirra, sem við erfiðust húsnæðiskjör eiga að búa í bæjunum.

Þetta vildi jeg sagt hafa, til að gera grein fyrir atkv. mínu, en að öðru leyti get jeg gert að mínum orðum ummæli hv. 1. þm. Skagf. um þá rjettlætiskröfu, sem sveitirnar ættu á því að sitja fyrir stuðningi hins opinbera til þess að bæta íbúðir sínar. Það var einnig rjettilega til þess bent hjá honum, að sveitirnar gætu blómgast, þótt bæirnir færu í auðn, en hitt er jafnvíst, að bæirnir komast ekki af án sveitanna. **Sveitirnar hafa alið þrótt og gáfur þjóðarinnar frá landnámstíð** og skilað henni fram að þessum tíma með fullu þreki, þótt hagur þeirra hafi oft erfiður verið. En það er meira en vafasamt, að bæirnir inni það starf jafnvel af hendi á komandi öldum.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Hv. 1. þm. Skagf. byrjaði ræðu sína á því að tala um, að jeg væri á móti því, að ákvæði frv. næðu til kauptúna. Jeg tók það einmitt fram við 2. umr., að jeg gæti fallist á till. hv. 1. þm. N.-M. um þetta, en tók fram um leið, að vandkvæði gætu verið á, að sama fyrirkomulag ætti við í þessum efnum í kaupstöðum og kauptúnum. En jeg hefi alls ekki á móti því, að kauptúnin nái sömu byggingakjörum og kaupstaðirnir, heldur tel það sjálfsagt. Í stórum kauptúnum tel jeg víst, að sama fyrirkomulag gæti átt við sem í kaupstöðum, en í smærri kauptúnum geri jeg ráð fyrir, að samvinnufjelagsskapur eða að kauptúnin bygðu sjálf svo sem eitt hús á ári, eða annaðhvert ár, sje með öllu óframkvæmanlegt. Jeg vil þó ekki tefla málinu í hættu með því að leggjast á móti brtt. eins og hún er orðuð, en geri ráð fyrir, að síðar muni reynslan sýna, að aðra leið verði að fara þar.

Þá spilaði hv. 1. þm. Skagf. sína venjulegu grammófónplötu um það, að þetta frv. eyddi sveitirnar. Jeg er hissa á, að hv. þm. skuli álíta hv. þdm. svo fáfróða, að hann bjóði þeim þau rök, að þótt mönnum sje gert lífvænlegra að lifa í kaupstöðunum, þá þurfi það að eyða sveitirnar. Það er mikil trúin á sveitunum, sem hann hefir! Jeg veit ekki betur en að byggingar- og landnámssjóður veiti bændum þau kjör, sem þeir geta búist við að fá

best, og betri en þetta frv. um verkamannabústaði, og því get jeg ekki skilið í, hvers vegna er verið að öfundast yfir þessari litlu hjálp til verkamanna, þar sem kunnugt er, að byggingar- og landnámssjóður á fyrst og fremst að ganga til að bæta íbúðirnar í sveitum.

Jeg hefi hjer útdrátt úr skýrslu um húsnæði í Reykjavík, sem Gunnar Viðar hagfræðingur hefir verið að vinna úr með aðstoð undanfarið fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur. Þessi skýrsla sýnir, að um 2000 íbúðir í Reykjavík eru 1—2 herbergi án eldhúss eða ásamt eldhúsi með öðrum, og í þessum íbúðum búa um 5000 manns. 1700 þessara íbúða eru í loftherbergjum eða kjallaraholum, sem að dómi lækna og allra mannúðarmanna eru óhæfar til íbúðar og hljóta að leiða til meiri eða minni tortímingar fólks þess, sem þar býr. Jeg get því ekki kallað það annað en fullkomið samviskuleysi hjá hv. 1. þm. Skagf. og hans fylgifiskum að vilja láta afskiftalaust, hvernig fólki líður í bæjunum. Jeg held, að allir hljóti að fallast á, að eitthvað verði að gera til að bæta úr þessu, sem er einhver svartasti bletturinn á þjóðskipulagi okkar.

Hv. 1. þm. S.-M. söng sama söng sem hv. 1. þm. Skagf. að nokkru leyti, og skal jeg ekki fara nánar út í þá sálma, en jeg get ekki sjeð, að af því hljóti að leiða samkepni við byggingar- og landnámssjóð, þó að lánað sje úr öðrum sjóði til bygginga í kaupstöðunum. Hvers vegna þarf að halda fólki í sveitunum með því að láta fólk lifa eins og skepnur í bæjunum? Þetta er í meira lagi níðingslegur hugsunarháttur.

Jeg veit, að hægt er að benda á aðrar leiðir til þess að gera verkamönnum kleift að byggja yfir sig, og eitt ráðið er í sjálfu sjer eðlilegast, það, að verkamenn efli svo samtök sín, að þeim verði kleift, með eða án verkfalla, að hækka kaupgjald sitt til stórra muna, svo að þeir geti bæði hjálparlaust bygt yfir sig sómasamlegt húsnæði og goldið þá leigu, sem slíkt húsnæði krefur nú. En mikið má vera, ef þeir menn, sem fastast ganga fram gegn þessu máli, eru fremur hlyntir því, að kaupgjald verkamanna hækki svo, að þeir komist í þann tekjuflokk að geta bygt yfir sig hús hjálparlaust.

Hv. 1. þm. N.-M. varði brtt. sínar um hækkun vaxta og lækkun á framlagi ríkissjóðs og bæjarsjóða með því, að kjörin yrðu eftir sem áður betri en nú. Nú vil jeg spyrja hann, hvort hann viti, hve mikið verkamenn byggja hjer, og þá einkum í þeim tekjuflokkum, sem byggingarsjóðir verkamanna eiga að vera miðaðir við. Jeg hygg, að það sjeu ekki margir verkamenn með árstekjur undir 3800 kr., sem byggi sjer hús, og að mínu áliti er þeim ómögulegt að gera það, nema með opinberri aðstoð, sem bætir lánskjörin hjá þeim til stórra muna frá því, sem nú er.

Þá eru það afborgunar- og vaxtakjörin. Satt er það að vísu, að 5% á ári í 42 ár í afborgun og vexti eru góð kjör, en jeg vil benda á, að þessi kjör eru betri annarsstaðar. Þennig segir t. d. „Mgbl.“, biblía íhaldsflokksins, frá því, að í Frakklandi sjeu eigi greidd nema 3½% á ári um sama tíma. Jeg vil enn fremur benda á, að samkv. till. hv. 1. þm. N.-M. eiga þessi kjör að gilda í 42 ár, og jafnt fyrir það, þó að mark-

aðsvextir lækki á sama tíma, og ef svo færi, yrði ívilnunin ekki svo mikil sem hún virðist, samanborið við núverandi bankavexti.

Hv. þm. spurði, hvernig verkamenn færu að því að búa í húsum, sem hefði verið dýrt að [illegible] og væru hátt leigð. Já, því er fljótsvarað: Þeir neyðast til þess að leigja ljelegustu og minstu íbúðirnar, kjallaraholurnar og loftherbergin, eins og skýrsla sú, er jeg las upp tölur úr, ber með sjer. Með því fyrirkomulagi, sem nú er, fá verkamenn ekki þak yfir höfuðið annarsstaðar en í þessum skúmaskotum.

Mjer þykir leitt, að hv. 1. þm. N.-M. skuli halda svo fast í þessar brtt. sínar, sem skapa mun verri kjör en frv. gerði með breytingum hæstv. forsrh. á því. Jeg er hræddur um, að afleiðingin verði sú, að aðeins þeir verkamenn, er hæstar tekjur hafa, fái íbúðir. En vitanlega þurfa lögin að vera svo úr garði gerð, að allir efnalitlir menn, sem ekki þiggja af sveit, gætu komist undir þetta fyrirkomulag smám saman.

**Haraldur Guðmundsson:** Í brtt þeirri frá mjer, sem forseti las upp, við brtt. hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 590, er lagt til, að hámarkstekjur megi vera 4000 kr., í stað 3500 kr. Jeg hefði helst kosið, að hv. 3. þm. Reykv. hefði tekið aftur brtt. sína um þetta efni.

Að hámarkið var sett svona hátt í frv., stafaði af því, að flm. var ljóst, að margir, sem komnir eru upp undir 5000 kr. árstekjur, geta haft brýna þörf á því að fá hjálp til að byggja yfir sig, þegar þeir hafa þungri fjölskyldu fyrir að sjá. Var tekið fram, að ekki hefði verið farið svo hátt að öðrum kosti. Jeg tel þá þörf brýnasta, að hjálpa þeim til að fá viðunandi húsnæði, sem ala upp flest börnin. Vildi jeg mælast til, að hv. 3. þm. Reykv. tæki till. aftur, en hinsvegar yrðu sett skýr ákvæði um það í reglugerð, að þetta hámarksákvæði gilti ekki nema þegar um fjölskyldumenn væri að ræða. Að vísu mætti benda á þá leið, að hámarkstekjur fyrir barnlaust fólk væru 3000 kr., en síðan væri bætt við 500 kr. fyrir hvert barn, svo að maður, sem hefði fyrir 4 börnum að sjá, mætti hafa 5000 kr. árstekjur og þó hafa rjett til að njóta hlunninda við að gerast meðlimur byggingarfjelags.

Það er rjett, að aðalstarf sjóðsins á að vera að hjálpa þeim mönnum, sem hafa um og undir 3000 kr. í árstekjur, þ. e. a. s. venjulegar verkamannstekjur. Jeg tók eftir því, að hv. 1. þm. S.-M. sagði, að bæirnir gætu ekki lifað, ef sveitirnar legðust í auðn. Þetta er hárrjett. En svo kvað við allmjög í öðrum tón. Hv. þm. fullyrti sem sje, að enda þótt bæirnir legðust í auðn, gætu sveitirnar blómgast. Mig furðar á, að jafnskýr og reyndur maður sem hv. þm. skuli halda slíkri fjarstæðu fram. Mjer er sem jeg sjái þá bændurna eystra, ef ætti að leggja skatta, sem svaraði 12 milj. kr. á landbændur eingöngu. Jeg er hræddur um, að þeir myndu kvarta undan álögunum! Og það lítur út fyrir, að hv. 1. þm. Skagf. hafi smitast af þessari firru, því að hann taldi einnig, að besta ráðið til þess að fólkinu fjölgaði í sveitunum væri að láta því líða sem verst í kaupstöðunum. (**MG:** Þetta er ekki rjett).

— Það var ekki hægt að skilja orð hv. þm. öðruvísi. Stefna hans virðist vera sú, að fá fólkið til þess að flytja í sveitirnar með því móti að gera því ólíft í kaupstöðunum, þ. e. a. s. fátæka fólkinu. En á hverju eiga þá burgeisar kaupstaðanna að græða, þegar alt fátæka fólkið er farið þaðan. — Hann getur ekki sjeð, eða vill ekki sjá, að sjálfsagt er að gera kjör manna sem lífvænlegust bæði til sveita og sjávar.

Nú hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að byggja upp sveitabýlin og varið til þess miklu meira fje en hjer er farið fram á, og er þá sjálfsagt að snúa sjer næst að því að bæta úr þörfum kaupstaðabúa. Og öll fólksfjölgun kemur niður á kaupstöðunum. Einmitt í kjallaraholunum og aumustu íbúðunum fæðist og vex upp mikill hluti þeirrar kynslóðar, sem á að taka við af okkur. Það væri glæpur að loka augunum fyrir þeirri hættu, sem henni stafar af óhollum íbúðum og þröngum. (MG: Eru þá engin börn í sveitunum?). Jú, en það er staðreynd, að fólksfjölgunin er aðallega í kaupstöðunum og mest hjá fátækasta fólkinu. Hv. þm. sagði, að dánartalan hefði ekki verið hærri hjer en víða annarsstaðar. Þessu er því að svara, að skamt er um liðið síðan Reykjavík varð svo stór sem hún nú er, og því einnig skamt síðan húsnæðisþrengslin urðu jafnmikil og þau eru nú. Og fólkið, sem flytst í bæinn, er margt fólk á besta aldri, og kemur því ekki í ljós fyr en nokkur tími er liðinn, hve háan skatt hinar óhollu íbúðir taka af mannslífunum og þeirri kynslóð, sem elst upp í slíkum hreysum. En kannske það sje tilgangur hv. þm. (MG) að reyna að líkjast mestu óþrifabælum erlendra stórborga að því er dánartölu fólks hjer snertir. Þá gæti fólkið ef til vill orðið hrætt við að flytja til kaupstaðanna — hugsar hann máske.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að á síðari árum hafi verið bygt hjer fyrir fimm milj. kr., sem væri að mestu leyti veðdeildarfje. Þetta er vitleysa. Það er víst, að aðeins ⅓ af þessu fje er veðdeildarfje. Hitt hefir komið annarsstaðar að.

**Magnús Guðmundsson:** Hv. 1. þm. N.-M. tók það rjettilega fram, að kostnaðurinn myndi minka nokkuð við till. þá, er hann bar fram. En þótt framlagið verði lækkað um helming, leiðir það þó af sjer talsverðan kostnað, ef kauptúnin eru tekin með. — Jeg veit ekki, hve margt fólk samtals býr í kauptúnum og kaupstöðum, en jeg býst við, að gera megi ráð fyrir um 52 þús. kr. framlagi á ári í þessu augnamiði, og það er talsvert fje fyrir ríkissjóð um óákveðinn tíma. Og strax þegar búið væri að byggja fyrir það fje, sem frv. gerir ráð fyrir, þarf að fá meira fje, því að það getur ekki öðruvísi verið, ef byggja á upp kaupstaði og kauptún þessa lands með styrk þess opinbera.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði ekki farið rjett með ummæli hans. Jeg bið afsökunar, ef svo er. Hv. þm. sagði, að jeg hefði hjer ennþá verið með mína grammófónplötu viðvíkjandi sveitunum. Jeg hefi altaf haldið því fram, að sveitirnar verði undir í samkepninni við kaupstaðina, og tel jeg það illa farið. — Þetta vil jeg láta heyrast sem oftast, enda er viðgangur kaupstaðanna háður velmegun sveitanna.

Þá sagði hv. þm., að það væri ekkert pláss í sveitunum fyrir fólkið. Þetta finst mjer afareinkennilegt, þar sem það er vitað, að vinnukraftinn vantar í sveitirnar og að víða er heimilisfólkið ekki annað en hjónin og börn þeirra. (**HV**: Það er ekki hægt að taka hjón í vist). Jú, það myndi verða gert, ef fólkið fengist.

Þá sagði hv. þm., að við öfunduðum kaupstaðina af góðum húsakynnum. Því fer fjarri, að svo sje. Hitt hygg jeg, að óhætt muni að bera saman húsakynni í sveitum og kaupstöðum upp á það, að það verður ekki ofan á, að húsakynni til sveita sjeu betri. Þar er ólíku saman að jafna. Það hefir verið bent á, að byggingar- og landnámssjóður eigi að sjá fyrir þörfum sveitanna í þessu efni. Þá er þess að geta, að það er aðeins lítill hluti sveitanna, sem hægt verður að byggja upp fyrir fje byggingar- og landnámssjóðs, og auk þess eru skilyrði fyrir lánum úr sjóðnum svo þröng, að hlutaðeigendur verða að geta lagt fram vottorð um það, að það sje hættulegt heilsu manna að búa í þeim híbýlum, sem fyrir eru. Aðrir geta ekki fengið lán úr sjóðnum en sem geta lagt fram slík vottorð. Það er viðurkent af öllum, að hjer sjeu víða slæmar íbúðir, en hitt er líka áreiðanlegt, að hlutfallslega eru miklu fleiri slíkar íbúðir til sveita. Það þarf ekki annað en líta í jarðamatsbókina til þess að sannfærast um þetta. Á fjölda mörgum býlum eru öll hús, þar með talin peningshús öll, metin á nokkur hundruð kr. Hverjum dettur í hug, að byggingar- og landnámssjóður geti komið þessu í lag á nokkrum árum? — Úr sveitunum er straumur til kaupstaðanna, og er því meiri ástæða til þess að byrja að hjálpa sveitunum í þessu efni, ekki síst vegna þess, að byggingunum fleygir áfram í kaupstöðunum, en gengur dræmt í sveitunum.

Mjer þótti vænt um að heyra, að hv. 1. þm. S.-M. tók í sama strenginn og jeg, og er gott að heyra, að fleiri geta litið með sanngirni á þetta mál. Ennfremur vil jeg undirstrika það, að starf undanfarinna þinga hefir verið það, að vinna að því að halda fólkinu í sveitunum, en þetta mál verður til þess að draga fólkið þaðan, ef það hefir nokkur áhrif. Það er eðlilegt, að fólk hugsi, er það kemur til bæjanna og sjer allar þessar stóru byggingar, sem verið er að reisa, að eitthvað hljóti það að bæta úr húsnæðisvandræðunum.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að jeg og hv. 1. þm. S.-M. vildum leggja bæina í auðn til þess að sveitirnar gætu blómgast. Þetta hefi jeg aldrei sagt og er fjarri skoðun minni. Jeg álít, að almenningi geti ekki vegnað vel nema bæði sveitirnar og kaupstaðirnir verði þess megnug að vinna sitt hlutverk. Þegar jeg sem þm. á að greiða atkv. um það, hverjum beri að hjálpa fyrst, svara jeg ótrauður: þeim, sem veikari er, — en það eru sveitirnar. Byggingar- og landnámssjóður getur ekki komið sveitunum verulega að liði fyr en eftir mörg ár, en þetta á að koma strax. Þetta frv. vinnur á móti áhrifum byggingar- og landnámssjóðs.

Þá fór hv. þm. að tala um börnin í kaupstöðunum, og leit helst út fyrir eftir ummælum hans, að engin börn væru í sveitunum. Jeg hygg, að fólksfjölgunin komi hlutfallslega jafnt nið-

ur á sveitirnar og kaupstaðina. Fanst mjer kynlegt, að jafnaðarmaðurinn, sem þykist vera, skuli gleyma því, hve miklu örðugra líf sveitabarnanna er á margan hátt en líf kaupstaðabarnanna. Það væri fróðlegt að bera saman, hvað snemma sveitabörnin vinna samanborið við kaupstaðabörnin. Jeg held, að þar væri mikill munur á.

Annars getur sú fjárhæð, er frv. gerir ráð fyrir, aðeins bætt að litlu leyti þær íbúðir í kaupstöðunum, sem kvartað er undað. Þegar því menn greiða atkv. með þessu frv., takast þeir um leið þá skuldbindingu á hendur að halda áfram á þessari braut, því að þótt bygt yrði fyrir þessa upphæð, má ekki láta þar staðar numið, heldur verður að halda áfram að byggja þangað til byggingar eru komnar í sæmilegt horf.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Jeg hafði hugsað mjer að leggja ekkert til þessa máls, þar sem flokksmenn mínir hjer í hv. deild hafa með rökum sýnt fram á nauðsyn á framgangi þess. En umr. hafa gert það að verkum, að jeg get ekki komist hjá því að mæla nokkur orð. Jeg hefi um 20 ára skeið átt kost á að kynnast kjörum verkafólksins, bæði hjer í borginni og víðar, og er því vel kunnugt um híbýli þau, er það á við að búa, auk þess sem jeg hefi einnig rannsakað f. h. bæjarstj. ástandið í húsnæðismálum bæjarins.

Mjer hefir þótt kenna nokkurs ókunnugleika hjá ýmsum þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls við umr. þessa frv., um þau kjör, sem mikill hluti almennings á við að búa hjer í Reykjavík og víðar, og finst mjer því skylt að lýsa nokkuð því ástandi, sem hjer ríkir á þessu sviði. Jeg þekki mörg þau tilfelli, þar sem 8—10 manna fjölskylda verður að hýrast í einu herbergi, þar sem verður að elda, þvo þvott o. s. frv. Getur hver maður sjeð, hvílík hollusta er fyrir börn að alast upp í slíkum íbúðum, sem ofan á allt þetta eru oft í kjallara, þar sem allt rennur út í raka og sjaldan sjer sólu. Slíkar íbúðir hafa verið í tuga-, ef ekki hundraðatali hjer í Reykjavík. Það ber ósjaldan við, þegar einhver veikist í slíkum íbúðum og læknis er vitjað, að hann skipar fjölskyldunni að flytja í betra húsnæði. En hvert á að flytja? Fyrst og fremst eru hentugar íbúðir ekki fyrir hendi, og í öðru lagi eru þær, ef til eru, alt of dýrar til þess að bláfátækt fólk hafi efni á að taka það, sem í boði er.

Með verulegum umbótum á þessu sviði myndi húsaleiga lækka að mun. Það hafa komið fram brtt. við þetta frv., og er ein þeirra, að öll kauptún verði aðnjótandi þeirra kjara, sem gert er ráð fyrir í frv. Jeg held, að þessi till. sje til þess að tefja fyrir framgangi frv. Þó segi jeg það ekki vegna þess, að jeg geti ekki unnað kauptúnunum þessa, en þörfin er meiri þar, sem fjölmennið er mest. Þar eru vandræðin mest, og á það ber að líta fyrst og fremst. Eitt af því, sem heldur húsaleigunni svo hárri, er það, að heil stjett manna lifir á því að byggja hús, sem síðan eru leigð út við okurverði. — Það er bent á það, að bygt hafi verið fyrir svo og svo margar milj. króna á ári hjer í Reykjavík, — en hvað hefir það að segja? Það eru efnaðri borgararnir, sem byggja; hina skortir fje, sem hafa tekjur af svo skornum skamti, að

þeir eiga varla fyrir daglegum þörfum, og verkafólkið fær ekki inni í hinum nýju stórhýsum, nema þá í kjöllurum og á hanabjálkum, Þess vegna verður verkalýðurinn að skríða inn í gömlu, ljelegu húsin við okurleigu. Í hinum nýju húsum er leigan of há. Barnafjölskyldur fá ekki inni nema í grenjum, sem enginn vill líta við. Ef ekki á að kyrkja hina komandi kynslóð, verður að hjálpa þeim fyrst og fremst, og svo þeim, sem lítil efni hafa til að byggja. En það er ekki hægt nema hið opinbera taki málið til meðferðar og veiti þeim aðstoð sína. Annars finst mjer harla undarleg stefna hv. 1. þm. S.-M., að vilja láta ástandið í kaupstöðunum haldast eins og það er nú, til þess að fólkið verði að flýja í sveitirnar úr kaupstöðunum; en öðruvísi var ekki hægt að skilja hann. Það er eins og fyrir honum vaki gömul og þekt aðferð til sveita, hvernig farið var að svæla melrakka úr greni.

Það er vitanlegt, að húsaleigulögin á sínum tíma komu mörgum mönnum að notum, enda barðist borgarstjórinn lengi vel á móti afnámi þeirra, þó að hann yrði að lokum að beygja sig fyrir íhaldsmeirihlutanum í bæjarstj., sem barðist fyrir afnámi laganna. Afleiðingin varð líka sú, að verra ástand skapaðist um leigumálann og mörg dæmi þess, að húsaleiga hækkaði, einkum hjá fátækari fjölskyldum, sem búa að lakasta og minsta húsnæðinu. Enda er reynslan sú, að húsaleigan er tiltölulega hæst hjá öllum þorra hins fátækara fólks, miðað við það húsnæði, sem það verður að notast við. Það hefir ekki enn unnist tími til þess að vinna úr þeim skýrslum um húsnæði hjer í bæ, sem safnað var á síðastl. sumri, en það verður fróðlegt að sjá þær tölur á sínum tíma.

Það hefir verið lagt talsvert upp úr því við umr. þessa máls, að aðstreymi fólks til bæjanna mundi aukast, ef eitthvað yrði gert til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum. En þetta held jeg að sje grýla og ekkert annað. Það eru ekki húsakynnin, sem lokka menn til bæjanna, heldur er það sú atvinna, sem bæirnir hafa upp á að bjóða. Jeg hefi orðið var við, að fólki, sem til bæjarins flytur, gengur best að fá sjer húsnæði. (MG.: Það hefir betra álit á sjer en bæjarfólkið). Getur verið á meðan ekki er búið að pína út úr því hvern eyri í okurleigu fyrir ljelegt húsnæði. Það á víst við málsháttinn um þetta fólk, að „úti sje vináttan þá ölið er af könnunni". Margt aðkomufólk hefir nokkur peningaráð fyrst í stað; þá er það góðir leigiendur. En þegar peningarnir eru þrotnir, þá er þetta fólk komið í sama foraðið og það, sem fyrir var.

Jeg geri því ekki ráð fyrir, þó að húsakynni skáni eitthvað, að sterkari hvöt vakni hjá fólki um að flytja til bæjanna, ef þangað er enga eða litla atvinnu að sækja. N. hefir líka í till. sínum viljað takmarka, hverjir yrðu þessara riettinda aðnjótandi. A. m. k. virðist hún ógjarnan vilja, að þeim mönnum, sem til bæjanna skreppa í atvinnuleit, verði veitt nein forgangsfríðindi.

Á síðasta þingi var samþ. ágreiningslítið og með atkv. okkar jafnaðarmanna að endurbyggja sveitirnar. Á jeg þar við lögin um byggingar- og landnámssjóð. Jeg held, að allir hafi

verið sammála um, að nauðsyn bæri til þess að byggja upp húsakynnin í sveitunum, því mjög víða væri ábótavant í því efni. Mjer dettur heldur ekki í hug að mótmæla því, að húsakynnum kunni að vera ábótavant í hinum ýmsu hjeruðum. En þrátt fyrir hin ljelegu mannahíbýli í sumum sveitum tærist þó fólkið miklu fljótar upp í kaupstöðunum. Það er venjulega hraustari kynslóð, sem vex upp í sveitunum, heldur en í bæjunum. Bæði er það nú, að fæðið í sveitunum er fólki hollara; þar er venjulega nóg um mjólk handa börnum og unglingum, en jeg þekki fjölda af barnafjölskyldum hjer í Reykjavík, sem ekki hefir ráð á því að kaupa mjólk handa börnum sínum og lifir við mjög skarðan kost að öðru leyti. Ekki liggur svo annað fyrir mörgum þessara barna en að fara út á götuna undir eins og þau geta vafrað, til þess þar að anda að sjer sóttkveikjum og öðrum óheilindum úr forugum götum o. s. frv. En börnin í sveitunum teiga að sjer hreint fjallaloftið og leika sjer í grænu grasi, þá sumra tekur. Aðstöðumunur æskunnar í sveitum landsins og kaupstöðum er mikill; það finna þeir best, sem hvorttveggja þekkja. Jeg er alinn upp í sveit og þekki því þennan mun. En hjer í Reykjavík eru leiðir barnanna ekki aðrar en út á foruga götuna til þess að leika sjer á.

Þá vildi jeg minnast lítilsháttar á brtt. hv. 3. þm. Reykv. Jeg get fallist á þær að öðru leyti en því, að mjer þykir of skamt gengið, hverjir geti orðið aðnjótandi íbúðanna. Að vísu skal jeg játa, að verkamenn ná yfirleitt ekki 5000 kr. tekjum á ári. En þó eru til menn, sem gera það, en þeir hafa þá stóra fjölskyldu, mörg börn fyrir að sjá og sum þeirra með einhverjar tekjur, og eru að mörgu leyti ver settir en hinir, sem hafa lægri tekjur, t. d. 3500 kr. á ári. Jeg veit ósköp vel, að verkamaður, sem hefir fyrir 4—5 börnum að sjá, honum veitir ekki af 4000—5000 kr. á ári til þess eins að draga fram lífið. Það er því mest nauðsyn að hjálpa þeim til að byggja yfir sig, sem flest hafa börnin á framfæri. Jeg veit ekki, hvort samkomulag muni nást um þetta. En þetta er það eina í till. á þskj. 590, sem jeg álít varhugavert, því enda þótt verkamaður kunni að ná 4 þús. kr. tekjum eða eitthvað þar yfir, ef hann hefir fyrir mörgum að sjá, þá er það ranglátt að útiloka hann frá þeirri hjálp, sem öðrum er veitt með minni tekjum og langtum minni fjölskyldu og þar af leiðandi getur staðið miklu betur að vígi að afla sjer húsnæðis á eigin spýtur.

Um till. hv. 1. þm. N.-M., sem bornar munu vera fram til samkomulags, verð jeg að segja það, að jeg álít þær ekki tímabærar enn sem komið er. Frá mínu sjónarmiði sjeð mundu þær, næðu þær samþ., valda skemdum og draga úr mætti frv., að því ógleymdu, að framlag ríkissjóðs er þar fært niður um helming, sem stórskemd á frv. Jeg lít svo á, að frv. þetta, sem borið er fram af jafnaðarmönnum til hjálpar bæjunum, sje hliðstætt þeirri löggjöf, sem sett hefir verið á undanförnum þingum og enn er verið að bæta og fullkomna, sveitunum til viðreisnar. Þess vegna hefði jeg getað búist við, að frv. þetta mætti hlýrri viðtökum en raun hefir orðið

á. En við jafnaðarmenn eigum svo mörgu og misjöfnu að venjast af þeim meiri hl., sem ræður hjer á þinginu, að engan skyldi undra, þó fundin yrðu einhver ráð til þess að bregða fæti fyrir þetta sanngirnis- og nauðsynjamál fátæku og barnamörgu verkamannanna í bæjum landsins og kauptúnum.

**Jón Ólafsson:** Jeg vil taka það strax fram, að jeg felst á brtt. hv. 1. þm. Árn., sem hann hefir borið fram við 1. brtt. mína. Jeg viðurkenni, að brtt. hans sje til bóta og með henni gengið betur frá þessu atriði en í minni brtt.

Aftur á móti get jeg ekki fallist á það, sem hv. þm. Ísaf. stakk upp á, að draga til baka 2. brtt., við 5. gr. Það veitir ekki af að setja hámarkskröfurnar svo lágt, vegna þess að hjer í Reykjavík safnast svo margir saman, að ekki verður hægt að fullnægja að neinu verulegu leyti. Það er misskilningur, þó að því sje haldið fram, að stórar fjölskyldur hafi hærri tekjur en þær, sem jeg vil miða við, og geti ekki fyrir þá sök orðið þessara fríðinda aðnjótandi. Því að væri um hærri tekjur að ræða, eða eins og ákvæði frv. er miðað við, þá er það vegna þess, að börn, sem komin eru yfir 16 ára aldur, eru farin að vinna heimilunum inn; en jeg tel rjettara, að húsbóndinn telji ekki þeirra vinnu með tekjum heimilisins, og ætti því að vera auðvelt fyrir hann að falla undir það lágmarksákvæði, sem jeg vil setja. Þó að börnin vinni heimilunum eitthvert gagn, virðist óþarft að hækka heildartekjurnar fyrir það.

Mjer er ljóst, að ein hætta liggur fólgin í frv. þessu, og hún er sú, að ef ætlast er til með því, að allur almenningur eigi von á kostakjörum í því efni að eignast þak yfir höfuðið, þá muni það draga úr framtaki einstakra manna að byggja í bænum. Þess vegna hefði jeg kosið, að kjörin væru þrengd frekar en rýmkuð, því að það getur orðið bænum mjög örðugur hjalli yfir að komast, ef dregið verður úr framtaki einstakra manna um að byggja hann upp. Eina ráðið til þess að koma húsaleigunni niður er að byggja upp bæinn. Að reyna að setja hámarksverð á húsaleigu hefir sýnt sig, t. d. á stríðsárunum, að vera árangurslaust, og það skapaði þau vandræði, sem lítt var unandi við. Hvað vel sem gengið var frá samningunum, þá gátu húseigendur látið leigjendur sína greiða utan samninganna þá upphæð, er beim sýndist, og án þess að byggja að neinu leyti á verðlagi húsaleigunefndar. Á meðan húsnæðisvandræðin eru ríkjandi í bænum, verður vitanlega ekki við neitt ráðið.

Að vísu er það von sumra, að úr þessu muni heldur rætast með væntanlegri lánsstofnun, er láni meira út á hús en áður. En það þarf allra krafta við að nióta í þessu efni. Fólkinu fjölgar jafnt og þjett, án þess þó að um sjerstakt aðstreymi sje að ræða, svo að altaf þarf að auka við íbúðirnar. Svo má líka benda á það, að nú eiga kjallaraíbúðirnar að hverfa, og þó að margur telji það vel farið, þá minka þó ekki húsnæðisvandræðin við það.

Það er því sama, hvernig maður veltir þessu máli fyrir sjer, að alt ber að sama brunni. Bærinn verður

ekki bygður upp og úr húsnæðisvandræðunum verður ekki bætt á annan hátt en að ríkið hlaupi undir bagga að einhverju leyti, með lánsstofnun í þessu augnamiði og annari þeirri aðstoð, sem vænleg er til bóta í þessu efni.

Það var rjett tekið fram hjá hv. 1. þm. Skagf., að eins og frv. er borið fram, þá er hjer um mikla fjárhæð að ræða fyrir ríkissjóð, af því að gera má ráð fyrir, að eftirspurnin verði mikil. En hvernig sem um frv. fer, þá er jeg sannfærður um, að aldrei verður úr húsnæðisskortinum bætt, nema með allverulegri hjálp frá ríkissjóði.

Hv. 1. þm. N.-M. hjelt því fram, að reynast mundi ódýrara að hafa einhvern samvinnufjelagsskap við það að koma upp byggingunum. En jeg held, að lítið sje leggjandi upp úr því. Undanfarin ár hafa allar byggingar í bænum verið látnar í ákvæðisvinnu, og mjer er sagt, að þeir, sem hafa tekið þær að sjer, sjeu ekki ofhaldnir. Hitt er satt, að margar byggingar hafa orðið ódýrari en ella fyrir þá sök, að menn hafa haft aðhald í ákvæðisvinnunni og lagt mikið á sig þess vegna.

Með síðustu brtt. minni vil jeg fyrirbyggja, að vanrækt sje að hafa ríkt eftirlit með byggingarfjelögum þeim, er kunna að myndast samkv. frv. þessu.

**Sveinn Ólafsson:** Það eru aðeins örfá orð til hv. þm. Ísaf. og hv. 4. þm. Reykv., enda er ástæðulaust að svara þeim mörgu, þar sem hv. 1. þm. Skagf. hefir tekið ómakið af mjer að mestu leyti. Jeg verð að segja um ræður beggja þessara hv. þm., er jeg nefndi, að mjer finst þess gæta of mikið, að þeir eigni mótstöðumönnum sínum slæmar hvatir. Það kom berlega í ljós hjá báðum, að þeir túlkuðu orð mín á þann veg, að jeg vildi svæla íbúana burt úr bæjunum með því að hola þeim í aumustu hreysi óbyggileg. En hvað kom fram í orðum mínum, sem ástæðu gæfi til að skilja þau þannig?

Að vísu skil jeg, hvað hjer liggur að baki. Þessir tveir hv. þm. eru, eins og oft áður, að tala fyrir tilheyrendur á pöllunum, og þá þarf að nota alt, sem hægt er og ætla má, að sje kjósendunum að skapi, einnig að snúa út úr og rangfæra orð andstæðinganna. Jeg ætla þó ekki að fara langt út í að leiðrjetta þennan misskilning eða útúrsnúning hjá hv. þm. Ísaf., er hann nefndi **mátt sveitanna** og taldi eftir þeim.

Um sveitirnar verður fyrst og fremst að hugsa, því að þær geyma kjarna þjóðarinnar og þær verða að ganga á undan, hvað sem öðru líður. Án sveitanna geta bæirnir ekki þrifist, þótt sveitirnar geti blómgast án bæja. Samkv. sögunnar dómi hafa sveitirnar alið önn fyrir þjóðinni í 1000 ár og það eru þeirra börn, sem bygt hafa bæina, því að engir bæir voru til fyrir okkar tíma. Enginn skilji þó orð mín þann veg, að jeg vilji eyða bæjunum eða skapa þeim þá kosti, að þeir geti ekki dafnað. Hitt er aðalatriðið, að efla þá ekki **á kostnað** sveitanna.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að elta ólar við einstök atriði í ræðu hv. þm. Ísaf. Hann spurði, hvar ætti að taka þessar 12 milj. kr. handa ríkis-

sjóði, ef bæirnir væru ekki til að greiða. Jeg held, að ef fólkið hefði haldið áfram að dvelja í sveitunum, þá hefði gjaldgeta þess eigi minni verið en hún er. Í sveitunum vinna allir og afla fjár með einhverjum hætti, en mikill hluti fólks í bæjunum er iðjulaus tímunum saman og eykur að engu þjóðarauðinn. Þess vegna má ætla, að þjóðarauður yrði engu minni, þótt landsmenn allir byggju í sveitum, og gjaldgetan til ríkissjóðs mundi varla minka þeirra hluta vegna.

En hjer kemur það ennfremur til álita, að ef atvinna allra landsmanna væri við sveitirnar bundin, þá mundi þörfin hjá ríkissjóði á þessum 12 milj. kr. ekki eins mikil og nú; þarfirnar mundu þá færri og ástæður allar einfaldari.

Jeg hefi haldið því fram, að úr þörf bæjanna á bættum húsakynnum eigi að bæta með öðrum hætti en frv. þetta ráðgerir. Jeg stend við það, sem jeg sagði áður, að með frv. þessu — verði það að lögum — er verið að vinna hreint á móti tilgangi laganna um byggingar- og landnámssjóð. Með þessu frv. er ýtt undir fólkið um að flytja til bæjanna. Það er augljóst, að þar sem rík hvöt býr hjá fjölda manna um að flytjast á bæjarmölina, þá verður sú hvöt enn ríkari, ef boðin eru sjerstök vildarkjör um opinber fjárframlög til þess að greiða fyrir nýbyggingum í bænum handa þeim, sem inn flytja, jafnvel vildari kjör en kostur er á úr byggingar- og landnámssjóði. Aðdráttarafl bæjanna er nógu mikið, þótt ekki sje á það aukið með þessum hætti, beint til hnekkis fyrir sveitirnar, sem vegna strjálbýlis eiga erfitt með að hæna fólkið að sjer.

**Bjarni Ásgeirsson:** Mig langar til áður en gengið verður til atkv. um frv. að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg, sem er fulltrúi sveitakjördæmis, fylgi frv. þessu.

Aðallega eru það tvær ástæður, sem bornar hafa verið fram gegn frv. Í fyrsta lagi hefir það verið látið klingja, að frv. mundi ekki koma að neinu liði. Það, sem því væri ætlað að vinna, væri hjegómi og kák eitt, en sennilegt þó, yrði það að lögum, að minna yrði bygt í bænum en ella. Í öðru lagi hefir því verið haldið fast fram, og nú síðast af hv. 1. þm. S.-M., að þau fríðindi og vildarkjör, sem frv. hefir að bjóða, mundu valda aðstreymi til bæjanna, m. ö. o. lokka fólkið burt úr sveitunum.

Jeg sje nú ekki betur en að þessar tvær ástæður stangist innbyrðis, þegar þær eru nánar athugaðar og krufðar til mergjar. Ef ekki verður nema um kák eitt að ræða að því er það snertir að byggja upp kaupstaðina, þá er ósennilegt, að það freisti manna svo mjög að flykkjast til bæjanna, að sveitirnar tæmist þess vegna. Jeg hygg nú, að báðar þessar mótbárur sjeu á nokkrum misskilningi bygðar og fram komnar fremur af löngun til að finna mótbáru í málinu og gera það óvinsælt bæði til sjávar og sveita heldur en af einlægni í að leita að hinu rjetta.

Jeg geri ráð fyrir, að það sje á misskilningi bygt, að frv. komi til með að draga úr byggingum t. d. hjer í Reykjavík, nema ef til vill að því leyti, að einstakir efnamenn telji

sjer það ekki jafnmikla fjeþúfu og áður að byggja hús til þess eins að selja þau öðrum á leigu fyrir okurverð.

En hitt er mest um vert, að frv. veitir mönnum kost þess að eignast hús og þak yfir höfuðið, enda mun það sýna sig í framtíðinni, að það hefir betri og hollari áhrif, að einstaklingarnir geti átt hús sín sjálfir í stað þess að leigja þau af öðrum.

Þá mun það ekki síður vera á misskilningi bygt, að frv. verði til þess að draga fólkið úr sveitunum til kaupstaðanna. Þar eru önnur öfl að starfi, sem ekkert láta sig varða auknar byggingar kaupstaðanna. — Það er af tveim höfuðástæðum, sem menn leita á burt úr sveitunum. Nokkur hluti fólksins leitar út í kaupstaðalífið af því hann þráir glaum og æfintýr, eða auðæfi, sem það hygst munu fremur finna í bæjunum en sveitunum. Það fólk er ekki að spyrja um það, hvort til sjeu byggingarsjóðir, sem geri því auðvelt að koma upp skýli yfir sig. Reynslan hefir sýnt, að fólkið flykkist út í óvissuna með það eitt fyrir augum að komast til kaupstaðanna.

Annar flokkur manna fer úr sveitunum af öðrum ástæðum, og í honum er yfirleitt mest eftirsjá. Það eru ungir menn, sem **verða** að leita á braut sökum þess, að þeir hafa enga möguleika til að reisa þar býli, sem þeir gætu átt sjálfir eða framfleytt á fjölskyldu. Eini möguleikinn til að fá þessa menn til að una í sveitunum er að auka lífsmöguleikana fyrir þá og stuðla að aukinni ræktun landsins og fjölgun býla, enda er jeg ekki í vafa um, að þegar möguleikar skapast í sveitunum að búa um sig og lifa þar, hætta þeir að leita á braut, þótt sjóðir sjeu í kaupstöðum, sem styrkja menn til að reisa eigin hús. Þetta, ræktun og efling sveitanna, sem nú er hafin fyrir alvöru, það er hin rjetta leið til að bæta úr þessum vandræðum, en hitt væri hin argasta hrossalækning, ef menn hugsuðu til að bæta hag sveitanna með því að draga bæina niður.

Jeg er að sumu leyti samdóma hv. 1. þm. S.-M., að sveitirnar munu blómgast, ef þeim er fullur sómi sýndur, en ef ekkert er að gert, getum við ekki við því gert, þótt fólk flytji til kaupstaðanna, og þeim straum verður ekki bægt til baka og við verðum að gera ráð fyrir, að kaupstaðirnir haldi áfram að vaxa, jafnvel þótt flutningur þangað hætti að mestu úr sveitunum. Nú mun um helmingur landsmanna búa í bæjunum, en mikill hluti þessa fólks getur ekki reist sjer hús, þannig, að sómasamlegt megi heita. Af öllu því, sem hættulegt er fyrir ungt fólk, er það hættulegast að eiga ekkert heimili, sem það ann og getur dvalið í, en verður að flýja út á götuna eða á knæpur, og verður svo að heimilislausum, ættjarðarlausum og ábyrgðarlausum skríl. Úr slíku verður að bæta, og það verður að hjálpa fólkinu til að eignast heimili, sem skapar hjá því þær dygðir, sem prýða góða borgara. Jeg vil undirstrika það, að aðalatriðið er að rækta og byggja landið, svo að það geti framfleytt fólkinu og að það geti unað í sveitunum, en í kaupstöðunum verður jafnframt að gera það fólk, sem þangað er flutt, að andlega heilbrigðum mönnum, en ekki

láta þá óhollustu, sem borgalífið spýr frá sjer, gera það að vanskapningum. Meðal erlendra menningarþjóða ryður sú hreyfing sjer meir og meir til rúms, að löggjöfin eigi ekki að láta afskiftalaust, hvernig híbýlum þjóðarinnar er háttað. Og menn hallast víða að því, að borgir eigi að byggja þannig, að hver fjölskylda geti haft gróðurreit til eigin afnota við hús sín, enda eru ýmsir ágætir hugsjónamenn, sem hafa varið auðæfum sínum til að byggja upp slíka fyrirmynd borga. Hjer á landi t. d. hafa menn náð lengst í þessa átt á Akranesi, því að þar hefir hver maður grænan blett í kringum hús sín, og þannig á það að vera. Jeg álít, að þetta litla spor, sem tekið er í þessu frv. í þá átt, verði að stíga, og að löggjafinn verði að láta til sín taka í þessum efnum, til þess að vernda borgarana frá þeirri andlegu og líkamlegu eyðileggingu, sem vond húsakynni hafa í för með sjer, og ef hann gerir það, þá stuðlar hann að því, að landið eignast góða og duglega borgara bæði til sjávar og sveita, en ekki úrkynjaðan skríl.

**Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson):** Jeg og hv. 1. þm. Skagf. höfum orðið fyrir allþungum dómi hjer í hv. deild, og nú hefir hv. 1. þm. S.-M. verið skipað á bekk með okkur. Báðir þessir hv. þm. hafa talað mjög skynsamlega í máli þessu og hrakið þær fjarstæður, sem komið hefir verið fram með. Hv. þm. Mýr. fór einnig mjög fallegum orðum um þetta mál og benti á, að þegar búið er að koma öllu í gott horf í sveitunum, þarf ekki að óttast, þótt bæjarfjelögin og ríkissjóður færu að taka að sjer að styrkja menn til húsabygginga. En framhjá því atriði má ekki ganga, að það er búið að toga ríkissjóðinn út í svo miklar ábyrgðir, að lengra er varla farandi, því að einhverntíma verður að setja takmörk fyrir því, bæði á þessu sviði og öðrum.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þeir jafnaðarmenn væru fylgjandi byggingar- og landnámssjóði, og það er rjett, að þeir greiddu atkv. með honum. Mjer skildist á hv. þm., að úr því að svo mikið hefði verið gert fyrir sveitirnar, yrðum við að gera eitthvað fyrir kaupstaðina. Í sveitunum var komið í þvílíkt öngþveiti, að þingið varð að skerast í leikinn, en mjer finst vafasamt, hvort stofnun þessa sjóðs hefir borið nokkurn árangur. Eins og menn vita, er sjóðurinn ekki ennþá tekinn til starfa, og mjer er spurn, hvort nokkrum þýðingarmiklum framkvæmdum verði komið í framkvæmd með styrk hans á þessu eða næsta ári. Hv. 2. þm. Reykv. fullyrti að vísu, að fje væri komið í sjóðinn, en mjer er ókunnugt um það, og ef þetta, sem hjer liggur fyrir, er borið saman við byggingar- og landnámssjóð, þá er þar ólíku saman að jafna. Hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Skagf. hafa farið ítarlega inn á þetta atriði málsins, svo að jeg finn ekki ástæðu til að gera það frekar, en jeg er sannfærður um það, að af þeim mönnum, sem nauðsynlegt er að fá lán úr byggingar- og landnámssjóði, fær einn þriðji þeirra það ekki, hvað

þá heldur meira. Í þessu sambandi vil jeg benda á, að það er bygt svo mikið og lagfært á ári hverju í kaupstöðunum, að húsnæðiseklan fer óðum þverrandi. Hv. þm. mintist einnig á það, hversu margar brýr væru gerðar og vegir lagðir fyrir sveitirnar, en jeg get ekki verið honum sammála um það, að þetta sje eingöngu gert fyrir sveitirnar, heldur njóta kaupstaðirnir einnig góðs af því. — Menn úti um sveitir verða auðvitað að hafa vegi til að fara eftir og flytja nauðsynjar sínar að heimilunum, en kaupstaðirnir lifa á verslun og sjávarútvegi og verða því auðvitað að ná í einhverja til að hafa verslun við, og má því telja það jafnt í þeirra þágu. Hvað því viðvíkur, að margar og óhollar kjallaraíbúðir sjeu í kaupstöðunum, þá er því til að svara, að nú er það bannað, þannig að þær munu fljótlega niður lagðar, og eins og jeg hefi bent á, er svo mikið um byggingar í kaupstöðum, að húsnæðiseklan minkar óðum. Hvað því viðvíkur, að jeg og hv. 1. þm. Skagf. sjeum verri og óþjóðlegri menn en aðrir hv. þm. hjer í Nd., þá sje jeg ekki ástæðu til að svara því, enda mun það koma í ljós við atkvgr. um málið. Það hefir verið talað um, hve mörgum þúsundum væri varið til umbóta í sveitum, en jeg sje ekki, að mönnum farist að telja það eftir, því að til kaupstaðanna er einnig varið miklu fje. Þá var vikið að því, að sveitirnar ættu hægara með aðgang að berklaskýlum en kaupstaðirnir, en það hygg jeg ekki vera rjett, og jeg verð að segja, að mjer finst það æðihörð ummæli, að við, sem ekki getum verið þessu samþykkir, viljum drepa fólk í kaupstöðunum. Það vildi jeg ekki hafa á samviskunni; en jeg hygg, að húsakynni í kaupstöðum sjeu ekki verri en í sveitum, þótt margt megi að þeim finna. (SÁÓ: Það er verra að vera í bæjunum á sumrin). Það er rjett, sem hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að á vissum árstíðum er verra að búa í kaupstöðum en sveitum, því að í sveitum geta menn haldið sig meira úti við, en þetta er óðum að lagast í kaupstöðunum. Hinu skal ekki neitað, að húsaleigan er óhæfilega há, þannig að fátækum mönnum er gert ómögulegt með öllu að njóta góðra húsakynna. Jeg hygg, að ef jeg er ásakaður fyrir ókunnugleika minn í kaupstöðum, þá geti jeg aftur á móti ásakað þá, sem það gera, fyrir hve lítið þeir þekkja til húsakynna í sveitum, og þótt byggingar- og landnámssjóði sje ætlað að bæta úr því, þá mun enginn árangur af því verða fyr en eftir 3—4 ár. Jeg sagði áðan, að það væri sýnilegt, að hugur hv. 2. þm. Reykv. hefði frekar hneigst að Reykjavík og bæjunum en sveitunum, enda ber frv. það líka með sjer, því að þar er ekkert að því vikið, að nauðsyn sje á sömu umbótum í smærri kauptúnum, þótt hv. þm. hefði ekki þurft að leita lengra en hjer rjett norður fyrir Snæfellsnesið til að ganga úr skugga um, að þessa er ekki minni þörf þar. Að jeg eða aðrir teljum það besta ráðið til bjargar sveitunum, að fólki líði illa í bæjunum, er slík fjarstæða, að jeg er hissa á því, að hv. þm. skuli hafa látið sjer slíkt um munn fara. Hv. þm. sagði einnig í öðru sambandi, að það væri broslegt að hlýða á rök íhaldsins og

að þau lýstu blygðunarleysi, eins og framkoma okkar öll í málinu.

Jeg er hissa á, að hv. þm. skuli viðhafa slík stóryrði, því að jeg get ekki sjeð, að blygðunarleysi sje um að kenna, þótt menn geri grein fyrir aðstöðu sinni við málið; en hitt virðist mjer meira blygðunarleysi hjá hv. þm., að hann skuli leyfa sjer að fara slíkum orðum um þingbræður sína.

Þá sagði hv. þm., að við vildum vinna að því, að börn lifðu í kytrum í kaupstöðum og eyðilegðu heilsu sína; en það er síður en svo, því að við teljum, að á þessu þurfi að ráða bót, en álítum aðrar leiðir heppilegri en þessa. Hv. 4. þm. Reykv. benti á, að hann væri manna kunnugastur hjer í Reykjavík, og get jeg vel trúað því, en hinu myndi jeg ekki trúa, ef ekki væri um jafnsannorðan mann að ræða, að hjer væru hundruð íbúða, sem væru ekki nema eitt herbergi, og í því hefðust við alt að 10 manns. Ef ástandið er svona hörmulegt, þá er hjer um að kenna illu eftirliti bæjarstjórnar, en á því þarf auðvitað að ráða bót hið bráðasta. Ef bæjarfjelagið er fært um að leggja fram jafnmargar þúsundir og frv. fer fram á, þá ætti það að geta ráðið bót á þessu án þess að löggjafarvaldið gripi inn í. Þá sagði hv. 4. þm. Reykv., að heilar stjettir manna lifðu á því að leigja út hús sín gegn okurverði, og er það hörmung að heyra, en spurningin er þá bara sú, hvort komið verði í veg fyrir það með þessu frv. Jeg veit til þess, að ýmsir fátækir verkamenn hafa ráðist í að byggja sjer hús og fengið lán til þess í þeirri von, að geta greitt það með þeirri leigu, sem þeir fengju eftir húsið, og margir sæmilega efnaðir menn hafa einnig bygt stærri hús en þeir hafa beint not fyrir, en mjer þykir það ekki trúlegt, að þeir leigi þau út gegn okurvöxtum, en ef svo er, þá ætti það að vera á valdi löggjafans að koma í veg fyrir það. Hv. þm. sagði, að hann byggist ekki við, að þessi hv. deild vildi samþykkja að banna okur á húsnæði, en jeg verð nú að segja það, að hann hefir verið svo þrautseigur í baráttunni fyrir áhugamálum sínum, að jeg býst við, að hann myndi ekki gefast upp, er hann hefir gott mál að flytja, þótt það væri nokkrum sinnum drepið fyrir honum. Sami hv. þm. benti á, að frv. þetta ætti að koma í stað þess, sem gert hefir verið fyrir sveitirnar. Jeg gæti vel fallist á þetta með hv. þm., ef eitthvað hefði verið gert í þessu efni fyrir sveitirnar. En gallinn er bara sá, að ekkert hefir verið fyrir þær gert, sem nokkurn árangur er farið að bera.

Jeg er að sjálfsögðu fús til að líta með velvild á hag kaupstaðabúanna. En jeg vil spyrja: Hvernig verður líf fólksins, sem kaupstaðina byggir, ef t. d. svo færi, að 3—4 aflaleysisár kæmu yfir þjóðina? Hvað ætli yrði þá um alla verkamannabústaðina, ef við þyrftum að breyta alveg lifnaðarháttum?

Læt jeg svo máli mínu lokið að sinni og mun láta mjer á sama standa um öll hnífilyrði, sem jeg kann að fá, hvort heldur sem það verður innandeildar eða þm. fari með þau í saurblöð, sem þeir gefa út.

**Haraldur Guðmundsson:** Þeir hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. S.-M. voru í sínum síðari ræðum að reyna að klóra

nokkuð yfir ummæli sín í fyrri ræðum. En þótt þeir reyndu það, varð árangurinn enginn, því andinn í ræðum þeirra var sá sami í bæði skiftin, þótt orðin væru mýkri hið síðara. Hv. 1. þm. Skagf. hjelt því enn fram sem höfuðmótbáru gegn þessu frv., að það mundi verða til þess að draga fólkið úr sveitunum. Með öðrum orðum á þá hin háa húsaleiga í kaupstöðunum og hin ljelegu húsakynni að vera helsta ráðið til þess að halda fólkinu kyrru í sveitunum. Hann vill viðhalda hinu ömurlega húsnæðisástandi, sem fátæka fólkið á við að búa, Hann segist vilja hjálpa þeim veikari, en segir þó, að það sjeu bara sveitirnar, sem eigi að hjálpa. En fátæklingarnir í kaupstöðunum eiga að hjálpa sjer sjálfir eða deyja drotni sínum. Hv. þm. sýnir tilgang sinn, hvernig sem hann reynir að klóra yfir hann, og tilgangurinn er að bæta í engu kjör fátækari bæjarbúa. Hv. þm. segir, að fyrst og fremst þurfi að hjálpa sveitunum. En hefir ekkert verið gert til þess? Jeg vil spyrja hv. þm., hvort hann hafi ekki litið í fjárlagafrv. nú og fyrri. Þau bera það með sjer, að til jarðræktar er varið um 1 milj. kr. Og annað eins fer í samgöngur á landi. Og byggingar- og landnámssjóðurinn er eingöngu ætlaður til þess að bæta húsakynni í sveitum. Það eru 200 þús. kr. á ári, auk 5 milj. kr. ábyrgðar. Það er því alveg furðulegt, að hv. þm. skuli mæla í gegn þeirri lítilfjörlegu hjálp, sem hjer er farið fram á til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum. Þessir aðilar eiga þó að leggja jafnt á móti því, sem ríkissjóður lætur, en einskis slíks er krafist af sveitahjeruðunum.

Þá getur hv. 1. þm. S.-M. heldur ekki gengið frá því, sem hann sagði í sinni fyrri ræðu. Hann sagði, að þótt kauptúnin öll færu í auðn, þá gætu sveitirnar blómgast eigi að síður, og var helst á honum að heyra, að hann teldi æskilegt, að svo yrði. Nú getur hv. þm. varla dottið í hug, að svo muni fara, og hann mun heldur varla óska þess í raun og veru. Hann sagði að vísu, að meiri hluti kaupstaðafólksins væri gagnslaust fólk, sem enga framleiðsluvinnu ynni. Það kann að vera, að eitthvað af slíku fólki sje til í kaupstöðum, en það fólk, sem hjer um ræðir, er áreiðanlega ekki í þeim flokki manna. Það fólk, sem góðs nyti af þessu frv., ef það verður gert að lögum, er alt vinnandi fólk, sem starfar að framleiðslu. — Þá sagði sami hv. þm. ennfremur, að þótt fólkið í kaupstöðunum flyttist alt í sveitirnar, þá mundi ekki gjaldgetan minka fyrir því. Það er nú þarflaust að deila um þetta. Saga undanfarinna ára mótmælir því greinilega. Slíkt gæti ekki komið til mála, fyr en þá að margar kynslóðir hefðu lagt starf sitt í það að endurbæta jarðirnar frá því, sem nú er, og eignarumráðum einstaklinganna væri af þeim ljett. Fullyrðing hv. þm. um, að frv. þetta mundi vinna á móti þeim árangri, sem vænst er af byggingar- og landnámssjóði, er algerlega út í loftið. Það eru engin rök til, sem geri þá fullyrðing sennilega. Byggingar- og landnámssjóður hefir sitt ákveðna hlutverk að vinna, sem á engan hátt raskast, þótt frv. þetta verði samþ. Ástæðan fyrir

því, að fólkið leitar til kauptúnanna, er ekki sú, að það sje að leita að betri íbúðum. Ástæðan er auðvitað sú, að þar veitist því auðveldara að koma upp eigin heimili, þótt efnalaust sje. Því er nú gert nær ómögulegt að koma sjer upp heimili í sveitunum. Til þess þarf jörð og búslóð, og slíkt er efnalausu fólki um megn. Og von er, að fjölskyldufólk sætti sig ekki við að skifta sjer í vistir á marga bæi. Í kaupstöðunum þarf það bara að leita uppi einhverja herbergiskytru og fá vinnu. Þá getur það komið upp heimili, þótt fátæklegt sje. Það eru ekki bíóin, böllin og þessháttar, sem dregur fólkið úr sveitunum, heldur það, sem jeg nú hefi nefnt. Það þarf að bæta húsakynni sveitanna, koma þar upp smábýlum og hlynna að ræktun. Með því er hægt að stöðva fólksstrauminn þaðan. En það á ekki að gerast með því að gera óbúandi í kaupstöðunum. Þjóðinni ríður engu minna á því, að dugandi, hraust og tápmikið fólk vaxi upp í kaupstöðum en í sveitum.

Byggingar- og landnámssjóð til að bæta húsakynni alþýðu í sveitum. Byggingarsjóði og fjelög í kaupstöðum og kauptúnum, til að bæta húsakynni alþýðu þar, — þá er rjett stefnt. Blómgun og framfarir bæja og sveita á að haldast í hendur. Þannig er báðum best borgið.

**Magnús Guðmundsson:** Háttv. þm. Mýr. mælti með frv. og var að tala um, hvers vegna fólk sækti úr sveitum landsins til kaupstaðanna. Um það þarf ekki að deila. Þrátt fyrir mótbárur hv. þm. er það víst, að þetta verður til þess að draga fólk úr sveitunum til kaupstaðanna. Jeg er ekki í neinum vafa um, að margir gera sjer tálvonir um lán úr byggingar- og landnámssjóði. Það er ekki unt að fullnægja nema brothluta af umsóknum, sem fram hafa komið. Hv. þm. var að tala um, að það þyrfti að byggja yfir knæpuskrílinn í Reykjavík. Jeg þekki hann nú ekki og held, að ekki sje um hann að ræða hjer. Slíkt á við um stórborgir erlendis, en ekki um Reykjavík.

Þá talaði hv. þm. um, að stærsta málið og það málið, sem mesta áherslu bæri að leggja á, væri ræktun og lýsing sveitanna. Jeg er honum alveg sammála um það. En frá því má ekki hverfa fyr en því er lokið. Það mál er alls ekki leyst enn. Aðeins hafa verið lögð nokkur drög að umbótum í því efni. Það má vera, að síðar komi til þess, að rjett þyki, að hið opinbera hjálpi til að byggja upp bæina, en til þess er enn ekki kominn tími. Sveitirnar eiga að ganga fyrir.

Hv. þm. Ísaf. þarf jeg ekki að svara miklu. Hann fjelst á, að fyrst ætti að hjálpa þeim, sem væru minni máttar. Áhrifin af stuðningi þess opinbera við sveitirnar eru ekki enn farin að sýna sig. Hagnaðurinn af ræktun kemur ekki svo fljótt, að hann hafi nú þegar áhrif í þá átt að halda fólki í sveitunum. Um sveita- og bæjabörn ætla jeg ekki að karpa meira við hv. þm.

Jeg er á sama máli og hv. 1. þm. S.-M. um tilgang byggingar- og landnámssjóðs, og ef nú á að gera það sama fyrir kaupstaðina, þá verður árangurinn enginn að því er sveitirnar snertir. (**HG:** Sagði ekki háttv. þm., að búið væri að sækja um meira

úr byggingar- og landnámssjóði en hægt væri að veita í ár?). Jú, meira en hægt er að veita á þessu ári. En á síðastl. ári hefir verið bygt hjer í Reykjavík fyrir eins mikið fje eins og áætlað er eftir lögunum um byggingar- og landnámssjóð, að varið verði til bygginga í sveitum landsins.

Jeg hefi borið fram þá till., að þessu máli verði vísað til hæstv. stj. (**HV:** Var ekki búið að fella hana við 2. umr.?). Jú, en jeg held, að þingsköp banni ekki, að slík till. komi til atkv. nú eigi að síður. Annars sker hæstv. forseti úr því.

**Magnús Jónsson:*** Jeg get alls ekki fallist á, að það sje í sjálfu sjer neitt víxlspor að hjálpa fátæklingum í kaupstöðum landsins til að koma sjer upp bústöðum. Það væri eitt hið mesta þarfaverk, ef hægt væri að bæta eitthvað úr í þessu efni. En mjer finst þetta frv. liggja þannig fyrir, þrátt fyrir allar tilraunir, sem gerðar hafa verið til að bæta það, að jeg sje mjer ekki fært að greiða atkvæði með því. Þetta frv. hefir heldur enga meðferð fengið fyr en nú á þingi, og því naumast hægt að vænta þess, að allir gallar sjeu nú sniðnir af því og það besta fundið.

Jeg hefi enn ekki orðið var við brtt. í þá átt, að fyrirbygð verði sú hætta, að þetta dragi úr framtaki einstaklinga til að koma sjer upp húsum, og meðan það er ekki, eru menn hjer að vinna á móti sjálfum sjer. Það má vitanlega segja, að till. hv. 3. þm. Reykv. miði nokkuð í þá átt. En það er annað atriði í þessu máli, og það er það, að það eru alls ekki efnamennirnir einir, sem byggja. Það er alveg víst, að sumir geta alls ekki bygt nema af því að þeir hafa trygt sjer að geta leigt eitthvað frá sjer, t. d. kjallara eða þakherbergi, sem hvorttveggja geta verið mjög sómasamlegir verustaðir, ef vel er gengið frá þeim.

Það hefir verið deilt um, hvort menn byggju yfirleitt í lakari íbúðum í kaupstöðum en í sveitum. Um það sýnist mjer óþarfi að deila. Samanburður á því fæst aldrei, svo ábyggilegur sje.

Það eru vissulega til mjög ljelegar íbúðir hjer í Reykjavík, ef tekið er það allra lakasta, en jeg held þó, að það megi finna þær ennþá aumari í sveitum. Jeg hygg, að þetta hafi ekki breytst svo mjög síðan jeg var í sveit. — Það er þó eitt, sem skilur á milli í þessu efni, og það eru þrengslin hjer, sem eru miklu meiri en í sveitunum. Þar er venjulega ekki svo þröngt, að það þurfi að vinna, matreiða, borða, sofa og þvo þvott alt í sama herbergi. En um þetta er óþarfi að deila. Það er til fjöldi af óhæfum íbúðum bæði í kaupstöðum og sveitum, og þeim þarf að eyða yfirleitt. Það hefir nú verið byrjað á að vinna að því, að þetta geti lagast í sveitunum með byggingar- og landnámssjóði, og jeg sje þá ekki, að um neina óhæfu sje að ræða, þó að talað sje um að bæta eitthvað úr í kaupstöðunum líka. — Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er alls ekki sambærilegt við lögin um byggingar- og landnámssjóð. Sú hjálp, sem hann veitir, nær til flestallra, en þetta nær eingöngu til fátæklinga.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Mjer finst, að menn ættu að geta komið sjer saman um að vinna að umbótum á báðum þessum sviðum, bæði í kaupstöðum og í sveitum. En það, sem gerir, að jeg mun líklega greiða atkvæði með till. háttv. 1. þm. Skagf. um að vísa málinu til stj., er bæði af því, að með frv. er alls ekki útilokað, að það vinni gegn sjálfu sjer, með því að draga úr framtaki einstaklinganna til að koma sjer upp húsum, og svo alveg óhæfileg meðferð málsins hjer á Alþingi.

Hv. 2. þm. Reykv. flytur frv. fram hjer í þinginu, en svo kemur hæstv. atvmrh. með svo róttækar brtt., að úr því verður alveg nýtt frv., sem þingið hefir ekki tíma til að athuga nógu gaumgæfilega. Enda rignir nú niður brtt. við það, og jafnvel brtt. við brtt.

Jeg vildi óska, að hv. flm. vildi athuga það, að það er hinn mesti óleikur, sem hægt er að gera málinu, að afgreiða það í flaustri á óheppilegan hátt. Þá er betra að bíða eitt ár og undirbúa málið betur.

Þá er enn eitt atriði. Jeg sje enga ástæðu til að ganga framhjá veðlánastofnununum í þessu máli. Hjer er um að ræða að brúa bilið á milli þess, sem fæst út á fyrsta veðrjett í veðdeild, og þess, sem menn geta lagt fram sjálfir. Það virðist miklu nær að hjálpa fleiri mönnum til að fá viðunanleg lán en að styrkja mjög fáa. Veðdeildin er að vísu dýr, en það munar þó tæplega meiru en 2—3 kr. á mánaðarleigu á íbúð, hvort peningarnir eru fengnir úr veðdeildinni eða eftir þessu frv. Þetta vil jeg, að verði rannsakað betur.

Jeg tek það fram, að þó að jeg greiði atkv. með till. hv. 1. þm. Skagf. um að vísa málinu til stj., þá vil jeg alls ekki þar með bregða fæti fyrir það. Heldur vil jeg, að stj. rannsaki málið og undirbúi það betur fyrir þingið.

Jeg skal svo ekki eyða meiri tíma fyrir öðrum, enda hefi jeg nú gert grein fyrir mínu atkvæði um þetta mál.

**Bjarni Ásgeirsson:** Háttv. 1. þm. Skagf. andmælti að nokkru því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, og skal jeg nú svara honum með nokkrum orðum.

Það er að vísu satt, að nokkur hluti þeirra orsaka, sem valda því, að fólk sækir úr sveitunum til kaupstaðanna, er það, að það heldur, að það sje betra að lifa í kaupstöðunum. En það er ekki aðallega það, að það haldi, að þar sje auðveldara að koma sjer upp húsi. Þar kemur annað til greina. Enda er það svo, að þrátt fyrir slæm húsakynni hjer í Reykjavík hefir fólk streymt hingað ár eftir ár. Til samanburðar má benda á það, að á Eyrarbakka er mjög auðvelt að fá hús og lág húsaleiga, en fólk flytur ekki þangað. Það er ekki húsnæðismálið, sem hjer hefir valdið mestu um. Jafnvel þó húsnæðisvandræðin hafi dregið kjark úr sumum, sem í bæjunum búa, þá hefir fólkið haldið áfram að flytja til kaupstaðanna, og mundi halda því áfram, þó að ekkert yrði bygt eftir þessu frv. Aðalatriðið er, að ekki hafa verið nógu lífvænleg skilyrði fyrir fólk að stofna heimili í sveitunum, og með aðgerðum síðasta þings, þar á meðal lögunum um bygg-

ingar- og landnámssjóð, hefir verið reynt að bæta úr þessu.

Jeg vil nú leiðrjetta það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að byggingar- og landnámssjóður hefði aðeins vakið mörgum tálvonir, því að hann gæti ekki fullnægt nema litlu af þeim lánbeiðnum, sem fram hafi komið. Þetta er alrangt. Jeg hefi það eftir forstjóra sjóðsins, og það er ekki lengra síðan en í morgun, að jeg talaði við hann, að engum þeirra, sem sótt hafa um lán úr sjóðnum í vor, verði synjað um það.

En það þarf meira að gera en eingöngu að bæta aðstöðu sveitanna, sem hv. 1. þm. Skagf. ekki þarf að hvetja mig til. Og það er alveg rangt, að eina ráðið sje að halda hjer við þrengslum, til þess að fólk ekki komi hingað. Ef ekki er hægt að lifa í sveitunum og ef það sannast, að sama verður uppi á teningnum í kaupstöðunum, þá verður afleiðingin sú, að fólkið fer af landi burt. Mjer er þó gleðiefni, að fólk, sem ekki hefir getað verið í sveitunum, hefir staðnæmst í kaupstöðunum, en ekki horfið til annara landa. Menn þurfa ekki að láta sjer detta í hug, að þeir slái slagbrandi fyrir flóttann úr sveitunum með því að skapa eða viðhalda neyðarástandi á einhverju sviði í bæjunum. Viðreisn beggja krefst annara og viturlegri úrræða.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að jeg hefði talað um að byggja yfir skrílinn hjer í Reykjavík. Þetta er alrangt og mínum orðum snúið öfugt. Jeg sagði eitthvað á þá leið, að þetta ástand, sem nú stefndi að í húsnæðismáli bæjanna, gerði fólkið að skríl. Af þeim ástæðum og öðrum, sem jeg hefi lýst, mun jeg fylgja þessu frv., sem miðar að því að bæta úr því ástandi, Annars er mótstaða hv. íhaldsmanna gegn þessu máli sprottin af hinni alkunnu eðliseinkunn alls íhalds, að hirða ekki um að byrgja brunninn fyr en barnið er dottið ofan í hann.

Við erum sammála um, að mikil nauðsyn sje að byggja upp sveitirnar, en það má ekki loka augunum fyrir öðrum þörfum á ýmsum öðrum sviðum, sem of seint er að fullnægja, þegar búið er að fullrækta sveitirnar. Það má ganga að því með atorku, þótt litið sje í fleiri áttir, eins og verður að gera. Hv. þm. vildi ekki fallast á það, að rök þeirra, sem mæla á móti þessu frv., stönguðust, þótt sumir þeirra segi, að hjer sje aðeins um kák að ræða, en aðrir, að þetta verði til þess að draga fólkið að kaupstöðunum. Jeg fæ nú samt ekki betur sjeð en að þessi rök stangist, eins og þegar hrútar eru verstir. Hv. þm. sagði, að þetta gæti verið rjett, vegna þess að það skapaði vonir, sem reyndust tálvonir. Ef svo er, mun fólk fljótt komast að raun um það, og er því engin ástæða til að óttast, að þessar ráðstafanir verði til þess að lokka fólkið til kaupstaðanna, enda þótt húsavonin væri eina taugin, sem drægi það þangað.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um það, hve hættulegt væri að draga úr framtaki einstaklingsins til þess að koma sjer upp húsakynnum. Mjer finst þetta nokkuð mikil einsýni. Hjer er þvert á móti verið að ýta undir framtak fátækra manna til þess að eignast eigið hús og heimili — ýta undir einstaklingsframtakið hjá þeim mönnum, sem erfiðast eiga með að láta það njóta sín.

**Sigurður Eggerz:** Jeg skal ekki þreyta hv. deild með langri ræðu, en jeg vil minna á það, að við 2. umr. þessa máls kom jeg með samskonar till. og hv. 1. þm. Skagf. hefir nú gert, um að vísa þessu máli til stj. Jeg þóttist þá hafa rökstutt allrækilega, að þessa leið ætti að fara, en mjer virðist sem ekki hafi verið tekið mikið tillit til þeirra raka, þótt mjer sjálfum þætti þau ekki lítils virði.

Jeg benti á, að það væri óviðfeldið, að Alþingi tæki ákvarðanir um, að bæjar- og sýslusjóðir tækju á sig ákveðna ábyrgð og legðu fram ákveðið tillag í þessu skyni. Ef brtt. hv. 1. þm. N.-M. verður samþ., nær þetta líka til kauptúnanna. Nú hagar víða svo til, að kauptúnin eru meiri eða minni hl. úr viðkomandi sveit, og ætlast hv. 1. þm. N.-M. því til, að þessari greiðslu verði aðeins jafnað niður á íbúa kauptúnsins, en ekki aðra í sveitinni. Jeg er hálfhræddur um, að það mundi mælast illa fyrir í kauptúnunum, ef þar á að fara að jafna niður á menn þessu gjaldi eftir sömu reglum og með útsvör. Hinsvegar er jeg því samþykkur, að kauptúnin þurfi engu síður að njóta góðs af þessu en kaupstaðirnir. Jeg tel það mjög óheppilegt að stofna byggingarfjelög í hverjum kaupstað og kauptúni, því að af því leiðir, að hvert byggingarfjelag út af fyrir sig verður að útvega sjer lán úr ríkissjóði. Er lítil hagsýni í slíku fyrirkomulagi. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, hvernig búið er að koma fasteignalánunum fyrir. Í stað þess að hafa þau öll undir einum hatti og stofna einn fasteignabanka, er lánunum dreift niður í marga staði. Landsbankinn hefir veðdeildina og sömuleiðis Búnaðarbankinn. Líkt er þessu farið með lánsfjelögin, sem samþ. voru í fyrra. Og nú á að fara að stofna marga fasteignabanka víðsvegar um land, því að þessi byggingarfjelög eru ekkert annað en bankar, sem hver um sig útvegar lán upp á ábyrgð ríkissjóðs. Það hlýtur hver maður að sjá, að með því að skifta þessu á svo margar hendur verða lánskjörin miklu verri en með því að hafa þetta alt undir einum hatti, enda hljóta menn að sannfærast um það, því betur sem þeir lesa þetta frv., að það vantar ítarlegan undirbúning.

Það má segja margt fallegt um þá hugsjón að styðja þá, sem örðugt eiga og búa við vond húsakynni, en hinsvegar er ekkert eins vel lagað til að kæfa þessa hugsjón eins og ef það, sem gert er, er áberandi „ópraktiskt".

Ýms ákvæði þessa frv. eru í ósamræmi við tilsvarandi löggjöf á Norðurlöndum, svo sem ákvæðið um það, að veðsetja megi hverja íbúð fyrir sig. Þetta er auk þess á móti mörgum núgildandi byggingarsamþyktum, svo ef taka á upp þennan nýstárlega sið, verður að gera heila löggjöf í sambandi við það. Jeg bendi á þetta til þess að sýna fram á, að frv. er svo illa undirbúið, að sjálfsagt er að vísa málinu til stj.

Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í þær deilur, sem hjer hafa risið milli fulltrúa bæjanna og sveitanna. Jeg slæ því föstu, að það sje meiri þörf að hjálpa sveitunum til að byggja, vegna fólksstreymisins þaðan. Þeir, sem þekkja, hvernig smábændurnir

búa í hálfgerðum moldarkofum, vita, hve þörfin er mikil, en hinsvegar fer ekki vel á því að bera fulltrúum sveitanna hreppapólitík á brýn, því að þeir hafa oftar en einu sinni sýnt, hversu mikið þeir vilja gera fyrir bæina og útveginn. Mjer finst sem fulltrúar sveitanna hafi sýnt mikla sjálfsafneitun á þessu þingi, því að það hefir greinilega komið í ljós, að þeir vilja, þótt þeir sjeu fulltrúar sveitanna, gera meira fyrir kaupstaðina en sveitirnar. Mjer finst sem þeir vilji gera lítið fyrir sveitirnar, en alt fyrir bæina og útveginn. Það er því illa farið, þegar verið er að bregða þeim um þröngsýni.

Jeg ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en endurtek það, að jeg vil styðja fast að því, að þessu máli sje vísað til stj.

**Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson):** Jeg þarf að gera nokkrar athugasemdir, sjerstaklega út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. Hann tók það upp, sem hjer hefir verið sagt af þeim, er á móti þessu frv. eru, að ekki stæði eftir af því steinn yfir steini, eftir að till. hæstv. forsrh. voru samþ. Það er rjett, að það eru komnar nýjar gr. í stað allra gr. gamla frv., en það er fljótt hægt að sannfærast um, að alt meginmálið er hið sama. T. d. eru þau kjör, sem menn geta fengið þessar íbúðir keyptar með, hin sömu og í upphaflega frv., en það er aðalatriðið. Hitt er fyrirkomulagsatriði, hver eigi að byggja. Eftir upphaflega frv. var ætlast til, að bæirnir gerðu það, en þó jafnframt aðgangur fyrir samvinnufjelög verkamanna til að byggja. Eftir tillögum hæstvirts forsrh. er fyrst og fremst ætlast til, að samvinnufjelög sjái um að byggja húsin, en bæjarstjórnunum hinsvegar heimilt að gera það. Er enginn eðlismunur á þessu tvennu, aðeins önnur niðurröðun frvgr., sem ekki breytir kjarna málsins. Sama er að segja um árgjaldið, nema hvað það er ákveðið í eitt skifti fyrir öll eftir till. hæstv. forsrh.

Mjer kemur ekki til hugar að fullyrða það, að þessu máli sje nú ráðið til endanlegra lykta, enda hygg jeg, að fá stórmál hafi í byrjun verið svo leyst, að ekki hafi þurft að gera þar á breyt. síðar. Hinsvegar vona jeg, að þetta frv. nái fram að ganga, svo að reynsla fáist í þessum efnum og hægt verði að bæta þessa löggjöf, þannig að hún komi að sem bestum notum fyrir þá, sem hún á að ná til, og skapi heilnæmar og ódýrar íbúðir fyrir íslenskan verkalýð. Og víst er það, að hvað oft sem þessu máli verður vísað til stj., mundi hún aldrei geta undirbúið það svo vel, að engar breyt. þyrfti á að gera, er reynsla væri fengin í þessum efnum. Það er á misskilningi bygt, að litlum tíma hafi verið varið til undirbúnings þessa frv. Það var varið miklum tíma til undirbúnings þess og það hefir tekið mikinn tíma hjer á þinginu, fyrir utan umr., að búa því það form, sem það nú liggur fyrir í.

Hv. 1. þm. Reykv. hjelt því fram, að rjettara væri að láta taka fasteignalánin úr veðdeildinni, en nota ríkissjóðsstyrkinn til viðbótar. Jeg fæ ekki sjeð, hvað á að vinnast með þessu. Ef þessi leið væri farin, yrðu renturnar hærri, og þau kjör, sem menn fengju, þar af leiðandi verri. Í

öðru lagi bæri ríkissjóður fulla ábyrgð á veðdeildarlánunum, svo að með þessu ynnist það eitt, að ríkið yrði að leggja fram meira fjármagn, því að með þessu móti yrði það að bera ábyrgðina eitt, í stað þess sem ábyrgðin skiftist eftir frv. að jöfnu niður á ríkið og bæina. (MJ: Það er um beint framlag að ræða, sem myndi endast lengur á þennan hátt). Ríkið þyrfti að bera ábyrgð á hærri upphæð, ef þetta væri samþ., en eftir frv., þar sem það á ekki að ábyrgjast þetta nema að hálfu leyti, auk þess sem kjörin yrðu með þessu móti verri og næðu til færri manna. Ef bygt hefði verið fyrir alt það fje, er byggingasjóður rjeði yfir, væri eins hægt að útvega nýja ríkissjóðsábyrgð og auka framlögin að nýju eins og að fara í veðdeildina, sem gæti skapað það erfið kjör, að riði baggamuninn fyrir ýmsum, er byggja vildu.

Jeg þarf engu að svara hv. 1. þm. Skagf. (MG: Jeg er dauður). Já, hv. þm. er meira að segja steindauður, því að hann er búinn að halda hjer þrjár stórar ræður, og tókst það með því að stela framsögumannsrjettindunum frá hv. þm. Barð.

**Jón Sigurðsson:*** Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í þær deilur, sem hjer hafa staðið um það, hvort meiri þörf væri að styrkja kaupstaðina en sveitirnar í þessu efni. Þar er jeg sammála hv. samþm. mínum og hv. 1. þm. S.-M. En jeg vildi benda á það, áður en gengið er til atkv., að bankarnir hafa undanfarið veitt stórfje, um 20 milj. kr., í veðdeildarlánum til bygginga í kaupstöðunum, og þar af gengu á síðasta ári 5 milj. kr. til Reykjavíkur einnar. Á síðasta þingi var veðdeildinni auk þess heimilað að gefa út bankavaxtabrjef fyrir alt að 10 milj. kr. Er það engin smáræðisupphæð. Þrátt fyrir þetta á nú að fara að gera sjerstakar ráðstafanir til þess að draga ríkissjóð inn í þetta og veita Reykvíkingum sjerstaklega margar miljónir kr. til þess að byggja fyrir. Kemur mjer það undarlega fyrir sjónir, ef ekki er hægt að koma þessu svo fyrir, að það verði einnig þeim að notum, sem erfiðast eiga uppdráttar. Mjer hefir ekki unnist tími til að rannsaka þetta mál svo rækilega, að jeg geti borið fram ákveðnar till. í því, en mjer finst það harla einkennilegt, ef ekki er hægt að finna ódýrari lausn á því fyrir ríkissjóðinn.

Þingið er nú meira og meira farið að ganga inn á þá braut að binda með l. svo og svo mikið af tekjum ríkissjóðs. Mjer reiknast svo til, að þeir baggar, sem ríkissjóði voru bundnir á síðasta þingi um óákveðinn tíma, nemi um 2 milj. kr., auk allra launagreiðslna fyrir allskonar starfrækslu í þarfir þess opinbera. Það liggur í augum uppi, að því meira fje, sem þannig er bundið með l. til ákveðinna hluta, því minna verður eftir til aðkallandi framkvæmda, sem þurfa að vinnast, svo fremi sem við ætlum að halda áfram á þeirri braut, sem við höfum gengið á undanförnum árum. Ef því ekki verður hætt að binda fje ríkissjóðs á þennan hátt, verður ekki um annað að gera en að hækka skattana, en jeg held, að nú þegar sje svo langt gengið í því, að flestir fari að kveinka sjer, ef gengið

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

verður enn lengra í því efni. Jeg hygg því, að heppilegast sje að bíða átekta í þessu máli og vil vísa því til stj. til frekari undirbúnings. Vænti jeg þess, að hæstv. stjórn athugi einkum, hvort ekki megi finna leið til þess að veita því fje, sem nú gengur til að húsa kaupstaðina, að einhverju leyti inn á þennan farveg, án þess að ríkissjóði þyrfti að blæða tilfinnanlega.

**Pjetur Ottesen:** Það er ljóst, að ef þetta mál á að fá afgreiðslu á þessu þingi, þá er ekki um nema tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að afgreiða það á þeim grundvelli, er hv. 1. þm. N.-M. leggur til, að gert verði. Hin er sú, að vísa því til stj. til frekari undirbúnings. Jeg er þess fullviss, að aðstaðan til þessa máls er sú, að afgreiða það ekki með kaupstaðina eina fyrir augum, enda væri slíkt með öllu ósamboðið Alþingi.

Jeg benti á það við 2. umr. þessa máls, að það væru heppilegri vinnubrögð, að till. hv. 1. þm. N.-M. kæmu þá strax til atkvæða, en svo fór nú samt, að þeim var vísað frá og málið afgr. á þeim grundvelli, sem hæstv. forsrh. lagði til, þannig að kaupstaðirnir einir njóti góðs af þessu. Sá tími, sem liðið hefir frá 2. umr. til þriðju, hefir lítið eða ekkert verið notaður til þess að athuga þetta mál á grundvelli till. hv. 1. þm. N.-M. Hann hefir nú borið fram till. sínar óbreyttar frá því, sem þær voru við 2. umr., en það mun öllum vera ljóst, að ef þær verða samþ. og þetta færist þannig út yfir kauptúnin líka, mundi þurfa að taka ýmislegt fram í l., sem till. hans grípa ekki út yfir. Hv. allshn. hefir ekki lagt neina rækt við að athuga þetta mál á þeim grundvelli, sem hv. 1. þm. N.-M. leggur til, að hafður verði, og athugun hennar á frv. í núv. mynd þess hefir ekki borið neinn sjáanlegan árangur. Það liggur aðeins fyrir ein brtt. frá n., sem skiftir engu máli. Till. hv. 3. þm. Reykv. eru til bóta, en n. á engan hlut í þeim. Það er enganveginn svo, að ekki sje ýmislegt við frv. að athuga eins og það er nú, sjerstaklega fyrir þá, sem vilja, að það nái fram að ganga. Jeg benti á eitt atriði við fyrri umr. þessa máls, sem hæstv. forsrh. tók vel í að athuga frekar, en ekkert orðið úr, enda hefir hann nú fatlast frá þingstörfum. Þetta atriði er það, að hjer á að lána út á fasteignir 85%, en það er meira en lánað er út á aðrar fasteignir í landinu og gerir því áhættuna af þessum lánum meiri.

Annað atriði, sem líka var vel tekið í að athuga, var það, að með ákvæðum frv. um það, hverjir eigi að útbúa þessar byggingar, eru líkur til, að fátækir menn verði útilokaðir frá þessum stuðningi. En þetta hefir ekki heldur verið tekið til athugunar. Jeg sje sem sagt ekki, að nein tilraun hafi verið gerð til þess að laga neitt af þeim misfellum, sem bent var á við 2. umr. að væru í frv. Þar hjakkar alt í sama farinu. Það eina, sem n. hefir gert, er að lagfæra eina einustu prentvillu.

Svo að jeg víki að till. hv. 1. þm. N.-M., þá er það augljóst mál, að þeim er að ýmsu leyti áfátt. Annars á það bæði við frv. í núv. mynd og þessar till. hv. 1. þm. N.-M., að það hefði verið miklu rjettara að leita umsagnar bæjarstj. og hreppsn. og sýslun. um það, hvort þær álitu ástæðu

til að gera þessar ráðstafanir, áður en farið væri að samþ. slíkt frv., þar sem þessir aðiljar eiga að leggja fram fje til bráðabirgða til þessara bygginga.

Svo er eitt atriði, sem jeg vildi benda á. Samkv. brtt. hv. 1. þm. N.-M. er gert ráð fyrir, að ákvæði þessa frv. nái einnig til kauptúnanna, og verða því viðkomandi hreppar að taka lán og láta í tje ábyrgð í því sambandi. En eins og kunnugt er, hefir sveitarstj. samkv. ákvæðum sveitarstj.laganna ekki heimild til að taka lán og ganga í ábyrgð án samþ. sýslun., og í þessu frv. eru engin undantekningarákvæði frá gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaganna fyrir kauptúnin. Þess vegna býst jeg við, að þetta geti valdið nokkrum ágreiningi, sem vert væri að fyrirbyggja þegar í upphafi.

Þetta eru alt atriði, sem vitanlega hefði verið nauðsynlegt að taka til athugunar, en þess vinst nú enginn kostur hjer, þar sem þetta mál er nú til 3. umr. Mjer er þess vegna mikið til efs, hvort heppilegt mundi frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja setja lög um þetta efni, að afgr. nú þetta mál með þessum og ýmsum öðrum sýnilegum ágöllum, sem eru á formshlið þess. Jeg hygg, að hitt mundi reynast miklu skynsamlegar ráðið, að vísa málinu til stj. til frekari undirbúnings. Þetta mál á eftir að ganga gegnum aðra deildina, en ef miðað er við, að þingi verði slitið um næstu helgi, þá er alveg sýnt, að hv. Ed. vinst enginn tími til að færa til leiðrjettingar ýmislegt það, sem nauðsynlegt er að leiðrjetta í frv.

Það er búið að ræða mikið þetta mál, og allmikið af þeim umr. hefir snúist um aðstöðu sveitanna og kaupstaðanna til þess að koma upp byggingum og nauðsynlegum endurbótum hjá sjer. Jeg býst nú við, að e. t. v. hafi komið fram í þeim umr. nokkrar öfgar frá beggja hálfu. En þær mestu öfgar, sem jeg hefi heyrt í sambandi við þetta mál, komu þó frá hv. þm. Mýr., þar sem hann fór að tala um það, að þessar ráðstafanir væru e. t. v. nauðsynlegar til þess að fólkið flytti ekki blátt áfram af landi burt.

Hv. 2. þm. Skagf. upplýsti það hjer, að meginið af því fje, sem lánsstofnanir hjer á landi hafa miðlað til manna, hafi verið í umferð í kaupstöðunum, og nálega alt fje þeirrar stofnunar, sem sjerstaklega hefir verið komið upp til þess að veita lán út á byggingar — sem er veðdeildin —, hefir farið í kaupstaði og kauptún. Hann sagði, að 20 milj. kr. væri búið að lána út úr veðdeildinni, og auk þess hefði hún heimild til að lána enn 10 milj. kr. í þessu skyni. Og eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. atvmrh. hefir gefið hjer á þingi áður, er hvorki meira nje minna en 95% af öllu þessu fje bundið í byggingum og fyrirtækjum í kaupstöðum. Mjer þykir þess vegna dálítið undarlegt, þegar loks er svo komið, að nokkru fjármagni hefir verið veitt til sveitanna á síðustu árum til bygginga og ræktunar, þá er reynt að nota sem ástæðu fyrir því, að nú þurfi að fara að gera sjerstakar ráðstafanir um fjárveitingar handa kaupstöðunum til húsabygginga þar. Og jeg verð að segja, að mjer þótti það harla ógeðfelt að hlusta á það að vera að

tala um þetta sem nauðsynlegt bjargráð til þess að fyrirbyggja fólksflutning úr landinu. Jeg bjóst ekki við slíku hjali af hálfu þeirra manna, sem mikið hafa talað um það á undanförnum árum að veita fje inn í sveitirnar, til þess að auðið verði að leysa úr læðingi þá miklu möguleika, sem áreiðanlega eru fólgnir í okkar íslensku gróðurmold. Það er engu líkara en að þessir menn hafi alt í einu mist trúna á sveitunum og þýðingu þess að veita fjármagni til aukins starfs og athafna þar. Jeg verð að segja það, að mjer virðist þarna koma fram miklu meiri vantrú á framtíð landbúnaðarins heldur en jeg álít ástæðu til og skynsamlegt sje að komi fram á Alþingi eða neinstaðar annarsstaðar á þessu landi.

ATKVGR.

Till. frv. 1. þm. Skagf. um að vísa málinu til stj. feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SvÓ, HJ, HK, JAJ, JS.

**nei:** JörB, LH, MT, SÁÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, BSv.

Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 604 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 590,I tekin aftur.

— 569,1 tekin aftur.

— 569,2.a samþ. með 15:9 atkv.

— 569.2.b—c samþ. með 18 shlj. atkv.

— 569,2.d samþ. með 17 shlj. atkv.

— 569,3.a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 569,3.b samþ. með 15 shlj. atkv.

— 569,3.c samþ. með 15:8 atkv.

— 569,4.a—f samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 605 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HV, IngB, JAJ, JörB, MJ, MT, SÁÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HStef, HG, BSv.

**nei:** HK, JJós. JÓl, JS, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BSt, HJ.

Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 590,2.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 590,2.b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 569,5.a—b samþ. án atkvgr.

— 558 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 569,6 samþ. án atkvgr.

— 569,7 samþ. án atkvgr.

— 569,8 samþ. án atkvgr.

— 590,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HV, IngB, JJós, JAJ. JÓl, JörB, LH, MJ, MT, PO, SÁÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HG, BSv.

**nei:** JS, MG, ÓTh, SE, SvÓ, HJ, HK.

Tveir þm. (EJ. TrÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 66. fundi í Ed., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 606).

Á 67. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 606, n. 632).

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar og hefir athugað það eins og hún hefir getað á þeim stutta tíma, sem það var hjá henni. N. þykir málið það mikilsvert, að það ætti að koma til atkv. hjer í hv. deild. En einstakir nm. eru að vísu ekki bundnir því að fylgja frv. áfram. Mun það vera sá hv. þm., sem skrifaði undir með fyrirvara, sem ljet þá aths. fylgja undirskrift sinni.

Þetta frv. hefir legið fyrir tveimur þingum, svo að segja má, að það sje nokkuð orðið athugað. Það hefir að vísu verið flutt inn í þingið í nokkuð annari mynd bæði síðast og nú á þessu þingi. En í meðferð Nd. hefir það tekið nokkrum stakkaskiftum, þannig að í stað þess að lána mátti einstökum verkamönnum fje til bygginga, er nú ætlast til, að það sje lánað til byggingarfjelaga.

Það er ekki nokkur vafi á því, að eitt mesta nauðsynjamálið í þessu landi er það, að byggja betri íbúðir handa hinni uppvaxandi kynslóð. Þetta er viðurkent fyrir sveitirnar með frv. um byggingar- og landnámssjóð, sem samþ. var í fyrra eftir margra þinga baráttu. Þetta er nokkurskonar byggingarfrv. fyrir kaupstaðina, eða hinar fátækustu stjettir þar.

Nú hefir þetta frv. að vísu frá mínu sjónarmiði breytst til hins verra frá því upphaflega. En samt tel jeg frv. þann grundvöll til áframhaldandi löggjafar, að sjálfsagt sje að samþ. það. Þess má geta, að frv. eins og það nú lítur út er að mestu verk hæstv. forsrh., sem ekki getur nú verið hjer, sakir veikinda sinna. Það er að formi til lítið breytt frá till. þeim, er hæstv. ráðh. flutti við frv. í Nd., en nokkrar till. frá einstökum þm. hafa verið samþyktar, er þrengja verksvið þess. Samkv. 1. gr. frv. á að stofna byggingarsjóði í kaupstöðum og kauptúnum, er láni til íbúðarhúsabygginga eins og nánar er til tekið í 5. gr. frv. En til þess að hægt sje að lána úr þessum sjóðum, þarf að mynda byggingarfjelög. Og það er að vísu takmarkað nokkuð, hverjir geta fengið þar þátttöku, því að í 3. lið 5. gr. er tekið fram, að árstekjur þeirra fjelagsmanna, sem taki þátt í stofnun byggingarfjelags og geta fengið íbúð, megi ekki fara yfir 4 þús. kr. Nú geta einstakar iðnstjettir farið yfir þetta lágmark í einstökum árum. Getur verið, að sjómenn á aflaskipum fari upp fyrir þetta í góðæri, svo að þeir geta þá ekki notið þeirrar styrktar, sem þetta á að veita. Það er ætlast til, að eigendur borgi út 15 af hundraði. Kosti húsið 10 þús. kr., verða þeir eigendur, ef þeir borga út 1500 kr. Það er og talað um í frv. stj. að gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum þeim, sem byggja á samkv. þessum l., bæði sjerbyggingum og sambyggingum. Jeg vil út af því fara nokkrum orðum um, hvaða leið jeg tel heppilega fyrir almenning. Er jeg ekki í neinum vafa, að sjerbyggingar eru miklu hentugri, og væri æskilegt, að hver fjölskylda hefði hús út af fyrir sig. Jeg held ekki, að þau þurfi að verða svo miklu dýrari en sambyggingar. Bæði getur allur útbúnaður hússins verið grennri og efnisminni, þegar ekki á að byggja ofan á það margar hæðir. Það hefir að mínu áliti mikla menningarlega þýðingu, að hver fjölskylda gæti feng-

ið íbúð út af fyrir sig og haft dálítið landrými, svo að unga kynslóðin geti hreyft sig ofurlítið kringum húsið, en þurfi ekki að vera í samsulli við margar fjölskyldur, eins og er í mörgum stórbyggingum. Jeg er viss um, að margur unglingurinn hefir fengið ljelegt veganesti úr portunum við „Bjarnaborg", „Pólana" og „Grimsby-byggingarnar", þar sem hrúgað er saman stórum fjölskyldum. Jeg er því í engum efa um, að sjerbyggingar eru haganlegri en sambyggingar. En ekki þar fyrir, ef þær eru hæfilega stórar, geta þar verið góðar íbúðir. Og það er náttúrlega betra en ekkert, að þær sjeu bygðar.

Gjald ríkissj. er það, að leggja eina krónu á hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skifti 1930. Jeg álít vel forsvaranlegt, að þetta gjald hefði verið tvær krónur. Aftur á móti eiga bæir og sveitarsjóðir að leggja sömu fjárhæð á móti í byggingasjóð. Einnig hefði sú fjárhæð mátt verða svolítið stærri, til þess að stórfeldar og fljótvirkar breyt. til batnaðar á íbúðum manna í kaupstöðum og kauptúnum hefðu komist á. Annars geri jeg ráð fyrir, að háttv. þdm. hafi kynt sjer þetta mál, þar sem það hefir legið svo lengi fyrir þinginu. Jeg vil því ekki orðlengja um það, þar sem engin brtt. liggur fyrir.

**Jón Þorláksson:** Gagnsemi þessa frv. veltur í mínum augum að mestu leyti á því, hvort það er tekin upp sú aðferð að reisa sambyggingar, eða hin, að reisa sjerbyggingar.

Það gladdi mig alveg sjerstaklega að heyra hv. 4. landsk. leggjast svo fast á þá sveifina, hvað miklu sjerbyggingarnar eru heppilegri. Því að það er satt að segja mjög tvísýn framför — og kannske engin framför — í ákvæðum frv., ef þau yrðu til þess, að farið væri að reisa sambyggingar fyrir smáfjölskyldur frekar heldur en gert er án afskifta löggjafarvaldsins. Því að það er náttúrlega af ýmsum ástæðum mikil tilhneiging til þess að reisa sambyggingar undir eins og kaupstaðirnir fara að stækka nokkuð verulega.

Jeg hefði nú fyrir mitt leyti getað tekið frv. með mikilli ánægju, ef þessi ákvæði hefðu beinlínis staðið í frv. sjálfu, þannig að það væri einskorðað við sjerbyggingar eða þá sambyggingar tveggja smáhúsa, sem er mögulegt að koma þannig fyrir, að hvert hús geti orðið sjálfstæð eign út af fyrir sig. En svo eru því miður á frv. töluverðir gallar, sem gera það að verkum, að jeg álít mjög tvísýnt, að málinu sje vinningur að því, að frv. fái afgr. eins og það nú er. Og höfuðgallinn í mínum augum er ákvæði 2. málsgr. í 3. gr., um það, hvernig eigi að verja fje byggingarsjóðanna. Það er gert ráð fyrir, að þessir byggingarsjóðir, sem ekki geta orðið sjerlega sterkar stofnanir fjárhagslega, þeir eigi einir að taka á sig alla byrði af lánsfje til þessara húsa. Þetta virðist mjer framúrskarandi óviturlegt. Því má ekki nota sjer hin almennu fasteignaveðlán veðdeildar Landsbankans t. d., til þess að leggja fram samsvarandi hluta til byggingar þessara húsa eins og á sjer stað til byggingar húsa yfirleitt í kaupstöðum? Það er svo nú sem stendur, að menn geta gert ráð fyrir því, að af byggingarkostnaði geti þeir fengið úr veðdeild Landsbankans

kringum 35%. Eftir ákvæðum frv. á sá, sem verður eigandi, að leggja fram 15%, og ef veðdeild er notuð, þýðir það það, að byggingarsjóður þarf ekki að sjá fyrir meiru en helmingi byggingarkostnaðar. En eftir ákvæðum frv. verður hann að sjá fyrir 85% byggingarkostnaðar. Það er auðsjeð, að sjóðirnir verða hlutfallslega að þeim mun minni notum, sem þeir eiga að leggja fram og bera meiri hluta af byggingarkostnaðinum.

Menn munu kannske svara, að veðdeildin sje of dýr; en það er alveg misskilningur. Ef menn vildu reikna með þeim lánum og láta útkomuna verða hina sömu fyrir húseigendur, þá þýðir það ekki annað en það, að gera þyrfti lítilsháttar breyt. á lánskjörum frá byggingarsjóðnum á því fje, sem hann lánar gegn öðrum veðrjetti. En sannleikurinn er sá, að veðdeildarlánin eru alls ekki dýr eins og nú stendur, og það er ekki tilfinnanlegur aukakostnaður fyrir nokkurn mann, þótt hann þurfi að nota veðdeildarlán að ⅓ húsverðsins, móts við að nota það lán úr byggingarsjóði, sem hjer er gert ráð fyrir. Mjer hefir talist svo til, að það mundi muna 30 kr. í árgjaldi fyrst um sinn af 10 þús. kr. húsi. En sem sagt, það má jafna þetta, ef menn vilja, með breyt. á lánskjörum úr byggingarsjóði gegn öðrum veðrjetti. En geta hans lamast ákaflega mikið við það, að hann á að standa þarna einn um lánveitingar.

Jeg veit ekki, hvort þingið stendur svo lengi, að fært verði að koma með brtt. við svona frv., en jeg hefi hugsað mjer samt að hreyfa breyt. á þessu við 3. umr. Svo eru ýmisleg atriði í frv. eins og sjerkreddur, stafandi frá flutningsmanni þess, eins og t. d. að byggingarfjelögin mega alls ekki eiga sjálf það land, sem húsin eru bygð á. Þetta er a. m. k. gagnstætt því, sem er þolað og tíðkað í slíkri löggjöf annarsstaðar, og það í löndum og bæjarfjelögum, þar sem jafnaðarmenn hafa haft ráð um langan aldur. Þeir líta engum ólundaraugum til þess, þó að eigendur smáíbúða eigi líka lóðirnar undir húsum sínum. En hjer er jafnaðarmannahreyfingin svo stutt á veg komin, að foringjarnir lifa ennþá svo að segja í frumkristni þeirrar stefnu. Og samkv. hennar kenningum má eiginlega helst enginn eiga nokkurt land eða lóðarblett. Drefjarnar af þessu eru komnar fram í þessu frv. Jeg gæti vísað jafnaðarmönnum til þess að læra af flokksbræðrum sínum t. d. í höfuðstað sambandsríkis okkar, Kaupmannahöfn. Þeir eru sannarlega ekkert hræddir við, þótt svona smælingjar eignist húsin sín með lóðunum undir.

Jeg ætla nú ekki að þreyta hv. d. með lengri ræðu um þetta við þessa umr., úr því að jeg ekki bar fram neina brtt. Og jeg mun með mínu atkv. styðja að því, að málið gangi til 3. umr., hvað sem svo frekar verður.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Það er raunar ekki miklu að svara hv. 3. landsk. Hann talaði vingjarnlega um málið. Þau atriði, sem hann fann að, voru sjerstaklega ákvæði í 3. gr., að byggingarsjóður eigi að lána alt verð hússins, sem lánað er, en ekki neytt hinna algengustu lánsstofnana, eins og veðdeildar Landsbankans. Því

er til að svara, að veðdeildin er ofurlítið dýrari, og þá munar alt, sem eiga að fá þessar íbúðir. Sjerstaklega er munur að taka afföllum af lánunum í upphafi.

Þó nú að kunni að vera einhverjir agnúar á þessu frv., sem jeg ber ekki á móti, þá verður ekki þegar byrjað það mikið á næsta ári á framkvæmdum samkv. þessum l., að ekki megi laga þetta þá. En hinsvegar var nokkuð mikið hróflað við þessu máli nú í Nd. og deilur talsverðar um það. svo að jeg álít ekki rjett að hleypa því þangað. Því að þetta mál verður varla borið saman nema við fá mál í þinginu um það, hve mikils virði það er.

Þá eru það leigulóðirnar, sem hv. þm. fettir fingur út í. Það er miklu ódýrara að byggja á leigulóðum heldur en leggja út í upphafi peninga í kaup á lóð. Jeg vil segja hv. þm., að það var mikill áhugi fyrir bæjarstjórnarkosningarnar síðustu hjá þeim, sem hafa leigulóðir, að fá frambjóðendur til að lofa því að selja þeim lóðirnar. Og Íhaldsflokkurinn lofaði auðvitað að verða við þessu. En menn hafa alls ekki notað sjer af þessu, þótt nú geti þeir fengið keyptar lóðirnar, og það er af því, að allflestir vilja heldur greiða vægt eftirgjald á ári heldur en leggja á sig stórar útborganir til að eignast lóðirnar.

Nei, þetta er auðsjáanlega kostur fyrir fátæka fólkið. En það er kannske hægra að selja húsin til „spekulanta", ef þau eru ekki á leigulóðum. En þetta er gert í því skyni að koma upp hollu húsnæði fyrir þann hluta fólksins, sem á erfiðast að koma sjer upp húsakynnum, en þau eiga ekki að vera verslunarvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 606, 675).

**Jón Þorláksson:** Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 675, og sú fyrsta fer fram á að binda ekki hendur stjórnar byggingarsjóðs eins mikið og gert er í frv. um það, hvernig útlánum skuli háttað. Eins og frv. er orðað, er ekkert annað heimilt en að byggingarsjóður láni einn út á húsin alt, sem verður lánað. Þetta er hin mesta óhagsýni, því að það mundi sennilega í mörgum tilfellum þykja hentugt að nota þær veðlánsstofnanir, sem veita lán gegn fyrsta veðrjetti, en nota byggingarsjóð aðeins til nauðsynlegra viðbótarlána. Jeg hefi orðað þetta svo, að það er stjórn byggingarsjóðs frjálst, hvaða leið er farin.

2. brtt. er við 5. gr. og er þess efnis, að því verði skotið inn, að húsin skuli ekki vera hærri en tvíhæða. Þetta vil jeg gera til að koma í veg fyrir, að farið verði að nota þessi hlunnindi til að byggja fyrir opinbert fje mikil og há hús með mörgum íbúðum. Það kom fram við 2. umr. hjá hv. 4. landsk., að að því bæri að stefna, að þessi hús yrðu sjerbyggingar fyrir eina eða í hæsta lagi tvær fjölskyldur. Jeg er hv. þm. alveg sammála um það, og ef brtt. mín verður samþ., býst jeg við, að ákvæði hennar nægi, þó að

jeg hefði heldur kosið ítarleg ákvæði í frv. um þetta. Jeg veit, að því er haldið fram af sumum, að sambyggingar verði tiltölulega ódýrari; en í fyrsta lagi er munurinn lítill, og í öðru lagi verður að gæta þess, að þegar verið er að ráðast í aðrar eins framkvæmdir og húsagerð, sem eiga að endast í 2—3 kynslóðir, er það aukaatriði, hvort kostnaðurinn er lítið eitt meiri eða minni í byrjun. Hitt er aðalatriðið, að framkvæmdirnar verði taldar fullnægjandi í nokkuð langan tíma, þó að kröfur manna og aðstæður breytist. Sjerbyggingar þurfa ekki að valda vandræðum í framtíðinni, þó að kröfur manna til þæginda aukist, því að þær er hægt að endurnýja og breyta þeim á ýmsan hátt.

3. brtt. við 5. gr. er þess efnis, að skotið verði inn fjórum orðum, sem merkja það, að slík byggingarfjelög, sem um getur í frv., geti notið sömu aðstöðu, þó að þau byggi í landi, sem fjelagið á sjálft. Þessa brtt. ætti ekki að þurfa að skýra. Hjer í höfuðstaðnum er að vísu ekki kostur á sjálfseignarlandi, nema með því móti að kaupa land af bænum, og það getur reyndar verið ávinningur fyrir fyrirtækið, en ekki mikill, því að bærinn mundi sýna sanngirni í leigumála. En annarsstaðar stendur svo á, að land við kaupstaðina er einkaeign, og er alls ekki rjett að hindra byggingarfjelögin á þeim stöðum að kaupa landspildu.

Allar brtt. mínar eru bornar fram af vinsemd við frv. Samt eru eftir nokkur ákvæði, sem jeg hefði heldur kosið á annan veg, t. d. það, að útiloka ekki menn frá þessum framkvæmdum, sem eiga meira en 4000 kr. Það á ekki að vera tilgangurinn að velja endilega úr þá allra fátækustu og gera þá að húseigendum. Aðalatriðið er að geta komið upp sem flestum húsum þeirrar tegundar, sem þörf er á.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Jeg skal gjarnan viðurkenna, að jeg álít brtt. hv. 3. landsk. fram bornar af vinsemd við málefnið. Þó að þær nái fram að ganga, gera þær málið ekki á neinn hátt óaðgengilegt. En þess ber að gæta, að þetta er síðasti eða næstsíðasti deildarfundurinn á þessu þingi, svo að ef brtt. verða samþ., nær frv. ekki fram að ganga. Það eru nógu margir andstæðingar þess í Nd. til að neita um afbrigði, ef til kæmi.

Um fyrstu brtt. skal jeg geta þess, að það er rjett, að það sparar sjóðunum fje, ef farið er til veðdeildanna, en kjörin eru betri í sjóðunum, svo að þess er ekki kostur fyrir þá, sem hjer eiga hlut að máli, að nota sjer veðdeildirnar, þó að með því móti yrði hægt að byggja meira.

Jeg er sammála hv. 3. landsk. um það, að húsin eigi ekki að vera hærri en tvíhæða. Helst hefði jeg kosið bara einlyft hús fyrir eina fjölskyldu. Tvö slík hús gætu staðið saman, en íbúðirnar verið hvor út af fyrir sig.

Á þann hátt getur hver fjölskylda verið meira út af fyrir sig, og hefi jeg lýst því, hvernig það gæti orðið. Jeg held við höfum nóg landrými undir húsin, en það þarf fyrirfram að útbúa landsvæði undir byggingarnar, svo að ekki standi á því. Jeg er sammála hv. þm. um þetta og þá framkvæmd laganna, að fremur beri að hafa húsin lítil en stór. En þetta er framkvæmdaratriði og þarf ekki til

lagaákvæði, en því má breyta síðar, ef það þykir nauðsynlegt. En jeg er ekki á sama máli að því er lóðirnar snertir; jeg álít, að það sje heppilegra að leigja lóðirnar. Jeg þekki marga verkamenn, sem hafa átt lítil hús eða lóðarbletti, nægilegt fyrir sig, en álpast til að selja það til annara til þess að geta fengið einhver auraráð í bili, og notað þá síðan til annars ónauðsynlegra. En svo hafa þessir sömu menn orðið að leigja hjá þeim, sem keyptu húsin, og orðið að láta mikinn part af húsverðinu ganga upp í hina rándýru og síhækkandi húsaleigu. Niðurstaðan mundi verða hin sama um þessar nýju byggingar, Ef menn vildu fara að nota sjer þá verðhækkun á lóðum og húsum, sem leiðir af því, að margir byggja á einum stað, þá myndi sá augnabliksgróði, sem einstaklingar kynnu að hljóta af því að selja lóð sína og íbúð, fljótur að hverfa aftur.

Jeg lít svo á, að þessar brtt., sem hjer eru fram komnar við frv., sjeu fluttar af vinsemd til málsins, en jeg ræð eindregið frá því, að þær verði samþ., vegna þess að þær hljóta óhjákvæmilega að verða frv. að falli á þessu þingi; auk þess sem þá mætti búast við fleiri brtt., sem yrðu til skemda á málinu.

**Dómsmrh. (Jónas Jónsson):** Jeg vildi segja nokkur orð um málið við þessa umr., af því að jeg álít þetta eitt af þeim merkari málum, sem fyrir þinginu liggja. Þetta er byrjunartilraun til umbóta og opinberra afskifta af húsabyggingum í kaupstöðum og þorpum. Jeg geri ráð fyrir, að hjer fari líkt og um önnur ný vandamál, að menn sjái ekki út yfir allar hliðar þess í upphafi, en verði að bæta þar um síðar. Mál eins og þetta á að taka sífeldum endurbótum og vexti, eftir því sem reynslan bendir til. Við getum ýmislegt lært af nágrannaþjóðunum í þessum efnum; sjerstaklega gætu garðaborgir, sem flestar mentaþjóðir hafa komið upp, orðið hjer til fyrirmyndar, og er margt viðkomandi þeim, sem gæti komið inn í löggjöf eins og þessa.

Þeir tveir hv. þm., sem síðast töluðu, töldu heppilegast, að reist yrðu smáhýsi, en ekki stórar kassabyggingar. Jeg álít það sje betra að byggja í smáum stíl, meðan verið er að afla innlendrar reynslu. Sjerstaklega verður með einhverjum hætti að tryggja það, t. d. hjer í Reykjavík, að byggingarkostnaður húsanna geti orðið sem allra minstur. Við horfum hjer á það ár eftir ár, hvað flutningur á möl og sandi í byggingarnar er seintekinn og dýr; stundum er það flutt á kerrum langar leiðir. Og að því er steypumótin snertir, þá eru þau búin til fyrir hvert hús, í stað þess að útbúa varanleg steypumót, sem mætti nota hvað eftir annað við byggingar húsa. Ef bygðar væru garðaborgir, þá geri jeg ráð fyrir, að bygt yrði við eina götu í senn, samanhangandi hverfi; ætti helst að setja það skilyrði, til þess að draga sem mest úr byggingarkostnaðinum. Landsspítalinn hefir reynst tiltölulega mjög ódýr bygging eftir stærð, enda var mölin og sandurinn flutt að honum í járnbrautarvögnum.

Þetta eru nú fyrirkomulagsatriði, eins og það, sem brtt. hv. 3. landsk. fjalla um. Þegar stofnað er til svona hreyfingar, þá verður eigi aðeins að hugsa

fyrir lánskjörunum, heldur og annari aðstöðu til framkvæmda við byggingarnar. Það er svo margt, sem snertir skipulagið, er þarf að taka tillit til.

Einn af bestu læknum landsins, sem mest hefir unnið að því að kynna sjer byggingar, fær tækifæri til næsta sumar að skoða „garðaborgir" erlendis, til undirbúnings því, að slíkar byggingar geti orðið hjer sem fullkomnastar. Af því að jeg starfa í nánu sambandi við þennan mann, hefi jeg hugsað mjer, að hann miðaði athuganir sínar við stefnu þessa frv. Og jeg álít, að það eigi að ganga fram eins og Nd. skildi við það, þó að gert sje ráð fyrir umbótum og viðaukum í þessu efni á næstu árum. En jeg hefi hugsað mjer að koma með viðaukatill. við þessi lög á næsta þingi, þegar sjerfræðingar og læknar hafa gert sínar athuganir, til þess að tryggja það, að málið verði sem best undirbúið frá praktísku sjónarmiði og samkv. heilbrigðiskröfum.

Jeg ætla ekki að stofna til neinnar deilu um þetta mál nú. En ef hv. 3. landsk. ætlast til þess, að íbúðarhús verkamanna standi hvert út af fyrir sig, sem jeg skal ekki fullyrða um og álít ekki víst, að sje heppilegt, þá vil jeg geta þess, að í Port Sunlight, við Liverpool á Englandi, þar sem eru sólskinssápuverksmiðjurnar heimsfrægu, er hver sambygging eins og „villa" með tilheyrandi garði fyrir framan, og líka á bak við húsið, en þó eru mörg hús samföst. Á þann hátt er hægt að tryggja það, að húsin líti vel út, og það ekkert síður en þó að þau stæðu hvert út af fyrir sig; þá yrðu göturnar líka alt of langar, ef húsin væru öll sjerstæð. Það fyrirkomulag hefir líka sína galla.

**Jón Þorláksson:** Jeg gæti haldið ákaflega langa ræðu og farið út í ýmsar bollaleggingar eins og hæstv. dómsmrh., ef jeg vildi fara út í að lýsa byggingum; en jeg ætla að hlífa hv. þdm. við því. Jeg hefði viljað hafa ákvæði í frv. um það, hvernig húsunum skyldi fyrir komið, en treysti mjer þó ekki til að útbúa brtt. um það nú við síðustu umr. málsins. Mjer er það vel ljóst, að það er hægt að byggja lögulega, þó að nokkur hús sjeu bygð saman, en best væri, að ekki þyrfti að láta nema tvö hús standa saman.

ATKVGR.

Brtt. 675,1 feld með 7:6 atkv.
— 675,2 feld með 7:6 atkv.
— 675.3 feld með 7:6 atkv.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

# Önnur mál.

## I. Fjármálaráðherraembættið.

Á 16. fundi í Ed., 7. mars, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):** Jeg vil leyfa mjer að tilkynna hv. deild, að samkv. símskeyti frá konungsritara hefir hans hátign konungurinn fallist á tillögu mína um skipun fjármálaráðherra og skipað Einar Árnason, 1. þm. Eyf., fjármálaráðherra í núverandi ráðuneyti.

---

Á 16. fundi í Nd., s. d., ljet forsætisráðherra hins sama yfirlýst um skipun fjmrh.

---

## II. Kosning skrifara í Ed.

Á 17. fundi í Ed., 8. mars, var tekin til meðferðar

**kosning deildarskrifara í stað Einars Árnasonar fjármálaráðherra.**

Fram kom einn listi, er á stóð nafnið Jón Jónsson. Lýsti forseti yfir, að rjett væri kjörinn skrifari deildarinnar

Jón Jónsson, 6. landsk. þm.

---

## III. Mannaskifti í nefndum.

Á 19. fundi í Ed.. 11. mars, skýrði forseti frá, að fjhn. hefði tilkynt, að þau mannaskifti hefðu verið ákveðin í nefndinni, að úr henni gengi Jón Jónsson, 6. landsk. þm., en Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., tæki þar sæti í hans stað.

Ennfremur gat forseti þess, að Framsóknarflokkurinn hefði tilnefnt til að taka sæti í fastanefndum í stað Einars Árnasonar fjármálaráðherra:

a. í fjvn.: Jón Jónsson, 6. landsk. þm.
b. í samgmn.: Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.

---

## IV. Afgreiðsla þingmála.

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**Magnús Guðmundsson:** Jeg vildi leyfa mjer að segja nokkur orð utan dagskrár, til þess að skora á hæstv. forseta að taka á dagskrá sem fyrst mál, sem legið hafa fyrir allshn. og fengið hafa afgr. frá nokkrum hluta n. Þessi mál eru frv. um færslu kjördags. Nál. um það mál eru komin frá

4 nefndarmönnum af 5, — frá 3 fyrir 3 vikum og frá þeim 4. fyrir hálfum mánuði. — Þá er það í öðru lagi frv. til l. um dóm í vinnudeilum. Það er nú kominn ½ mán. síðan afgr. var nál. minni hl. í því máli. En ekkert hefir enn um það sjest frá meiri hl. Það hefir nú að vísu flogið fyrir, að ekki sje von á neinu nál. frá honum. Jeg skal ekki segja um, hvort það er rjett, en jeg hefi heyrt það. Jeg hygg nú, að það sje ekki meining þingskapanna, að 2—3 menn geti hindrað það, að mál fái að ganga til umr. og atkv. Annað mál er það, hvort málin ná fram að ganga þegar þau koma til atkv. — Vil jeg því skora á hæstv. forseta að taka þessi mál á dagskrá.

**Forseti (ÞorlJ):** Það má taka kröfu hv. 1. þm. Skagf. til athugunar. Venjan er sú, að bíða eftir því, að álit komi frá öllum nefndarmönnum. Þessi álit koma væntanlega fram síðar.

---

Á 48. fundi í Nd., 18. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**Hákon Kristófersson:** Jeg vildi mega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvenær myndi mega búast við, að frv. til laga um gerðardóm í vinnudeilum kæmi á dagskrá. Það eru þegar liðnir 26 dagar frá því að nál. minni hl. allshn. var útbýtt í deildinni; verður því tæplega annað sagt en að kröfum okkar minnihl.manna sje í hóf stilt, þó að við beinum nú þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki málið á dagskrá sem fyrst.

**Forseti (BSv):** Út af þessum tilmælum hv. þm. Barð., um að taka á dagskrá frv. til laga um dóm í vinnudeilum, vil jeg taka það fram, að jeg hefi nokkrum sinnum komið að máli við form. allshn, og beðið hann að hraða áliti meiri hl., og hefir hann jafnan lofað góðu um, að það myndi koma bráðlega, en nú virðist hann vera farinn að tregðast. Sömuleiðis hefi jeg hvatt aðra meðnm. hans úr meiri hl. að hraða áliti eða álitum sínum. Mun jeg því taka málið á dagskrá áður en langt um líður.

**Gunnar Sigurðsson:** Jeg get alls ekki kannast við, að hæstv. forseti hafi þrásinnis átt tal við mig um þetta mál. En eins og kunnugt er, hefir nefnd sú, sem jeg er form. í, svo mikið að gera, að hún kemst varla yfir alt, sem til hennar hefir verið vísað. Hafa því annir nefndarinnar valdið þeim drætti, sem orðið hefir á áliti meiri hl. hennar í þessu máli.

**Magnús Torfason:** Af því að jeg á hjer dálitla hlutdeild í, vil jeg upplýsa það, að hvíld mín í páskafríinu var sú, að vinna í þessu máli, og jeg þori óhætt að fullyrða, að ekki hefir verið unnið að neinu máli með meiri alúð og góðvilja en þessu. En eins og kunnugt er, er þetta mjög viðkvæmt mál, og verður því að fara að öllu varlega, til þess að reyna að koma í veg fyrir, að hvorugum aðiljanum verði gert rangt til.

Annars höfum við nefndarmenn litið svo á, að ekki gæti komið til mála að taka frv. þetta fyrir á meðan aðalumr. fjárlaganna hafa staðið yfir. Er

því fyrst að vænta þess, að umr. geti hafist um það þegar þær eru um garð gengnar.

**Forseti (BSv):** Það munu nú flestir sammála um, að taka beri mál þetta á dagskrá sem fyrst. En um samtöl mín við meiri hl. nefndarmanna í allshn., þá mun það rjett, að jeg hafi ekki talað oftar en um sinn við hvern þeirra um málið, að undanteknum formanninum, því að við hann hefi jeg átt þrásinnis tal um málið, og meira að segja nokkrum sinnum fyrir páska. (**GunnS:** Jeg var heima í páskafríinu). Veit jeg það! En jeg bjóst við, að hv. þm. færi heim meðal annars til þess að skrifa nál., eins og hann hafði sagt mjer afdráttarlaust.

**Hákon Kristófersson:** Úr því að sá mikli góðvilji hefir átt sjer stað um þetta mál, sem hv. 2. þm. Árn. var að tala um, hefði óneitanlega verið æskilegt, að hann hefði meðal annars komið fram í því, að meiri hl. allshn. hefði skilað áliti sínu um málið.

## V. Leiðrjetting þingræðna.

Á deildafundum 26. mars skýrðu forsetar frá, að þeir hefðu sent öllum þingmönnum svo hljóðandi brjef:

Forsetar hafa ákveðið að gera gangskör að því, að umræðupartur Alþingistíðinda komi að þessu sinni örar út en verið hefir, svo að prentun hans geti orðið lokið fyr en raun hefir á orðið hin síðari árin. Í þessu skyni hafa forsetar þegar gert ráðstafanir til, að umræðuhandritin verði tekin til undirbúnings prentunar jafnskjótt og málum er ráðið til lykta í þinginu. En með því að sú er reynsla undanfarinna ára, að undirbúningur handrita undir prentun hefir þrásinnis strandað á því, og útgáfan þar af leiðandi tafist, að misjafnlega hefir gengið að fá einstaka innanbæjarþingmenn til að yfirlíta og leiðrjetta ræður sínar, og til þess að tryggja það, að tómlæti í þeim efnum tefji ekki undirbúninginn að þessu sinni um skör fram, hafa forsetar orðið ásáttir um að mæla svo fyrir, að þá er þingmaður hefir fengið tilkynningu frá skrifstofunni um, að leiðrjetting ræðu hans eða ræðna hefti afgreiðslu máls til prentunar, skuli hann innan fjögurra sólarhringa hafa lokið leiðrjettingunni, en ræðan eða ræðurnar teknar til prentunar ella, með athugasemd um, að handritið sje óyfirlesið af þingmanninum.

Þessar ráðstafanir koma til framkvæmda þegar eftir páska, en að öðru leyti er þess fastlega vænst, að þingmenn noti vel tímann í páskahljeinu til að leiðrjetta ræður sínar yfirleitt.

## VI. Kosningar.

### 1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 5. fundi í Sþ., 16. maí, var tekin til meðferðar

*kosning þingfararkaupsnefndar.*

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, A og B. — Á A-lista voru GÓ, ÞorlJ, BSt, en á

B-lista HSteins og PO. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að rjett væru kjörnir í nefndina:

Guðmundur Ólafsson,
Halldór Steinsson,
Þorleifur Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Bernharð Stefánsson.

**2. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.**

Á 6. fundi í Sþ., 17. maí, var tekin til meðferðar

*kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1928, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 39. gr. stj.-skrárinnar.*

Forseta bárust tveir listar, er hann merkti Á og B. Á A-lista voru Pjetur Þórðarson og Gunnar Sigurðsson. En á B-lista Magnús Guðmundsson. — Með því að eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa átti, lýsti forseti yfir því, að rjett væru kjörnir án atkvgr. þeir:

Pjetur Þórðarson, Hjörsey,
Magnús Guðmundsson alþm.
Gunnar Sigurðsson alþm.

**3. Bankaráðsfulltrúi.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

*kosning eins manns í fulltrúaráð Íslandsbanka til loka aðalfundar 1935, í stað Magnúsar heit. Kristjánssonar fjármálaráðherra.*

Kosningu varð að þrítaka. Við fyrstu kosningu fjellu atkv. þannig, að Halldór Stefánsson alþm. hlaut 18 atkv., Björn Kristjánsson alþm. 5 atkv., Ólafur Johnson stórkaupm. 2 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

Við aðra kosningu fjellu atkv. þannig, að Halldór Stefánsson hlaut 19 atkv., Björn Kristjánsson 7 atkv., Ólafur Johnson 2 atkv., Hjeðinn Valdimarsson 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Við þriðju kosningu, sem var hlutbundin milli Halldórs Stefánssonar og Björns Kristjánssonar, hlaut Halldór Stefánsson 20 atkv., Björn Kristjánsson 9 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Forseti lýsti yfir því, að rjett væri kjörinn

Halldór Stefánsson alþm.

**4. Varamaður í útflutningsnefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

*kosning eins varamanns í útflutningsnefnd, samkv. 2. gr. laga nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á útfluttri síld, fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu frá 15. apríl 1928 til jafnlengdar 1931, í stað Jakobs Karlssonar, sem sagt hefir af sjer.*

**Jón Þorláksson:** Er þetta aðalmaður eða varamaður? Þess er ekki getið á dagskránni og finst mjer því, að það þurfi að koma skýrt fram.

**Forseti (MT):** Það er varamaður, sem sagt hefir af sjer, og því á að kjósa varamann í hans stað.

**Jón Baldvinsson:** Á ekki að hafa hlutfallskosningu um þetta, til að fullnægja þeim ákvæðum, sem eru í lögum um þetta?

**Forseti (MT):** Nei. Hjer er aðeins um að ræða kosning á einum manni.

Samkv. 48. gr. þingskapa skal aðeins viðhafa hlutfallskosningu, ef kjósa skal tvö menn eða fleiri.

**Jón Baldvinsson:** Á dagskránni stendur, að kosið skuli samkv. 2. gr. laga nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á útfluttri síld, og skilst mjer því, að eftir þeim lögum eigi að fara um þetta. Á þá að leggja fram lista, en á þeim listum þarf ekki að vera nema eitt nafn.

**Forseti (MT):** Lögin frá 1928 verða vitanlega að skýrast í samræmi við þingsköp, og verður því kosningin óhlutbundin.

Kosningu hlaut:
Ingimar Eydal, kennari á Akureyri, með 22 atkv. — Auðir eru 14 seðlar, en 2 ógildir.

**5. Verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".**

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning þriggja manna í verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".*

Hlutfallskosning var viðhöfð og komu fram þrír listar, merktir A, B og C. — Á A-lista voru Sigurður Nordal prófessor, Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður og Ólafur Lárusson prófessor. Á B-lista voru Hannes Þorsteinsson, Einar Arnórsson prófessor og Guðmundur Finnbogason landsbókavörður. Á C-lista voru Jakob J. Smári kennari, Guðbrandur Jónsson rithöfundur og Ingimar Jónsson skólastjóri. — A-listi fjekk 18 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 5 atkv.

Úrskurðaði forseti því rjett kjörna:
Af A-lista Sigurð Nordal með 18 atkv.
Af B-lista Hannes Þorsteinsson með 14 atkv.
Af A-lista Ólaf Lárusson með 9 atkv.

## VII. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 19. febr. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna um þingtímann á kostnað Alþingis skyldu vera sömu takmörkunum bundin og á síðasta þingi. (Sjá Alþt. 1926, B. 2424).

## VIII. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 19. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

*Skrifstofan og prófarkalestur:*
Pjetur Lárusson (settur til að gegna störfum skrifstofustjóra í veikindaforföllum hans[1]), Finnur Sigmundsson, Theodóra Thoroddsen, Þorkell Jóhannesson (í stað Pjeturs Lárussonar, meðan hann gegnir störfum skrifstofustjóra).

*Skjalavarsla og afgreiðsla:*
Kristján Kristjánsson.

*Lestrarsalsgæsla.*
Ólafía Einarsdóttir, Pjetrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

[1]) Fram undir febrúarlok.

*Innanþingsskrifarar:*

Teknir strax: Jóhann Hjörleifsson, Svanhildur Ólafsdóttir, Andrjes Eyjólfsson, Helgi Tryggvason, Gísli Guðmundsson[1]), Þórólfur Sigurðsson.

Teknir síðar, jafnóðum og þörf verður á: Lárus Haraldsson Blöndal, Aðalheiður Sæmundsdóttir, Magnús Ásgeirsson, Vilhelm Jakobsson, Ragnar Jónsson, Einar Sæmundsen, Hákon Guðmundsson, Sigurður Ólason[2]).

*Símavarsla:*

Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Pjetursdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

*Dyra- og pallavarsla:*

Árni S. Bjarnason, Ásgeir Eyþórsson, Halldór Þórðarson, Þorgrímur Jónsson.

*Þingsveinsstörf:*

Georg Lúther Sveinsson, Lárus Halldór Pjetursson, Rögnvaldur Þorkelsson, Baldur Kolbeinsson[3]), Friðþjófur Óskarsson.

## IX. Starfslok deilda.

### A. Í efri deild.

Á 76. fundi deildarinnar og þeim síðasta, 18. maí, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (GÓ):** Þá er nú störfum hv. efri deildar Alþingis lokið að þessu sinni, og vil jeg áður en jeg slít þessum 76. fundi deildarinnar, þakka öllum hv. deildarmönnum röggsamlega afgreiðslu mála á þinginu og kurteisa og eftirbreytnisverða framkomu á fundum deildarinnar.

Þótt starfstími þessa þings sje að ýmsra dómi orðinn fulllangur, borinn saman við störf þingsins, mun þjóðin, er hún kynnir sjer Alþingistíðindin á sínum tíma, sannfærast um, að þessi hv. deild á enga sök á því. Hefir hin ágæta framkoma deildarmanna og góð samvinna við þá gert mjer forsetastörfin auðunnin og ánægjuleg.

Óska jeg svo hv. þm. utan af landi góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, og hæstv. stj. og öllum þdm. allra virkta nú og framvegis og að vjer megum allir hittast heilir á næsta þingi.

**Ingvar Pálmason:** Fyrir hönd mína — og jeg vona deildarinnar allrar — vil jeg leyfa mjer að þakka hæstv. forseta fyrir röggsamlega og góða stjórn á fundum deildarinnar á þessu nú endaða þingi. Vil jeg leyfa mjer að óska þess, að þeir hv. þdm., sem taka undir þessi orð mín, geri svo vel að standa upp.

Allir þdm. stóðu upp.

**Jón Þorláksson:** Jeg vil gjarnan taka undir þakkir til hæstv. forseta fyrir góða fundarstjórn, en vil geta þess út af orðum hæstv. forseta, að mjer hefir ekki fundist kurteisin í

[1]) Ljet af starfi 27. apríl, en í hans stað kom Einvarður Hallvarðsson.

[2]) Ennfremur voru ráðnir til viðbótar tveir þingskrifarar 7. mars, vegna óvenjulega mikils annríkis innanþingsskrifara, þeir Kristján Guðlaugsson og Ólafur Sveinbjörnsson, er báðir höfðu staðist þingskrifarapróf.

[3]) Hætti starfi 23. mars, en í hans stað kom Þorvaldur Jónsson.

deildinni vera til fyrirmyndar nema stundum.

**Forseti (GÓ):** Jeg þakka hv. 2. þm. S.-M. og hv. 3. landsk. fyrir hlýleg ummæli í minn garð deildarinnar vegna, og óska öllum hv. þdm. gleðilegrar hátíðar. Segi jeg svo fundi slitið.

### B. Í neðri deild.

Á 73. og síðasta fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (BSv):** Vjer munum nú heyja þennan fund efstan að sinni. — Skal jeg enga grein gera fyrir störfum þingsins að þessu sinni, með því að það er venja, að forseti sameinaðs þings skýri frá störfum þess, þá er hann heldur ræðu að þingslitum.

Jeg býst við, að það verði nú svo sem oft áður, að mjög orki tvímælis um störf þessa þings. Er því ekki að neita, að mjer hafa komið í hug hin alkunnu orðtök Þorvarðs Þórarinssonar, hins mikla höfðingja á ofanverðri 13. öld, er hann kvað svo að orði í brjefi til Magnúsar konungs lagabætis: „Þingi voru í sumar rjeðu þeir Hrafn ok biskup, höfðu skamt ok meðallagi skilvíst, at því er sumum þótti". — Nú munu fáir menn segja, að þetta þing hafi verið skamt um skör fram, en á því mundu meiri tvímæli leika, hve skilvíst það hefði verið að sumu leyti.

Þetta þing heyjum vjer á hinu þúsundasta ári eftir stofnun Alþingis að Þingvelli við Öxará, og hefjast hjer því stórmerkilegust tímamót, en um þau munum vjer ekki tala, því að þeim mun lýst verða á næsta Alþingi. Kveð jeg liðna tíma með þeirri ósk. að þingmönnum Íslendinga vaxi drengskapur, þekking og vit. Treysti jeg því, að vjer munum skiljast skipulega að sinni. Árna öllum þm. heilla og vona, að þeir megi heilir ná til sinna heimkynna; vænti og þess, að vjer megum heilir hittast á næsta þingi.

**Sveinn Ólafsson:** Jeg vildi leyfa mjer fyrir mína hönd og þeirra, sem undir það vilja taka með mjer, að þakka hæstv. forseta fyrir röggsamlega fundarstjórn og rökvíslega úrskurði. Jeg skal viðurkenna það hiklaust, að hann hefir sýnt alveg sjerstaka nærgætni í sinni fundarstjórn, en að vísu verið nokkuð vinnuharður við okkur síðustu dagana, og held jeg, að honum verði að fyrirgefast það. En jeg kann honum bestu þakkir fyrir fundarstjórn og alla samvinnu í vetur, og vildi jeg mælast til þess, að þingbræður mínir vildu votta honum þakklæti sitt með því að rísa úr sætum.

Allir þdm. risu úr sætum sínum.

**Ólafur Thors:** Jeg kvaddi mjer hljóðs í sama mund og hv. 1. þm. S.-M. og hefi litlu við það að bæta, sem hann sagði. Vil þó aðeins fyrir mína hönd og flokksbræðra minna hjer í deildinni þakka hæstv. forseta fyrir rökvíslega og góða fundarstjórn. Hann er maður frjálslyndur, rjettlátur, en þó röggsamlegur jafnt og við á, og mega allir una vel stjórn hans. Engin tvímæli munu á því leika, að þegar á reynir, þá er hæstv. forseti til prýði hjer í deildinni, og róma jafnt andstæðingar sem flokksbræður viturlega úrskurði hans og málfegurð. Árna jeg forseta allra heilla og vona,

að við megum allir heilir hittast á næsta þingi.

**Sigurður Eggerz:** Þó að sá flokkur sje lítill, sem jeg mæli fyrir hjer innan þingsins, þá þykist jeg mega fullyrða, að hann geti metið, hver sje færastur til þess að vera forseti hjer í hv. deild. Jeg verð að leggja áherslu á það, að það skiftir afarmiklu, hver situr í þessu virðulega sæti á Alþingi, en einkenni forseta vors nú er það, sem tekið hefir verið fram áður, að hann er maður rjettlátur, frjálslyndur, og þá má ekki einu gleyma, að hann er maður skarpskygn, úrskurðafljótur og úrskurðaglöggur. En frá mínu sjónarmiði þykir mjer það ekki litlu skifta að sjá eina af hinum gömlu sjálfstæðishetjum sitja í þessu sæti. Það mun gleðja flesta, þegar hann mælir okkar fögru tungu, því sjaldan hefi jeg heyrt hana hljóma svo vel sem í munni hæstv. forseta (BSv).

**Forseti (BSv):** Þakka jeg göfgum mönnum góð orð og segi fundi slitið.

## X. Þinglausnir.

Á 7. fundi í Sþ., 18. maí, skýrði forseti frá störfum þingsins í stuttu máli á þessa leið:

A. *Þingfundir* hafa verið haldnir:

| | |
|---|---|
| í neðri deild | 73 |
| í efri deild | 76 |
| í sameinuðu þingi | 7 |
| Fundir alls | 156 |

B. *Þingmál* og úrslit þeirra:

*I. Lagafrumvörp:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Stjórnarfrumvörp: | | |
| | a. lögð fyrir neðri deild | 17 | |
| | b. lögð fyrir efri deild | 14 | |
| | | | 31 |
| 2. | Þingmannafrumvörp: | | |
| | a. borin fram í neðri deild | 56 | |
| | b. borin fram í efri deild | 29 | |
| | | | 85 |
| | | | 116 |

Þar af:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | afgreidd sem lög | | |
| | stjórnarfrumvörp | 23 | |
| | þingmannafrumvörp | 30 | |
| | | | 53 |
| b. | Feld | | |
| | þingmannafrumvörp | 7 | |
| | | | 7 |
| d. | Vísað frá með rökst. dagskrá | | |
| | þingmannafrumvörpum | 4 | |
| | | | 4 |
| e. | Vísað til stjórnarinnar | | |
| | þingmannafrumvörpum | 3 | |
| | | | 3 |
| f. | Ekki útrædd | | |
| | stjórnarfrumvörp | 8 | |
| | þingmannafrumvörp | 41 | |
| | | | 49 |
| | | | 116 |

*II. Þingsályktunartillögur:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | bornar fram í neðri deild | 17 | |
| b. | bornar fram í efri deild | 7 | |
| c. | bornar fram í sameinuðu þingi | 5 | |
| | | | 29 |

Þar af
a. þál. afgr. til stjórnarinnar
1. ályktanir Alþingis 4
2. ályktanir neðri deildar ..... 10
3. ályktanir efri deildar ..... 4
——— 18
b. Feld ..... 1
d. Vísað frá með rökst. dagskrá ..... 1
e. Vísað til stjórnarinnar 2
f. Ekki útræddar ..... 7
——— 11
———
29

*III. Fyrirspurnir.*

a. borin fram í neðri deild .. 1
b. borin fram í efri deild .. 1
——— 2

Hvorugri svarað.
Mál til meðferðar í þinginu samt. 147

Síðan mælti

**forseti (MT):** Kærir þingbræður! Af málaskrá þessari, sem nú var lesin, má sjá, að þau málin, sem fram hafa gengið, eru ekki ýkjamörg talsins, enda varðar jafnan mestu, að þau sjeu til góðra nytja og sannra þjóðþrifa. Til slíkra nytjamála má telja lög um Búnaðarbanka, lög um verksmiðju til bræðslu síldar og lög um verkamannabústaði, er öll horfa til mikilla hagsbóta. Þá hafa verið sett og samin lög um hjeraðaskóla, er marka mun nýtt spor í menningarsögu sveitanna, og loks hafa verið samþykt lög um gjaldþrotaskifti, sem hin mesta nauðsyn var á til tryggingar viðskiftalífinu.

Þá er og vert að minnast þess, að á þinginu hafa verið borin fram ýms merk frumvörp, er benda til, að sami vorhugur markar löggjafarstarf þingsins og atvinnulíf þjóðarinnar, og má þar sjerstaklega geta hins stórmerka frumvarps til ábúðarlaga, sem sett hefir verið á dagskrá þjóðarinnar.

Með þakklæti til háttvirtra þingmanna fyrir það, hve vel þeir hafa vikist við tilmælum mínum í þingbyrjun um prúðmannleg ræðuhöld og fyrir góða samvinnu hver með öðrum um þau málin, er mestu skifta, óska jeg þeim góðrar heimkomu og alls farnaðar.

Guð blessi oss starfið.

Þá stóð upp dómsmálaráðherra, **Jónas Jónsson,** og las upp konungsumboð sjer til handa til þess að segja Alþingi slitið.

Samkvæmt því umboði lýsti dómsmálaráðherra yfir því í nafni konungs, að þessu 41. löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Lárus Helgason,** þm. V.-Sk., og mælti:

*„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!“*

Tók þingheimur undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

*Var síðan af þingi gengið.*